| | Arndís Eiríksdóttir, fyrrv. ljósmóðir | 30 517 | |
| | Arndís Þorsteinsdóttir, fyrrv. ljósmóðir | 30 517 | |
| | Árni Sigurðsson, fyrrv. landpóstur | 48 212 | |
| | Arnkell Bjarnason, fyrrv. póstur | 30 517 | |
| | Ása Ásmundsdóttir | 76 301 | |
| | Ásgeir Guðmundsson frá Æðey | 61 040 | |
| | Axel Jóhannsson, fyrrv. yfirfiskmatsmaður | 82 520 | |
| | Axel Thorsteinsson, fyrrv. fréttamaður | 128 644 | |
| | Baldur Guðbrandsson, fyrrv. fiskmatsmaður | 51 636 | |
| | Benedikt Benjamínsson, fyrrv. póstur | 45 457 | |
| | Benedikt Gíslason | 150 446 | |
| | Bergsveinn Jónsson, fyrrv. hafnsögumaður | 59 303 | |
| | Bjarni Bjarnason, fyrrv. söngkennari | 61 040 | |
| | Bjarni Sigurðsson, fyrrv. póstur | 30 517 | |
| | Bjarni Þorsteinsson | 40 691 | |
| | Björg Jónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir | 30 517 | |
| | Björg Magnúsdóttir, fyrrv. ljósmóðir | 30 517 | |
| | Björn Björnsson, bókbindari | 59 011 | |
| | Björn Einarsson | 127 924 | |
| | Björn Stefánsson, fyrrv. póstur | 30 517 | |
| | Björn Vigfússon, fyrrv. lögregluþjónn | 76 301 | |
| | Brynjólfur Bjarnason, fyrrv. ráðherra | 182 033 | |
| | Böðvar Pálsson, fyrrv. póstafgreiðslumaður | 59 303 | |
| | Daníel Eggertsson, fyrrv. vitavörður | 75 180 | |
| | Dýrfinna Oddfreðsdóttir, fyrrv. ráðskona | 70 813 | |
| | Eggert Konráðsson, fyrrv. póstur | 30 517 | |
| | Einar Einarsson, fyrrv. skipherra | 121 179 | |
| | Einar G. Eyjólfsson, fyrrv. fiskmatsmaður | 50 866 | |
| | Einar Jóhannsson, fyrrv. póstur | 40 691 | |
| | Einar Steindórsson, fyrrv. póstafgreiðslumaður | 59 303 | |
| | Elín Jóhannesdóttir, fyrrv. hjúkrunarkona | 50 866 | |
| | Elínborg Brynjólfsdóttir, fyrrv. matráðskona | 75 865 | |
| | Elísabet Friðriksdóttir, fyrrv. barnakennari | 72 082 | |
| | Emilía Jónasdóttir, leikkona | 61 040 | |

| | Kr. | Kr. |
|---|---|---|
| Eyjólfur Hallfreðsson, fyrrv. póstur | 40 691 | |
| Eyjólfur Hannesson, fyrrv. símstjóri | 101 730 | |
| Finnur Thorlacius, fyrrv. kennari | 76 301 | |
| Gísli Guðnason, fyrrv. símstjóri | 53 700 | |
| Gísli Kristjánsson, fyrrv. starfsm. við tollgæslu | 61 040 | |
| Gísli Sigurðsson | 50 866 | |
| Guðbjörg Hannesdóttir, fyrrv. ljósmóðir | 36 881 | |
| Guðbjörg Kristinsdóttir, fyrrv. ljósmóðir | 40 691 | |
| Guðbrandur Benediktsson | 49 420 | |
| Guðfríður Jóhannesdóttir, fyrrv. ljósmóðir | 30 517 | |
| Guðjón Hermannsson, fyrrv. póstur | 30 517 | |
| Guðjón Jónsson, fyrrv. póstur | 30 517 | |
| Guðjón Pétursson | 82 650 | |
| Guðlaugur Oddsson, fyrrv. fiskmatsmaður | 62 171 | |
| Guðlaugur Sigmundsson, fyrrv. póstur | 32 386 | |
| Guðmundur Árnason, fyrrv. póstur | 40 691 | |
| Guðmundur Benónýsson, fyrrv. fiskmatsmaður | 30 517 | |
| Guðmundur Elíasson, fyrrv. fiskmatsmaður | 40 691 | |
| Guðmundur Guðmundsson, fyrrv. símstjóri | 61 040 | |
| Guðmundur Gíslason Hagalín, fyrrv. bókafulltrúi | 97 028 | |
| Guðmundur Jónsson | 129 836 | |
| Guðmundur Ólafsson, fyrrv. póstur | 30 517 | |
| Guðmundur Þorbergsson, fyrrv. póstur | 40 691 | |
| Guðrún Sigurbjörnsdóttir, fyrrv. ljósmóðir | 30 517 | |
| Guðrún Teitsdóttir, fyrrv. ljósmóðir | 61 040 | |
| Gunnar Ásgrímsson, fyrrv. fiskmatsmaður | 51 636 | |
| Gunnhildur Sigurðardóttir, fyrrv. símstöðvarstjóri | 51 636 | |
| Gústaf Gíslason, fyrrv. vitavörður | 75 762 | |
| Hafliði Sveinsson, fyrrv. póstur | 30 517 | |
| Hálfdán Björnsson | 61 040 | |
| Halldór Hansen, læknir | 115 358 | |
| Halldóra Bjarnadóttir, fyrrv. skólastjóri | 131 361 | |
| Halldóra Jóhannsdóttir, fyrrv. ljósmóðir | 40 691 | |
| Hallgrímur Fr. Hallgrímsson, fyrrv. póstur | 30 517 | |
| Hannes Hreinsson, fyrrv. fiskmatsmaður | 82 520 | |
| Helgi Ágústsson | 101 730 | |
| Helgi Eleesarsson, fyrrv. starfsmaður Rafmagnsveitna ríkisins | 60 609 | |
| Helgi Ívarsson, fyrrv. fiskmatsmaður | 72 346 | |
| Helgi Jóhannesson, fyrrv. fiskmatsmaður | 30 517 | |
| Helgi Jónsson, fyrrv. fiskmatsmaður | 50 967 | |
| Helgi Kjartansson | 49 420 | |
| Helgi Tryggvason, bókbindari | 61 040 | |
| Herdís Finnbogadóttir, fyrrv. ljósmóðir | 30 517 | |
| Herdís Guðmundsdóttir, fyrrv. handavinnukennari | 61 040 | |
| Hermann Jónsson, fyrrv. fiskmatsmaður | 73 116 | |
| Hermann Jónsson, fyrrv. hreppstjóri | 101 075 | |
| Hermína Gísladóttir, fyrrv. ljósmóðir | 30 517 | |
| Hildur Jónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir | 30 517 | |
| Hinrik Guðmundsson, fyrrv. fiskmatsmaður | 51 636 | |
| Hjörtur Ögmundsson, fyrrv. hreppstjóri | 59 011 | |
| Hólmfríður Jónsdóttir, fyrrv. kennari | 61 040 | |
| Höskuldur Einarsson, fyrrv. hreppstjóri | 59 011 | |

| | Kr. | Kr. |
|---|---|---|
| Inga Nielsen Beck, fyrrv. símstöðvarstjóri ..... | 44 139 | |
| Ingibjörg V. Filippusdóttir, fyrrv. ljósmóðir .... | 30 517 | |
| Ingibjörg Guðmundsdóttir, fyrrv. kennari ..... | 101 730 | |
| Ingibjörg Jónsdóttir, fyrrv. kennari ..... | 67 919 | |
| Ingibjörg Pálsdóttir, fyrrv. ljósmóðir ..... | 30 517 | |
| Ingimar Baldvinsson, fyrrv. póst- og símaafgrm. | 55 187 | |
| Ingólfur Árnason, fyrrv. póstur ..... | 40 691 | |
| Ingólfur Gíslason, fyrrv. héraðslæknir, biðlaun .. | 277 641 | |
| Ingveldur Magnúsdóttir, fyrrv. ljósmóðir ..... | 30 517 | |
| Jens Eyjólfsson, fyrrv. þingvörður ..... | 60 609 | |
| Jóhann Gunnarsson, fyrrv. rafstöðvarstjóri ..... | 61 040 | |
| Jóhann Jónsson, fyrrv. starfsm. Vífilsstaðahælis | 50 866 | |
| Jóhann Jósefsson, fyrrv. starfsm. vitamálastj. .. | 59 303 | |
| Jóhann Pétursson Svarfdælingur ..... | 136 677 | |
| Jóhannes Bogason, fyrrv. póstur ..... | 42 960 | |
| Jóhannes Þorgrímsson, fyrrv. kennari ..... | 61 040 | |
| Jón Bóason, fyrrv. póstur ..... | 30 517 | |
| Jón Jónasson, fyrrv. póstur ..... | 41 307 | |
| Jón G. Jónsson, fyrrv. fiskmatsmaður ..... | 59 011 | |
| Jón Kjerúlf, fyrrv. tollgæslumaður ..... | 75 976 | |
| Jón Sigurðsson, fyrrv. fiskmatsmaður ..... | 51 636 | |
| Jón Sigurgeirsson, fyrrv. skrifstofumaður ..... | 101 730 | |
| Jón Sveinsson, fyrrv. símstjóri ..... | 60 609 | |
| Jónas Bjarnason, fyrrv. fiskmatsmaður ..... | 30 517 | |
| Jónas Bjarnason, fyrrv. fiskmatsmaður ..... | 51 636 | |
| Jóninna Pétursdóttir, fyrrv. ráðskona ..... | 30 517 | |
| Jóninna Sveinsdóttir, fyrrv. ljósmóðir ..... | 44 258 | |
| Jósep Kristjánsson, fyrrv. símstöðvarstjóri ..... | 76 356 | |
| Júlíana Sigurðardóttir, fyrrv. símaafgreiðslukona .. | 150 446 | |
| Júlíus Jónsson, fyrrv. póstur ..... | 30 517 | |
| Júlíus Jónsson, fyrrv. póstur, Mosfelli ..... | 29 652 | |
| Karl Árnason, fyrrv. póstur ..... | 40 691 | |
| Karl Indriðason, fyrrv. fiskmatsmaður ..... | 62 171 | |
| Klara Guðmundsdóttir ..... | 76 301 | |
| Kristín V. Hjaltalín, fyrrv. ljósmóðir ..... | 30 517 | |
| Kristín Ingileifsdóttir ..... | 89 412 | |
| Kristín Kristjánsdóttir, fyrrv. ljósmóðir ..... | 37 590 | |
| Kristín Teitsdóttir, fyrrv. ljósmóðir ..... | 40 691 | |
| Kristinn Jónsson, fyrrv. fiskmatsmaður ..... | 62 171 | |
| Kristjana V. Hannesdóttir, fyrrv. skólastjóri .... | 59 497 | |
| Kristján Albertsson, rithöfundur ..... | 97 028 | |
| Kristján Einarsson, fyrrv. kennari ..... | 79 140 | |
| Kristján Jónsson frá Garðsstöðum ..... | 61 040 | |
| Kristmundur Kr. Meldal, fyrrv. póstur ..... | 30 517 | |
| Magdalena Guðlaugsdóttir, fyrrv. ljósmóðir ..... | 30 517 | |
| Magnús V. Guðbrandsson, trésmiður ..... | 42 960 | |
| Magnús Ingimundarson, fyrrv. hreppstjóri ..... | 75 180 | |
| Magnús Jónsson, fyrrv. fiskmatsmaður ..... | 73 116 | |
| Magnús Magnússon, rithöfundur ..... | 61 040 | |
| Margrét Gísladóttir, fyrrv. ljósmóðir ..... | 40 691 | |
| Margrét Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir ..... | 40 691 | |
| Margrét Jóhannsdóttir, fyrrv. ljósmóðir ..... | 40 691 | |
| Margrét Jónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir ..... | 40 691 | |

| | Kr. | Kr. |
|---|---|---|
| Margrét Valdimarsdóttir, fyrrv. starfsm. Alþingis | 114 638 | |
| María Einarsdóttir, fyrrv. matráðskona | 61 040 | |
| María Markan, óperusöngkona | 97 028 | |
| María Sigurðardóttir, fyrrv. starfsm. Alþingis | 30 517 | |
| Matthildur Hannesdóttir, fyrrv. ljósmóðir | 30 517 | |
| Nína Sveinsdóttir, fyrrv. leikkona | 66 388 | |
| Njáll Friðbjörnsson, fyrrv. póstur | 30 517 | |
| Oddný Wíum | 30 517 | |
| Oddur Bjarnason, fyrrv. fulltrúi | 40 755 | |
| Oddur Búason, fyrrv. línustarfsmaður | 42 960 | |
| Ólafía Egilsdóttir, fyrrv. ljósmóðir | 40 691 | |
| Ólafur Bjarnason, fyrrv. umboðsmaður | 50 866 | |
| Ólafur Björnsson, fyrrv. póstur | 41 307 | |
| Ólafur Guðmundsson | 61 040 | |
| Ólafur Magnússon | 75 180 | |
| Ólafur Tryggvason, fyrrv. starfsm. Alþingis | 110 225 | |
| Ólöf Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir | 30 517 | |
| Pétur Jónsson, fyrrv. póstur | 64 322 | |
| Ragnar Benediktsson, fyrrv. prestur | 50 938 | |
| Ragnheiður Þorsteinsdóttir, fyrrv. yfirröntgenkona | 109 290 | |
| Rósamunda Jónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir | 30 517 | |
| Runólfur Guðmundsson, fyrrv. póstur | 45 779 | |
| Sesselja Jónsdóttir, fyrrv. símstöðvarstjóri | 76 301 | |
| Sesselja Kristjánsdóttir, fyrrv. ljósmóðir | 37 590 | |
| Sigmundur Gestsson, fyrrv. póstur | 40 691 | |
| Signý Gunnarsdóttir, fyrrv. ljósmóðir | 41 307 | |
| Sigríður Ásgeirsdóttir, fyrrv. ljósmóðir | 30 517 | |
| Sigríður Björnsdóttir, fyrrv. kennari | 50 866 | |
| Sigríður Einarsdóttir, fyrrv. póst- og símaafgr.kona | 111 879 | |
| Sigríður Guðjónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir | 40 691 | |
| Sigríður Magnúsdóttir, fyrrv. kennari | 55 187 | |
| Sigríður Sigfinnsdóttir, fyrrv. símstjóri | 53 700 | |
| Sigríður Tómasdóttir, fyrrv. ráðskona | 59 303 | |
| Sigríður Þórðardóttir, fyrrv. ljósmóðir | 30 517 | |
| Sigrún Sigurjónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir | 30 517 | |
| Sigurður Greipsson | 122 468 | |
| Sigurður Nordal, prófessor | 122 801 | |
| Sigurður Stefánsson, fyrrv. póstur, Krossi | 30 517 | |
| Sigurjón Einarsson, fyrrv. símstjóri | 60 609 | |
| Sigurjón Jónsson, fyrrv. fiskmatsmaður | 61 040 | |
| Sigurpáll Þorsteinsson, fyrrv. póstur | 29 652 | |
| Skúli Skúlason frá Odda | 146 451 | |
| Stefán Karlsson, fyrrv. póstafgreiðslumaður | 53 700 | |
| Stefán Ólafsson, fyrrv. þingvörður | 44 258 | |
| Stefán Steinþórsson, fyrrv. póstur | 30 517 | |
| Steingrímur Magnússon, fyrrv. fiskmatsmaður | 74 131 | |
| Steinn Ármannsson, fyrrv. póstur | 30 517 | |
| Steinunn Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir | 30 517 | |
| Sæmundur Halldórsson, fyrrv. póstur | 30 517 | |
| Sölvi Ásgeirsson, fyrrv. fiskmatsmaður | 66 388 | |
| Sölvína Konráðsdóttir, fyrrv. ljósmóðir | 30 517 | |
| Tómas Guðmundsson, fyrrv. póstur | 30 517 | |
| Torfi Hermannsson, fyrrv. starfsm. Kleppsspítala | 50 866 | |

| | Kr. | Kr. |
|---|---|---|
| Valborg Emilsdóttir, fyrrv. ljósmóðir | 40 691 | |
| Valves Kárason, fyrrv. fiskmatsmaður | 61 040 | |
| Vésteinn Árnason, fyrrv. póstur | 30 517 | |
| Vigdís Andrésdóttir, fyrrv. ljósmóðir | 30 517 | |
| Vigfús Þorsteinsson, fyrrv. póst- og símaafgrm. | 61 040 | |
| Þorbjörg Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir | 30 517 | |
| Þórður Benediktsson | 148 255 | |
| Þórður Guðmundsson, fyrrv. skipstjóri | 129 331 | |
| Þórður Ólafsson, fyrrv. póstur | 42 960 | |
| Þorkell Kristjánsson, fyrrv. starfsmaður Alþingis | 60 144 | |
| Þorleifur Jónsson | 116 948 | |
| Þorsteinn Sigurðsson, fyrrv. formaður Búnaðarfélags Íslands | 101 933 | |
| Þuríður Guðjónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir | 40 691 | |
| Þuríður Guðnadóttir, fyrrv. ljósmóðir | 61 040 | |
| Samtals | | 13 228 412 |

09 384 Ekkjur:

| | |
|---|---|
| Aðalbjörg Sigurðardóttir | 75 834 |
| Agnethe Kamban | 128 783 |
| Ágústa Högnadóttir | 29 023 |
| Ágústa Sigurðardóttir | 49 786 |
| Anna Jakobína Árnadóttir | 29 023 |
| Anna Ólafsdóttir | 32 405 |
| Anna Þuríður Sæmundsdóttir | 39 827 |
| Árný Stígsdóttir | 29 869 |
| Arnþrúður Daníelsdóttir | 32 405 |
| Áslaug Nielsen | 72 557 |
| Ásta Jónsdóttir | 169 702 |
| Ásta Ólafsdóttir | 59 744 |
| Ástríður Eggertsdóttir | 49 786 |
| Ástríður Magnúsdóttir | 29 869 |
| Björg Þórðardóttir | 50 539 |
| Borghildur Thorarensen | 102 030 |
| Bryndís Þórarinsdóttir | 67 635 |
| Dagbjört Guðjónsdóttir | 47 484 |
| Dóra Þórarinsdóttir | 72 557 |
| Elín Einarsdóttir | 89 616 |
| Elínborg Bogadóttir | 72 199 |
| Elísabet Jónsdóttir | 29 869 |
| Elísabet Kemp | 64 979 |
| Eufemía Ólafsdóttir | 124 466 |
| Fjóla Kristjánsdóttir | 47 484 |
| Fríða Hlíðdal | 215 831 |
| Guðbjörg Erlendsdóttir | 59 744 |
| Guðbjörg Guðmundsdóttir | 64 979 |
| Guðfinna Blöndal | 119 483 |
| Guðný Halldórsdóttir | 59 744 |
| Guðný Sigurðardóttir | 49 786 |
| Guðný Vigfúsdóttir | 59 744 |
| Guðný Þórarinsdóttir | 37 590 |

| | Kr. | Kr. |
|---|---|---|
| Guðrún Jóhannesdóttir | 29 869 | |
| Guðrún P. Jónsdóttir | 75 834 | |
| Guðrún Pálsdóttir | 69 699 | |
| Halldóra Eiríksdóttir | 73 095 | |
| Halldóra Eiríksdóttir | 74 153 | |
| Halldóra Þórðardóttir | 37 922 | |
| Helga Friðbjarnardóttir | 59 744 | |
| Helga Pétursdóttir | 74 682 | |
| Helga Þ. Smári | 101 117 | |
| Hildur Blöndal | 189 507 | |
| Hjaltlína Guðjónsdóttir | 74 682 | |
| Hlíf Magnúsdóttir | 64 440 | |
| Hólmfríður Rögnvaldsdóttir | 59 744 | |
| Hrafnhildur Eiðsdóttir | 83 592 | |
| Hróðný Einarsdóttir | 161 787 | |
| Hulda Þ. Björnæs | 81 308 | |
| Hulda Davíðsdóttir | 72 199 | |
| Indiana Sturludóttir | 74 682 | |
| Ingibjörg Björnsdóttir | 39 443 | |
| Ingibjörg Eyjólfsdóttir | 89 616 | |
| Ingibjörg Gamalielsdóttir | 74 682 | |
| Ingibjörg Högnadóttir | 29 869 | |
| Ingibjörg Þ. Jónsdóttir | 89 616 | |
| Ingibjörg Karlsdóttir | 123 757 | |
| Ingunn Hlíðar | 47 484 | |
| Ingveldur Ólafsdóttir | 29 869 | |
| Jakobína Thorarensen | 49 786 | |
| Jóhanna Vigfúsdóttir | 29 869 | |
| Jónasína E. Hallgrímsdóttir | 54 446 | |
| Jónína Ásmundsdóttir | 29 023 | |
| Jónína Gissurardóttir | 72 496 | |
| Jónína Kristjánsdóttir | 74 682 | |
| Jórunn Guðjónsdóttir | 73 095 | |
| Karen Louise Jónsson | 74 682 | |
| Katrín Ingibergsdóttir | 72 199 | |
| Kristín Guðmundsdóttir, vitavarðarekkja | 29 869 | |
| Kristín Í. Guðmundsdóttir | 47 188 | |
| Kristín Helgadóttir | 29 023 | |
| Kristín Pálmadóttir | 59 744 | |
| Kristín Pálsdóttir | 49 786 | |
| Kristjana Káradóttir | 77 328 | |
| Kristjana Þorvarðardóttir | 36 099 | |
| Lára Bjarnadóttir, ekkja Jóns Gíslasonar | 39 827 | |
| Lára Svansdóttir | 29 869 | |
| Lára M. Vigfúsdóttir | 99 572 | |
| Lelia Stefánsson | 149 361 | |
| Lilja H. Arndal | 99 572 | |
| Lilja Jörundsdóttir | 59 744 | |
| Lilja Steinsen | 174 246 | |
| Lydia Einarsson | 124 466 | |
| Mabel Sigurjónsson | 99 572 | |
| Magdalena Ásgeirsdóttir | 29 869 | |
| Magnea Magnúsdóttir | 61 218 | |

| | Kr. | Kr. |
|---|---|---|
| Málfríður Bjarnadóttir | 29 869 | |
| Margrét Árnadóttir | 74 682 | |
| Margrét Björnsdóttir | 37 988 | |
| Margrét Eyjólfsdóttir | 59 744 | |
| Margrét Guðbrandsdóttir | 89 616 | |
| Margrét Jónasdóttir | 124 466 | |
| Margrét Jónsdóttir frá Hrauni | 120 922 | |
| Margrét L. Lárusdóttir | 29 869 | |
| Marta Oddsdóttir | 29 869 | |
| Melitta Urbancic | 47 484 | |
| Ólafía Finnbogadóttir | 29 869 | |
| Olga E. Jónsson | 56 357 | |
| Ólöf Bjarnadóttir | 78 902 | |
| Ragnheiður Konráðsdóttir | 49 786 | |
| Rannveig Gunnarsdóttir | 64 440 | |
| Rósa Guðnadóttir | 73 095 | |
| Sesselja Benediktsdóttir | 57 759 | |
| Sigríður Árnadóttir | 179 229 | |
| Sigríður Árnadóttir | 73 095 | |
| Sigríður Gísladóttir | 29 869 | |
| Sigríður Jónsdóttir frá Vífilsstöðum | 96 139 | |
| Sigríður Stefánsdóttir | 42 960 | |
| Sigrún Guðmundsdóttir | 115 519 | |
| Sigrún Thorarensen | 39 827 | |
| Sigurbjörg Jónsdóttir | 30 110 | |
| Sigurlaug Jónsdóttir | 74 682 | |
| Sigurlaug Þórey Þorsteinsdóttir | 56 357 | |
| Steinunn P. Eyjólfsson | 33 597 | |
| Steinunn Tómasdóttir | 49 786 | |
| Steinþóra Einarsdóttir | 72 199 | |
| Svanborg Jónsdóttir | 29 066 | |
| Sveinbjörg Kristinsdóttir | 49 786 | |
| Sveindís Hansdóttir | 29 869 | |
| Tove Engilberts | 161 787 | |
| Valgerður Helgadóttir | 49 857 | |
| Valgerður Ólafsdóttir | 45 091 | |
| Vigdís Guðmundsdóttir | 59 744 | |
| Þóra Magnúsdóttir | 39 827 | |
| Þóra Sigfúsdóttir | 29 869 | |
| Þóra Vigfúsdóttir | 96 660 | |
| Þorbjörg Kjartansdóttir | 74 682 | |
| Þorbjörg Leifs | 59 744 | |
| Þorbjörg Sigurjónsdóttir | 44 807 | |
| Þórhildur Sveinsdóttir | 29 869 | |
| Barnastyrkur: | | |
| Anna Bjarnadóttir | 362 067 | |
| Samtals | | 9 184 206 |

## Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Við gerð þessa fjárlagafrumvarps hefur verið lögð áherzla á þrjú meginmarkið. Í fyrsta lagi að sporna við útþenslu ríkisbúskaparins miðað við önnur svið efnahagsstarfseminnar í landinu. Í öðru lagi að stilla opinberum framkvæmdum svo í hóf, að ekki leiði til óeðlilegrar samkeppni um vinnuafl án þess að atvinnuöryggi sé stefnt í hættu eða það komi niður á þjóðarhagslega mikilvægustu framkvæmdunum. Í þriðja lagi að styrkja fjárhag ríkissjóðs og stuðla jafnframt að efnahagslegu jafnvægi í víðari skilningi, en það verður eitt meginviðfangsefnið á næsta ári.

Fjármál ríkisins eru samofin efnahagsmálum þjóðarinnar, og hin almenna hagþróun endurspeglast einatt í þeim áætlunum um ríkisbúskapinn, sem settar eru fram í fjárlagafrumvarpi. Það frumvarp, sem hér liggur fyrir, er engin undantekning þeirrar reglu. Sú öra verðbólguþróun, sem ríkt hefur hér á landi að undanförnu, ásamt ýmsum félagslegum og efnahagslegum aðgerðum, sem gripið hefur verið til á árinu, koma í ríkum mæli fram í þessu frumvarpi og eru reyndar höfuðorsök þeirrar hækkunar, sem fram kemur í samanburði við fjárlagatölur yfirstandandi árs. Við slíkar aðstæður er þess vart að vænta að gefizt hafi ráðrúm til að marka djúp spor í fjármálastefnu ríkisins á þeim skamma tíma, sem hefur verið til að móta fjárlagafrumvarpið. Fjárlagafrumvarpið ber það með sér engu að síður, að komið er í veg fyrir frekari útþenslu ríkisbúskaparins og dregið er úr ríkisframkvæmdum. Þetta er skref til að freista þess að hafa hemil á verðbólgunni, draga úr greiðsluhallanum við útlönd og tryggja sem bezt lífskjör almennings. Verðlagsþróunin ásamt ýmsum aðgerðum á sviði ríkisfjármála fyrr á þessu ári hafa leitt til þess, að ríkisútgjöld munu fara mjög fram úr áætlun fjárlaga 1974, eins og vikið er að nánar síðar í þessum athugasemdum. Sé heilsársáhrifum sérstakra aðgerða bætt við líklega útkomu ársins 1974, má gera ráð fyrir, að útgjöld yrðu í heild 29,1% þjóðarframleiðslunnar. Fjárlagafrumvarpið gerir ráð fyrir 44,8 milljörðum króna útgjöldum, en það er 28,7% áætlaðrar þjóðarframleiðslu 1975. Þessi niðurstaða er í samræmi við það, að heildarvöxtur ríkisútgjalda frá fjárlögum 1974 er innan við hækkun meðalverðlags á sama tímabili.

Eins og fram kemur á sérstöku yfirliti, er fylgir þessu frumvarpi, hækka verklegar framkvæmdir ríkisins um 1 930,6 m.kr. frá fjárlögum 1974, eða 33,8%. Þar sem almenn verðlagshækkun hefur á sama tímabili verið 50—55%, er hér í raun um 10—15% magnminnkun að ræða. Þrátt fyrir þessa lækkun hefur þess verið gætt, að hún komi sem minnst niður á framkvæmdum, sem telja verður mjög brýnar frá þjóðhagslegu sjónarmiði. Eins og kunnugt er, hefur ríkt mikið þensluástand í framkvæmdum í landinu, sem m. a. hefur bitnað á útflutningsatvinnuvegum þjóðarinnar, og er hér gerð tilraun til að hamla gegn því ástandi. Sú magnminnkun ríkisframkvæmda, sem hér um ræðir, ætti þó engan veginn að valda slíkum samdrætti, að leiði til ónógrar atvinnu, enda er það eitt af meginmarkmiðunum að tryggja næga atvinnu.

Þessi aðhaldssemi í ríkisframkvæmdum skapar svigrúm til þess að styrkja fjárhagsstöðu ríkissjóðs á árinu 1975, en það er eitt brýnasta verkefnið í fjármálum ríkisins. Yfirdráttarskuld ríkissjóðs í Seðlabankanum verður að líkindum um einn milljarður króna við næstu áramót, og er í frumvarpinu gert ráð fyrir, að 250 m.kr. þeirrar skuldar verði greiddar á árinu 1975. Hér er þó vart nóg að gert, og verður þess freistað við meðferð frumvarpsins á þingi að hækka þessa endurgreiðslu verulega. Þá koma til endurgreiðslu fyrstu spariskírteinin, sem útgefin voru 1964, og er gert ráð fyrir 500 m.kr. endurgreiðslu úr ríkissjóði, en 215 m.kr. með endurútgáfu skírteina. Á sama hátt væri æskilegast að öll endurgreiðslan kæmi úr ríkissjóði. Þessar aðgerðir til að létta á skuldabyrði ríkissjóðs munu jafnframt hafa umtalsverð áhrif til að stuðla að efnahagslegu jafnvægi í víðari skilningi, en bæði verðlags-

þróunin og viðskiptastaðan gagnvart útlöndum krefjast þess, að meiri efnahagsjöfnuði en ríkt hefur verði náð á árinu 1975.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að skattvísitala hækki um 45% eða í samræmi við hækkun meðaltekna til skatts. Auk þess eru áætlaðar tekjur ríkissjóðs af tekjuskatti einstaklinga lækkaðar um 500 m. kr., og er með því greitt fyrir samræmingu algengustu bóta almannatrygginga og tekjuskattsins. Bein skattbyrði reiknuð sem álagðir beinir skattar í hlutfalli við tekjur fyrra árs lækka því úr 16,6% í 16,3%.

Þá er gert ráð fyrir sérstökum fjárlagalið að fjárhæð 500 m.kr. Er þar um að ræða lið til ráðstafana í kjara- og verðlagsmálum, eftir því sem ástæða þykir til. Frumvarpið gerir ráð fyrir, að 1. júní n.k. lækki niðurgreiðslur sem nemi fjórðungi niðurgreiðsluhækkunarinnar frá því í júní s. l., eða um 350 m.kr. til áramóta. Þá er og gert ráð fyrir, að fjölskyldubótahækkunin í bráðabirgðalögunum frá 24. sept. s. l., falli niður 1. júní n. k., en þar er um að ræða 150 m.kr. það sem eftir er ársins.

Framlög til byggðasjóðs eru aukin og nema samtals 877 m.kr. í stað 153 m.kr. í fjárlögum 1974. Er hér um að ræða 2% af útgjöldum fjárlagafrumvarpsins. Gert er ráð fyrir, að í endurskoðuðum lögum um byggðasjóð verði skilgreint, hver verkefni sjóðsins verði.

Fjárlagafrumvarpið ber með sér, að engar breytingar hafa enn verið gerðar á skiptingu verkefna milli ríkis og sveitarfélaga. Ekki hefur gefizt tími til endurskoðunar þeirra mála, en breytingum á verkaskiptingu fylgja að sjálfsögðu breytingar á skatta- og tekjustofnalögum.

Loks skal vakin athygli á því, að á sama hátt og í fjárlögum 1974 eru framkvæmdir, sem ætlað er að fjármagna með lántökum, innifaldar í frumvarpinu, og kemur það í stað sérstakra framkvæmda- og fjáröflunaráætlana á fyrri árum. Hins vegar fylgir þessu frumvarpi ekki sérstök starfsmannaskrá, en þær skrár, sem áður hafa verið birtar með fjárlagafrumvörpum, hafa verið mjög ófullkomnar. Er nú unnið að því að koma skráningu ríkisstarfsmanna í fast form, þannig að unnt verði að birta starfsmannaskrár, er taka til allra ríkisstarfsmanna. Er stefnt að því, að unnt verði að birta slíka skrá með fjárlagafrumvarpi ársins 1976.

## YFIRLIT OG SAMANBURÐUR VIÐ FJÁRLÖG 1974

### Meginforsendur frumvarpsins.

Launaliður frumvarpsins er miðaður við kauplag, eins og það er í lok september 1974, og gjaldaliðir almennt að öðru leyti við verðlag á þeim tíma. Þannig eiga áhrif kjarasamninganna á sl. vori að vera komin inn í útgjaldaáætlanir, og hið sama á við áhrif gengislækkunarinnar í september, söluskattshækkunarinnar 1. október og annarra gjaldahækkana, sem orðið hafa á árinu. Heildarhækkun launakostnaðar er 35%, ef miðað er við fjárlagatölur 1974, en vegna þess að þar voru áætlaðar 400 m.kr. upp í væntanlega kjarasamninga, er hækkunin frá þeim töxtum, sem giltu við samþykkt fjárlaga, þeim mun meiri, eða 43,8%. Af þessari hækkun eru 29,3 prósentustig afleiðing kjarasamninganna, 1,0 stig stafar af láglaunabótum í september og 6,2 stig eru verðlagsuppbætur. Magnaukning er 7,3 stig, þar af 2,4 stig vegna áhrifa grunnskólalaganna og 4,9 stig vegna annarrar magnaukningar, einkum í skólakerfinu og vegagerð, en nokkuð af þeirri magnaukningu er þegar komið fram á árinu 1974. Við ákvörðun annarra rekstrarliða hefur verið höfð hliðsjón af því, að frá gerð síðustu fjárlaga hefur verðlag að meðaltali hækkað um 50—55%.

Tekjuáætlunin miðast í meginatriðum við hliðstæðar kaup- og verðlagsforsendur og hér hafa verið raktar. Magnbreytingar helztu skattstofna óbeinna skatta eru hins vegar við það miðaðar, að heildarútgjöld þjóðarinnar verði ekki meiri að raunverulegu verðgildi á næsta ári en í ár. Þessar forsendur fela í sér, að almenn innlend þjóðarútgjöld aukast um 19—20% í peningum, en almennur vöruinnflutningur um 20%, (ef olía er frátalin, en reiknað er með 23% hækkun á verðmæti olíuinnflutnings 1975). Reiknað er með, að skattvísitala verði 145 stig, miðað við 100 stig 1974, eða hækki til jafns við tekjur, en ennfremur verði tekjuskattur lækkaður um 500 m.kr., sem er liður í endurskoðun skatta- og tryggingakerfisins. Þá er í tekjuáætluninni gert ráð fyrir lækkun tolla frá 1. janúar 1975 skv. aðildarsamningi við EFTA og viðskiptasamningi við Efnahagsbandalagið og nokkurri aðlögun annarra tolla vegna þessara breytinga.

### Gjaldahlið.

Gjöld á rekstrarreikningi eru samtals 44 752,4 m.kr. á móti 29 402,1 m.kr. í fjárlögum 1974. Hækkun er því 15 350,3 m.kr. eða 52,2%. Af þessari hækkun eru 2 894,7 m.kr. vegna markaðra tekjustofna, en það er 87,9% hækkun, og er hækkun eiginlegra ríkisútgjalda í þrengri merkingu þannig 12 455,6 m.kr. eða 47,7%. Á eftirfarandi yfirliti er gerður samanburður á rekstrargjöldum fjárlaga 1974 og fjárlagafrumvarps 1975:

| | Fjárlög 1974 þús. kr. | Frumvarp 1975 þús. kr. | Hækkun þús. kr. | % |
|---|---|---|---|---|
| Útgjöld á rekstrarreikningi ..... | 29 402 110 | 44 752 450 | 15 350 340 | 52,2 |
| Markaðir tekjustofnar ..... | 3 295 078 | 6 189 828 | 2 894 750 | 87,9 |
| Útgjöld án markaðra tekjustofna .. | 26 107 032 | 38 562 622 | 12 455 590 | 47,7 |

Sú 12 455,6 m.kr. hækkun, sem verður á eiginlegum ríkisútgjöldum, skiptist þannig á helztu gjaldaliði:

| | Millj. kr. |
|---|---|
| Framlög til almannatrygginga | 3 220,9 |
| Laun | 2 291,4 |
| Niðurgreiðslur á vöruverði innanlands | 2 170,0 |
| Til ráðstafana í kjara- og verðlagsmálum | 500,0 |
| Framlög í Byggðasjóð | 440,0 |
| Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir | 316,0 |
| Vaxtagreiðslur | 300,6 |
| Vegagerð | 233,8 |
| Landgræðsluáætlun | 200,0 |
| Útgjöld skv. sérstökum lögum og heimildarlögum | 145,0 |
| Atvinnuleysistryggingasjóður | 144,0 |
| Bygging grunnskóla | 141,6 |
| Bygging sjúkrahúsa og heilsugæzlustöðva | 136,1 |
| Lánasjóður íslenzkra námsmanna | 119,4 |
| Flugmálastjórn | 109,3 |
| Landshafnir vegna framkvæmda | 107,0 |
| Fiskveiðisjóður | 102,0 |
| Þangverksmiðja Reykhólum | 100,0 |
| Annað, nettó | 1 678,5 |
| | 12 455,6 |

Á eftirfarandi yfirliti er sýnd hlutfallsleg hækkun helztu tegunda útgjalda frá fjárlögum 1974 að meðtöldum mörkuðum tekjustofnum, og er þá miðað við meginskiptingu í fjárlögum:

| | | Hækkun í % frá fjárlögum 1974 |
|---|---|---|
| 0 10 | Laun | 35,0 |
| 0 20 | Önnur rekstrargjöld | 86,2 |
| 0 27 | Viðhald | 89,0 |
| 0 70 | Vextir | 72,6 |
| 0 80 | Gjaldfærður stofnkostnaður | 29,6 |
| 0 90 | Yfirfærslur: | |
| 91 | Til fyrirtækja í B-hluta | 49,6 |
| 92 | Til sveitarfélaga | 17,9 |
| 93 | Til fyrirtækja og atvinnuvega | 100,0 |
| 94 | Til einstaklinga og samtaka | 113,8 |
| | Heildarhækkun | 52,4 |

Við einstök hækkunarhlutföll, sem hærri eru en hækkun verðlags, eru fyrir hendi sérstakar skýringar. Að því er varðar liðinn önnur rekstrargjöld, sem hækkar um 86,2% á móti 60—65% meðalverðhækkun þessa kostnaðarliðar, eru skýringar einkum fólgnar í því, að fjárveiting vegna sérstakra laga og heimildarlaga er hækkuð mjög verulega í samræmi við reynslu fyrri ára, og auk þess er tekin inn veruleg fjárhæð til Orkustofnunar, sem í fjárlögum 1974 var ranglega færð á úthlið lánahreyfinga. Þá kemur olíuverðshækkunin, sem er langt yfir meðalhækkun verðlags, þungt niður á rekstri skipa og flugvéla ríkisins, og á hliðstæðan hátt kemur mikil hækkun prentkostnaðar niður á rekstrargjöldum ríkisútgáfu námsbóka og loks hækka rekstrargjöld vegagerðar mikið frá fjárlagatölu í samræmi við framlagða vegáætlun. Séu framangreind atriði frátalin, verður hækkun á liðnum önnur rekstr-

argjöld 65,7%, eða lítillega umfram verðlagshækkanir. Á hliðstæðan hátt eru sérstakar skýringar á hækkun viðhaldsliðar, en hann hækkar um 89,0%. Þar er meginorsökin vegaviðhald, en gjöld vegamála í samræmi við áðurnefnda vegáætlun eru mun hærri en fjárlagatala 1974, enda munu vegagjöld fara mjög fram úr þeirri tölu í ár, eins og nánar verður að vikið hér á eftir, þar sem fjallað er um einstaka fjárlagaliði. Viðhald skólamannvirkja hækkar einnig nokkuð umfram almennar verðlagshækkanir, enda óumflýjanlegt að gera átak í þeim málum. Að þessum tveimur atriðum frátöldum hækkar viðhaldsliður um 62,6%, eða í samræmi við verðlag. Þá skal þess getið, að hin mikla hækkun á yfirfærslum til fyrirtækja og atvinnuvega eða 100,0%, orsakast af hækkun niðurgreiðslna, sem voru hækkaðar mjög verulega í júnímánuði. Loks stafar hækkun á yfirfærslum til einstaklinga, 113,8%, að mestu af liðunum til ráðstafana í kjara- og verðlagsmálum, en óráðið er, hvort sá liður verður að raunverulegum útgjöldum.

Á eftirfarandi yfirliti er sýnd hlutfallsleg hækkun útgjalda eftir hagrænu eðli frá fjárlögum 1974.

| | Hækkun í % frá fjárlögum 1974 | |
|---|---|---|
| Kaup á vörum og þjónustu | | 44,2 |
| Samneyzla | 48,5 | |
| Fjárfesting | 29,6 | |
| Tilfærslur | | 57,7 |
| Neyzlu- og rekstrartilfærslur | 59,7 | |
| Fjármagnstilfærslur | 52,6 | |
| Heildarhækkun | | 52,4 |

Við samanburð á tölum fjárlaga 1974 og fjárlagafrumvarps 1975, eins og gerður er hér að framan, ber að hafa í huga þrjú meginatriði, er varpa skýrara ljósi á orsakir þeirra hækkana, sem raktar hafa verið. Í fyrsta lagi voru tveir mikilvægir útgjaldaliðir, þ. e. niðurgreiðslur og fjölskyldubætur, lægri í fjárlögum 1974 en þáverandi reglur gáfu tilefni til, vegna þess að þá höfðu verið ráðgerðar aðgerðir til að lækka báða þessa liði, sem ekki varð úr. Voru niðurgreiðslur af þessum sökum 680,0 m.kr. lægri en ella, miðað við það stig, sem gilti við afgreiðslu fjárlaganna, og fjölskyldubætur á hliðstæðan hátt 210,0 m.kr. lægri. Þá voru útgjöld Orkustofnunar, sem aukin voru um 74 m.kr. í meðförum þingsins og fjármögnuð með lántökum, ranglega færð á úthlið lánahreyfinga. Samtals er hér um að ræða 964,0 m.kr., sem hækkunartala fjárlagafrumvarps 1975 er oftalin af þessum sökum. Í öðru lagi hafa verið gerðar ýmsar mikilvægar ráðstafanir síðan fjárlög 1974 voru afgreidd, sem valdið hafa mjög verulegri aukningu ríkisútgjalda, og í þriðja lagi hefur verðlag hækkað óðfluga frá afgreiðslu fjárlaganna, sem beint og óbeint hefur aukið útgjöld ríkisins, ekki sízt vegna beinnar tengingar verðlagsvísitölu við mikilvæga útgjaldaflokka, svo sem laun og tryggingabætur. Af öllu þessu leiðir, að raunverulegt ríkisútgjöld munu verða miklu hærri árið 1974 heldur en fjárlagatölur þess árs. Samkvæmt síðustu áætlun um afkomuhorfur ríkissjóðs á árinu 1974, sem m. a. er byggð á reynslu á tímabilinu janúar—ágúst, má gera ráð fyrir, að ríkisútgjöld verði nálægt 37 000 m.kr. á árinu eða 7 600 m.kr. hærri en fjárlagatala ársins.

Þessi niðurstaða leiðir í ljós, að sú mikla hækkun í krónutölu, sem fram kemur við samanburð þessa frumvarps og fjárlaga 1974, er fyrst og fremst afleiðing almennrar þróunar í efnahagsmálum og sérstakra ráðstafana í ríkisfjármálum, sem gerðar hafa verið á árinu. Sé niðurstöðutala fjárlagafrumvarpsins borin saman við líklega útkomu ársins 1974, verður hækkunin 7 752,5 m.kr. eða 21,0%. Við slíkan samanburð ber ennfremur að hafa í huga, að ýmsar þeirra efnahagsaðgerða, sem gripið var til á árinu 1974 og urðu til þess að hækka útgjöld ríkisins, koma fyrst með fullum þunga á árið 1975, því að ýmsar þeirra giltu aðeins hluta ársins 1974.

**Ráðuneyti og málefnaflokkar.**

Í því sem hér fer á eftir, er í stórum dráttum greint frá breytingum helztu gjaldaliða frá fjárlögum 1974 innan hvers ráðuneytis og málefnaflokks. Þá verður einnig skýrð breyting á mörkuðum tekjustofnum, en í síðasta hluta greinargerðarinnar verður fjallað um einstaka fjárlagaliði á nákvæmari hátt.

00 **Æðsta stjórn ríkisins.** Heildarhækkun fjárlagaliða í þessum flokki er 54,7 m.kr. Mest munar um hækkun á kostnaði við Alþingi, 30,9 m.kr., einkum vegna verðlagsuppbóta á laun og annarra verðlagshækkana. Af sömu orsökum hækka framlög til embættis Forseta Íslands um 6,5 m.kr., Hæstaréttar 4,3 m.kr. og ríkisstjórnar um 5,5 m.kr., en auk þess eru laun bifreiðastjóra ráðherranna og rekstrarkostnaður bifreiða þeirra, samtals 7,5 m.kr., færð á þennan fjárlagalið.

01 **Forsætisráðuneytið.** Málefnaflokkar þessa ráðuneytis breytast sem hér segir frá fjárlögum 1974 í m.kr.

| | Breyting frá fjárlögum 1974 | Þar af markaðir tekjustofnar |
|---|---|---|
| Yfirstjórn | 2,2 | — |
| Annað | 739,5 | 284,4 |
| Samtals | 741,7 | 284,4 |

**Annað.** Meginorsök hækkunarinnar í þessum málefnaflokki er vegna Byggðasjóðs, en beint ríkissjóðsframlag hækkar um 440,0 m.kr. og álgjald, sem er markaður tekjustofn, um 284,4 m.kr., eða samtals 724,4 m.kr. Þá er framlag til Þjóðhagsstofnunar, sem er nýr liður, 17,2 m.kr., en á móti fellur niður framlag til Framkvæmdastofnunar, sem var 11,0 m.kr. í fjárlögum 1974, þannig að nettóhækkun nemur 6,2 m.kr. Loks eykst kostnaður við embætti Húsameistara ríkisins um 5,9 m.kr. og við þjóðgarðinn á Þingvöllum og Þingvallanefnd um 3,0 m.kr., hvort tveggja að mestu vegna verðlagshækkana.

02 **Menntamálaráðuneytið.** Málefnaflokkar þessa ráðuneytis hækka sem hér segir í m.kr.:

| | Breyting frá fjárlögum 1974 | Þar af markaðir tekjustofnar |
|---|---|---|
| Yfirstjórn | 56,0 | — |
| Fræðslumál | 1 798,5 | 6,3 |
| Söfn, listir og önnur menningarstarfsemi | 164,7 | 21,4 |
| Samtals | 2 019,2 | 27,7 |

**Yfirstjórn.** Sú 56,0 m.kr. hækkun, sem fram kemur á þessum málefnaflokki, á fyrst og fremst rætur að rekja til launa og verðlagshækkana, en auk þess kemur til nokkur aukning starfsliðs og innréttingarkostnaðar nýs leiguhúsnæðis. Kostnaður við aðalskrifstofu hækkar af þessum sökum um 33,2 m.kr. Þá er nettóhækkun vegna fræðsluskrifstofa skv. nýju grunnskólalögunum 13,3 m.kr. Kostnaður við endurskoðun námsefnis eykst um 11,5 m.kr. og við sundskyldu í skólum um 8,2 m.kr. Liðurinn kennaranámskeið, sem var 10,8 m.kr. í fjárlögum 1974, er fluttur á kennaraháskólann, en aðrir liðir hækka um samtals 0,6 m.kr.

**Fræðslumál.** Kostnaður vegna fræðslumála hækkar um 1 798,5 m.kr., og kemur hækkunin fram á eftirtöldum liðum: Barna- og gagnfræðastigsskólar (grunnskólar) 978,2 m.kr., þar af byggingar 141,6 m.kr. og aukning vegna nýju grunnskólalaganna 130,9 m.kr., háskólinn 174,9 m.kr., menntaskólar 122,2 m.kr., Lánasjóður ísl. náms-

manna 119,4 m.kr., héraðsskólar 72,9 m.kr., þar af byggingar 25,5 m.kr., Ríkisútgáfa námsbóka 53,4 m.kr., tækniskólinn 43,6 m.kr., jöfnun námskostnaðar 25,0 m.kr. og ýmsir aðrir liðir 202,6 m.kr. Hækkun markaðra tekjustofna í þessum málefnaflokki er fólgin í einkaleyfisgjaldi Happdrættis H. Í. 6,3 m.kr.

**Söfn, listir og önnur menningarstarfsemi.** Hér er um að ræða 164,7 m.kr. hækkun, þar af Þjóðleikhús 49,9 m.kr., listir, framlög 24,3 m.kr., Íþróttasjóður 20,6 m.kr., Þjóðminjasafn 11,5 m.kr., Náttúruverndarráð 11,3 m.kr. og aðrir liðir samtals 25,7 m.kr. Loks hækka markaðir tekjustofnar um 21,4 m.kr., þar af skemmtanaskattur til Félagsheimilasjóðs og sinfóníuhljómsveitar 13,0 m.kr., aðflutningsgjöld af sjónvarpstækjum til útvarpsins 6,0 m.kr., miðagjald til Menningarsjóðs 1,7 m.kr., og vindlingagjald til ÍSÍ hækkar um 0,7 m.kr.

**03 Utanríkisráðuneytið.** Framlög til málefnaflokka þessa ráðuneytis hækka þannig:

| | Breyting frá fjárlögum 1974 |
|---|---|
| Yfirstjórn | 34,1 |
| Löggæzla á Keflavíkurflugvelli | 28,8 |
| Sendiráð | 84,8 |
| Alþjóðastofnanir | 56,3 |
| Samtals | 204,0 |

**Yfirstjórn.** Hækkunin, 34,1 m.kr., á rætur að rekja til verðlagshækkana og afleiðinga kjarasamninganna, og auk þess eru áhrif gengislækkunarinnar tiltölulega mikilvæg á þessu ráðuneyti.

**Löggæzla á Keflavíkurflugvelli.** Launa- og verðlagshækkanir eru meginorsök kostnaðaraukningar á þessum lið, en að auki er um að ræða nokkra fjölgun lögregluþjóna og tollvarða.

**Sendiráð.** Kostnaður við sendiráðin eykst um 84,8 m.kr., þar af launakostnaður 55,5 m.kr. vegna grunnlaunahækkana, verðlagsuppbóta, gengislækkunar ísl. krónu o. fl., eins og skýrt er síðar í þessum athugasemdum. Annar rekstrarkostnaður hækkar um samtals 16,3 m.kr., einkum vegna gengislækkunarinnar og verðlagshækkana í viðkomandi löndum. Þá eru 13,0 m.kr. ætlaðar til viðbyggingar sendiráðsins í Bonn.

**Alþjóðastofnanir.** Framlög til þessa málefnaflokks hækka um 56,3 m.kr., þar af framlag til Alþjóðaframfarastofnunarinnar skv. samþykkt um hækkun á kvóta Íslands 42,7 m.kr., en aðrir liðir hækka um samtals 13,6 m.kr.

**04 Landbúnaðarráðuneytið.** Málefnaflokkar þessa ráðuneytis hækka þannig:

| | Breyting frá fjárlögum 1974 | Þar af markaðir tekjustofnar |
|---|---|---|
| Yfirstjórn | 12,9 | — |
| Búnaðarmál | 811,1 | 10,4 |
| Skólar | 25,6 | — |
| Samtals | 849,6 | 10,4 |

**Yfirstjórn.** Kostnaður við yfirstjórn ráðuneytisins hækkar um samtals 12,9 m.kr., þar af aðalskrifstofa 4,6 m.kr. vegna launa- og verðlagshækkana, jarðeignir ríkisins 5,3 m.kr. og Jarðeignasjóður ríkisins 3,0 m.kr.

**Búnaðarmál.** Framlög til búnaðarmála hækka um samtals 811,1 m.kr., og eru helztu hækkunarliðir þessir: Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir 316,0 m.kr., framlög til landgræðsluáætlunar 200,0 m.kr., Stofnlánadeild landbúnaðarins 81,0 m.kr., jarðræktarframlög 48,7 m.kr., Rannsóknastofnun landbúnaðarins fyrir utan landgræðsluframlag 34,9 m.kr., Búnaðarfélag Íslands 26,1 m.kr., Landnám ríkisins 17,4 m.kr., framræsla 14,0 m.kr. og ýmis önnur framlög 62,6 m.kr. Loks hækka markaðir tekjustofnar um 10,4 m.kr., og er þar um að ræða vindlingagjald til Landgræðslusjóðs.

**Skólar.** Sú heildarhækkun, sem verður á framlögum til skóla á vegum landbúnaðarráðuneytisins, 25,6 m.kr., á að mestu rætur að rekja til Bændaskólans á Hvanneyri, eða 19,3 m.kr., þar af byggingarframlag 8,2 m.kr. Kostnaður við aðra skóla eykst um 6,3 m.kr.

**05 Sjávarútvegsráðuneytið.** Málefnaflokkar þessa ráðuneytis breytast sem hér segir:

| | Breyting frá fjárlögum 1974 | Þar af markaðir tekjustofnar |
|---|---|---|
| Yfirstjórn | 7,5 | — |
| Útvegsmál | 324,1 | 9,7 |
| Önnur mál | 14,4 | — |
| Samtals | 346,0 | 9,7 |

**Útvegsmál.** Sú 324,1 m.kr. hækkun, sem verður á framlögum til útvegsmála, skiptist þannig, að 102,5 m.kr. eru vegna Hafrannsóknastofnunar, 102,0 m.kr. vegna Fiskveiðasjóðs Íslands, 48,2 m.kr. vegna Aflatryggingasjóðs, 20,0 m.kr. er vegna rekstrarhalla togara 1973, viðbótarframlag, kostnaður við Fiskmat ríkisins eykst um 18,1 m.kr. og við Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins um 13,5 m.kr. Þá hækka markaðir tekjustofnar um 9,7 m.kr., þ. e. ferskfiskmatsgjald 7,0 m.kr. og hluti útflutningsgjalds 2,7 m.kr., en nettóhækkun á ýmsum öðrum liðum nemur 10,1 m.kr.

**06 Dóms- og kirkjumálaráðuneytið.** Málefnaflokkar þessa ráðuneytis breytast þannig:

| | Breyting frá fjárlögum 1974 |
|---|---|
| Yfirstjórn | 10,5 |
| Dómgæzla, lögreglumál o. fl. | 624,1 |
| Þjóðkirkjan | 53,7 |
| Samtals | 688,3 |

**Dómgæzla, lögreglumál o. fl.** Helztu hækkunarliðir innan þessa málefnaflokks eru eftirfarandi: Landhelgisgæzla vegna nýrra kjarasamninga, olíuverðshækkunar, aukningar á skipakosti o. fl. 227,0 m.kr., embætti lögreglustjórans í Reykjavík m. a. vegna fjölgunar í lögregluliði 152,8 m.kr., embætti sýslumanna og bæjarfógeta 129,4 m.kr., sakadómaraembætti 30,0 m.kr., bifreiðaeftirlit 20,4 m.kr. og ýmsir aðrir liðir 64,5 m.kr.

07 **Félagsmálaráðuneytið.** Á málefnaflokkum þessa ráðuneytis verða eftirtaldar breytingar:

| | Breyting frá fjárlögum 1974 | Þar af markaðir tekjustofnar |
|---|---|---|
| Yfirstjórn | 4,5 | — |
| Húsnæðismál | 836,6 | 786,3 |
| Önnur félagsmál | 32,0 | 16,8 |
| Samtals | 873,1 | 803,1 |

**Húsnæðismál.** Meginhluti hækkunar til þessa málefnaflokks, sem er samtals 836,6 m.kr., stafar af mörkuðum tekjustofnum, er renna til Byggingasjóðs ríkisins, 786,3 m.kr. Er hér um að ræða hluta sjóðsins af launaskatti, sem var tvöfaldaður á þessu ári og mun gefa af sér 767,0 m.kr. tekjuauka og önnur byggingasjóðsgjöld, þ. e. af tekju- og eignarskatti og aðflutningsgjöldum 19,3 m.kr. Að öðru leyti stafar hækkunin af auknu framlagi til Byggingasjóðs verkamanna um 50,0 m.kr.

**Önnur félagsmál.** Framlög hækka um 32,0 m.kr., þar af 16,8 m.kr. af völdum markaðra tekjustofna. Almennu framlögin dreifast á ýmsa liði, en hækkun markaðra tekjustofna kemur þannig fram: Erfðafjárskattur 15,0 m.kr., skipulagsgjald 1,0 m.kr., eldspýtnagjald (til Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra) 0,1 m.kr., og hluti vindlingagjalds hækkar um 0,7 m.kr.

08 **Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið.** Málefnaflokkar á sviði þessa ráðuneytis breytast sem hér segir:

| | Breyting frá fjárlögum 1974 | Þar af markaðir tekjustofnar |
|---|---|---|
| Yfirstjórn | 6,1 | — |
| Tryggingamál | 3 791,6 | 426,7 |
| Heilbrigðismál | 294,7 | 5,8 |
| Önnur mál | 15,2 | — |
| Samtals | 4 107,6 | 432,5 |

**Tryggingamál.** Heildarhækkun til tryggingamála, 3 791,6 m.kr., skiptist þannig, að hrein ríkissjóðsframlög til lífeyristrygginga hækka um 1 410,4 m.kr., til sjúkratrygginga um 1 810,5 m.kr. og til atvinnuleysistrygginga um 144,0 m.kr. Þá hækka lífeyristryggingaiðgjöld atvinnurekenda um 188,2 m.kr., slysatryggingaiðgjöld um 166,5 m.kr. og atvinnuleysistryggingaiðgjöld um 72,0 m.kr.

**Heilbrigðismál.** Framlög til þessara mála hækka um 294,7 m.kr., sem skýrist þannig: Bygging sjúkrahúsa, læknisbústaða, heilsugæzlustöðva og elliheimila hækkar um 136,1 m.kr., rekstur Rannsóknastofu háskólans um 36,6 m.kr., bygging ríkissjúkrahúsa um 34,8 m.kr., liðurinn héraðslæknar og heilsugæzlustöðvar um 33,0 m.kr. og á öðrum liðum verður samtals 48,4 m.kr. hækkun. Markaðir tekjustofnar hækka um 5,8 m.kr., þ. e. hluti gjalds af seldum vindlingum til Krabbameinsfélags Íslands 3,8 m.kr., samúðarskeyti landssímans 1,9 m.kr. og sérlyfjagjald 0,1 m.kr.

**Önnur mál.** Hækkun nemur 15,2 m.kr. þ. e. Gæzluvistarsjóður 8,9 m.kr., Þroskaþjálfaskólinn 3,4 m.kr. og aðrar hækkanir nema samtals 2,9 m.kr.

09 **Fjármálaráðuneytið.** Málefnaflokkar á sviði fjármálaráðuneytisins breytast þannig:

| | Breyting frá fjárlögum 1974 |
|---|---|
| Yfirstjórn | 42,4 |
| Toll- og skattheimta | 100,9 |
| Lífeyrissjóður, styrktarfé og eftirlaun | 151,3 |
| Önnur mál | 14,9 |
| Samtals | 309,5 |

**Yfirstjórn.** Hækkunin, 42,4 m.kr., skiptist þannig, að aðalskrifstofa ráðuneytisins hækkar um 30,5 m.kr., ríkisbókhald um 8,3 m.kr. og ríkisfjárhirzla um 3,6 m.kr.

**Toll- og skattheimta.** Heildarhækkun á þessum lið er 100,9 m.kr. Embætti ríkisskattstjóra og skattstofur hækka um 77,6 m.kr. og embætti Tollstjórans í Reykjavík hækkar um 46,7 m.kr. Framlag til tollstöðva, 36,4 m.kr. í fjárlögum 1974, fellur niður. Hér var um að ræða 0,5 % af aðflutningsgjöldum, sem áður var veitt til tollstöðvarbygginga, en rennur nú í ríkissjóð. Aðrir liðir undir þessum málefnaflokki hækka um 13,0 m.kr.

**Lífeyrissjóður, styrktarfé og eftirlaun.** Þessi flokkur hækkar um 151,3 m.kr. Uppbætur á lífeyri hækka um 149,3 m.kr. og eftirlaun skv. launalögum um 2,0 m.kr.

**Önnur mál.** Þessi flokkur hækkar um 14,9 m.kr., sem skýrist þannig: Liðurinn óviss útgjöld (109 999) lækkar um 400,9 m.kr., en á þessum lið var áætlað fyrir útgjöldum vegna kjarasamninga við opinbera starfsmenn, liðurinn ýmis lán ríkissjóðs er nú fluttur undir fjárlaga- og hagsýslustofnun, en þessi liður nam 411,8 m.kr. í fjárlögum 1974. Á móti hækka útgjöld skv. sérstökum lögum og heimildarlögum um 145,0 m.kr., framlag til togaralána um 38,9 m.kr., framlag til ríkisábyrgðasjóðs um 25,0 m.kr., og aðrir liðir hækka um 56,7 m.kr. Loks eru tekin í frumvarpið framlög til sameiginlegrar skrifstofubyggingar við Grensásveg, 40,0 m.kr., til greiðslu á yfirteknum lánum vegna Laxárvirkjunar 22,0 m.kr. og sérstakt framlag til ráðstafana í kjara- og verðlagsmálum 500,0 m.kr., sbr. skýringar aftar í þessari greinargerð.

10 **Samgönguráðuneytið.** Breytingar á málefnaflokkum samgönguráðuneytisins eru þessar:

| | Breyting frá fjárlögum 1974 | Þar af markaðir tekjustofnar |
|---|---|---|
| Yfirstjórn | 4,5 | — |
| Vegamál | 1 195,3 | 929,0 |
| Önnur samgöngumál | 278,3 | 2,0 |
| Samtals | 1 478,1 | 931,0 |

**Vegamál.** Útgjöld til vegamála aukast um 1 195,3 m.kr., og eru heildarútgjöld í samræmi við þingsályktunartillögu um vegáætlun, sem lá fyrir síðasta þingi, en var ekki samþykkt. Markaðir tekjustofnar vegagerðar hækka um 962,5 m.kr., þar af innflutningsgjald af benzíni 830,5 m.kr., bifreiðaskattur 119,0 m.kr. og gúmmígjald 13,0 m.kr. Mismunur hækkunarinnar 233,8 m.kr., er framlög ríkissjóðs 115,8 m.kr., lántökur 118,0 m.kr., en lánagreiðslur vegagerðarinnar sjálfrar hækka um 1,0 m.kr. og dragast hér frá.

**Önnur samgöngumál.** Framlög til þessa málefnaflokks hækka um 278,3 m.kr., þar af til landshafna 136,2 m.kr. (107,0 m.kr. vegna framkvæmda og 29,2 m.kr. vegna lánagreiðslna), til Flugmálastjórnar 109,3 m.kr., til hafnarmannvirkja og lendingarbóta 89,0 m.kr., Skipaútgerðar ríkisins 32,5 m.kr., veðurstofunnar 19,4 m.kr., hafnabótasjóðs 10,7 m.kr., og ýmis önnur framlög í þessum málefnaflokki hækka

um 48,2 m.kr. Hins vegar lækka framkvæmdir við sérstakar hafnargerðir, þ. e. Grindavík og Höfn í Hornafirði, um 169,0 m.kr., en markaðir tekjustofnar hækka um 2,0 m.kr. Er þar um að ræða vitagjald 1,5 m.kr., sérleyfisgjald 0,8 m.kr. en skipaskoðunargjald lækkar um 0,3 m.kr.

11 **Iðnaðarráðuneytið.** Málefnaflokkar þessa ráðuneytis breytast sem hér segir:

| | Breyting frá fjárlögum 1974 | Þar af markaðir tekjustofnar |
|---|---|---|
| Yfirstjórn | 5,9 | — |
| Iðnaðarmál | 173,2 | 14,0 |
| Orkumál | 570,1 | 379,8 |
| Samtals | 749,2 | 393,8 |

**Iðnaðarmál.** Helztu hækkunarliðir í þessum málefnaflokki eru eftirtaldir: Framlag til þangverksmiðju á Reykhólum 100,0 m.kr., Gutenberg vegna vélakaupa og innréttinga á nýkeyptu húsnæði 27,0 m.kr., Iðnþróunarstofnun Íslands 8,8 m.kr., mótframlag vegna tækniaðstoðar S.Þ. (UNDP) 5,2 m.kr. og ýmsar aðrar smærri hækkanir samtals 18,2 m.kr. Þá hækka markaðir tekjustofnar um 14,0 m.kr., þ. e. byggingariðnaðarsjóðsgjald 8,0 m.kr. og iðnaðargjald 6,0 m.kr.

**Orkumál.** Framlög hækka um samtals 570,1 m.kr., þar af markaðir tekjustofnar um 379,8 m.kr., þ. e. verðjöfnunargjald 370,0 m.kr. og rafmagnseftirlitsgjald 9,8 m.kr. Hækkun að öðru leyti er því 190,3 m.kr., sem kemur þannig fram: Orkustofnun 106,0 m.kr., sem er þó í raun 32,0 m.kr. hækkun, þar sem 74,0 m.kr. voru ranglega færðar á lánahreyfingar í fjárlögum 1974. Inn er tekið 62,0 m.kr. eiginfjárframlag til Landsvirkjunar, framlag til orkusjóðs vegna lánagreiðslna hækkar um 25,5 m.kr., en aftur á móti verður lækkun á framlagi til sveitarafvæðingar um 1,0 m.kr. og vegna endurskoðunar áætlana um nýtingu innlendra orkugjafa til húshitunar o. fl. um 2,2 m.kr.

12 **Viðskiptaráðuneytið.** Málefnaflokkar, er heyra undir viðskiptaráðuneytið, breytast þannig:

| | Breyting frá fjárlögum 1974 |
|---|---|
| Yfirstjórn | 5,9 |
| Niðurgreiðslur | 2 170,0 |
| Annað | 7,6 |
| Samtals | 2 183,5 |

**Niðurgreiðslur.** Hér er miðað við það stig niðurgreiðslna, sem í gildi er við framlagningu þessa frumvarps að öðru leyti en því, að eftir 31. maí 1975 er gert ráð fyrir lækkun um 12½% af árskostnaði, eins og skýrt er nánar í athugasemdum við einstaka liði frumvarpsins hér á eftir. Er um að ræða 2 170,00 m.kr. hækkun, en við þá tölu er það að athuga, að í fjárlögum 1974 voru niðurgreiðslur metnar of lágt, sem nam nálægt 500,0 m.kr., eins og tekið var fram í athugasemdum með síðasta fjárlagafrumvarpi.

13 **Hagstofa Íslands.** Kostnaður eykst um 13,2 m.kr., þar af 9,9 m.kr. vegna aðalskrifstofu og 3,3 m.kr. vegna þjóðskrár. Þessi hækkun á rætur að rekja til eðlilegra launa- og verðlagshækkana.

14 **Ríkisendurskoðun.** Framlag hækkar um 11,8 m.kr. að mestu vegna eðlilegra launa- og verðlagshækkana.

15 **Fjárlaga- og hagsýslustofnun.** Á fjárlagaliðum, sem undir þessa stofnun heyra, kemur fram 721,0 m.kr. hækkun, að mestu vegna þess, að vextir af lánum ríkissjóðs eru nú færðir þar, en voru áður á sérstökum lið undir fjármálaráðuneytinu. Þessir vextir nema í heild 712,4 m.kr., en það er 300,6 m.kr. hækkun frá fjárlögum 1974. Að öðru leyti eykst kostnaður við aðalskrifstofu um 6,6 m.kr., vegna eðlilegra launa- og verðlagshækkana, og framlag til endurnýjunar ríkisbifreiða hækkar um 2,0 m.kr.

## Tekjuhlið.

Tekjuáætlun ríkissjóðs fyrir árið 1975 er gerð í Þjóðhagsstofnun og er reist annars vegar á endurskoðaðri áætlun um tekjur ríkissjóðs á árinu 1974 og hins vegar á ákveðnum þjóðhagsforsendum fyrir árið 1975, sem raktar eru hér að framan.

Heildartekjur á rekstrarreikningi eru áætlaðar 45 265,2 m.kr., en voru 29 179,8 m.kr. í fjárlögum ársins 1974. Hækkun tekna er þannig 16 085,4 m.kr. eða 55,1%. Tekjuáætlun ársins 1975 er hins vegar að verulegu leyti byggð á endurskoðaðri áætlun um innheimtar tekjur ríkissjóðs á árinu 1974, en samkvæmt þeirri áætlun verða tekjur ríkissjóðs í ár tæplega 35 800,0 m.kr. og hækkun á næsta ári þannig áætluð 26½%.

| | Fjárlög 1974 | Endurskoðuð áætlun 1974 | Fjárlaga-frumvarp 1975 |
|---|---|---|---|
| Almennar tekjur | 25 846,1 | 31 697,0 | 39 075,3 |
| Markaðar tekjur | 3 333,7 | 4 096,0 | 6 189,9 |
| Heildartekjur | 29 179,8 | 35 793,0 | 45 265,2 |

**Persónuskattar.** Persónuskattar nema í heild 1 293,5 m.kr. og er hækkun frá fjárlögum 1974 426,7 m.kr. Lífeyristryggingagjald atvinnurekenda hækkar um 188,2 m.kr., fyrst og fremst vegna hækkunar bóta lífeyristrygginga frá samþykkt síðustu fjárlaga. Slysatryggingaiðgjöld hækka um 166,5 m.kr. og iðgjald til Atvinnuleysistryggingasjóðs hækkar um 72,0 m.kr.

**Eignarskattar.** Tekjur af eignarsköttum eru áætlaðar 469,2 m.kr. eða nær 75 m.kr. hærri en í fjárlögum 1974. Álagður eignarskattur einstaklinga í ár nam 198,0 m.kr., sem er nær sama upphæð og gert var ráð fyrir í fjárlagaáætlun. Á árinu 1975 má búast við nokkurri hækkun álagningar með tilliti til aukningar álagningarstofns og verðbreytinga. Innheimtur eignarskattur einstaklinga er hér áætlaður 203,0 m.kr. á árinu 1975, sem er 14,0 m.kr. hækkun frá fjárlagaáætlun 1974. Álagður eignarskattur félaga 1974 reyndist 208,0 m.kr. eða 41,0 m.kr. umfram forsendur fjárlaga. Á árinu 1975 er hér gert ráð fyrir heldur meiri álagningu en í ár, og er innheimtur eignarskattur félaga áætlaður 212,0 m.kr., sem er 45,0 m.kr. hærra en í fjárlagaáætlun 1974 og um 21 m.kr. hærra en í endurskoðaðri áætlun fyrir árið 1974.

Byggingarsjóðsgjald af eignarskatti er áætlað 590 þús. kr. hærra en í fjárlögum ársins 1974.

Tekjur af erfðafjárskatti munu fara töluvert fram úr áætlun fjárlaga á árinu 1974, og er tekið tillit til þess í áætlun fyrir árið 1975.

**Tekjuskattur.** Álagður tekjuskattur einstaklinga skv. skattskrá 1974 nam 5 007,0 m.kr. (án byggingarsjóðsgjalds) og útgreiddur skattafsláttur til annarra en námsmanna nemur um 430 m.kr. Innheimta tekjuskatts einstaklinga í ár er nú áætluð 4 750,0 m.kr. eða 4 320,0 m.kr. sé útgreiddur skattafsláttur dreginn frá. Í fjárlögum ársins var innheimtur tekjuskattur einstaklinga áætlaður 5 806,0 m.kr. (álagn-

ing 6 290,0 m.kr.) og var þá reiknað með 25—26% hækkun meðaltekna einstaklinga milli áranna 1972 og 1973 og 20% hækkun skattvísitölu 1974. Á síðastliðnum vetri voru gerðar veigamiklar breytingar á lögum um tekjuskatt, sem fólu í sér hækkun persónufrádráttar, lengingu skattþrepa, lækkun hámarksjaðarskatthlutfalls og sérstakan skattafslátt. Við þetta lækkaði tekjuskattur einstaklinga, en hins vegar reyndist tekjuaukning einstaklinga milli áranna 1972 og 1973 mun meiri en reiknað var með eða um 33%. Álagður tekjuskattur einstaklinga 1975 er hér áætlaður 7 130,0 m.kr. og er þá miðað við 45% hækkun meðaltekna til skatts, 2% fjölgun framteljenda og skattvísitölu 145 (1974 = 100) og enn fremur, að tekjuskatturinn verði lækkaður sérstaklega um 500,0 m.kr. sem liður í endurskoðun skatta- og tryggingakerfisins. Endanlegt form þessarar breytingar verður ákveðið að afstaðinni sérstakri athugun. Útgreiddur skattafsláttur er áætlaður um 600,0 m.kr. og innheimtur tekjuskattur 5 781,0 m.kr.

Álagður tekjuskattur félaga 1974 reyndist 1 093,0 m.kr. eða nær 100 m.kr. hærri en reiknað var með í fjárlagaáætlun. Innheimtur tekjuskattur félaga í ár er áætlaður 918,0 m.kr. Á grundvelli afar lauslegra áætlana um afkomu nokkurra atvinnugreina á árinu 1974 er spáð 800,0 m.kr. álagningu á næsta ári, aðallega með tilliti til versnandi afkomu sjávarútvegs og óvissu um afkomu annarra atvinnugreina. Samkvæmt þessu er spáð 850,0 m.kr. innheimtu tekjuskatts félaga á árinu 1975, en áætlun um innheimtu tekju- og eignarskatts á árinu 1975 felur bæði í sér innheimtu af álagningu ársins og af áætluðum eftirstöðvum í ársbyrjun.

Byggingarsjóðsgjald af tekjuskatti einstaklinga og félaga er áætlað 72,3 m.kr. á árinu 1975 eða 5,0 m.kr. hærra en í fjárlögum 1974.

**Gjöld af innflutningi.** Þessi flokkur tekna hækkar um 3 605,6 m.kr. frá síðustu fjárlögum, og munar þar mest um hækkun almennra tolltekna, 2 585,9 m.kr. eða 37½%. Þessi hækkun stafar að lang mestu leyti af því, að tolltekjur í ríkissjóð í ár verða langt umfram fjárlagaáætlun eða nálægt 2 000 m.kr. vegna mikils innflutnings, en að öðru leyti er hækkunin í samræmi við spána um rúmlega 20% verðmætisaukningu vöruinnflutnings á næsta ári. Um næstu áramót kemur til framkvæmda þriðji áfangi tollalækkunar samkvæmt aðildarsamningi við EFTA og viðskiptasamningi við EBE, og hefur tolltekjutap vegna þessara samninga og aðlögunar ytri tolla verið lauslega áætlað um 400 m.kr. Að öðru leyti er hér ekki reiknað með frekari breytingum á tollskrá. Tolltekjur af innflutningi olíu og bifreiða eru áætlaðar sérstaklega, en gera verður ráð fyrir mun minni bifreiðainnflutningi á næsta ári, enda er bifreiðainnflutningur í ár langt umfram eðlilegan innflutning vegna endurnýjunar og fólksfjölgunar. Af öðrum innflutningi er reiknað með sama tollhlutfalli — án tollalækkana — og í ár.

Leyfisgjald af bifreiðum var 410,0 m.kr. í fjárlögum ársins 1974, en tekjur af þessu gjaldi verða mun hærri í ár og sennilega yfir 700 m.kr., bæði vegna mun meiri bílainnflutnings og hækkunar gjaldsins í maí s. l. Á næsta ári er spáð talsvert minni bílainnflutningi en í ár, og á grundvelli þessa er spáð 635,0 m.kr. tekjum af leyfisgjaldi á næsta ári miðað við óbreytta gjaldskrá. Innflutningsgjald af benzíni og gúmmígjald hækka samtals um 810,0 m.kr. frá síðustu fjárlögum. Þar af hækkar gúmmígjald um 13,0 m.kr. og benzíngjald hækkar um 797,0 m.kr., fyrst og fremst vegna hækkunar gjaldsins úr kr. 9,27 pr. lítra í kr. 16,00 í september s. l. Önnur gjöld af innflutningi lækka um 15,3 m.kr.

**Skattar af framleiðslu** hækka í heild um 281,4 m.kr. frá fjárlagaáætlun 1974, en um 90,0 m.kr. frá endurskoðaðri áætlun 1974. Vörugjald er áætlað nær óbreytt, en álgjald (hluti Byggðasjóðs) hækkar úr 52,6 m.kr. í fjárlagaáætlun 1974 (nú áætlað 247,0 m.kr.) í 337,0 m.kr. eða um 284,4 m.kr. Ástæða þessarar miklu tekjuaukningar af álgjaldi er hækkun álverðs á heimsmarkaði að undanförnu, en samkvæmt samningi hækkar framleiðslugjald með hækkandi álverði umfram ákveðið lágmarksverð. Ofangreind áætlun er miðuð við núverandi markaðsskráningu óbreytta

og afar lauslega hugmynd um afkomu ÍSAL á árinu 1974, en afkoma fyrirtækisins í ár hefur áhrif á skattgreiðslu á næsta ári. Hér er því um ýmis óvissuatriði að ræða.

**Skattar af seldum vörum og þjónustu.** Heildarhækkun tekna í þessum flokki er 10 746,7 m.kr. frá fjárlagaáætlun 1974, en 5 729,9 m.kr. frá endurskoðaðri áætlun. Meginhluti þessarar hækkunar, 9 141,8 m.kr., er hluti ríkissjóðs af söluskatti. Í lok maí s. l. var lagður á 4% söluskattsauki, sem rennur allur í ríkissjóð, og 1. október hækkaði almennur söluskattur úr 11 í 13%, en hlutur ríkissjóðs er óbreyttur eða 92%. Veltuaukning hefur orðið mun meiri á árinu 1974 en gert var ráð fyrir í forsendum fjárlagaáætlunar, og verða tekjur ríkissjóðs af söluskatti því einnig meiri af þeim sökum. Nú er áætlað, að tekjur af söluskatti verði a. m. k. 10 900 m.kr. á árinu 1974. Samkvæmt forsendum um aukningu almennrar eftirspurnar í peningum á næsta ári er spáð 17—18% hækkun álagningarstofns söluskatts, sem þýðir um 3 000 m.kr. tekjuaukningu frá nýrri áætlun 1974 miðað við óbreyttan 11% almennan söluskatt og 4% söluskattsauka. Hækkun almenns söluskatts um 2% skilar ríkissjóði að auki 1 900—2 000 m.kr. í tekjur á árinu 1975 og í heild er nú spáð 15 344,0 m.kr. tekjum ríkissjóðs af söluskatti á árinu 1975.

Launaskattur hækkar úr 1 200,0 m.kr. í fjárlagaáætlun 1974 (endurskoðuð áætlun 1 593,0 m.kr.) í 2 214,0 m.kr. (áætlun 1975) eða um 1 014,0 m.kr., þar af hækkar hlutur Byggingarsjóðs ríkisins um 767 m.kr. og verður 1 247,0 m.kr. Þessi hækkun stafar aðallega af hækkun launaskatts úr 2½% í 3½% frá og með 1. apríl s. l., en hækkunin rennur öll til Byggingarsjóðs. Að auki hafa laun hækkað mun meira á árinu 1974 en reiknað var með í fjárlagaáætlun, en í áætlun fyrir árið 1975 er í aðalatriðum miðað við óbreytt kauplag í september s. l. að teknu tilliti til samningsbundinna grunnkaupshækkana.

Rekstrarhagnaður Á.T.V.R. er áætlaður 3 500,0 m.kr., sem er 542,0 m.kr. hækkun frá fjárlögum 1974, fyrst og fremst vegna hækkunar áfengis- og tóbaksverðs á árinu 1974, en á því ári er rekstrarhagnaður Á.T.V.R. nú áætlaður um 3 350 m.kr. Fjárhagsáætlun 1975 er miðuð við núverandi útsöluverð óbreytt.

Aðrir skattar af seldum vörum og þjónustu eru áætlaðir 172,0 m.kr. og hækka um 48,9 m.kr. frá fjárlagaáætlun 1974, en um 15,0 m.kr. frá endurskoðaðri áætlun 1974.

**Aðrir óbeinir skattar.** Tekjur í þessum flokki eru áætlaðar 2 017,6 m.kr. og hækka um 865,7 m.kr. frá fjárlögum 1974 (661,4 m.kr. frá nýrri áætlun 1974). Verðjöfnunargjald af rafmagni er nú áætlað 440,0 m.kr. í samræmi við lög nr. 83/1974 um 13% verðjöfnunargjald af smásöluverði raforku, en gjaldið var áður föst fjárhæð, 70,0 m.kr. Bifreiðaskattur hækkar um 119,0 m.kr., fyrst og fremst vegna hækkunar á þungaskatti af disilbifreiðum til samræmis við hækkun benzíngjalds, en jafnframt var þungaskattur af benzínbifreiðum felldur niður. Af öðrum tekjum, sem hækka verulega frá fjárlögum 1974, má nefna tekjur af sölu erlends gjaldeyris, stimpilgjald, og þinglýsingargjald, sem samtals hækka um 348,0 m.kr., en þessi hækkun hefur að miklu leyti orðið þegar á árinu 1974. Aðrir liðir í þessum flokki hækka um 28,7 m.kr.

**Arðgreiðslur frá fyrirtækjum og sjóðum í B-hluta.** Tekjur á þessum lið hækka um 22,5 m.kr. frá síðustu fjárlögum vegna meiri tekna af fríhöfninni á Keflavíkurflugvelli, en aðrir liðir eru nær óbreyttir.

**Ýmsar tekjur** eru 154,2 m.kr. hærri en í fjárlögum 1974, fyrst og fremst vegna aukinna vaxtatekna þegar á árinu 1974.

Hér fer á eftir yfirlit yfir áætlaðar tekjur ríkissjóðs á árinu 1975 og samanburður við tekjuáætlun fjárlaga 1974 og endurskoðaða áætlun um tekjur þess árs. Samkvæmt yfirlitinu verður hlutdeild beinna skatta í tekjum ríkisins 18,4% 1974 í stað 27,6% í fjárlögum ársins og hlutdeild óbeinna skatta hækkar úr 71,5% í 80,5%, en aðrar tekjur eru um 1%. Á árinu 1975 verður hlutdeild beinna skatta 18,7% og hlutdeild óbeinna skatta 80,4%, en aðrar tekjur eru áfram um 1%.

**Innheimtar tekjur ríkissjóðs, m.kr.**

| | Fjárlög 1974 | Endurskoðuð áætlun 1974 | Fjárlaga-frumvarp 1975 |
|---|---|---|---|
| 1. Persónuskattar | 867 | 867 | 1 294 |
| 2. Eignarskattar | 394 | 423 | 469 |
| 3. Tekjuskattur | 6 795 | 5 294 | 6 703 |
| a. Einstaklingar | 5 864 | 4 367 | 5 845 |
| b. Félög | 931 | 927 | 858 |
| 4. Gjöld af innflutningi | 8 515 | 11 044 | 12 120 |
| a. Almenn aðflutningsgjöld | 6 914 | 8 902 | 9 500 |
| b. Benzín- og gúmmígjald | 1 040 | 1 218 | 1 850 |
| c. Annað | 561 | 924 | 770 |
| 5. Skattar af framleiðslu | 226 | 417 | 507 |
| 6. Skattar af seldum vörum og þjónustu | 10 984 | 16 000 | 21 730 |
| a. Söluskattur | 6 702 | 10 900 | 15 844 |
| b. Launaskattur | 1 200 | 1 593 | 2 214 |
| c. Á.T.V.R. | 2 958 | 3 350 | 3 500 |
| d. Annað | 124 | 157 | 172 |
| 7. Aðrir óbeinir skattar | 1 152 | 1 356 | 2 018 |
| 8. Arðgreiðslur úr B-hluta | 104 | 105 | 127 |
| 9. Ýmsar tekjur | 143 | 287 | 297 |
| Samtals | 29 180 | 35 793 | 45 265 |
| Beinir skattar | 8 056 | 6 584 | 8 466 |
| Óbeinir skattar | 20 877 | 28 817 | 36 375 |
| Aðrar tekjur | 247 | 392 | 424 |

## Lánahreyfingar.

Niðurstöðutala á úthlið lánahreyfinga er 2 792,4 m.kr. og á innhlið 2 351,3 m.kr., þannig að fram kemur 441,1 m.kr. halli, sem jafnaður er með hluta af rekstrarafgangi, sbr. 1. gr. frumvarpsins. Fyrirhugaðar lántökur innan lands eru byggðar á heimildum í 6. gr. frumvarpsins og lögum nr. 48/1974, að því er varðar lánsfjáröflun til Djúpvegar, en skattaleg meðferð útgefinna verðbréfa er byggð á 3. gr. laga nr. 7/1974, um skattalega meðferð verðbréfa o. fl., sem ríkissjóður selur innan lands. Ein erlend lántaka er fyrirhuguð á árinu. Er hún vegna framkvæmda við landshöfnina í Þorlákshöfn að fjárhæð 210.0 m.kr. og byggist á 3. gr. laga nr. 91/1973. Verður hér á eftir gerð grein fyrir einstökum liðum lánahreyfinganna.

## Lánahreyfingar út.

Sem fyrr greinir, er niðurstöðutala á úthlið lánahreyfinga 2 792.4 m.kr., sem skiptist þannig, að 1 383,0 m.kr. verður varið til framkvæmda B-hluta fyrirtækja, afborganir almennra lána ríkissjóðs nema 659,4 m.kr., endurgreiðsla spariskírteinalána, sem útgefin voru 1964, 500,0 m.kr. og endurgreiðslan á hluta yfirdráttarskuldar í Seðlabankanum 250.0 m.kr. Spariskírteini koma nú til endurgreiðslu í fyrsta sinn, og er endurgreiðslufjárhæðin í heild áætluð 715,0 m.kr., sem er þannig samsett, að 53,1 m.kr. er óinnleyst nafnverð skírteinanna, nafnvextir eru 53,1 m.kr. og verðbætur í samræmi við vísitöluhækkun 608,8 m.kr. Áætlað er, að 215,0 m.kr. verði unnt að endurgreiða með nýjum skírteinum, en 500,0 m.kr. komi úr ríkissjóði. Yfirdráttarskuld við Seðlabankann má áætla nálægt 1 000,0 m.kr. um næstu áramót, og er á

þessu stigi gert ráð fyrir 250,0 m.kr. afborgun á árinu 1975. Ástæða er til að hafa þessa endurgreiðslu mun hærri, og verður þess freistað við meðferð frumvarpsins á þingi að hækka fjárhæðina vegna nauðsynjar á því að tryggja fjárhagsstöðu ríkissjóðs á árinu 1975 og stuðla þar með að því að skapa jafnvægi í efnahagsmálum almennt. Framkvæmdaliðir, sem ráðgert er að fjármagna með lántökum, sundurliðast þannig, og eru þá meðtaldir liðir, sem færðir eru á A-hluta frumvarpsins:

**A-hluti:**

| Vegaframkvæmdir: | Millj. kr. | |
|---|---|---|
| Skeiðarársandsvegur | 116,0 | |
| Djúpvegur | 64,0 | |
| Norðurlandsáætlun | 262,1 | |
| Austurlandsáætlun | 141,4 | |
| Aðrar vegaframkvæmdir | 34,5 | 618,0 |
| Landshöfn í Þorlákshöfn | | 210,0 |
| Framkvæmdir vegna þangverksmiðju á Reykhólum | | 100,0 |
| | | 928,0 |

**B-hluti:**

| Orkuframkvæmdir: | Millj. kr. | |
|---|---|---|
| Rafvæðing í sveitum | 60,0 | |
| Framkvæmdir Rafmagnsveitna ríkisins | 660,0 | |
| Jarðboranir ríkisins | 313,0 | |
| Stofnlína S-V-N-land | 250,0 | |
| Kröfluvirkjun | 100,0 | 1 383,0 |
| Samtals A-hluti og B-hluti | | 2 311,0 |

**Skeiðarársandsvegur.** Eins og fram kemur í athugasemdum með fjárlagafrumvarpi ársins 1974 var þá áætlað, að heildarkostnaður við hringveginn yrði 736,0 m.kr., en samkvæmt endurskoðaðri áætlun, þar sem tekið er tillit til verðhækkana, hækkar sú tala um 116,0 m.kr., og verður heildarkostnaður samkvæmt því 852,0 m.kr.

**Djúpvegur.** Hér er gert ráð fyrir 64,0 m.kr. lánsfjáröflun, og er það í samræmi við þingsályktunartillögu um vegáætlun, sem lá fyrir síðasta þingi, en ekki var afgreidd. Er um að ræða fjáröflun áranna 1974 og 1975 samkvæmt þeirri áætlun. Framkvæmdir við veginn hafa staðið yfir, en nauðsynlegt er að endurgreiða útlagðan kostnað með þessari fjáröflun.

**Norður- og Austurlandsáætlanir og aðrar vegaframkvæmdir.** Heildarútgjöld vegagerðar eru í þessu frumvarpi í samræmi við framangreinda þingsályktunartillögu um vegáætlun. Þrátt fyrir auknar tekjur vegasjóðs af föstum tekjustofnum og auknu ríkissjóðsframlagi, verður enn nauðsynlegt að afla verulegs lánsfjár til vegaframkvæmda, og er þar um að ræða framangreindar landshlutaáætlanir, sem fjármagnaðar verða með sérstakri innlendri lántöku að fjárhæð 403,5 m.kr. og aðrar vegaframkvæmdir að fjárhæð 34,5 m.kr., samtals 438,0 m.kr.

**Landshöfn í Þorlákshöfn.** Framkvæmdir á árinu 1975 eru áætlaðar samtals 350,0 m.kr. Þar af mun Alþjóðabankinn í Washington lána 210,0 m.kr., eða 60% framkvæmdakostnaðar, og bein fjárveiting verður 140,0 m.kr.

**Rafvæðing í sveitum.** Lánsfjáröflun til rafvæðingar í sveitum er áætluð 60,0 m.kr., en auk þess verður bein fjárveiting úr ríkissjóði 50,0 m.kr., þannig að til

ráðstöfunar verða 110,0 m.kr. Skipting þess fjármagns er þannig, að 50,0 m.kr. verður varið til að ljúka rafvæðingaráætlun, 1,5 m.kr. til endurgreiðslu lána úr héraði, 10,0 m.kr. til viðbótar á eldri veitum, 25,0 m.kr. til að styrkja dreifiveitur og 23,5 m.kr. til nýrra veitulagna.

**Framkvæmdir Rafmagnsveitna ríkisins.** Heildarframkvæmdir eru áætlaðar 680,0 m.kr., en tekjur af heimtaugargjöldum 20,0 m.kr., þannig að fjáröflunarþörf verður 660,0 m.kr. Á eftirfarandi yfirliti eru einstakir framkvæmdaliðir sýndir í millj. kr.:

| | | |
|---|---|---|
| Virkjanir: | | |
| Lagarfossvirkjun, lokur | 117,5 | |
| Mjólká II, lúkning | 93,7 | |
| Smyrlabjargaárvirkjun, lúkning miðlunar | 10,0 | 221,2 |
| Stofnlínur: | | |
| Skógarstrandarlína | 33,5 | |
| Mjólkárvirkjun—Breiðidalur | 25,0 | |
| Þórshöfn—Bakkafjörður | 9,3 | |
| Vopnafjörður—Lagarfoss | 90,7 | |
| Eskifjarðarlína, spennuhækkun | 24,3 | |
| Spennuhækkun á Suðurlandi | 28,2 | |
| Víkurlína, spennustillar | 1,2 | |
| Suðureyrarlína, kapall | 1,9 | 214,1 |
| Aðveitustöðvar | | 70,0 |
| Innanbæjarkerfi | | 70,0 |
| Dísilstöðvar | | 50,0 |
| Vélar og tæki | | 25.0 |
| Ýmislegt og ófyrirséð | | 29,7 |
| | | 680,0 |
| Heimtaugargjöld | | 20,0 |
| Fjárþörf | | 660,0 |

**Jarðboranir ríkisins.** Þeim 313,0 m.kr., sem ætlað er að afla til jarðborananna, verður varið til borkaupa. Annars vegar er um að ræða 43,0 m.kr. til greiðslu á svonefndum Failing bor, með 1 000 m borgetu, sem samið hefur verið um kaup á og væntanlegur er til landsins vorið 1975, og hins vegar til kaupa á nýjum gufubor, sem verið er að semja um. Er sá bor með allt að 3 600 m borgetu og áætlað verð 270,0 m.kr. Við meðferð frumvarpsins ættu að vera komnar nákvæmar upplýsingar um verð, greiðsluskilmála og afhendingartíma, þannig að nákvæmari tala um fjáröflunarþörf á árinu 1975 verður þá fyrir hendi.

**Stofnlína S-V-N-land.** Haldið verður áfram undirbúningi og lagningu línunnar, og er ætlað að verja 250,0 m.kr. til verksins árið 1975. Samkvæmt síðustu áætlun, sem fyrir hendi er, mun heildarkostnaður við framkvæmdina vera um 1 100.0 m.kr., en sú áætlun á eftir að hækka, m.a. vegna áhrifa gengislækkunarinnar í september, sem ekki er tekið tillit til í framangreindri tölu.

**Kröfluvirkjun.** Í framhaldi af þeim rannsóknaborunum, sem farið hafa fram á Kröflusvæðinu með tilliti til væntanlegrar gufuaflsvirkjunar þar, er ráðgert að bora fimm holur 1 500 m að dýpt á árinu 1975, og er kostnaðaráætlun við þær framkvæmdir 100,0 m.kr.

Á eftirfarandi yfirliti er gerður samanburður á afborgunum almennra lána ríkissjóðs í fjárlögum 1974 og frumvarpi 1975 í þús. kr.:

| Fjárl.nr. | Stofnun | Fjárlög 1974 | Frumvarp 1975 | Mismunur |
|---|---|---|---|---|
| 02 422 | Ríkisútgáfa námsbóka | 3 065 | 1 445 | ÷1 620 |
| 04 231 | Skógrækt ríkisins | 306 | 311 | 5 |
| 04 241 | Landnám ríkisins | 978 | 1 677 | 699 |
| 10 656 | Landmælingar | 2 962 | 1 635 | ÷1 327 |
| 11 201 | Iðnþróunarstofnun Íslands | 788 | 788 | |
| 15 191 | Ýmis lán ríkissjóðs: | | | |
| | Menntaskólinn í Reykjavík | 577 | 269 | ÷308 |
| | Menntaskólinn á Akureyri | 507 | 507 | |
| | Menntaskólinn á Laugarvatni | 750 | 750 | |
| | Menntaskólinn við Hamrahlíð | 3 429 | 3 279 | ÷150 |
| | Tækniskólinn | 287 | 287 | |
| | Kennaraháskóli Íslands | 814 | 640 | ÷174 |
| | Hjúkrunarskóli Íslands | 308 | 308 | |
| | Búnaðarbanki Íslands vegna skóla o. fl | | 525 | 525 |
| | Verzlunarbanki Íslands vegna skóla o. fl. | | 998 | 998 |
| | Héraðsskólinn Reykholti | 34 | 45 | 11 |
| | Bændaskólinn Hvanneyri | 7 | 12 | 5 |
| | Landspítalinn | 6 107 | 5 732 | ÷375 |
| | Lögreglustöðin í Reykjavík | 3 723 | 4 680 | 957 |
| | Skattstofa Suðurlands | 5 | 6 | 1 |
| | Seðlabankinn vegna Skjaldbreiðareignar | 800 | 800 | |
| | Seðlabankinn vegna Vonarstrætis 12 | 350 | 350 | |
| | Seðlabankinn vegna skólabygginga í Reykjavík | 5 000 | | ÷5 000 |
| | Seðlabankinn vegna áburðarsölu | 5 200 | 5 400 | 200 |
| | Seðlabankinn vegna yfirdráttarskuldar | 250 000 | 250 000 | |
| | Seðlabankinn vegna framlags til Atvinnumálanefndar ríkisins | 14 300 | 14 300 | |
| | Seðlabankinn vegna hækkunar framlags til Alþjóðabankans | 5 991 | 9 316 | 3 325 |
| | Seðlabankinn vegna byggingasjóðs Listasafns Íslands | 315 | 315 | |
| | Seðlabankinn vegna þyrlukaupa fyrir Landhelgisgæzlu | 9 121 | 11 899 | 2 778 |
| | Seðlabankinn vegna flugvélarkaupa fyrir Landhelgisgæzlu | 6 004 | 7 833 | 1 829 |
| | Seðlabankinn vegna Norðurstjörnunnar hf., hlutabréfakaup | | 500 | 500 |
| | Tryggingastofnun vegna húsnæðis fyrir geðsjúklinga | 150 | | ÷150 |
| | Brunabótafélag vegna Seyðisfjarðarhúsa | 14 | | ÷14 |
| | Byggingasjóður Listasafns Íslands vegna Kjarvalshúss | 75 | 75 | |
| | Prestakallasjóður | 67 | | ÷67 |
| | Spariskírteinalán vegna perlusteinsrannsókna | 250 | 250 | |
| | Spariskírteinalán vegna stofnframlags til Landsvirkjunar | 9 556 | 9 556 | |
| | Spariskírteinalán vegna framkv.áætlunar 1971 | 1 210 | 1 210 | |
| | Spariskírteinalán vegna láns í Frakklandi, vegna togaralána | | 11 200 | 11 200 |
| | Spariskírteinalán vegna Rannsóknaráðs ríkisins, vegna sjó- og jarðefnarannsókna | 1 214 | 1 514 | 300 |

| Fjárl.nr. | Stofnun | Fjárlög 1974 | Frumvarp 1975 | Mismunur |
|---|---|---|---|---|
| | PL—480 vegna hlutabréfakaupa í Kísiliðju .. | 2 655 | 2 359 | -296 |
| | Endurlán vegna Norðurstjörnunnar hf. ..... | | 240 | 240 |
| | Landsbankinn vegna hlutabréfakaupa í Kísiliðju ..... | 200 | 200 | |
| | Landsbankinn, Selfossi vegna prestsseturs í Vík | 86 | 86 | |
| | Landsbankinn vegna skrifstofuhúsnæðis embættis sýslumannsins á Hvolsvelli ..... | 450 | 450 | |
| | Landsbankinn vegna bæjarfógetaembættisins á Akranesi ..... | | 40 | 40 |
| | Landsbankinn vegna Listasafns Íslands ..... | | 70 | 70 |
| | Útvegsbankinn vegna bæjarfógetaembættisins á Akranesi ..... | | 40 | 40 |
| | Iðnaðarbankinn vegna Listasafns Íslands ..... | | 80 | 80 |
| | Sparisjóður Reykjavíkur vegna biskupsbústaðar | 35 | 53 | 18 |
| | Sparisjóður Reykjavíkur vegna Vonarstrætis 8 | 30 | 20 | -10 |
| | Sparisjóður Keflavíkur vegna bæjarfógetaembættis í Keflavík ..... | | 293 | 293 |
| | Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins vegna prestsseturs í Vík ..... | 4 | 5 | 1 |
| | Lífeyrissjóður verzlunarmanna vegna Vonarstrætis 8 ..... | 16 | 16 | |
| | Framkvæmdasjóður vegna hlutabréfakaupa í Kísiliðju (erl.) ..... | 5 080 | 6 337 | 1 257 |
| | Framkvæmdasjóður vegna hlutabréfakaupa í Kísiliðju (innl.) ..... | | 2 000 | 2 000 |
| | Veðdeild Landsbankans vegna prestsseturs á Húsavík ..... | 2 | 3 | 1 |
| | Veðdeild Landsbankans vegna prestssetura á Blönduósi ..... | 4 | 4 | |
| | Veðdeild Landsbankans vegna prestsseturs í Hveragerði ..... | 8 | 8 | |
| | Ferðamálasjóður ..... | 61 | 63 | 2 |
| | Fiskveiðasj. vegna Hafrannsóknast. (Dröfn) .. | | 587 | 587 |
| | Lán vegna prestsseturs í Búðardal (Dalgerði) . | 5 | 5 | |
| | Lán vegna prestsseturs í Þykkvabæ (Hábæ) .. | 28 | 24 | -4 |
| | Lán vegna prestsseturs í Neskaupstað ..... | | 566 | 566 |
| | Lán vegna kaupa á Laugarásvegi 71 fyrir Kleppsspítala ..... | 532 | 527 | -5 |
| | Lán vegna kaupa á Tunguhálsi 2 fyrir þvottahús ríkisspítala ..... | 152 | 140 | -12 |
| | Handhafalán vegna eignakönnunar ..... | 100 | | -100 |
| | Handhafalán vegna Skjaldbreiðareignar ..... | 750 | 750 | |
| | Handhafalán vegna Kirkjustrætislóða ..... | 2 050 | 2 050 | |
| | Happdrættislán ríkissjóðs 1948 ..... | | 32 | 32 |
| | Handhafalán vegna Vonarstrætis 12 ..... | 351 | 352 | 1 |
| | Lán vegna hlutabréfakaupa í Áburðarverksm. | 5 702 | 4 069 | -1 633 |
| | Handhafalán vegna Tjarnargötu 3 ..... | 318 | 318 | |
| | Handhafalán vegna Vonarstrætis 8 ..... | 850 | 850 | |
| | Handhafalán vegna biskupsbústaðar ..... | 359 | | -359 |
| | Handhafalán vegna prestsseturs á Húsavík .... | 100 | 100 | |
| | Handhafalán vegna prestsseturs í Hveragerði .. | 32 | 58 | 26 |
| | Lán vegna Listasafns Íslands ..... | 883 | 768 | -115 |
| | Lán vegna bæjarfógetaembættisins á Akranesi . | | 20 | 20 |

| Fjárl.nr. | Stofnun | Fjárlög 1974 | Frumvarp 1975 | Mismunur |
|---|---|---|---|---|
| | Lán til kaupa á Pólstjörnunni fyrir Hafrannsóknastofnunina | | 1 772 | 1 772 |
| | Lán vegna dýralæknabústaða | 200 | 424 | 224 |
| | Bygging prestssetra | 500 | | -500 |
| | Lán vegna I.D.A. | 1 320 | | -1 320 |
| | Lán vegna saltvinnslurannsókna | 500 | | -500 |
| | Iðnþróunarsjóður | 100 | | -100 |
| | Lán vegna framkv. að Keldnaholti | 200 | | -200 |
| | Export — Import Bank vegna framlags til stækkunar Kísiliðjunnar | 8 830 | 11 520 | 2 690 |
| | Scandinavian Bank Ltd. vegna endurbyggingar á v/s Þór | 9 536 | 12 440 | 2 904 |
| | Scandinavian Bank Ltd. vegna Landsvirkjunar sbr. l. nr. 37/1971 | 7 064 | 9 216 | 2 152 |
| | Lán vegna kaupa á Valhöll fyrir Háskóla Íslands | 556 | | -556 |
| | Háskóli Íslands vegna Félagsstofnunar stúdenta | | 400 | 400 |
| | Spariskírteinalán 1974 (áætl.) | | 28 500 | 28 500 |
| | Sendiráðið í Kaupmannahöfn | 603 | 743 | 140 |
| | Sendiráðið í Osló | 49 | 64 | 15 |
| | Sendiráðið í Stokkhólmi | 883 | 1 075 | 192 |
| | Sendiráðið í Washington | 276 | 359 | 83 |
| | Sendinefnd Íslands hjá S.Þ. | 185 | 241 | 56 |
| | Sendinefnd Íslands hjá EFTA | 897 | 1 171 | 274 |
| | Vegagerð vegna Reykjanesbrautar | 52 869 | 55 417 | 2 548 |
| | Vegagerð vegna Ólafsvíkurvegar | 713 | 713 | |
| | Vegagerð vegna Siglufjarðarvegar | 2 892 | 2 805 | -87 |
| | Vegagerð vegna Ólafsfjarðarvegar | 766 | 706 | -60 |
| | Vegagerð vegna Suðurlandsvegar | 442 | 442 | |
| | Vegagerð vegna Kísilvegar | 2 458 | 2 458 | |
| | Vegagerð vegna Vestfjarðaráætlunar | 9 472 | 16 629 | 7 157 |
| | Vegagerð vegna Suðurfjarðarvegar | 160 | | -160 |
| | Vegagerð vegna Austurlandsáætlunar | 2 164 | 2 164 | |
| | Vegagerð í Laugardal og Ólafsfjarðarmúla | 2 882 | 3 597 | 715 |
| | Vegagerð vegna Djúpárvegar | 1 250 | 1 250 | |
| | Vegagerð vegna Þjóðgarðsvegar á Þingvöllum | 375 | 375 | |
| | Vegagerð vegna Heydalsvegar | 500 | 500 | |
| | Vegagerð vegna Norðurlandsvegar | 1 999 | 2 003 | 4 |
| | Erl. handhafalán 1971, hl. vegagerðar | 3 974 | 5 184 | 1 210 |
| | Vegagerð vegna Þjórsárdalsvegar | 1 111 | | -1 111 |
| | Lán 1972 og 1973 skv. vegaáætlun (Austurlands og Norðurlands) o. fl. | 54 100 | | -54 100 |
| | Vegagerð, lán í Seðlabanka | 3 500 | 3 500 | |
| | Vegagerð, yfirtekið vegna Kópavogsbrautar | | 17 954 | 17 954 |
| | Lán hjá Alþjóðabankanum vegna vegagerðar | | 16 128 | 16 128 |
| | Vegagerð — ýmsir | | 202 | 202 |
| | Vegagerð af framkvæmdafé 1973 | | 1 900 | 1 900 |
| | Vegagerð vegna framkv. á Skeiðarársandi o. fl. | | 14 550 | 14 550 |
| | Vegagerð, erlend lán 1974 | | 71 000 | 71 000 |
| | Alls | | 659 397 | 130 964 |
| | Seðlabankinn, endurgr. hluta yfirdráttarskuldar | | 250 000 | 250 000 |
| | Samtals | 528 433 | 909 397 | 380 964 |

### Lánahreyfingar inn.

Niðurstöðutala á innhlið lánahreyfinga er sem fyrr greinir 2 351,3 m.kr.. Þar af eru lántökur vegna framkvæmda í A-hluta frumvarpsins 928,0 m.kr., vegna framkvæmda B-hluta aðila 1 383,0 m.kr. og innheimtar afborganir lána 40,3 m.kr. Lánsfjár er ráðgert að afla á eftirfarandi hátt í millj. kr.:

| | |
|---|---|
| Sérstök innlend lánsfjáröflun til Norðurlands- og Austurlandsáætlana í vegamálum | 403,5 |
| Útgáfa happdrættisskuldabréfa vegna Skeiðarársandsvegar | 116,0 |
| Útgáfa happdrættisskuldabréfa vegna Djúpvegar | 64,0 |
| Önnur innlend verðbréfaútgáfa | 600,0 |
| Erlend lán vegna Þorlákshafnar | 210,0 |
| Endurgreiðsla eldri spariskírteina | 917,5 |
| Samtals | 2 311,0 |

Innheimtar afborganir af veittum almennum lánum ríkissjóðs eru áætlaðar samtals 40,3 m.kr. og sundurliðast þannig í þús. kr.:

| Fjárl.nr. | Stofnun | Fjárlög 1974 | Frumvarp 1975 | Mismunur |
|---|---|---|---|---|
| — | Atvinnujöfnunarsjóður | 14 300 | 14 300 | |
| — | Landsvirkjun vegna aðflutningsgjalda | 3 375 | 3 375 | |
| — | Lagmetisiðjan Siglósíld | | 550 | 550 |
| — | Bifreiðakaupalán | 4 230 | 3 638 | -592 |
| — | Gjaldeyrisdeild bankanna | | 940 | 940 |
| — | Hampiðjan hf. vegna Heyrnleysingjaskólans | 2 000 | 1 000 | -1 000 |
| — | Þvottahús ríkisspítala | | 1 500 | 1 500 |
| — | Borgartún 7, húseign | | 1 004 | 1 004 |
| — | RARIK | 3 733 | 3 733 | |
| — | Skuldabréf Sameinuðu þjóðanna | | 285 | 285 |
| — | Ýmsir aðilar | 8 275 | 10 000 | 1 725 |
| | | 35 913 | 40 325 | 4 412 |

*Athugasemdir við einstaka liði frumvarpsins.*

Í því sem hér fer á eftir verður gerð grein fyrir því í smáatriðum, hverjar orsakir eru til breytinga á einstökum fjárlagaliðum. Fram hefur komið, að launa- og verðlagshækkanir eiga drýgstan þátt í hækkun almenns rekstrarkostnaðar, og hefur þegar verið skýrt hvern þátt verðlagsþróunin og einstakar ráðstafanir, svo sem kjarasamningarnir og láglaunabæturnar, eiga í heildarhækkuninni. Þykir ekki ástæða til að rekja þessi áhrif frekar, þegar rætt verður um einstaka fjárlagaliði, heldur verður megináherzla lögð á aðrar orsakir breytinga á fjárveitingum í þessum hluta greinargerðarinnar.

#### 00 Æðsta stjórn ríkisins.

301 **Ríkisstjórn.** Þær breytingar hafa verið gerðar á framsetningu, að undir þennan fjárlagalið eru nú færð laun bifreiðastjóra ráðherranna, svo og rekstrarkostnaður bifreiðanna, en áður hafði þessi kostnaður verið færður á viðkomandi ráðuneyti. Heildarhækkun á liðnum nemur 13 003 þús. kr., þar af 7 456 þús. kr. af framangreindum orsökum, 1 740 þús. kr. vegna fjölgunar um einn ráðherra, en afgangur hækkunarinnar, 3 807 þús. kr., stafar af launahækkunum og verðlagsuppbótum á laun.

## 01 Forsætisráðuneytið.

101 **Aðalskrifstota.** Liðurinn hækkar um 2 226 þús. kr., og skýrist hækkunin þannig: Launahækkanir og verðlagsbætur á aðra rekstrarliði eru 6 234 þús. kr., rekstur ráðherrabústaðar á Þingvöllum, sem er nýr liður, 292 þús. kr. og ráðning vaktmanns í stjórnarráðshúsið 613 þús. kr. Hins vegar fellur niður framlag til byggingar ráðherrabústaðar á Þingvöllum, sem nú er lokið, 4 000 þús. kr., og laun bílstjóra og rekstur bifreiðar, 913 þús. kr., eru flutt á liðinn ríkisstjórn, sem fyrr greinir.

102 **Þjóðhagsstofnun.** Þessi liður kemur í stað framlags til Framkvæmdastofnunar ríkisins. Ríkissjóðsframlag er 17 182 þús. kr., sem er helmingur af heildarkostnaði á móti Seðlabanka Íslands, en samkvæmt lögum nr. 54/1974 skulu þessir tveir aðilar axla kostnað af Þjóðhagsstofnun. Framlag til framkvæmdastofnunar var 11 000 þús. kr. á fjárlögum 1974, þannig að hækkunin nemur 6 182 þús. kr., en lögin um þá stofnun eru nú í endurskoðun.

171 **Byggðasjóður.** Samkvæmt málefnasamningi ríkisstjórnarinnar er gert ráð fyrir, að framlag til sjóðsins nemi 2% af útgjöldum fjárlagafrumvarps. Samkvæmt því verður heildarframlagið 877 000 þús. kr., eða 724 400 þús. kr. hærra en í fjárlögum 1974. Álgjaldsframlagið nemur 337 000 þús. kr., sem er 284 400 þús. kr. hækkun frá gildandi fjárlögum, og annað ríkisframlag 540 000 þús. kr., en það er 440 000 þús. kr. hækkun frá 1974.

## 02 Menntamálaráðuneytið.

101 **Aðalskrifstofa.** Kostnaður hækkar í heild um 56 006 þús. kr., sem kemur þannig fram á einstökum viðfangsefnum: **Yfirstjórn** hækkar um 33 233 þús. kr., þar af 1 703 þús. kr. vegna ráðningar fulltrúa í byggingardeild, ritara í fræðslumáladeild og bókara í hálft starf í skólarannsóknadeild. Áætlaður kostnaður vegna innréttinga á nýju leiguhúsnæði nemur 5 000 þús. kr., en bifreiðakostnaður, 814 þús. kr., flyzt á liðinn ríkisstjórn. Aðrar hækkanir af völdum verðlags og launasamninga nema samtals 27 344 þús. kr. Liðurinn **námsstjórar,** sem var 3 975 þús. kr. í fjárlögum 1974, fellur nú niður, en í staðinn kemur nýr liður, **fræðsluskrifstofur,** samkvæmt nýju grunnskólalögunum, og er kostnaður 1975 áætlaður 17 297 þús. kr. Miðast sá kostnaður við, að þriðjungur kostnaðar skv. ákvæðum 85. gr. laga um grunnskóla (nr. 63/1974) komi til framkvæmda á árinu 1975. Liðurinn **endurskoðun námsefnis** hækkar um 11 491 þús. kr., þar af 2 069 þús. kr. vegna nýráðninga, þ. e. námsstjóri í íslenzku, fullt starf, í eðlisfræði, hálft starf, og í stærðfræði, tvö þriðjungsstörf. Önnur hækkun nemur 9 422 þús. kr., sem er einkum af völdum launa- og verðlagshækkana. Liðurinn **kennaranámskeið,** sem nam 10 816 þús. kr. í fjárlögum 1974, er nú fluttur á Kennaraháskóla Íslands. **Námskeið menntaskólakennara** hækka að kostnaði um 197 þús. kr., **námsflokkar** um 147 þús. kr., **sundskylda í skólum** um 8 232 þús. kr., **styrkur til náms í talkennslu fyrir vangefin börn** um 125 þús. kr. og **kostnaður við utanför sjúkraþjálfara fatlaðra** 75 þús. kr.

201 **Háskóli Íslands.** Heildarhækkun framlags til háskólans nemur 174 915 þús. kr., þar af rekstrarframlag 162 915 þús. kr. og framlag til bygginga 12 000 þús. kr. Skipting kostnaðaraukningarinnar á einstök viðfangsefni og deildir er sem hér segir: **Yfirstjórn** hækkar um 11 816 þús. kr., þar af nýráðningar deildarfulltrúa og skrifstofustúlku 1 476 þús. kr., en 10 340 þús. kr. eru afleiðing launa- og verðlagshækkana. **Guðfræðideild.** Hækkun nemur 2 459 þús. kr., þar af ráðning lektors í stað aðjúnkts í kennimannlegri guðfræði frá 1. sept. 1975 318 þús. kr., en afgangurinn 2 141 þús. kr. eru launa- og verðlagshækkanir. **Læknadeild.** Kostnaður eykst um samtals 18 630 þús. kr. Gert er ráð fyrir

ráðningu dósents í sýklafræði (hlutastaða) og fjögurra aðjúnkta í handlæknisfræðum, samtals 609 þús. kr. Á hinn bóginn eru prófessor, dósent og þrír aðjúnktar, samtals 2 019 þús. kr. í fjárlögum 1974, fluttir á verkfræði- og raunvísindadeild vegna sameiginlegrar efnafræðikennslu. Launa- og verðlagshækkanir nema 20 040 þús. kr. **Tannlæknadeild** hækkar um 6 796 þús. kr. af völdum verðlags og launa að öðru leyti en því, að framlag til rannsókna hækkar um 426 þús. kr. **Lyfjafræði lyfsala.** Gert er ráð fyrir ráðningu lektors, 1 036 þús. kr., en eðlilegar verðlags- og launahækkanir nema 1 293 þús. kr., samtals 2 329 þús. kr. **Lagadeild** hækkar um 4 584 þús. kr., þar af ráðning lektors í stjórnarfarsrétti 1 036 þús. kr., útgáfukostnaður (Studia juridica) 200 þús. kr., en að öðru leyti er um að ræða eðlilegar launa- og verðlagshækkanir. **Viðskiptadeild.** Eðlilegar hækkanir nema 4 723 þús. kr. **Heimspekideild** hækkar um samtals 18 228 þús. kr. Nýráðningar nema 2 552 þús. kr., þ. e. lektor í uppeldisfræðum frá 1. júlí 1975, lektor í bókasafnsfræðum, lektor í frönsku frá 1. júlí 1975, sendikennari í dönsku og sendikennari í ensku. Kostnaður við útgáfustarfsemi deildarinnar hækkar um 1 300 þús. kr. og verður 3 800 þús. kr., sem skiptist þannig, að 1 800 þús. kr. koma á málfræðiskor og 1 000 þús. kr. á bókmenntaskor og sagnfræðiskor hvora um sig. Launa- og verðlagshækkanir nema 14 376 þús. kr. **Verkfræði- og raunvísindadeild.** Hækkun nemur samtals 46 539 þús. kr., þar af flutningur af læknadeild, eins og fyrr greinir, 2 019 þús. kr. og nýráðningar 4 728 þús. kr., þ. e. prófessor í stað dósents og dósent í stað lektors í efnafræðiskor, tveir dósentar (í vélaverkfræði og fjarskiptagreinum) í verkfræðiskor og prófessor í stað dósents og gistilektor í líffræðiskor. Þá er tekin inn fjárveiting til kennslu í haffræði, 1 297 þús. kr., en launa- og verðlagshækkanir að meðtalinni aukningu stundakennslu nema 38 495 þús. kr. **Bókasafn.** Kostnaður eykst um 5 143 þús. kr., þar af ráðning aðstoðarmanns 317 þús. kr., framlag til bókakaupa 1 000 þús. kr. og launa- og verðlagshækkanir 3 826 þús. kr. **Íþróttakennsla.** Eðlilegar hækkanir nema 1 446 þús. kr. og á **rekstri fasteigna** 15 381 þús. kr., en þar er meðtalin nokkur aukning á leiguhúsnæði. **Sameiginleg útgjöld** hækka um 22 073 þús. kr., þar af yfirvinna fastra kennara skv. kjarasamningum, sem er nýr liður, 6 000 þús. kr., rannsóknaleyfi fastra kennara skv. kjarasamningum, sem einnig er nýr liður, 5 682 þús. kr., aukin skýrsluvélaþjónusta 4 239 þús. kr., prófkostnaður 1 807 þús. kr. og ýmis sameiginleg útgjöld 4 345 þús. kr. **Þjóðfélagsfræðikennsla.** Kostnaður eykst um 2 434 þús. kr. vegna eðlilegra launa- og verðlagshækkana. **Mannfræðistofnun háskólans.** Hér er um nýjan lið að ræða í samræmi við reglugerð setta af menntamálaráðuneytinu, og er kostnaður áætlaður 2 084 þús. kr. Loks hækkar ríkissjóðsframlag til **byggingaframkvæmda og tækjakaupa** um 12 000 þús. kr. og verður samtals 65 000 þús. kr. Þessu til viðbótar er áætlað, að framlag Happdrættis H.Í. verði 103 280 þús. kr. og innstæða frá 1974 2 720 þús. kr., þannig að til ráðstöfunar verða samkvæmt því 171 000 þús. kr. Ráðstöfun þessa fjár er áætluð sem hér segir í þús. kr.:

| | |
|---|---|
| Hús til verkfræði- og raunvísindakennslu | 90 000 |
| Framkvæmdir á Landspítalalóð | 25 000 |
| Skipulagning og áætlanagerð | 4 000 |
| Ýmis húsgögn og búnaður | 1 500 |
| Viðhald húsa, lóða og búnaðar | 17 000 |
| Húsnæði vegna nýrra námsbrauta og fjölgunar kennara | 3 500 |
| Tækjakaup | 30 000 |
| | 171 000 |

202 **Tilraunastöð háskólans á Keldum.** Framlag hækkar um 9 055 þús. kr., og stafar sú hækkun af launa- og verðlagshækkunum að öðru leyti en því, að gert er ráð fyrir ráðningu dýralæknis, 955 þús. kr. Eigin tekjur stöðvarinnar hækka um 7 912 þús. kr.

203 **Raunvísindastofnun háskólans.** Kostnaður eykst um 22 784 þús. kr., þar af ráðning tveggja aðstoðarmanna í rannsóknastofu í efnafræði 1 446 þús. kr., kostnaður við tækjakaup eykst um 1 378 þús. kr. og afgangur hækkunarinnar, 19 960 þús. kr., eru launa- og verðlagshækkanir.

205 **Stofnun Árna Magnússonar.** Hækkun nemur í heild 8 495 þús. kr., þar af vegna dansks styrkþega 800 þús. kr., gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 2 100 þús. kr. vegna útgáfukostnaðar o. fl., en að öðru leyti er um að ræða launa- og verðlagshækkanir, 5 595 þús. kr.

232 **Rannsóknaráð ríkisins.** Á liðnum kemur fram lækkun um 6 022 þús. kr. vegna þess, að landgrunnsrannsóknum er lokið, en 10 000 þús. kr. voru veittar í fjárlögum 1974 til að ljúka því verkefni. Að öðru leyti eykst kostnaður um 3 978 þús. kr. af eðlilegum orsökum.

276 **Byggingasjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna.** Framlag hækkar um 18 786 þús. kr., þar af happdrættisgjald 6 320 þús. kr. og ríkisframlag 12 466 þús. kr. Happdrættisgjaldið nemur í heild 21 820 þús. kr., sem er 2 000 þús. kr. umfram endurgreiðslu lána. Ríkissjóðsframlagið nemur 28 000 þús. kr., þannig að 30 000 þús. kr. verða til framkvæmda. Þar af er áætlaður kostnaður við að ljúka stækkun Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins 26 800 þús. kr., og til annarra framkvæmda á Keldnaholti 3 200 þús. kr.

303 **Menntaskólinn á Laugarvatni.** Kostnaður eykst um 4 550 þús. kr., sem eru eingöngu eðlilegar launa- og verðlagshækkanir. Byggingarframlag er óbreytt frá fárlögum 1974, 11 000 þús. kr., sem ætlað er til áframhalds byggingar kennaraíbúða.

304 **Menntaskólinn við Hamrahlíð.** Framlag eykst um 15 416 þús. kr. Auk launa- og verðlagshækkana stafar hækkunin af mikilli fjölgun nemenda í öldungadeild, og þar af leiðandi auknu kennslumagni þar, og gert er ráð fyrir ráðningu ritara við þá deild, 713 þús. kr.

305 **Menntaskólinn við Tjörnina.** Hækkun nemur 16 758 þús. kr., þar af ráðning ritara og tækjavarðar 859 þús. kr. Aðrar hækkanir á rekstrarliðum eru 19 899 þús. kr., en byggingarframlag lækkar um 4 000 þús. kr. og verður 11 000 þús. kr. Er nú hætt við að reisa nýja byggingu fyrir skólann, heldur mun hann fá húsnæði Vogaskóla til afnota. Er byggingarfjárveitingin ætluð til breytinga á Vogaskóla, en þangað mun starfsemin flytjast smám saman á næstu árum.

306 **Menntaskólinn á Ísafirði.** Framlag hækkar um 19 488 þús. kr., þar af rekstrarfjárveiting um 5 488 þús. kr. og byggingarframlag um 14 000 þús. kr. Verður byggingarframlag þannig 62 000 þús. kr., sem ráðstafað verður til að ljúka við heimavista- og mötuneytisbyggingu og hefja byggingu kennslustofa.

308 **Menntaskólinn í Kópavogi.** Hækkunin, 13 793 þús. kr., er annars vegar vegna rekstrar, 9 793 þús. kr., en við bætist einn árgangur nemenda, og hins vegar byggingarframlag 4 000 þús. kr., sem verður í heild 6 000 þús. kr. Er það til kaupa á tveimur flytjanlegum kennslustofum.

315 **Fjölbrautarskólinn í Breiðholti.** Þetta er nýr liður í fjárlögum og kostnaður áætlaður 12 943 þús. kr. Gert er ráð fyrir, að skólinn taki til starfa haustið 1975.

316 **Flensborgarskóli, framhaldsdeild.** Þessi liður er einnig nýr í fjárlögum, en kostnaður var áður færður á liðinn „menntaskólar almennt". Kostnaður er áætlaður 12 290 þús. kr., og er um að ræða fjóra árganga nemenda.

321 **Kennaraháskóli Íslands.** Framlag lækkar um 3 128 þús. kr., sem skýrist þannig, að byggingarframlag, sem var 28 600 þús. kr. í fjárlögum 1974, fellur niður, þannig að rekstrarkostnaður hækkar um 25 472 þús. kr. Tilfærsla kennaranámskeiða af aðalskrifstofu menntamálaráðuneytisins nam 10 816 þús. kr. og hækkun á þeim lið 5 174 þús. kr. Framlag til tækjakaupa hækkar um 1 600 þús. kr., og afgangur hækkunarinnar, 7 882 þús. kr., er vegna verðlags- og launahækkana.

322 **Æfinga- og tilraunaskóli kennaraháskólans.** Liðurinn hækkar um 4 334 þús. kr. Gert er ráð fyrir ráðningu umsjónarmanns, ritara og bókavarðar, 1 815 þús. kr., stofnkostnaðarframlag eykst um 300 þús. kr. og rekstrarkostnaður að öðru leyti um 2 219 þús. kr. Stofnkostnaðarframlagið verður 7 600 þús. kr., þar af til kaupa á flytjanlegum kennslustofum 6 000 þús. kr. og á tækjum 1 600 þús. kr.

501 **Tækniskóli Íslands.** Framlag hækkar um 43 580 þús. kr., þar af rekstur 28 580 þús. kr. og stofnkostnaður 15 000 þús. kr. Auk launa- og verðlagshækkana stafar kostnaðaraukningin af því, að skólinn mun flytjast í leiguhúsnæði við Höfðabakka um næstu áramót, og nemur hækkun leigukostnaðar 10 400 þús. kr. Stofnkostnaðarframlag verður samtals 18 000 þús. kr. vegna búnaðar og innréttingakostnaðar.

507 **Stýrimannaskólinn.** Kostnaður eykst um 12 787 þús. kr. Eðlilegar launa- og verðlagshækkanir nema 5 787 þús. kr., og stofnkostnaðarframlag eykst um 7 000 þús. kr. vegna greiðslu á radartæki vegna kennslu.

571 **Sjómannaskólahúsið.** Framlag lækkar um 16 962 þús. kr., sem kemur þannig fram, að rekstrarkostnaður eykst um 6 638 þús. kr., en byggingarframlag lækkar um 23 600 þús. og verður 3 000 þús. kr. Er ákveðið að stöðva um sinn framkvæmdir við tækjahús skólans, meðan ákvarðanir um framtíðarskipun mála eru að mótast. Fjárveitingin í fjárlögum 1974 verður að hluta notuð til að standa undir framkvæmdum við flutning tækniskólans í nýtt húsnæði. Þess má geta, að húsrými sjómannaskólans hefur aukizt við flutning veðurstofunnar og mun enn aukast, þegar tækniskólinn hefur fengið nýtt húsnæði.

581 **Verzlunarskólar.** Framlög hækka um 15 913 þús. kr., þar af til Verzlunarskóla Íslands 13 585 þús. kr., Samvinnuskólans 2 054 þús. kr. og Bréfaskóla SÍS og ASÍ 274 þús. kr. Er hér um að ræða 40% hækkun til hvers skóla.

608 **Héraðsskólar, almennt.** Liðurinn hækkar um 31 148 þús. kr., þar af viðhald 5 648 þús. kr. og byggingarframlög 25 500 þús. kr. Samtals nema byggingarframlög 97 000 þús. kr., sem skiptast þannig í þús. kr.:

| | |
|---|---|
| Reykholt | 20 000 |
| Núpur | 3 000 |
| Reykjanes | 30 000 |
| Reykir | 30 000 |
| Eiðar | 10 000 |
| Skógar | 4 000 |
| | 97 000 |

Í Reykholti er um að ræða endurbyggingu eldri húsa, og er gert ráð fyrir, að það verk taki tvö ár. Á Núpi verða framkvæmdir við lóðarlögun. Á Reykjanesi verður lokið við byggingu kennsluhúss. Á Reykjum verður haldið áfram

byggingu kennsluhúss, og er miðað við, að þeirri byggingu verði lokið árið 1976. Á Eiðum verða byggðar íbúðir fyrir kennara og annað starfsfólk fyrir 7 000 þús. kr. og gerðar endurbætur á mötuneyti o. fl. fyrir 3 000 þús. kr. Á Skógum verður byggður skólastjórabústaður.

609 **Héraðsskólinn að Laugum.** Hér er um að ræða nýjan fjárlagalið, sem áður var undir almenna skólakerfinu. Hefur verið gert samkomulag um, að ríkið yfirtaki skólann að fullu. Kostnaður er áætlaður 11 603 þús. kr.

717 **Grunnskólar, rekstur.** Hér kemur fram 703 161 þús. kr. hækkun. Grunnskólalögin hafa í för með sér 130 926 þús. kr. hækkun og koma hér til rýmri ákvæði um endurgreiðslur úr ríkissjóði á launakostnaði vegna kennslu í grunnskólum. Launaliðir hækka að öðru leyti um samtals 538 853 þús. kr., eða 35,4%, bæði af völdum nýrra kjarasamninga, verðlagsuppbóta og magnaukningar. Loks hækka önnur rekstrargjöld um 33 382 þús. kr., eða 61,6%, sem er nálægt verðlagshækkun.

761 **Grunnskólar, almennt.** Hér kemur fram 44 598 þús. kr. hækkun. Á lið 717 hér á undan eru færðir liðir, sem námu samtals 88 889 þús. kr. í fjárlögum 1974, og er tekið tillit til þess í samanburðinum þar, og niður falla liðir að fjárhæð 36 660 þús. kr. í fjárlögum 1974. Aðrir liðir hækka því um samtals 170 147 þús. kr. Þeir liðir, sem færðir eru yfir á næsta lið hér á undan eru: varzla í heimavist 22 152 þús. kr., ráðskonur og aðstoðarstúlkur 32 997 þús. kr., ný námsskrárákvæði 2 410 þús. kr. og kennsla barna frá Vestmannaeyjum 31 330 þús. kr., en niður fellur greiðsla skv. 19. gr. laga nr. 49/1967 31 660 þús. kr. og liðurinn brunavarnir 5 000 þús. kr. Hækkunarliðirnir eru eftirfarandi: viðhald 77 037 þús. kr., aksturskostnaður skólabarna 53 220 þús. kr., greiðslur vegna forfallakennslu 19 256 þús. kr., laun kennara við stofnanir afbrigðilegra barna 9 899 þús. kr., stjórnskipaðir prófdómarar 5 944 þús. kr., laun kennara, sem orlof fá, 2 419 þús. kr. og yfirvinnuþóknun skólastjóra 2 372 þús. kr.

762 **Framlög til byggingar grunnskóla o. fl.** Þessi framlög hækka um 141 594 þús. kr. og nema í heild 800 000 þús. kr.

800 **Dagheimili fyrir fjölfötluð börn.** Hækkun á þessum lið nemur 16 627 þús. kr., en kennsla þessi, sem fram hefur farið á tveimur stöðum, Bjarkarhlíð í Reykjavík og Reykjadalsskóla í Mosfellssveit, verður nú sameinuð í Kjarvalshúsi á Seltjarnarnesi.

803 **Dagvistunarheimili.** Framlag hækkar um 22 298 þús. kr., þar af vegna rekstrar 12 298 þús. kr. og vegna byggingarframkvæmda 10 000 þús. kr. Verður byggingarframlagið samtals 50 000 þús. kr.

872 **Lánasjóður íslenzkra námsmanna.** Tillögur frá sjóðsstjórninni bárust ekki í tæka tíð, og er hér byggt á bráðabirgðatillögum menntamálaráðuneytisins. Samkvæmt þeim hækkar ríkissjóðsframlag um 119 400 þús. kr., og verður með því orðið 606 000 þús. kr. Til samanburðar má geta þess, að heildarkostnaður við rekstur Háskóla Íslands er áætlaður 494 679 þús. kr. á árinu 1975.

881 **Náms- og fræðimenn, framlög.** Hækkun á þessum lið nemur 3 452 þús. kr., sem skiptist þannig á einstök viðfangsefni: Íslenzk—ensk orðabók, sem samin verður í samvinnu Lundúnaháskóla og Háskóla Íslands, nýr liður, 1 500 þús. kr., styrkur til erlendra námsmanna í íslenzkum skólum 800 þús. kr., Félagsstofnun stúdenta 650 þús. kr., framhaldsnám iðnaðarmanna erlendis 300 þús. kr., Menntastofnun Bandaríkjanna á Íslandi 100 þús. kr., styrkur til útgáfustarfa 60 þús. kr., styrkur til námsdvalar grænlenzks stúdents 21 þús. kr. og styrkur til Íslendings til að læra tungu Grænlendinga 21 þús. kr.

882 **Styrkur til myndlistarskóla** hækkar um 320 þús. kr., þar af skólinn í Reykjavík 250 þús. kr. og skólarnir í Neskaupstað og Vestmannaeyjum um 35 þús. kr. hvor.

884 **Til jöfnunar á námskostnaði.** Framlag hækkar um 25 000 þús. kr. og verður í heild 100 000 þús. kr.

901 **Landsbókasafn.** Kostnaður eykst um 9 085 þús. kr. Gert er ráð fyrir ráðningu bókavarðar 723 þús. kr., framlag til bókakaupa hækkar um 800 þús. kr. og afgangur hækkunarinnar, 7 562 þús. kr., stafar af eðlilegum launa- og verðlagshækkunum.

902 **Þjóðminjasafn.** Á þessum lið verður 11 457 þús. kr. hækkun, þar af 914 þús. kr. vegna styrkþega við örnefnastofnun, 700 þús. kr. vegna styrks til byggðasafna o. fl., 4 111 þús. kr. vegna viðhalds, og verðlags- og launahækkanir nema 5 732 þús. kr. Hækkun viðhaldsliðarins er einkum vegna endurbygginga í safnhúsinu, sem staðið hefur yfir undanfarin ár, en gert er ráð fyrir, að þeim viðgerðum ljúki árið 1976.

903 **Þjóðskjalasafn.** Hækkunin, 5 423 þús. kr., er vegna ráðningar skjalavarðar 955 þús. kr., innréttingar á geymsluhúsnæði 690 þús. kr., en að öðru leyti er um að ræða launa- og verðlagshækkanir, samtals 3 778 þús. kr.

931 **Náttúruverndarráð.** Framlag hækkar um 11 298 þús. kr., en hér er um að ræða starfsemi við þjóðgarðana í Skaftafelli og Jökulsárgljúfri, og eftirlit með friðlýstum svæðum víða um land auk starfsemi ráðsins sjálfs.

973 **Þjóðleikhús.** Framlag hækkar um 49 889 þús. kr., sem stafar að verulegu leyti af áhrifum nýrra kjarasamninga og verðlagshækkunum, en auk þess hækkar viðhaldsliður um 8 820 þús. kr., þar sem ráðgert er að hefja gagngerar endurbætur á húsinu eftir sérstakri áætlun.

975 **Vísindasjóður.** Framlag til vísindasjóðs hækkar um 1 000 þús. kr. og verður 3 000 þús. kr.

981 **Almenningsbókasöfn.** Liðurinn hækkar um 890 þús. kr., sem kemur þannig fram, að framlög til bæjar- og héraðsbókasafna hækka um 900 þús. kr., til sveitabókasafna og lestrarfélaga um 200 þús. kr., til rithöfundasjóðs Íslands 90 þús. kr., en framlag til skráningarmiðstöðvar bókasafna, 300 þús. kr. í fjárlögum 1974, fellur niður. Það verkefni hefur verið falið Landsbókasafninu.

982 **Listir, framlög.** Heildarhækkun á liðum nemur 24 311 þús. kr. Eftirtaldir liðir hækka sem hér segir: Tónlistarskólinn í Reykjavík 2 800 þús. kr., aðrir tónlistarskólar 16 740 þús. kr., Barnamúsikskólinn í Reykjavík 863 þús. kr., heiðurslaun listamanna 1 000 þús. kr., starfslaun listamanna 800 þús. kr. og listamannalaun 3 000 þús. kr. Niður falla framlög til Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar vegna stofnkostnaðar 460 þús. kr. og til tónlistarfélaganna í Mosfellssveit, Árnessýslu og Hafnarfirði vegna endurbóta á húsnæði, samtals 432 þús. kr.

984 **Norræn samvinna.** Framlög hækka um 2 268 þús. kr., þar af til samstarfs á sviði menningarmála skv. samnorrænni fjárhagsáætlun 2 013 þús. kr., til norræns samstarfs 215 þús. kr., til norrænu tölfræðistofnunarinnar 30 þús. kr. og styrkur handa rithöfundi til dvalar á Norðurlöndum 10 þús. kr.

986 **Íþróttasjóður.** Framlag hækkar um 20 600 þús. kr. og verður 64 600 þús. kr. Þar af er styrkur til íþróttakennslu og námskeiða o. fl. 7 000 þús. kr. og til framkvæmda 57 600 þús. kr. Skipting framkvæmdaframlagsins er þannig, að 16 600 þús. kr. er þriðja greiðsla af fjórum til greiðslu eftirstöðva, 20 000 þús. kr. til mannvirkja skv. fjárlögum 1973, 18 000 þús. kr. til mannvirkja skv. fjárlögum 1974 og 3 000 þús. kr. til undirbúnings nýrra framkvæmda.

987 **Endurbætur á Viðeyjarstofu.** Hækkun á þessum lið er 1 000 þús. kr. og verður í heild 3 000 þús. kr.

988 **Æskulýðsmál.** Kostnaður eykst um 400 þús. kr. vegna Æskulýðsráðs ríkisins, en aðrir liðir eru óbreyttir.

989 **Ýmis íþróttamál.** Liðurinn hækkar um 566 þús. kr., framlag til ÍSÍ hækkar um 678 þús. kr., en framlag til ferðakennslu í íþróttum lækkar um 12 þús. kr., og niður fellur framlag til Frjálsíþróttasambands Íslands vegna Evrópumeistaramóts 100 þús. kr.

999 **Ýmislegt.** Liðurinn hækkar um 782 þús. kr., þar af hreindýraeftirlit 572 þús. kr., Lögberg-Heimskringla 188 þús. kr., til umbóta við Geysi í Haukadal 72 þús. kr., inn er tekinn nýr liður, vegna heimsóknar danskra kennara 1974, 200 þús. kr., og niður fellur framlag til norræns laganemamóts á Íslandi 250 þús. kr.

## 03 Utanríkisráðuneytið.

101 **Aðalskrifstofa.** Hækkun á þessum lið nemur 31 241 þús. kr. og stafar af verðlags- og launahækkunum að öðru leyti en því, að gert er ráð fyrir ráðningu dyravarðar 581 þús. kr. Þess skal getið, að áhrif gengisfellingarinnar vega þungt á þessum lið.

201 **Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli.** Kostnaður hækkar um 28 826 þús. kr. Nýráðningar nema 5 244 þús. kr., þ. e. tveir tollverðir og sex lögregluþjónar, en kostnaður af fjórum og hálfri lögregluþjónsstöðu er greiddur af varnarliðinu (gæzla í hliðum) og kemur fram í auknum tekjum embættisins. Að öðru leyti er um eðlilegar launa- og verðlagshækkanir að ræða.

301—312 **Sendiráðin.** Heildarhækkun kostnaðar við sendiráðin nemur 84 740 þús. kr. Launakostnaður hækkar um 55 482 þús. kr., þar af vegna grunnkaupshækkana 7 761 þús. kr., gengisbreytinga 23 422 þús. kr., verðlagshækkana í viðkomandi löndum 9 142 þús. kr., nýráðninga 4 871 þús. kr., kauphækkana erlends starfsfólks 3 623 þús. kr., húsnæðiskostnaður ísl. starfsfólks 2 950 þús. kr., og loks hækka launatengd gjöld o. þ. u. l. um 3 713 þús. kr. Nýráðningar eru sendiráðsritari í London, fluttur af aðalskrifstofu, sendiráðsritari í Genf, ritari í hálft starf í París og bílstjóri í Stokkhólmi. Rekstrarkostnaður sendiráðanna hækkar að öðru leyti um 16 258 þús. kr., fyrst og fremst af völdum gengislækkunar ísl. krónu og verðlagshækkana í viðkomandi löndum. Loks er tekin inn sérstök fjárveiting til viðgerða og viðbyggingar sendiráðsins í Bonn, 13 000 þús. kr.

401 **Alþjóðastofnanir.** Framlög hækka um samtals 56 329 þús. kr. Þar munar mest um framlag til Alþjóðaframfarastofnunarinnar, IDA, 42 733 þús. kr. samkvæmt samþykkt um hækkun á kvóta Íslands, sem greiðist á árunum 1974—1976, en af framangreindri hækkun eru 21 375 þús. kr. vegna ársins 1974. Þá hækkar framlag til Þróunaraðstoðar S.Þ. um 3 648 þús. kr., til NATO um 3 036 þús. kr., til gæzluliðs S.Þ. fyrir botni Miðjarðarhafs, nýr liður 1 687 þús. kr., og nettóhækkun á öðrum liðum nemur 5 225 þús. kr.

## 04 Landbúnaðarráðuneytið.

171 **Jarðeignir ríkisins.** Framlag ríkissjóðs hækkar um 5 295 þús. kr. og verður samtals 17 295 þús. kr. Þar af verður varið 11 100 þús. kr. til nýbygginga, greiðslur vegna ábúendaskipta nema 4 265 þús. kr., ýmsar greiðslur (fjallskil o. fl.) nema 1 330 þús. kr. og lánagreiðslur 600 þús. kr.

172 **Jarðeignasjóður ríkisins.** Framlag hækkar um 3 000 þús. kr. og verður 9 000 þús. kr.

206 **Rannsóknastofnun landbúnaðarins.** Kostnaður eykst um 50 899 þús. kr., þar af 16 000 þús. kr. vegna landgræðsluáætlunar. Önnur hækkun er því 34 899 þús. kr., sem skiptist þannig, að 12 811 þús. kr. eru vegna tilraunastöðvanna, 581 þús. kr. vegna ráðningar símastúlku og afgangurinn, 21 507 þús. kr., er afleiðing launa- og verðlagshækkana.

231 **Skógrækt ríkisins.** Hækkunin, 43 846 þús. kr., stafar annars vegar af framlagi í samræmi við landgræðsluáætlun 33 000 þús. kr., en afgangurinn, 10 846 þús. kr., af eðlilegum launa- og verðlagshækkunum.

235 **Landgræðsla.** Framlag hækkar um 147 879 þús. kr., annars vegar vegna landgræðsluáætlunar 141 000 þús. kr., og hins vegar vegna launa- og verðlagshækkana 6 879 þús. kr

241 **Landnám ríkisins.** Kostnaður ríkissjóðs vegna landnámsins hækkar um 17 442 þús. kr., þar af hækkar framlag til grænfóðursverksmiðja um 14 900 þús. kr., en afgangurinn 2 542 þús. kr., orsakast af launa- og verðlagshækkunum.

247 **Embætti yfirdýralæknis.** Hækkun á þessum lið er 13 690 þús. kr., þar af 3 000 þús. kr. til byggingar dýralæknisbústaða og 10 690 vegna launa- og verðlagshækkana.

271 **Landgræðslusjóður.** Framlag hækkar um 10 367 þús. kr. og verður 15 500 þús. kr. Hér er um að ræða tekjur af seldum vindlingum, sem einnig kemur fram í tekjuhlið þessa frumvarps, en í meðförum þingsins í fyrra var heimilað að hækka þetta gjald úr 30 aurum í 1 kr. af hverjum seldum vindlingapakka.

286 **Landbúnaður, framlög.** Þessi framlög hækka í heild um 465 753 þús. kr., sem kemur þannig fram á einstökum liðum: útflutningsuppbætur 316 000 þús. kr., en komið hefur í ljós, að þessi liður er mjög vanáætlaður í fjárlögum 1974, framlag til Stofnlánadeildar landbúnaðarins 81 000 þús. kr., jarðræktarframlög 48 728 þús. kr., framræsla 14 000 þús. kr., búfjárrækt 12 050 þús. kr., en lækkun verður á liðunum fyrirhleðslur 900 þús. kr. og landþurrkun 125 þús. kr., og liðurinn aðstoð við bændur, sem var 5 000 þús. kr. í fjárlögum 1974, fellur niður.

299 **Ýmis starfsemi á sviði landbúnaðarmála.** Á þessum lið verður 20 850 þús. kr. hækkun, þar af 10 000 þús. kr. vegna landgræðsluáætlunar, sem í heild verður 200 000 þús. kr. að meðtöldum framlögum til Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, skógræktar og landgræðslu, eins og að framan er getið. Framlag til einangrunarstöðvar holdanauta í Hrísey hækkar um 12 000 þús. kr. og verður 20 000 þús. kr., en niður falla liðirnir til endurbóta á íbúðarhúsi á Skriðuklaustri (flyzt á rannsóknastofnun landbúnaðarins) 1 000 þús. kr. og framlag til stóðhestastöðvar 150 þús. kr. í fjárlögum 1974.

501 **Bændaskólinn á Hvanneyri.** Kostnaður hækkar um 19 341 þús. kr. Eðlilegar launa- og verðlagshækkanir nema 8 876 þús. kr., viðhaldsliður hækkar um 2 265 þús. kr. og byggingarframlag um 8 200 þús. kr. og verður 29 500 þús. kr. Verður því annars vegar varið til að ljúka við mötuneyti og eldhús 21 000 þús. kr. og hins vegar til að byggja skólastjórabústað 8 500 þús. kr.

504 **Bændaskóli í Odda.** Framlag hækkar um 4 300 þús. kr. og verður 5 000 þús. kr.

### 05 Sjávarútvegsráðuneytið.

101 **Aðalskrifstofa.** Kostnaður eykst um 7 475 þús. kr. Starfsmannafjölgun, þ. e. fulltrúi og skrifstofustúlka, nemur 1 485 þús. kr., en hér er um að ræða starfsfólk, sem þegar er í starfi, en hefur ekki verið á fjárlögum fyrr. Aðrar hækkanir, 5 990 þús. kr., stafa af launa- og verðlagshækkunum.

201 **Fiskifélag Íslands.** Þessi liður hækkar um 13 324 þús. kr., þar af eðlilegar launa- og verðlagshækkanir 12 410 þús. kr., en gert er ráð fyrir ráðningu sérfræðings í fiskeldi í sjó, 914 þús. kr.

202 **Hafrannsóknastofnun.** Framlag hækkar um 102 512 þús. kr., þar af rekstur rannsóknaskipanna 67 452 þús. kr., annars vegar vegna nýrra kjarasamninga og hins vegar vegna hækkunar á olíuverði og annarra verðlagshækkana. Gert er ráð fyrir ráðningu rekstrarstjóra skipanna og fiskifræðings, 1 991 þús. kr., en launa- og verðlagshækkanir á stofnuninni sjálfri nema 33 069 þús. kr.

203 **Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins.** Kostnaður hækkar um 13 487 þús. kr., sem stafar af eðlilegum launa- og verðlagshækkunum að öðru leyti en því, að starf verkfræðings, 955 þús. kr., er flutt af liðnum „ýmislegt á sviði sjávarútvegs".

274 **Aflatryggingasjóður.** Framlag ríkissjóðs á móti útflutningsgjaldi hækkar um 48 227 þús. kr., og með því verða heildartekjur sjóðsins 898 990 þús. kr.

299 **Ýmislegt á sviði sjávarútvegs.** Þessi framlög hækka um samtals 124 702 þús. kr., sem kemur þannig fram á einstökum liðum: Mótframlag til fiskveiðisjóðs 102 000 þús. kr., aukaframlag vegna rekstrarhalla togara 1973 20 000 þús. kr., veiðieftirlit 3 125 þús. kr., sjóvinnunámskeið og skólabátar 816 þús. kr. og eftirlit með hvalvinnslustöðvum 25 þús. kr. Á móti fellur niður framlag vegna tækniaðstoðar til umbóta á hollustuháttum í fiskiðnaði, sem var 1 264 þús. kr. í fjárlögum 1974.

### 06 Dóms- og kirkjumálaráðuneytið.

101 **Aðalskrifstofa.** Kostnaður hækkar um 6 321 þús. kr. Inn er tekin fjárveiting vegna ritara, sem raunar hefur verið í starfi um nokkurt skeið, 556 þús. kr., en að öðru leyti er um að ræða eðlilegar launa- og verðlagshækkanir.

204 **Borgarfógetaembætti.** Hækkun nemur 8 911 þús. kr., þar af ráðning ritara og skrifstofumanns 1 028 þús. kr., en að öðru leyti stafar hækkunin af launa- og verðlagshækkunum.

205 **Sakadómaraembætti.** Kostnaðaraukning er 30 025 þús. kr. að mestu vegna verðlags og launa, en 1 506 þús. kr. stafa af ráðningu tveggja rannsóknarlögreglumanna.

206 **Lögreglustjórinn í Reykjavík.** Heildaraukning kostnaðar er 152 775 þús. kr. Lögreglumönnum í Reykjavík hefur ekki verið fjölgað um nokkurt skeið, og er nú gert ráð fyrir, að 18 lögreglumönnum verði bætt við. Er kostnaður við það áætlaður 13 500 þús. kr. Þá er gert ráð fyrir fjölgun á starfsliði skrifstofu lögreglustjóra um afgreiðslustjóra og ritara, samtals 1 124 þús. kr. Launa- og verðlagshækkanir hjá þessu embætti nema 138 151 þús. kr.

212—237 **Embætti sýslumanna og bæjarfógeta.** Kostnaður við embættin hækkar um samtals 129 414 þús. kr. eða 31,1%, og skiptist sú hækkun á laun 91 704 þús. kr. (28,2%), önnur rekstrargjöld 37 943 þús. kr. (57,1%), viðhald 4 626 þús. kr. (85,9%), en gjaldfærður stofnkostnaður lækkar um 4 959 þús. kr. (25.9%). Þá lækka eigin tekjur um 100 þús. kr. Að því er launahækkanir varðar stafar hluti hækkunarinnar, eða samtals 5 882 þús. kr., af starfsliðsaukningu, þ. e. lögregluþjónn í Borgarnesi, ritari í hálft starf í Bolungarvík,

fulltrúi á Blönduósi, lögregluþjónn á Siglufirði, en á móti falla niður stöður tveggja tollþjóna þar, fulltrúi á Dalvík, lögreglumaður á Akureyri, lögregluþjónn á Húsavík, lögregluþjónn á Seyðisfirði og ritari á Seltjarnarnesi. Í nokkrum tilvikum hefur þessum stöðum verið gegnt án sérstakra fjárveitinga á fjárlögum. Aðrar orsakir hækkunarinnar eru nýir kjarasamningar og verðlagsuppbætur. Hækkun annarra rekstrargjalda er innan marka verðlagshækkana. Hækkun viðhalds umfram verðlagshækkanir, stafar einkum af viðgerðum húsnæðis í Vestmannaeyjum, sem hækkar um 1 913 þús. kr. Lækkun gjaldfærðs stofnkostnaðar stafar einkum af því, að framkvæmdum er lokið í Keflavík og Höfn í Hornafirði og minnka verulega á Akranesi. Hins vegar er tekin inn sérstök fjárveiting til húsakaupa á Húsavík.

251 **Landhelgisgæzla.** Á þessum lið verður 227 045 þús. kr. hækkun. Meginorsökin er fólgin í nýjum kjarasamningum og rekstrarkostnaðarhækkun skipa og flugvéla, einkum hækkun olíuverðs. Að öðru leyti kemur til rekstur nýs varðskips í stað leiguskips, og er nettóhækkun af þeim sökum 52 977 þús. kr. Þá fellur niður framlag til kaupa á varðskipi, sem var 30 000 þús. kr. í fjárlögum 1974.

252 **Bifreiðaeftirlit.** Liðurinn hækkar um 20 416 þús. kr., þar af ráðning eins skoðunarmanns 663 þús. kr., gjaldfærður stofnkostnaður 2 300 þús. kr. vegna tækjakaupa, og afgangurinn, 17 453 þús. kr., vegna launa og verðlagshækkana. Á þennan lið er nú færður kostnaður við meiraprófsnámskeið, en tekjur jafnháar færðar til mótvægis.

254 **Sjómælingar og sjókortagerð.** Hækkunin 5 765 þús. kr., stafar af eðlilegum launa- og verðlagshækkunum að öðru leyti en því, að gert er ráð fyrir ráðningu kortagerðarmanns 753 þús. kr.

255 **Umferðarráð.** Kostnaðaraukning nemur 2 313 þús. kr., þar af ráðning upplýsingafulltrúa 843 þús. kr., en að öðru leyti er um að ræða launa- og verðlagshækkanir.

### 07 Félagsmálaráðuneytið.

271 **Húsnæðismálastofnun ríkisins.** Framlag hækkar um 786 577 þús. kr., þar af launaskattur 767 000 þús. kr., en hluti byggingarsjóðs ríkisins var tvöfaldaður á árinu, byggingarsjóðsgjöld af tekju- og eignarskatti og aðflutningsgjöldum 19 230 þús. kr. og rekstrarkostnaður 347 þús. kr. Heildarframlag ríkissjóðs er þá orðið 1 469 010 þús. kr.

272 **Byggingasjóður verkamanna.** Hækkun nemur 50 000 þús. kr. og verður 150 000 þús. kr.

399 **Sveitarfélög, framlög.** Liðurinn hækkar um 2 500 þús. kr. vegna kostnaðar við heimilishjálp, en aðrir liðir eru óbreyttir frá fjárlögum 1974.

952 **Endurhæfingarráð.** Kostnaður eykst um 1 209 þús. kr., þar af 317 þús. kr. vegna ráðningar ritara í hálft starf og 892 þús. kr. vegna launa- og verðlagshækkana.

981 **Vinnumál.** Framlag hækkar um 2 656 þús. kr., þar af vegna hagræðingarstarfsemi samtaka vinnumarkaðarins 1 100 þús. kr., félagsdóms 330 þús. kr., jafnlaunaráðs 134 þús. kr., sáttanefnda í vinnudeilum 92 þús. kr., og tekinn er upp nýr liður, ríkisábyrgð á launum vegna gjaldþrota skv. nýjum lögum, 1 000 þús. kr.

999 **Ýmis framlög.** Þessi framlög hækka um 6 583 þús. kr., sem kemur þannig fram: Meðlög skv. lögum hækka um 5 500 þús. kr., Slysavarnarfélag Íslands 1 433 þús. kr. (tilkynningarskylda 755 þús. kr., og áætlaður hluti af vindlinga-

gjaldi hækkar um 678 þús. kr.), Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra 100 þús. kr., en framlag til neytendasamtakanna lækkar um 200 þús. kr., og út fellur liðurinn orlofsheimili húsmæðra í Gullbringu- og Kjósarsýslu og Keflavík, sem var 250 þús. kr. í fjárlögum 1974.

### 08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið.

271 **Tryggingastofnun ríkisins.** Framlög til almannatrygginganna undir þessum lið renna til lífeyristrygginga, slysatrygginga og sjúkratrygginga. Samtals hækka þessi framlög um 3 575 640 þús. kr. frá fjárlögum 1974, þar af lífeyristryggingar 1 598 600 þús. kr., slysatryggingar 166 500 þús. kr. og sjúkratryggingar 1 810 540 þús. kr. Af þessari heildarhækkun nemur hækkun lífeyristryggingagjalds atvinnurekenda 188 200 þús. kr. og hækkun slysatryggingagjalds sömu aðila 166 500 þús. kr., þannig að eiginlegt framlag ríkissjóðs hækkar um 3 220 940 þús. kr. Af hækkun framlags til lífeyristrygginga eru 14 100 þús. kr. vegna fjölskyldubóta. Við þann samanburð er tvenns að gæta. Í fyrsta lagi voru fjölskyldubætur vanáætlaðar í fjárlögum 1974 um 210 000 þús. kr., eins og getið hefur verið. Í öðru lagi eru bætur á hvert barn miðaðar við 20 000 kr. fram til 1. júní 1975 í samræmi við bráðabirgðalögin frá 24. september s. l., en frá þeim tíma og út árið við 15 000 kr. á hvert barn, eins og getið er um í athugasemdum við liðinn til ráðstafana í kjara- og verðlagsmálum.

Frá því að fjárlög 1974 voru samþykkt hafa verið gerðar ráðstafanir, sem áhrif hafa á framlög til almannatrygginganna, eða sem hér segir: Almennar bætur lífeyristrygginga voru hækkaðar til samræmis við verðlags- og launahækkanir um 25% 1. apríl og með lögum nr. 62 frá 21. maí 1974 voru felldar niður fjölskyldubætur með fyrsta barni hjá þeim framfærendum, er höfðu yfir 700 þús. kr. tekjur á næstliðnu ári, ef börn á framfæri eru fimm eða færri. Þá voru bætur lífeyristrygginga hækkaðar um 6% og tekjutryggingarviðmiðun um 10% með bráðabirgðalögum í september 1974 svo og fjölskyldubætur úr kr. 15 000 í kr. 20 000 með hverju barni. Útgjöld sjúkratrygginganna munu á hinn bóginn aukast vegna laga nr. 62/1974, einkum vegna ákvæða um greiðslu kostnaðar af vissum tannlæknisaðgerðum af sjúkratryggingum og einnig röntgenmynda- og lyfjakostnaðar. Nákvæm áætlun um útgjaldaauka af þessum sökum er ekki fyrir hendi, en gert var ráð fyrir, að þar yrði á jöfnuður við sparnað á fjölskyldubótum. Þá voru daggjöld á sjúkrahúsum hækkuð frá ársbyrjun, í maí og enn í september. Lífeyris- og slysatryggingaiðgjöld atvinnurekenda voru hækkuð í ársbyrjun umfram fjárlagaáætlun. Á eftirfarandi yfirliti er sýnd áætlun um heildarkostnað lífeyristrygginga árið 1975 og jafnframt samanburður við fjárlög 1974, í millj. kr.:

**Lífeyristryggingar 1974 og 1975.**

| | Fjárlög 1974 | Frumvarp 1975 | Hækkun |
|---|---|---|---|
| Ellilífeyrir | 2 522,1 | 3 573,2 | 1 051,1 |
| Örorkulífeyrir | 764,1 | 904,4 | 140,3 |
| Örorkubætur | 180,4 | 231,2 | 50,8 |
| Barnalífeyrir | 189,4 | 318,3 | 128,9 |
| Mæðralaun | 160,4 | 205,9 | 45,5 |
| Fæðingarstyrkur | 107,5 | 139,5 | 32,0 |
| Ekkjubætur og lífeyrir | 115,8 | 203,9 | 88,1 |
| | 4 039,7 | 5 576,4 | 1 536,7 |
| Fjölskyldubætur | 855,9 | 870,0 | 14,1 |
| | 4 895,6 | 6 446,4 | 1 550,8 |
| Kostnaður | 64,8 | 85,3 | 20,5 |
| Til varasjóðs | 98,5 | 125,8 | 27,3 |
| | 5 058,9 | 6 657,5 | 1 598,6 |
| Þar af hluti atvinnurekenda | 566,0 | 754,2 | 188,2 |
| Hluti ríkissjóð | 4 492,9 | 5 903,3 | 1 410,4 |

Sjúkratryggingaframlag ríkissjóðs hækkar sem fyrr segir um 1 810 540 þús. kr. og er þá miðað við daggjöld eftir síðustu hækkun, sem var í september. Er áætlun um kostnað við sjúkratryggingar 1975 sýnd á eftirfarandi yfirliti ásamt samanburði við fjárlög 1974, í millj. kr.:

**Sjúkratryggingar 1974 og 1975.**

| | Fjárlög 1974 | Frumvarp 1975 | Hækkun |
|---|---|---|---|
| Vistgjöld á sjúkrahúsum og hælum | 3 742 | 5 050 | 1 308 |
| Læknishjálp | 329 | 428 | 99 |
| Lyf | 444 | 562 | 118 |
| Dagpeningar | 140 | 352 | 212 |
| Ýmis sjúkrakostnaður | 223 | 424 | 201 |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | 79 | 153 | 74 |
| Til varasjóðs | 22 | 36 | 14 |
| | 4 979 | 7 005 | 2 026 |
| Framlag og útgjaldahluti ríkissjóðs: | | | |
| Innstæða í ársbyrjun | ÷ 837 | ÷ 1 025 | 188 |
| Útgjaldahluti | 4 576 | 6 487 | 1 911 |
| Framlag | 4 388 | 6 198 | 1 810 |
| Innstæða í árslok | ÷ 1 025 | ÷ 1 314 | 289 |

273 **Framlag til Atvinnuleysistryggingasjóðs.** Hækkun nemur 216 000 þús. kr., sem skýrist þannig, að atvinnuleysistryggingagjald atvinnurekenda hækkar um 72 000 þús. kr. og framlag ríkissjóðs um tvöfalda þá upphæð, eða 144 000 þús. kr.

312 **Blóðbankinn.** Kostnaður ríkissjóðs eykst um 5 367 þús. kr. Gert er ráð fyrir ráðningu líffræðings, meinatæknis og aðstoðarlæknis í hálft starf, samtals 2 358 þús. kr. Nettóhækkun á öðrum liðum er 3 009 þús. kr. vegna launa- og verðlagshækkana, en eigin tekjur hækka um 7 312 þús. kr.

371—375 **Ríkisspítalar.** Rekstrargjöld ríkisspítalanna, sem greidd eru af sjúkratryggingum á grundvelli daggjalda, eru í þessu frumvarpi ákvörðuð með tilliti til verðlagshækkana, sem orðið hafa frá áætlun síðustu fjárlaga og þeirrar starfsliðsaukningar, sem þar var heimiluð og kemur nú á allt árið. Ekki er gert ráð fyrir frekari starfsliðsaukningu. Framlög á þessum fjárlagaliðum eru til bygginga, og hækka þau um 34 800 þús. kr. Verða byggingarframlög í heild 178 000 þús. kr. og skiptast þannig á einstök sjúkrahús:

| | |
|---|---|
| Landspítalinn ..... | 152 000 |
| Fæðingardeild ..... | 20 000 |
| Kristneshæli ..... | 6 000 |
| | 178 000 |

Við Landspítalann er ætlað að verja 109 000 þús. kr. til byggingar geðdeildar, 18 000 þús. kr. til rannsóknastofa (bráðabirgðahúss), 15 000 þús. kr. til kaupa á röntgentækjum, 5 000 þús. kr. til ýmissa verkefna og 5 000 þús. kr. til stjórnunar, eftirlits o. fl. Þess skal getið, að á fjárhagsáætlun háskólans eru 25 000 þús. kr. til framkvæmda við nýbyggingu tannlæknaaðstöðu, rannsóknastofa o. fl. á lóð Landsspítalans. Við fæðingardeild eru áætlaðar 20 000 þús. kr. til að ljúka framkvæmdum þar, en sú tala mun nokkuð óviss og nákvæmar upplýsingar um endanlega fjárþörf ekki fyrir hendi við samningu fjárlagafrumvarps. Á Kristneshæli verður varið 6 000 þús. kr. til viðbyggingar við hælið.

381 **Til sjúkrahúsa og læknisbústaða.** Liðurinn hækkar um samtals 145 314 þús. kr., þar af rekstrarstyrkur til heilsuverndarstöðva 9 184 þús. kr., framlög til byggingar sjúkrahúsa og heilsugæzlustöðva 124 500 þús. kr., elliheimila 13 200 þús. kr., en framlög til byggingar læknisbústaða lækka um 1 570 þús. kr. Listi um einstakar framkvæmdir verður sendur fjárveitinganefnd, og mun svo sem venja hefur verið birtast sem fylgiskjal með fjárlögum 1975.

399 **Ýmis heilbrigðismál.** Framlög hækka um samtals 16 409 þús. kr., og eru helztu hækkunarliðir þessir: Krabbameinsfélag Íslands (vindlingagjald) 3 829 þús. kr. Minningarsjóður Landspítalans (samúðarskeyti) 1 900 þús. kr., matvælarannsóknir 1 768 þús. kr., ljósmæðralaun 1 652 þús. kr. og evrópska lyfjaskráin, sem er nýr liður, 123 þús. kr. Ýmsir aðrir liðir hækka um samtals 7 137 þús. kr.

471 **Gæzluvistarsjóður.** Framlag hækkar um 8 850 þús. kr., þar af 8 000 þús. kr. til byggingar drykkjumannahælis á Vífilsstöðum, styrkur til Bláa-bandsins 600 þús. kr. og til Verndar 250 þús. kr. Með þessari hækkun verður heildarframlag til byggingar drykkjumannahælisins 28 000 þús. kr., og á það að nægja til að ljúka framkvæmdum og kaupa búnað. Framlag til Bláa-bandsins verður 1 200 þús. kr. og til Verndar 500 þús. kr.

## 09 Fjármálaráðuneytið.

101 **Aðalskrifstofa.** Kostnaður eykst um 30 451 þús. kr. Starfsmannafjölgun veldur 3 566 þús. kr. beirrar hækkunar, en þar er um að ræða fulltrúa á yfirstjórn og fjóra skrifstofumenn í launadeild. Þetta starfsfólk hefur allt verið í starfi án sérstakrar fjárveitingar að undanskilinni stöðu eins skrifstofumanns í launadeild. Að öðru leyti hækkar launaliður um 12 572 þús. kr. og aðrir rekstrarliðir um 14 313 þús. kr. Þessar hækkanir eru nokkuð umfram eðlilegar launa- og verðlagshækkanir, en meginorsök þess er sú, að launadeild hefur í sífauknum mæli tekið að sér launaútreikninga fyrir stofnanir og fyrirtæki ríkisins, og veldur það auknum launakostnaði ásamt kostnaði við notkun skýrsluvéla.

103 **Ríkisbókhald.** Kostnaðarhækkun er 8 307 þús. kr. Fyrir utan ráðningu fulltrúa, 783 þús. kr., er að mestu um eðlilegar launa- og verðlagshækkanir að ræða, en á það skal bent, að ríkisbókhaldið hefur yfirtekið bókhald ýmissa ríkisstofnana að undanförnu.

104 **Ríkisféhirzla.** Hækkun á þessum lið nemur 3 641 þús. kr., þar af ráðning löglærðs fulltrúa í hlutastarf 609 þús. kr., en 3 032 þús. kr. stafa að eðlilegum launa- og verðlagshækkunum.

201—212 **Embætti ríkisskattstjóra og skattstofur.** Á þessum liðum verður samtals 77 589 þús. kr. hækkun. Launaliður hækkar um 52 876 þús. kr., þar af ráðning þriggja skattrannsóknarfulltrúa við embætti ríkisskattstjóra og afgreiðslustúlku og ritara í hálft starf hjá skattstjóranum í Hafnarfirði 3 836 þús. kr. Önnur hækkun á launalið, 49 040 þús. kr., á rætur að rekja til kjarasamninganna og verðlagsuppbótar. Aðrir rekstrarliðir hækka um 24 713 þús. kr., eða 35,7%, sem er innan marka verðlagshækkana.

381 **Uppbætur á lífeyri.** Þessi liður hækkar um 149 296 þús. kr., eða 60,8%. Hækkunin á annars vegar rætur að rekja til verðlagsuppbóta á eftirlaun og hins vegar til vanáætlunar launadeildar í fjárlögum 1974.

481 **Útgjöld skv. sérstökum lögum og heimildarlögum.** Tekið er inn 150 000 þús. kr. framlag á þessum lið í stað 5 000 þús. kr. á undanförnum árum. Reynslan hefur sýnt, að nauðsynlegt er að hækka þennan lið mjög verulega, því að 6. gr. fjárlaganna felur jafnan í sér veruleg útgjöld úr ríkissjóði, og hið sama á við ýmsar lagasetningar Alþingis, sem ekki er vitað um við afgreiðslu fjárlaga viðkomandi árs.

971 **Ríkisábyrgðasjóður.** Framlag hækkar um 25 000 þús. kr. og verður í heild 100 000 þús. kr.

981 **Sameiginleg skrifstofubygging við Grensásveg.** Tekin er inn 40 000 þús. kr. fjárveiting til að byggja ofan á húseign ríkisins við Grensásveg 9, þar sem Sala varnarliðseigna hefur aðsetur. Er ætlað, að þar fái aðsetur ýmsar ríkisstofnanir, sem nú eru í leiguhúsnæði víðs vegar um borgina, og hefur verið rætt um Rafmagnseftirlit ríkisins, Öryggiseftirlit, Löggildingastofu og Brunamálastofnun í þessu sambandi. Ýmsar aðrar stofnanir munu rúmast þar, þegar byggingin er fullgerð. Um er að ræða tvær hæðir, samtals 3 300 m², og er kostnaðaráætlun 120 000 þús. kr., en ráðgert er að ljúka byggingunni á þremur árum. Með nokkuð jöfnum árlegum fjárveitingum yrði unnt að gera húsið fokhelt og loka því á fyrsta ári, taka helming hússins í notkun á öðru ári og fullljúka því á þriðja ári. Kostnaður við þessa byggingu er tiltölulega mjög lágur, m. a. vegna þess að undirstöður, lagnir í grunni og lóðarlögun eru að nokkru fyrir hendi.

998 **Til ráðstafana í kjara- og verðlagsmálum.** Eins og kunnugt er lýkur gildistíma bráðabirgðalaganna frá 24. september s. l. í lok maímánaðar 1975. Þessi lög innihalda m. a. ákvæði þess efnis, að niðurgreiðslur og fjölskyldubætur skuli vera á vissu lágmarksstigi til þess tíma. Í viðræðum ríkisstjórnarinnar við aðila vinnumarkaðarins um ráðstafanir þær, er fólust í bráðabirgðalögunum, var fallið frá þeirri ætlan að lækka niðurgreiðslur um helming þeirrar hækkunar, sem gerð var í maí s. l., og þess í stað voru niðurgreiðslurnar lækkaðar um fjórðung. Þá var ákveðið að hækka fjölskyldubætur með hverju barni úr 15 000 kr. í 20 000 kr. á gildistíma laganna. Eins og greint er frá hér á eftir, er í þessu frumvarpi miðað við það, að niðurgreiðslur verði lækkaðar um fjórðung júníhækkunarinnar, þegar bráðabirgðalögin falla úr gildi, og á sama hátt er gert ráð fyrir, að fjölskyldubætur verði færðar til fyrra horfs, og fjárveitingar á viðkomandi fjárlagaliðum við það miðaðar. Á þessu stigi er þó ekki tekin ákvörðun um, að þessi háttur verði á hafður, og er því tekin á þennan fjárlagalið jafnhá fjárhæð og sparast

myndi við lækkun niðurgreiðslna og fjölskyldubóta eftir 1. júní 1975, eða samtals 500 000 þús. kr. Ef ástæða þykir til, verður þessi fjárveiting þannig til ráðstöfunar vegna aðgerða í kjara- og verðlagsmálum í því formi, sem þær kynnu að taka.

999 **Ýmislegt.** Á þessum lið kemur fram 292 908 þús. kr. lækkun, sem skýrist þannig: Liðurinn óviss útgjöld lækkar um 400 900 þús. kr., sem ætlað var að stæði undir þeim útgjaldaauka, er stafa myndi af væntanlegum kjarasamningum, en eftir standa 10 000 þús. kr. til ýmissa óvissra útgjalda. Þá lækkar áætlaður kostnaður við kjarasamninga um 2 320 þús. kr. Hækkanir verða á eftirtöldum liðum sem hér segir: Áætlað framlag til togaralána 38 900 þús. kr., símakostnaður stjórnarráðsins 11 714 þús. kr., lífeyrissjóður bænda 11 500 þús. kr. lífeyrissjóður verkalýðsfélaga 9 000 þús. kr., dómkröfur og málskostnaður 7 680 þús. kr. og kostnaður við próf löggiltra endurskoðenda 518 þús. kr. Þá eru teknir inn þrír nýir liðir: Laxárvirkjun vegna yfirtöku lána 22 000 þús. kr., kostnaður vegna milliþinganefnda 5 000 þús. kr. og orlofsheimili BHM 4 000 þús. kr.

## 10 Samgönguráðuneytið.

211 **Vegagerð.** Heildarútgjöld vegagerðar eru hin sömu og ráðgerð voru í þingsályktunartillögu um vegáætlun 1974—1977, sem lögð hefur verið fyrir þingið, en hefur ekki hlotið afgreiðslu. Eru útgjöld áætluð samtals 3 240 199 þús. kr. Eins og að hefur verið vikið hér að framan, er fyrirsjáanlegt, að gjöld vegagerðar munu á þessu ári fara langt fram úr áætlun fjárlaga 1974, og samkvæmt áætlun, sem fyrir liggur frá vegagerðinni, má búast við, að heildargjöldin verði svipuð og gert er ráð fyrir í þessu frumvarpi. Eftirfarandi yfirlit sýnir fjármögnun vegaútgjalda árið 1975 í þús. kr.:

| | |
|---|---|
| Innflutningsgjald af benzíni, nettó | 1 751 000 |
| Bifreiðaskattur | 395 000 |
| Gúmmígjald | 99 000 |
| Fastir tekjustofnar, samtals | 2 245 000 |
| Framlag ríkissjóðs | 380 000 |
| Framlag ríkissjóðs til að halda uppi byggð og gistingu fyrir ferðamenn | 2 580 |
| Sérstök innlend lántaka til Austur- og Norðurlandsáætlana | 403 500 |
| Lán vegna Skeiðarársands | 116 000 |
| Lán vegna Djúpvegar | 64 000 |
| Lán til annarra vegaframkvæmda | 34 500 |
| | 3 245 580 |
| Frá dregst: Endurgreiðsla vélakaupaláns | 5 381 |
| Til ráðstöfunar | 3 240 199 |

Hér er gert ráð fyrir, að landshlutaáætlanir í vegamálum verði fjármagnaðar með sérstakri lánsfjáröflun innan lands. Þá hefur komið í ljós, að vegna verðhækkana er nauðsynlegt að afla 116 000 þús. kr. til Skeiðarársandsvegar umfram þær heimildir, sem fyrir hendi eru. Verður heildarkostnaður við veginn þá 852 000 þús. kr. Rétt er að geta þess, að endurgreiðslur vegalána úr ríkissjóði á árinu 1975 eru áætlaðar 654 000 þús. kr., og til samanburðar eru tekjur ríkissjóðs af innflutningsgjaldi af bifreiðum áætlaðar 635 000 þús. kr.

321 **Strandferðir.** Framlag hækkar um 32 507 þús. kr. vegna Skipaútgerðar ríkisins. Er þá jafnframt miðað við það, að far- og farmgjöld verði hækkuð um

40%, en kjarasamningarnir ásamt olíuverðshækkun leggjast þungt á rekstur skipaútgerðarinnar.

331 **Vita- og hafnamál, aðalskrifstofa.** Kostnaður eykst um 4 222 þús. kr. Er þá gert ráð fyrir ráðningu tæknifræðings 843 þús. kr., en aðrar hækkanir stafa af eðlilegum launa- og verðlagshækkunum.

333 **Hafnamál.** Framlög til hafnamála hækka um samtals 68 151 þús. kr., og kemur sú hækkun þannig fram: Hafnarframkvæmdir og lendingarbætur hækka um 89 000 þús. kr. og verða samtals 533 000 þús. kr., framkvæmdir við landshafnir aukast um 107 000 þús. kr., þ. e. Þorlákshöfn 125 000 þús. kr. og verður í heild 350 000 þús. kr., en ekki er gert ráð fyrir framkvæmdum í Njarðvík og Rifi, sem voru samtals 18 000 þús. kr. í fjárlögum 1974. Af heildarframkvæmdum í Þorlákshöfn verða 210 000 þús. kr. fjármagnaðar með lántöku hjá Alþjóðabankanum í Washington og 140 000 þús. kr. verða beint ríkissjóðsframlag. Framlag til hafnabótasjóðs hækkar um 10 700 þús. kr., lánagreiðslur vegna landshafna um 29 226 þús. kr. og kostnaður við hafnarannsóknir og mælingar um 1 225 þús. kr. Á hinn bóginn fellur niður ríkishluti kostnaðar vegna sérstakra hafnarframkvæmda í Njarðvík og Höfn í Hornafirði, sem var samtals 169 000 þús. kr. í fjárlögum 1974.

471 **Flugmálastjórn.** Framlag hækkar um 109 269 þús. kr. þar af 93 999 þús. kr. vegna rekstrar, 3 270 þús. kr. vegna lánagreiðslna og 12 000 þús. kr. vegna framkvæmda. Rekstrarframlagið hækkar að mestum hluta vegna eðlilegra launa- og verðlagshækkana, en þó er gert ráð fyrir ráðningu eins fulltrúa, 914 þús. kr. Framkvæmdaframlag verður í heild 184 000 þús. kr. og skiptist þannig í meginatriðum, í þús. kr.:

| | |
|---|---|
| Reykjavík, malbikun, endurnýjun tækja o. fl. | 30 000 |
| Súgandafjörður, framhald flugvallargerðar | 5 000 |
| Sauðárkrókur, lenging flugbrautar, flugstöðvarbygging (undirbún.), aðflugskerfi o. fl. | 39 500 |
| Egilsstaðir, ný flugbraut við Snjóholt (1. áf.) | 30 000 |
| Hornafjörður, flugstöðvarbygging (undirbún.) | 9 000 |
| Vestmannaeyjar, ljósabúnaður og flugstöðvarbygging (undirbún.) | 15 000 |
| Sjúkraflugvellir | 12 000 |
| Fjarlægðarmælitæki fyrir fjölstefnuvita | 10 000 |
| Tækjabúnaður flugvalla | 20 000 |
| Mælitæki og búnaður radíóverkstæða | 1 500 |
| Óráðstafað | 12 000 |
| | 184 000 |

651 **Ferðamál.** Liðurinn hækkar um 7 342 þús. kr., þar af ferðamálaráð 1 042 þús. kr., framlag til að bæta hreinlætisaðstöðu á fjölsóttum ferðamannastöðum 460 þús. kr., og inn er tekin fjárveiting til ferðamálakönnunar 5 840 þús. kr.

## 11 Iðnaðarráðuneytið.

101 **Aðalskrifstofa.** Hér er tekin inn fjárveiting vegna eins fulltrúa, sem verið hefur í starfi, 843 þús. kr., eðlilegar launa- og verðlagshækkanir nema 5 044 þús kr., samtals 5 887 þús. kr.

201 **Iðnþróunarstofnun Íslands.** Framlag hækkar um 8 837 þús. kr., þar af 2 864 þús. kr. vegna ráðningar deildarverkfræðings, verkfræðings og viðskiptafræðings og 5 973 þús. kr. vegna eðlilegra launa- og verðlagshækkana.

202 **Rannsóknastofnun iðnaðarins.** Kostnaður hækkar um 10 106 þús. kr. nettó (eigin tekjur hækka um 1 000 þús. kr.). Fyrir utan ráðningu efnaverkfræðings 914 þús. kr. á hækkunin rætur að rekja til launa- og verðlagshækkana.

203 **Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins.** Kostnaðarhækkun ríkissjóðs er 11 256 þús. kr., þar af ráðning þriggja rannsóknamanna 2 079 þús. kr., en annað eru eðlilegar hækkanir. Eigin tekjur hækka um 2 000 þús. kr.

233 **Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.** Framlag hækkar um 27 000 þús. kr. og verður 42 000 þús. kr. vegna vélakaupa og innréttinga í nýkeyptu húsnæði fyrirtækisins.

235 **Fyrirtæki og stofnanir.** Á þessum lið verður 103 000 þús. kr. hækkun, þar af 3 000 þús. kr. vegna útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins og 100 000 þús. kr. vegna þangverksmiðju á Reykhólum, sem er nýr liður. Þessi fjárhæð skiptist þannig, að 15 000 þús. kr. er hlutafjárframlag, raforkuframkvæmdir eru áætlaðar 12 000 þús. kr., hafnargerð 63 000 þús. kr. og jarðhitaframkvæmdir 10 000 þús. kr. Með þessu móti yrði heildarkostnaður við þangverksmiðjuna samkvæmt þeim áætlunargögnum, sem unnt var að afla, 275 500 þús. kr., þar af hlutafjárframlag 60 000 þús. kr., raforkuframkvæmdir 46 500 þús. kr., vegagerð 22 500 þús. kr., jarðhitaframkvæmdir 51 500 þús. kr. og hafnarframkvæmdir 95 000 þús. kr.

299 **Iðja og iðnaður, framlög.** Þessi framlög hækka um 11 100 þús. kr. Kostnaður við viðræðunefnd um orkufrekan iðnað hækkar um 3 000 þús. kr., kostnaður við iðnráð og aðra starfsemi á sviði iðnaðar 250 þús. kr., en mótframlag vegna tækniaðstoðar S.Þ. (UNIDO) lækkar um 400 þús. kr. Þá fellur út liðurinn líffræðileg rannsókn við Laxá og Mývatn, sem var 2 000 þús. kr. í fjárlögum 1974, og inn eru teknir þrír nýir liðir: Mótframlag vegna tækniaðstoðar S.Þ. (UNDP) 5 200 þús. kr., norræni iðnaðarsjóðurinn 2 650 þús. kr. og framlag til landgræðslusjóðs vegna vatnstöku í þágu álverksmiðjunnar í Straumsvík 2 400 þús. kr.

301 **Orkustofnun.** Framlag á þessum lið hækkar um 106 012 þús. kr., en við þann samanburð er þess að gæta, að í meðförum þingsins við afgreiðslu fjárlaga 1974 voru lántökur, sem verja átti til orkurannsókna, færðar á úthlið lánahreyfinga í stað rekstrargjalda stofnunarinnar. Hér var um að ræða 74 000 þús. kr., þannig að raunverulega er um að ræða 32 012 þús. kr. hækkun. Er miðað við, að allur rannsóknakostnaður verði fjármagnaður með beinum fjárveitingum, en ekki með lántökum. Af einstökum verkefnum jarðhitadeildar skulu nefnd djúpborun á Hengilssvæðinu og rannsóknir á Svartsengi, Torfajökli, Hveragerði og Kröflu — Námafjallssvæðinu. Verkefni raforkudeildar á sviði virkjunarrannsókna taka m. a. til Blöndu, Skagafjarðar, Austurlands, Vestfjarða, Dettifoss og línurannsókna á Sprengisandi.

311 **Landsvirkjun, eiginfjárframlag.** Um er að ræða 62 000 þús. kr. framlag skv. samkomulagi eignaraðila með hliðsjón af framkvæmdum við Sigöldu.

371 **Orkusjóður, framlag.** Hækkun nemur 394 470 þús. kr., sem kemur þannig fram: verðjöfnunargjald skv. nýjum lögum 370 000 þús. kr., lánagreiðslur 25 470 þús. kr. en ríkissjóðsframlag til rafvæðingar í sveitum lækkar um 1 000 þús. kr. og verður 50 000 þús. kr. Til þess verkefnis er auk þess ráðgert að afla 60 000 þús. kr. lánsfjár, þannig að til ráðstöfunar verða 110 000 þús. kr. Þegar hefur verið gerð grein fyrir skiptingu þess fjármagns í athugasemdum við úthlið lánahreyfinga hér að framan.

## 12 Viðskiptaráðuneytið.

201 **Niðurgreiðslur á vöruverði.** Þessi liður inniheldur bæði niðurgreiðslur á vöruverði og framlag neytenda í lífeyrissjóð bænda. Nemur hækkun á liðnum í heild 2 170 000 þús. kr., þar af niðurgreiðslur 2 144 000, sem verða samtals 3 534 000 þús. kr., og framlag í lífeyrissjóð 26 000 þús. kr. og verður 134 000 þús. kr. Niðurgreiðslur eru í þessu frumvarpi miðaðar við núgildandi stig fram til 1. júní 1975 í samræmi við bráðabirgðalögin frá 24. sept. s. l. Á tímabilinu júní—desember 1975 er hins vegar miðað við, að þær verði 12½% lægri, sbr. það, sem sagt er hér að framan um liðinn til ráðstafana í kjara- og verðlagsmálum. Eftirfarandi yfirlit sýnir, hvernig niðurgreiðslurnar skiptast á einstakar vörutegundir:

| Vörutegund | Áætlað sölumagn | Niðurgreiðsla pr. einingu | Ársútgjöld millj. kr. |
|---|---|---|---|
| Dilkakjöt | 9 000 tonn | kr. 151,30 | 1 362 |
| Ærkjöt | 1 300 — | — 85,00 | 111 |
| Geymslukostnaður kjöts | | | 180 |
| Mjólk frá mjólkurbúum | 47,5 millj. l | — 27,05 | 1 285 |
| Heimamjólk | 1,0 — - | — 21,45 | 21 |
| Rjómi | 1,3 — - | — 70,00 | 91 |
| Smjör | 1 650 tonn | — 377,00 | 622 |
| Ostur 45% | 550 — | — 90,00 | 50 |
| Ostur 30% | 500 — | — 45,00 | 23 |
| Kartöflur | 10 000 — | — 12,80 | 128 |
| Geymslukostnaður kartaflna | | | 11 |
| | | | 3 884 |
| Lækkun 1. júní 1975 | | | 350 |
| | | | 3 534 |

## 14 Ríkisendurskoðun.

101 **Aðalskrifstofa.** Kostnaður eykst um 11 807 þús. kr., þar af ráðning skrifstofustúlku 581 þús. kr., en að öðru leyti er um að ræða eðlilegar launa- og verðlagshækkanir.

## 15 Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

181 **Ríkisbifreiðar, framlag.** Hækkun á þessum lið nemur 2 000 þús. kr. og verður 7 000 þús. kr., en framlagið hefur verið óbreytt í tvö ár.

191 **Ýmis lán ríkissjóðs.** Þessi liður var áður á fjárlagalið 109 991, en að ráði hefur orðið, að fjárlaga- og hagsýslustofnun annist framvegis lánamál ríkisins. Liðurinn, sem inniheldur áætlaðar vaxtagreiðslur ríkissjóðs, hækkar um 300 647 þús. kr. frá fjárlögum 1974. Stafar hækkunin af aukningu lána 119 047 þús. kr., vísitölubótum 141 100 þús. kr., gengisfellingunni 25 500 þús. kr. og vaxtahækkunum 15 000 þús. kr.

**Fylgiskjal**

**Skýringar við talnalykil fjárlagafrumvarps 1975.**

Eins og ljóst er af lestri frumvarpsins, hefur verið gerður sérstakur talnalykill til að merkja ráðgerðar fjárveitingar í frumvarpinu á sambærilegan hátt. Þessi talnalykill kann að virðast flókinn við fyrstu sýn og þarfnast því nokkurra skýringa.

Talnalykillinn miðar að því, að hver greiðsla, sem ráðgert er að heimila í frumvarpinu, sé tölumerkt þannig, að af talnamerkingunni einni saman megi ráða eftirtalin atriði:

Hvort greiðsla tilheyri A- eða B-hluta fjárlagafrumvarps.
Hvaða ráðuneyti greiðslan heyrir til.
Hvaða stofnun greiðslan heyrir til.
Hvaða viðfangsefni greiðslan heyrir til, ef við á.
Hvers eðlis greiðslan er (rekstrargjöld, rekstrartekjur, inn- eða útborgun lána eða fjármunahreyfingar).
Ef um er að ræða rekstrarútgjöld, þá hvaða tegund útgjalda um er að ræða.

Talnalykillinn, sem notaður er til að ná þessu markmiði, hefur 11 tölustafi eða sæti:

| Sæti: | 1 | 2—3 | 4—6 | 7—8 | 9 | 10—11 | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | x | xx | xxx | xx | x | xx | |
| Dæmi: | 1 | 04 | 286 | 08 | 0 | 93 | 80 000 |

Hér er um að ræða 80 m.kr. fjárveitingu.

1 í fremsta sæti merkir, að hér sé um að ræða A-hluta frumvarpsins.
04 í 2. og 3. sæti merkir, að fjárveitingin heyri til landbúnaðarráðuneyti.
286 í 4.—6. sæti er númer stofnunar, í þessu tilfelli gervistofnunar, sem heitir landbúnaður, framlög.
08 í 7.—8. sæti er viðfangsefnanúmer undir „stofnun“ nr. 286 og heitir: Til framræslu.
0 í 9. sæti merkir, að hér sé um að ræða rekstrarútgjöld.
9 í 10. sæti merkir, að tegund útgjalda sé yfirfærsla.
3 í 11. sæti merkir, að yfirfærslan sé yfirfærsla til fyrirtækja og atvinnuvega.

Í heild er talnalykillinn þannig:

| | Númer | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | x | xx | xxx | xx | x | xx | |
| Sæti 1: | 1 | | | | | | A-hluti frumvarps. |
| | 2 | | | | | | B-hluti frumvarps. |
| Sæti 2—3: | | 00 | | | | | Æðsta stjórn ríkisins. |
| | | 01 | | | | | Forsætisráðuneytið. |
| | | 02 | | | | | Menntamálaráðuneytið. |
| | | 03 | | | | | Utanríkisráðuneytið. |
| | | 04 | | | | | Landbúnaðarráðuneytið. |
| | | 05 | | | | | Sjávarútvegsráðuneytið. |
| | | 06 | | | | | Dóms- og kirkjumálaráðuneytið. |
| | | 07 | | | | | Félagsmálaráðuneytið. |
| | | 08 | | | | | Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið. |
| | | 09 | | | | | Fjármálaráðuneytið. |
| | | 10 | | | | | Samgönguráðuneytið. |
| | | 11 | | | | | Iðnaðarráðuneytið. |
| | | 12 | | | | | Viðskiptaráðuneytið. |
| | | 13 | | | | | Hagstofa Íslands. |
| | | 14 | | | | | Ríkisendurskoðun. |
| | | 15 | | | | | Fjárlaga- og hagsýslustofnun. |
| Sæti 4—6: | | | xxx | | | | Stofnananúmer. Um lykilnúmer þessi undir hverju ráðuneyti vísast til efnisyfirlits og frumvarpsins sjálfs. |
| Sæti 7—8: | | | | xx | | | Viðfangsefnanúmer stofnunar. |
| Sæti 9: | | | | | 0 | | Rekstrargjöld. |
| | | | | | 1 | | Rekstrartekjur. |
| | | | | | 3 | | Lánahreyfingar út[1]). |
| | | | | | 4 | | Lánahreyfingar inn[1]). |
| Sæti 10: | | | | | (0) | 1 | Laun. |
| | | | | | | 2 | Önnur rekstrargjöld. |
| | | | | | | 27 | Viðhald. |
| | | | | | | 7 | Vextir. |
| | | | | | | 8 | Gjaldfærður stofnkostnaður[2]). |
| | | | | | | 9 | Yfirfærslur. |
| | | | | | (1) | 1 | Seldar vörur og þjónusta[3]). |
| | | | | | | 3 | Vaxtatekjur[3]). |
| | | | | | | 8 | Framlög úr ríkissjóði[3]). |
| | | | | | | 9 | Aðrar tekjur[3]). |
| | | | | | | | Í frumvarpinu er ekki gerð frekari skipting nema á yfirfærslum. |
| Sæti 11: | | | | | (0) | (9)1 | Yfirfærslur til fyrirtækja í B-hluta. |
| | | | | | | 2 | — — sveitarfélaga. |
| | | | | | | 3 | — — fyrirtækja og atvinnuvega. |
| | | | | | | 4 | — — einstaklinga, heimila og samtaka. |

1) Í B-hluta merkja þessar tölur fjármunahreyfingar út (fjárfestingar auk lánahreyfinga) og inn (þ. á m. afskriftir).
2) Í B-hluta standa 6 í 10. sæti fyrir hráefni og vörur til endursölu og 8 í sama sæti fyrir afskriftir.
3) Þessi skipting er einungis notuð í B-hluta.

Í reikningshaldi er reiknað með lengri talnalykli, sem gerir frekari sundurliðun útgjalda mögulega.

Dæmi: 1 02 321 xx 027.

Kennaraháskóli Íslands, viðhaldskostnaður. Viðfangsefnasundurliðun er ekki til og á raunar ekki við.

Dæmi: 1 03 401 01 94.

Alþjóðastofnanir, tillag til Sameinuðu þjóðanna, yfirfærsla til samtaka.

**Notagildi talnalykilsins.**

Í fjárlagafrumvarpinu er notagildi talnalykilsins aðallega fólgið í því, hversu aðgengilegt er að vísa til hverrar stofnunar og fjárveitingar.

Samræmd merking greiðslutegunda auðveldar sömuleiðis gerð heildaryfirlita mismunandi tegunda tekna og gjalda stofnana og fyrirtækja.

## Skrá yfir stofnanir og sjóði í stafrófsröð.

### A-HLUTI

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 1 | 07 | 999 | 01 | Aðstoð við blinda |
| 1 | 03 | 399 | 01 | Aðstoð við þróunarlöndin |
| 1 | 05 | 274 | | Aflatryggingasjóður |
| 1 | 06 | 253 | | Almannavarnir |
| 1 | 02 | 981 | | Almenningsbókasöfn |
| 1 | 00 | 201 | | Alþingi |
| 1 | 03 | 101 | 03 | Alþjóðaráðstefnur, þátttaka |
| 1 | 06 | 301 | 04 | Alþjóðasamvinna, þjóðkirkjan |
| 1 | 02 | 999 | 22 | Alþjóðaskákmót, styrkur |
| 1 | 03 | 401 | | Alþjóðastofnanir |
| 1 | 07 | 981 | 07 | Alþýðusamb. Ísl., vegna Menningar- og fræðslusambands alþýðu |
| 1 | 07 | 981 | 08 | Alþýðusamband Íslands, vegna alþýðuorlofs |
| 1 | 02 | 605 | | Alþýðuskólinn á Eiðum |
| 1 | 02 | 999 | 47 | American Field Service |
| 1 | 05 | 299 | 13 | Athugun á notkun svartolíu í dísilskipum |
| 1 | 08 | 273 | | Atvinnuleysistryggingasjóður, framlag |
| 1 | 06 | 301 | 34 | Auðkúlukirkja |
| 1 | 06 | 284 | | Áfengis- og fíkniefnamál |
| 1 | 08 | 481 | 02 | Áfengisvarnir |
| 1 | 06 | 301 | 06 | Álag vegna afhendingar kirkna |
| 1 | 05 | 202 | 13 | Árni Friðriksson, R/S RE 100 |
| 1 | 02 | 988 | 07 | Bandalag íslenskra farfugla |
| 1 | 02 | 982 | 06 | Bandalag íslenskra leikfélaga |
| 1 | 02 | 982 | 20 | Bandalag íslenskra listamanna |
| 1 | 02 | 982 | 16 | Bandalag ísl. listamanna, til að standa straum af myndlistarsýningum utanlands og innan |
| 1 | 02 | 999 | 24 | Bandalag íslenskra skáta, hjálparsveitir |
| 1 | 02 | 988 | 05 | Bandalag íslenskra skáta, styrkur |
| 1 | 07 | 981 | 12 | Bandalag starfsmanna ríkis og bæja |
| 1 | 07 | 999 | 02 | Barnaheimilið Sólheimar í Grímsnesi |
| 1 | 02 | 982 | 03 | Barnamúsikskólinn í Reykjavík |
| 1 | 02 | 802 | 02 | Barnaverndarráð |
| 1 | 02 | 999 | 25 | Barnavinafélagið Sumargjöf |
| 1 | 08 | 392 | | Berklavarnir |
| 1 | 06 | 252 | 03 | Bifreiða- og ökukennaranámskeið |
| 1 | 06 | 252 | | Bifreiðaeftirlit |
| 1 | 08 | 481 | | Bindindisstarfsemi |
| 1 | 06 | 301 | 08 | Biskups- og prestabókasöfn |
| 1 | 06 | 301 | 17 | Biskupsbústaður |
| 1 | 07 | 972 | | Bjargráðasjóður |
| 1 | 05 | 202 | 12 | Bjarni Sæmundsson, R/S RE 130 |
| 1 | 08 | 471 | 03 | Bláa bandið |
| 1 | 07 | 999 | 27 | Blindrafélagið, styrkur |
| 1 | 02 | 999 | 26 | Blindrastarfsemi |
| 1 | 02 | 999 | 46 | Blindravinafélag Íslands vegna ferða um landið |
| 1 | 02 | 999 | 27 | Blindravinafélag Íslands vegna rekstrar blindraskóla |

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1 | 08 | 312 | Blóðbankinn |
| 1 | 08 | 399 29 | Blóðrannsóknir ungbarna |
| 1 | 09 | 999 03 | Blöðin |
| 1 | 06 | 203 | Borgardómaraembætti |
| 1 | 06 | 204 | Borgarfógetaembætti |
| 1 | 02 | 581 03 | Bréfaskóli SÍS og ASÍ |
| 1 | 07 | 951 | Brunamálastofnun ríkisins |
| 1 | 04 | 286 14 | Búfjárrækt skv. lögum nr. 31/1973 |
| 1 | 04 | 286 05 | Búfjártryggingar skv. lögum nr. 20/1943 |
| 1 | 04 | 201 | Búnaðarfélag Íslands |
| 1 | 04 | 299 15 | Búnaðarsamband Suðurlands, tilraunastöð |
| 1 | 06 | 301 32 | Búrfellskirkja í Grímsnesi |
| 1 | 01 | 171 | Byggðasjóður, framlag |
| 1 | 02 | 762 | Bygging grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra |
| 1 | 08 | 381 03 | Bygging sjúkrahúsa, sjúkraskýla, læknamiðstöðva, elliheimila og læknabústaða, annarra en ríkissjúkrahúsa |
| 1 | 06 | 301 13 | Byggingaeftirlit þjóðkirkjunnar |
| 1 | 06 | 301 16 | Byggingar á prestssetrum |
| 1 | 05 | 271 | Byggingarsjóður hafrannsóknaskips |
| 1 | 02 | 977 | Byggingarsjóður þjóðarbókhlöðu |
| 1 | 07 | 271 05 | Byggingasjóðsgjald, til Byggingasjóðs ríkisins |
| 1 | 02 | 276 | Byggingasjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna |
| 1 | 07 | 272 | Byggingasjóður verkamanna |
| 1 | 06 | 212 | Bæjarfógetinn, Akranesi |
| 1 | 06 | 217 | Bæjarfógetinn, Bolungarvík |
| 1 | 06 | 237 | Bæjarfógetinn, Kópavogi |
| 1 | 06 | 228 | Bæjarfógetinn, Neskaupstað |
| 1 | 06 | 224 | Bæjarfógetinn, Ólafsfirði |
| 1 | 06 | 223 | Bæjarfógetinn, Siglufirði |
| 1 | 06 | 233 | Bæjarfógetinn, Vestmannaeyjum |
| 1 | 04 | 504 | Bændaskóli á Suðurlandi |
| 1 | 04 | 502 | Bændaskólinn á Hólum |
| 1 | 04 | 501 | Bændaskólinn á Hvanneyri |
| 1 | 08 | 399 07 | Daggjaldanefnd |
| 1 | 02 | 800 | Dagheimili fyrir fjölfötluð börn |
| 1 | 02 | 803 | Dagvistunarheimili |
| 1 | 09 | 999 06 | Dómkröfur og málskostnaður |
| 1 | 06 | 101 | Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, aðalskrifstofa |
| 1 | 06 | 281 | Dómsmál, ýmis kostnaður |
| 1 | 06 | 238 | Dómstóll og rannsóknadeild í ávana- og fíkniefnamálum |
| 1 | 05 | 202 15 | Dröfn, R/S RE 135 |
| 1 | 04 | 247 07 | Dýralæknabústaðir, bygging |
| 1 | 02 | 999 64 | Dýrasafn, íslenskt |
| 1 | 02 | 999 29 | Dýraverndunarfélag Íslands |
| 1 | 04 | 299 13 | Efnarannsóknastofa Norðurlands |
| 1 | 06 | 301 09 | Eftirlaun presta og prestsekkna, viðbót |
| 1 | 09 | 382 | Eftirlaun samkvæmt launalögum |
| 1 | 06 | 206 05 | Eftirlit á vegum |
| 1 | 05 | 299 03 | Eftirlit með hvalvinnslustöðvum |
| 1 | 06 | 206 06 | Eftirlit með vínveitingahúsum |
| 1 | 06 | 247 | Eftirlitsstofnun með brotamönnum |
| 1 | 04 | 299 06 | Einangrunarstöð holdanauta |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 1 | 08 | 399 | 05 | Eiturefnanefnd |
| 1 | 00 | 101 | | Embætti forseta Íslands |
| 1 | 09 | 201 | | Embætti ríkisskattstjóra |
| 1 | 06 | 211 | | Embætti sýslumanna og bæjarfógeta |
| 1 | 04 | 247 | | Embætti yfirdýralæknis |
| 1 | 07 | 952 | | Endurhæfingarráð |
| 1 | 02 | 101 | 03 | Endurskoðun námsefnis |
| 1 | 07 | 971 | | Erfðafjársjóður, framlag |
| 1 | 02 | 881 | 03 | Erlendir námsmenn í íslenskum skólum, styrkir |
| 1 | 08 | 399 | 04 | Evrópska lyfjaskráin |
| 1 | 06 | 283 | 05 | Fangahjálp |
| 1 | 06 | 206 | 04 | Fangaklefar lögreglunnar í Reykjavík |
| 1 | 06 | 283 | | Fangamál, ýmis kostnaður |
| 1 | 06 | 244 | | Fangelsi í Síðumúla |
| 1 | 03 | 312 | | Fastanefnd Íslands hjá EFTA í Genf |
| 1 | 03 | 309 | | Fastanefnd Íslands hjá S.Þ. |
| 1 | 09 | 402 | | Fasteignamat |
| 1 | 01 | 101 | 03 | Fálkaorðan |
| 1 | 07 | 999 | 03 | Fávitahælið í Skálatúni |
| 1 | 02 | 989 | 04 | Ferðakennsla í íþróttum |
| 1 | 10 | 651 | | Ferðamál |
| 1 | 10 | 651 | 06 | Ferðamálakönnun |
| 1 | 10 | 651 | 02 | Ferðamálaráð |
| 1 | 10 | 651 | 03 | Ferðamálasjóður |
| 1 | 10 | 673 | | Ferðaskrifstofa ríkisins |
| 1 | 10 | 333 | 04 | Ferjubryggjur |
| 1 | 04 | 299 | 10 | Félag áhugamanna um fiskrækt |
| 1 | 07 | 981 | 02 | Félagsdómur |
| 1 | 02 | 985 | | Félagsheimilasjóður |
| 1 | 07 | 101 | | Félagsmálaráðuneytið, aðalskrifstofa |
| 1 | 02 | 881 | 12 | Félagsstofnun stúdenta |
| 1 | 05 | 201 | | Fiskifélag Íslands |
| 1 | 05 | 211 | | Fiskmat ríkisins |
| 1 | 05 | 299 | 06–07 | Fiskveiðasjóður |
| 1 | 02 | 518 | | Fiskvinnsluskólinn |
| 1 | 06 | 284 | 04 | Fíkniefnanefnd |
| 1 | 15 | 101 | | Fjárlaga- og hagsýslustofnun, aðalskrifstofa |
| 1 | 09 | 101 | | Fjármálaráðuneytið, aðalskrifstofa |
| 1 | 02 | 315 | | Fjölbrautarskólinn í Breiðholti |
| 1 | 02 | 316 | | Flensborgarskóli, framhaldsdeild |
| 1 | 10 | 321 | 03 | Flóabátar og vöruflutningar |
| 1 | 03 | 399 | 02 | Flóttamannaráð Íslands |
| 1 | 10 | 481 | | Flugbjörgunarsveitir, framlög |
| 1 | 10 | 471 | | Flugmálastjórn |
| 1 | 07 | 999 | 29 | Foreldra- og styrktarfélag heyrnardaufra |
| 1 | 01 | 101 | | Forsætisráðuneytið, aðalskrifstofa |
| 1 | 02 | 523 | | Fósturskóli Íslands |
| 1 | 02 | 881 | 10 | Framhaldsnám iðnaðarmanna erlendis |
| 1 | 02 | 101 | 08 | Framkvæmd sundskyldu í skólum |
| 1 | 09 | 901 | | Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins |
| 1 | 04 | 286 | 10 | Framleiðnisjóður landbúnaðarins |
| 1 | 04 | 286 | 08 | Framræsla |
| 1 | 02 | 989 | 05 | Frjálsíþróttasamband Íslands |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 1 | 02 | 421 | | Fræðslumyndasafn |
| 1 | 02 | 101 | 02 | Fræðsluskrifstofur |
| 1 | 02 | 999 | 31 | Fuglaverndarfélag Íslands |
| 1 | 04 | 286 | 03 | Fyrirhleðslur |
| 1 | 11 | 235 | | Fyrirtæki og stofnanir, framlög |
| 1 | 08 | 372 | | Fæðingardeild Landspítalans |
| 1 | 02 | 881 | 07 | Færeyskur fræðimaður, styrkur |
| 1 | 02 | 984 | 10 | Færeyskur rithöfundur, dvalarstyrkur |
| 1 | 04 | 299 | 02 | Garðyrkjufélag Íslands |
| 1 | 04 | 503 | | Garðyrkjuskólinn á Reykjum |
| 1 | 06 | 283 | 08 | Geðlækninga- og sálfræðiþjónusta við refsifanga |
| 1 | 07 | 999 | 05 | Geðverndarfélag Íslands |
| 1 | 07 | 999 | 31 | Geðverndarfélag Íslands, byggingarstyrkur |
| 1 | 08 | 321 | | Geislavarnir ríkisins |
| 1 | 02 | 999 | 09 | Geysir í Haukadal, umbætur |
| 1 | 09 | 251 | | Gjaldheimtan í Reykjavík |
| 1 | 02 | 101 | 13 | Gjöf Jóns Sigurðssonar |
| 1 | 11 | 299 | 06 | Gosefnarannsóknir og gosefnaiðja |
| 1 | 04 | 299 | 11 | Gróðurvernd í Búðahrauni |
| 1 | 02 | 761 | | Grunnskólar, almennt |
| 1 | 02 | 717 | | Grunnskólar, rekstur |
| 1 | 02 | 881 | 04 | Grænlenskur stúdent, styrkur til námsdvalar |
| 1 | 10 | 651 | 05 | Gullfoss, bætt aðstaða ferðamanna |
| 1 | 08 | 471 | | Gæsluvistarsjóður, framlag |
| 1 | 10 | 333 | 07 | Hafnabótasjóður, framlag |
| 1 | 10 | 333 | | Hafnamál |
| 1 | 10 | 333 | 02 | Hafnarannsóknir og mælingar |
| 1 | 10 | 333 | 06 | Hafnarmannvirki, eftirstöðvar framlaga |
| 1 | 10 | 333 | 03 | Hafnarmannvirki og lendingarbætur |
| 1 | 05 | 202 | | Hafrannsóknastofnun |
| 1 | 05 | 202 | 14 | Hafþór, R/S RE 75 |
| 1 | 07 | 981 | 04 | Hagræðingarstarfsemi samtaka vinnumarkaðarins |
| 1 | 02 | 999 | 48 | Hagsmunasamtök einstæðra foreldra |
| 1 | 13 | 101 | | Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa |
| 1 | 06 | 301 | 22 | Hallgrímskirkja |
| 1 | 02 | 201 | | Háskóli Íslands |
| 1 | 06 | 205 | 03 | Hegningarhús |
| 1 | 02 | 982 | 17 | Heiðurslaun listamanna skv. ákvörðun Alþingis |
| 1 | 08 | 101 | | Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, aðalskrifstofa |
| 1 | 08 | 322 | | Heilbrigðiseftirlit ríkisins |
| 1 | 07 | 271 | 03 | Heilsuspillandi húsnæði |
| 1 | 08 | 381 | 06 | Heilsuverndarstöðvar, styrkir |
| 1 | 05 | 299 | 12 | Heimildarkvikmynd um sjómennsku |
| 1 | 02 | 982 | 11 | Heimildarkvikmyndir um merka Íslendinga |
| 1 | 07 | 399 | 06 | Heimilishjálp skv. lögum nr. 10/1952 |
| 1 | 11 | 299 | 03 | Heimilisiðnaðarfélag Íslands |
| 1 | 02 | 999 | 75 | Heimsókn danskra kennara 1974 |
| 1 | 07 | 999 | 04 | Heyrnarhjálp |
| 1 | 02 | 769 | | Heyrnleysingjaskólinn |
| 1 | 04 | 247 | 02 | Héraðsdýralæknar |
| 1 | 08 | 391 | | Héraðslæknar og heilsugæslustöðvar |
| 1 | 06 | 282 | 02 | Héraðslögregla |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 1 | 02 | 608 | | Héraðsskólar almennt |
| 1 | 02 | 607 | | Héraðsskólinn á Laugarvatni |
| 1 | 02 | 609 | | Héraðsskólinn á Laugum |
| 1 | 02 | 602 | | Héraðsskólinn á Núpi |
| 1 | 02 | 604 | | Héraðsskólinn á Reykjum |
| 1 | 02 | 601 | | Héraðsskólinn í Reykholti |
2. málsliður 6. gr. laga nr. 72/1969 um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins orðist svo:

Verðbætur skulu þó aldrei nema meiru en þremur fjórðu hlutum verðlækkunarinnar og ekki umfram það fé, sem viðkomandi deild ræður yfir, þegar til greiðslu verðbóta kemur.

9. gr.

Fé það, sem kemur á reikning ríkissjóðs, skv. ákvæðum 2. gr. laga nr. 78/1974 um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu, umfram greiðslur skv. liðum a., b. og c. í þeirri lagagrein, skal lagt í sérstakan gengishagnaðarsjóð, sem varið skal í þágu sjávarútvegsins með eftirgreindum hætti:

a) Til þess að auðvelda eigendum skuttogara að standa í skilum með greiðslur afborgana og vaxta af stofnlánum og til þess að tryggja rekstrargrundvöll skuttogara.
b) Til þess að greiða hluta gengistaps vegna erlendra skulda eigenda fiskiskipa.
c) Til þess að greiða fram úr greiðsluvandræðum fiskvinnslufyrirtækja, sem átt hafa í söluerfiðleikum á árinu 1974.
d) Til annarra þarfa innan sjávarútvegsins.

Heimilt er bæði að veita lán og óafturkræf framlög af fjármagni sjóðsins til ofangreindra þarfa.

Óafturkræf framlög skulu nánar ákveðin með lögum.

Sjávarútvegsráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessarar greinar.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu ákvæði 1.—8. gr. taka til sjávarafurða framleiddra frá og með 1. september 1974.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Stjórn Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins er heimilt að inna af hendi greiðslur upp í verðbætur, sbr. 6. gr. laga nr. 72/1969, vegna óselds loðnumjöls af framleiðslu ársins 1974 samkvæmt reglum, sem sjóðsstjórnin setur að fengnu samþykki ráðherra.

*Gjört að Bessastöðum, 20. september 1974.*

**Kristján Eldjárn.**
(L. S.)

*Matthías Bjarnason.*

## Sþ. 5. Tillaga til þingsályktunar [5. mál]

um könnun á raunverulegri fjárhagsstöðu atvinnufyrirtækja.

Flm.: Karvel Pálmason, Ólafur Ragnar Grímsson.

Alþingi ályktar að fela forsætisráðherra að skipa eftir tilnefningum níu manna nefnd til að kanna, hver sé raunverulega fjárhagsleg staða atvinnufyrirtækjanna í landinu. Hver þingflokkur skal tilnefna einn mann í nefndina, og Alþýðusamband Íslands, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands og Iðnnemasamband Íslands skulu hvert um sig tilnefna einn mann. Nefndin skipti sjálf með sér verkum og hraði störfum sínum eins og kostur er. Þjóðhagsstofnun og Seðlabanki Íslands skulu veita nefndinni alla þá sérfræðilegu aðstoð, sem þörf er á, en kostnað við störf nefndarinnar skal greiða úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Á undanförnum vikum hefur ríkisstjórnin staðið að margvíslegum ráðstöfunum í efnahagsmálum, sem allar hafa miðað að því að færa mikið fjármagn frá launþegum til atvinnufyrirtækjanna í landinu. Þessar aðgerðir, sem mjög hafa skert — og munu skerða — lífskjör almennings, eru rökstuddar með fullyrðingum um, að fjárhagsleg staða fyrirtækjanna sé það slæm, að stöðvun atvinnurekstrar vofi yfir, ef slíkar ráðstafanir væru ekki gerðar. Þessu til stuðnings eru birtar tölur um meintan taprekstur hinna ýmsu atvinnugreina.

Sú óumdeilanlega staðreynd, að mörg fyrirtæki í þeim atvinnugreinum, sem að sögn eiga við mikil vandræði að etja, eru rekin með verulegum hagnaði, hlýtur að vekja efasemdir um gildi þeirra upplýsinga um taprekstur fyrirtækjanna, sem fyrir liggja. Bendir ýmislegt til þess, að fjárhagsleg staða þeirra sé alls ekki eins slæm og af er látið og því ekki þörf á þeim stórfelldu kjaraskerðingaraðgerðum, sem ríkisstjórnin hefur beitt sér fyrir að undanförnu.

Þess vegna telja flutningsmenn þessarar tillögu til þingsályktunar eðlilegt og nauðsynlegt, að fram fari ítarleg könnun á raunverulegri fjárhagsstöðu fyrirtækjanna í landinu og að þannig verði staðið að þeirri könnun, að allur almenningur geti treyst því, að niðurstöður hennar séu réttar. Sú tilhögun, sem flutningsmenn gera tillögu um, þ. e. að þingflokkarnir og helstu samtök launafólks tilnefni menn í nefnd, sem annist þessa könnun, er vel til þess fallin að skapa traust almennings á óhlutdrægni nefndarinnar. Skal sérstaklega á það bent, að tvenn samtök launþega, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og Iðnnemasamband Íslands, hafa þegar hvatt til slíkrar nefndarskipunar.

Eðlilegt er, að nefndin njóti allrar þeirrar sérfræðilegu aðstoðar, sem Þjóðhagsstofnun og Seðlabanki Íslands geta veitt, enda nauðsynlegt, að nefndin geti hraðað störfum sínum sem mest, svo að réttar upplýsingar um raunverulega fjárhagsstöðu atvinnufyrirtækjanna í landinu liggi sem fyrst fyrir.

## Sþ. 6. Tillaga til þingsályktunar [6. mál]

um varnir gegn slysahættu á fiskiskipum.

Flm.: Benedikt Gröndal, Sighvatur Björgvinsson, Eggert G. Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera sérstakar ráðstafanir til þess að draga úr slysahættu á fiskiskipum, fyrst og fremst á nýjum gerðum skipa.

### Greinargerð.

Síðustu ár hefur orðið mikil aukning og endurnýjun á fiskiskipaflota þjóðarinnar, og hafa verið tekin í notkun skip af nýjum gerðum og með ný tæki, þar á meðal skuttogarar. Sjómenn okkar hafa sjaldan eða aldrei fengið aðlögunartíma eða sérstaka þjálfun í störfum á hinum nýju skipum, heldur hafa þau verið send til veiða umsvifalaust.

Því miður hefur komið á daginn, að margvíslegar slysahættur eru á hinum nýju skipum, og hafa orðið tíð og alvarleg slys á þeim. Er ástæða til að gefa þessu máli sérstaklega gaum, því að margt er hægt að gera til að draga úr þessum nýju hættum og forða sjómönnum frá slysum.

Sjómannasamband Íslands fjallaði ítarlega um þetta mál á þingi sínu nú fyrir skömmu. Í ályktun, sem það gerði um málið, „harmar þingið hin tíðu og alvarlegu slys, sem orðið hafa á hinum nýju skuttogurum, og gerir kröfu til þess, að markvisst verði unnið að því að draga úr slysahættu á skipum þessum, ekki síst þeirri, sem stafar af mannlegum mistökum.“

Í ályktun sambandsins segir enn fremur:

„Sé það gert m. a. með því, að þeir aðilar, sem þetta varðar, taki saman höndum til lausnar þessu vandamáli.

Sérstaklega er þessu beint til sjóslysanefndar og þeirra aðila, sem að henni standa, einnig Fiskifélags Íslands, stýrimannaskólanna og Öryggiseftirlits ríkisins.

Þau atriði, sem þingið vill sérstaklega benda á í þessu sambandi, eru eftirfarandi:

Að rannsókn sjóslysa verði flýtt sem kostur er á og niðurstöður sendar sjóslysanefnd.

Að fræðsla meðal skipshafna um orsakir slysa verði stóraukin, þ. á m. í fjölmiðlum eins og hljóðvarpi og sjónvarpi.

Að koma upp í skipunum leiðbeiningum í myndun og lesmáli til að forðast slys.

Að halda fyrirlestra yfir skipshöfn með fræðslumyndum, áður en skip hefja veiðar.

Að þýða og dreifa meðal skipshafnanna leiðbeiningum, sem samdar hafa verið hjá nágrannaþjóðum okkar um hvernig slysum á skuttogurum verði varist.

Að taka upp virka fræðslu í stýrimannaskólunum meðal nemenda um þessi mál og efna til námskeiða fyrir eldri skipstjóra og stýrimenn um öryggis- og slysavarnarmál á þessum skipum sem öðrum.

Að fordæma með öllu svo mikla fækkun skipverja, að stjórnandi skips verði að grípa inn í svo mörg ábyrgðarmikil störf, að ekki verði við ráðið fyrir einn mann.

Þingið bendir enn fremur á, að ef sú sókn á að haldast á erfiðustu fiskimið heims, sem hefur gert íslenska fiskimenn hina afkastamestu í heimi, en um leið með langhæsta slysa- og dánartölu allra starfsstétta hér á landi, verði þjóðin að verja af sameiginlegu aflafé sínu nauðsynlegu fjármagni til slysa- og öryggismála sæfarenda.

Þá telur þingið einnig, að lögbinda eigi ákvæði þess efnis, að allar tryggingaupphæðir og bætur sjómanna, þ. á m. úr lífeyrissjóðum þeirra, verði verðtryggðar og aukinn kostnaður vegna þess greiðast úr ríkissjóði.“

## Nd. 7. Frumvarp til laga [7. mál]

um Framkvæmdasjóð Suðurnesja.

Flm.: Gunnar Sveinsson.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Framkvæmdasjóður Suðurnesja.

2. gr.

Verkefni sjóðsins eru þessi:

a. Að veita lán til einstaklinga og félaga á Suðurnesjum til innlendrar atvinnuuppbyggingar og þá fyrst og fremst í sjávarútvegi og iðnaði.
b. Að veita lán til framkvæmda sveitarfélaganna á Suðurnesjum.

3. gr.

Tekjur sjóðsins skulu vera:

a. 2% af veltu Aðalverktaka og annarra verktakafyrirtækja á Keflavíkurflugvelli, af starfrækslu þeirra á Suðurnesjum.
b. ⅓ af aðstöðugjöldum, sem nú eru greidd af starfsemi á Keflavíkurflugvelli til viðkomandi sveitarfélaga.
c. 4% af veltu Fríhafnarinnar á Keflavíkurflugvelli.
d. 2% af veltu flughafnarinnar.
e. Vextir.

4. gr.

Framkvæmdasjóðurinn er sjálfstæð stofnun. Stjórn hans skal skipuð 7 mönnum, einum frá hverju sveitarfélagi á Suðurnesjum. Skulu þeir kosnir til fjögurra

ára í senn, að loknum sveitarstjórnarkosningum, af viðkomandi bæjarstjórn eða hreppsnefnd. Stjórnin kýs sér sjálf formann. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af tveimur endurskoðendum, kosnum af samtökum sveitarfélaga í Reykjanesumdæmi.

5. gr.

Framkvæmdasjóðurinn skal ávaxtaður á Suðurnesjum. Stjórn sjóðsins skal semja við lánastofnanir á Suðurnesjum um afgreiðslu fyrir hann og um geymslu sjóðsins. Stjórn sjóðsins hefur á hendi ákvarðanir um lánveitingar hans. Allur kostnaður við stjórn og rekstur sjóðsins skal greiðast af tekjum hans.

6. gr.

Stjórn sjóðsins ákveður, að fengnu samþykki Seðlabanka Íslands, vexti af lánum, er veitt eru úr sjóðnum.

7. gr.

Setja skal í reglugerð nánari ákvæði um starfsemi sjóðsins, svo sem lánstíma, umsóknir um lán úr sjóðnum, tryggingar lána svo og aðra skilmála.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1975.

## Greinargerð.

Það sem felst í því frumvarpi, sem hér er lagt fram, er í stuttu máli, að stofnaður verði sjóður til stuðnings innlendri atvinnustarfsemi á Suðurnesjum. Lagt er til, að tekjur sjóðsins séu skattur af verktakastarfsemi á Keflavíkurflugvelli, hluti af aðstöðugjöldum sveitarfélaga á sama stað og gjald af ríkisfyrirtækjum á Keflavíkurflugvelli, sem nú eru skattfrjáls.

Á Suðurnesjum eru 7 sveitarfélög, en Suðurnes tel ég byggðina sunnan Hafnarfjarðar. Með þessum sveitarfélögum hefur á síðustu árum tekist gott samstarf um þjónustustarfsemi og framkvæmdir, er varða öll sveitarfélögin á svæðinu. Verður því að telja eðlilegt, að sveitarfélögin ráði þessum sjóði og lánveitingum úr honum, samkvæmt markmiðum hans.

Margir munu ef til vill segja, að ekki sé ástæða fyrir Suðurnesjamenn að fara fram á slíka stofnun sem hér er stungið upp á, þeir hafi flugvöllinn og varnarstöðina, og þaðan streymi fé og skatttekjur. Ástæðan fyrir þessum hugsanagangi, sem við Suðurnesjamenn verðum svo oft varir við, er sú, að fjölmargir álíta, að allt það fólk, sem vinnur á Keflavíkurflugvelli, séu Suðurnesjamenn. Svo er þó ekki. Stór hluti þess eru Reykvíkingar og aðrir aðkomumenn. Það er að vísu satt og rétt, að Suðurnesjamenn hafa á margan hátt atvinnulega séð notið góðs af staðsetningu flugvallarins og varnarstöðvarinnar. Þó er það í mun minna mæli en margur heldur.

Innlent atvinnulíf og þá sérstaklega frumatvinnuvegur okkar Suðurnesjamanna, útgerð og fiskvinnsla, hefur átt og á í harðri samkeppni við flugvöllinn og varnarstöðina um vinnuaflið á Suðurnesjum. Þessi samkeppni hefur að mörgu leyti skapað óeðlilegt ástand varðandi rekstur þessara atvinnuvega. Nærtækasta dæmið í þessu sambandi, sem benda má á, kemur fram í úttekt þeirri, sem nú er gerð á vegum ríkisstjórnarinnar og leitt hefur í ljós, að útgerð og fiskvinnsla er einna verst sett á Suðurnesjum á öllu landinu.

Staðreyndin er, að bæjar- og sveitarfélögin á Suðurnesjum fá óverulegar skatttekjur af þeim rekstri og umsvifum, er fram fer á Keflavíkurflugvelli. Á s. l. ári munu tekjur þessar hafa numið milli 10 og 12 milljóna króna í aðstöðugjöldum til allra sveitarfélaganna, en mjög misjafnlega mikið til hvers þeirra eftir því,

hvar fyrirtækin voru staðsett á flugvellinum. Sveitarfélögin eru því ekki undir það búin að hafa forustu um eðlilega innlenda atvinnuuppbyggingu á Suðurnesjum við núverandi aðstæður. Verður því að telja fullkomlega eðlilegt, að sú stóriðja, ef segja má svo um þá starfrækslu, er fram fer á Keflavíkurflugvelli, leggi meira af mörkum til Suðurnesja-samfélagsins í heild en nú er, bæði að því er varðar þjónustu og uppbyggingu atvinnuvega.

Allir flokkar hafa lýst því yfir, að hér eigi ekki að vera her á friðartímum. Menn greinir aftur á móti á um, hvenær þeir tímar séu. Vonandi eru þeir ekki langt undan. Suðurnesjamenn geta hvorki né eiga að treysta á, að varnarstöð verði einhver afgerandi liður í atvinnuuppbyggingu þeirra, heldur verða þeir að treysta á innlendan atvinnurekstur í framtíðinni eins og hingað til. En því aðeins verður það hægt, að undirstöðuatvinnuvegirnir verði ekki afskiptir með uppbyggingu og framfarir og þeir verði ekki látnir grotna niður eða kaffærðir í óraunhæfum framkvæmdum erlendra aðila. Við verðum að gera okkur ljóst, að aðstæður, bæði hér og erlendis, geta breyst á mjög skömmum tíma, og við því verðum við að vera viðbúnir.

Við minnumst þess, að þegar Síldarverksmiðjur ríkisins voru staðsettar á Siglufirði, en þær voru raunverulega fyrsta stóriðja á Íslandi, voru þær að mestu skatt- og útsvarsfrjálsar. En fljótlega sáu menn, að hér hafði verið farið rangt að. Sérstaklega sáu menn þetta eftir að síldin hvarf. Siglufjarðarbær var ekki undir það búinn að taka á sig þær breytingar í atvinnumálum, sem hvarf síldarinnar hafði í för með sér, að nokkru vegna þess, að aðalatvinnutækið hafði verið skattfrjálst, og eins vegna hins, að ekki hafði verið stutt við bakið á annarri atvinnustarfsemi svo sem þurft hefði.

Lánveitingar Byggðasjóðs hafa komið mikið til umræðu í sambandi við þessi mál. Stjórn sjóðsins hefur samþykkt að veita ekki lán úr sjóðnum til svæðisins frá Akranesi til Þorlákshafnar. Telur stjórnin, að það samrýmist ekki því markmiði sjóðsins að efla jafnvægi í byggð landsins. Er það á margan hátt skiljanleg afstaða. Þrátt fyrir það höfum við Suðurnesjamenn átt mjög erfitt með að sætta okkur við þetta, enda hefur það komið sér mjög illa fyrir okkur í sambandi við endurnýjun bátaflotans. Má í því sambandi benda á, að meðalaldur báta mun hér á landi vera hæstur á Suðurnesjum, eða 16 ár. Er því endurnýjun flotans mjög brýn. Að þessu leyti eru því Suðurnesin sambærilegri við sjávarplássin úti á landi en t. d. Reykjavík. Stundum hefur beinlínis oltið á Byggðasjóði, hvort af skipakaupum gæti orðið á Suðurnesjum. Í slíkum tilfellum hefur verið sótt hart að sjóðnum, því að í annað hús var ekki að venda, og lánið þá fengist eftir mikla eftirgangsmuni.

Með stofnun Framkvæmdasjóðs Suðurnesja tel ég, að verið sé að koma til móts við Suðurnesjamenn í sambandi við endurnýjun fiskiskipa þeirra og uppbyggingu íslensks atvinnurekstrar, þótt það fé, sem myndast í sjóðnum árlega, sé ekki mikið. Lauslega áætlað ætti það að geta orðið um 35 millj. kr. á ári og mundi að einhverju leyti a. m. k. losa Byggðasjóð undan þeirri ásókn, sem nú er í lán hjá honum til uppbyggingar sjávarútvegs Suðurnesjasvæðisins, og stuðla að því, að Suðurnesjamenn gætu orðið sjálfum sér nógir á þessu takmarkaða sviði. Hér er um fé að ræða, er myndast á svæðinu sjálfu og tilheyrir sveitarfélögunum öllum. Því er eðlilegt, að þau ráði því sjálf.

Stór hluti af Suðurnesjamönnum er aðfluttur til Suðurnesja utan af landi. Þeir og aðrir Suðurnesjamenn gleðjast yfir þeim framförum, er þar hafa átt sér stað á undanförnum árum. Þeir fagna þeim auknu möguleikum, sem Byggðasjóður hefur til að auka framfarir og uppbyggingu á landsbyggðinni með eflingu sjóðsins, og vilja síður en svo leggja stein í götu þeirra framfara, er með því geta átt sér stað. En þeir vilja jafnframt benda á þá sérstöðu, er Suðurnesin hafa í þessu máli.

Sumir munu ef til vill líta svo á, að með stofnun þessa sjóðs sé verið að skapa hættulegt fordæmi, varhugavert geti verið að leyfa svo afmörkuðu svæði að hafa

sinn eigin framkvæmdasjóð. En því fer fjarri. Fram hafa komið hugmyndir um að byggja Byggðasjóð upp á þennan hátt, þ. e. að honum væri skipt eftir fjórðungum eða kjördæmum. Væri fyllilega athugandi, hvort sú tillaga á ekki rétt á sér.

Réttilega má benda á, að hér er ekki gert ráð fyrir neinum möguleikum til stuðnings við sjávarútveg Hafnarfjarðar og Reykjavíkur, þótt þeir staðir eigi ekki möguleika á fyrirgreiðslu úr Byggðasjóði, skv. reglum hans. Því er til að svara, að Reykjavíkurborg hefur þegar sinn eigin Framkvæmdasjóð, sem veitt hefur lán til togarakaupa. Hafnfirðingar hafa stóriðju á sínu svæði, sem reynst hefur góður skattborgari. Virðist ekki óeðlilegt, þótt einhverju af því fjármagni verði varið til alhliða atvinnuuppbyggingar, þar á meðal í sjávarútvegi.

## Ed. 8. Frumvarp til laga [8. mál]

um breyting á lögum nr. 67 1971, um almannatryggingar.

Flm.: Helgi F. Seljan, Stefán Jónsson.

1. gr.

Við 43. gr. laganna bætist nýr liður, i-liður, svo hljóðandi:

Ef sjúklingur þarf að leita til sérfræðings að læknisráði um lengri vegu, skal greiða honum hluta af ferðakostnaði samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

Þurfi sjúklingur að leita sérfræðiþjónustu á reglubundinn hátt, árlega eða oftar, skal greiða honum ferðakostnaðinn að fullu. Greiðsla ferðakostnaðar miðist við vottorð viðkomandi læknis og sérfræðings.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Lög um almannatryggingar eru í stöðugri endurskoðun, enda sérstök nefnd starfandi að því verkefni. Margar veigamiklar lagfæringar hafa verið gerðar á þessari löggjöf á síðustu árum og sérstök áhersla á það lögð í tíð síðustu ríkisstjórnar.

Enn bíða þó mörg verkefni úrlausnar, sem ekki hefur tekist að ná fram. Hér er að einu þeirra vikið, sem ekki verður hjá komist að ráða á einhverja bót.

Nær öll sérfræðiþjónusta á sviði lækninga er á höfuðborgarsvæðinu og þangað verður fólk að leita úr fjarlægum landshlutum, ef sérstakra meiri háttar rannsókna og aðgerða er þörf. Sérstaklega er þetta tilfinnanlegt hvað kostnað snertir þegar um sjúkdóma er að ræða, sem krefjast reglubundinna ferða á fund sérfræðinga, jafnvel oft á ári. Við allan ferðakostnaðinn bætist svo oft mikill dvalarkostnaður í Reykjavík.

Engin sanngirni er í því, að sjúklingar beri þennan kostnað bótalaust, því meðan svo er, þá er hér um að ræða stórkostlega mismunun fólks eftir búsetu.

Með nýjum lögum um heilbrigðisþjónustu er að vísu ráð fyrir því gert að flytja aukna sérfræðiþjónustu til fjórðungssjúkrahúsa og heilsugæslustöðva. Að því verkefni ber að vinna af alefli, enda um flest hagkvæmari skipan, en enn mun þó langt í land, að á þessu verði sú breyting, sem þyrfti að verða.

Á meðan þess er beðið, þarf að leita annarra leiða, og fullnægjandi verður þessi þjónusta aldrei. Með frumvarpi þessu er lagt til, að annars vegar verði skv. nánari ákvæðum í reglugerð greiddur hluti ferðakostnaðar sjúklings á fund sérfræðings og fari þá sá hluti eftir þeirri vegalengd, sem fara þarf, þannig að hærri hluti yrði greiddur eftir því sem fjarlægðin væri meiri. Hér þarf hvort tveggja að

vera til staðar: vottorð viðkomandi læknis svo og þess sérfræðings, sem til er leitað, svo að misnotkun verði fyrirbyggð sem mest, en einmitt vegna þeirrar hættu mun endurskoðunarnefnd tryggingalaganna hafa hikað við að fara út á þessa braut.

Hins vegar er svo ákvæði um það, að ferðakostnaður þeirra sjúklinga, sem reglulega, árlega eða oftar, þurfa að leita til sérfræðinga vegna sjúkleika síns, verði að fullu greiddur, enda komi þar einnig hvort tveggja til: vottorð læknis heima fyrir svo og viðkomandi sérfræðings.

Ekki skal úr því dregið, að það fyrirkomulag, sem hér er ráð fyrir gert, hefur í för með sér talsverða aukningu á útgjöldum sjúkrasamlaga. Á hitt ber þó fremur að líta, hvert réttlætismál hér er á ferð og hve miklum upphæðum yrði hér létt af þeim, sem svo sannarlega þurfa á því að halda. Þetta fólk á í sem allra flestu að sitja við sama borð og þjóðfélagsþegnar á Faxaflóasvæðinu.

Hér er lagt til, að úr því misrétti, sem nú viðgengst, verði að nokkru bætt. Frumvarpið er flutt af brýnni þörf, samkvæmt mörgum eindregnum áskorunum fólks, sem þarf sjúkleika síns vegna að kosta til miklum fjármunum, sem það fær þó aldrei að fullu bætta, jafnvel þótt frv. þetta nái fram að ganga.

Aðrar skýringar og frekari rökstuðningur kemur fram í framsögu málsins.

## Sþ. 9. Fyrirspurnir. [9. mál]

I. Til fjármálaráðherra um lántöku fyrir Hafnabótasjóð.

Frá Karvel Pálmasyni og Geir Gunnarssyni.

1. Hefur ríkisstjórnin í hyggju að nota heimild í fjárlögum til handa Hafnabótasjóði að taka allt að 50 millj. kr. lán til að létta greiðslubyrði hafnarsjóða?
2. Ef svo er, hvenær má þá vænta þess, að það fjármagn komi til úthlutunar?

II. Til iðnaðarráðherra um verð á rafmagni til húshitunar.

Frá Ingólfi Jónssyni.

Er fyrirhugað að lækka verð á rafmagni til húshitunar, þannig að hitun húsa með raforku verði ekki dýrari en með niðurgreiddri olíu?

III. Til iðnaðarráðherra um virkjun Bessastaðaár í Fljótsdal.

Frá Ólafi Ragnari Grímssyni.

Hefur ríkisstjórnin tekið ákvörðun um að leggja fram á yfirstandandi þingi frumvarp til laga um virkjun Bessastaðaár í Fljótsdal, sem sé við það miðað, að virkjunin taki til starfa 1978?

IV. Til menntamálaráðherra um stöðu félagsheimilasjóðs.

Frá Helga F. Seljan.

1. Hve mörg félagsheimili hafa notið framlaga úr sjóðnum frá upphafi, hve mörg munu njóta framlaga á þessu ári og hve mörg eru í byggingu eða vitað er um fyrirhugaða byggingu á, sem ekki hafa enn hlotið framlög?

2. Hver er staða sjóðsins nú gagnvart félagsheimilunum, og ef um vangoldin skylduframlög er að ræða, hverju nema þau þá nú?
3. Hefur sjóðurinn tekið þátt í viðhaldi og endurbótum eldri félagsheimila, og ef svo er ekki, hverjir möguleikar eru þá á slíkri þátttöku?

## Ed. 10. Frumvarp til laga [10. mál]

um breyting á lögum nr. 54 29. maí 1972, um breyting á lögum nr. 115 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis.

(Lagt fyrir Alþingi á 96. löggjafarþingi, 1974.)

1. gr.

1. tölul. 1. málsgr. 5. gr. laganna orðist svo:
1. fjárveitinganefnd, skipuð 9—11 mönnum samkvæmt ákvörðun Alþingis.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Fjárveitinganefnd var fyrst kjörin í sameinuðu Alþingi árið 1934 samkvæmt breytingum, sem gerðar voru á stjórnarskrá og þingsköpum á árinu 1933. Var þá ákveðið, að nefndin skyldi skipuð 9 mönnum. Á þeim fjórum áratugum, sem liðnir eru síðan, hafa verkefni nefndarinnar stóraukist, og mörg undanfarin ár hafa nefndarmenn orðið að skipta með sér verkum við athugun einstakra málaflokka. Er því eðlilegt, að heimilað verði að fjölga í nefndinni og hún skipuð 9—11 mönnum samkvæmt ákvörðun Alþingis.

## Ed. 11. Frumvarp til laga [11. mál]

um launajöfnunarbætur, bætur almannatrygginga og verðlagsmál.

(Lagt fyrir Alþingi á 96. löggjafarþingi, 1974.)

1. gr.

Á tímabilinu 1. október 1974 til 31. maí 1975 skulu launagreiðendur greiða launajöfnunarbætur í stað almennrar verðlagsuppbótar á laun umfram þá verðlagsuppbót, sem svarar til kaupgreiðsluvísitölu 106,18 stig, sem hér segir:

1. Á laun, sem eru lægri en 50 000 krónur á mánuði fyrir fulla dagvinnu, miðað við kaupgreiðsluvísitölu 106,18 stig, greiðist 3 500 króna bætur á mánuði til þeirra, sem skila fullum dagvinnutíma, en hlutfallslega lægra til annarra. Bætur á yfirvinnukaup greiðist hlutfallslega þannig að gildandi tengsl yfirvinnu- og dagvinnukauptaxta haldist.
2. Á laun á bilinu 50 000 til 53 500 krónur fyrir fulla dagvinnu, miðað við kaupgreiðsluvísitölu 106,18 stig, greiðist 3 500 króna bætur á mánuði að frádreginni þeirri fjárhæð, sem kauptaxtinn er hærri en 50 000 krónur á mánuði, til þeirra, sem skila fullum dagvinnutíma, en hlutfallslega lægra til annarra.

   Bætur á hvern yfirvinnutíma greiðist á þessu taxtabili í sama hlutfalli við bætur á dagvinnulaun og greindi í 1. lið þessarar greinar.
3. Á hærri laun greiðast ekki launajöfnunarbætur.

2. gr.

Setja skal reglugerð um ákvörðun launajöfnunarbóta skv. 1. gr. Við samningu reglugerðarinnar skal haft náið samráð við aðila vinnumarkaðarins.

Þess skal gætt, þegar metin er hæð kauptaxta fyrir reglulega dagvinnu, sem ákveðinn er með álagi á annan lægri taxta, eða sem hlutfall af hærri taxta, að jafnan sé miðað við hinn endanlega taxta, en ekki þann grunn, sem hann er á reistur. Með taxta skal telja hvers konar álög og kaupauka, sem ekki svara með beinum og ótvíræðum hætti til útlagðs kostnaðar launþega vegna öflunar launatekna. Með taxta skal einnig telja vaktaálag að því leyti, sem það kann að vera hærra en svarar til eftirvinnu-, næturvinnu- og helgidagsálags.

Þegar metin er hæð mánaðarlauna fyrir fulla dagvinnu skv. ákvæðisvinnutöxtum, til ákvörðunar launajöfnunarbóta, skal m. a. taka tillit til þess vinnuálags, sem fylgja kann ákvæðisvinnu, og fyrirliggjandi upplýsinga Kjararannsóknarnefndar um tekjur ákvæðisvinnufólks. Launajöfnunarbætur til ákvæðisvinnufólks skulu gerðar upp mánaðarlega eftir á á grundvelli vinutíma og tekna í liðnum mánuði.

3. gr.

Laun bónda og verkafólks hans í verðlagsgrundvelli búvöru, sbr. lög nr. 101/1966, skulu hækka vegna launajöfnunarbóta um 5.5% og skal sú hækkun haldast til 31. maí 1975.

4. gr.

Hækkun sú á búvöruverði til bænda, sem hlýst af hækkun skv. 3. gr., skal ekki greidd út í hlutfalli við framleiðsluverðmæti, heldur jafnað þannig til bænda, að hún gagnist eingöngu hinum tekjulægri í þeirra hópi með líkum hætti og launajöfnunarbætur launþegum skv. lögum þessum. Setja skal reglugerð um innheimtu og úthlutun þessara bóta í samráði við Stéttarsamband bænda.

5. gr.

Launajöfnunarbætur skv. 1. til. 4. gr. skulu teknar til endurskoðunar, fari vísitala framfærslukostnaðar fram úr 358 stigum á gildistíma þessara laga.

6. gr.

Fjárveiting úr ríkissjóði til greiðslu fjölskyldubóta sbr. 26. gr. laga nr. 67/1971, sbr. lög nr. 62/1974, skal miðuð við það, að árlegar fjölskyldubætur með barni verði kr. 20 000, að óbreyttum reglum um greiðslu fjölskyldubóta, á tímabilinu 1. október 1974 til 31. maí 1975, eða að samsvarandi ívilnun verði með öðrum hætti veitt barnmörgum fjölskyldum.

7. gr.

Fullur árlegur ellilífeyrir einstaklinga sbr. 11. gr. laga nr. 67/1971, skal vera frá 1. október 1974 að telja kr. 155 400, ef lífeyrir er fyrst tekinn við 67 ára aldur. Aðrar bótafjárhæðir 11. gr. þeirra laga skulu breytast hlutfallslega.

Örorkulífeyrir, barnalífeyrir, mæðralaun, ekkjubætur og ekkjulífeyrir sbr. 12., 13., 14., 15., 17. og 18. gr. laga nr. 67/1971 skulu breytast hlutfallslega í samræmi við þessa breytingu ellilífeyris.

8. gr.

1. málsgrein 19. gr. laga nr. 67/1971 með áorðnum breytingum, sbr. lög nr. 96/1971 og lög nr. 62/1974, orðist svo:

Ef aðrar tekjur elli- og örorkulífeyrisþega en lífeyrir almannatrygginga fara ekki fram úr kr. 41 300 á ári, skal frá 1. október 1974 að telja greiða uppbót á lífeyri hans að upphæð kr. 93 900 á ári. Hafi bótaþeginn hins vegar tekjur umfram kr. 41 300 á ári, skal skerða uppbótina um helming þeirra tekna, sem umfram eru. Sama gildir um hjónalífeyri, eftir því sem við á.

9. gr.

Breytingar bóta almannatrygginga skv. 7. og 8. gr. skulu koma í stað breytinga skv. 1. mgr. 78. gr. laga nr. 67/1971, sbr. 12. gr. laga nr. 96/1971, af tilefni launajöfnunarbóta skv. lögum þessum.

10. gr.

Á tímabilinu 1. október til 31. maí 1975 skulu niðurgreiðslur vöruverðs úr ríkissjóði ekki vera lægri en þær eru við gildistöku laga þessara.

11. gr.

Fram til 31. maí 1975 má ekki hækka verð vöru eða þjónustu eða endurgjald fyrir afnot af fasteign eða lausafé frá því, sem var 23. september 1974, nema að fengnu samþykki réttra yfirvalda og skulu þau ekki leyfa neina hækkun nema þau telji hana óhjákvæmilega. Leyfi til hækkunar tekur þó ekki gildi fyrr en það hefur hlotið staðfestingu ríkisstjórnarinnar.

Á því tímabili, er greinir í 1. mgr., má ekki hækka hundraðshluta álagningar á vöru í heildsölu, smásölu eða öðrum viðskiptum frá því, sem var 23. september 1974, nema að fengnu samþykki réttra yfirvalda og staðfestingu ríkisstjórnarinnar sbr. 1. mgr. Gildir þetta einnig um hvers konar umboðslaun vegna sölu vöru eða þjónustu og um hvers konar álagningu, sem ákveðin er sem hundraðshluti á selda vöru eða þjónustu, þar með vinnu.

Ákvæði 1. og 2. mgr. taka einnig til verðs hvers konar vöru og þjónustu, sem ríki, sveitarfélög, stofnanir þeirra aðila eða aðrir opinberir aðilar láta í té gegn gjaldi.

Ríkisstjórnin getur ákveðið lækkun á verði vöru eða þjónustu telji hún til þess gilda ástæðu eða brýna nauðsyn.

12. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum nema þyngri viðurlög séu ákveðin með öðrum lögum.

Mál út af brotum á lögum þessum fara að hætti opinberra mála.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á heftir.

**Fylgiskjal.**

## BRÁÐABIRGÐALÖG

**um launajöfnunarbætur, bætur almannatrygginga og verðlagsmál.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Forsætisráðherra hefur tjáð mér, að brýna nauðsyn beri til að ákveða nú þegar þá skipan kjara- og verðlagsmála, sem við skuli taka, þegar gildistími laga um viðnám gegn verðbólgu rennur út um næstu mánaðamót, en nauðsynlegt sé að rjúfa um sinn sjálfvirka vixlhækkun launa og

verðlags, en milda þó jafnframt eftir því sem kostur er áhrif þegar orðinna og fyrirsjáanlegra verðhækkana, m. a. í kjölfar nýafstaðinnar gengisbreytingar og skattbreytinga, á kjör þeirra, sem lægstar tekjur hafa.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Á tímabilinu 1. október 1974 til 31. maí 1975 skulu launagreiðendur greiða launajöfnunarbætur í stað almennrar verðlagsuppbótar á laun umfram þá verðlagsuppbót, sem svarar til kaupgreiðsluvísitölu 106,18 stig, sem hér segir:

1. Á laun, sem eru lægri en 50 000 krónur á mánuði fyrir fulla dagvinnu, miðað við kaupgreiðsluvísitölu 106,18 stig, greiðist 3 500 króna bætur á mánuði til þeirra, sem skila fullum dagvinnutíma, en hlutfallslega lægra til annarra. Bætur á yfirvinnukaup greiðist hlutfallslega þannig að gildandi tengsl yfirvinnu- og dagvinnukauptaxta haldist.
2. Á laun á bilinu 50 000 til 53 500 krónur fyrir fulla dagvinnu, miðað við kaupgreiðsluvísitölu 106,18 stig, greiðist 3 500 króna bætur á mánuði að frádreginni þeirri fjárhæð, sem kauptaxtinn er hærri en 50 000 krónur á mánuði, til þeirra, sem skila fullum dagvinnutíma, en hlutfallslega lægra til annarra.

   Bætur á hvern yfirvinnutíma greiðist á þessu taxtabili í sama hlutfalli við bætur á dagvinnulaun og greindi í 1. lið þessarar greinar.
3. Á hærri laun greiðast ekki launajöfnunarbætur.

2. gr.

Setja skal reglugerð um ákvörðun launajöfnunarbóta skv. 1. gr. Við samningu reglugerðarinnar skal haft náið samráð við aðila vinnumarkaðarins.

Þess skal gætt, þegar metin er hæð kauptaxta fyrir reglulega dagvinnu, sem ákveðinn er með álagi á annan lægri taxta, eða sem hlutfall af hærri taxta, að jafnan sé miðað við hinn endanlega taxta, en ekki þann grunn, sem hann er á reistur. Með taxta skal telja hvers konar álög og kaupauka, sem ekki svara með beinum og ótvíræðum hætti til útlagðs kostnaðar launþega vegna öflunar launatekna. Með taxta skal einnig telja vaktaálag að því leyti, sem það kann að vera hærra en svarar til eftirvinnu-, næturvinnu- og helgidagaálags.

Þegar metin er hæð mánaðarlauna fyrir fulla dagvinnu skv. ákvæðisvinnutöxtum, til ákvörðunar launajöfnunarbóta, skal m. a. taka tillit til þess vinnuálags, sem fylgja kann ákvæðisvinnu, og fyrirliggjandi upplýsinga Kjararannsóknarnefndar um tekjur ákvæðisvinnufólks. Launajöfnunarbætur til ákvæðisvinnufólks skulu gerðar upp mánaðarlega eftir á á grundvelli vinnutíma og tekna í liðnum mánuði.

3. gr.

Laun bónda og verkafólks hans í verðlagsgrundvelli búvöru, sbr. lög nr. 101/1966, skulu hækka vegna launajöfnunarbóta um 5.5% og skal sú hækkun haldast til 31. maí 1975.

4. gr.

Hækkun sú á búvöruverði til bænda, sem hlýst af hækkun skv. 3. gr., skal ekki greidd út í hlutfalli við framleiðsluverðmæti, heldur jafnað þannig til bænda, að hún gagnist eingöngu hinum tekjulægri í þeirra hópi með líkum hætti og launajöfnunarbætur launþegum skv. lögum þessum. Setja skal reglugerð um innheimtu og úthlutun þessara bóta í samráði við Stéttarsamband bænda.

5. gr.

Launajöfnunarbætur skv. 1. til 4. gr. skulu teknar til endurskoðunar, fari vísitala framfærslukostnaðar fram úr 358 stigum á gildistíma þessara laga.

6. gr.

Fjárveiting úr ríkissjóði til greiðslu fjölskyldubóta sbr. 26. gr. laga nr. 67/1971, sbr. lög nr. 62/1974, skal miðuð við það, að árlegar fjölskyldubætur með barni verði kr. 20 000, að óbreyttum reglum um greiðslu fjölskyldubóta, á tímabilinu 1. október 1974 til 31. maí 1975, eða að samsvarandi ívilnun verði með öðrum hætti veitt barnmörgum fjölskyldum.

7. gr.

Fullur árlegur ellilífeyrir einstaklinga sbr. 11. gr. laga nr. 67/1971, skal vera frá 1. október 1974 að telja kr. 155 400, ef lífeyrir er fyrst tekinn við 67 ára aldur. Aðrar bótafjárhæðir 11. gr. þeirra laga skulu breytast hlutfallslega.

Örorkulífeyrir, barnalífeyrir, mæðralaun, ekkjubætur og ekkjulífeyrir sbr. 12., 13., 14., 15., 17. og 18. gr. laga nr. 67/1971 skulu breytast hlutfallslega í samræmi við þessa breytingu ellilífeyris.

8. gr.

1. málsgrein 19. gr. laga nr. 67/1971 með áorðnum breytingum, sbr. lög nr. 96/1971 og lög nr. 62/1974, orðist svo:

Ef aðrar tekjur elli- og örorkulífeyrisþega en lífeyrir almannatrygginga fara ekki fram úr kr. 41 300 á ári, skal frá 1. október 1974 að telja greiða uppbót á lífeyri hans að upphæð kr. 93 900 á ári. Hafi bótaþeginn hins vegar tekjur umfram kr. 41 300 á ári, skal skerða uppbótina um helming þeirra tekna, sem umfram eru. Sama gildir um hjónalífeyri, eftir því sem við á.

9. gr.

Breytingar bóta almannatrygginga skv. 7. og 8. gr. skulu koma í stað breytinga skv. 1. mgr. 78. gr. laga nr. 67/1971, sbr. 12. gr. laga nr. 96/1971, af tilefni launajöfnunarbóta skv. lögum þessum.

10. gr.

Á tímabilinu 1. október til 31. maí 1975 skulu niðurgreiðslur vöruverðs úr ríkissjóði ekki vera lægri en þær eru við gildistöku laga þessara.

11. gr.

Fram til 31. maí 1975 má ekki hækka verð vöru eða þjónustu eða endurgjald fyrir afnot af fasteign eða lausafé frá því, sem var 23. september 1974, nema að fengnu samþykki réttra yfirvalda og skulu þau ekki leyfa neina hækkun nema þau telji hana óhjákvæmilega. Leyfi til hækkunar tekur þó ekki gildi fyrr en það hefur hlotið staðfestingu ríkisstjórnarinnar.

Á því tímabili, er greinir í 1. mgr., má ekki hækka hundraðshluta álagningar á vöru í heildsölu, smásölu eða öðrum viðskiptum frá því, sem var 23. september 1974, nema að fengnu samþykki réttra yfirvalda og staðfestingu ríkisstjórnarinnar sbr. 1. mgr. Gildir þetta einnig um hvers konar umboðslaun vegna sölu vöru eða þjónustu og um hvers konar álagningu, sem ákveðin er sem hundraðshluti á selda vöru eða þjónustu, þar með vinnu.

Ákvæði 1. og 2. mgr. taka einnig til verðs hvers konar vöru og þjónustu, sem ríki, sveitarfélög, stofnanir þeirra aðila eða aðrir opinberir aðilar láta í té gegn gjaldi.

Ríkisstjórnin getur ákveðið lækkun á verði vöru eða þjónustu telji hún til þess gilda ástæðu eða brýna nauðsyn.

12. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum nema þyngri viðurlög séu ákveðin með öðrum lögum.

Mál út af brotum á lögum þessum fara að hætti opinberra mála.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 24. september 1974.*

**Kristján Eldjárn.**
(L. S.)

*Geir Hallgrimsson.*

## Ed. 12. Frumvarp til laga [12. mál]

um heimild til að setja á fót vinnslustöðvar á sviði sjávarútvegs.

Flm.: Steingrímur Hermannsson.

1. gr.

Óheimilt skal að stækka eða setja á fót nýjar vinnslustöðvar á þeim sviðum sjávarútvegs, sem háð eru aflatakmörkunum, sem sjávarútvegsráðherra ákveður, án sérstaks leyfis, sbr. 2. gr. Þess skal gætt, að fyrirhuguð framleiðsluaukning rúmist innan þeirra aflamarka, sem ákveðin hafa verið á viðkomandi sviði og fyrir viðkomandi svæði.

2. gr.

Sjávarútvegsráðuneytið veitir umrædd leyfi samkvæmt ákvörðun þriggja manna nefndar, sem sjávarútvegsráðherra skipar. Einn nefndarmanna skal skipaður samkvæmt tilnefningu stjórnar Framkvæmdastofnunar ríkisins, annar samkvæmt tilnefningu stjórnar Fiskveiðasjóðs Íslands, en sá þriðji án tilnefningar, og skal hann vera formaður nefndarinnar. Leitað skal umsagnar Hafrannsóknastofnunar um leyfisumsóknir.

3. gr.

Opinberum sjóðum og öðrum lánastofnunum skal óheimilt að veita lán til umræddra framkvæmda eða rekstrar, fyrr en leyfi, sbr. 1. gr., liggur fyrir.

4. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp til laga um sama efni var lagt fram á 93. löggjafarþingi og aftur á því 94. nokkuð breytt, en varð ekki útrætt. Í greinargerð með því frumvarpi sagði svo m. a.:

„Með stóraukinni sókn á flestum eða öllum sviðum sjávarútvegs hefur reynst nauðsynlegt að takmarka veiðar eftir ýmsum leiðum. Við rækju- og humarveiðar hefur t. d. bæði aflatími og aflamagn verið ákveðið af sjávarútvegsráðuneytinu, og svipað má segja um veiðar á hörpudiski á ákveðnum svæðum. Ljóst virðist

jafnframt, að takmarkanir á afla af krabbadýrum og skelfiski munu færast í vöxt. Heimild til veiða á þessum sviðum er jafnframt háð leyfum, sem sama ráðuneyti veitir, og eru þau leyfi bundin við ákveðin svæði.

Við fiskveiðar eru friðunaraðgerðir aðrar. Þar er lögð áhersla á að friða hryggningar- og uppeldisstöðvar. Beinar takmarkanir á aflamagni eða leyfisveitingar, þar sem veiðar eru á annað borð leyfðar, virðast fremur ósennilegar við slíkar veiðar.

Ljóst er, að ofangreindar aflatakmarkanir, einkum í sambandi við veiðar á skelfiski og krabbadýrum, hljóta að hafa bein áhrif á eðlilega afkastagetu í landi og arðsemi vinnslufyrirtækja. Með of mörgum slíkum fyrirtækjum á ákveðnu svæði má auðveldlega kippa rekstrargrundvellinum undan atvinnurekstrinum á svæðinu öllu með stóralvarlegum afleiðingum fyrir viðkomandi byggðarlag.

Sjávarútvegsráðuneytið ákveður með reglugerðum umræddar aflatakmarkanir. Hins vegar hefur virst lítil eða engin samræming á byggingu vinnslustöðva og þess háttar aflatakmarkana á viðkomandi sviðum. Um það má nefna ýmis dæmi, sem ekki verða þó rakin í þessari greinargerð. Á þessu þarf að verða breyting."

Í meðferð sjávarútvegsnefndar á 93. löggjafarþingi bárust fjórar umsagnir um frv. Þær voru frá Framkvæmdastofnun ríkisins, sjávarútvegsráðuneytinu, Útvegsbanka Íslands og Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna. Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna mælir gegn samþykkt frv. Hinir aðilarnir allir telja eðlilegt og jafnvel nauðsynlegt, að eftirlit sé haft með því, hvar vinnslustöðvar eru settar á fót, þar sem afli er takmarkaður og veiðar bundnar leyfum. Bankaráð Útvegsbanka Íslands tekur ekki afstöðu til þess, hvort slíka samræmingu eigi að tryggja með löggjöf eða með almennri stjórn fjárfestingarlána. Sjávarútvegsráðuneytið telur, að opinberar lánastofnanir eigi fyrst og fremst að kynna sér þessar aðstæður og annan grundvöll fyrir stofnun slíkra vinnslustöðva, áður en þær veita fjármagn til þeirra. Ráðuneytið bendir jafnframt á, að í frumvarpið vantaði ákvæði um heimild til þess að setja nánari reglur um framkvæmd í reglugerð og einnig um viðurlög við brotum. Framkvæmdastofnun ríkisins telur, að hér sé hreyft nauðsynjamáli, en vekur athygli á því, að leyfis til stækkunar á þeim vinnslustöðvum, sem fyrir eru, þurfi einnig að krefjast.

Í samræmi við þær umsagnir, sem bárust, var við endurflutning á 94. löggjafarþingi bætt í 1. gr. frumvarpsins ákvæði um stækkun vinnslustöðva. Með tilvísun til ábendinga um nauðsynlega samræmingu við lánastofnanir var lagt til í 2. gr., að sjávarútvegsráðuneytið veitti umrædd leyfi samkvæmt ákvörðun þriggja manna nefndar, sem í sætu fulltrúar slíkra aðila. Ætti þannig að vera tryggð nauðsynleg samræming.

Einnig var bætt við nýrri grein um heimild til þess að ákveða með reglugerð nánari framkvæmd laganna.

Ekki þótti ástæða til þess að setja í frumvarpið ákvæði um viðurlög. Ljóst er, að sjávarútvegsráðuneytið hefur slíkt í hendi sér. Til dæmis virðist sjálfsagt, að veiðiheimildir séu bundnar því skilyrði, að afla sé ekki landað hjá vinnslustöðvum, sem brotlegar hafa gerst við lög þessi.

## Sþ. 13. Tillaga til þingsályktunar [13. mál]

um rafvæðingu dreifbýlisins.

Flm.: Steingrímur Hermannsson, Ingvar Gíslason, Gunnlaugur Finnsson, Vilhjálmur Sigurbjörnsson, Stefán Valgeirsson, Ásgeir Bjarnason, Ingi Tryggvason, Halldór Ásgrímsson, Páll Pétursson, Jón Helgason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta vinna og leggja fram á Alþingi fyrir vorið 1975 tveggja ára áætlun um áframhaldandi rafvæðingu dreifbýlisins.

Skal gert ráð fyrir því, að framkvæmdir samkvæmt þeirri áætlun hefjist vorið 1975.

Við gerð þessarar áætlunar skal m. a. leggja áherslu á eftirgreind atriði:

1. Meðalfjarlægð á milli býla skal aukin í a. m. k. 6 km og samsvarandi kostnað.
2. Fjarlægari býli innan sveitarfélags skulu látin njóta meðalfjarlægðar.
3. Býli, sem í gildandi áætlun hafa verið skilin eftir vegna fjarlægðar, þrátt fyrir það að meðalfjarlægð innan sveitarfélagsins hefði orðið innan við 3 km, skulu tengd samveitunni í fyrsta áfanga hinnar nýju áætlunar, sé þess óskað.

Jafnframt skal leggja fram tillögur um viðunandi lausn á raforkumálum þeirra býla, sem hafa ekki verið tengd samveitu að áætlunatímabilinu loknu, og um jöfnuð á raforkuverði.

## Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi, en varð ekki útrædd. Greinargerð þeirri, sem hér fylgir, hefur aðeins verið breytt með tilliti til breytts verðlags og breyttra aðstæðna.

Með þriggja ára áætlun fyrrverandi ríkisstjórnar um rafvæðingu dreifbýlisins var stigið mjög stórt skref á þessu mikilvæga sviði. Samkvæmt tillögum að þriggja ára áætlun um lúkningu sveitarafvæðingar, sem lagðar voru fram á Alþingi í nóvember 1971, voru þá 930 býli án raforku frá samveitu. Var gert ráð fyrir því, að við lok áætlunartímabilsins haustið 1974 hefðu 765 af þessum býlum verið tengd. Heildarkostnaður við þessar framkvæmdir var samkvæmt tillögum þessum áætlaður samtals kr. 291 244 000.00. Kostnaður þessi hefur að sjálfsögðu hækkað mikið. Í svari ráðherra við fyrirspurn um þessi mál s. l. vetur kom fram, að kostnaðurinn var þá áætlaður um 400 millj. kr. Nýlegri upplýsingar en þær, sem fylgdu með fyrrnefndum tillögum, eru hins vegar ekki fyrirliggjandi og því eðlilegast að leggja þær til grundvallar að svo komnu máli.

Í þessum sömu tillögum eru upplýsingar um 158 býli, sem ekki var gert ráð fyrir að yrðu tengd samveitum á framkvæmdatímabilinu. Kostnaðurinn við tengingu þessara býla var jafnframt áætlaður samtals kr. 133 204 000.00.

Í þessari tillögu til þingsályktunar er gert ráð fyrir því, að meðalfjarlægð verði hækkuð í 6 km og kostnaður verði samsvarandi. Miðað við 600.000 kr. kostnað við 3 km línu, má ætla, að þessi kostnaður hefði orðið um 1.1 millj. kr. á verðlagi ársins 1971. Samkv. nýlegum upplýsingum hefur kostnaður við sveitarafvæðingu hækkað um nálægt því 100% frá haustinu 1971. Miðað við það yrði kostnaður við 6 km línu um kr. 2 200 000.00.

Haustið 1971 var kostnaður við tengingu á umræddu 131 býli áætlaður kr. 94 733 000.00. Miðað við 100% hækkun yrði þessi kostnaður nú um kr. 189 466 000.00. Meðalkostnaður hefði orðið um 723 000 kr. á verðlagi haustsins 1971, en um 1 446 000 kr. nú.

Ljóst má vera, að hér er ekki um mikið fyrirtæki að ræða. Heildarupphæðin er minni en varið er á einu ári nú til þessara mála. Því ætti að vera auðvelt að framkvæma þessa áætlun á tveimur árum, eins og lagt er til.

Sumum kann að þykja lagt í mikinn kostnað við rafvæðingu einstakra býla. Í því sambandi er rétt að hafa í huga, að rekstrarkostnaður dísilstöðva hefur margfaldast með hækkuðu olíuverði og ekki síður olíuhitun húsa. Það er því þjóðhagslega ákaflega mikils virði að losna við rekstur sem flestra dísilstöðva og koma á rafmagnshitun, þar sem jarðhitinn er ekki til staðar. Auk þess er vert að hafa í huga, að verðmæti bújarða hefur stórhækkað. Þær bera því meiri rafvæðingarkostnað en áður var talið.

Loks er það staðreynd, að fjöldi býla með innan við 6 km meðalfjarlægð mun vera nokkru minni en hér er talið. Bæði er það, að nokkur afskekkt býli hafa farið í eyði og önnur hafa fengið raforku, m. a. frá eigin samveitum.

Í 2. lið tillögunnar er lögð áhersla á, að fjarlægari býli innan sveitarfélags verði látin njóta meðalfjarlægðar. Slíkt hefur ekki verið gert í öllum tilfellum til þessa. Mörg dæmi eru um hið gagnstæða. Býli með fjarlægð og kostnað yfir viðurkennt meðaltal hafa iðulega verið skilin eftir við rafvæðingu sveitarfélagsins, þrátt fyrir þá staðreynd, að meðalfjarlægð hefði orðið innan við hámark að þeim meðtöldum. Oft hefur verið um að ræða einhver bestu býli viðkomandi sveitar. Ekki verður heldur varist þeirri hugsun, að framkvæmdir hafa að þessu leyti verið nokkuð handahófskenndar.

Sjálfsagt er að leggja áherslu á að ná til eins margra býla með raforku og frekast er unnt, fremur en að leita leiða til hins gagnstæða. Því er lögð áhersla á bætta framkvæmd að þessu leyti.

Af ofangreindum ástæðum er nú svo ástatt með allmörg býli, að þau hafa ekki verið tengd samveitu við rafvæðingu viðkomandi sveitarfélags. Enn alvarlegra er, að sum þessara býla eiga nú á hættu að verða ekki tengd, ef litið er á fjarlægð til þeirra sérstaklega. Nauðsynlegt er að leiðrétta slík mistök með því að láta þessi býli njóta meðalfjarlægðarinnar innan sveitarfélagsins í heild. Því er í 3. lið tillögunnar lögð áhersla á, að svo verði gert, og jafnframt að tengja þau samveitunni við upphaf hinnar nýju áætlunar.

Það er eðlilegt, að spurt sé, hvers vegna ekki er lagt til, að öll býli landsins verði tengd samveitum í næsta áfanga. Líklega verða um 20—25 býli utan samveitna. Því er helst til að svara, að ekki þótti rétt að spenna bogann of hátt. Sum þessara býla eru mjög fjarlæg og það lítil, að vafasamt er, að þau beri þann mikla kostnað, sem yrði samfara tengingu þeirra við samveitu. Meðalkostnaður fyrir þessi býli yrði líklega nálægt 3 millj. kr. nú. Hins vegar er sjálfsagt að kanna, hvort ekki megi tengja þessi býli samveitu síðar eða að hið opinbera jafni á einhvern máta orkukostnað hjá slíkum býlum, t. d. með rekstri dísilstöðva og með raforkuverði, sem yrði sambærilegt við það, sem er hjá samveitum. Í tillögunni er því lagt til, að þetta verði jafnframt skoðað.

Mikilvægi raforkunnar fyrir nútíma mannlíf er óumdeilanlegt. Það er einnig staðreynd, að dísilstöðvum og olíuhitun fylgir bæði margs konar óhagræði og stóraukinn kostnaður með hraðhækkandi olíuverði. Við Íslendingar erum hins vegar svo lánsamir að eiga gnægð vatnsorku. Það er skylda okkar að nýta þá orku eins og frekast er unnt í stað olíu, bæði til raforkuframleiðslu og upphitunar, þar sem jarðhiti er ekki til staðar. Því ber að leggja ríka áherslu á að hraða rafvæðingu dreifbýlisins.

## Sþ. 14. Tillaga til þingsályktunar [14. mál]

um útbreiðslu sjónvarps.

Flm.: Steingrímur Hermannsson, Halldór Ásgrímsson, Ingi Tryggvason, Páll Pétursson, Gunnlaugur Finnsson, Stefán Valgeirsson, Ásgeir Bjarnason, Jón Helgason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera þriggja ára áætlun um útbreiðslu sjónvarps, m. a. til báta á fiskimiðum, með byggingu endurvarpsstöðva eða aðstoð við einstök býli, þar sem ekki næst sending frá slíkum endurvarpsstöðvum, en unnt er að skapa móttökuskilyrði með öðrum hætti. Skal að því stefnt, að öll býli og bátar á fiskimiðum, þar sem telja má að njóta megi sjónvarpsútsendinga með viðráðanlegum stofnkostnaði, hafi fengið þá aðstöðu að framkvæmdatímabilinu loknu.

Til framkvæmda samkvæmt áætlun þessari skal aflað fjármagns þannig, að þær geti hafist á árinu 1975.

## Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á 94. löggjafarþingi, en varð ekki útrædd. Hún er endurflutt nú með þeirri breytingu, að sjónvarpi til báta á fiskimiðum er bætt við.

Í svari við fyrirspurn, sem lögð var fram veturinn 1972—73, kom fram, að 471 býli bjuggu í lok ársins 1972 við slæm eða ónothæf skilyrði til móttöku sjónvarpsútsendinga. Á því þingi var einnig upplýst, að 82 býli í Vestfjarðakjördæmi voru án sjónvarpsmóttöku í lok ársins 1972 og 27 bjuggu við ónothæf skilyrði, eða samtals 109 býli. Í Austfjarðakjördæmi voru 73 býli án skilyrða til móttöku, en 43 með ónothæf skilyrði, eða samtals 116 býli. Í Norðurlandskjördæmi vestra mun fjöldinn vera svipaður, en færri í öðrum kjördæmum, einkum á Suðurlandi og að sjálfsögðu á Suðvesturlandi, þar sem nánast allir munu geta notið sjónvarps.

Samkvæmt upplýsingum Landssímans hefur lítið verið unnið að útbreiðslu sjónvarps síðan. Er kennt um fjárskorti Ríkisútvarpsins. Þó hafa nokkur býli til viðbótar fengið aðstöðu til móttöku sjónvarpsútsendinga. Við þetta getur ofangreind tala lækkað um 20—30 býli. Aftur á móti munu nokkur býli vantalin í ofangreindum fjölda og skilyrði víða mjög léleg. Niðurstaðan verður því sú, að lítil breyting hefur orðið frá þessari talningu.

Sá fjöldi íbúa landsins, sem ekki fær notið sjónvarps, er ekki mikill. Það er aðeins um 1 af hundraði landsmanna. Þetta er hins vegar yfirleitt sá hluti íbúanna, sem býr í hinum afskekktustu byggðum, er í mörgum tilfellum innilokaður vikum, ef ekki mánuðum saman, vegna snjóa, býr við erfiðustu skilyrði að ýmsu öðru leyti, t. d. með tilliti til heilbrigðisþjónustu, menntamála o. fl., og telja má, að örugglega eigi örðugast með aðgang að listum, fræðslu og skemmtunum ýmiss konar, m. a. þeim, sem kostaðar eru af opinberu fé. Þetta eru með öðrum orðum yfirleitt þeir íbúar landsins, sem segja má að hafi einna mesta þörf fyrir sjónvarpið. Það mundi skapa þessu fólki ómetanlegan aðgang að ýmiss konar fræðslu, listum og skemmtun, sem það fær annars ekki notið, og ný tengsl við umheiminn.

Að sjálfsögðu ber að líta á það sem skyldu þjóðarinnar allrar að skapa landsmönnum, hvar sem þeir búa, sem líkust lífskjör. Að ýmsu leyti er útilokað að tryggja algjöran jöfnuð lífskjara. Sjónvarpið er hins vegar bæði ákaflega mikilvægur þáttur í nútíma lífskjörum og auk þess vel viðráðanlegt fyrir þjóðina að veita landsmönnum, nánast því öllum, aðstöðu til afnota sjónvarps.

Landssíminn hefur ekki gert áætlun um kostnað við útbreiðslu sjónvarps til allra þeirra býla, sem þess njóta ekki í dag. Þó hafa komið fram ýmsar upplýsingar um þetta. Hæstvirtur félagsmálaráðherra sagði í svari við fyrrnefndri fyrirspurn, að Landssíminn áætlaði, að einstök endurvarpsstöð kostaði a. m. k. 1.5 millj. kr. að meðaltali. Miðað við 150 endurvarpsstöðvar hefði kostnaðurinn því orðið 225 millj. kr. á verðlagi um áramótin 1972—73. Annar háttvirtur þingmaður fullyrti, að kostnaðurinn væri um 1 millj. kr. fyrir hverja endurvarpsstöð að meðaltali, eða samtals um 150 millj. kr. Þess ber þó að gæta, að iðulega má leysa vandamál einstakra bæja á ódýrari máta með því að leggja kapal með mögnurum að sjónvarpsloftneti, sem er staðsett í nokkurri fjarlægð. Eflaust má hækka ofangreindar upphæðir um a. m. k. 50 af hundraði nú, en kostnaðurinn er þó óumdeilanlega vel viðráðanlegur.

Fyrir nokkru var samþykkt þingsályktun um athugun á útsendingu sjónvarps til báta á fiskimiðum landsins. Þetta mun hafa verið kannað og mun víða vera kleift. Nauðsynlegt er að taka slíkar framkvæmdir einnig inn á framkvæmdaáætlun.

Í þingsályktunartillögu þessari er gert ráð fyrir því, að gerð verði þriggja ára framkvæmdaáætlun um útbreiðslu sjónvarpsmóttöku í dreifbýli. Þetta er þýðingarmikið til þess að menn fái að vita, hvenær þeir mega gera ráð fyrir því, að þeim verði sköpuð slík aðstaða.

Ljóst er, að tekjur Ríkisútvarpsins af þessum viðbótarnotendum eru hverfandi miðað við kostnað. Ekki virðist þó ástæða til að fjölyrða um það. Sú sjálfsagða

skylda að skapa íbúum landsins sem líkust lífskjör verður ekki metin til fjár. Hins vegar sýnir sú reynsla, sem fengin er, að Ríkisútvarpinu er ekki kleift að standa straum af umræddum framkvæmdum af eigin tekjum og þeim fjárframlögum, sem tíðkast hafa. Því er nauðsynlegt að afla fjármagns í þessu skyni umfram það, sem nú er.

Sjónvarpið er orðinn æði mikilvægur þáttur í lífskjörum manna, enda leggja þeir landsmenn, sem ekki fá notið sjónvarps, á það ríka áherslu, að úr því verði bætt. Aðstaða til sjónvarpsmóttöku getur einnig vafalaust haft töluverð áhrif á þróun byggðar á viðkomandi svæðum.

Það er von flutningsmanna, að Alþingi líti á það sem sjálfsagða skyldu þjóðarinnar að veita sem allra flestum landsmönnum aðgang að þessum eftirsóttu lífsgæðum. Jafnframt er því treyst, að tillaga þessi fái fljóta afgreiðslu, þannig að framkvæmdir geti hafist á árinu 1975, enda munu fyrirliggjandi hjá Landssímanum nægar áætlanir á þessu sviði fyrir það ár og þriggja ára framkvæmdaáætlun ætti að geta orðið tilbúin mjög fljótlega.

## Ed. 15. Breytingartillaga [10. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 54 29. maí 1972, um breyting á lögum nr. 115 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis.

Frá forsætisráðherra.

Við 1. gr. Í stað „9—11 mönnum samkvæmt ákvörðun Alþingis“ komi: 10 mönnum.

## Ed. 16. Frumvarp til laga [10. mál]

um breyting á lögum nr. 54 29. maí 1972, um breyting á lögum nr. 115 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis.

(Eftir 2. umr. í Ed., 4. nóv.)

1. gr.

1. tölul. 1. málsgr. 5. gr. laganna orðist svo:
1. fjárveitinganefnd, skipuð 10 mönnum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Nd. 17. Frumvarp til laga [15. mál]

um happdrættislán ríkissjóðs fyrir hönd Vegasjóðs vegna framkvæmda við Norðurveg.

Flm.: Eyjólfur K. Jónsson, Ingvar Gíslason, Pálmi Jónsson, Páll Pétursson, Halldór Blöndal, Stefán Valgeirsson, Friðjón Þórðarson.

1. gr.

Ríkissjóður gefur út happdrættisskuldabréf að upphæð allt að 1 200 milljónir króna til sölu innanlands á næstu árum.

2. gr.

Happdrættisskuldabréfin eru á handhafa og falla í gjalddaga eigi síðar en að 10 árum liðnum frá útgáfudegi þeirra.

3. gr.

Af skuldabréfunum eru ýmist greiddir vextir eða vinningum úthlutað í samræmi við útdrátt númera, sbr. 5. gr.

4. gr.

Skuldabréfin eru verðtryggð og undanþegin framtalsskyldu, vextir og vinningar eru skattfrjálsir.

5. gr.

Ráðherra setur að fengnum tillögum Seðlabanka Íslands reglugerð um framkvæmd útboðsins, vaxta- og vinningskjör, flokkun bréfanna og útdráttardaga. Skal við ákvörðun kjaranna hafa hliðsjón af almennum vaxtakjörum á hverjum tíma.

6. gr.

Reglur XIX. kafla laga nr. 85 frá 23. júní 1936, um mál til ógildingar skjala o. fl., gilda ekki um skuldabréf skv. lögum þessum.

7. gr.

Fjármunir þeir, er inn koma fyrir sölu happdrættisskuldabréfanna, skulu renna til Vegasjóðs, og skal þeim varið til að greiða kostnað við uppbyggingu Norðurvegar milli Akureyrar og Reykjavíkur. Kostnaður við framkvæmd þessarar fjáröflunar greiðist af söluandvirði skuldabréfanna.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Greinargerð.

Vegna vaxandi bifreiðaumferðar finna landsmenn allir nú fyrir því, hve ófullkomið vegakerfi landsins er. Þrátt fyrir miklar vegaframkvæmdir s. l. áratug eru allir sammála um nauðsyn þess, að þær þurfi enn að auka og afla til þeirra meira fjár. Þegar ákvörðun var tekin um gerð vegar á Skeiðarársandi, var jafnframt ákveðið að efna til útboðs happdrættisskuldabréfa. Framkvæmdum á Skeiðarársandi er nú lokið, og er þá eðlilegt, að við taki nýtt stórátak í vegagerð, og rétt að nota m. a. þá fjáröflunarleið, sem felst í útgáfu happdrættisskuldabréfa.

Unnið er nú að nýjum kostnaðaráætlunum við gerð framtíðarvegar milli Akureyrar og Reykjavíkur á vegamálaskrifstofunni og munu þær væntanlega liggja fyrir, þegar mál þetta kemur til umræðu og afgreiðslu í nefnd. Ljóst er, að heildarkostnaður við vegagerðina verður mun hærri en þær 1200 milljónir kr., sem ríkisstjórninni er heimilað með frumvarpi þessu, ef samþykkt verður, að afla að láni, en til viðbótar yrði framkvæmdin fjármögnuð með fé skv. vegáætlun og samgönguáætlun Norðurlands. Ætti þá að vera séð fyrir fjármagni til að ljúka uppbyggingu vegarins og hefjast handa um að leggja hann bundnu slitlagi. En til að ljúka verkinu yrði jafnframt leitað eftir láni erlendis og ákvörðun tekin um slíka lántöku, þegar kostnaðaráætlanir liggja fyrir og upplýsingar um hugsanleg lánakjör.

Ekki er því að leyna, að nú er þörf aðhalds við opinberar framkvæmdir, og einkum er nauðsynlegt að halda í skefjum eftirspurn eftir vinnuafli. Samt sem áður verður að ráðast í ýmsar meiri háttar framkvæmdir á næstu árum, og þá er einmitt heppilegt að láta þau verkefni ganga fyrir, sem útheimta lítið vinnuafl, eins og vegagerð þessi, þar sem fyrst og fremst eru notaðar stórvirkar vinnuvélar, enda má

slá framkvæmdum við brýr á frest, ef menn telja það nauðsynlegt, en raunar eru ekki ýkjamargar brýr, sem endurbyggja þarf á þessari leið á næstunni.

Æskilegt væri að ljúka þessum framkvæmdum á 3—4 árum og hefjast þá handa við enn aðrar stórframkvæmdir í vegamálum, einmitt með því m. a. að hagnýta happdrættisskuldabréf. En fjáröflun með þessum hætti til meiri háttar vegaframkvæmda gerir það að verkum, að meira fjármagn verður til annarra aðkallandi framkvæmda í vegamálum.

Góður vegur milli Akureyrar og Reykjavíkur kemur ekki einungis norðlenskum byggðum að gagni, heldur einnig Vesturlandi, Vestfjörðum og Austfjörðum — og auðvitað landinu öllu, því að Sunnlendingar hagnýta veg þennan að sjálfsögðu og gera í vaxandi mæli, eftir því sem bílaeign vex og vegurinn batnar.

Í héruðunum, sem þessi vegur liggur um, búa nú 35000 manns eða 40% landsmanna utan Reykjavíkur og Reykjaness. Munu þessar byggðir styrkjast verulega við vegabæturnar, og er óvíst, hvort hægt er að gera annað átak í bráð, sem hefði jafnmikil áhrif á jákvæða byggðaþróun í landinu, enda tengir vegurinn saman þéttbýlustu svæði landsins, þar sem samtals búa meira en ¾ hlutar landsmanna.

Eðlilegt er, að meira fjármagns sé aflað til opinberra framkvæmda með lántökum hjá almenningi en hingað til hefur tíðkast. Ríkisvaldið slær þá ekki eignarhaldi á fé manna, heldur tekur það að láni. Skattheimta verður þannig léttbærari, og eignir alþýðu verða meiri en ella. Vegamálin eru það svið opinberra framkvæmda, sem almenningur hefur einna mestan áhuga á. Þess vegna er auðveldast að afla fjár til þessara framkvæmda með skuldabréfaútgáfu. Ef útgáfa þeirra bréfa, sem hér er gert ráð fyrir, gengur vel, má hefja ný útboð vegna annarra vegaframkvæmda.

Í frumvarpinu er ekki ákveðið, hvaða kjör skuli fylgja bréfunum, heldur skuli það ákveðið með reglugerð. Ekki er heldur útilokað, að samhliða happdrættisvinningum verði um að ræða vexti af bréfunum, sem þá yrðu að sjálfsögðu lágir. Hins vegar verða kjörin í heild að miðast við almenn vaxtakjör á hverjum tíma og vera með þeim hætti, að almennan áhuga veki.

## Sþ. 18. Tillaga til þingsályktunar [16. mál]

um skiptingu landsins í þróunarsvæði.

Flm.: Ólafur Ragnar Grímsson, Karvel Pálmason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta undirbúa og leggja fram á yfirstandandi þingi frumvarp til laga um skiptingu landsins í þróunarsvæði. Frumvarpið feli í sér eftirfarandi meginatriði:

1. Landinu verði skipt í þróunarsvæði í samræmi við byggðavanda einstakra héraða.
2. Svæðaskiptingin verði lögð til grundvallar aðgerðum í fjárfestingarmálum, skattamálum, húsnæðismálum, samgöngumálum, menntamálum, heilbrigðismálum og öðrum málaflokkum, sem hafa áhrif til lausnar byggðavandans.
3. Á þeim svæðum, þar sem byggðavandinn er mestur, verði atvinnuuppbygging öflugri, lán til húsbygginga hagkvæmari, byggingu skóla og sjúkrahúsa hraðað og aðrar opinberar aðgerðir látnar hafa forgang.
4. Skipulagning opinberrar þjónustu verði sniðin að skiptingu landsins í þróunarsvæði.
5. Skiptingin í þróunarsvæði verði endurskoðuð á fjögurra ára fresti.

Frumvarpið verði samið í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og landshlutasamtök sveitarfélaga.

Greinargerð.

Á síðari árum hefur fengist almenn viðurkenning á því, að mismunandi aðstaða einstakra landshluta, héraða og byggðarlaga sé helsta langtíma vandamál, sem við er að glíma í íslensku þjóðfélagi. Aðgerðir ríkisvalds, sveitarfélaga og annarra opinberra aðila eiga fyrst og fremst að miðast við lausn byggðavandans. Þótt margvíslegum aðferðum hafi verið beitt í þessu skyni, hefur skort ítarlega lýsingu á eðli vandans og á hvern hátt hann er mismunandi í einstökum landshlutum. Byggðavandi Austurlands og Vestfjarða er greinilega meiri en annarra landshluta. Innan þessara tveggja landshluta er byggðavandinn hins vegar mjög mismunandi. Vandi Skeggjastaðahrepps er meiri en Vopnafjarðar, vandi Borgarfjarðar eystri meiri en Egilsstaða, vandi Suðureyrar meiri en Ísafjarðar.

Eigi opinberar aðgerðir að reynast árangursríkar við lausn byggðavandans, verða þær að miðast við hinn mismunandi mikla vanda einstakra héraða og byggðarlaga innan landshlutanna. Skipting landsins í slík þróunarsvæði er því nauðsynlegur grundvöllur raunhæfrar byggðastefnu. Skiptingin fæli í sér nákvæma lýsingu á vandanum. Opinberar aðgerðir tækju síðan mið af henni.

Þessi tillaga til þingsályktunar felur í sér, að undirbúin verði löggjöf um skiptingu landsins í þróunarsvæði og verði kveðið á um, að hún verði endurskoðuð fjórða hvert ár. Svæðaskiptingin verði lögð til grundvallar opinberum aðgerðum á öllum þeim sviðum, sem á einn eða annan hátt snerta lausn byggðavandans. Í samræmi við þá forgangsröðun, sem fælist í svæðaskiptingunni, yrði atvinnuuppbygging gerð öflugri, lán til húsbygginga höfð hagkvæmari, byggingu skóla og sjúkrahúsa hraðað o. s. frv.

Eigi að beita samræmdum opinberum aðgerðum til lausnar byggðavandans, verður að leggja til grundvallar slíka skiptingu landsins í þróunarsvæði og haga opinberum aðgerðum — framkvæmdum, lánum, fjármagnsúthlutun og þjónustu — þannig, að þær hafi til að bera nægilegan sveigjanleika til að hægt sé að miða þær við hinn mismunandi forgang, sem fælist í röð þróunarsvæðanna. Stjórntæki hins opinbera eru nú of stirð og einhæf til þess að geta á nægilega markvissan hátt dregið úr mismunandi aðstöðu einstakra héraða og byggðarlaga.

## Nd. 19. Lög [10. mál]

um breyting á lögum nr. 54 29. maí 1972, um breyting á lögum nr. 115 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis.

(Afgreidd frá Nd. 4. nóv.)

Samhljóða þskj. 16.

## Sþ. 20. Tillaga til þingsályktunar [17. mál]

um aukinn stuðning við varanlega gatnagerð í þéttbýli og rykbindingu þjóðvega.

Flm.: Helgi F. Seljan, Jónas Árnason, Stefán Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera þegar í stað róttækar ráðstafanir til þess að auðvelda sveitarfélögum að standa að varanlegri gatnagerð.

Stefnt verði að gerð 5 ára framkvæmdaáætlunar á sviði varanlegrar gatnagerðar, sem taki til allra þéttbýlisstaða með 200 íbúa og fleiri.

Í þessu skyni skal m. a. leitað eftirtalinna leiða:

1. Ríkið útvegi sveitarfélögum lánsfé til framkvæmdanna.
   Á framkvæmdaáætlun ríkisins hvert ár skal vera ákveðin upphæð til varanlegrar gatnagerðar í þéttbýli. Fé þetta skal lánað sveitarfélögum með hagstæðum kjörum.
2. Hlutur sveitarfélaga af bensínskatti verði aukinn svo, að hið svokallaða þéttbýlisvegafé tvöfaldist.
   Einnig verði endurskoðaðar reglur um úthlutun fjárins og fólksfjöldatakmörk þeirra sveitarfélaga, sem fjárins njóta.
3. Ríkið taki á sig stóraukna hlutdeild í lagningu bundins slitlags á þjóðvegi, sem liggja um kaupstaði og kauptún.
   Jafnhliða þessu skal gert verulegt átak í því af hálfu ríkisins að rykbinda þjóðvegi, þar sem þeir liggja um bæjarhlöð bænda og gegnum ræktunarlönd.

## Greinargerð.

Ástæðurnar fyrir flutningi þessarar tillögu eru margþættar.

Eitt helsta verkefni fjölmargra sveitarfélaga er varanleg gatnagerð, þar sem ýmist er um að ræða steyptar götur, malbikaðar eða lagðar olíumöl. Sveitarfélögin eiga hins vegar víðast hvar í erfiðleikum við að leysa þetta stóra og viðamikla verkefni af hendi svo fljótt sem krafa er gerð til af hálfu íbúanna. Og fyrir þeirri kröfu liggja auðsæjar og eðlilegar ástæður.

Hér er um að ræða eitt mesta framfaramál sveitarfélaganna. Með tilkomu varanlegra gatna er um hreina gerbyltingu að ræða. Breytingin á svipmóti og öllu ytra útliti staðanna er undraverð.

Inn í þetta fléttast óneitanlega heilbrigðis- og umhverfisvernd. Í rigningartíð hafa gömlu, óhæfu göturnar verið eintóm forarleðja, í þurrviðri sumarsins hefur þessi for breyst í mikla rykmekki. Aukið hreinlæti, aukin hollusta fylgja í kjölfar varanlegrar gatnagerðar.

Og ekki má gleyma því, hvert jafnréttismál hér er á ferð. Hingað til hefur nær eingöngu verið um að ræða einkarétt þeirra, sem á fjölmennustu stöðunum búa, að hafa viðunandi götur.

Sá aðstöðumunur, sem hér hefur verið á, nær mjög að jafnast með stórátaki hinna fjölmörgu minni sveitarfélaga, sem nú telja þetta eitt höfuðverkefni sitt. En þar er komið að því vandamáli, sem er aðaltilefni þessarar tillögu, hvernig sveitarfélögin fái ráðið við þetta verkefni fjárhagslega.

Til þess að auðvelda sveitarfélögunum að ráða fram úr þeim örðugleikum, sem við þeim blasa vegna stórframkvæmda á þessu sviði, þarf að leita nýrra leiða til úrbóta, og á það er bent í tillögunni, auk þess sem fleiri leiðir má eflaust finna. Nauðsyn skipulagðrar áætlunar er undirstrikuð sem eðlileg forsenda þess stórátaks, sem framundan er.

Eðlilegt hlýtur að teljast að miða hér við 5 ára áætlun um framkvæmdir og í kjölfar hennar nauðsynlega fjármögnun framkvæmdanna. Þá fjármögnun má eflaust hugsa sér með ýmsu móti, en í tillögunni eru settar fram nokkrar hugmyndir.

Það hlýtur að teljast sjálfsagt, að ríkisvaldið hafi forgöngu um að auðvelda sveitarfélögunum aðgang að fjármagni með hagstæðum kjörum, auk þeirrar fyrirgreiðslu, sem Lánasjóður sveitarfélaga veitir. Til að freista þess að tryggja það er lagt til, að á framkvæmdaáætlun sé árlega varið ákveðinni upphæð í þessu skyni. Þessa upphæð mætti eins hugsa sér að einhverju leyti sem beint framlag ríkissjóðs til framkvæmdanna.

Þá er lagt til, að hlutur sveitarfélaga í bensínskattinum verði aukinn, enda hlýtur það að teljast sanngirnismál.

Þéttbýlisvegaféð er langt frá því að vera fullnægjandi framlag af ríkisins hálfu, þegar um er að ræða svo umfangsmiklar framkvæmdir sem hér eru á döfinni. Nú gildir íbúafjöldinn einn um skiptingu þéttbýlisvegafjárins. Með tilliti til sérstöðu Reykjavíkur væri ekki óeðlilegt, að hlutur hennar yrði minnkaður næstu 5 ár svo og fleiri þeirra sveitarfélaga, sem lengst eru hér komin í framkvæmdum. Einnig þarf að taka aukið tillit til allrar aðstöðu, lengdar á gatnakerfi og umferðarþunga í þeim sveitarfélögum, þar sem þjóðvegir liggja í gegn. Þar verður reyndar, eins og lagt er til í tölulið 3 í tillögunni, að koma til algerlega breytt fyrirkomulag, þar sem ríkið hlýtur að axla þyngsta byrði.

Það mælir engin sanngirni með því, að sveitarfélag kosti nær algerlega varanlegt slitlag á þjóðvegi, sem liggja oft eftir endilöngum þéttbýlisstöðunum. Þetta viðgengst nú í dag, en verður að gerbreytast. Skv. núgildandi lögum njóta sveitarfélög með minna en 300 íbúa ekki framlags af þéttbýlisvegafé. Hér er lagt til, að þetta mark færist niður í 200 íbúa, en mætti þó gjarnan miða við aðra tölu eða jafnvel alla þéttbýlisstaði. Hér er tvímælalaust um sanngirnismál að ræða.

Að lokum er í tillögunni vikið að þeirri brýnu nauðsyn, sem á því er að rykbinda á einhvern hátt þá hluta þjóðveganna, sem liggja um bæjarhlöð og ræktunarlönd og þar sem umferð er einhver að ráði. Það er ekki nóg, að bændur og fólk þeirra standi í rykmekki við heyskapinn, heldur fylgir rykið heyinu heim í hlöðu, og þannig glímir bóndinn við þetta vandamál yfir veturinn einnig. Hér þarf einnig úr að bæta, þótt eflaust sýnist mörgum, að hér sé fram á mikið farið. Þar sem það er unnt þarf að rykbinda slíka vegarkafla, og mætti einnig í því efni hugsa sér áætlun til fimm ára að hrinda því nauðsynlegasta í framkvæmd.

Nánar verður gerð grein fyrir tillögunni og röksemdum fyrir henni í framsögu, en hún er flutt í annað sinn nær óbreytt.

## Sþ. 21. Fyrirspurnir. [18. mál]

I. Til iðnaðarráðherra um lagningu byggðalínu milli Norður- og Suðurlands.

Frá Ragnari Arnalds.

Hvers vegna eru framkvæmdir enn ekki hafnar við lagningu byggðalínunnar milli Norður- og Suðurlands?

II. Til menntamálaráðherra um kennslu í sjúkra- og iðjuþjálfun.

Frá Oddi Ólafssyni.

1. Hvað veldur þeirri miklu töf, sem orðið hefur á opnun námsbrautar í sjúkra- og iðjuþjálfun við Háskóla Íslands?
2. Hvenær hefst kennsla í þessum fræðum?

## Sþ. 22. Fyrirspurn [19. mál]

til iðnaðarráðherra um málmblendiverksmiðju á Grundartanga í Hvalfirði.

Frá Jónasi Árnasyni.

Hvernig stendur á því, að á sama tíma og ríkisstjórnin ræðir aftur og aftur við bandaríska auðhring um að reisa málmblendiverksmiðju á Grundartanga í Hvalfirði, lætur hún alveg hjá líða að bera mál þetta undir það fólk, sem byggir sveitirnar í grennd við Grundartanga?

**Nd.** **23. Frumvarp til laga** [20. mál]

um upplýsingaskyldu stjórnvalda.

(Lagt fyrir Alþingi á 96. löggjafarþingi, 1974.)

**1. gr.**

Rétt á hver maður á að kynna sér skjöl í máli, sem er eða hefur verið til meðferðar hjá stjórnvaldi, með þeim undantekningum, er um getur í 2. gr.

Í beiðni skal tilgreina málið, sem skjölin varða, og hlutaðeigandi óskar að kynna sér.

**2. gr.**

Eftirtalin skjöl eru undanþegin upplýsingaskyldu:

1. Fundargerðir ríkisráðs og fundargerðir ráðherrafunda og skjöl, sem stjórnvöld hafa samið fyrir slíka fundi.
2. Skjöl um utanríkismál, er varða stjórnmál, fjárhagsmálefni og varnarmál.
3. Skjöl, sem fela í sér upplýsingar um einhver málefni, er varða öryggi ríkisins, samskipti við erlend ríki, alþjóðlegar stofnanir eða varnir landsins.
4. Skjöl um starfsemi ríkisins eða sveitarfélaga í fjármálum, kaupgjaldsmálum eða ráðningarmálum.
5. Tillögur, uppköst, álitsgerðir og önnur vinnuskjöl, útdrættir eða skýrslur, sem stjórnvaldið sjálft hefur samið eða án lagaskyldu útvegað til afnota við afgreiðslu hjá því sjálfu. Slík skjöl skulu þó ekki vera undanþegin upplýsingaskyldu, ef í þeim felst grundvöllur rökstuðnings fyrir ákvörðun eða afgreiðslu, sbr. og 5. grein hér á eftir.
6. Bréfaskipti milli ráðuneyta um lagasetningu, þ. á m. varðandi fjárveitingar.
7. Bréfaskipti milli aðila innan sama stjórnvalds.
8. Bréfaskipti milli sveitarstjórnar og deilda, nefnda, eða stjórnaraðila hennar, eða milli þeirra innbyrðis.
9. Bréfaskipti stjórnvalda við sérfróða menn til afnota í dómsmálum eða við könnun á því, hvort höfða skuli dómsmál.
10. Úrlausnir prófverkefna, samkeppnispróf o. þ. h.
11. Skjöl, sem geyma upplýsingar um tæknibúnað eða tækniaðferðir og rekstrarhag og viðskiptastöðu, sem með hliðsjón af samkeppnisaðstöðu er nauðsynlegt, að leynt skuli fara, vegna tillits til þess aðila, er upplýsingar varða.
12. Skjöl í málum, er varða ráðningu eða stöðuhækkun í opinberri þjónustu. Þó nær undanþágan ekki til upplýsinga um nöfn umsækjenda.
13. Tilkynningar, skýrslur eða önnur skjöl í tilefni af broti á gildandi löggjöf.
14. Skjöl, sem samin eru í sambandi við fjárhagsáætlun ríkisins eða langtíma fjárhagsáætlanir.
15. Skjöl, sem varða eða snerta hvers konar persónuleg eða fjárhagsleg málefni einstaklinga, nema sá, sem í hlut á, fallist á, að menn kynni sér skjalið.
16. Skjöl, sem lögum samkvæmt eða samkvæmt ákvæðum, sem stoð eiga í lögum, eru bundin þagnarskyldu, eða til verndar annarra hagsmuna, sem leynt eiga að fara vegna sérstakra aðstæðna.

**3. gr.**

Hugtakið stjórnvald nær í lögum þessum til ráðuneytanna og þeirra ríkisstofnana, yfirvalda, stjórna, ráða og nefnda, er undir þau heyra, svo og annarra hliðstæðra stofnana ríkisins.

Með stjórnvöldum sveitarfélaga er í þessu sambandi átt við yfirvöld, stjórnir, ráð, nefndir, endurskoðendur, þing og fulltrúasamkomur á vegum sveitarfélaga ásamt stjórnsýslustofnunum, er undir aðila þessa heyrir.

4. gr.

Opinber skjöl eru öll skjöl í vörzlu stjórnvalda ríkisins og sveitarfélaga, hvort sem þau hafa borizt viðkomandi stjórnvaldi eða verið samin á vegum þess.

Hugtakið skjal tekur einnig til uppdrátta, teikninga og mynda.

5. gr.

Minnisgreinar eða aðrar skýrslur, sem samdar eru á vegum stjórnvalds einungis í því skyni að leggja mál eða erindi fyrir, eða undirbúa það til ákvörðunar, skulu eigi teljast opinber skjöl, svo framarlega að skýrslan hafi ekki verið tekin til geymslu, eftir að málið eða erindið hafði hlotið fullnaðarmeðferð af hálfu stjórnvaldsins.

6. gr.

Skjal skal teljast hafa borizt stjórnvaldi, þegar það hefur verið afhent stjórnvaldinu eða starfsmanni, sem ber að veita skjalinu viðtöku eða með öðrum hætti sinnir máli eða erindi, sem skjalið varðar.

Dagbækur, bréfabækur, málaskrár eða aðrar þess háttar skrár skulu teljast til orðnar, þegar þær hafa verið fullbúnar til skráningar eða innfærslu. Fundargerðir og sambærilegar greinargerðir skulu teljast til orðnar, þegar viðkomandi stjórnvald hefur staðfest þær eða frá þeim hefur verið gengið með öðrum hætti. Önnur skjöl, sem varða tiltekið mál eða erindi skulu teljast til orðin, þegar þau hafa verið formlega afgreidd eða — ef afgreiðsla fer ekki fram, þegar málið eða erindið hefur hlotið fullnaðarmeðferð af hálfu stjórnvaldsins.

7. gr.

Samkeppnisrit, tilboð eða önnur þess háttar skjöl, sem samkvæmt auglýsingu skulu afhent í innsigluðu umslagi, skulu eigi teljast hafa borizt, fyrr en kominn er sá tími, sem ákveðinn hefur verið til opnunar.

8. gr.

Stjórnvaldsúrskurðir, sem samkvæmt lögum, er um þá gilda, skulu upp kveðnir eða afgreiddir, svo og fundagerðir og sambærilegar greinargerðir, er slíka úrskurði varða, skulu þá fyrst teljast til orðnir, þegar viðkomandi úrskurður hefur verið kveðinn upp eða afgreiddur.

Fundagerðir frá stjórnskipuðum nefndum eða stjórnvöldum sveitarfélaga í máli, sem viðkomandi stjórnvöld fjalla um einungis til reifunar, skulu þá fyrst teljast til orðnar, þegar mál það, er fundagerðin tekur til, hefur hlotið fullnaðarmeðferð af hálfu stjórnvaldsins.

9. gr.

Opinbert skjal, sem eigi ber að halda leyndu, skal, þegar til þess er mælzt, þegar í stað eða svo skjótt sem unnt er, afhent án gjalds þeim, sem óskar að fá það í hendur, til lestrar eða afritunar á staðnum. Einnig skal honum heimilt að fá afrit eða ljósrit af skjalinu gegn fastákveðnu gjaldi, sem dómsmálaráðherra ákvarðar. Eigi skal þó skylt að afhenda skjal á staðnum, ef verulegir örðugleikar eru á því. Stjórnvaldi skal eigi skylt að láta í afhendingarskyni gera eftirrit af uppdrætti, teikningum eða mynd, ef erfiðleikar eru á því og unnt er að fá aðgang að skjalinu á staðnum.

10. gr.

Skjal, sem halda ber leyndu einungis að hluta, skal engu að síður afhent á staðnum, ef því verður við komið með þeim hætti, að það, sem leynt á að fara, verði ekki uppvíst. Verði því ekki við komið, skal þeim, sem kynna vill sér skjalið, heimilt að fá afrit eða ljósrit af því að undanskildum þeim hluta, er halda ber leyndum.

11. gr.

Tilmæli um að fá í hendur opinbert skjal skal beina til þess stjórnvalds, er skjalið er varðveitt hjá, og skal stjórnvaldið fjalla um tilmælin.

Hafi umsjá skjalsins samkvæmt starfsreglum eða gefnum fyrirmælum verið falin tilteknum starfsmanni, ber honum að taka sjálfur ákvörðun varðandi afhendingu skjalsins. Þó ber honum að hlíta í þeim efnum reglum, sem stjórnvaldið hefur sett, svo og þegar vafi þykir á leika, skjóta málinu til úrskurðar stjórnvaldsins, ef slíku verður við komið án trafala. Synji starfsmaðurinn um afhendingu skjalsins skal málinu, ef umsækjandi óskar þess, skotið til stjórnvaldsins.

12. gr.

Hafi stjórnvald synjað tilmælum um afhendingu opinbers skjals og telji umsækjandi, að sá úrskurður eigi ekki stoð í lögum, skal honum heimilt eftir nánari reglum að kæra úrskurðinn til stjórnvalds í næstu embættisröð fyrir ofan stjórnvaldið, sem synjaði afhendingu skjalsins.

Úrskurður ráðherra á þessu sviði er fullnaðarúrskurður.

Úrskurður stjórnvalds sveitarfélaga verður að lokum kærður til félagsmálaráðherra.

13. gr.

Óski aðili að kæra úrskurð stjórnvalds, á hann rétt á að fá vitneskju um, hversu með skuli fara.

Meðferð máls eða erindis varðandi afhendingu opinbers skjals skal ávallt hraða. Afgreiðsla skal látin kæranda í té án gjalds.

14. gr.

Hafi stjórnvald undir höndum opinbert skjal, sem halda ber leyndu, og telji stjórnvaldið að gera beri sérstakar ráðstafanir til að tryggja, að eigi komi til óheimillar afhendingar, er stjórnvaldinu rétt að setja á skjalið áritun þess efnis, að um leyniskjal sé að ræða. Þess háttar áritun skal greina lagaákvæði það, sem leynd skjalsins er reist á, dagsetning áritunarinnar og hvaða stjórnvald hafi hlutazt til um áritunina.

15. gr.

Að því er varðar sérstakar tegundir skjala, sem mjög miklu skiptir öryggi ríkisins, að haldið sé leyndum, getur forseti Íslands mælt svo fyrir, að ákveðið stjórnvald skuli fjalla um tilmæli varðandi afhendingu þeirra. Hafi slík ákvæði verið sett, skal í áritun á skjöl, er þau ákvæði taka til, auk þeirra atriða, sem um getur í 14. gr., tilgreina stjórnvald það, sem samkvæmt ákvæðunum er bært að fjalla um tilmæli varðandi afhendingu skjalanna. Tilmælum, sem beint er til annars stjórnvalds varðandi afhendingu skjals, sem þannig hefur verið áritað, skal án tafar að beiðni umsækjanda vísað til þess stjórnvalds, sem bært er að fjalla um málið.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 1975.

Lögin taka ekki til skjala, sem stjórnvöld hafa útbúið eða borizt hafa þeim í hendur fyrir gildistöku laganna.

## Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta hefur legið fyrir Alþingi á tveimur síðustu reglulegu löggjafarþingum og hefur hlotið talsvert umfangsmikla athugun í allsherjarnefnd neðri deildar. Frumvarpið er að stofni til samið af Jóni P. Emils, hæstaréttarlögmanni, að beiðni dóms- og kirkjumálaráðuneytis, með hliðsjón af löggjöf annarra Norður-

landa á þessu sviði, en ráðuneytið hefur í samráði við hann gert nokkrar breytingar á frumvarpinu og aukið við greinargerðina.

Á Alþingi hinn 19. maí 1972 var samþykkt svolátandi þingsályktun:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta undirbúa og leggja fyrir næsta þing frumvarp til laga um, hver sé skylda stjórnvalda og ríkisstofnana til að skýra opinberlega frá störfum sínum og ákvörðunum og hvenær beri að veita þeim, sem þess óska, aðgang að reikningum og skjölum, sem almenning varða".

Flutningsmenn þessarar þingsályktunartillögu voru þeir Þórarinn Þórarinsson og Ingvar Gíslason.

Í greinargerð fyrir þingsályktunartillögunni segir m. a. svo:

„Eigi almenningur að geta dæmt um gerðir stjórnvalda og ríkisstofnana, þarf hann að eiga þess kost að geta fengið sem áreiðanlegastar upplýsingar um starfsemi þeirra og ákvarðanir. Mjög skortir nú á, að svo sé. Allt of mikil leynd hvílir yfir starfsemi þessara aðila, og reikningum þeirra og skjölum er oftast haldið lokuðum þannig, að almenningur fær ekki aðgang að þeim. Þessi leynd dregur mjög úr því aðhaldi, sem þegnarnir gætu ella veitt, og gerir erfitt fyrir þá að dæma um athafnir stjórnvalda og ríkisstofnana".

Tillögunni var á Alþingi vísað til nefndar, sem lagði til, að hún yrði samþykkt með smávægilegum orðalagsbreytingum.

Á Alþingi urðu litlar umræður um tillöguna, áður en hún var samþykkt einróma.

Í Danmörku voru sett lög um upplýsingaskyldu stjórnvalda hinn 10. júní 1970 og Noregi um sama efni hinn 19. júní 1970. Í Svíþjóð er í gildi II. kafli prentfrelsislaga um aðgang að opinberum skjölum og lög um takmarkaðan rétt til að fá afhent skjöl, en þeim lögum var síðast breytt árið 1971. Er í frumvarpi þessu stuðzt við hin norrænu lög.

Í íslenzkri löggjöf eru svo sem kunnugt er engin almenn ákvæði um upplýsingaskyldu stjórnvalda. Rétt er að hafa í huga, þegar rætt er í frumvarpi þessu um upplýsingaskyldu, að þar er um að ræða samstæðu við hið skandinaviska hugtak „offentlighet", þ. e. að eitthvað skuli vera opinbert eða aðgengilegt fyrir almenning. Þessi samstæða er efnisleg, þótt hún sé ekki málfarsleg. — Í íslenzkri löggjöf eru að sjálfsögðu dreifð ákvæði um þagnarskyldu og leyndarskyldu, og einnig ýmis ákvæði um, að tilteknar athafnir eða upplýsingar skuli vera opinberar eða aðgengilegar. Um þagnarskylduna má fyrst og fremst vísa til ákvæða í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins (sbr. 32. gr. laga nr. 38/1954) svo og til almennra refsiákvæða í almennum hegningarlögum um brot á þagnarskyldu opinberra starfsmanna. Hefur þess gætt, að talið væri, að af slíkum almennum ákvæðum megi draga ályktanir um almennar leyndarreglur íslenzkrar löggjafar, sem er þó fjarri lagi. Þessi ákvæði vísa til leyndarskyldu, þegar hún er fyrir hendi samkvæmt eðli máls, eða beinum lagaákvæðum, en í því felst engin almenn regla um, að upplýsingar um athafnir stjórnvalda skuli ekki veita. — Engin almenn rannsókn hefur verið gerð á raunverulegri framkvæmd í þessu efni í hinu íslenzka stjórnkerfi. Í stórum dráttum má þó leiða getum að því, að upp og ofan sé í framkvæmd að allverulegu leyti svokölluð „partsoffentlighet", þ. e. upplýsingaskylda gagnvart aðila um málefni, er varða hann persónulega, en skýra mynd af þessu er ekki unnt að fá án könnunar, sem væri mjög umfangsmikil og tímafrek. Hitt er og ljóst, að slík framkvæmd hlýtur að vera talsvert á reiki, þegar engar lagareglur setja henni úrlausnarmörk. Umræða um efnið hefur verið mjög takmörkuð og þá að sjálfsögðu mjög lauslega um það fjallað. Verður því að viðurkenna, að talsverð vandkvæði eru á að móta lagareglur um efnið, sem öruggt sé, að henti okkar aðstæðum og falli að okkar stjórnkerfi og framkvæmd þess. Liggur þá óneitanlega beinast við, að hentað geti líkar lagareglur hér á landi á þessu sviði og í þeim löndum, sem okkar stjórnkerfi er mótað eftir, þ. e. Danmörku og að nokkru leyti Noregi, en sú leið hefur verið valin, svo sem áður segir. Nokkuð hefur og verið stuðzt við sænskar lagareglur. Eins og

áður var sagt, eru nýlega sett lög um þetta efni í Danmörku og Noregi, þ. e. 1970, og er það í báðum löndunum fyrsta lagasetning um almenna upplýsingaskyldu stjórnvalda, en í Danmörku hafði 1964 skrefið verið stigið til hálfs, með lagasetningu um upplýsingaskyldu gagnvart aðila. Svíþjóð, og raunar Finnland með líkum hætti sem oftar, hefur haft almenna upplýsingaskyldu samkvæmt stjórnskipun sinni í meira en 200 ár. Svo sem kunnugt er má segja, að lagakerfi Svíþjóðar og Finnlands sé byggt upp að ýmsu leyti með ólíkum hætti því dansk-norska og þar með því íslenzka. — Það er því ástæða til að taka fram, að í ofangreindum frjálsara aðgangi að upplýsingum frá stjórnvöldum felst ekki endilega betri trygging réttinda borgaranna gagnvart valdi stjórnkerfisins, og felst þetta í og með í stjórnlagakerfinu, sem í Danmörk og Noregi (svo og Íslandi) byggir á hinni beinu ráðherraábyrgð „ministerialsystem", sem ekki er uppbyggð með sama hætti í Svíþjóð—Finnlandi. Ekki er tilefni til að rekja þau atriði hér frekar. — Undanfari lagasetninga 1970 í Noregi og Danmörku (einnig 1964 þar) voru mjög umfangsmikil rannsóknarstörf og greinargerðir margra nefnda, allt frá lokum síðasta stríðs. Einnig má segja, að þessi málefni hafi í þeim löndum verið á dagskrá um rúm 100 ár, þ. e. frá því að stjórnfrelsi fyrst var innleitt. Er þar að finna mjög fróðlegar upplýsingar um sjónarmið, sem vegast á, vandamál sem til úrlausnar koma við slíka lagasetningu og um framkvæmd löggjafarinnar, þegar hún er komin á.

Um 1. gr.

Þegar setja á lög um upplýsingaskyldu stjórnvalda og játa þannig rétt borgarans til að fá sem gleggsta mynd af því, sem er að gerast í stjórnsýslunni, er rétt að gera sér í upphafi grein fyrir, að þessi réttur er takmörkunum háður, eins og fram kemur í 2. gr. frumvarpsins. Þessar takmarkanir byggjast á viðhorfinu til opinberra hagsmuna og hagsmuna einstaklinganna. Spurningin er því sú, hvort gera á upplýsingaskylduna að aðalreglu, en takmarkanirnar verði undantekningar. Eða hvort leyndin á opinberum skjölum eigi að vera aðalreglan, en upplýsingaskyldan heyri til undantekninga.

Öll norrænu lögin hafa valið fyrri kostinn, og er þeirri stefnu fylgt í frumvarpi þessu.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að hverjum manni sé heimilt að fá aðgang að opinberum skjölum.

Um 2. gr.

Í þessari grein eru taldar upp í 16 liðum undantekningar frá þeirri reglu, að upplýsingaskyldan eigi við. Eru undantekningarnar af mismunandi toga spunnar. Segja má, að þessar takmarkanir á almennri upplýsingaskyldu séu nauðsynlegar vegna öryggis ríkisins og sambands þess við erlend ríki eða sakir starfsemi stjórnvalds til könnunar, eftirlits og annarrar umsjónar eða til að koma í veg fyrir lagabrot eða koma lögum yfir afbrot eða til verndar réttmætum fjárhagslegum hagsmunum ríkisins, samfélaga og einstaklinga, með tilliti til friðhelgi einkalífsins, persónulegs öryggis, velsæmis og siðsemi. Undantekningar þær, sem hér eru taldar í 16 töluliðum eiga sér allar hliðstæður í hinum nýju dönsku og norsku lögum og mjög margar í hvortveggja lögunum.

1. töluliður. Sjálfsagt þykir að undanskilja upplýsingaskyldu fundagerðir ríkisráðsins og ráðherrafunda. Hið sama gildir um skjöl, sem samin hafa verið af stjórnvöldum til afnota fyrir slíka fundi.

2. töluliður. Utanríkismál eru undanþegin upplýsingaskyldu, þegar þau varða stjórnmál, fjármál og varnarmál. Hér myndu helzt koma til greina skjöl í vörzlu utanríkisráðuneytisins.

3. töluliður. Hér er um að tefla öryggismál ríkisins, samskipti við erlend ríki og varnarmál, sem af eðlilegum ástæðum þykir rétt að leynt fari. Oft myndu málefni undir þessum lið einnig falla undir 2. tölulið.

4. töluliður. Þessi töluliður tekur til starfsemi ríkis og sveitarfélaga í fjármálum, kaupgjaldsmálum og ráðningarmálum. Er augljóst að ekki gætu stjórnvöld gætt með skaplegum hætti almannahagsmuna á þessum sviðum, ef skylt væri að veita aðgang að þeim á hverjum tíma.

5. töluliður. Hér er um að ræða skýrslur og önnur vinnuskjöl, sem stjórnvald hefur samið til afnota við afgreiðslu hjá því sjálfu. Eru þessar undantekningar að danskri og norskri fyrirmynd, en þó þykir rétt að gera hér fyrirvara, með hliðsjón af sænskum reglum, sem ganga enn lengra í að heimila aðgang að slíkum skjölum.

6., 7. og 8. töluliðir. Þessum ákvæðum er ætlað að vernda það sérstaka trúnaðarsamband, sem er milli slíkra nátengdra aðila, sem hér ræðir um.

9. töluliður. Það er talið mundu hindra aðila í að skiptast á skoðunum um lögfræðileg vafaatriði um þessi efni, ef ekki væri unnt að halda trúnaðarleynd um þau.

10. töluliður. Efni þau, sem hér ræðir um, snerta málefni svo nátengd einkahögum manna, að rétt þykir, að norskri fyrirmynd, að undanþiggja þau upplýsingaskyldu.

11. töluliður. Þessi töluliður hefur að geyma upplýsingar um tæknibúnað og tækniaðferðir, rekstrarhag og viðskiptastöðu, en vegna samkeppnisaðstöðu er talið nauðsynlegt, að málefni þessi fari leynt. Þarna getur verið réttmætt, að sá aðili, sem hagsmuna á að gæta, geti sagt til um, hvort leyft verði að veita upplýsingar um atriði, sem snert geta viðskiptalega einkahagsmuni.

12. töluliður. Ráðning og stöðuhækkun í opinberri þjónustu á að fara leynt. Þó nær leyndin ekki til nafna umsækjenda í opinbera þjónustu. Er það í samræmi við norsku lögin. Í dönsku lögunum, sem og var í norska frumvarpinu, er ekki upplýsingaskylda um nöfn umsækjenda.

13. töluliður. Rétt þykir, að undirbúningur undir rannsókn og málsmeðferð út af broti á gildandi löggjöf fari leynt.

14. töluliður. Þessi töluliður er settur vegna samningar fjárhagsáætlunar ríkisins eða langtíma fjárhagsáætlunar, og talið rétt, að þessi málefni geti farið leynt. Mat á útgjaldatillögum og áætlanir á undirbúningsstigi eru illa fallnar fyrir upplýsingaskyldu, m. a. vegna heildarsamhengis.

15. töluliður. Hér er um að tefla mikilvæga hagsmuni einstaklinga. Koma þar til greina bæði persónuleg og fjárhagsleg málefni. Gert er ráð fyrir, að sá, sem í hlut á, geti fallizt á, að menn kynni sér skjöl út af þessum málefnum.

16. töluliður. Þessi töluliður fjallar um skjöl, sem lögum samkvæmt eru bundin þagnarskyldu. Einnig er talað um vernd annarra hagsmuna, sem leynt eiga að fara vegna sérstakra aðstæðna.

### Um 3. gr.

Í þessari grein er hugtakið **stjórnvald** skilgreint. Er sú skilgreining allrúm.

Í 2. mgr. er stjórnvald sveitarfélaga skilgreint, en lögin ná einnig til sveitarfélaga, eins og frumvarpið ber með sér.

### Um 4. gr.

Hér er hugtakið **opinbert skjal** skilgreint. Það tekur einnig til uppdrátta, teikninga og mynda.

### Um 5. gr.

Hér er um að ræða undantekningartilfelli frá því, að skjal teljist opinbert skjal. Þessa grein verður einnig að túlka í samhengi við 5. tölulið 2. greinar.

### Um 6. gr.

1. mgr. fjallar um það, hvenær skjal hafi borizt stjórnvaldi.

2. mgr. greinir frá því, hvenær tiltekin skjöl hafa orðið til.

Um 7. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 8. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 9. gr.

Í þessari grein er greint frá því, með hvaða hætti aðili fær aðgang að skjölum. Í fyrsta lagi skal honum afhent skjal, sem eigi ber að halda leyndu, til lestrar eða afritunar á staðnum án gjalds. Í öðru lagi getur aðili fengið afrit eða ljósrit af skjali gegn ákveðnu gjaldi, sem dómsmálaráðherra ákvarðar. Stjórnvaldi er þó ekki skylt að láta gera eftirrit af uppdrætti, teikningum eða myndum, ef erfiðleikar eru á því og unnt er að fá aðgang að skjölunum á staðnum.

Um 10. gr.

Greinin fjallar um það atvik, þegar skjali ber að halda leyndu að hluta.

Um 11. gr.

Hér er það tekið fram, að tilmælum um að fá í hendur opinbert skjal skuli beint til þess stjórnvalds, sem skjalið er varðveitt hjá, og skal það stjórnvald fjalla um tilmælin. Þá er um það rætt, ef tilteknum starfsmanni hefur verið falin umsjá skjalsins, og málsskot á ákvörðun starfsmannsins til stjórnvalds.

Um 12. gr.

Hér er um að ræða málsskot á synjun stjórnvalds á tilmælum um afhendingu skjals. Í stuttu máli eru reglurnar þær að kæra má úrskurð stjórnvalds til stjórnvalds í næstu embættisröð fyrir ofan, allt þar til ráðherrastigi er náð. Úrskurður ráðherra er fullnaðarúrskurður, sem ekki verður borinn undir dómstóla.

Hliðstæðar reglur gilda um stjórnvöld sveitarfélaga. Úrskurðir á þessu sviði verða þar að lokum kærðir til félagsmálaráðherra.

Um 13. gr.

Um meðferð kærumála á þessu sviði hvílir upplýsingaskylda á stjórnvaldi gagnvart þeim, sem í hlut á. Afgreiðsla kærumálaskjala skal látin kæranda í té án gjalds. Málsmeðferð skal hraðað.

Um 14. gr.

Ef stjórnvald álítur, að hætta sé á, að til óheimillar afhendingar komi á skjali, sem leynt á að fara, þá ber stjórnvaldinu að setja á skjalið áritun þess efnis, að um leyniskjal sé að ræða. Í árituninni skal greina lagaákvæði það, sem leynd skjalsins er reist á, svo og dagsetningu áritunarinnar og hvaða stjórnvald hafi hlutazt til um áritunina.

Um 15. gr.

Greinin fjallar um sérstakar tegundir skjala, sem mjög miklu skiptir öryggi ríkisins, að haldið sé leyndum. Í þessu tilviki getur forseti Íslands mælt svo fyrir, að ákveðið stjórnvald skuli fjalla um tilmæli varðandi afhendingu þeirra. Í reynd myndi ráðherra fara hér með heimild forseta í umboði hans.

Í áritun á slík skjöl skal greina það stjórnvald, sem bært er að fjalla um tilmæli varðandi afhendingu skjalanna.

Um 16. gr.

Rétt þykir, að lög þessi öðlist ekki gildi strax við birtingu þeirra. Hér er sett tímamarkið 1. okt. 1975. Verður að ætla rúman tíma til undirbúnings gildistöku laganna.

Rétt þykir einnig, að lögin verki ekki aftur fyrir sig, þannig að þau taki ekki til skjala, sem stjórnvöld hafa samið eða borizt hafa þeim í hendur fyrir gildistöku laganna.

**Nd.** **24. Frumvarp til laga** [21. mál]

um trúfélög.

(Lagt fyrir Alþingi á 96. löggjafarþingi, 1974.)

## I
## ALMENN ÁKVÆÐI UM TRÚFÉLÖG

1. gr.

Rétt eiga menn á að stofna trúfélög, og er hverjum manni frjálst að iðka trú sína og þjóna guði, einn eða í félagi með öðrum, með þeim hætti, er bezt á við sannfæringu hvers eins. Eigi má þó kenna eða fremja neitt, sem er gagnstætt góðu siðferði og allsherjarreglu.

2. gr.

Enginn getur að lögum bundizt skyldu eða skuldbundið annan til að vera eða vera ekki aðili að trúfélagi, trúmálasamtökum eða trúarreglu.

3. gr.

Þeir, sem orðnir eru 16 ára að aldri, geta tekið ákvörðun um inngöngu í trúfélag eða úrsögn úr trúfélagi.

4. gr.

Enginn, sem er innan 20 ára, getur svo að gilt sé unnið heit um inngöngu í trúarreglu, klaustur eða þvílík samtök. Bannað er að taka við slíku heiti.

5. gr.

Barn, sem fætt er í hjónabandi, skal frá fæðingu talið heyra til sama trúfélagi og foreldrar þess.

Ef foreldrarnir heyra ekki til sama trúfélagi, skal barn frá fæðingu talið heyra til sama trúfélagi og móðir þess.

Barn, sem fætt er utan hjónabands eða eftir að hjónabandi er slitið, skal frá fæðingu talið heyra til sama trúfélagi og móðir þess.

6. gr.

Foreldrar geta saman tekið ákvörðun um inngöngu barns síns undir 16 ára aldri í trúfélag eða úrsögn úr trúfélagi. Það foreldri, sem fer eitt með foreldravald, getur tekið slíka ákvörðun.

Ef foreldri fara ekki með foreldravald, getur lögráðamaður tekið ákvörðun samkvæmt 1. málsgrein.

Hafi barn náð 12 ára aldri, skal leitað álits þess um slíka ákvörðun.

7. gr.

Enginn má samtímis heyra til þjóðkirkjunni og skráðu trúfélagi utan þjóðkirkjunnar eða tveimur skráðum trúfélögum utan þjóðkirkjunnar.

Aðeins þeir verða taldir heyra til íslenzku þjóðkirkjunni eða íslenzku trúfélagi utan þjóðkirkjunnar, sem eru íslenzkir ríkisborgarar eða eiga búsetu hér á landi.

8. gr.

Um inngöngu í og aðild að trúfélagi gilda þau ákvæði, er lög og samþykktir þeirra mæla fyrir um. Prestur eða forstöðumaður, er í hlut á, skal gæta þess, að skilyrðum laga sé fullnægt, og að sá, sem leitar inngöngu heyri ekki samtímis til öðru skráðu trúfélagi eða þjóðkirkjunni.

Úrsögn úr skráðu trúfélagi eða þjóðkirkjunni skal beint skriflega eða með persónulegri tilkynningu til prests eða forstöðumanns, er í hlut á, en hann skal gæta þess, að skilyrðum laganna sé fullnægt.

Presturinn eða forstöðumaðurinn skulu skrá inngöngu eða úrsögn og láta í té inngöngu- eða úrsagnarvottorð.

Að því leyti sem tilkynning til þjóðskrár um inngöngu og úrsögn úr trúfélagi ræður skráningu vegna sérstakra atriða í sambandi við aðild að trúfélagi, svo sem vegna álagningar gjalda, ræðst gildistími í þeim atriðum af lögmætri tilkynningu til þjóðskrár. Geta þeir, sem hlut eiga að máli, annast þá tilkynningu með framvísun vottorðs samkvæmt 3. málsgr.

9. gr.

Enginn má leitast við að hafa áhrif á ákvörðun manns um inngöngu í eða úrsögn úr trúfélagi með því að beita ótilhlýðilegum aðferðum, loforðum eða hótunum.

10. gr.

Ákvæði þessa kafla eiga jafnt við um aðild að þjóðkirkjunni og öðrum trúfélögum, nema annað eigi við samkvæmt þessum lögum eða sérstökum lögum, er varða þjóðkirkjuna.

## II
## UM TRÚFÉLÖG UTAN ÞJÓÐKIRKJUNNAR

11. gr.

Heimilt er að stofna trúfélag utan þjóðkirkjunnar, án þess að skylt sé að tilkynna stjórnvöldum um stofnun þess eða starfsemi.

Ekki er heimilt að taka upp nafn á trúfélagi, sem er með þeim hætti líkt nafni annars trúfélags, að misskilningi geti valdið.

Trúfélag getur tryggt sér einkarétt að nafni með því að tilkynna það til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins. Ráðuneytið skal gæta þess, að nafnið sé ekki notað af öðrum, að það valdi ekki misskilningi eða fari með öðrum hætti í bága við allsherjarreglu. Ráðuneytið lætur í té vottorð um, að nafnið sé tilkynnt og staðfest.

Ef breytt er um nafn á trúfélagi, sem fengið hefur staðfest nafn sitt, eða félagið er lagt niður, skal stjórn þess tilkynna þetta til ráðuneytisins.

12. gr.

Leita má skráningar á trúfélögum utan þjóðkirkjunnar. Þau fá með henni réttindi og skyldur, sem lög ákveða.

Ákvæði laga þessara um prest eða forstöðumann í skráðu trúfélagi eiga við þá starfsmenn þess, sem annast þau embættisverk, sem skráningin heimilar þeim að vinna innan trúfélagsins.

13. gr.

Trúfélag, sem óskar skráningar, skal senda dóms- og kirkjumálaráðuneytinu upplýsingar um:

1. nafn trúfélagsins og heimilisfang,
2. trúarjátningar og kenningar þess,
3. skipulag þess og starfshætti,
4. félagssvæði, skiptingu í söfnuði eða deildir ásamt félagatölu,
5. nöfn stjórnarmanna,
6. nöfn presta eða forstöðumanna og starfssvæði,
7. ákvæði samþykkta um inntöku, úrsögn og brottvísun félagsmanna,

8. ákvæði samþykkta um aðalfund, félagsfundi og stjórnarfundi, um atkvæðagreiðslur og atkvæðisrétt og um breytingar á samþykktum félagsins,
9. reglur um meðferð og ráðstöfun fjármuna trúfélagsins.

Ráðherra getur sett ítarlegri reglur um form og innihald beiðni um skráningu.

14. gr.

Þegar trúfélag hefur verið viðurkennt til skráningar, skal ráðuneytið láta því í té vottorð um skráninguna og auglýsa hana í Lögbirtingablaði.

15. gr.

Skráð trúfélag skal árlega fyrir lok marzmánaðar senda dóms- og kirkjumálaráðuneytinu skýrslu um starfsemi sína á næstliðnu ári og jafnframt breytingar, sem orðið hafa á þeim atriðum, sem tilkynnt hafa verið til skráningar, sbr. 13. gr.

Tilkynna skal þegar í stað til ráðuneytisins um skipun, flutning eða starfslok prests eða forstöðumanns.

16. gr.

Ef skilyrði skráningar eru ekki lengur fyrir hendi eða trúfélag vanrækir skyldur sínar samkvæmt lögum, skal dóms- og kirkjumálaráðuneytið veita því skriflega aðvörun og setja því frest til að bæta úr því, sem áfátt er. Ef ekki er bætt úr því, sem áfátt er innan frestsins, sem ekki skal vera skemmri en einn mánuður, getur ráðherra ákveðið að fella skráningu þess úr gildi.

Ef brot er sérstaklega vítavert, má fella skráningu úr gildi þegar í stað.

Þegar skráð trúfélag er lagt niður eða starfar af öðrum ástæðum ekki lengur sem skráð trúfélag, er þeim, sem annast vörzlu embættisbóka, sem því er falið að færa, skylt að afhenda þær ráðuneytinu þegar í stað.

Ráðuneytið auglýsir í Lögbirtingablaði, er skráning fellur úr gildi.

Embættisbækur skráðs trúfélags skulu afhentar til þjóðskjalasafnsins eftir sömu reglum og embættisbækur embættismanna ríkisins.

17. gr.

Prestur eða forstöðumaður skráðs trúfélags skal ekki vera yngri en 25 ára og ekki eldri en 75 ára. Hann skal hafa almenn hæfnisskilyrði til opinberra starfa sbr. nú lög nr. 38 1954 3. gr.

Áður en hann tekur við starfi, skal hann senda dóms- og kirkjumálaráðuneytinu skriflega yfirlýsingu um, að hann muni vinna af samvizkusemi þau störf, sem honum eru í því starfi falin samkvæmt lögum.

Prestur eða forstöðumaður skráðs trúfélags skal færa þær embættisbækur, sem ráðuneytið fyrirskipar.

Hann gefur út fullgild embættisvottorð um það efni, sem í embættisbækurnar er skráð og um þau embættisverk, sem hann hefur unnið.

Hann skal láta í té þær tilkynningar, upplýsingar og vottorð, sem lög eða reglur mæla fyrir um og er háður því eftirliti um framkvæmd embættisstarfa sinna, sem ráðuneytið ákveður.

18. gr.

Prestur eða forstöðumaður skráðs trúfélags er háður ábyrgð opinbers starfsmanns í framkvæmd þeirra starfa, sem honum eru falin samkvæmt ákvæðum laga.

Vanræki prestur eða forstöðumaður skráðs trúfélags skyldur sínar samkvæmt ákvæðum laga eða reglum settum samkvæmt þeim, skal dóms- og kirkjumálaráðuneytið veita honum skriflega aðvörun og tilkynna það stjórn trúfélagsins.

Ef ekki er bætt úr því, sem aflaga fer eða um er að ræða mjög alvarlegt brot á starfsskyldum, getur ráðuneytið svipt hann rétti til að gegna starfi prests eða forstöðumanns.

Sama á við, ef hann missir með öðrum hætti skilyrði til að gegna starfi prests eða forstöðumanns.

## III
## ÝMIS ÁKVÆÐI

19. gr.

Setja má með reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara, svo og úthúa eyðublöð fyrir tilkynningar og vottorð og um færslu á skrám og reikningshaldi.

20. gr.

Brot gegn 4. gr. 2. málslið, 9. gr., 11. gr. 2. og 4. málsgr., 15. gr., 16. gr. 3. málsgr. og 5. málsgr. og 17. gr. 2. málsgr., varða sektum.

21. gr.

Þau trúfélög utan þjóðkirkjunnar, sem fengið hafa staðfestingu á presti eða forstöðumanni samkvæmt lögum um utanþjóðkirkjumenn nr. 4 19. febrúar 1886, sbr. lög nr. 6 4 marz 1904, um breyting á þeim lögum, skulu halda réttindum samkvæmt þeim lögum, að öðru óbreyttu, til loka marzmánaðar eftir að heilt almanaksár er liðið frá gildistöku laga þessara. Hafi slíkt trúfélag ekki fengið skráningu skv. 12. sbr. 13. gr. þessara laga, innan þess tíma, koma ákvæði 16. greinar 3. málsgr. til framkvæmda.

Meðan trúfélög starfa samkvæmt þessari grein án þess að hafa fengið skráningu, skulu þó ákvæði þessara laga gilda um þau eftir því, sem við á.

22. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1975 og falla þá úr gildi lög um utanþjóðkirkjumenn nr. 4 1886 og lög nr. 6 1904 um breyting á þeim lögum.

### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var lagt fyrir Alþingi 1973—74 á sl. vetri og fylgdi frumvarpinu þá eftirfarandi greinargerð:

Í upphafi þings haustið 1973 lýsti forsætis- og dómsmálaráðherra, Ólafur Jóhannesson, því, að hann hygðist leggja fyrir Alþingi það, er nú situr, lagafrumvarp, þar sem endurskoðaðar og ýtarlegri reglur yrðu settar um söfnuði utanþjóðkirkjumanna, en núgildandi lög um það efni eru orðin næsta gömul og eru, sem vonlegt er, orðin ófullnægjandi og í ýmsum efnum óskýr við nútíma aðstæður, en lög þessi nr. 4 19. febr. 1886, um utanþjóðkirkjumenn, hafa aðeins sætt lítils háttar breytingum fyrir 70 árum með lögum nr. 6 4. marz 1904. — Lagafrumvarp þetta, um trúfélög, hefur verið samið á vegum dóms- og kirkjumálaráðuneytisins. Svo sem fram kom hjá forsætis- og dómsmálaráðherra í umræðum á Alþingi á þessum vetri, hefur hann skipað nefnd til þess að fjalla um endurskoðun á löggjöfinni um þjóðkirkjuna. Nefndina skipa biskup Íslands, herra Sigurbjörn Einarsson, sem formaður nefndarinnar, dr. Ármann Snævarr, hæstaréttardómari, og Baldur Möller, ráðuneytisstjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu. Verkefni nefndarinnar er mjög umfangsmikið og vandasamt, en íslenzka kirkjulöggjöfin er, svo sem kunnugt er, all ósamfelld og eru í gildi, þótt með óljósum hætti sé, ýmis ákvæði langt aftur úr öldum. Er þess að vænta, að sú endurskoðun taki talsverðan tíma. Þótti því, einnig af þeirri ástæðu, ekki rétt að láta það efni, sem um er fjallað í þessu lagafrumvarpi, bíða slíkrar endurskoðunar, enda má segja, að það málefni, sem fyrst og fremst varð tilefni frumvarpsgerðarinnar, staða utanþjóðkirkjumanna, sem vakið hafði talsverða umræðu undanfarið, standi nokkuð til hliðar við hina almennu kirkjulöggjöf, þótt tengsl séu að sjálfsögðu á milli. Má því og ætla, að við hina almennu endurskoðun komi einnig það efni til frekari skoðunar, og það því fremur, sem rétt hefur þótt, að frumvarpið fengi almennari grundvöll en hin gömlu lög um

utanþjóðkirkjumenn. Er í því efni fylgt fordæmi Norðmanna, sem fyrir fáum árum endurnýjuðu sín gömlu lög um utanþjóðkirkjumenn („dissenterloven" frá 1891).

Norðmenn höfðu ekki áður almenn lög um trúrélög (sbr. hins vegar Svía og Finna), en hin nýju lög þeirra setja það efni fram á mjög skýran hátt í I kafla, en fjalla síðan um utanþjóðkirkjumenn í II kafla. — Danir hafa, þrátt fyrir sömu tilætlun í stjórnarskrá þeirra og þeirri íslenzku, aldrei sett lög um utanþjóðkirkjumenn og þá ekki heldur almenn lög um trúfélög, en hafa byggt framkvæmdareglur á hinum almennu ákvæðum stjórnarskrárinnar. Er augljóst, að almenn ákvæði um trúfélög, sem ná, eftir því sem við á, einnig til þjóðkirkjunnar, hljóta einnig að koma til athugunar við hina almennu endurskoðun á kirkjulöggjöfinni.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir almennu efni lagafrumvarpsins, þ. e. fyrst I kafla þess, þar sem fjallað er um trúfrelsið og almennar reglur um trúfélög og síðan um II kafla, sem fjallar um trúfélög utan þjóðkirkjunnar. Loks verður nokkur grein gerð fyrir efni einstakra greina, eftir því sem efni verður til.

### Um VI. kafla stjórnarskrárinnar, trúfrelsi og trúfélög.

Í I kafla lagafrumvarps þessa eru í 1. grein settar fram hinar almennu reglur um trúfrelsi, eins og þær koma fram í og eru túlkaðar út frá VI kafla stjórnarskrárinnar, þ. e. fyrst og fremst 63. grein hennar. Að öðru leyti fjallar I kaflinn um trúfélög, og þá fyrst og fremst um aðild að þeim.

Í 62.—64. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 2. mgr. 79. gr., er mörkuð lagastaða trúariðkunar samkvæmt íslenzkri grundvallarlöggjöf. Í 63. gr. stjórnarskrárinnar segir: „Landsmenn eiga rétt á að stofna félög til að þjóna guði með þeim hætti, sem bezt á við sannfæringu hvers og eins; þó má ekki kenna eða fremja neitt, sem er gagnstætt góðu siðferði og allsherjarreglu." Í stjórnarskrárákvæðunum er hvergi nefnt hugtakið trúfrelsi, og ræðir beinum orðum aðeins um þátt þess, þ. e. „rétt til að stofna félög til að þjóna guði o. s. frv.". Orðaval 63. greinarinnar hefur leitt til þess, einkum áður fyrr, að gætt hefur hneigðar til að túlka hana þrengra en hugsunin að baki henni leyfir, m. a. að hún verndi aðeins rétt kristinnar trúar, eða a. m. k. aðeins eingyðistrúar. Forsendur ákvæðanna og síðari túlkun fræðimanna heimila ekki þessa takmörkun. Það kom fram þegar við mótun ákvæðanna, að ætlunin var að lögfesta trúfrelsi sbr. t. d. greinargerð grundvallarlaganefndarinnar dönsku frá 1849, en eftir dönsku grundvallarlögunum eru þessi ákvæði íslenzku stjórnarskrárinnar beint sniðin. Í greinargerðinni er beint rætt um: „Grundvallarlög, sem játast trúfrelsiskenningunni". Á hinn bóginn hefur einnig gætt hneigðar, einkum hin allrasíðustu árin, til þess að túlka trúfrelsishugtakið og jafnvel þar með stjórnarskrárákvæðin, svo, að í þeim felist hlutleysisafstaða gagnvart trúarbrögðum. — Ekki hefur þessi túlkun þó komið fram hjá fræðimönnum. — Það fer auðvitað ekki milli mála, að stjórnarskráin mótar ekki hlutleysisafstöðu. Hún segir beinlínis: „Hin evangelíska lúterska kirkja skal vera þjóðkirkja Íslands og skal ríkisvaldið að því leyti styðja hana og vernda." — Þess má geta, að hvorki mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna frá 10. desember 1948 (18. grein hennar fjallar um „hugsanafrelsi, samvizkufrelsi og trúfrelsi" og útlistar nánar trúfrelsið) né mannréttindasamningur Evrópuráðsins (í 9. grein hans eru með líkum hætti túlkuð þessi sömu mannréttindi, og nokkuð ýtarlegar slegnir varnaglar við takmörkun trúfrelsis) leita eftir því að setja fram trúfrelsishugtakið þannig, að í því skuli jafnframt felast hlutleysisafstaða. — Ákvæði, sem ætlað er að tryggja jafnrétti að vissu marki, felst þó í 64. grein stjórnarskrárinnar þar sem áskilið er: „Enginn má neins í missa af borgaralegum og þjóðlegum réttindum fyrir sakir trúarbragða sinna, né heldur má nokkur fyrir þá sök skorast undan almennri félagsskyldu. — Enginn er skyldur til að inna af hendi persónuleg gjöld til neinnar annarrar guðsdýrkunar en þeirrar, er hann sjálfur aðhyllist." — Hafa verður svo í huga, að trúfrelsið sætir hinum almennu takmörkunum, sem áður er getið og í 63. gr. stjórnarskrárinnar segir, „að ekki má kenna eða fremja neitt, sem er gagn-

stætt góðu siðferði og allsherjarreglu". Augljóst er, að slík hugtök eru óljós og breytileg og túlkast í löggjöf á hverjum tíma, en sæta þó jafnframt gæzlu af hálfu dómstóla í mati þeirra á afstöðu hennar gagnvart slíkum almennum hugtökum.

Eins og áður er sagt, eru ekki í núgildandi lögum almennar reglur um trúfélög og aðild manna að þeim. Um hina ýmsu þætti í starfsemi þjóðkirkjunnar eru, eins og áður segir, dreifð og ósamstæð ákvæði í löggjöfinni, en um áðurnefnd undirstöðuatriði skortir alveg lagaákvæði. Það má segja, að þessar aðstæður hafi ekki valdið verulegu óhagræði í framkvæmd, einkum vegna þess, að þjóðkirkjuaðild landsmanna er svo yfirgnæfandi sem raun ber vitni. Sýnist það þó samræmast bezt allsherjarreglu, að í lögum sé skráð, hvernig skuli fara um höfuðatriði aðildar að trúfélögum utan hennar. Varða ýmis slík atriði réttarstöðu manna og félagslegar aðstæður (gjaldskyldu, rétt til félagsaðildar og þeirrar þjónustu, sem henni er samfara o. s. frv.). Almannaskráningu hefur orðið að framkvæma um þetta efni eftir reglum, sem settar hafa verið fyrir þjóðskrána, án þess að vera studdar af lagaákvæðum. Hafa slíkar reglur verið settar með fullu samráði við kirkjumálaráðuneytið og fyrst og fremst við það miðaðar, sem talið hefur verið efnislega eðlilegast og hagkvæmast í framkvæmd. Hafa engin vandkvæði komið fram við beitingu þeirra reglna. Engu að síður sýnist réttara, að í löggjöfinni sé ákveðið um slík efni, en ekki með frjálsri ákvörðun stjórnvalda. Það er augljóst, að með lagasetningu um efni frumvarps þessa er engan veginn ætlunin að setja tæmandi reglur um þau atriði, sem eðlilegt er, að samtökin setji sér sjálf, sbr. og 8. gr. frumvarpsins. Enn er og rétt að minna á, að þess má vænta, að um ýmis efni verði settar ýtarlegri lagareglur að því er þjóðkirkjuna varðar, sbr. ráðagerð 10. greinar. Hins vegar er þess að geta, að á sum bannákvæði I kafla (sbr. 2., 4. og 9. gr.) verður að líta sem yfirlýsingu um mat löggjafans á atriðum, sem ekki samrýmist allsherjarreglu, og með vissum hætti má segja, að slík ákvæði spretti út frá stjórnarskrárákvæðinu um, að ekki skuli kenna eða fremja neitt, sem er gagnstætt góðu siðferði og allsherjarreglu.

### Um trúfélög utan þjóðkirkjunnar.

Svo sem sagt var hér að framan, er gildandi löggjöf um söfnuði utanþjóðkirkjumanna orðin mjög gömul og er næsta ófullkomin og óskýr. Hefur það meðal annars orðið til þess, að skort hefur grundvöll til þess að söfnuðir, sem löggjöfin heimilar að hafa presta eða forstöðumenn, sem falin er framkvæmd embættisathafna, er hafa mikilvæga þýðingu fyrir þjóðfélagið í heild, starfi með svo reglubundnum hætti og haldi uppi svo traustu félagsstarfi, að rétt og eðlilegt sé að fela þeim að annast slík ábyrgðarstörf. Það er þá hvort tveggja, að tryggja þarf, að unnt sé að meta, hvort hæfileg skilyrði séu uppfyllt til að treysta megi, að slík störf verði leyst af hendi þannig, að samfélagið megi við una, svo og að samtökin fái stuðning til að móta svo starfsemi sína, að þau geti vænzt þess, að þau verði þeim falin. Hitt ber svo að hafa í huga, að það er að sjálfsögðu ekki réttur til að framkvæma slík embættisverk, sem með stjórnarskrárákvæðunum er verið að tryggja, heldur rétturinn til trúariðkunar og guðsdýrkunar eftir sannfæringu hvers eins. Einnig er rétt að hugleiða, að ekkert væri því til fyrirstöðu, að í hinni almennu löggjöf væri ákveðið, að trúfélag tæki við gjöldum meðlima sinna, sem þeir ella mundu greiða til þjóðkirkjunnar, þótt trúfélaginu væri ekki falin nein framkvæmd embættisstarfa, sem hafa lagaverkanir. Þá er og ljóst, að helgiathafnir, sem einungis fá lagaverkanir, ef þær eru framkvæmdar af aðila, sem hefur sérstaka löggildingu, geta verið heimilar sem slíkar, þótt þær hafi ekki slíkar lagaverkanir, enda mega þær auðvitað ekki brjóta í bága við gott siðferði og allsherjarreglu, en það mundu þær gera, ef þær væru t. d. til þess fallnar að blekkja menn til þess að trúa lagaverkunum þeirra. Í frumvarpi þessu er ekki ráðagerð um slíka aðgreiningu á réttarstöðu trúfélaga. Í upphafsákvæði II kafla frumvarpsins (11. gr.) er tekið fram, að stofna megi trúfélög utan þjóðkirkjunnar án þess að skylt sé að

tilkynna stjórnvöldum um stofnun þess eða starfsemi. Segja mætti, að þetta ákvæði væri óþarft, en það verður þó ekki beint talið felast í trúfrelsisákvæðunum í stjórnarskránni og jafnvel ekki í ákvæði hennar um félagafrelsi. Ákvæðið þykir þó eiga vel við til áherzlu, en jafnframt í samhengi við það, sem á eftir kemur, að heimilað er (en ekki skylt), að trúfélög tryggi sér einkarétt til nafns.

Ákvæði II kafla fjalla að öðru leyti um skráningu trúfélaga, sem hennar óska, skilyrði fyrir henni og réttindi og skyldur, sem henni fylgja. Eins og getið var í upphafi greinargerðarinnar, hefur verulegt mið verið tekið af nýjum norskum lögum við mótun þessa frumvarps. Meðal annars er þangað sótt hugtakið um „skráningu“ trúfélags. Þykir það hæfa betur en „viðurkenning“ eða „löggilding“. Ekki sízt samrýmist það betur trúfrelsiskenningunni, en jafnframt má segja, að í því felist síður, að svo verði litið á, að ríkisvaldið taki verulega ábyrgð á trúfélaginu, umfram það, að sjálfsögðu, að í skráningunni hlýtur að felast, að talið er að trúfélagið brjóti ekki svo að á verði þreifað, gegn góðu siðferði og allsherjarreglu. Það matsatriði verður svo alla vega að ráðast af þeim umfangsmiklu upplýsingum, sem krafizt er, til þess að ákvörðun verði tekin um skráningu. Eins og áður var sagt, var höfuðtilefni þess, að til gerðar þessa frumvarps var stofnað, að ekki þótti mega við una, að ekki væri skýrari reglur um skilyrði fyrir því, að trúfélög fengju þau réttindi og skyldur, sem löggjöfin heimilaði. Um þau atriði er að verulegu leyti fjallað í sérlögum, svo sem lögum um sóknargjald, lögum um kirkjugarða, hjúskaparlögum o. s. frv., en það er ekki verkefni þessarar greinargerðar eða þessa lagafrumvarps að fjalla beint um það efni.

Um efni og einstakar greinar frumvarpsins skal að öðru leyti þetta tekið fram:

## Um I kafla.

### Almenn ákvæði um trúfélög.

Eins og áður er sagt, eiga ákvæði þessa kafla jöfnum höndum við um aðild að þjóðkirkjunni og að trúfélögum utan hennar. Ekki eru eða hafa verið í lögum slík almenn ákvæði, sem hér er um að ræða. Söguleg rök eru fyrir því, að lítið tilefni hefur verið til slíkra ákvæða um aðild að þjóðkirkjunni. Um aldir var lögbundin trúarnauðung í landinu, og þótt nokkuð væri slakað á samfara tilsk. um verzlunarfrelsið 1787, og trúfrelsiskenningar fengju viðurkenningu í stjórnarskrá 1874, svo sem áður segir, var í raun mjög lítið tilefni til lagaákvæða um þetta efni vegna yfirgnæfandi aðildar að þjóðkirkjunni. Þegar lögin um þjóðkirkjumenn voru sett 1886, en þá var með stjórnarskránni fenginn rökréttur grundvöllur fyrir slíkri lagasetningu, var fríkirkjuhreyfingin farin að gera vart við sig, en hún gaf í sjálfu sér lítið tilefni, umfram fyrri aðstæður, til að lýsa almennum heildarreglum, þar sem sú kirkjuhreyfing hefur alla tíð verið lítt eða ekki frábrugðin þjóðkirkjunni. Lögin frá 1886 bera það enda nokkuð með sér, að í þeim er ekki hugsað langt burt frá þjóðkirkjulegum hugtökum, þótt lögunum sé ætlað að fylla ramma stjórnarskrárákvæðanna. — Hins vegar má telja, að nútíma aðstæður geri æskilegt, að höfuðatriði réttarstöðunnar séu lögfest, en jafnframt skal tekið fram strax hér, sbr. einnig síðar um einstakar greinar, að ekki felst í ákvæðum þessum, að beinum bannákvæðum undanteknum, fyrirætlun um að segja fyrir um innri skipan trúfélaganna. Um þjóðkirkjuna er augljóst, að í gildi er umfangsmikil sérlöggjöf og áfram má vænta ítarlegri lagaákvæða um hana, sem geta gilt við hlið og jafnvel í stað þessara ákvæða.

### Um 1. gr.

Í þessari grein eru tekin upp, og þá að sjálfsögðu efnislega óbreytt, ákvæði 63. greinar stjórnarskrárinnar. Segja mætti, að það sé óþarft, en þykir þó hæfa, bæði sem undirstrikun á samhenginu og sem kjölfesta fyrir ákvæðin, sem á eftir koma. Orðaval og orðaskipun er lítillega frábrugðin stjórnarskrárgreininni til skýrari útlistunar á efni hennar, sbr. útlistun í inngangi greinargerðarinnar.

Um 2. gr.

Það er rétt að taka fram að ætla verður, að þó ekki væri lögfest ákvæði þessarar greinar, væri efni þess þó í fullu gildi samkvæmt almennum reglum réttarskipanarinnar. Ekki mun óþekkt, við aðild að ýmis konar félagsskap eða reglum, að slíkar almennar yfirlýsingar eða heitstrengingar séu tíðkaðar, oft sem hluti af siðareglum, og á það ekki síður við um trúfélög. — Er ljóst, að slíkar yfirlýsingar eru ekki réttarlega bindandi og væntanlega ekki til þess ætlazt. — Þykir engu að síður rétt að undirstrika þá staðreynd með ákvæði þessu, en ekki er með því ætlunin að banna, að slík heit séu gefin. Samsvarandi ákvæði sætti nokkrum andmælum í Noregi, væntanlega af viðkvæmni fyrir helgisiðahefð.

Um 3. gr.

Ákvæði þessarar greinar er nokkru einfaldara en samsvarandi ákvæði í oftnefndum norskum lögum. Þar er tvískipt ákvæði, þ. e. 15 og 18 ára mark. Við 18 ár eru mörk foreldravalds að norskum lögum en 16 að íslenzkum. Hentar því vel að hafa aðeins það mark og ekkert lægra mark, þar sem ákvörðun er háð samþykki þess, er hefur foreldravald.

Um 4. gr.

Hér á við líkt og um 2. gr. hér að framan, að heit, sem hér ræðir um, eru ekki réttarlega skuldbindandi, í þeirra merkingu að þau binda ekki athafnir manna framar en þeim sýnist. Rétt hefur hins vegar þótt, í þessu sambandi með beinu banni við að taka við slíkum loforðum, að við lagðri refsingu, sbr. 20. gr., að vinna gegn slíkum háttum. Er þetta vegna hinna nærgöngulu forma, sem slíkum heitvinningum eru oft samfara. — Segja má, að slík varnaðarákvæði eigi ekki miklu hlutverki að gegna hér á landi, þar sem slíkar reglur eru óþekktar. Þær eru hins vegar engan veginn óheimilaðar í löggjöfinni, og þykir rétt, að slíkt ákvæði verði tekið upp með sama hætti og í Noregi.

Um 5. gr.

Eins og getið var í inngangi greinargerðar, hafa ekki verið ákvæði í lögum um efni þessarar greinar, en reglur þær, sem hér eru settar fram eru í samræmi við þær, sem gilt hafa í framkvæmd samkvæmt reglum, er þjóðskránni hafa verið settar, og samráð voru höfð um við dóms- og kirkjumálaráðuneytið. Þessar reglur eru augljóslega auðveldastar í framkvæmd, en segja má raunar á einfaldastan hátt, þótt greinin skipti því í þrjár málsgreinar, að barn sé ávallt „frá fæðingu talið heyra til sama trúfélagi og móðir þess“. — Norsku lögin haga reglum um þetta efni með nokkuð öðrum hætti, að nokkru leyti af stjórnskipulegum ástæðum, þar sem stjórnarskrárákvæði eru túlkuð þannig, að ef annað hjóna er í þjóðkirkjunni, beri að telja barn þeirra til hennar, meðan ekki kemur til önnur lögmæt ákvörðun, en einnig er með þeirra ákvæðum reynt að halda meiri svip „jafnræðis“ milli foreldra með skírskotun ýmist til sameiginlegrar ákvörðunar eftir fæðingu (en þá vantar sjálfvirka reglu) eða með því að skírskota til foreldravalds „frá fæðingu“. — Íslenzka reglan er sem sagt einfaldari í meðförum.

Tvær fyrri málsgreinarnar fjalla um börn, sem fæðast í hjónabandi foreldranna, en þriðja málsgreinin um þær aðstæður, er móðir er ekki í hjónabandi, er barnið fæðist, hvort heldur barnið er skilgetið eða óskilgetið. Rétt þykir að vekja sérstaklega athygli á orðalagi greinarinnar, þar sem sagt er: skal frá fæðingu „talið“ o. s. frv. Með þessu er undirstrikað, að enn sé ekki um beina ákvörðun að ræða, sbr. svo aftur 3. og 6. grein.

Um 6. gr.

Þessi grein fjallar um ákvörðun um breytingu á trúfélagsaðild barns innan 16 ára aldurs. Ákvörðun í þessu efni geta foreldrar í hjónabandi aðeins tekið saman,

en annars foreldri, sem foreldraráð hefur eða lögráðamaður. Ef barn hefur náð 12 ára aldri, skal leita álits þess. Má um það atriði vísa til sams konar ákvæðis við ættleiðingu barns, sem náð hefur 12 ára aldri. Nánari framkvæmdareglur bæri að setja með reglugerð, sbr. 19. gr.

Um 7. gr.

Það mætti e. t. v. segja, að ekki væri ástæða til að amast við því, að menn væru, ef þeir óskuðu þess, aðilar að fleiri en einu trúfélagi. Ákvæði greinarinnar er og alls ekki ætlað að hindra menn í að taka þátt í starfsemi, svo sem trúariðkun, í fleiri en einu trúfélagi. Hins vegar þykir það bezt samræmast góðri reglu og skýrri réttarstöðu, að menn eigi aðeins formlega aðild að einu skráðu trúfélagi eða þjóðkirkjunni. — Óskráð trúfélög, sbr. 11. gr., koma hér ekki við sögu. — Afskipti í þessu efni að öðru leyti en formlegu aðildinni, mundu raunar geta höggvið of nærri trúfrelsiskenningunni.

Í 2. málsgrein þessarar greinar er, ef svo má segja, fjallað um „landfræðileg“ eða „þjóðleg“ mörk aðildarinnar, þannig að einnig útlendingar geta verið aðilar að íslenzkum trúfélögum og þjóðkirkjunni, ef þeir eru búsettir í landinu, en erlendir ríkisborgarar, sem ekki eru búsettir í landinu, geta ekki haldið formlegri aðild. — Á hinn bóginn er látið afskiptalaust, hvort menn kunna að eiga aðild að trúfélögum í öðrum löndum, samtímis aðild að innlendu trúfélagi.

Um 8. gr.

Þótt með ákvæðum greinarinnar sé settur nokkur rammi þeirra atriða, er gæta skal við inngöngu í trúfélag, er þeim ætlað sjálfum að setja reglur í því efni, svo og almennt um aðildina, sem samrýmist skipulagi þeirra og annarri afstöðu til þess, hvað skipti máli fyrir þau, við ákvörðun um aðild manna að trúfélaginu.

Um úrsögn eru með samsvarandi hætti mótaðar reglur um skipulega skráningarhætti.

Þá eru í 4. málsgrein ákvæði um áhrif, sem tilkynning um atriði varðandi trúfélagsaðild manna til þjóðskrár geti haft um ýmis framkvæmdaatriði. svo sem gjaldtöku. Er ljóst, að hentugleikaástæður um skýr tímamörk mæla með því, að tilkynning til þjóðskrár sé höfð sem ákvarðandi viðmiðun.

Um 9. gr.

Bannákvæði þetta gegn óviðeigandi afskiptum af frjálsri ákvörðun manna í þessum efnum, þykir eðlilegt til þess að vara við því að ganga of langt í því að reyna að hafa áhrif á ákvarðanir manna í því efni, sem hér ræðir um. Það er ljóst, að ekki er með ákvæði þessu ætlunin að banna ýmiss konar trúboðslega mótaðar aðferðir til að hafa áhrif á ákvarðanir manna í þessum efnum. Ekki er hægt að gefa skýrari afmarkanir en það, að í slíkum efnum sé aðferðum haldið innan hefðbundinna marka, sem geta verið álitaefni. Á hinn bóginn getur verið um að ræða aðferðir, sem varðað geta við ákvæði hegningarlaga (t. d. 225 gr.) — Dómstólar mundu eiga mat á mörkum þessa ákvæðis.

Um 10. gr.

Þessari grein er fyrst og fremst ætlað að staðfesta, að hin almennu ákvæði I kafla nái einnig til þjóðkirkjunnar, en eins og tekið er fram í greininni, kemur einnig til sérlöggjöf í ýmsum efnum um þjóðkirkjuna, og sú löggjöf gildir þá eftir atvikum um hana, þótt í bága kynni að fara við hin almennu ákvæði kaflans í einhverjum efnum. Ekki er þó líklegt, að til þess komi um efni, sem verulegu máli skipta.

## Um II. kafla.
## Trúfélög utan þjóðkirkjunnar.

Ákvæði þessa kafla leysa af hólmi lögin um utanþjóðkirkjumenn (nr. 4 19. febrúar 1886 með breyt. í l. nr. 6 4. marz 1904). Verulegur hluti hinna upphaflegu laga fjallaði um efni, sem nú er komið í sérlöggjöf, svo sem lög um sóknargjöld og lög um stofnun og slit hjúskapar, og nokkuð efni þess, sem stendur eftir, er einnig í raun óþarft vegna nýrra ákvæða í sérlöggjöf, sbr. lög um kirkjugarða. Hins vegar eru, eins og áður er sagt, engin ákvæði í gildandi lögum um það, hvernig trúfélög skuli gera grein fyrir starfsemi sinni og hver skilyrði uppfylla til þess að starfsmönnum þeirra verði falin þau verkefni, sem prestum þjóðkirkjunnar eru falin innan hennar og borgaralegum embættismönnum utan allra safnaða. Það er hlutverk þessa kafla að gera því efni skil.

### Um 11. gr.

Í þessari grein er fjallað um frjálsa trúfélagastarfsemi, sem er heimil, þótt ekki sé ætlað að leita skráningar samkvæmt 12. gr., sbr. 13.—18. gr. — Svo sem í 1. málsgr. segir, er stofnun og starfsemi heimil trúfélagi, þótt ekkert sé um þau atriði tilkynnt til stjórnvalda. Slík félög eru engu að síður bundin þeirri skyldu, sem í 2. málsgrein er lögð á öll slík félög til þess að gæta þess að taka ekki upp nafn á félag sitt, sem sé óhæfilega líkt nafni annars trúfélags, þannig að misskilningi geti valdið. Stjórnvöld meta það atriði, ef staðfestingar nafns er leitað samkvæmt 3. málsgrein þessarar greinar, en einnig gæti upptaka slíks nafns varðað sektum samkvæmt 20. gr. — Til gæzlu á því, að uppgefin nöfn fari ekki í bága við nöfn, sem í notkun eru, sbr. 3. málsgrein, er sú skylda lögð á slík félög í 4. málsgrein að tilkynna um breytingu nafns eða að félag sé lagt niður, en þá mundi ekki með sama hætti þurfa að gæta þess, að nafni nýs félags yrði ekki ruglað saman við það.

Að sjálfsögðu eru félög, sem um er fjallað í þessari grein. bundin þeirri skyldu, sem önnur, að kenna ekki eða fremja neitt, sem gagnstætt er góðu siðferði og allsherjarreglu.

### Um 12. gr.

Hér er fjallað um hið nýja skipulag, sem frumvarpið ráðgerir, að trúfélög séu skráð, svo að þau öðlist réttindi og skyldur, sem lög ákveða. Í 2. málsgr. er tekið fram, að þar sem talað er um prest eða forstöðumann í þessum kafla, er átt við þá starfsmenn skráðs trúfélags, sem falið hefur verið að annast þau embættisverk, sem þeim verða með skráningunni heimil. — Það er ekki ætlunin að lögfesta heiti slíkra starfsmanna, en starfsheitin, starfssvið og starfssvæði falla undir innri málefni félagsins. Einnig í því efni hljóta félögin að gæta þess að brjóta ekki í bága við allsherjarreglu og siðsamlega háttu, og stjórnvöldum ber að skoða einnig slík atriði.

### Um 13. gr.

Hér eru settar fram mjög umfangsmiklar reglur um greinargerð, sem er undanfari þess, að skráningarbeiðni verði staðfest. Þessar reglur eru mjög veigamikið atriði í þeirri bættu reglu, sem ákvæðum þessa kafla er ætlað að tryggja um skipulega undirstöðu að framkvæmd á embættisverkum, sem varða þjóðfélagið miklu. Ekki sýnist þörf á að skýra nánar innihald greinarinnar, enda er upptalning hinna 9 töluliða einföld og augljós. — Nánari reglur um efnið mundu svo settar með reglugerð og jafnframt studdar eyðublöðum og leiðbeiningum.

### Um 14. gr.

Nauðsynlegt er að auglýsa með skýrum hætti skráningu trúfélags, svo að almenningi verði kunnugt, að í gildi séu starfsheimildir, sem henni fylgja.

Um 15. gr.

Skylda til skýrslugjafar er ákveðin, til þess að hin heimilaða embættisstarfsemi sæti samsvarandi eftirliti og þeirra embættismanna hliðstæðra, sem eru í beinni þjónustu ríkisins og sama gildir um breytingar á starfshögum embættismanna trúfélaganna.

Um 16. gr.

Greinin fjallar um viðbrögð af ríkisvaldsins hálfu við ágöllum á starfsemi trúfélags og niðurlagningu þess. — Svo sem í öðrum greinum kaflans, eru hér markaðar samsvarandi skyldur til skipulegra vinnubragða og þeim ber að uppfylla, sem með embættisgögn fara í ríkisþjónustu. Í þessari grein er heimiluð niðurfelling á skráningu trúfélags, ef það hefur að mati ráðherra brugðizt verulega í framkvæmd á lagaskyldum, og ekki bætt úr þrátt fyrir aðvörun.

Um 17. gr.

Í þessari og næstu grein er rætt um réttarstöðu presta og forstöðumanna safnaða. Eðlilegt þykir, að um þessa starfsmenn gildi sömu aldurstakmörk og um presta þjóðkirkjunnar, en um þá gildir almennt aldurshámark, 70 ár, en má þó framlengjast í 75 ár. Eðlilegt þykir, að gerð sé almenn hæfniskrafa, eins og til opinberra starfa. — Mundi af því leiða m. a. almenn krafa um íslenzkan ríkisborgararétt, og er það e. t. v. tilfinnanlegt fyrir trúfélög, sem byggja á alþjóðlega skipulagðri starfsemi, en þar er þó möguleg túlkun á undanþáguheimild 3. gr. laga nr. 38/1954. — Verður að vísu að telja kröfuna um íslenzkan ríkisborgararétt eðlilega frá almennu sjónarmiði. — Þess má geta, að í raun hefur verið vanmetin nauðsyn á talsverðri sérmenntun til embættisstarfa, til þess að prestur eða forstöðumaður geti forsvaranlega gegnt embættisstörfum. Er þetta atriði eitt af þeim, sem hyggja þarf að, ef þessi ákvæði fá lagagildi.

Um 18. gr.

Starfsábyrgð prests eða forstöðumanns er samsvarandi þeirri, er opinber starfsmaður ber. Brot hans í starfi geta því varðað við hina almennu löggjöf, þar með talin hegningarlögin. Agavald gagnvart embættisfærslu hans er samkvæmt greininni hjá ráðherra, en við hlið þess valds er hann auðvitað háður reglum þeim, sem honum eru settar með starfsreglum trúfélagsins um innri starfsemi þess.

Um 19. gr.

Svo sem vísað er til í fyrri greinum, mun þörf á að setja margs konar reglur um framkvæmd ýmissa þátta þeirra málefna, sem um er fjallað hér að framan, einkum í II kafla.

Um 20. gr.

Beiting viðurlaga er ekki veigamikill þáttur í þessum ákvæðum, enda mundu, eins og áður er bent á, jafnhliða eiga við viðurlög samkvæmt sérlöggjöf um embættisverk, sem skráning trúfélags heimilar prestum og forstöðumönnum þess.

Um 21. gr.

Í þessari grein er fjallað um aðdraganda þess, að frumvarp þetta, ef að lögum verður, komi til framkvæmda. Svo sem greinin ber með sér, er öllum þeim trúfélögum (söfnuðum), sem starfandi eru og hafa fengið staðfestingu á kjöri sínu á presti eða forstöðumanni, þannig að hann hefir öðlazt rétt til embættisverka og hann og söfnuðurinn þar með öðlazt réttindi samkvæmt ýmsum sérlögum, sem áður er getið, svo sem lög um sóknargjöld, um kirkjugarða o. s. frv., rétt að halda áfram starfsemi sinni, á grundvelli hinnar gildandi staðfestingar. Sá réttur er þó takmarkaður þannig, að þeim ber að hafa fengið endurnýjuð réttindi sín, og þá

samkvæmt hinum nýju lögum, fyrir lok marzmánaðar, eftir að heilt almanaksár er liðið frá gildistöku laganna. Þessi tími er hafður svo rúmur, til þess að trúfélögunum gefist tími til að skipuleggja félagsstarfsemi sína í samræmi við fyrirmæli laganna og jafnframt til þess að skila ársskýrslu samkvæmt 15. gr. laganna, en svo sem ákveðið er í 2. málsgrein greinarinnar, skulu ákvæði laganna gilda, eftir því sem við á, eftir gildistöku laganna, þótt félögin hafi ekki fengið skráningu samkvæmt þeim.

Um 22. gr.

Miðað er við, að lögin öðlist gildi 1. janúar 1975, og falla þá úr gildi lögin frá 1886 og 1904. Eins og áður var getið, mundi þörf á að samræma ákvæðin í sérlöggjöfinni, þar sem fjallað er um málefni utanþjóðkirkjumanna, hinum nýju lögum. Til þess ætti að vera rúmur tími, meðan sá biðtími líður, sem ráð er gert fyrir í 21. grein og grein er gerð fyrir hér að framan.

## Ed. 25. Frumvarp til laga [22. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Lagt fyrir Alþingi á 96. löggjafarþingi 1974.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Alfaro, Walter Antonio, barn í Reykjavík, f. í Bandaríkjunum 17. des. 1962.
2. Argunova, Alexandra Gavrilevna, húsmóðir í Reykjavík, f. í Sovétríkjunum 12. des. 1938.
3. Azevedo, Magnús, barn í Kópavogi, f. á Íslandi 18. ágúst 1967.
4. Bauer, Evamarie Ilse, húsmóðir í Garðahreppi, f. í Þýskalandi 2. nóv. 1938.
5. Baur, Anna, húsmóðir í Hafnarfirði, f. í Þýskalandi 5. mars 1932.
6. Bellersen, Edmund Friedrich, rafmagnstæknifræðingur í Reykjavík, f. í Þýskalandi 2. febr. 1942.
7. Blöndal, Dagný, barn í Reykjavík, f. í Indónesíu 13. sept. 1972.
8. Brauner, Renald, nemandi í Hafnarfirði, f. í Þýskalandi 27. apríl 1958.
9. Buhl, Erna Frieda, húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýskalandi 7. nóv. 1924.
10. Busk, Eyjólfur Þór, tannlæknir á Seltjarnarnesi, f. á Íslandi 6. ágúst 1937.
11. Catlin, Katheryn Roberta, húsmóðir í Hafnarfirði, f. í Bandaríkjunum 2. ágúst 1923.
12. Chadwick, Andrés Þór, barn á Keisbakka í Dalasýslu, f. á Íslandi 14. júní 1964.
13. Chadwick, Ruth Carol, barn á Keisbakka í Dalasýslu, f. á Íslandi 2. febrúar 1967.
14. Clark, Robert Jón, sjómaður í Reykjavík, f. á Íslandi 21. júlí 1943.
15. Drake, Hellen Linda, barn í Reykjavík, f. á Íslandi 29. júní 1960.
16. Drake, Oddný Inga, barn í Reykjavík, f. á Ísalndi 1. mars 1963.
17. Drake, Unnur Milly, barn í Reykjavík, f. í Englandi 16. sept. 1961.
18. Döllefeld, Karin Berta Marie, húsmóðir í Hafnarfirði, f. í Þýskalandi 26. okt. 1944.
19. Friðrik Örn Jónsson, barn í Reykjavík, f. á Íslandi 18. febr. 1970.
20. Funagalli, Agnete Mathilde, húsmóðir í Hafnarfirði, f. á Íslandi 18. maí 1942.
21. Gillespie, Jerry Lee, barn í Reykjavík, f. í Bandaríkjunum 26. jan. 1969.
22. Helga Jónsdóttir, verkakona í Keflavík, f. á Íslandi 14. maí 1947.
23. Ipsen, Werner, sjómaður í Reykjavík, f. í Danmörku 25. nóv. 1938.
24. Izaguirre, Enrique Llorens, verkamaður á Akranesi, f. á Spáni 25. júní 1937.
25. Karólína Rafnsdóttir, barn í Kópavogi, f. í Englandi 7. sept. 1969.

26. Knudsen, Hilmar Martin Riis, verkfræðingur í Reykjavík, f. í Danmörku 5. okt. 1941.
27. Kristensen, Kirsten Andresen, húsmóðir í Reykjavík, f. í Danmörku 23. sept. 1936.
28. Lassen, Magna, húsmóðir í Neskaupstað, f. í Færeyjum 16. sept. 1946.
29. Lawrence, Raymond Thorgeir, búfjurtafræðingur á Sauðárkróki, f. í Englandi 23. sept. 1946.
30. Little, Ruth, húsmóðir í Reykjavík, f. í Englandi 31. júlí 1935.
31. Lorenzen, Rita, húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýskalandi 8. des. 1942.
32. Lundgreen, Carl Edvard Houmann, trésmiður í Reykjavík, f. í Danmörku 24. mars 1913.
33. Lundgreen, Jenny Kirstine, húsmóðir í Reykjavík, f. í Danmörku 31. des. 1917.
34. Madsen, Ebba Agnete, húsmóðir á Akureyri, f. í Danmörku 9. ágúst 1937.
35. Njarðvík, Hildur, barn á Seltjarnarnesi, f. í Kóreu 15. nóv. 1969.
36. Olesen, Anna Maria, barn á Selfossi, f. á Íslandi 19. nóv. 1964.
37. Olesen, Ása, barn á Selfossi, f. á Íslandi 11. febrúar 1963.
38. Paulsen, Waltraud Anna Maria Meta, húsmóðir í Mosfellssveit, f. í Þýskalandi 8. febrúar 1935.
39. Petersen, Boye, iðnaðarmaður í Keflavík, f. í Danmörku 15. okt. 1945.
40. Reed, Brian Thor, nemandi í Reykjavík, f. í Bandaríkjunum 29. nóv. 1960.
41. Reed, Elaine Ruth, nemandi í Reykjavík, f. í Bandaríkjunum 13. júní 1963.
42. Reed, Gregory Allan, nemandi í Reykjavík, f. í Bandaríkjunum 9. febr. 1962.
43. Reed, Sigurður Kenneth, nemandi í Reykjavík, f. á Íslandi 30. des. 1958.
44. Róbert Hannesson, nemandi í Kópavogi, f. á Íslandi 3. júní 1963.
45. Shabakaeva, Dina Yakubovna, húsmóðir á Ísafirði, f. í Sovétríkjunum 16. ágúst 1944.
46. Súsanna Rafnsdóttir, barn í Kópavogi, f. í Englandi 31. okt. 1966.
47. Svanhildur Helgadóttir, barn í Reykjavík, f. í Kóreu 5. jan. 1971.
48. Teske, Gerda Irene, húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýskalandi 2. júní 1923.
49. Thinat, Bärbel Gisela, nuddkona í Keflavík, f. í Þýskalandi 11. mars 1938.
50. Weitendorf, Edda Valeska, barn í Reykjavík, f. á Íslandi 19. ágúst 1963.
51. Wilson, Dennis, sjómaður í Neskaupstað, f. í Englandi 25. apríl 1950.
52. Winkler, Martin, húsgagnasmiður í Reykjavík, f. í Austurríki 17. nóv. 1932.
53. Þóra Vésteinsdóttir, barn í Reykjavík, f. í Kóreu 7. apríl 1970.

2. gr.

Nú fær maður, sem heitir erlendu nafni, íslenskt ríkisfang með lögum, og skal hann þá taka sér íslenskt fornafn. Börn hans skulu taka sér íslensk nöfn samkvæmt lögum um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Umsækjendur þeir, sem teknir hafa verið á lagafrumvarp þetta, fullnægja allir skilyrðum, sem sett hafa verið af allsherjarnefndum beggja þingdeilda, sbr. nefndarálit á þskj. nr. 889 á 94. löggjafarþingi 7. maí 1974. Hafði allsherjarnefnd efri deildar mælt með því á síðasta þingi, að þeim umsækjendum, sem taldir eru upp í frumvarpi þessu, verði veittur íslenskur ríkisborgararéttur, sbr. brtt. á þskj. 878. Frumvarp um það efni varð hins vegar eigi útrætt, og er efni þess því nú endurflutt.

**Ed.** **26. Frumvarp til laga** [23. mál]

um breyting á lögum nr. 85, 23. júní 1936 um meðferð einkamála í héraði.

(Lagt fyrir Alþingi á 96. löggjafarþingi, 1974.)

1. gr.

Við 42. gr. bætist:

Dómsmálaráðherra getur heimilað héraðsdómaraembættum, að nota hljóðritun á dómþingum í stað bókana í þingbækur, sbr. 134. gr. Sé slíkt leyfi veitt skal fylgja héraðsdómaraembætti búnaður til hljóðritunar og vörslu hljóðritana. Dómsmálaráðherra ákveður gerð þessa búnaðar. Hljóðritanir skal varðveita í þrjú ár hið skemmsta frá lokum dómsmáls. Forstöðumanni héraðsdómaraembættis, dómsmálaráðherra og þjóðskjalaverði er heimilt að ákveða varðveislu um lengri tíma, ef hljóðritunin er talin hafa almennt heimildargildi, gildi í öðrum dómsmálum eða aðrar sérstakar ástæður koma til.

Dómsmálaráðherra skal setja reglur um búnað til hljóðritunar, framkvæmd hljóðritana, og vörslu þeirra svo og annað, er máli skiptir þar að lútandi.

Hæstiréttur getur ávallt krafist þess, að honum séu afhentar hljóðritanir í dómsmálum, sem til hans hefur verið skotið.

2. gr.

Við 44. gr. bætist:

Meðan mál er rekið í héraði, unnt er að skjóta því til æðra dóms eða mál er rekið fyrir æðra dómi, er ennfremur skylt gegn lögmæltum ritlaunum að láta í té endurrit þess, sem hljóðritað hefur verið, ef þess er beiðst af aðilum, lögmönnum þeirra, þeim, er skýrslu gaf, sem endurrits er beiðst af, eða þeim, sem ríka hagsmuni hafa af því að fá slík endurrit. Endurritin skal gera svo fljótt sem við verður komið. Á sama tíma skal leyfa þeim, sem taldir voru, að hlýða á hljóðritun. Dómari kveður stað og stund og eftirlit, meðan hlýtt er á hljóðritunina. Dómsmálaráðuneytið setur reglur um gjöld fyrir slíka hlustun. Ritlauna og hlustunargjalds má krefjast fyrirfram með sama hætti og skv. 1. mgr. Að þeim tíma liðnum, sem greindur var, má láta í té staðfest endurrit og leyfa að hlýða á hljóðritanir, ef sérstakar ástæður mæla með því. Gilda um það ofanskráðar reglur, eftir því sem við getur átt. Ágreining um það, er í þessari málsgrein segir, skal dómari úrskurða, ef krafist er, og má kæra úrskurðinn til Hæstaréttar eftir almennum reglum.

3. gr.

Í stað 1. mgr. 134. gr. komi eftirfarandi:

Vitnaskýrslur skal bóka eða hljóðrita, og ákveður dómari, hvora aðferðina skuli hafa um hverja skýrslu. Aldrei skal þó hljóðrita vitnaskýrslu gegn andmælum vitnis, aðila eða umboðsmanns hans.

Ef vitnaskýrsla er bókuð, les dómari svör vitna við spurningum jafnskjótt sem þau hafa verið bókuð, eftir ósk viðkomenda eða eftir því, sem honum þykir nauðsyn. Þegar yfirheyrslu er lokið, les dómari, ef óskað er eða honum þykir þess þörf, með sama hætti upp bókanir á svörum vitnis í heild, enda skal gera þær leiðréttingar og viðauka við bókanir, sem dómari telur, að gefnu tilefni, þurfa til þess að framburður vitnis komi sem gleggst og réttast fram.

Ef vitnaskýrsla er hljóðrituð, skal jafnframt bóka í þingbók um þinghaldið og geta þar nafns vitnisins, aldurs og heimilis eða dvalarstaðar svo og, að vitnaskýrslan sé hljóðrituð. Með vitnaskýrslu skal hljóðrita upplýsingar dómara um þinghaldið og vitni, svo að jafnan megi vita, hvaða hljóðritun er um að ræða. Dómari skal greina vitni frá því, að hljóðrita skuli skýrslu þess, og skýra fram-

kvæmd hljóðritunar eftir þörfum. Jafnan skal mega fylgjast með því af öllum, sem á þingi eru, hvort hljóðritunartæki eru í sambandi. — Hljóðrita skal eftir ákvörðun dómara það úr skýrslu vitnis, sem máli þykir skipta. Í lok vitnaskýrslu eða að loknum hlutum hennar, getur dómari látið hljóðrita stuttan úrdrátt sinn um það, sem hann telur þurfa fram að koma, og síðan skal spyrja vitni, hvort þar sé rétt eftir því haft. — Vitni, aðilar og lögmenn þeirra skulu á þinginu eiga rétt á að hlusta á það, sem þá hefur verið hljóðritað, í þeim mæli, er þeir óska. Þeir geta látið hljóðrita eða bóka í þingbók stuttar athugasemdir sínar varðandi stjórn dómara á vitnaleiðslunni.

Að þinghaldi loknu skal á vegum dómara vélrita eftir hljóðritun í þeim mæli, sem hann telur ástæðu til eða þeir krefjast, sem rétt eiga á endurriti, skv. 2. mgr. 44. gr. Þegar mál er flutt munnlega eða við lok skriflegs málflutnings, skal bóka í þingbók, hvaða hljóðritanir hafa verið afritaðar og hvort fram hafa komið athugasemdir um, að aðilar eða lögmenn þeirra eða vitni hafi ekki séð þau endurrit eða telji þau ekki rétt gerð.

4. gr.

Aftan við 2. mgr. 134. gr., sem verður 5. mgr. sömu gr., komi:

Ef dómari, aðilar eða lögmenn þeirra og vitni telja, að staðfesta megi þegar vitnaskýrslu, sem hljóðrituð hefur verið, má, þegar vitnið hefur hlýtt á skýrsluna, hljóðrita staðfestinguna. Ella fer staðfesting fram, þegar fyrir liggur endurrit eftir hljóðrituninni.

## Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið fól hinn 11. sept. 1973 réttarfarsnefnd athugun á framkomnum tillögum frá borgardómaraembættinu í Reykjavík um lögfestingu heimildar til notkunar segulbanda við skráningu á því, sem fram fer við þinghöld í einkamálum. Frumvarp þetta er árangur þeirrar athugunar nefndarinnar, og sent ráðuneytinu 8. marz 1974 með eftirfarandi greinargerð:

Í lögum nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði er ekki ákvæði, sem heimilar að taka skýrslur vitna, aðila eða mats- og skoðunarmanna á segulbönd eða hljóðrita þau með öðrum aðferðum. Hins vegar segir í 18. gr. laga nr. 73/1973 um meðferð opinberra mála, að skýrslur í slíkum málum megi „taka á talvél", sbr. og 77. gr. sömu laga. Þessi heimild, sem hefur verið í lögum frá 1951, mun lítt eða ekki hafa verið notuð. Á árinu 1972 hófst hljóðritun á dómþingum hjá borgardómaraembættinu í Reykjavík. Að fenginni reynslu þykir vera ástæða til að setja lagaákvæði um þessa aðferð, sem kveða á um, hvernig að skuli farið. Réttarfarsnefnd hefur samið frumvarp þetta og stuðst við tillögur og greinargerðir frá dómurum við borgardómaraembættið, svo og upplýsingar um hljóðritanir í réttarhöldum í Bandaríkjunum og Svíþjóð.

Rök fyrir því að heimila hljóðritanir á dómþingum eru þau, að með þessari aðferð sparast tími dómara, aðila og lögmanna, svo og vitna og annarra, sem skýrslur gefa. Oft er haft á orði, að sum dómsmál séu lengur til meðferðar hjá héraðsdómstólunum en vera ætti. Ráð, sem líkleg eru til að flýta meðferð mála, ætti því að nota. Þó hafa komið fram efasemdir um, að hljóðritun sé jafnörugg aðferð og bókun. Reynsla hérlendis bendir ekki til, að veruleg ástæða sé til slíkra efasemda, og hið sama er að segja um reynsluna í Bandaríkjunum og Svíþjóð. Má segja, að hættulítið væri að taka upp þá tillögu frá borgardómurum, að hljóðritanir séu látnar koma að öllu leyti í stað bókana um sum þinghöld. Réttarfarsnefnd hefur þó lagt til, að jafnan skuli færa tiltekin atriði til bókar, en því má breyta síðar að fenginni meiri reynslu.

Um einstakar greinar frumvarpsins er þessa að geta:

Um 1. gr.

Í 42. gr. laga nr. 85/1936 (eml.) eru ákvæði um þær dómsmálabækur, sem fylgja skulu héraðsdómaraembættum til afnota í einkamálum. Þar segir einnig, hver haldi bækurnar og hvernig frá þeim skuli gengið. Lagt er til, að þessi ákvæði séu óbreytt. Að sönnu gæti verið rétt að nota þetta tækifæri til að setja í lögin ákvæði um vélritaðar dómsmálabækur, en rétt þykir að það bíði síðari tíma. Hins vegar þykir eiga að vera í þessari grein heimildarákvæði um hljóðritun og hljóðritunarbúnað hjá héraðsdómaraembættum. Ekki þykir næg ástæða til að mæla fyrir um geymslu hljóðritana með sama hætti og um geymslu skjala og dómsmálabóka, sem geymast eiga án tímatakmarkana. Í reynd hafa skýrslur í einkamálum næsta litla þýðingu nema fyrir málið sjálft, svo að ástæðulaust er að varðveita hljóðritanirnar til frambúðar, nema sérstaklega standi á.

Um 2. gr.

Í 44. gr. eml. eru ákvæði um rétt „viðkomenda“ til að fá staðfest eftirrit úr dómsmálabókum og málsskjölum. Rétt þykir að hafa ákvæði um rétt til endurrita af því, sem hljóðritað hefur verið, og um rétt til að hlýða á hljóðritanir.

Um 3. gr.

Í 134. gr. eml. eru ákvæði um bókun og staðfestingu vitnaskýrslna. Gera þarf verulegar breytingar á þeim vegna hljóðritana. Í stað 1. mgr. koma því skv. frumvarpinu fjórar málsgr. — Í hinni fyrstu er tekið fram, að bókanir og hljóðritanir séu heimilar jöfnum höndum. Í hinni nýju 2. mgr. er sama efni og í 1. mgr. nú. Hins vegar eru 3. og 4. mgr. nýjar. Þar er að finna ákvæði um það, sem fyrr er á minnst, að hljóðritunarheimildin taki aðeins til munnlegra skýrslna fyrir dómi, og myndu þessar reglur gilda um vitnaskýrslur, aðilaskýrslur og skýrslur mats- og skoðunarmanna. Jafnframt verður að færa í þingbók bókun um dómþingið, þar á meðal um það, hverjir gefa munnlega skýrslur. Hefur þetta ekki verið gert að jafnaði s. l. tvö ár hjá borgardómaraembættinu í Reykjavík, en réttarfarsnefnd telur æskilegt, að svo skuli að farið, a. m. k. fyrst um sinn. Efni skýrslnanna má hins vegar hljóðrita, og verður þá ekki um það bókað. Þess er sérstaklega að geta, að nokkur hætta er á, að hljóðritun verði orðfleiri en bókanir hafa verið. Til að komast hjá algerlega óþörfum afritum skýrslna að loknu dómþingi, er tvennt heimilað skv. frv.: Í fyrsta lagi getur dómari látið hljóðrita stuttan úrdrátt sinn um efni skýrslunnar. Við afritun mætti með samþykki allra, sem málið varðar, láta nægja að afrita þennan úrdrátt en sleppa því, sem skýrslugefandi sagði, a. m. k. að einhverju leyti. Ef skýrslan þætti ekki hafa þýðingu í málinu, má og í öðru lagi við afritun sleppa henni alveg eða köflum hennar, enda sé afritunar ekki krafist. Til frekara öryggis er aðilum, lögmönnum þeirra og skýrslugefendum veitt heimild til að láta bóka eða hljóðrita stuttar athugasemdir um stjórn dómara á skýrslugjöfinni. Jafnframt er svo fyrir mælt, að í þingbók skuli skrá skýrslu um afritanir og athugasemdir, sem fram koma varðandi þær.

Um 4. gr.

Staðfesting skýrslu með eiði eða drengskaparheiti er nú sjaldgæf í einkamálum. Það ætti að fara eftir atvikum, hvort skýrsla, sem hljóðrituð hefur verið, er staðfest strax að því loknu, eða staðfestingu er frestað og hún látin fara fram, þegar skýrslan hefur verið afrituð.

## Ed. 27. Frumvarp til laga [24. mál]

um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

(Lagt fyrir Alþingi á 96. löggjafarþingi, 1974.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1975 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

a. Með allt að 140% viðauka stimpilgjald af öðru en afsölum fyrir fasteignum og skipum, leigusamningum um jarðir og lóðir og af kaupmálum.
b. Með allt að 140% viðauka leyfisbréfagjöld, önnur en þau, er um ræðir í aukatekjulögum nr. 104/1965.

2. gr.

Álagið skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir í 1. gr., en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að innheimta tiltekin gjöld á árinu 1975 með sömu viðaukum og á yfirstandandi ári.

## Ed. 28. Frumvarp til laga [25. mál]

um breyting á lögum nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

(Lagt fyrir Alþingi á 96. löggjafarþingi 1974.)

1. gr.

Við 71. gr. bætist svohljóðandi málsgrein:

Nú hefur sakarefni í skaðabótamáli út af slysi verið skipt og eingöngu dæmt um skaðabótaskylduna, og getur þá dómari, ef sækjandi krefst þess, tiltekið í dóminum hæfilega fjárhæð, er verjandi greiði honum upp í endanlega skaðabótafjárhæð. Þessari ákvörðun má breyta í Hæstarétti, ef dóminum er áfrýjað.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þingsályktun um afgreiðslu skaðabótamála vegna slysa var samþykkt á Alþingi hinn 8. febrúar 1972, og var hún svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina, að hún geri, með undirbúningi lagasetningar ef með þarf, ráðstafanir til þess, að skaðabótamál vegna slysa fái hraðari afgreiðslu en verið hefur almennt.

Sé þá hafður í huga sá möguleiki, að þegar dæmt er um skaðabótaskylduna sérstaklega, án þess að dæmt sé jafnframt um bótafjárhæðir, verði settar reglur

um greiðsluskyldu hinna bótaskyldu og vátryggjenda þeirra á ákveðnum fjárhæðum upp í endanlegar skaðabótagreiðslur, sem síðar yrðu ákveðnar með dómi.“

Dómsmálaráðuneytið leitaði á árinu 1972, í tilefni af þingsályktun þessari, greinargerðar um efni hennar frá einum prófessora lagadeildar Háskólans, Sigurði Líndal, sem áður hefur verið starfandi dómari. Í greinargerð hans, sem er almenns eðlis, kemur fram, að hann telur vafasamt, að efni séu til þess að taka skaðabótamál vegna slysa út úr til sérstakrar meðferðar og vísar jafnframt í bréf lagadeildar Háskólans til allsherjarnefndar Sameinaðs Alþingis frá 15. febrúar 1972 um það efni. Í apríl 1973 var Magnúsi Thoroddsen, borgardómara, falið að gera frekari könnun á meðferð þessara mála og gefa bendingar um úrræði, sem verða mættu til úrbóta. Gerði hann könnun á meðferð skaðabótamála vegna slysa, sem dæmd höfðu verið á bæjarþingi Reykjavíkur og í sjó- og verslunardómi Reykjavíkur á 5 ára tímabili, 1968—1972. Í greinargerð hans, sem skilað var vorið 1973, telur hann, að hvorki leiði sú könnun eða önnur viðhorf til þess, að rétt verði talið að ætla þessum málaflokkum aðra réttarfarslega meðferð en öðrum, enda mundi og mjög hæpið, að slík meðferð mundi leiða til hraðari eða betri afgreiðslu á þeim málum. — Framangreind skjöl voru á fyrri hluta síðastliðins vetrar send réttarfarsnefnd til athugunar. Nefndin tók mjög eindregið undir það álit, að vara bæri við því að ætla, að bæta mætti meðferð þessara mála og auka afgreiðsluhraða með því að taka upp einhverja sérmeðferð á þeim. Sérstaklega var tekið undir aðvörun gegn því að huga að stofnun sérdómstóla til meðferðar á slíkum málaflokkum, enda mundi það síður en svo til þess fallið að bæta meðferð mála. — Nefndin taldi, að til bóta gæti verið að lögfesta heimildir til að úrskurða greiðslu til bráðabirgða upp í skaðabótakröfu, er notuð hefði verið heimild réttarfarslega til að skipta sakarefni, þannig að í fyrri áfanga er eingöngu dæmt um skaðabótaskylduna, en ákvörðun bótafjárhæðar látin bíða síðari meðferðar. — Ábending um slíka lagaheimild var gefin í greinargerð Magnúsar Thoroddsen, en hann tók jafnframt fram, að slík skipting sakarefnis væri fremur fátíð, þannig að ekki mætti ætla, að þessar heimildir kæmu oft að notum, en þær mættu þó gagnast við sérstakar aðstæður.

Með lagafrumvarpi þessu er lagt til, að framangreindar tillögur verði lögfestar. Er þá nauðsynlegt að breyta jafnframt 95. grein laga nr. 20 8. mars 1954, um vátryggingarsamninga til samræmis við þessar breytingar. Er ráðgert að í sérstöku lagafrumvarpi verði gerð tillaga um það efni.

## Nd. 29. Frumvarp til laga [26. mál]

um breyting á lögum nr. 71 frá 6. maí 1966, um verðtryggingu fjárskuldbindinga.

Flm.: Ellert B. Schram.

1. gr.

Við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. er heimilt að kveða svo á í kaup- og verksamningum um hús, húshluta eða önnur mannvirki, sem eigi eru fullgerð á samningsdegi, en seljandi eða verksali skuldbindur sig til að afhenda fullgerð eftir minnst 12 mánuði, að sá hluti söluverðs, sem svarar til þess byggingarhluta, sem ófullgerður er, skuli breytast í samræmi við breytingar á verðlagsvísitölu til afhendingardags.

2. gr.

Lög þessi öðlast nú þegar gildi.

## Greinargerð.

Af efni og forsendum laga nr. 71 frá 6. maí 1966, um verðtryggingu fjárskuldbindinga, má ráða, að höfuðtilgangur þeirra var að skapa nauðsynlegan grundvöll að verðtryggingu lánsfjársamninga. Stefnt var að því að taka upp verðtryggingu að einhverju leyti við innlánsstofnanir, fjárfestingarlánasjóði og jafnvel lífeyrissjóði. Jafnframt mun hafa verið reynt að taka af öll tvímæli um lagagrundvöll verðtryggingar, en fram að setningu þeirra voru lög ekki afgerandi um heimildir til að beita verðtryggingu nema á tveimur sviðum. Annars vegar hafði veðdeild Landsbankans fengið almenna heimild til sölu vísitölutryggðra vaxtabréfa á almennum markaði vegna þarfa Byggingarsjóðs. Hins vegar höfðu lög, sett við gengisbreytingar krónunnar, jafnan endurtekið gamalkunnugt ákvæði, að óheimilt væri að lána fé með skilmála um breytileika á grundvelli skráningar krónu miðað við erlendan gjaldeyri, nema um endurlánað erlent lánsfé væri að ræða.

Þó að tilgangur verðtryggingarlaga hafi fyrst og fremst verið sá, sem að framan greinir, var þó, að því er virðist, gengið lengra í lagasetningunni, og er orðalag 1. gr. það víðtækt, að túlka má það svo, að það nái yfir allt fjármunasviðið, nema löggerninga á sviði kaupgjaldsmála, sjá athugasemdir með frumvarpinu eins og það var lagt fyrir Alþingi 1965.

Reyndin hefur orðið sú, að löggjöfin hefur haft verulega þýðingu á sviði lánsfjársamninga, og má telja hana fyrst og fremst eðlilega og gagnlega að því marki.

Á hinn bóginn hafa lögin skapað nokkra óvissu um gildi löggerninga, sem mjög algengir og mikilvægir eru í viðskiptum manna, einkum húsaleigusamninga, sölusamninga um húsnæði og verksamninga. Er áratuga hefð um vísitöluviðmiðun í samningum þessum, einkum húsaleigusamningum, og verður að draga í efa réttmæti þess að ógilda notkun þeirra í því formi nú. Hefur notkun vísitöluákvæða í samningum þessum viðgengist þrátt fyrir setningu laganna. Hafa byggingaraðilar áskilið vísitölukvöð í sölusamningum um íbúðir, sérstaklega eftir að framkvæmdalán Byggingarsjóðs ríkisins komu til skjalanna. Vísast hér m. a. í 12. gr. laga nr. 30/1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins, svo og 16. gr. reglugerðar nr. 202/1970, þar sem stofnuninni er falið m. a. að taka mið af breytingu byggingarvísitölu á byggingartíma húsnæðis, þegar afstaða er tekin til endanlegs söluverðs íbúðar. Má líta svo á, að löggjöfin gefi hér byggingaraðilum undir fótinn um að beita vísitölukvöð í sölusamningum íbúða, þannig að verðhækkana á byggingartíma geti gætt í söluverði, en ein forsenda framkvæmdaláns er, að byggingaraðili tilkynni húsnæðismálastjórn grunnverð íbúðar í umsókn um framkvæmdalán. Hliðstæð ákvæði er að finna í verksamningum um stærri framkvæmdir.

Þá má draga mjög í efa, að það samrýmist réttarvitund manna að skerða nú samningsfrelsi að þessu leyti á tímum mikillar verðbólgu, þegar ljóst er, að verðákvörðun í upphafi samnings getur ekki staðist fyrir seljanda nema með fyrirvara um breytileika verðs í samræmi við verðþróun á samningstíma. Banni við slíkum ákvæðum er vonlítið að framfylgja, og eru ávallt ráð til að komast fram hjá slíkum bönnum með ýmsum ákvæðum, ef aðeins vísitala eða hliðstæður verðmælir er ekki nefndur.

Til þess að taka af öll tvímæli um þessi efni er frumvarp þetta flutt. Óhrevfð standa öll nauðsynleg ákvæði verðtryggingarlaganna, sem sporna við notkun „valútukrónu“ og gefa Seðlabankanum nauðsynlegar heimildir til að hafa eftirlit með lánsfjársamningum og að veita heimildir til notkunar vísitöluákvæða, þar sem peningamálaleg yfirvöld telja þau eiga við. Mundi Seðlabankinn eftir sem áður hafa eftirlit með öðrum samningum, sem áfram mundu falla undir lögin breytt.

Er óþarfi að skýra efni frumvarpsins nánar, en reynt er að setja hæfileg mörk um lágmarkstímalengd þeirra samninga, sem taka verður af öll tvímæli um, að falli ekki undir greind lög. Þar sem gert er ráð fyrir verðlagsvísitölu, er gengið út frá því, að menn styðjist ýmist við byggingarvísitölu eða kaupgjaldsvísitölu eftir efnisþáttum samninga.

## Sþ. 30. Tillaga til þingsályktunar [27. mál]

um kaup ríkissjóðs á húsakosti á Flatey á Skjálfanda.

Flm.: Stefán Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að festa kaup á húsakosti einstaklinga á Flatey á Skjálfanda, þeirra sem selja vilja, og að gera ráðstafanir til þess að eignum þessum verði haldið við, svo að verstöðin, eyjan með gögnum og gæðum, sé tiltæk til fullra nytja.

### Greinargerð.

Flatey á Skjálfanda, eign ríkisins, hefur verið í eyði í sex ár, þar sem hún liggur tæpa eina og hálfa sjómílu undan Flateyjardal. Hafði byggðin tærst upp á nokkrum árum vegna skorts á félagslegri þjónustu samfara ýmiss konar lagasetningu, sem þrengdi hag útkjálkabyggða. Hélst það nokkurn veginn í hendur, að lokið var hafnargerð á eynni fyrir 12 milljónir króna og síðasti Flateyingurinn fluttist til Húsavíkur. Eftir stóðu þá á eynni 17 íbúðarhús, þar af fjögur á lögbýlum, skólahús, samkomuhús og kirkja, verslunarhús Kaupfélags Þingeyinga og fiskverkunarhús og aðrar byggingar, sem að sjávarútvegi lúta.

Nú er svo komið, að flestum eigendum húsanna á Flatey er orðið um megn að annast þau sem skyldi. Hafa sum þegar skemmst af vanhirðu, en önnur liggja undir skemmdum, og ekki sýnt að eigendurnir, sem flestir hverjir eru orðnir aldurhnignir, hafi bolmagn til að bjarga þeim frá eyðileggingu.

Ljóst er að landeigandi, ríkissjóður, hefur ekki staðið við skuldbindingar sínar gagnvart landsetunum, og nú tímabært að á því verði ráðin bót.

Nú liggur það ekki fyrir hversu margir húseigendur vilja selja eignir sínar á Flatey, en flm. hefur rökstudda ástæðu til að ætla að það muni flestir vilja, og sé reiknað með öllum húseignunum, þá nemur fasteignamat þeirra samtals 2.3 milljónum króna, en brunabótamat 22 milljónum. Samkvæmt upplýsingum tryggingafélagsins er brunabótamatið óeðlilega lágt miðað við byggingarkostnað, og stafar af því að tekið er tillit til þess að húsunum hefur ekki verið haldið við.

Ef hugað er að eign ríkisins, Flatey á Skjálfanda, og notagildi hennar verður myndin þessi:

Flatey telst vera 262 hektarar að flatarmáli, þar af eru 200 hektarar gróið land og ræktunarhæft. Landverð lögbýlanna fjögurra er að fasteignamati 477 þúsund krónur og hlunnindi eru metin á 279 þúsund samkvæmt sama mati. Leigulóðir undir fyrrnefnd hús, önnur en lögbýli, eru metnar á 144 þúsund. Höfn sú, er fyrr getur og lokið var við árið 1967, mun hafa kostað um 12 milljónir króna og er enn í eigu ríkisins. Þegar byggð lagðist af með öllu í Flateyjarhreppi, var allt landsvæði hreppsins lagt undir Hálshrepp með því skilyrði af hálfu forsvarsmanna hans, að skuldir Flateyjarhafnar fylgdu ekki með. Hefur hafnarmálastjórn verið að smáborga niður þær skuldir og munu standa eftir af þeim um 7.5 milljónir króna. Í Flatey er nú lífhöfn fyrir smábáta, og sé verðmæti hennar reiknað nú út frá vísitölu byggingarkostnaðar má meta hana á 50 milljónir króna. Þá er enn ótalinn flugvöllur á eynni, sem nú mun að vísu ekki í sem bestu ástandi, en gera má nothæfan með litlum tilkostnaði.

Þar sem Flatey liggur nú í eyði með hrörnandi húsakosti og ónotaðri lífhöfn, má heita að eigandinn, íslenska ríkið, hafi af henni vansæmdina eina og ekkert gagn. Í byggð og nytjum yrði hún tæpast metin til verðs, er tekið er tillit til auðlegðar fiskimiðanna í kringum eyna.

Ljóst er að þegar á næstu missirum munu þær verstöðvar, þar sem skemmst er að sækja á fiskislóð, fá stóraukið gildi sökum hækkaðs olíuverðs. Árið 1973

mun hafa látið nærri að hver 5 kílógrömm af fiski hafi kostað eitt kílógramm í olíueyðslu, og sýnt má nú heita að eldsneytiskostnaður fiskiskipaflotans muni hækka til mikilla muna enn á næstu árum og hafa úrslitaþýðingu í sjávarútvegi okkar.

Í framsöguræðu með þingsályktunartillögunni mun ég freista þess að gera ítarlegri grein fyrir þjóðhagslegum ávinningi af því að ríkið taki fasteignir á Flatey í sínar hendur, en ítreka í lok greinargerðarinnar þá skoðun flm. að ríkisvaldið standi í óbættri skuld við fyrrverandi landseta sína á eynni og hana beri að gjalda án tafar.

## Sþ. 31. Fyrirspurnir. [28. mál]

I. Til viðskiptaráðherra um jöfnun flutningskostnaðar á sementi.

Frá Ingólfi Jónssyni.

Er ætlun ríkisstjórnarinnar að nota heimild í lögum til þess að jafna flutningskostnað á sementi á þann hátt, að líkt verð geti verið á þeirri vöru um land allt?

Ef svo er, hvenær má þá vænta þess, að það verði gert?

II. Til menntamálaráðherra um endurvarpsstöðvar sjónvarps á Austurlandi.

Frá Helga F. Seljan.

1. Hve margar smærri endurvarpsstöðvar fyrir einstök byggðarlög á Austurlandi eru í umsjá og eigu heimaaðila?
2. Hvenær ráðgerir Sjónvarpið að fullkomna þessar stöðvar og yfirtaka rekstur þeirra að fullu?

## Sþ. 32. Tillaga til þingsályktunar [29. mál]

um bætt skilyrði til viðtöku hljóðvarps- og sjónvarpssendinga.

Flm.: Þorv. Garðar Kristjánsson, Steinþór Gestsson, Friðjón Þórðarson, Ólafur G. Einarsson, Eyjólfur K. Jónsson, Halldór Blöndal, Pálmi Jónsson, Pétur Blöndal, Pétur Sigurðsson, Sigurlaug Bjarnadóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að vinna að því í samráði við Ríkisútvarpið, að gerð verði á árinu 1975 sérstök kostnaðar- og framkvæmdaáætlun um bætt skilyrði til viðtöku innlendra hljóðvarps- og sjónvarpssendinga, þannig að sendingar geti náð sem greiðast til landsmanna, hvort sem er í byggðum landsins eða á fiskimiðum umhverfis Ísland. Í því sambandi skal athuga, hvort ekki sé rétt að ákveða afnotagjöld með tilliti til þess, að föstum hundraðshluta þeirra sé jafnan varið til dreifikerfis hljóðvarps og sjónvarps.

Jafnframt ályktar Alþingi að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að Ríkisútvarpið komi upp endurvarpsstöðvum fyrir þá sveitabæi, sem nú njóta ónothæfra eða engra sjónvarpsskilyrða. Ríkisstjórnin afli sérstaks fjármagns í þessu skyni, og stefnt verði að því að ljúka framkvæmd þessari innan tveggja ára.

## Greinargerð.

Með tillögu þessari er gert ráð fyrir, að unnið verði skipulega og markvisst að því að bæta skilyrði til viðtöku hljóðvarps- og sjónvarpssendinga. Hér er um mikið nauðsynja- og réttlætismál að ræða. Þó að Ríkisútvarpið hafi nú starfað í 44 ár, skortir mikið á, að hljóðvarp heyrist viðunandi víða í strjálbýli landsins. Við slíkt ástand verður ekki unað lengur. Enn fremur bíða nú Ríkisútvarpsins mikil verkefni við að bæta dreifikerfi sjónvarpsins frá því sem nú er.

Hér er lagt til, að á þessum verkefnum verði tekið með því að gera á árinu 1975 sérstaka kostnaðar- og framkvæmdaáætlun um bætt skilyrði til viðtöku innlendra hljóðvarps- og sjónvarpssendinga, þannig að sendingar geti náð sem greiðast til landsmanna, hvort sem er í byggðum landsins eða á fiskimiðum umhverfis landið.

Með tilliti til mikilvægis og umfangs þessa verkefnis er lagt til, að athugað sé, hvort hægt sé að tryggja betur fjármagn til þessara þarfa en nú er með því að ákveðið verði, að föstum hundraðshluta afnotagjalda verði jafnan varið til dreifikerfis hljóðvarps og sjónvarps. Einskis má láta ófreistað í þessu efni, því að það er nauðsyn, að allir landsmenn eigi kost á dagskrárefni því, sem kostað er af Ríkisútvarpinu. Það eitt er réttlæti, að allir geti notið dagskrárefnisins án tillits til búsetu.

Það, sem mest hefur stungið í augu á undanförnum árum varðandi þetta mál, er það ástand, að margir sveitabæir njóta engra eða ónothæfra sjónvarpsskilyrða. Til að bæta úr þessu óviðunandi ástandi þarf að grípa til sérstakra ráðstafana. Tillaga þessi gerir ráð fyrir, að ríkisstjórninni sé falið að afla sérstaks fjármagns til að koma upp endurvarpsstöðvum fyrir þessa sveitabæi og stefnt verði að því, að þessum framkvæmdum geti orðið lokið innan tveggja ára. Á tveim síðustu aðalþingum hefur verið flutt tillaga til þingsályktunar um sjónvarp á sveitabæi, sem var samhljóða 2. mgr. tillögu þeirrar, sem nú er flutt. Þessi tillaga um sjónvarp á sveitabæi hlaut ekki afgreiðslu. Þá fylgdi greinargerð ásamt fylgiskjali svo hljóðandi:

**Óþarft er að fara orðum um mikilvægi sjónvarpsins og menningarlegt hlutverk þess í þjóðlífinu. En ekki er víst, að allir geri sér grein fyrir, að svo þýðingarmikið sem sjónvarpið er þéttbýlinu, er þjónustuhlutverk þess hvergi mikilvægara en í strjálbýlinu. Þar sem fásinni og einangrun er mest, hefur sjónvarpið mestu hlutverki að gegna. Af þessu leiðir, að sjónvarpið er eitt hið þýðingarmesta tæki til að stuðla að byggðajafnvægi. Hins vegar hefur það hinar alvarlegustu afleiðingar, ef sum byggðarlög eru afskipt sjónvarpinu. Svo er einmitt ástatt í dag í mesta strjálbýlinu. Þannig hefur tilkoma sjónvarpsins ekki orðið þessum byggðarlögum lyftistöng, en þvert á móti aukið á jafnvægisleysið milli þeirra og þéttbýlisins. Við svo búið má ekki standa.**

Þar sem skórinn kreppir nú að í þessum efnum, eru þeir sveitabæir víðs vegar um landið, sem dreifikerfi sjónvarpsins nær ekki til. Samkvæmt yfirliti, sem Landssíminn hefur gert, voru í febrúar s. l. 472 sveitabæir, sem nutu ónothæfra eða engra sjónvarpsskilyrða. Þessum sveitabæjum var ráðað saman til að sýna, hverjir þeirra gætu hugsanlega verið saman um endurvarpsstöð. Út frá þessari röðun má gera sér nokkra grein fyrir þeim fjölda endurvarpsstöðva, sem þarf til að koma þessum sveitabæjum í sjónvarpssamband og þar með ljúka sjónvarpsvæðingu landsins. Gerði Landssíminn eftirfarandi töflu um þetta efni:

| Fjöldi sveitabæja pr. endurvarpsstöð | Fjöldi stöðva (svæða) | Fjöldi sveitabæja samtals | Eftirstöðvar Fjöldi sveitabæja |
|---|---|---|---|
| 16 | 1 | 16 | 456 |
| 14 | 3 | 42 | 414 |
| 13 | 1 | 13 | 401 |
| 11 | 2 | 22 | 379 |
| 9 | 2 | 18 | 361 |
| 8 | 4 | 32 | 329 |
| 7 | 7 | 49 | 280 |
| 6 | 4 | 24 | 256 |
| 5 | 7 | 35 | 221 |
| 4 | 16 | 64 | 157 |
| 3 | 9 | 27 | 130 |
| 2 | 35 | 70 | 60 |
| 1 | 60 | 60 | 0 |
| | 151 | 472 | |

Tafla þessi sýnir niðurstöður af athugunum Landssímans, en samkvæmt henni mun þurfa um 150 endurvarpsstöðvar, til þess að allir sveitabæir í landinu verði í sjónvarpssambandi og þessi þjónusta nái til allra landsmanna. Síðan þetta yfirlit var gert, hafa nokkrir sveitabæir komist í sjónvarpssamband. Samt sem áður má hafa niðurstöður þessarar athugunar til hliðsjónar, þegar metið er, hve umfangsmikið það verkefni er að búa þeim sveitabæjum sjónvarpsaðstöðu, sem nú njóta ónothæfra eða engra sjónvarpsskilyrða. Í þessu sambandi ber og að hafa í huga, að í bréfi til Ríkisútvarpsins hefur Landssíminn látið þess getið um þá áætlun sína, að um 150 endurvarpsstöðvar þurfi, að „að líkindum yrði þessi tala nokkuð hærri í raun, þar eð sumar endurvarpsstöðvarnar mundu verða að staðsetjast þar, sem sjónvarpsmerki eru ekki fyrir hendi, og þyrfti því tengistöð til viðbótar."

Þegar framangreind athugun Landssímans var gerð, var gert ráð fyrir, að hver endurvarpsstöð mundi kosta að meðaltali um 1 millj. kr., eða heildarkostnaður þessa verks verði um 150 millj. kr. Þó að hér sé um grófa áætlun að ræða og síðan hafi til komið tvær gengislækkanir, gefur þetta samt til kynna umfang þess verkefnis, sem hér er um að ræða.

Þess er enginn kostur, að Ríkisútvarpið geti ráðið við framkvæmd þessa, nema sérstakt fjármagn komi til. Ríkisútvarpinu er ætlað að standa undir stofnkostnaði dreifikerfis sjónvarpsins með tolltekjum af sjónvarpstækjum. Þessar tolltekjur eru áætlaðar fyrir árið 1973 20 millj. kr. Á þessu ári þarf 35—40 millj. kr. í afborganir og vexti af skuldum, sem stofnað hefur verið til vegna dreifikerfis sjónvarpsins og nema nú rúmum 100 millj. kr. Augljóst er, að núverandi tekjustofn kemur ekki að haldi við að sjónvarpsvæða þá sveitabæi, sem enn liggja óbættir hjá garði.

Ekki hefur Ríkisútvarpið aðra sjóði til að grípa til í þessu skyni. Þannig er nú séð fyrir þörfum þessarar menningarstofnunar þjóðarinnar. Er skemmst að minnast meðferðarinnar á Ríkisútvarpinu við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1973. Sú afgreiðsla þýddi um 110 millj. kr. rekstrarhalla Ríkisútvarpsins á þessu ári, ef ekki verður úr bætt, auk þess sem stofnunin situr með um 20 millj. kr. rekstrarhalla frá árinu 1972 og kostnaðarauka af síðustu gengislækkun.

Það er heldur engin leið í þessu efni að ætla Ríkisútvarpinu að taka lán til þeirra framkvæmda, sem hér um ræðir. Raunar er hér svo háttað, að engum venjulegum arðsemissjónarmiðum verður komið við. Ef gengið er út frá áætlunum þeim, sem áður greinir, má gera ráð fyrir, að það kosti að minnsta kosti 320 þús. kr. að meðaltali að koma sjónvarpinu á hvern bæ. Tekjur sjónvarpsins af hverjum bæ nema um 10 þús. kr. í tolltekjur af einu sjónvarpstæki, og afnotagjaldið er nú 3 100 kr. Af þessum tekjum verður ekki staðið undir stofnkostnaði við að koma

þeim bæjum í sjónvarpssamband, er ekki njóta þess nú. Af þessum tekjum þarf auk þess að standa undir rekstrarkostnaði endurvarpsstöðvanna, sem til þessa þurfa, og hafa verður í huga, að tæki þessara stöðva verður að afskrifa á 10 árum.

Með skírskotun til framanritaðs er hér lagt til, að sérstaks fjármagns, er verði óafturkræft framlag, verði aflað til að standa undir stofnkostnaði þeirrar framkvæmdar að koma í nothæft sjónvarpssamband innan tveggja ára öllum sveitabæjum, er ekki njóta þess nú. Hér er um að ræða verkefni sérstaks eðlis, sem varðar jafnvægi í byggð landsins.

Ekki mun af veita, þótt aflað sé fjármagns sérstaklega til þessara hluta, þar sem Ríkisútvarpsins bíður nú mikið átak við að koma upp örbylgjukerfi fyrir flutning dagskrár til aðalstöðva í sjónvarpskerfinu í stað endurvarpskerfisins, sem nú er. Auk þess má nefna það brýna verkefni við dreifikerfið að bæta sjónvarpsskilyrði á fiskimiðunum umhverfis landið.

Til frekari skýringar er hér fylgiskjal, sem sýnir skiptingu eftir kjördæmum á því verkefni að sjónvarpsvæða þá sveitabæi, er ekki njóta nú stjórnvarpsskilyrða. Er þetta yfirlit gert af framkvæmdastjóra fjármáladeildar Ríkisútvarpsins.

**Fylgiskjal.**

**YFIRLIT**

**yfir:**

1) Skiptingu þeirra sveitabæja eftir landshlutum, sem enn hafa ekki skilyrði til sjónvarpsmóttöku.
2) Fjölda sjónvarpsstöðva, sem þarf til að koma sjónvarpi til þessara bæja, ásamt upplýsingum um, hversu mörgum hver þeirra þjónar.

| | Bæir með ófullnægjandi skilyrði | | | Tala stöðva, sem hver um sig koma sjónvarpi á | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Engin | Ónothæf | Alls | 1 bæ | 2 bæi | 3 bæi | 4 bæi | 5 bæi | 6 bæi | 7 bæi | 8 bæi | 9 bæi | 11 bæi | 13 bæi | 14 bæi | 16 bæi | Stöðv. alls |
| Reykjanes | 3 | – | 3 | 3 | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | 3 |
| Vesturland | 17 | 22 | 39 | 10 | 7 | 1 | 3 | – | – | – | – | – | – | – | – | – | 21 |
| Vestfirðir | 27 | 82 | 109 | 17 | 11 | 4 | 3 | 2 | 1 | 2 | 2 | – | – | – | – | – | 42 |
| Norðurland vestra | 19 | 94 | 113 | 11 | 4 | 2 | 3 | 1 | 2 | 2 | 2 | 2 | 1 | – | – | – | 30 |
| Norðurland eystra | 14 | 52 | 66 | 3 | 4 | – | 4 | 2 | – | – | – | – | 1 | – | 1 | – | 16 |
| Austfirðir | 42 | 73 | 115 | 10 | 7 | 2 | 2 | – | 2 | 2 | 1 | – | – | 1 | 1 | 1 | 29 |
| Suðurland | 8 | 17 | 25 | 4 | 2 | – | – | 2 | – | 1 | – | – | – | – | – | – | 9 |
| | 130 | 340 | 470 | 58 | 35 | 9 | 16 | 7 | 5 | 7 | 5 | 2 | 2 | 1 | 2 | 1 | 150 |

## Ed. 33. Frumvarp til laga [30. mál]

um breyting á lögum nr. 75 13. maí 1966, um Fiskveiðasjóð Íslands.

Flm.: Þorv. Garðar Kristjánsson, Jón Árnason, Oddur Ólafsson.

**1. gr.**

Við 2. gr. laganna komi ný málsgrein, er verði 2. mgr., svo hljóðandi:

Enn fremur er hlutverk Fiskveiðasjóðs að veita lán til kaupenda eldri fiskiskipa. Ráðherra setur með reglugerð ákvæði um lánveitingar þessar, sbr. 11. gr.

2. gr.

Við 11. gr. laganna komi viðbót, svo hljóðandi:

Til eldri fiskiskipa mega lán nema helmingi kaupverðs eða matsverðs, þess er lægra reynist, og skulu þá meðtaldar eftirstöðvar af lánum sjóðsins, sem fyrir kunna að vera.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta aðalþingi, en hlaut þá ekki afgreiðslu. Þá fylgdi greinargerð svo hljóðandi:

Í lögum um Fiskveiðasjóð Íslands er svo kveðið á, að hlutverk sjóðsins sé að efla framleiðslu og framleiðni í fiskveiðum, fiskiðnaði og skyldri starfsemi. Þetta skal gert með því að veita stofnlán gegn veði í fiskiskipum, vinnslustöðvum, vélum og mannvirkjum, sem að dómi sjóðsstjórnar eru í þágu sjávarútvegs, þar á meðal skipasmíðastöðvum, dráttarbrautum, viðgerðarverkstæðum og verbúðum.

Af þessu má marka, hve mikilvægu og víðtæku hlutverki Fiskveiðasjóður hefur að gegna. Ekki fer heldur á milli mála, að í framkvæmd hefur Fiskveiðasjóður grundvallarþýðingu fyrir uppbyggingu sjávarútvegsins, og hefur svo raunar verið allt frá stofnun sjóðsins, sem á sér langa og merka sögu, svo sem kunnugt er. Hins vegar hefur nokkuð skort á í starfsemi Fiskveiðasjóðs, og varðar það einn þátt lánamála sjávarútvegsins, sem ekki verður talinn veigalítill. Þessu frumvarpi er ætlað að bæta hér úr.

Meginverkefni Fiskveiðasjóðs er að veita lán til fiskiskipa. Í framkvæmd er það svo, að lánveitingar þessar hafa verið bundnar við ný fiskiskip. Hafa lögin um fiskveiðasjóð verið skilin svo, að sjóðurinn hafi ekki heimild til lánveitinga nema til nýsmíða og endurbyggingar skipa. Lán til eldri skipa hafa því verið útilokuð. Það er því á vettvangi eldri skipanna, sem skort hefur á í starfsemi Fiskveiðasjóðs. Þetta ástand hefur lengi valdið erfiðleikum, og er nú svo komið, að lengur verður ekki unað við óbreytt ástand í þessum efnum.

Eigendaskipti á fiskiskipum eru ekki ótíðari en á sér stað um aðrar eignir manna, nema síður sé. Á öllum tímum eru tíð eigendaskipti að fiskiskipum, og leiðir þetta af síbreytilegum aðstæðum, sem fylgja jafnan veiðiskap, í hvaða mynd sem er. Sérstaklega á þetta við á tímum þeim, sem nú eru, þegar miklar umbyltingar eru í sjávarútveginum. Í því sambandi er nærtækast að benda á tilkomu skuttogaranna. Mörg byggðarlög, sem fengið hafa skuttogara, hafa ekki þörf eða tök á að hagnýta þau fiskiskip, sem fyrir voru. Eigendur hinna eldri skipa vilja því selja þau af þessum ástæðum. Hér getur verið um góð og hagkvæm skip að ræða, sem þörf er á að nýta og eftirspurn er eftir úr öðrum byggðarlögum. En sá er hængur á, að þeir útgerðarmenn, sem gjarnan vildu kaupa þessi eldri skip, eiga erfitt með það eða eiga þess engan kost, vegna þess að Fiskveiðasjóður lánar ekki út á þau. Slíkir menn eiga þá ef til vill ekki annars völ en að láta smíða ný skip, þar sem í því tilfelli er séð fyrir fyrirgreiðslu í lánamálum með venjulegri lánveitingu Fiskveiðasjóðs. Augljóst er, að þjóðhagslega er þetta ekki hagkvæm skipan mála.

Úr þessu vandamáli verður ekki greitt, nema Fiskveiðisjóður taki upp lánveitar til kaupa á eldri skipum. Þess vegna er frumvarp þetta lagt fram.

## Sþ. 34. Tillaga til þingsályktunar [31. mál]

um sjónvarpsmál.

Flm.: Albert Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að veita leyfi til hindrunarlausra útsendinga á dagskrárefni sjónvarpsstöðvarinnar á Keflavíkurflugvelli, og afnema þar með takmörkun á styrkleika útsendinga og breytingar á útsendingargeislum stöðvarinnar.

Jafnframt felur Alþingi ríkisstjórninni að láta fara fram athugun á, hvaða möguleikar eru til staðar fyrir Ísland að komast í beint samband við útsendingar erlendra sjónvarpsstöðva gegnum alþjóðleg fjarskiptakerfi, og þá um leið afla upplýsinga um kostnað við slíkt framtak og einnig aðrar tæknilegar framfarir í þróun sjónvarps, er miðist við að landsmenn allir njóti góðs af.

### Greinargerð.

Ég leyfi mér að flytja þessa þingsályktunartillögu, þar sem ég álít, að með samkomulagi fyrrverandi ríkisstjórnar um að takmarka útsendingu sjónvarpsstöðvarinnar á Keflavíkurflugvelli sé verið að skerða hin helga rétt einstaklingsins í lýðfrjálsu landi til valfrelsis um það sjónvarpsefni, sem í boði er hverju sinni.

Þingheimi og landsmönnum öllum er ljóst, að allan þann tíma, er umrædd sjónvarpsstöð hefur starfað, hefur fámennur hópur, sem þjóðin hefur valið nafnið „menningarvitarnir“, mótmælt starfsemi stöðvarinnar á þeim forsendum, að starfsemi hennar geti haft skaðleg áhrif á íslenskt menningarlíf og þá sér í lagi á málfar okkar.

Mitt mat, og margra annarra, er það, að íslensk þjóð og íslensk menning sé það rótgróin og sterk, að hún þoli samskipti við aðrar frjálsar þjóðir og menningarsamskipti við hvaða þjóð sem er.

Enginn sjónvarpsnotandi er til þess neyddur að horfa á sjónvarpsstöðina á Keflavíkurflugvelli, enda fá eða engin sjónvarpstæki flutt til landsins þannig hönnuð, að þessi stöð náist. Eigendur tækjanna verða því að láta fagmenn breyta þeim, til þess að mynd frá útsendingarstöðinni á Keflavíkurflugvelli komi á skerminn.

Kostnaður við slíkar breytingar sjónvarpstækja fólksins og sérstök loftnet til viðbótar er þó nokkur. Þar sem vitað er, að tugþúsundir Íslendinga hafa lagt í þann kostnað, hlýtur það að sýna, að fólkið velur sjálft þá kostnaðarsömu leið til valfrelsis og mótmælir afskiptum opinberra aðila af högum sínum fram yfir það, sem réttlætiskennd þess segir til um hverju sinni.

Ég tel, að hvorki Alþingi né ríkisstjórn hafi nokkurn íhlutunarrétt um það, hvaða dægrastyttingu fólk velur sér innan veggja síns eigin heimilis, svo fremi það ekki brýtur í bága við landslög. Alþingi ber að standa vörð um frelsi einstaklingsins á öllum sviðum.

Auk þess lít ég svo á, að öll fjarskiptatæki, hvort heldur í umsjón varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli eða íslenskra yfirvalda, séu öryggistæki, sem þjóðinni geta komið að miklu gagni, ef skyndilega þyrfti til þeirra að grípa í neyðartilfellum.

Jafnframt leyfi ég mér að benda á, að ríkisstjórninni ber skylda til að veita sínum þjóðfélagsþegnum þá sjálfsögðu þjónustu, að þeir njóti, svo fljótt sem auðið er og kostnaðarhlið þess máls leyfir, aðgangs að beinu sambandi við sjónvarpssendingar erlendra stöðva, á sama hátt og tíðkast um útvarpsnotkun.

Ég er sammála meiri hluta þjóðarinnar, að valfrelsi eigi að ríkja á öllum sviðum, enda sýnir barátta Íslendinga, að hvers kyns kúgun er tilgangslaus. Höft og bönn, sem brjóta í bága við réttarmeðvitund einstaklingsins, ná aldrei fram að ganga á Íslandi.

## Sþ. 35. Frumvarp til fjáraukalaga [32. mál]

fyrir árið 1971.

(Lagt fyrir Alþingi á 96. löggjafarþingi, 1974.)

Til viðbótar við gjöld í 2. gr. fjárlaga 1971 er veitt:

| | | Þús. kr. |
|---|---|---|
| 00 | Æðsta stjórn ríkisins að undanskyldu Alþingi | 9 390 |
| 01 | Forsætisráðuneytið | 7 501 |
| 02 | Menntamálaráðuneytið | 345 205 |
| 03 | Utanríkisráðuneytið | 72 958 |
| 04 | Landbúnaðarráðuneytið | 173 058 |
| 05 | Sjávarútvegsráðuneytið | 40 294 |
| 06 | Dóms- og kirkjumálaráðuneytið | 118 034 |
| 08 | Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið | 462 688 |
| 09 | Fjármálaráðuneytið | 97 400 |
| 10 | Samgönguráðuneytið | 643 911 |
| 11 | Iðnaðarráðuneytið | 23 921 |
| 12 | Viðskiptaráðuneytið | 517 037 |
| 13 | Hagstofa Íslands | 5 606 |
| 14 | Ríkisendurskoðun | 2 081 |
| | **Samtals** | 2 519 084 |

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Yfirskoðunarmenn ríkisreikninganna hafa afhent ráðuneytinu tillögur sínar til fjárveitinga í fjáraukalögum fyrir árið 1971. Þeir leggja til, að aukafjárveitingar séu veittar fyrir öllum umframgjöldum, sem ríkisreikningurinn 1971 sýnir.

## Nd. 36. Frumvarp til laga [33. mál]

um samræmda vinnslu sjávarafla og veiða, sem háðar eru sérstökum leyfum.

(Lagt fyrir Alþingi á 96. löggjafarþingi 1974.)

1. gr.

Sjávarútvegsráðuneytið getur samkvæmt lögum þessum sett almennar og svæðisbundnar reglur, er stuðli að samræmingu milli veiðiheimilda samkvæmt sérstökum leyfum ráðuneytisins til rækju- og skelfiskveiða og vinnslugetu þessarra greina fiskiðnaðarins, meðal annars með skiptingu afla milli vinnslustöðva og/eða þeirra báta, sem veiðileyfi hljóta.

2. gr.

Í þeim greinum veiða, sem háðar eru sérstökum leyfum samkvæmt 1. gr., skal leita leyfis sjávarútvegsráðuneytisins til að koma á fót vinnslustöðvum eða til aukningar á afkastagetu þeirra sem fyrir eru. Ráðuneytið getur synjað um slík leyfi, ef ekki er fyrirsjáanleg varanleg aflaaukning á viðkomandi svæði né samdráttur í starfsemi annarra vinnslustöðva á svæðinu.

Opinberum fjárfestingarlánasjóðum skal tilkynnt um synjun slíkra leyfa.

3. gr.

Ráðherra getur sett nánari fyrirmæli um framkvæmd þessara laga.

4. gr.

Hver sá, er sekur gerist um brot á lögum þessum eða fyrirmælum samkvæmt þeim, skal sæta sektum, nema þyngri viðurlögum varði samkvæmt öðrum lögum. Sektir renni í ríkissjóð. Um mál út af brotum á lögum þessum eða fyrirmælum settum samkvæmt þeim, skal fara að hætti opinberra mála.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Veiðar á ýmsum tegundum sjávarafurða eru eins og kunnugt er háðar sérstökum leyfum sjávarútvegsráðuneytisins. Hefur ásókn í slík leyfi, einkum skelfisk- og alveg sérstaklega rækjuveiðileyfi á mörgum veiðisvæðum, verið mun meiri en æskilegt hefur þótt. Hefur ráðuneytið því oft þurft að ákveða reglur til takmörkunar bæði á afla og sókn í þessar veiðar. Skal í því sambandi bent á ýmis skilyrði, sem ráðuneytið hefur sett til þess að menn geti fengið rækju- og skelfiskveiðileyfi á ákveðnum svæðum, svo sem kröfur um að eigendur og skipstjóri báts hafi verið búsettir á viðkomandi svæði í eitt ár, báturinn sé þar skrásettur og jafnvel að báturinn megi ekki vera undir eða yfir ákveðinni stærð. Þá hefur þess oftast verið krafist í leyfisbréfum til rækju- og skelfiskveiða á ákveðnum svæðum, að afli sé unninn í viðurkenndri vinnslustöð á viðkomandi svæði. Loks eru að finna í flestum veiðileyfum ákvæði um einhvers konar aflatakmarkanir til verndunar þeim stofni, er leyfið heimilar veiðar á.

Þrátt fyrir að ráðuneytið hafi bæði fyrr og síðar sett slíkar almennar reglur bæði um veiðarnar sjálfar og um skilyrði til þess, að menn geti yfir höfuð fengið veiðileyfi, þá hefur þó reynst mjög erfitt að halda sókn í þessar veiðar í skefjum. Er hér einkum um að kenna því, að lítil sem engin samræming hefur verið á þessum afla- eða sóknartakmörkunum og byggingu vinnslustöðva á viðkomandi sviðum. Ljóst er að of margar eða afkastamiklar vinnslustöðvar eru til þess fallnar að auka ásókn í veiðarnar og það því meir sem samkeppnin um hið takmarkaða hráefni verður meiri. Getur þetta komið illa niður á rækju- og skelfiskstofnunum.

Þá má auðveldlega kippa rekstrargrundvellinum undan atvinnurekstri á ákveðnum svæðum með of mörgum slíkum fyrirtækjum á svæðinu og gæti það haft hinar alvarlegustu afleiðingar. Þegar aflamagn á viðkomandi svæði er nokkuð stöðugt frá ári til árs, virðist óeðlilegt, að nýjum vinnslustöðvum sé komið á fót á svæðinu, ef afkastageta annarra stöðva er næg fyrir, með þeim afleiðingum að dregið er úr starfsemi þeirra. Einnig er óeðlilegt, að settar séu á stofn á skömmum tíma margar stöðvar á svæði með mun meiri vinnslugetu, en þörf er fyrir. Er dæmi þess, að komið hafi verið á fót mörgum rækjuvinnslustöðvum á takmörkuðu svæði með margfaldri vinnslugetu miðað við aflamagn á svæðinu með þeirri afleiðingu, að ekki var grundvöllur fyrir starfsemi þeirra og urðu margir aðilar fyrir miklu tjóni af þeim sökum. Þykir rétt, að reynt verði að sporna við að slíkt endurtaki sig og að sá aðili, sem ákveður aflamagnið á viðkomandi svæði, hafi hönd í bagga með því að afstýra slíkri þróun. Þá liggja og sömu rök til þess, að á þeim sviðum, sem sjávarútvegsráðuneytið getur takmarkað veiðarnar með útgáfu sérstakra leyfa eða synjun á útgáfu þeirra, þá skuli það sama ráðuneyti einnig hafa heimild til takmörkunar á aukningu á afkastagetu vinnslustöðva fyrir sömu afurðir. Eins og áður segir, er mikil þörf á samræmingu veiðiheimilda og vinnslugetu viðkomandi greina þar sem afla- og sóknartakmarkanir hljóta að hafa bein áhrif á eðlilega vinnslugetu í landi.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að leita skuli leyfis sjávarútvegsráðuneytisins til þess að koma á fót vinnslustöðvum fyrir rækju og skelfisk. Einnig er gert ráð fyrir sams konar leyfi, ef stækka á þær vinnslustöðvar, sem fyrir eru, enda gætu slíkar stækkanir haft sömu áhrif og ef nýjar stöðvar væru reistar. Þrátt fyrir þetta

þykir nauðsynlegt að veita ráðuneytinu heimild til þess að sporna gegn því, að vinnslustöðvar geti haft of mikil áhrif á sóknina með óhóflegri samkeppni um hráefnið, og þess vegna er tilkomið ákvæði 1. gr. um heimild ráðuneytisins til skiptingar afla milli vinnslustöðva. Þykir eðlilegt að treysta því að ráðuneytið beiti heimild þessari af varfærni þannig, að ekki verði um óeðlilega mismunun að ræða. Sama má segja um skiptingu heildarafla milli þeirra báta, sem veiðileyfi hljóta, en ráðuneytið hefur nú um nokkurt skeið talið nauðsynlegt að setja ýmsar reglur um ákveðna hámarksveiði einstakra báta, án þess að slíkt hafi sætt andmælum viðkomandi aðila.

## Nd. 37. Frumvarp til laga [34. mál]

um breyting á lögum nr. 93 frá 24. des. 1971, um Framkvæmdastofnun ríkisins.

Flm.: Ólafur Ragnar Grímsson, Karvel Pálmason.

1. gr.

6. töluliður 3. gr. laganna orðist svo:

að skipta fjármagni Byggðasjóðs milli landshlutadeilda sjóðsins í samræmi við almennar byggðaáætlanir og skiptingu landsins í þróunarsvæði, sbr. VI. kafla laga þessara.

2. gr.

3. töluliður 5. gr. laganna orðist svo:

að gera tillögur um árlega heildaráætlun fyrir Framkvæmdasjóð og Byggðasjóð og lánveitingar úr Framkvæmdasjóði.

3. gr.

Orðin „og Byggðasjóði“ í 14. gr. laganna falli niður.

4. gr.

26. gr. laganna orðist svo:

Byggðasjóður er eign ríkisins og starfar sem hluti af Framkvæmdastofnun ríkisins. Byggðasjóði skal skipt í sérstakar landshlutadeildir:

Vesturlandsdeild,
Vestfjarðadeild,
Norðurlandsdeild,
Austurlandsdeild,
Suðurlandsdeild,
Reykjanesdeild.

Stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins skiptir fjármagni Byggðasjóðs milli landshlutadeilda í samræmi við ákvæði 3. gr. Stjórn hverrar landshlutadeildar er í höndum stjórnar viðkomandi landshlutasamtaka. Stjórn landshlutadeildar ákveður lánveitingar úr sjóðnum til aðila á sínu svæði.

Stjórn hverrar landshlutadeildar er heimilt að verja hluta af ráðstöfunarfé til að greiða laun starfsmanna deildarinnar og annan kostnað, sem leiðir af starfsemi hennar.

5. gr.

Við 28. gr. laganna bætist nýr töluliður:

5) Árlegt framlag úr ríkissjóði, sem nemi í fyrstu 1% af þjóðartekjum, en hækki á næstu fjórum árum í 3% af þjóðartekjum.

6. gr.

Við 29. gr. laganna bætist ný mgr.:

Byggðasjóði er heimilt að veita lán til gatnagerðar, íbúðabygginga, orkuöflunar vegna hitunar húsa, bygginga heilsugæslustöðva, bygginga mennta- og menningarstofnana og annarra framkvæmda, sem stjórn landshlutadeildar telur nauðsynlegar til að efla aðstöðu íbúa landshlutans.

7. gr.

31. gr. laganna breytist þannig: Í stað „Stjórn Byggðasjóðs“ komi: Stjórnum landshlutadeilda Byggðasjóðs.

8. gr.

32. gr. laganna orðist svo:

Framkvæmdaráð gerir árlegar áætlanir um skiptingu ráðstöfunarfjár Byggðasjóðs milli landshlutadeildanna og gerir frumvarp að slíkri áætlun á grundvelli almennra byggðaáætlana og landshlutaáætlana og leggur fyrir stjórnina.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með lögum nr. 93/1971, um Framkvæmdastofnun ríkisins, var stigið mikilvægt upphafsskref í átt að varanlegum lausnum á byggðavanda landsins. Ákvörðun ríkisstjórnarinnar um aukið framlag til Byggðasjóðs, sem næmi 2% af ríkisútgjöldum, felur í sér viðurkenningu á því, að þörf sé á verulegri eflingu þeirrar starfsemi, sem hafin var með setningu fyrrgreindra laga.

Eigi starfsemi Framkvæmdastofnunar ríkisins og Byggðasjóðs að stuðla að grundvallarbreytingum á aðstöðu landsbyggðarinnar verður þó að grípa til enn róttækari aðgerða. Það verður að stórefla framlag ríkisins til byggðaþróunar og flytja vald yfir ráðstöfun fjármagnsins til samtaka landsbyggðarinnar. Jafnvægi í byggð landsins verður aldrei náð að verulegu marki fyrr en afgerandi fjármagnsvald hefur verið flutt frá stjórnstofnunum í Reykjavík til samtaka fólksins í hverjum landshluta.

Grundvallaratriði þeirra breytinga, sem hér er lagt til að gerðar verði á lögum um Framkvæmdastofnun ríkisins, felast annars vegar í dreifingu valds frá miðstöð í Reykjavík til samtaka fólksins í hverjum landshluta og hins vegar í ákvæðum um fjármagnsútvegun, sem nauðsynleg er, eigi aðgerðir Byggðasjóðs að leiða til varanlegra og umtalsverðra breytinga á búsetuhlutfallinu í landinu.

Að óbreyttu skipulagi Byggðasjóðs munu áform ríkisstjórnarinnar um framlög, sem næmi 2% ríkisútgjalda, í reynd auka enn frekar hina sterku valdamiðstöð í Reykjavík. Fjármagnsstofnunum á höfuðborgarsvæðinu mundi veitast aukinn styrkur. Raunverulegum jöfnuði í byggðamálum verður ekki náð að verulegu marki nema vald yfir fjármagninu sé í reynd fært í hendur samtaka landshlutanna. Þess vegna er hér lagt til, að samhliða auknu fjármagni til Byggðasjóðs verði ákveðið að skipta honum í deildir eftir landshlutum. Það verði síðan stjórn hverrar deildar, sem ákveði lánveitingar á sínu svæði. Aðalstjórn Byggðasjóðs hafi einungis það hlutverk að skipta heildarfjármagninu milli einstakra deilda í samræmi við almennar byggðaáætlanir og mat á hlutfallslegum byggðavanda landshlutanna. Stjórn landshlutadeildanna verði í höndum stjórna viðkomandi landshlutasamtaka og verði þeim heimilað að ráða starfsmenn, svo að þær geti gegnt úthlutunarhlutverkinu á skipulagðan og raunhæfan hátt. Þessi breyting hefði í för með sér verulega aukningu á valdi landshlutasamtakanna og gerði þess vegna nauðsynlegt, að sett yrðu sérstök lög um stöðu þeirra í stjórnkerfinu, skipulag og lýðræðislega uppbyggingu.

Þótt á síðari árum hafi fengist almenn viðurkenning á því, hve mikilvægt er að leita lausna á byggðavandanum, hefur skort raunhæft mat á stærðargráðu vand-

ans. Náttúruhamfarirnar í Vestmannaeyjum hafa vakið athygli alþjóðar á vanda eins byggðarlags í húsnæðismálum, samgöngumálum, heilbrigðismálum, atvinnumálum og öðrum málaflokkum, sem snerta daglegt líf fólksins. Vandi landsbyggðarinnar í þessum málaflokkum — eigi hún á næstu 10—20 árum að búa íbúum sínum að verulegu leyti sömu aðstöðu og höfuðborgarsvæðið — er í reynd margfaldur vandi Vestmannaeyja. Þess vegna verður á næstu árum að leggja sérstaklega til Byggðasjóðs a. m. k. svipað fjármagn og ríkið varði til viðreisnar Vestmannaeyja. Hér er lagt til, að þegar verði Byggðasjóði afhent fjármagn, sem samsvari 1% af þjóðartekjum, og það framlag hækkað í áföngum á næstu fjórum árum í 3% af þjóðartekjum. Þessi hlutföll mundu á þessu ári færa Byggðasjóði rúmar 900 millj. kr., sem að fjórum árum liðnum mundu á verðlagsgrundvelli síðasta árs og að óbreyttum forsendum þjóðartekna nema tæpum 2800 millj. kr. Þótt hér sé um miklar fjárhæðir að ræða, munu þær í reynd varla reynast nægilegar til að leiðrétta þann mismun, sem landsbyggðin hefur búið við um árabil. Þær skapa hins vegar grundvöll aðgerða, sem haft gætu í för með sér varanlegar úrbætur á mörgum sviðum.

Í samræmi við flutning valds og fjármagns með þessum breytingum í hendur landsbyggðarinnar er nauðsynlegt að fjölga þeim verkefnum, sem hlutverk Byggðasjóðs tekur til. Hér er lagt til, að auk eflingar atvinnulífsins megi Byggðasjóður styðja framkvæmdir á öllum þeim sviðum, sem stjórn landshlutadeildar telur að snerti byggðastöðu landshlutans. Í þessu sambandi er sérstaklega kveðið á um gatnagerð, íbúðabyggingar, orkuöflun vegna húsahitunar, byggingar heilsugæslustöðva og mennta- og menningarstofnana. Stjórnir landshlutadeildanna mundu veita viðbótarlán til þeirra framkvæmda, sem að þeirra dómi væru á hverjum tíma brýnasta hagsmunamál landshlutans. Aðrar lánastofnanir á þessum sviðum mundu starfa á sama grundvelli og áður. Hinn deildaskipti Byggðasjóður mundi því í reynd leggja fram eins konar áherslufjármagn. Það yrði á valdi stjórna landshlutadeildanna að meta áhersluskiptinguna.

## Nd. 38. Frumvarp til laga [35. mál]

um breyting á lögum um söluskatt, nr. 10 frá 22. mars 1960.

Flm.: Ólafur Ragnar Grímsson, Karvel Pálmason.

1. gr.

3. töluliður 7. gr. laganna orðist svo:

Vöruflutningar, fólksflutningar almennra leigubifreiða á bifreiðastöðvum, eftir því sem ráðherra ákveður nánar, og enn fremur fólksflutningar með flugvélum innanlands.

2. gr.

Aftan við 11. tölulið 7. gr. laganna komi nýr töluliður, nr. 12, og orðist hann svo:

Þjónusta Landssímans utan svæðis nr. 91.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Framfærslukostnaður íbúa landsbyggðarinnar er á mörgum sviðum mun hærri en á Reykjavíkursvæðinu. Á undanförnum árum hefur töluvert verið rætt um, hvernig draga megi úr þessum mismun og þar með jafna hina ólíku búsetuaðstöðu í landinu. Sú orðræða hefur því miður leitt til lítilla athafna. Í þessu frumvarpi um breytingu

á lögum um söluskatt er lagt til að lækka framfærslukostnað íbúa landsbyggðarinnar og þar af leiðandi auka jöfnuð meðal landsmanna með því að afnema söluskatt á tveimur mikilvægum þjónustuliðum: flugfargjöldum innanlands og gjöldum til Landssímans utan Reykjavíkursvæðisins. Þar eð hinn hái söluskattur hækkar verðlag þessarar þjónustu — flugferða innanlands og símgjalda — um ⅓ væri afnám hans á þessum tveimur sviðum einföld aðferð til að jafna að nokkru leyti framfærslukostnaðinn í landinu. Það væri einnig mikilvæg réttindabót fyrir íbúa landsbyggðarinnar.

## Nd. 39. Frumvarp til laga [36. mál]

um virkjun Bessastaðaár í Fljótsdal.

(Lagt fyrir Alþingi á 96. löggjafarþingi 1974.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að fela Rafmagnsveitum ríkisins að reisa og reka vatnsaflstöð við Bessastaðaá í Fljótsdal í Norður-Múlasýslu með allt að 32 megawatta afli og gjöra nauðsynlegar ráðstafanir á vatnasvæði árinnar til að tryggja rekstur virkjunarinnar. Ennfremur að leggja þaðan aðalorkuveitu að Egilsstaðakauptúni til tengingar þar við veitukerfi Grímsárvirkjunar og Lagarfossvirkjunar.

2. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að taka fyrir hönd ríkissjóðs eða ábyrgjast lán, er virkjunaraðilinn tekur, allt að 2000 millj. kr. eða jafngildi þeirrar upphæðar í erlendri mynt, til greiðslu stofnkostnaðar þeirra mannvirkja, er um getur í 1. gr.

3. gr.

Fella skal niður aðflutningsgjöld og söluskatt af efni, tækjum og vélum til virkjunarinnar sbr. 1. gr.

4. gr.

Óski sveitarfélög á Austurlandi að gerast eignaraðilar að virkjun Bessastaðaár og öðrum orkuverum á orkuveitusvæðinu er ráðherra heimilt að gera samninga þar um fyrir hönd virkjunaraðilans.

5. gr.

Um stofnun og rekstur orkuvers og orkuveitna, sem um getur í 1. gr., fer að öðru leyti eftir ákvæðum orkulaga, nr. 58 29. apríl 1967.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Virkjun fyrsta áfanga Lagarfoss á Fljótsdalshéraði er nú komin á lokastig framkvæmda. Enda þótt sú virkjun bæti mjög úr orkuskorti á Austurlandi um sinn er þó öllum ljóst, að hún er ekki til neinnar frambúðar, sérstaklega með tilliti til ört vaxandi húshitunar á þessu orkuveitusvæði.

Fyrir því hafa augu manna beinst að nýjum möguleikum í sambandi við orkuöflun fyrir Austurland í meðalstórri virkjun. Þar hefur sérstaklega komið til greina virkjun í Bessastaðaá í Fljótsdal og skal nú nánar að henni vikið.

Fyrirhugaður virkjunarstaður er í Fljótsdal ofanverðum, nokkru innan við bæinn Valþjófsstað. Nokkur vötn eru á heiðunum vestur og norður af Valþjófsstað og heita þau Garðavatn, Hólmavatn, Gilsárvötn og Bessastaðavötn. Þau síðast nefndu liggja hæst og eru í um það bil 665 m hæð yfir sjó. Frá Bessastaðavötnum fellur Bessastaðaá í það stærsta af framantöldum vötnum, Gilsárvötn. Þaðan rennur svo Bessastaðaá um 7 km austur heiðina fram á heiðarbrún. Á heiðarbrúninni, í um það bil 500 m hæð yfir sjó, fellur áin niður í mjög djúpt en fremur stutt gljúfur og kemur fram úr því niður í Fljótsdal í u. þ. b. 50 m hæð yfir sjávarmáli.

Landslagi er að öðru leyti þannig háttað á þessum slóðum, að heiðarnar eru all vel grónar, en töluvert mýrlendar í lægðunum umhverfis vötnin, en á milli þeirra gróðurlitlir melhálsar.

Rennslismælingar hafa farið fram í Bessastaðaá. Vatnasvið árinnar er um 127 km$^2$. Meðalrennsli mældist 4.1 m$^3$/sek., en rennslið er í Bessastaðaá eins og í öðrum dragám mjög breytilegt og getur farið mest upp í 50 m$^3$/sek. Við hina miklu fallhæð skapast hér álitleg virkjunarskilyrði. Með tilliti til hinnar miklu fallhæðar er virkjað vatnsrennsli tiltölulega lítið. Er því eigi þörf mjög stórrar miðlunar þótt geyma þurfi talsverðan hluta ársrennslisins. Skilyrði fyrir slíka miðlun eru góð í Hólmavatni og Garðavatni. Vatnsborð Hólmavatns er í um 608 m hæð yfir sjó, en staðhættir gera kleift að hækka það í allt að 620 m hæð yfir sjó. Vatnasvið þessa miðlunarlóns er um 87 km$^2$ og með því að safna nokkru vatni saman frá öðrum svæðum, er áætlað að fáist um 0.8 m$^3$/sek. til viðbótar þannig að samtals eru þá til ráðstöfunar 4.9 m$^3$/sek. sem meðalrennsli.

Ítarlegar rannsóknir hafa verið gerðar á virkjunartilhögun og er enn unnið að þeim. Tvennt kemur til greina. Jarðgöng frá Hólmavatni og niður í dalbotninn eða stálpípur sömu leið. Ennfremur er ekki ákveðið hvort stöðvarhús yrði staðsett skammt frá Hóli í Norðurdal, eða um 1 km innan við bæinn Hvamm.

Nýlega hefur verið gerð jarðfræðileg könnun á öllu virkjunarsvæðinu og samin um hana skýrsla. Samkvæmt þessari könnun eru jarðlög í norðurhlíðum Norðurdals 2—3 milljón ára gömul basaltlög með einstökum millilögum úr mýkri efnum, móbergi og ýmis konar setlögum. Lögunum hallar til vesturs en hugsanleg gangnastefna verður því sem næst til norðurs, þannig að fara verður í gegnum allan jarðlagastaflann.

Helstu stærðartölur virkjunarinnar verða sem hér segir:

| | | |
|---|---|---|
| Meðalrennsli | 4.9 | m$^3$/sek. |
| Virkjað rennsli | 7.0 | — |
| Fallhæð brúttó (meðal) | 562 | m |
| Fallhæð nettó (meðal) | 545 | m |
| Afl | 32 | Mw |
| Orkuvinnslugeta | 185 | Gwh/ár |
| Stærð miðlunarlóns | 68 | Gl |
| Orkuinnihald miðlunarlóns | 81.4 | Gwh |
| Miðlunarhlutfall af ársvatni | 44% | |

Stofnkostnaður Bessastaðaárvirkjunar í Fljótsdal ásamt aðalorkuveitu, hefur verið áætlaður um 2000 m.kr. Vegna hins háa vaxtakostnaðar af lánum er óvarlegt að gera ráð fyrir minni árskostnaði en 13% af stofnkostnaði. Árskostnaður yrði því um 260 millj. kr. Orkuvinnslugetan er talin vera 185 milljónir kwst. á ári, og yrði því orkuverðið þegar virkjunin hefur náð fullri nýtingu um kr. 1.40 á kwst, og verður það að teljast hagkvæmt sem viðmiðunartala um virkjunarkostnað. Orkuverðið yrði hærra fyrst í stað á meðan virkjunin er ekki fullnýtt, en vegna hins mikla rafhitunarmarkaðar er ljóst að góð nýting mun fást fljótlega eftir að virkjunin hefur tekið til starfa. Er í frumvarpi þessu gert ráð fyrir lántökuheimild allt að 2000 millj. kr.

Með virkjun Bessastaðaár fæst meðalstór virkjun, sem nægja mun Austurlandi um alllanga framtíð, jafnvel þó húshitun með rafmagni aukist verulega.

Vegna hinnar fyrirhuguðu miðlunar má telja virkjunina örugga í rekstri, þannig að vatnsmiðlunin ein án nokkurs innrennslis getur dugað í 4 til 5 mánuði. Er því lítil hætta á að virkjunin verði vatnslaus í kuldaköstum að vetrarlagi. Er þá unnt að vinna með fullum afköstum. Þarf ekki að fjölyrða um kosti þessa, þar sem líklegt er, að húshitun verði stór hluti markaðarins.

Miðlunarlón Bessastaðaárvirkjunar kemur Lagarfossvirkjun jafnframt að notum sem aukin miðlun og stuðlar að aukinni orkuvinnslu hennar.

Áður hafa verið settar fram hugmyndir um virkjun á þessum slóðum, svokallaða Austurlandsvirkjun, sem gæti orðið allt að 1600 Mw, eða 3 til 4 sinnum stærri en Búrfells- og Sigölduvirkjun til samans. Gerð Bessastaðaárvirkjunar mun þó ekki á neinn hátt koma í veg fyrir stórvirkjun á staðnum, heldur mun hún að nokkru leyti geta orðið hluti af stórvirkjuninni. Miðlunarlón Bessastaðaárvirkjunar í Hólmavatni er hið sama og gert hefur verið ráð fyrir að verði inntakslón Austurlandsvirkjunar. Önnur mannvirki Bessastaðaárvirkjunar munu ekki nýtast beint, þar eð varla mun borga sig að gera jarðgöng eða pípur þannig úr garði, að nýtist báðum virkjununum. Hins vegar fengist, ef sú leið yrði valin, með jarðgöngum Bessastaðaárvirkjunar haldgóð könnun á jarðlögum á svæðinu. Í þriðja lagi má benda á, að við gerð Austurlandsvirkjunar verður þörf mikillar raforku fyrir vélar og tæki, sem best fengist frá nálægri vatnsaflsvirkjun.

Samband sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi hélt aðalfund sinn dagana 14. og 15. sept. 1974. Fundurinn var haldinn í Alþýðuskólanum að Eiðum. Aðalmál fundarins var orkumál á Austurlandi. Fundurinn gerði m. a. eftirfarandi samþykkt um orkumál: „Aðalfundur S.S.A. 14. og 15. sept. 1974 skorar á iðnaðarráðuneytið og Alþingi, að sett verði lög um virkjun Bessastaðaár í Fljótsdal á komandi þingi. Undirbúningur og framkvæmd við virkjunina sé miðuð við að hún taki til starfa 1978.“

## Sþ. 40. Tillaga til þingsályktunar [37. mál]

um atvinnumál aldraðra.

Flm.: Svava Jakobsdóttir, Eðvarð Sigurðsson, Helgi F. Seljan.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa í samráði við launþegasamtök landsins frumvarp til laga um atvinnumál aldraðra, og verði að því stefnt, að allir, 67 ára og eldri, sem til þess hafa þrek og vilja, geti átt kost á atvinnu við sitt hæfi.

### Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á 94. löggjafarþingi, en hlaut þá ekki afgreiðslu. Henni fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

Tillaga þessi er flutt í þeim tilgangi að knýja á um skipulega lausn á atvinnumálum aldraðs fólks. Mjög algengt er orðið, að fyrirtæki og atvinnurekendur segi mönnum upp starfi við sjötugsaldur, og í lögum um opinbera starfsmenn er skýrt kveðið á um aldurshámark. Ekki verður réttmæti þessara reglna dregið í efa, en á hinn bóginn verður ekki lengur horft fram hjá þeim persónulega og félagslega vanda, sem það veldur mörgum manninum að vera kippt úr starfi fyrir fullt og allt sakir aldurs. Fjöldi þessa fólks býr yfir reynslu, talsverðri starfsorku og vilja til að halda áfram störfum í einhverjum mæli.

Þau lausastörf, sem öldruðu fólki standa til boða á almennum vinnumarkaði, krefjast yfirleitt af því fulls vinnudags og eru því oft og tíðum ofraun. Þá er hætt við, að þróun atvinnumála skerði líka möguleika aldraðs fólks til að fá slíka vinnu. Má í því sambandi benda á sívaxandi vélvæðingu, aukið hagræðingarskipulag, t. d. ákvæðisvinnustörf.

Ekki verður fullyrt á þessu stigi, hvernig atvinnumálum aldraðra verði best fyrir komið, en flutningsmenn leggja áherslu á, að hafa verður fullt samráð við launþegasamtök landsins. Efalaust koma fleiri leiðir en ein til greina. Jafnframt því sem sú skylda væri lögð á atvinnufyrirtæki að sjá öldruðu starfsfólki sínu fyrir vinnu, kannske við sérstök störf og styttri vinnutíma en almennt gerist, jafnvel aðeins hálfan daginn, væri hugsanlegt að koma á fót sérstökum vinnustöðum, t. d. léttum iðnaði, þar sem aldrað fólk gæti starfað eftir þreki og aðstæðum hvers og eins. Flm. leggja þó áherslu á þá skoðun sína, að æskilegast sé, að mönnum sé gert kleift að starfa áfram á þeim vinnustöðum og í því umhverfi, sem þeir hafa unnið í, og að reynt sé að finna lausn, sem feli í sér sem minnsta persónulega röskun fyrir hvern og einn.

## Sþ. 41. Fyrirspurnir. [38. mál]

I. Til samgönguráðherra um brú yfir Ölfusá hjá Óseyrarnesi.

Frá Þór Vigfússyni.

Hvað líður undirbúningi að smíði brúar yfir Ölfusá hjá Óseyrarnesi?
Hver er nú talinn kostnaður við smíði þeirrar brúar?
Hefur hæstvirtur samgönguráðherra í hyggju að beita sér fyrir því, að Óseyrarnesbrúin verði tekin inn á vegáætlun, næst þegar hún verður afgreidd á Alþingi?

II. Til fjármálaráðherra um söluskatt af framflutningsgjöldum.

Frá Vilhjálmi Sigurbjörnssyni.

Hefur ráðherra látið kanna möguleika á því að fella framflutningsgjöld undan álagningu söluskatts, þannig að sú hækkun vöruverðs til neytenda, sem verður vegna strandflutninga og af öðrum flutningskostnaði innanlands, verði undanþegin álagningu söluskatts?

III. Til samgönguráðherra um störf flutningskostnaðarnefndar.

Frá Vilhjálmi Sigurbjörnssyni.

1. Hvað líður störfum milliþinganefndar, sem kjörin var í samræmi við þingsályktun frá 10. apríl 1973 um stofnun verðjöfnunarsjóðs vöruflutninga og bætt skipulag á þeim flutningum?
2. Hvenær má vænta álitsgerðar nefndarinnar?

IV. Til heilbrigðisráðherra um vistunarrými fyrir langlegusjúklinga.

Frá Oddi Ólafssyni.

1. Hve mörg sjúkrarúm vantar til þess að fullnægja þörf langlegusjúklinga?
2. Má vænta úrbóta á næstunni?

## Ed. 42. Frumvarp til laga [39. mál]

um breyting á lögum um ávana- og fíkniefni nr. 65 21. maí 1974.

(Lagt fyrir Alþingi á 96. löggjafarþingi 1974.)

1. gr.

Fimmta málsgrein 5. gr. laganna orðist svo:

Gera skal upptæk til ríkissjóðs efni þau, er lög þessi taka til og aflað hefur verið á ólögmætan hátt eða eru á annan hátt í ólögmætri vörslu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Bagaleg prentvilla hefur slæðst inn í hina nýju löggjöf um ávana- og fíkniefni og hafa lögin birst þannig í Stjórnartíðindum. Nauðsyn ber því til að gera viðeigandi breytingu.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Í fimmtu málsgrein 5. greinar laga um ávana- og fíkniefni hefur forskeytið ó- fallið niður við lýsingarorðið lögmætan.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

## Nd. 43. Frumvarp til laga [40. mál]

um breyting á lögum nr. 18/1959, um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenskra berklasjúklinga.

Flm.: Vilhjálmur Sigurbjörnsson.

1. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Heimild þessi gildir til ársloka 1984.

Af nettó-ágóða happdrættisins skal varið 80% til að greiða stofnkostnað við byggingarframkvæmdir að Reykjalundi, til byggingar og rekstrar vinnustofu fyrir öryrkja og til annarrar félagsmálastarfsemi Sambands íslenskra berklasjúklinga, sem viðurkennd er af ríkisstjórninni, en 20% til byggingar elli- og hjúkrunarheimila utan Reykjavíkur og Reykjaneskjördæmis. Þessum hluta af tekjum happdrættisins ráðstafar ráðherra að fengnum tillögum landlæknis.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1975. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 32/1969.

Greinargerð.

Á sínum tíma var happdrætti S.Í.B.S. stofnað til að afla fjár til byggingar berklahælisins að Reykjalundi, en á þeim tímum herjaði berklaveiki vítt um land og hjó djúp skörð, einkum í raðir yngra fólks. Með fádæma fórnfýsi og eljusemi

fjölmargra áhugamanna, stuðningi alþjóðar og aðstoð ríkisvalds tókst að sigrast á þessum válega sjúkdómi. Sá skjóti og mikli árangur, sem náðist í baráttunni við berklaveikina, vakti verðskuldaða athygli um land allt og jafnvel í nágrannalöndum okkar. Þótt verulegur árangur hafi náðst í baráttunni við berklaveikina, hefur S.Í.B.S. haldið upp öflugu félagsstarfi og snúið sér meira en áður að rekstri vinnuheimilis og sköpun aðstöðu til endurhæfingar sjúkra.

Eitt erfiðasta viðfangsefni sveitarstjórna í dreifbýlinu er að koma á fót vistheimilum fyrir aldrað og sjúkt fólk. Hversu vel sem að þessu fólki er búið á fjarlægum stöðum, verður það að teljast stærst mannúðarmála og eitt helsta baráttumál forsvarsmanna dreifbýlisins að koma, þar sem skynsamlegt telst og aðstæður leyfa, upp elli- og hjúkrunarheimilum, þannig að ekki þurfi að slíta þær sterku rætur, sem tengja þetta fólk við umhverfi sitt, ættingja og samferðafólk. Meginþröskuldur árangursríks starfs á þessum vettvangi er fjárskortur. Til að ráða nokkra bót á er þetta frumvarp um breytingu á ráðstöfunarfé happdrættis S.Í.B.S. flutt, en má á engan hátt skoðast sem vantraust á það stórmerka starf, sem sá félagsskapur hefur innt af höndum undanfarna áratugi.

Það er lagt til, að gildistími heimildar til rekstrar happdrættisins verði lengdur frá 1979 til 1984.

## Nd. 44. Frumvarp til laga [41. mál]

um breyting á lögum nr. 16/1973, um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

Flm.: Vilhjálmur Sigurbjörnsson.

1. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Heimild þessi gildir til ársloka 1984.

Ágóði af happdrættinu skiptist þannig: 70% gangi til byggingar dvalarheimila aldraðs fólks og sjómanna í Reykjavík og nágrenni, 30% til elli- og hjúkrunarheimila í sjávarbyggðum utan Reykjavíkur og Reykjaneskjördæmis. Skal þeim hluta tekna happdrættisins ráðstafað af heilbrigðisráðherra að fengnum tillögum landlæknis.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1975.

Greinargerð.

Sjómannasamtökin hafa af miklum dugnaði og myndarskap komið á fót dvalarheimili fyrir aldrað fólk og sjómenn að Hrafnistu og hafa nú hafið framkvæmdir við nýtt og veglegt vistheimili aldraðra í Hafnarfirði með beinni aðild sveitarfélaga af Reykjanesskaga.

Fjár til þessara framkvæmda hefur m. a. verið aflað með tekjum af happdrætti D.A.S., sem tekur yfir landið allt. Reynslan hefur sannað, að þörf þessara dvalarheimila er brýn og fjármagnsþörf mikil, en á hitt skal líka bent, að í fjölmörgum sjávarbyggðum skortir tilfinnanlega aðstöðu fyrir aldrað fólk, sjómenn og sjómannsekkjur, sem kýs flestu fremur að eyða elliárum á þeim slóðum, sem lífsverk þess var unnið og tengsl þess eru sterkust við. Þykir því við hæfi, að hluta af tekjum happdrættis D.A.S. verði varið til styrktar þeirri viðleitni, þótt þær að meginhluta gangi til hins stóra og lofsverða verkefnis, sem sjómannasamtökin í Reykjavík og Hafnarfirði hafa ráðist í.

## Ed. 45. Frumvarp til laga [42. mál]

um álagningu farmiðagjalds og um breyting á lögum nr. 10/1960, um söluskatt.

Flm.: Halldór Ásgrímsson.

1. gr.

Leggja skal gjald á farmiða með flugvélum. Gjald þetta skal vera kr. 250.00 á hvern seldan farseðil innanlands, en kr. 500.00 á farseðla landa í milli. Farmiðagjald greiðist af öllu farþegaflugi, hvort heldur er fast áætlunarflug eða leiguflug. Undanþegið gjaldskyldu er sjúkraflug og áningarfarþegar, sem dveljast hérlendis skemur en 72 klukkustundir.

2. gr.

Tekjur af farmiðagjaldi skulu renna í ríkissjóð og skal ráðstafað af Alþingi til byggingar flugvalla til innanlandsflugs og öryggisvallar fyrir millilandaflug.

3. gr.

Ráðherra setur með reglugerð ákvæði um álagningu og innheimtu gjalds þessa.

4. gr.

3. tölul. 7. gr. laga nr. 10/1960, um söluskatt, orðist svo:

Vöruflutningar, enn fremur fólksflutningar með flugvélum og almennum leigubifreiðum á bifreiðastöðvum, eftir því sem ráðherra ákveður nánar.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1975.

Greinargerð.

Frumvarp þetta höfum við Vilhjálmur Sigurbjörnsson alþm. samið og berum á því sameiginlega ábyrgð og þeim sjónarmiðum, sem það túlkar, en hentugra þótti að leggja málið fyrir Ed.

Flugsamgöngur verða með hverju ári mikilvægari þáttur í samgöngumálum landsmanna. Skortur flugvalla með þeim öryggisbúnaði, sem krefjast verður, hefur löngum verið þróun flugsamgangna verulegur hemill, en bygging góðra flugvalla er dýr og öryggisbúnaður og frágangur hans kostnaðarsamur.

Fjárveitingar til flugmála hafa löngum verið af skornum skammti og í litlu samræmi við brýna þörf úrbóta á þessum málum öllum. Gildir hér jafnt bygging stórra flugvalla í hinum einstöku byggðarlögum og smærri flugvalla, sem tryggja flug milli þeirra og aðalflugvallanna.

Með frumvarpi þessu er leitast við að afla fjármagns til stærri átaka í þessum málum. Verður það vart gert með öðru móti en því að finna nýjan tekjustofn, sem félli óskiptur til flugmála, auk þess fjármagns, sem þeim er ætlað hverju sinni á fjárlögum, og lántökum til stærri verkefna. Þessari skattlagningu verður þó að stilla svo í hóf, að hún spilli ekki samkeppnisaðstöðu flugfélaganna og annarra, sem að þessum málum vinna.

Er í þessu frumvarpi gert ráð fyrir, að lagt verði flugmiðagjald á alla farmiða, í innanlandsflugi kr. 250.00 og landa í milli kr. 500.00. Ekki liggja fyrir nákvæmar tölur um fjölda farþega með áætlunarvélum og í leiguflugi, en í Árbók flugmálastjórnar 1973 eru flugfarþegar í innanlandsflugi taldir 183 287. Áætlað er, að fjöldi farþega Flugfélags Íslands verði á yfirstandandi ári 217 800. Samkvæmt þessum upplýsingum og áætluðu flugi annarra flugfélaga þykir mega áætla tekjur

af flugmiðagjaldi af innanlandsflugi 60 millj. kr. Samkvæmt skýrslu flugmálastjórnar voru farþegar í millilandaflugi 162 192 (áningarfarþegar ekki meðtaldir). Samkvæmt þessu virðist mega áætla farþegafjölda 1975 um 200 000, sem gæfu 100 millj. kr. tekjur. Farmiðagjald 1975 yrði því samtals 160 millj. kr.

Samkvæmt núgildandi lögum er söluskattur lagður á flugfargjöld í innanlandsflugi. Með ákvæðum um álagningu farmiðagjalds þykir rétt að afnema söluskatt af þessum gjaldstofni.

Meginhluti innanlandsflugsins er á milli Reykjavíkur og hinna ýmsu byggða landsins.

Reykjavík er aðalþjónustumiðstöð landsins og þangað liggja leiðir margra til að fá nauðsynlega fyrirgreiðslu.

Ferðakostnaður þeirra, sem þurfa að sækja ýmsa þjónustu til Reykjavíkur, er mikil byrði á íbúum landsbyggðarinnar og skapar mikinn aðstöðumun.

Með því að leggja söluskatt á flugfarmiða í innanlandsflugi er þessi aðstöðumunur skattlagður því meira sem fjarlægð vex. Þannig greiðir farþegi frá:

| | |
|---|---|
| Egilsstöðum | kr. 1 236.00 |
| Norðfirði | — 1 290.00 |
| Höfn í Hornafirði | — 1 096.00 |
| Vestmannaeyjum | — 592.00 |
| Akureyri | — 910.00 |

í söluskatt fyrir eina heimsókn til höfuðstaðarins.

Samkvæmt upplýsingum Flugfélags Íslands var farþegafjöldi og álagður söluskattur á áætlunarleiðum innanlands sem hér greinir:

| | Farþegafjöldi | Söluskattur |
|---|---|---|
| 1972 | 152 246 | 19 000 000 kr. |
| 1973 | 183 287 | 31 100 000 — |
| 1974 | 201 650 | 52 900 000 — |
| 1975 | 217 800 | 75 500 000 — |

Farþegafjöldi mánuðina nóv. og des. 1974 og allt árið 1975 er áætlaður.

Tölur liggja ekki fyrir um farþegaflutninga smærri flugfélaga, en varla er þar um umtalsverðar söluskattsgreiðslur að ræða.

Virðist því mega áætla tekjutap ríkissjóðs á árinu 1975 af niðurfellingu söluskatts af farþegaflutningum innanlands 80 millj. kr.

## Ed. 46. Frumvarp til laga [43. mál]

um breyting á ljósmæðralögum, nr. 17 19. júní 1933.

Flm.: Halldór Ásgrímsson, Helgi F. Seljan.

1. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Launakjör skipaðra ljósmæðra skulu ákveðin með kjarasamningum eða af kjaradómi á sama hátt og laun opinberra starfsmanna, sbr. lög nr. 55 28. apríl 1962.

Laun skipaðra ljósmæðra í kaupstöðum skulu greidd mánaðarlega úr bæjarsjóði.

Laun skipaðra ljósmæðra í umdæmum utan kaupstaða skal greiða að einum þriðja hluta úr sýslusjóði og að tveimur þriðju hlutum úr ríkissjóði. Launin greiða sýslumenn ársfjórðungslega fyrir fram.

Skipaðri ljósmóður, sem falið er um stundasakir að gegna nágrannaumdæmi, ber að greiða fyrir það byrjunarlaun þess umdæmis.

Ríkissjóður leggur til áhöld í ljósmæðraumdæmin, og ákveður landlæknir í samráði við skólastjóra og aðalkennara Ljósmæðraskóla Íslands, hver þau skuli vera.

2. gr.

Á eftir 4. gr. komi ný grein, sem verður 5. gr., svo hljóðandi:

Ljósmóðir, sem skipuð er í starf samkvæmt lögum þessum, á rétt á orlofi ár hvert á sama hátt og aðrir opinberir starfsmenn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi 1. gr. laga nr. 23 1947, lög nr. 23 1948 og lög nr. 114 1951.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Á árinu 1975 skal hver sýslunefnd endurskoða skiptingu sýslunnar í ljósmæðraumdæmi, sbr. 2. gr. laganna.

Að endurskoðun lokinni skal sýslunefnd í hverju lögsagnarumdæmi gera ráðherra grein fyrir tillögum um skiptinguna og leita samþykkis hans á þeim.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á þinginu 1971—72 af Páli Þorsteinssyni og Helga F. Seljan. Því var þá vísað til ríkisstjórnarinnar á þeim forsendum, að nýrra ljósmæðralaga væri að vænta. Þar sem enn bólar ekkert á þessum nýju lögum, þykir rétt að endurflytja frumvarpið óbreytt með svipaðri greinargerð, þótt ekki væri til annars en koma hreyfingu á þetta mál. Að öðru leyti en þessu var greinargerð fyrra frv. svo sem hér fer á eftir með þeim breytingum einum, sem stafa af setningu nýrrar heilbrigðislöggjafar:

Ljósmæðralög, nr. 17 1933, eru orðin svo gömul, að sum ákvæði þeirra samrýmast ekki þeim öru breytingum í þjóðfélaginu, sem orðið hafa.

Launakjör ljósmæðra eru í reynd ákveðin með öðrum hætti en lögin mæla fyrir um, enda orðið óhjákvæmilegt, að í framkvæmd sé vikið frá bókstaf laganna að því leyti. Í ljósmæðralögum eru engin ákvæði um orlof ljósmæðrum til handa hliðstætt því, sem aðrir opinberir starfsmenn eiga rétt á samkvæmt lögum.

Í 1. gr. þessa frv. er kveðið svo á, að laun skipaðra ljósmæðra skuli ákveðin með kjarasamningum eða af kjaradómi á sama hátt og laun annarra opinberra starfsmanna.

Samkvæmt 2. gr. frv. á að veita ljósmóður, sem skipuð hefur verið í starf, rétt til orlofs.

Í 2. gr. ljósmæðralaga, nr. 17 1933, segir svo: „Hverri sýslu landsins skal skipta í ljósmæðraumdæmi, og gerir sýslunefnd það með samþykki ráðherra. Skipa skal eina ljósmóður til að gegna hverju umdæmi, og hefur hún þar aðsetur, er sýslunefnd þykir hæfa.“

Með bráðabirgðaákvæði frumvarpsins er lagt til, að á árinu 1975 verði endurskoðuð skipting landsins í ljósmæðraumdæmi. Við þá endurskoðun ber m. a. að taka tillit til sérstöðu einstakra byggðarlaga, fólksfjölda, samgangna innan héraðs sem og þeirra breytinga, er orðið hafa á læknaskipan og heilsugæslu. Þar er einmitt sérstaklega að því vikið, að ljósmæður geti veitt aðstoð við almenna heilsugæslu á hinum nýju heilsugæslustöðvum. Það ætti enn frekar að vera staðfesting á nauðsyn nýrra laga um störf ljósmæðra almennt, skyldur þeirra og réttindi.

## Sþ. 47. Tillaga til þingsályktunar [44. mál]

um afnám vínveitinga á vegum ríkisins.

Flm.: Karvel Pálmason, Jón Árm. Héðinsson, Helgi F. Seljan, Oddur Ólafsson, Vilhjálmur Sigurbjörnsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hætta vínveitingum í veislum sínum.

Greinargerð.

Tillaga þessi er samhljóða tillögu, sem flutt hefur verið á tveim síðustu þingum, en í hvorugt skiptið fengið afgreiðslu.

Fyrsti flm. tillögunnar hefur verið núverandi hæstvirtur menntamálaráðherra, sem af eðlilegum ástæðum er ekki flutningsmaður nú, en í stað hans kemur Vilhjálmur Sigurbjörnsson.

En þó að hæstvirtur menntamálaráðherra sé ekki lengur í hópi þeirra, sem tillöguna flytja, þá hefur hann sýnt og sannað, að hann er málstaðnum trúr, því að eitt af fyrstu verkum hans sem ráðherra var einmitt að ákveða að veita ekki vín í veislum á vegum menntamálaráðuneytisins. Hafi hann þökk fyrir, og er vonandi, að aðrir ráðherrar fylgi því góða fordæmi.

Það virðist stöðugt síga á ógæfuhlið í áfengismálum Íslendinga. Andspyrna félaga og einstaklinga fær ekki rönd við reist. Opinberar skýrslur sanna almannaróm í þessu efni.

Að dómi flutningsmanna þessarar tillögu er fyllsta ástæða til þess, að ríkisvaldið gefi hér gott fordæmi í stað þess að kynna drykkjusiði við margvísleg tækifæri.

Þessari tillögu var í bæði skiptin vísað til allsherjarnefndar Sþ. Nefndin skilaði ekki áliti. Síðan hafa Alþingi borist ályktanir frá félagssamtökum og sveitarfélögum, sem mæla eindregið með samþykkt tillögunnar. Er þetta eftirtektarvert og þá einnig hitt, að engir hafa andmælt tillögunni opinberlega, svo að flutningsmönnum sé kunnugt, hvorki á Alþingi né annars staðar.

## Ed. 48. Frumvarp til laga [45. mál]

um breyting á lögum nr. 30 12. maí 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Flm.: Helgi F. Seljan, Ragnar Arnalds.

1. gr.

Við 3. gr. laganna bætist:

Húsnæðismálastofnun ríkisins skal starfrækja útibú frá stofnuninni á Vestfjörðum, Norðurlandi (tvö) og Austurlandi.

Útibúin skulu veita alla sömu þjónustu og stofnunin sjálf veitir, hvað snertir upplýsingar, teikningar og fyrirgreiðslu hvers konar.

Þau taka við umsóknum hvert af sínu svæði, yfirfara þær og afgreiða í samráði við yfirstjórn stofnunarinnar. Þau skulu einnig annast þá þætti, er lúta að byggingu verkamannabústaða og leiguíbúða sveitarfélaga á sínu starfssvæði, svo og aðra þá þætti félagslegra framkvæmda, er til greina koma, enda hljóti þeir samþykki yfirstjórnar stofnunarinnar.

Útibúin skulu hafa nána samvinnu við skipulagsskrifstofur landshlutanna, er þeim verður komið á. Afgreiðsla og útborgun lána skal fara fram í samvinnu við

útibú Landsbankans á hverju svæði eða útibú annars ríkisbanka, og skulu banka-útibúin ganga frá öllum skilmálum og veðtryggingum.

Húsnæðismálastofnun ríkisins sér útibúunum fyrir nægilegu fé til afgreiðslu umsókna hverju sinni með tilliti til heildarútlána stofnunarinnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á síðasta þingi og fylgdi því þá greinargerð, sem hér er birt nær óbreytt.

Sú krafa verður æ háværari og almennari úti á landsbyggðinni, að hvers konar þjónusta á vegum hins opinbera verði stóraukin, hún færð frá Reykjavík út í héruðin sem allra mest. Íbúarnir úti á landi una því eðlilega illa að þurfa að sækja flest stórt sem smátt til höfuðborgarinnar, oftast með ærnum kostnaði. Hinir ýmsu þjónustuþættir eru um margt ólíkir, sumir eru þess eðlis, að erfitt er að koma þjónustunni hvarvetna við, þó að þörf sé brýn og þjónustan eigi fullan rétt á sér.

Að þeim ber að stefna engu að síður, þó að róðurinn kunni að vera þungur.

Ýmsir þættir opinberrar þjónustu eru hins vegar þess eðlis, að fátt mælir því í gegn, að þeir séu sem víðast ræktir.

Er í þessu frv. að einum þeirra vikið. Svokölluð staðarvalsnefnd, sem hefur það hlutverk að gera tillögur um flutning ríkisstofnana eða hluta þeirra frá Reykjavík út á landsbyggðina, hefur sérstaklega unnið að athugun þessara þjónustuþátta í samræmi við megintilganginn í öllu starfi sínu.

Nefndin skilar áliti á næstunni, og án efa verða þar uppi tillögur svipaðs eðlis og hér er lagt til, bæði gagnvart þessari tilteknu stofnun sem og fjölmörgum öðrum.

Rétt er að viðra þessa hugmynd hér í frumvarpsformi, m. a. vegna þess að viðbrögð Alþingis við henni eru máske nokkur prófsteinn á hugmyndir og væntanlegar tillögur um hina ýmsu þætti opinberrar þjónustu, þó að vitanlega komi ný atriði til greina varðandi hvern einstakan þátt. Staðnæmst er við húsnæðismálin, einkum af tveim ástæðum.

Í fyrsta lagi eru húsnæðismálin meir í brennidepli á landsbyggðinni en nokkru sinni. Þar er nú meira byggt og af meiri fjölbreytni en áður.

Auk hinna almennu húsbygginga einstaklinga eru verkamannabústaðir, leiguíbúðir á vegum sveitarfélaga og byggingar á vegum almennra byggingarfélaga.

Þessi gróska og hin öra uppbygging í kjölfar aukinnar atvinnu kallar blátt áfram á betri þjónustu, þjónustu, sem veitt er heima í landshlutunum.

Hún fæst ekki nema með einhverju því fyrirkomulagi, sem ráð er fyrir gert í frv.

Í öðru lagi hefur þess orðið átakanlega vart, hve erfitt er um vik, einkum einstökum húsbyggjendum, að þurfa allt hingað að sækja, og af því hafa sprottið margs konar erfiðleikar, mikil mistök, sem oft hafa reynst hlutaðeigandi mjög dýr.

Ríkisvaldinu ber tvímælalaust skylda til að létta þeim álögum og kostnaðarauka af landsbyggðarfólki sem framast er kostur, og hér er inn á einn þátt þeirrar skyldu komið.

Útibú frá Húsnæðismálastofnun ríkisins var t. d. ein höfuðkrafa húsnæðismálaráðstefnu á Austurlandi vorið 1973, og þaðan kom nú krafa um samþykkt frv. þessa, og víðar hafa svipaðar kröfur komið fram.

Um fyrirkomulag og starfssvið þessara útibúa má lengi deila, þ. e. hvert á að vera vald þeirra og hvað á að vera í höndum yfirstjórnar Húsnæðismálastofnunarinnar.

Hér er lagt til, að vald og ákvarðanatekt verði sem mest í höndum útibúanna sjálfra, þó að samráð við yfirstjórn sé sjálfsagt og samþykki hennar þurfi til að koma, ef nýir þættir bætast í útlánakerfið.

Um yfirstjórn hvers útibús fyrir sig er engu slegið föstu, heldur yrði það að ákveðast af yfirstjórn stofnunarinnar og viðkomandi ráðherra og yrðu um það sett nánari ákvæði t. d. í reglugerð.

Að útibúin eru aðeins 4 í frv., stafar einfaldlega af því, að hæpið er að fara lengra í upphafi en að hafa útibú í þeim landshlutum, sem lengst eru frá höfuðborgarsvæðinu.

Miðað við kjördæmi og aðstæður allar er réttast, að útibúin séu tvö á Norðurlandi.

Í frv. er beinlínis miðað við það, að skipulags- og verkfræðiskrifstofur komist á í landshlutunum, enda er það ákveðin stefna landshlutasamtakanna að hrinda því í framkvæmd. Milli útibúsins í hverju þessara kjördæma og skipulagsskrifstofu þarf að takast sem nánust samvinna og samstarf. Því er þessi málsgrein sett inn í frv.

Í núgildandi lögum er kveðið svo á, að veðlánakerfið skuli starfrækt undir stjórn húsnæðismálastjórnar og veðdeildar Landsbanka Íslands.

Varðandi afgreiðslu lánanna er því lagt til, að útibú Landsbankans eða útibú annars ríkisbanka sjái um þann þátt mála undir yfirstjórn veðdeildar Landsbankans í Reykjavík.

Eðlilegast hlýtur þá að teljast, að útibú Húsnæðismálastofnunarinnar skuli verða á sama stað og viðkomandi bankaútibú, og ætti það að fyrirbyggja togstreitu um staðarval.

Ráð er fyrir því gert, að Húsnæðismálastofnunin sjái útibúunum fyrir fé til afgreiðslu lána með tilliti til heildarútlána, og þá átt við það, að heildarfjárþörf og heildarlánsupphæð fyrir landið allt verði skoðuð af yfirstjórn og ákvörðun hennar verði útibúin að lúta. En auðvitað verður að ætla yfirstjórninni það eitt, að hún skipti lánsfénu á hverjum tíma af fullkomnu réttlæti.

Sumir hafa bent á þann möguleika, að hvert útibú hefði lágmarkskvóta af heildarfé því, sem til ráðstöfunar væri á hverjum tíma. Slíkt er ókleift, svo miklar sveiflur sem eru í húsbyggingum í hinum einstökum landshlutum.

Hér verður þörfin fyrst og fremst að skera úr um fjármögnun alla.

Að öðru leyti þarfnast frv. þetta ekki skýringa.

## Sþ. 49. Fyrirspurnir. [46. mál]

I. Til menntamálaráðherra um sjónvarpsskilyrði á fiskimiðum umhverfis landið.

Frá Karvel Pálmasyni.

1. Hvað líður framkvæmd þingsályktunar þeirrar, sem samþykkt var á Alþingi hinn 14. apríl 1973, um könnun á móttöku sjónvarpssendinga á fiskimiðunum umhverfis landið, og gerð kostnaðaráætlunar um úrbætur, ef þeirra reynist þörf?
2. Er þess að vænta, að niðurstöður umræddrar könnunar og kostnaðaráætlun varðandi framkvæmdir verði lagðar fyrir yfirstandandi þing?

II. Til iðnaðarráðherra um rafvæðingu dreifbýlisins.

Frá Steingrími Hermannssyni.

1. Hvað líður framkvæmd þriggja ára áætlunar um rafvæðingu dreifbýlisins?
2. Hvaða meginbreytingar hafa verið gerðar á þeirri þriggja ára áætlun um rafvæðingu dreifbýlisins, sem lögð var fram í nóvember 1971?
3. Hvenær má ætla, að framkvæmdum samkvæmt þessari áætlun verði lokið?
4. Hvað hefur valdið töfum á framkvæmd umræddrar áætlunar?
5. Hvenær er gert ráð fyrir rafvæðingu Árneshrepps í Strandasýslu?

## Nd. 50. Frumvarp til laga [47. mál]

um breyting á lögum nr. 68/1973, um breyting á lögum nr. 45 16. apríl 1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

Flm.: Þór Vigfússon, Lúðvík Jósepsson.

1. gr.

Við 10. gr. laga nr. 68/1973 bætist þessi málsgrein:

Eigi skulu verðtryggð lán til nýbygginga og endurbygginga íbúðarhúsa á lögbýlum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Stjórn Stofnlánadeildar landbúnaðarins ákvað í lok októbermánaðar s. l., og hefur sú ákvörðun hlotið staðfestingu hæstvirts landbúnaðarráðherra, að lán úr Stofnlánadeild landbúnaðarins til íbúðabygginga bænda skuli vera verðtryggð að 30%. Er það í fyrsta skipti að slíkt gerist.

Með þessu verðtryggingarákvæði er bændum gert erfiðara fyrir um íbúðabyggingar en fólki í þéttbýli. Í þéttbýli er yfirleitt alltaf hægt að selja íbúðarhúsnæði á hvaða byggingarstigi sem er og endursöluverð íbúða þar fer hækkandi til jafns við tilkostnað. Langt er frá að sama gildi um íbúðarhúsnæði til sveita. Þar eru sölumöguleikar yfirleitt hverfandi litlir og alls engir nema bóndi taki sig upp af bújörð sinni.

Flutningsmenn telja að þetta verðtryggingarákvæði íþyngi mjög bændum um íbúðabyggingar og dragi verulega úr því hlutverki laganna um Stofnlánadeild landbúnaðarins, sem kveðið er á um í 1. gr., „að treysta byggð í sveitum landsins".

Á árinu 1973 veitti Stofnlánadeild landbúnaðarins 202 lán til íbúðabygginga bænda, að upphæð tæpl. 79 milljónir króna. Fyrir liggja á þessu ári lánsumsóknir vegna svipaðs fjölda framkvæmda. Hér er ekki um slíkar upphæðir að ræða, sem hlotnast mundu bændum, nái frumvarp þetta fram að ganga, að flutningsmenn telji forsvaranlegt, miðað við tilgang laganna um Stofnlánadeild landbúnaðarins, að gera bændum íbúðabyggingar svo erfiðar sem ákvörðun stjórnar Stofnlánadeildarinnar ákveður.

## Nd. 51. Frumvarp til laga [48. mál]

um lántökur ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja.

(Lagt fyrir Alþingi á 96. löggjafarþingi, 1974.)

1. gr.

Ríkissjóði og stofnunum, er greinir í A-hluta ríkisreiknings, sbr. 6. gr. laga nr. 52/1966, er óheimilt að taka lán eða stofna til skulda erlendis nema til þess séu heimildir í sérstökum lögum. Ennfremur er ríkissjóði og framangreindum stofnunum óheimilt að taka innlend lán eða stofna til skulda innanlands nema til þess séu heimildir í sérstökum lögum eða fjárlögum. Heimilt er þó að stofna til skulda í tengslum við kaup á fasteignum, enda séu fasteignakaupin samþykkt af fjármálaráðuneytinu.

2. gr.

Fjármálaráðuneytið annast allar lántökur ríkissjóðs og stofnana, er greinir í A-hluta ríkisreiknings.

3. gr.

Ríkisfyrirtækjum og sjóðum í ríkiseign, sem getur í B-hluta ríkisreiknings, er óheimilt að stofna til skulda, taka lán eða taka ábyrgð á skuld eða láni nema til þess sé heimild í sérstökum lögum eða fjárlögum eða fyrir liggi sérstakt samþykki viðkomandi ráðuneytis og fjármálaráðuneytis. Slíkar heimildir þarf til samninga um yfirdrátt á viðskiptareikningi í bönkum, sölu á víxlum samþykktum af fyrirtækinu eða sjóðnum, svo og til sölu eða veðsetningar á verðbréfum útgefnum af fyrirtækinu eða sjóðnum.

4. gr.

Aðilar, sem um ræðir í 3. gr. og hafa lántökuheimildir samkvæmt sérstökum lögum, skulu eigi síðar en 1. nóvember ár hvert gera viðkomandi ráðuneyti og fjármálaráðuneytinu grein fyrir áformuðum lántökum á næsta fjárlagaári. Ráðuneyti það, er með mál fyrirtækisins eða sjóðs fer, og fjármálaráðuneytið geta breytt slíkri lántökuáætlun. Að athugun lokinni skulu nefnd ráðuneyti staðfesta áætlunina, og er fyrirtæki eða sjóði óheimilt að taka lán umfram það, er hin staðfesta áætlun gerir ráð fyrir, nema til komi sérstakt samþykki þeirra aðila, er staðfestu áætlunina.

5. gr.

Aðilum þeim, er um ræðir í 1. og 3. gr., er heimilt að eiga viðskipti innanlands án staðgreiðslu til viðsemjanda, enda sé jafnan um það samið, hvenær greiða skuli fyrir þau viðskipti. Fjármálaráðherra setur nánari reglur um slík viðskipti.

6. gr.

Brjóti starfsmaður ríkisins gegn lögum þessum fer um mál hans skv. III. kafla laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Skv. ákvæðum 40. gr. stjórnarskrárinnar má ekki taka lán, er skuldbindi ríkið, nema samkvæmt lagaheimild. Í samræmi við ákvæði þessi hefur yfirleitt verið leitað fjárlagaheimildar til töku fjárfestingarlána innanlands, en hins vegar sérstakrar lagaheimildar til lántöku erlendis. Þó hafa fasteignakaup ríkisins iðulega verið þannig gerð, að ríkissjóður hefur tekið við áhvílandi lánum, án þess að til slíks væri bein heimild í lögum.

Um nokkurra ára skeið hefur þeirri reglu verið fylgt, að fjármálaráðuneytið tæki öll lán vegna ríkissjóðs og stofnana, sem getið er í A-hluta ríkisreiknings. Eigi að síður hafa stofnanir þessar átt viðskipti án staðgreiðslu til viðsemjanda, þótt eigi kæmi til sérstakt samþykki fjármálaráðuneytisins eða beinar lagaheimildir. Hér hefur yfirleitt verið um minni háttar viðskipti að ræða og mjög erfitt í framkvæmd að koma við annarri tilhögun um slík viðskipti en almennt eru tíðkuð.

Ríkisfyrirtæki og sjóðir í ríkiseign, sem greint er frá í B-hluta ríkisreiknings, hafa eigi mátt taka fjárfestingarlán nema skv. lagaheimild. Örfá þessara fyrirtækja hafa hins vegar heimildir skv. lögum til töku rekstrarlána. Slíkar lántökur hafa þó tíðkast og oft farið út fyrir þau mörk, sem eðlileg geta talist frá sjónarmiði þeirra ráðuneyta, sem ábyrgð bera á rekstrinum. Lántökur þessar eru með ýmsum hætti,

þó aðallega vörukaupalán og notkun yfirdráttarheimildar á viðskiptareikningum í bönkum.

Frumvarpið miðar að því að festa reglur um lántökur ríkisstofnana, er séu í samræmi við ákvæði stjórnarskrárinnar. Jafnframt er frumvarpinu ætlað að veita meira aðhald í lántökum fyrirtækja ríkisins, svo og að tryggja, að fjármálayfirvöld hafi jafnan vitneskju um lánamál þessara stofnana.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Efni greinarinnar er í samræmi við 40. gr. stjórnarskrárinnar. Í greininni felst þó staðfesting á þeirri venju, að heimilt sé að stofna til skulda í tengslum við kaup á fasteignum, en bein lagaheimild til yfirtöku ríkisins á veðskuldum, er hvíla á fasteign, hafi ekki verið fyrir hendi.

Um 2. gr.

Greinin staðfestir þær reglur, sem gilt hafa, að fjármálaráðuneytið annist um lántökur ríkissjóðs og stofnana, er greinir í A-hluta ríkisreiknings.

Um 3. gr.

Lagaheimild eða sameiginleg samþykkt ráðuneytis, er stofnunin heyrir undir, og fjármálaráðuneytis þarf til að fyrirtæki og sjóðir í B-hluta ríkisreiknings geti stofnað til fjárskuldbindinga, svo sem nánar er greint frá í greininni.

Framkvæmd ákvæða greinar þessarar er fyrirhuguð þannig, að ráðuneytin setji viðkomandi stofnunum meginreglur, sem þær starfa eftir.

Um 4. gr.

Nauðsynlegt þykir, að fyrir hendi sé vitneskja um fyrirhugaðar lántökur stofnana, jafnvel þótt þær hafi sjálfstæðar lántökuheimildir skv. lögum. Telja verður eðlilegt, að ráðuneytin hafi lokaákvörðun um, hvernig lántökuheimildum þessum sé beitt. Greinin gerir ráð fyrir, að upplýsingar um lántökur séu fyrir hendi við afgreiðslu fjárlaga.

Um 5. gr.

Þrátt fyrir takmarkanir þær, sem frumvarpið setur stofnunum um lántökur, þykir nauðsynlegt, að ríkissjóður og stofnanir hans geti átt viðskipti án staðgreiðslu með líkum hætti og aðrir aðilar í þjóðfélaginu.

Um 6. og 7. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

## Nd. 52. Frumvarp til laga [49. mál]

um eftirlit með ráðningu starfsmanna og húsnæðismálum ríkisstofnana.

(Lagt fyrir Alþingi á 96. löggjafarþingi, 1974.)

1. gr.

Óheimilt er að fjölga föstum starfsmönnum í þjónustu ríkisins eða ríkisstofnana, nema að fengnu samþykki ráðninganefndar ríkisins, sbr. 6. gr.

Ákvæði þessarar greinar gilda þó ekki um þær stöður, sem stofnaðar eru með lögum.

2. gr.

Óheimilt er að láta lausráðna starfsmenn starfa í þjónustu ríkisins eða ríkisstofnana, nema fjárveiting eða heimild til launagreiðslu sé fyrir hendi. Þeir aðilar, sem sjá um launagreiðslur, geta fengið staðfestingu fjárlaga- og hagsýslustofnunarinnar á því, hvort slíkar heimildir séu fyrir hendi.

3. gr.

Fastir starfsmenn skv. lögum þessum eru þeir, sem eru skipaðir í stöðu eða ráðnir skv. skriflegum samningi til ótiltekins tíma án uppsagnarfrests.

Lausráðnir teljast þeir starfsmenn, sem eru settir, þeir sem eru ráðnir með ákveðnum uppsagnarfresti eða í ákveðinn tíma, þeir sem ráðnir eru skv. samningum stéttarfélaga og lög nr. 46/1973 taka ekki til, svo og allir þeir, sem ráðnir eru í minna en hálft starf.

Starfsmenn, sem ráðnir eru eftir gildistöku laga þessara í minna en ½ starf, eða ráðnir skv. samningum stéttarfélaga og lög nr. 46/1973 taka ekki til, skal ráða með skemmri uppsagnarfresti en 3ja mánaða. Setning í stöðu skal vera til ákveðins tíma.

4. gr.

Ekki má setja á fót nýja ríkisstofnun, nema með lögum, og skal um starfsmannafjölda leita samþykkis með sama hætti og segir í 6. gr., að svo miklu leyti sem lög um stofnunina mæla eigi fyrir um það.

5. gr.

Hagsýslustjóri ríkisins, formaður fjárveitinganefndar Alþingis og einn maður tilnefndur af ríkisstjórninni skulu skipaðir til starfa í ráðninganefnd ríkisins.

Varamann fyrir hagsýslustjóra tilnefnir fjármálaráðherra, en fjárveitinganefnd og ríkisstjórn sinn fulltrúa hvor.

6. gr.

Ráðninganefnd úrskurðar tillögur ráðuneyta og ríkisstofnana um starfsmenn og starfsmannafjölda.

Nú óskar ráðuneyti eftir fjölgun fastra starfsmanna við ráðuneytið eða ríkisstofnun á þess vegum án þess að fé hafi verið veitt til þess á fjárlögum eða heimild til launagreiðslu sé fyrir hendi, og skal þá ráðuneytið senda beiðnina til ráðninganefndar til úrskurðar.

7. gr.

Ráðninganefnd skal jafnan úrskurða erindi innan hálfs mánaðar frá móttöku þess, enda hafi nefndinni borist fullnægjandi gögn og upplýsingar um málefnið.

Telji ráðninganefnd eigi augljóst, að erindi ráðuneytis skuli ná fram að ganga, skal hún jafnan kveðja fulltrúa þess ráðuneytis á sinn fund og kynna sér greinargerð hans, áður en erindið hlýtur afgreiðslu.

Synji ráðninganefnd erindi um fjölgun starfsmanna skv. 1. og 6. gr., getur ráðherra sá, sem hlut á að máli, borið ágreininginn undir ríkisstjórnina, sem tekur endanlega ákvörðun um málið.

8. gr.

Nú vill stofnun, er lög þessi taka til, auka við húsnæði sitt, og skal þá með fara á sama hátt og segir í 6. og 7. gr. um fjölgun starfsmanna, eftir því sem við á.

9. gr.

Fjármálaráðuneytið lætur gera eyðublöð fyrir ráðningarbréf, sem öllum stofnunum ríkisins er skylt að nota við ráðningu starfsmanna, sem ráðnir eru í hálft starf eða meira gegn föstum mánaðarlaunum og eigi eru skipaðir.

Fastur starfsmaður á rétt á að fá í hendur afrit af ráðningarbréfi sínu með áritun ráðninganefndar.

Lausráðinn starfsmaður, sem ráðinn er í ½ starf eða meira gegn föstum mánaðarlaunum á rétt á að fá í hendur afrit af ráðningarbréfi sínu staðfestu af viðkomandi ráðuneyti og fjármálaráðuneytinu.

10. gr.

Semja skal árlega skrá yfir þá starfsmenn ríkisins, sem ákvæði 1. og 2. mgr. 3. gr. taka til og ráðnir eru í hálft starf eða meira og með a. m. k. þriggja mánaða uppsagnarfresti. Fjármálaráðuneytið sér um gerð þessarar skrár, og skal hún lögð fram með fjárlagafrumvarpi.

11. gr.

Fjármálaráðherra skal með reglugerð setja nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þ. á m. um efni ráðningarbréfa.

12. gr.

Með lögum þessum eru felld úr gildi lög nr. 48/1958, um ráðstafanir til að draga úr kostnaði við rekstur ríkisins.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1975.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 48/1958, um ráðstafanir til að draga úr kostnaði við rekstur ríkisins, var tilraun gerð til að veita aðhald í starfsmannahaldi ríkisins. Lög þessi gerðu ráð fyrir, að sérstök nefnd fjallaði um allar ráðningar starfsmanna í þjónustu ríkisins, og um húsnæðis- og bifreiðakostnað ríkisstofnana.

Lög þessi hafa verið þannig framkvæmd, að heimildar nefndarinnar þyrfti við til að fjölga fastráðnum starfsmönnum. Hins vegar voru svokallaðar lausráðningar starfsmanna látnar afskiptalausar af hálfu nefndarinnar.

Vegna þessarar framkvæmdar hefur gætt vaxandi tilhneigingar ráðuneyta og stofnana til að lausráða starfsmenn, og má jafnvel segja, að heilar stofnanir hafi treyst á slíka starfskrafta. Hefur þess þá ekki alltaf verið gætt sem skyldi, að tilskildar fjárveitingar væru fyrir hendi.

Nú er það svo, að í lögum er hvergi að finna skýringar á því, hvað teljist vera fastráðinn starfsmaður og lausráðinn starfsmaður. Mikillar óvissu gætir því um réttarstöðu þeirra starfsmanna, er ráðnir hafa verið án afskipta nefndarinnar.

Rétt er í þessu sambandi að minna á dóm Hæstaréttar í málinu nr. 158/1971, þar sem starfsmanni, er í starf var kominn án samþykkis nefndarinnar, voru dæmdar bætur fyrir brottvikningu úr starfi, svo sem hann hefði verið æviráðinn. Þá má minna á dóm bæjarþings Reykjavíkur í bæjarþingsmálinu nr. 2751/1971, þar sem dómurinn komst að þeirri niðurstöðu, að óheimilt væri að ráða starfsmann í þjónustu ríkisins með tilteknum uppsagnarfresti, og skyldi starfsmaður því teljast æviráðinn, þótt í ráðningarbréfi hans væru ákvæði um þriggja mánaða gagnkvæman uppsagnarfrest. Dómi þessum hefur verið áfrýjað af hálfu fjármálaráðuneytisins.

Megintilgangur frumvarpsins er sá að tryggja, að starfsmannahald ríkisins hverju sinni ráðist af fjárveitingum, og þar með, að Alþingi geti fylgst náið með starfsmannafjölda ríkisins og umfangi ríkisstofnana. Slíkt eftirlit verður því aðeins virkt, að ljóst sé, hvaða starfsmenn njóti kjara sem æviráðnir og hvaða starfsmenn búi við tiltekinn uppsagnarfrest eða tímabundna ráðningu.

Á það hefur oft verið bent, að ríkissjóði beri að haga starfsemi sinni með hliðsjón af ástandi efnahagsmála í þjóðfélaginu hverju sinni, auka umsvif sín, þegar samdráttar gætir á almennum vinnumarkaði, en rifa seglin á þenslutímum.

Að undanförnu hefur fjármálaráðuneytið látið vinna að gerð skipurita á öllum stofnunum ríkisins. Að lokinni þeirri vinnu mun verða mörkuð stefna í samráði við fyrirhugaða ráðninganefnd um það, í hvaða stöðu eðlilegt sé að fastráða starfsmenn og í hverjar skuli lausráða, þannig að tilgangi frumvarps þessa um sveigjanleika í ríkisbúskapnum megi ná.

Um nokkurra ára skeið hafa lögin um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins verið til athugunar og endurskoðunar. Þegar þeirri athugun lýkur og nýtt frumvarp um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins verður lagt fram, er sjálfsagt, að Alþingi taki afstöðu til þeirrar stefnu, sem fylgt hefur verið um fastráðningar og lausráðningar starfsmanna ríkisins.

Frumvarpið gerir ráð fyrir því, að starfsmenn ríkisins fái í hendur sérstakt ráðningarbréf, og á það að tryggja, að eigi komi til óvissu milli starfsmanna og vinnuveitanda um réttarstöðu þeirra og ráðningarkjör.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Greinin kveður á um það, að eigi megi fjölga föstum starfsmönnum nema að fengnu samþykki ráðninganefndar ríkisins. Undanskildar eru þó þær stöður, sem eru ákveðnar með lögum.

Um 2. gr.

Til þess að lausráða megi starfsmenn verður fjárveiting eða heimild til launagreiðslna að vera fyrir hendi. Ákvæði greinarinnar ber að skilja svo, að heimild sé til launagreiðslu, hafi launagreiðslnanna verið getið í fjárlögum eða gögnum, sem liggja til grundvallar fjárveitingu og fjárveitinganefnd hefur samþykkt.

Heimild til launagreiðslu er einnig hægt að fá með samþykki fjárlaga- og hagsýslustofnunar á umframfjárveitingu.

Leiki vafi á, hvort heimild til launagreiðslu sé fyrir hendi, geta forstöðumenn stofnana eða launadeildir þeirra óskað úrskurðar fjárlaga- og hagsýslustofnunar.

Um 3. gr.

Í greininni er að finna skýrgreiningu á því, hvaða starfsmenn teljist fastráðnir og hverjir teljist lausráðnir að skilningi frumvarpsins. Skýrgreiningin byggir á almennum lögskýringarreglum.

Þá eru í greininni fyrirmæli um það, að þeir starfsmenn, sem ráðnir eru í minna en ½ starf eða ráðnir eru skv. samningum stéttarfélaga og lög nr. 46/1973 taka ekki til, skuli ráða með skemmri uppsagnarfresti en 3ja mánaða, svo og að setning í stöðu skuli jafnan vera til ákveðins tíma.

Um 4. gr.

Ekki má setja á fót nýja ríkisstofnun nema með lögum, og skal um starfsmannafjölda leita samþykkis ráðninganefndar, nema í lögum um stofnunina séu fyrirmæli um það. Með ríkisstofnun er átt við hvers konar aðila í ríkisrekstrinum, sem hefur rekstur eða framkvæmdir með höndum.

Um 5. gr.

Greinin fjallar um það, hvernig skipa skuli í ráðninganefnd. Val nefndarmanna er ætlað að tryggja áhrif Alþingis og ríkisstjórnar á ákvarðanir nefndarinnar, svo og að embættisleg afstaða fjárlaga- og hagsýslustofnunar liggi jafnan fyrir.

Um 6. gr.

Ekki er gert ráð fyrir, að ráðninganefnd berist önnur erindi en þau, sem hin einstöku ráðuneyti vilja bera fram fyrir sína hönd eða stofnana sinna. Verða því

einstakar ríkisstofnanir að bera erindi sín upp við ráðuneyti það, sem með mál þess fer.

Um 7. gr.

Gert er ráð fyrir, að nefndin úrskurði erindi innan hálfs mánaðar eftir að það berst henni. Þá er lagt fyrir nefndina að hafa samráð við viðkomandi ráðuneyti um afgreiðslu erindisins. Nýmæli er, að ágreiningur, sem upp kann að rísa milli ráðninganefndar og einstakra ráðuneyta um starfsmannahald, skuli vera úrskurðarefni ríkisstjórnarinnar.

Um 8. gr.

Greinin er að efni til samhljóða 5. gr. laga nr. 48/1958.

Um 9. gr.

Greinin fjallar um formlegan frágang ráðningarbréfa, en gert er ráð fyrir, að allir fastráðnir starfsmenn og lausráðnir starfsmenn, sem ráðnir eru í ½ starf eða meira gegn föstum mánaðarlaunum, fái slíkt bréf í hendur.

Um 10. gr.

Semja skal skrá um starfsmenn ríkisins og leggja fram með fjárlagafrumvarpi. Í skrá þessari skulu birtast nöfn allra þeirra starfsmanna, er teljast fastráðnir, svo og nöfn þeirra, sem ráðnir eru með a. m. k. 3ja mánaða uppsagnarfresti.

Nær skráin því til allra þeirra, sem annars vegar teljast æviráðnir, og hins vegar til þeirra, sem einnig njóta réttinda í verðtryggðum lífeyrissjóði.

Um 11., 12. og 13. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

## Sþ. 53. Tillaga til þingsályktunar [50. mál]

um virkjun Suður-Fossár á Rauðasandi í Vestur-Barðastrandarsýslu.

Flm.: Þorv. Garðar Kristjánsson, Steingrímur Hermannsson, Sigurlaug Bjarnadóttir, Gunnlaugur Finnsson, Karvel Pálmason, Sighvatur Björgvinsson.

**Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að heimila væntanlegri Vestfjarðavirkjun eða öðrum aðila að virkja Suður-Fossá á Rauðasandi í Vestur-Barðastrandarsýslu í allt að 2 MW raforkuveri og leggja þaðan aðalorkuveitu til Patreksfjarðar til tengingar þar við aðalorkukerfi Vestfjarða. Jafnframt er ríkisstjórninni falið að gera nú þegar af sinni hálfu ráðstafanir til, að hraðað verði eins og frekast er unnt framkvæmdum þessum. Stefnt skal að því að ljúka virkjunarframkvæmdum fyrir lok ársins 1976.**

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta aðalþingi, en hlaut þá ekki afgreiðslu. Hún er endurflutt með þeirri breytingu, að nú skal stefnt að því að ljúka virkjunarframkvæmdum fyrir lok ársins 1976 í staðinn fyrir lok ársins 1975 sem áður var gert ráð fyrir. Er þá reiknað með nú að framkvæmdir geti hafist sumarið 1975. Tillögu þessari fylgdi áður eftirfarandi greinargerð:

Á undanförnum mánuðum hafa skapast þau viðhorf í orkumálum heimsins, að einskis má láta ófreistað í viðleitni landsmanna til að auka raforkuframleiðsluna. Mikið veltur á, að engar ónauðsynlegar tafir verði á framkvæmd virkjana, sem þegar

er hægt að byrja á, vegna þess að undirbúningsrannsóknum og athugunum er lokið. Eitt slíkt verkefni, sem bíður framkvæmda, er virkjun Suður-Fossár á Rauðasandi í Vestur-Barðastrandarsýslu.

Þegar árið 1951 beindist athygli manna að virkjun Suður-Fossár. Var þá gerð áætlun á vegum raforkumálastjóra um litla virkjun þar. Var hér um að ræða eina af mörgum athugunum, sem gerðar voru vegna könnunar á orkuöflun fyrir Vestfirði. Reyndist hér um að ræða hagkvæmustu orkuöflunina, sbr. greinargerð í ársskýrslu Sambands íslenskra rafveitna 1952. Árið 1961 voru teknar upp virkjunarathuganir að nýju við Suður-Fossá. Var þá gert yfirlit yfir jarðfræðilegar aðstæður, og sama ár var enn fremur gert yfirlit yfir virkjunarmöguleika. Þá var árið 1965 mælt langsnið stíflusvæðis og gerð lausleg kostnaðaráætlun fyrir 1.75 MW virkjun, sem áætlað var að kostaði 36.6 millj. kr. Í júlí 1970 samþykkti sýslunefnd Vestur-Barðastrandarsýslu að hafa forgöngu og frumkvæði að frekari könnun á virkjun Suður-Fossár. Þá var verkfræðifyrirtækið Virkir hf. fengið til að gera áætlun um virkjun í ánni.

Virkjun sú, sem hér er lagt til að gerð verði í Suður-Fossá, er byggð á tillögum þeim og áætlunum, sem Virkir hf. lagði fram í nóvember 1970. Þar segir, að virkjun Suður-Fossár sé tæknilega einföld. Gert sé ráð fyrir að nýta afrennsli 18 ferkílómetra vatnasviðs og miðla vatnsrennslinu í tveim uppistöðulónum og virkja með 160 metra fallhæð. Gefur þetta 2 MW virkjun með 10 GWh árlegri orkuframleiðslu. Áætlað var, að virkjun þessi kostaði 63.1 millj. kr. miðað við verðlag ársins 1970. Í dag er þessi kostnaður ásamt kostnaði við aðalorkuveitu til Patreksfjarðar áætlaður um 145 millj. kr.

Hér er lagt til, að ráðherra heimili væntanlegri Vestfjarðavirkjun eða öðrum aðila að virkja Suður-Fossá. Er þá gert ráð fyrir, að Vestfjarðavirkjun verði sameignarfyrirtæki ríkisins og sveitarfélaganna á samveitusvæði Vestfjarða. Slíkt væri eðlileg framkvæmd á stefnumörkun í raforkumálum Vestfjarða, samkvæmt þingsályktun, sem samþykkt var 5/4 1971. Samt sem áður er gert ráð fyrir í þingályktunartillögu þeirri, sem hér er flutt, að annar háttur geti orðið á um eignaraðild, ef nauðsyn þykir.

Virkjun sú, sem þingsályktunartillaga þessi fjallar um, er á suðurenda samveitukerfis Vestfjarða og eykur því verulega öryggi notenda þess, einkum þeirra, er búa sunnan Arnarfjarðar. Hér er því um að ræða virkjun, sem gegnir hliðstæðu hlutverki að þessu leyti og vatnsaflsstöðvarnar á norðurenda samveitusvæðisins, á Ísafirði og í Bolungarvík. Með framkvæmd þessari er því verið að búa svo í haginn, að í framtíðinni verði minni þörf á hinum mjög svo óhagkvæmu dísilrafstöðvum sem varastöðvum á þessum hluta samveitusvæðisins.

Þó að hér sé um að ræða virkjun, sem fullnægir litlu af framtíðarorkuþörf Vestfjarða, er framkvæmd þessi mikilvægur þáttur í uppbyggingu raforkukerfis Vestfjarða. Virkjun þessi á að framleiða meiri orku en sem svarar núverandi raforkunotkun sunnan Arnarfjarðar, og nemur vinnslugeta hennar meir en 1/3 af raforkuframleiðslu Vestfjarða í dag.

Nauðsynlegt er, að undirbúningi verði hraðað svo við virkjun Suður-Fossár, að framkvæmdir geti hafist sumarið 1974. Má þá gera ráð fyrir, að hægt verði að ljúka verkinu og orkuvinnsla geti hafist í árslok 1975. Um sama leyti mun koma í gagnið Mjólkárvirkjun II, sem nú er í byggingu og áætlað er að gefi 29 GWh árlega orkuframleiðslu. Báðar þessar virkjanir eru mikilvægur þáttur í heildaruppbyggingu raforkukerfis Vestfjarða. En jafnframt ber nú brýna nauðsyn til að halda áfram virkjunarframkvæmdum, rannsóknum og hönnun nýrra virkjana, svo að séð verði á næstu árum fyrir raforkuþörf Vestfjarða. Verður þá að hafa hugfast, að mæta verður hinni stórauknu þörf fyrir raforku til húshitunar og aukins iðnaðar á Vestfjörðum.

## Sþ. 54. Fyrirspurnir. [51. mál]

I. Til forsætisráðherra um gerð landshlutaáætlunar Norður-Þingeyjarsýslu.

Frá Halldóri Blöndal.

1. Hvað líður gerð landshlutaáætlunar Norður-Þingeyjarsýslu?
2. Til hvaða þátta er henni ætlað að ná?

II. Til forsætisráðherra um endurskoðun stjórnarskrárinnar.

Frá Halldóri Blöndal.

Hvað líður störfum stjórnarskrárnefndar?

## Ed. 55. Frumvarp til laga [52. mál]

um breyting á lögum nr. 13 13. apríl 1973 um Happdrætti Háskóla Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 96. löggjafarþingi 1974.)

**1. gr.**

a-liður 1. gr. orðist svo:

Hlutatalan má ekki fara fram úr 60 000, er skiptist í 12 flokka á ári hverju, og skal dráttur fara fram fyrir einn flokk í mánuði hverjum, dráttur 1. flokks í janúarmánuði og 12. flokks í desembermánuði. Heimilt er að gefa út 4 flokka hlutamiða, sem greinist að með bókstöfunum E, F, G og H, en auk þess er heimilt að gefa út sérstakan flokk, B flokk, sem hafa skal fimmfalt gildi á við hvern hinna flokkanna, bæði að því er varðar endurnýjunariðgjald og fjárhæð vinninga.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni Háskólaráðs og fylgdi því svofelld greinargerð:

Markmiðið með frumvarpi þessu er að skapa möguleika á aukinni veltu og hagnaði Happdrættis Háskóla Íslands á næstu árum, en á slíku er mikil nauðsyn vegna mikilla byggingaframkvæmda og tækjakaupa Háskóla Íslands og stóraukins kostnaðar vegna viðhalds húsa og búnaðar.

Frumvarpið felur í sér eina breytingu frá gildandi lögum, útgáfu sérstaks flokks hlutamiða — B-flokks — til viðbótar við þá fjóra flokka — E, F, G og H, sem nú eru gefnir út. Endurnýjunarverð miða í hinum nýja flokki yrði fimmfalt hærra en í þeim flokkum, sem fyrir eru, og fjárhæð vinninga einnig fimmfalt hærri.

Breyting, sem frumvarpið felur í sér, er líkleg til að auka veltu og hagnað happdrættisins og gera framkvæmdir háskólans mögulegar án þess að verð miða verði hækkað í þeim flokkum, sem fyrir eru, E, F, G og H, en það er nú 300 kr. á mánuði og var hækkað um síðustu áramót. Óbreytt verð gömlu miðanna á næsta ári gerir mörgum viðskiptavinum happdrættisins kleift að halda áfram þátttöku án aukins kostnaðar, en nýi flokkurinn gefur þeim, sem vilja auka þátttöku sína í happdrættinu verulega, möguleika á því á einfaldan hátt.

Helstu framkvæmdir, sem hagnaður af rekstri Happdrættis Háskóla Íslands rennur til á næstu árum, eru þessar: Sérhæfðar byggingar fyrir verkfræði- og raun-

vísindadeild, sem unnið er að í áföngum, byggingar almenns kennsluhúsnæðis, sem nú er orðinn mikill skortur á, og sérhæfðar byggingar fyrir læknadeild og tannlæknadeild, sem nú eru að hefjast á Landspítalalóð, en þær verða þó aðeins að hluta reistar fyrir happdrættisfé.

Búnaður í háskólabyggingar og tæki til rannsóknastarfsemi og kennslu eru keypt fyrir happdrættisfé, og enn fremur er frágangur og viðhald lóða og viðhald húsakosts háskólans greitt af hagnaði happdrættisins.

Í greinargerð með fjárlagatillögum stjórnar Happdrættis Háskóla Íslands er skýrt frá því, að tekjuáætlunin sé reist á þeirri forsendu, að viðbótarflokkur sá, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, fáist lögfestur á þessu hausti, og drög að framkvæmdaáætlun Háskóla Íslands eru einnig byggð á sömu forsendu.

## Ed. 56. Frumvarp til laga [53. mál]

um breyting á lögum nr. 20 8. mars 1954, um vátryggingasamninga.

(Lagt fyrir Alþingi á 96. löggjafarþingi 1974.)

1. gr.

Á eftir 1. málsgr. 95. greinar kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Nú er sakarefni skipt í skaðabótamáli út af slysi og eingöngu dæmt um skaðabótaskyldu, og getur þá dómur ákveðið, svo að bindandi sé fyrir félagið og aðfararhæft gagnvart því, að tjónvaldur greiði tjónþola ákveðna fjárhæð upp í væntanlegar skaðabætur, er komi til frádráttar, þegar bætur verða endanlega ákveðnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í lagafrumvarpi um breyting á lögum nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði, er ráðgert að lögfesta heimild til þess, að þegar sakarefni í skaðabótamáli út af slysi hefur verið skipt og eingöngu er dæmt um skaðabótaskylduna, þá geti dómari, ef sækjandi krefst þess, tiltekið í dóminum hæfilega fjárhæð, er verjandi greiði honum upp í endanlega skaðabótafjárhæð. — Til samræmis við þá ráðgerðu breytingu er nauðsynlegt að gera þá breytingu á lögum um vátryggingarsamninga, sem í þessu lagafrumvarpi greinir, svo að vátryggingarsali verði samkvæmt þeim lögum bundinn með sama hætti og tjónvaldur.

## Nd. 57. Frumvarp til laga [54. mál]

um skylduskil til safna.

(Lagt fyrir Alþingi á 96. löggjafarþingi, 1974.)

### I. KAFLI
### TILGANGUR

1. gr.

Tilgangur þeirrar skilaskyldu, sem á er lögð í lögum þessum, er að tryggja,

a) að unnt sé að varðveita til frambúðar það efni, sem skilaskylda nær til;
b) að unnt sé að gera og gefa út tæmandi skrár um þetta efni eða tiltekinn hluta þess;
c) að efnið geti verið tiltækt til nota vegna rannsókna, opinberrar stjórnsýslu eða annarra réttmætra þarfa.

## II. KAFLI
## SKILASKYLT EFNI

2. gr.

Íslenskar prentsmiðjur, fjölritunarstofur og aðrir aðilar, sem fjölfalda texta eða myndaefni í víðtækasta skilningi (myndir, teikningar, kort, uppdrætti, nótur o. s. frv.), skulu halda eftir af upplagi fjórum eintökum til skylduskila, sbr. þó ákvæði 3. gr.

Til skylduskila skal jafnframt koma annað efni, sem fylgir útgefnum prentgrip, svo sem ljósmyndir, hljómplötur o. s. frv.

Til skylduskila skulu ennfremur koma jafnmörg eintök hliðstæðs efnis, sem unnið er erlendis og íslenskir útgefendur standa að, einir eða í samvinnu við aðra.

Af hljómplötum (öðrum en þeim, er fylgja útgefnum prentgrip), svo og af annars konar tón- og talupptökum, sem gefnar eru út, skal afhenda þrjú eintök.

3. gr.

Séu afbrigði í texta, myndaefni, pappír eða öðrum frágangi sama upplags, skulu koma til skylduskila þrjú eintök af algengustu gerð, en að auki eitt eintak af hverju afbrigði. Tölusetning eintaka er þó skilin undan þessu ákvæði.

4. gr.

Til skylduskila skulu koma sérprentanir og nýjar útgáfur, ennfremur endurprentanir, ef minnsta breyting er gerð á texta, myndaefni eða frágangi, enda þótt sama letursteypa eða filmusetning sé notuð og ekki talið um nýja útgáfu að ræða.

Skyldueintök skulu vera hrein og óskert. Bækur og tímarit skal afhenda í brotnum örkum.

5. gr.

Það efni, sem er trúnaðar- eða einkamál og aðeins birt til mjög takmarkaðra afnota, getur útgefandi ákveðið, að safn geymi innsiglað tiltekinn tíma, og er safni skylt að heita því með skriflegri yfirlýsingu, ef óskað er. Sá tími, sem efni er þannig innsiglað að ósk útgefanda, má ekki fara fram úr fyrningartíma höfundaréttar. Útgefandi getur ákveðið, að þann tíma, sem efni er innsiglað, séu öll skyldueintök varðveitt í Landsbókasafni.

Af efni, sem opinber yfirvöld gera upptækt, skulu lögregluyfirvöld tryggja skil eintaka og kveða á um innsiglun þeirra.

Ráðuneyti getur veitt undanþágu frá skylduskilum efnis, sem um er fjallað í þessari grein.

6. gr.

Undanþeginn skylduskilum er prentaður gjaldmiðill, svo sem bankaseðlar, verðbréf og frímerki.

Landsbókasafni Íslands er falið að setja reglur um, hvaða tegundir smáprents aðrar skuli vera undanþegnar skylduskilum.

## III. KAFLI
## FRAMKVÆMD SKYLDUSKILA

7. gr.

Skilaskylda hvílir á prentsmiðju eða fjölföldunaraðila, að því er tekur til þess efnis, sem talið er í 1. málslið 2. gr., en á útgefanda, að því er tekur til þess efnis, sem greint er í 2., 3. og 4. málslið sömu gr.

8. gr.

Landsbókasafn Íslands veitir skyldueintökum viðtöku og hefur eftirlit með skylduskilum. Skilaskyldir aðilar skulu senda safninu eigi sjaldnar en einu sinni

á ári það efni, sem þeim ber að skila, og skal skilum fyrir hvert ár lokið eigi síðar en 1. febrúar á næsta ári. Skilum skal fylgja skrá í tvíriti, þar sem hið afhenta efni er greint lið fyrir lið, en hið smærra efni má þó flokka og greina fjölda eininga í hverjum flokki. Skránni skal fylgja skrifleg yfirlýsing hins skilaskylda aðila um, að honum beri ekki skv. lögum þessum að skila öðru efni en því, sem greint er á skránni. Hafi prentsmiðja eða fjölföldunarfyrirtæki ekki unnið neitt skilaskylt efni á árinu, skal eigi að síður senda Landsbókasafni skriflega yfirlýsingu um það. Landsbókasafn skal gefa út eyðublöð fyrir skilaskrár.

9. gr.

Verði prentsmiðja eða fjölföldunarfyrirtæki gjaldþrota eða hætti störfum, áður en skylduskil hafa að fullu verið innt af höndum, er þrotabúinu eða kostnaðaraðila hins unna efnis skylt að sjá um, að ákvæðum 2. gr. sé fullnægt.

## IV. KAFLI
## VARÐVEISLA OG MEÐFERÐ SKYLDUEINTAKA

10. gr.

Landsbókasafni Íslands, Amtsbókasafninu á Akureyri og Háskólabókasafni er gert að varðveita skyldueintök og fara með þau í samræmi við þann tilgang þessara laga, sem lýst er í 1. gr. Landsbókasafn skal varðveita tvö eintök, en Amtsbókasafnið á Akureyri og Háskólabókasafn eitt eintak hvort safn.

Af hljómplötum og annars konar tón- og talupptökum, sem gefnar eru út, skal Landsbókasafn Íslands varðveita tvö eintök, en Amtsbókasafnið á Akureyri eitt.

11. gr.

Landsbókasafn Íslands og Amtsbókasafnið á Akureyri skulu aðeins lána skyldueintök til afnota á lestrarsal. Háskólabókasafni er heimilt að lána út skyldueintök stofnunum Háskólans, starfsmönnum og stúdentum vegna rannsókna þeirra, ennfremur öðrum söfnum innan lands og utan og stjórnsýslustofnunum.

12. gr.

Landsbókasafn Íslands skal gefa út skrár um það efni, sem safnið fær skv. lögum þessum, annað en smáprent.

## V. KAFLI
## VIÐURLÖG

Nú gerir skilaskyldur aðili ekki fullnaðarskil í tæka tíð, og verður innheimta vanskilaefnis þá, ef þurfa þykir, falin lögregluyfirvöldum á hverjum stað. Heimilt er lögreglustjóra að beita dagsektum, allt að 2000 krónum á dag.

## VI. KAFLI
## GILDISTAKA

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla samtímis úr gildi lög um afhendingu skyldueintaka til bókasafna nr. 11 8. mars 1949, svo og ákvæði annarra laga, er brjóta kunna í bág við lög þessi.

### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samhljóða frv. var lagt fyrir 94. löggjafarþing, en varð eigi útrætt. Fylgdi því svofelld greinargerð:

„Menntamálaráðuneytið fól Finnboga Guðmundssyni landsbókaverði, Ólafi Pálmasyni, deildarstjóra í Landsbókasafni, og Knúti Hallssyni, skrifstofustjóra í

menntamálaráðuneytinu, að semja frumvarp um þetta efni. Fylgdi því svofelld greinargerð:

Í frumvarpi því til laga um skylduskil til safna, sem hér er lagt fram, er þess freistað í upphafi að skýrgreina, hver sé raunverulegur tilgangur slíkra laga. En þeir aðilar, sem skilaskyldir hafa verið samkvæmt lögum um afhending skyldueintaka til bókasafna, samþykktum á Alþingi 24. febrúar 1949, hafa oft knúið á um það undanfarin ár, að lögin yrðu endurskoðuð og þá ekki síst að því, er varðaði tilgang þeirra og þar af leiðandi fjölda skyldueintaka.

Í fyrsta kafla laganna er fjallað um tilgang þeirra, en á það hefur í fyrri lagasetningu þótt bresta, að hann væri skýrður svo sem vert væri. Á fundi, sem haldinn var í Reykjavík í október s. l. á vegum Norræna rannsóknarbókavarðasambandsins, var m. a. rætt um þetta atriði, og er kaflinn um tilgang laganna saminn með hliðsjón af niðurstöðum þeirra umræðna.

Þegar í 2. kafla, um skilaskylt efni, segir, að íslenskar prentsmiðjur o. s. frv. skuli halda eftir af upplagi fjórum eintökum til skylduskila, felur það í sér, að útgefandinn eða sá, er prenta eða margfalda lét, ber í raun kostnað af þeim.

Nýmæli er í íslenskum lögum, að afhenda skuli hljómplötur eða annars konar tón- og talupptökur, sem gefnar eru út. En nauðsynlegt er að tryggja, að þessu efni sé haldið örugglega til haga, engu síður en efni því, sem prentað er eða fjölfaldað með öðrum hætti.

Um það efni, sem ætlað er til takmarkaðra nota innan þröngs hóps og jafnvel er merkt sem trúnaðarmál, er vert að taka fram, að því ber að skila engu að síður. Það er Landsbókasafns (en ekki prentsmiðjunnar eða þess, er fjölfaldað hefur umrætt efni með öðrum hætti) að tryggja það síðan, eins og fram kemur í lögunum, að með það verði farið af þeirri leynd, sem útgefandi ætlast til.

Um skil margvíslegs smærra efnis er það að segja, að enginn getur sagt fyrir um það með neinni vissu, á hvaða efni eða efnisflokka kann að reyna. Þótt mönnum virðist t. a. m. ýmiss konar smáprent í svipinn lítils vert eða jafnvel einskis vert, getur það, þegar saman kemur og oft fyrr en varir, reynst ómetanlegar heimildir.

Í 6. grein 2. kafla er nefnt ákveðið efni, er vera skuli undanþegið skylduskilum, en jafnframt um það atriði vísað til reglna, er Landsbókasafni Íslands er ætlað að setja um það, hvaða efni annað skuli vera undanþegið hinum lögbundnu skilum.

Í fjórða kafla er rætt um varðveislu og meðferð skyldueintaka.

Varðveisla alls hins skilaskylda efnis er ekki talin trygg til frambúðar, nema í Landsbókasafni séu tvö eintök af hverju einu og sé annað þeirra varðveitt sem hreint geymslueintak.

Til enn frekara öryggis á viðsjárverðum tímum þykir ennfremur nauðsynlegt, að eitt eintak sé varðveitt í öðrum landshluta, og er þá eðlilegt, að Akureyri verði fyrir valinu sem fjölmennasti bær og mestur framtíðarstaður utan höfuðborgarsvæðisins.

Til þess að varðveisla skyldueintaka verði þar sem tryggust, verður að binda not þeirra við lestrarsal, eins og fram kemur í lögunum.

Með ráðstöfun eins eintaks til Háskólabókasafns er í fyrsta lagi litið á brýna þörf Háskóla Íslands til þess að hafa jafnan sem greiðastan aðgang að hverju einu, stóru og smáu, vegna rannsókna hvers konar. En jafnframt er nauðsynlegt, að eitt safn geti, ef ríka nauðsyn ber til, léð öðrum söfnum og stjórnsýslustofnunum innan lands íslenskt efni, og loks erlendum söfnum, er hingað kunna að snúa sér um bókalán. Slíkar beiðnir hafa verið fremur fátíðar sökum þess, að þjóðbókasöfn á Norðurlöndum, t. a. m. þar sem íslensk rit eru að vonum mest notuð utan Íslands, eru mjög birg að þeim og þá ekki síst vegna þess, að þau hafa um langt skeið notið góðs af ákvæðum íslenskra laga um afhending skyldueintaka til bókasafna. Þótt fyrir það taki nú með setningu hinna nýju laga, verður reynt með öðrum hætti að halda uppi bókaskiptum við söfn á Norðurlöndum og víðar."

**Nd.** **58. Frumvarp til laga** [55. mál]

um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi.

(Lagt fyrir Alþingi á 96. löggjafarþingi 1974.)

**1. gr.**

Viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi skal búa nemendur undir störf í viðskiptalífinu og leggja jafnframt almennan þekkingargrundvöll. Skal hún vera hluti af samræmdu framhaldsnámi að loknum grunnskóla, sbr. 4. gr., og svo sem nánar segir í lögum þessum.

**2. gr.**

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn þeirra mála, sem lög þessi fjalla um.

**3. gr.**

Inntaka nemenda til námsins er í höndum stjórnar þess skóla, sem menntunina veitir.

Rétt til að hefja viðskiptanám samkvæmt lögum þessum hafa þeir, sem staðist hafa grunnskólapróf eða hlotið aðra hliðstæða menntun. Heimilt er að ákveða í reglugerð um lágmarkseinkunnir, sem krafist kann að verða.

**4. gr.**

Námsefni skal greint í kjarna og kjörsvið. Í kjarna skulu vera eftirtaldar greinar: íslenska, stærðfræði, eitt Norðurlandamál, enska, vélritun, bókfærsla og hagfræði. Kjörsvið skulu vera eftir því sem námsbrautir og námslok gefa tilefni til.

Námsefninu skal skipt í námseiningar, er skilgreindar verði í reglugerð. Skal jafnan við það miðað, að sem hagkvæmast verði fyrir nemendur að bæta við sig námi, enda verði námið þáttur í samræmdri menntun á framhaldsskólastigi.

Menntamálaráðuneytið setur í námsskrá og/eða reglugerð nánari ákvæði um námsskipan, kjörsvið, stundaskrá, námsefni, próf og kennsluhætti.

**5. gr.**

Viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi skal miða að því, að nemendur eigi völ á að búa sig undir almenn skrifstofustörf, bókhaldsstörf, afgreiðslu- og deildarstjórastörf í verslunum, svo og stjórnunarstörf. Jafnframt skulu nemendur eiga þess kost að búa sig undir stúdentspróf.

Námið skal vera eins til fjögurra ára nám, svo sem hér greinir:

a) Eins, tveggja eða þriggja ára almennt og sérhæft viðskiptanám, og skal nemandi hljóta skírteini og vitnisburð um nám sitt að loknum hverjum ársáfanga.

b) Eins árs viðbótarnám, að loknu þriggja ára almennu og sérhæfðu viðskiptanámi samkvæmt a-lið, er miðli nemendum almennri menntun til stúdentsprófs. Veitir stúdentsprófið þann rétt til háskólanáms, sem ákveðið er í lögum og reglugerð fyrir Háskóla Íslands og aðrar menntastofnanir á háskólastigi. Auk þess skal umrætt nám hafa að markmiði að gera nemendur hlutgengari til starfa í viðskiptalífinu.

Í náminu skal þess jafnan gætt, að nemendur eigi kost á hæfilegu valfrelsi milli kjörsviða.

Starfsþjálfun er hluti af umræddu námi, eftir því sem reglugerð mælir nánar fyrir um, og er skólum þeim, sem menntunina veita, heimilt að fela viðskiptafyrirtækjum að annast tiltekna þætti þeirrar þjálfunar.

6. gr.

Framangreinda menntun má veita annars vegar í formi námsbrautar á framhaldsskólastigi, í fjölbrautaskólum, menntaskólum og framhaldsdeildum grunnskóla, og hins vegar í sérskólum, eftir því sem sérhæfing námsins krefst.

7. gr.

Stofna skal, eftir því sem þörf krefur og fé er veitt til í fjárlögum, sérskóla á vegum ríkisins, er veiti viðskiptamenntun, sbr. 6. gr. Skal fyrsti skóli þeirrar tegundar stofnaður á Akureyri.

8. gr.

Allur stofn- og rekstrarkostnaður sérskóla samkvæmt 7. gr., greiðist úr ríkissjóði. Við aðra skóla, sem veita menntun skv. lögum þessum, fer um kostnað eftir því sem lög hvers skóla eða skólastigs kveða á um.

9. gr.

Samvinnuskólinn og Verslunarskóli Íslands hafa rétt til þess að halda áfram að rækja það fræðslustarf, sem þeir hingað til hafa annast og til að auka það og sérhæfa eftir því sem aðstæður leyfa og þörf krefur á hverjum tíma.

Um styrk úr ríkissjóði til nefndra skóla, skulu eftirfarandi ákvæði gilda:

a) Rekstrarkostnaður skólanna skal greiddur að fullu, annar en rekstrarkostnaður heimavistar, þar sem hennar er þörf, en til hennar skal veittur styrkur, er nemur 80% kostnaðar. Framlag ríkissjóðs samkvæmt þessum staflið skal að hámarki miða við kostnað í ríkisskólum á sama fræðslustigi.
b) Stofnkostnaður þess kennsluhúsnæðis, sem byggt verður eftir gildistöku laga þessara, skal greiddur úr ríkissjóði að 80% og skal hið sama gilda um heimavist, þar sem hennar er talin þörf.

Skilyrði nefndra styrkveitinga er, að menntamálaráðuneytið hafi samþykkt árlega áætlun rekstrarkostnaðar skólanna og að fé sé veitt í fjárlögum fyrir stofnkostnaði, enda liggi áður fyrir samþykki stjórnvalda fyrir nýjum byggingarframkvæmdum.

Framlög ríkisins samkvæmt þessari grein miðast við, að skólar þessir starfi í samræmi við meginstefnu 5. gr. þessara laga, svo og skv. þeim reglugerðum, sem settar verða.

10. gr.

Um embættisgengi, starfsréttindi, ráðningu, störf, orlof og tölu fastra starfsmanna skóla, er veita menntun samkvæmt lögum þessum, fer eftir ákvæðum laga og reglugerða, er um slíkt gilda á hverjum tíma fyrir framhaldsskólastigið.

Skólastjóri og skólaráð stjórna starfi sérskóla samkvæmt 7. gr. Skólaráð skal skipað 5 mönnum, skólastjóra, tveimur fulltrúum kennara, kjörnum á almennum kennarafundi, og tveimur fulltrúum nemenda, kjörnum af nemendum skólans.

11. gr.

Í reglugerð, sem menntamálaráðuneytið setur, skal kveða nánar á um framkvæmd laga þessara.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samhljóða frumvarp var lagt fyrir 94. löggjafarþing, en varð eigi útrætt. Því fylgdi svofelld greinargerð og fylgiskjöl:

Síðan 1. janúar 1970 hefur menntamálaráðuneytið farið með málefni verslunarskóla, sbr. reglugerð nr. 96/1969, um Stjórnarráð Íslands. Með bréfi dags. 7. mars 1970 fór menntamálaráðuneytið þess á leit við skólastjóra Verslunarskóla Íslands dr. Jón Gíslason og skólastjóra Samvinnuskólans sr. Guðmund Sveinsson, að þeir gerðu tillögur til ráðuneytisins um framtíðarskipan verslunarmenntunar í landinu. Í svarbréfi skólastjóranna 21. desember 1970 er farið fram á, að skipuð verði fjölmennari nefnd í málið. Ákvað þáverandi menntamálaráðherra dr. Gylfi Þ. Gíslason að verða við þeim tilmælum, og 29. apríl 1971 var nefndin skipuð og skyldi hún skila tillögum sínum í frumvarpsformi.

Í nefndina voru skipaðir Birgir Thorlacius, ráðuneytisstjóri, formaður, deildarstjórarnir Andri Ísaksson og Indriði H. Þorláksson, skólastjórarnir séra Guðmundur Sveinsson og dr. Jón Gíslason, allir skipaðir án tilnefningar; Hjörtur Hjartarson, forstjóri og Gísli V. Einarsson, viðskiptafræðingur, skipaðir samkv. tilnefningu Verslunarráðs Íslands, Eysteinn Jónsson, forseti sameinaðs Alþingis, skipaður samkv. tilnefningu Sambands ísl. samvinnufélaga, og Ölvir Karlsson, oddviti, skipaður samkv. tilnefningu Sambands ísl. sveitarfélaga.

Hefur nefndin skilað til ráðuneytisins frumvarpi til laga um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi, sem hér er lagt fram, eins og nefndin gekk frá því.

Af hálfu nefndarinnar fylgdi frumvarpinu svofelld greinargerð:

„Nefnd sú, sem skipuð var 29. apríl 1971 til þess að gera tillögur til menntamálaráðuneytisins um framtíðarskipan verslunarmenntunar í landinu, hefur samið frumvarp til laga um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi. Nefndin hélt fyrsta fund sinn 6. maí 1971 og lokafund 28. september 1973, en alls hélt nefndin tíu fundi, auk þess sem undirnefndir störfuðu.

Eru nefndarmenn sammála um öll atriði frumvarpsins.

Þegar frumvarpið hafði verið samið, var það sent eftirfarandi aðilum til umsagnar:

1) Félagi ísl. stórkaupmanna,
2) Félagi viðskiptafræðinema við Háskóla Íslands,
3) Fræðsludeild Sambands ísl. samvinnufélaga,
4) Kaupmannasamtökum Íslands,
5) Kaupfélagsstjórafélaginu,
6) Kennarafélagi Verslunarskóla Íslands,
7) Landssambandi ísl. verslunarmanna,
8) Námsráði Samvinnuskólans,
9) Nemendasambandi Samvinnuskólans,
10) Nemendasambandi Verslunarskóla Íslands,
11) Sambandi verslunarskólakennara,
12) Samvinnuskólanum (kennurum),
13) Stjórn og framkvæmdastjórn Sambands ísl. samvinnufélaga,
14) Verslunarmannafélagi Reykjavíkur,
15) Verslunarráði Íslands, og
16) Viðskiptadeild Háskóla Íslands.

Þær umsagnir, sem borist hafa, eru birtar með frumvarpinu sem fylgiskjöl I—IX. Þær eru yfirleitt jákvæðar. Frá því að frumvarpið var sent til umsagnar, hefur einungis verið gerð á því ein breyting og er hún í 5. gr., þ. e. að notað er orðið stúdentspróf, en ekki verslunarstúdentspróf. Er þessi breyting gerð samkvæmt ábendingu í umsögn Verslunarráðs Íslands og Kennarafélags Verslunarskólans. Kaupmannasamtök Íslands leggja mikla áherslu á menntun starfsfólks í smásöluverslunum.

Er nefndin sammála því og og væntir, að ákvæði 4. og 5. greinar frumvarpsins tryggi þetta nægilega vel. Að því er varðar ábendingu Nemendasambands Verslunarskóla Íslands um að lögbinda fleiri námsgreinar í kjarna, þá telur nefndin, að eðlilegra sé að fjalla um þetta í sambandi við gerð námsskrár, heldur en að binda það í lögunum sjálfum. Kennarafélag Verslunarskóla Íslands telur varhugavert, að nemendur eigi þess kost að ganga undir stúdentspróf eftir eins árs viðbótarnám, er þeir hafa lokið þriggja ára almennu og sérhæfðu viðskiptanámi, og finnst ákvæði þetta ekki veita nægilegt svigrúm til að mæta mismunandi námsgetu með tveimur mismunandi námsbrautum, sem taki mislangan tíma. Nefndin treystir sér ekki til að breyta frumvarpinu í þá átt að lengja leiðina til stúdentsprófs, en vekur athygli á, að að sjálfsögðu geta menn farið þessa leið mishratt eftir því hvernig undirbúningur þeirra er.

Námsráð Samvinnuskólans vekur athygli á ýmsum atriðum, m. a. stofnun ráðgefandi nefndar með fulltrúum frá hinum ýmsu viðskiptasamtökum til þess að skapa sem best tengsl við atvinnulífið á hverjum tíma. Nefndin treystir að sjálfsögðu á, að gott samstarf verði milli skólanna og forráðamanna atvinnufyrirtækja, og telur ekki þörf á að koma á fót sérstakri ráðgefandi nefnd í þessu sambandi, þar sem slíkt gæti orðið of þungt í vöfum. Ekki telur nefndin heldur fært að taka beinlínis tillit til aldurs nemenda við inntöku í skóla, en benda má á, að ákvæði 3. gr. um undirbúningsmenntun eru ekki rígskorðuð við grunnskólapróf eingöngu, heldur er jafnframt viðurkennd önnur hliðstæð menntun, sem skólastjórn metur gilda. Að því er varðar kennslu í einhverri einni grein félagsvísinda, þá telur nefndin eðlilegast, að slíkt verði athugað í sambandi við gerð námsskrár, en vill ekki binda það í kjarna. Þess þarf að sjálfsögðu að gæta á starfsþjálfunartíma nemenda, að þeim sé veitt tækifæri til raunverulegrar starfsþjálfunar, en ekki notaðir sem ódýrt vinnuafl og þannig rýrðir tekjumöguleikar þeirra. Einnig þetta atriði varðar væntanlega námsskrá. Ekki telur nefndin neitt því til fyrirstöðu í frumvarpinu, að skólastjórn verði stefnumótandi í starfi skólanna, en að sjálfsögðu er ætlast til, að farið verði eftir lögum, námsskrám og reglugerðum, sem settar verða, og gildir slíkt auðvitað um alla skóla, og er ekki síst í þágu nemenda að svo sé.

Þetta eru helstu atriðin, sem bent hefur verið á í umsögnum, auk þess að láta í ljós stuðning við frumvarpið og áhuga á framgangi þess.

Meginstefna frumvarpsins er sú, að nemendur, sem lokið hafa grunnskólanámi, þ.e. núverandi 8 ára skyldunámi og einu skólaári til viðbótar, eða hlotið hliðstæða menntun, eigi þess kost að afla sér menntunar til undirbúnings undir störf í viðskiptalífinu og jafnframt að treysta almennan þekkingargrundvöll sinn. Frumvarpið kveður á um, að námsefnið skuli greinast í kjarna og kjörsvið. Eru tilgreindar sjö greinar, sem vera skuli í kjarna og þá kenndar öllum nemendum skólanna, en þessar greinar eru: íslenska, stærðfræði, eitt Norðurlandamál, enska, vélritun, bókfærsla og hagfræði. Þar til viðbótar geti menn valið sér námsgreinar, kjörsvið, eftir því sem námsbrautir og námslok gefa tilefni til. Námsefninu verður skipt í einingar, þannig að sem auðveldast verði fyrir nemendur að bæta við sig námi t. d. í öðrum skólum, þar eð gert er ráð fyrir, að námið verði þáttur í samræmdri menntun á framhaldsskólastigi og geti farið fram í fjölbrautaskólum, menntaskólum og framhaldsdeildum grunnskóla og svo hins vegar í sérstökum verslunarskólum eftir því sem sérhæfing námsins gerir kröfur um. Er miðað við, að slíkir sérskólar verði stofnaðir eftir því sem þörf krefur og fé er veitt til og verði þeir ríkisskólar og hinn fyrsti skóli, sem stofnaður verður þeirrar tegundar, rísi á Akureyri.

Eins og áður segir eru sjö námsgreinar tilfærðar sem námskjarni, er öllum nemendum á að vera sameiginlegt að læra, en síðan er gert ráð fyrir, að aðrar námsgreinar verði ákveðnar í námsskrá og þykir viðurhlutamikið að binda í lögum fleiri námsgreinar en brýna nauðsyn ber til, svo að unnt sé án lagabreytinga að breyta námsefni skólanna eftir því sem kröfur tímanna gera nauðsynlegt eða æskilegt. Viðskiptamenntun sú, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, miðast við að nemendur eigi völ á að búa sig undir almenn skrifstofustörf, bókhaldsstörf, afgreiðslustörf og

deildarstjórastörf í verslunum og stjórnunarstörf. Ennfremur er gert ráð fyrir, að nemendur eigi þess kost að búa sig undir stúdentspróf og þá framhaldsnám í háskóla, hvort sem er í viðskiptafræðum eða öðrum greinum. Viðskiptanám á framhaldsskólastigi er ráðgert eins til fjögurra ára nám, þ. e. eins, tveggja eða þriggja ára almennt og sérhæft viðskiptanám og síðan eins árs viðbótarnám, sem veiti nemendum menntun til stúdentsprófs. Um stúdentspróf þetta er það að segja, að nefndin ætlast til þess, að það gildi eins og önnur stúdentspróf til inngöngu í Háskóla Íslands og aðrar menntastofnanir á háskólastigi, eftir því sem ákveðið er í lögum og reglugerð fyrir þær stofnanir, og auk þess á þetta viðbótarár að hafa að markmiði að gera nemendur hlutgengari til starfa í viðskiptalífinu, þótt þeir fari ekki til frekara náms.

Gert er ráð fyrir, að hluti af viðskiptanáminu á framhaldsskólastigi sé fólgið í starfsþjálfun og geti þeir skólar, sem annast viðskiptamenntunina, falið viðskiptafyrirtækjum tiltekna þætti þessarar þjálfunar, og er mjög æskilegt og nauðsynlegt, að um þetta takist gott samstarf milli skólanna og hinna ýmsu atvinnufyrirtækja. Með slíkri tilhögun verður nemendunum ljósara en ella hvers hin ýmsu störf krefjast. Tekið er fram, að nemendur skuli fá skírteini og vitnisburð í lok hvers námsárs, því að þeir munu vafalaust halda mislangt á námsbrautinni og er því sjálfsagt fyrir þá, bæði vegna atvinnuleitar og hugsanlegs náms síðar, að hafa skírteini um hvaða námsáfanga þeir hafa lokið.

Að því er varðar fjárhagshlið þessara mála, þá er tekið fram í frumvarpinu, að allur stofn- og rekstrarkostnaður sérstakra skóla, sem ríkið stofnar til þess að veita viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi, skuli greiddur úr ríkissjóði, en kostnaður við aðra skóla, sem viðskiptamenntun veita, svo sem í formi námsbrautar í framhaldsdeildum grunnskóla, fjölbrautaskólum og menntaskólum, fer eftir því, sem ákveðið er um greiðslu kostnaðar á hverju skólastigi. Þannig myndi til dæmis viðskiptanámsbraut í menntaskóla vera algerlega kostuð af ríkissjóði eins og menntaskólarnir, en í fjölbrautaskólum yrði bæði um þátttöku ríkis og hlutaðeigandi sveitarfélags eða sveitarfélaga að ræða.

Þá eru sérstök ákvæði um Samvinnuskólann og Verslunarskóla Íslands. Þessir skólar hafa, eins og kunnugt er, í áratugi annast svo til einir verslunarmenntun í landinu á framhaldsskólastigi, en sumir gagnfræðaskólar hafa haft verslunardeildir eða einhverja þætti viðskiptanáms. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að Samvinnuskólinn og Verslunarskóli Íslands, sem eiga að baki langan og þýðingarmikinn starfsferil, eigi rétt á að halda áfram að rækja það fræðslustarf, sem þeir hingað til hafa annast, og fái bætta fjárhagsaðstöðu til að auka það og sérhæfa eftir því sem aðstæður leyfa og þörf krefur. Er þetta fólgið í því, að rekstrarkostnaður skólanna verður, samkvæmt frumvarpinu, greiddur að fullu úr ríkissjóði, nema rekstrarkostnaður heimavistar, hann greiðist með styrk úr ríkissjóði sem nemur 80% kostnaðar. Ríkisframlagið, bæði til almenns rekstrar og heimavistar, skal að hámarki miðast við kostnað í ríkisskólum á sama fræðslustigi. Af stofnkostnaði þessara tveggja skóla, að því er varðar kennsluhúsnæði og heimavistir, byggðar eftir gildistöku laganna, greiðir ríkissjóður 80%.

Það er skilyrði, bæði fyrir greiðslu stofn- og rekstrarstyrkja til þessara skóla, að menntamálaráðuneytið samþykki árlega áætlun um rekstrarkostnað og að fé sé veitt í fjárlögum fyrir stofnkostnaði, enda liggi fyrir samþykki stjórnvalda fyrir nýjum byggingaframkvæmdum, og miðast framlög ríkisins að sjálfsögðu við það, að skólarnir starfi í samræmi við meginstefnu laganna og samkvæmt þeim reglugerðum, sem settar verða.

Með þessum ákvæðum, ef að lögum verða, er stórbætt starfsaðstaða Samvinnuskólans og Verslunarskóla Íslands. Hefur starfsemi þessara skóla orðið til þess, að eigi hefur verið jafnbrýnt fyrir ríkisvaldið að skipuleggja viðskiptamenntun á vegum ríkisins eins og verið hefði, ef þeirra hefði ekki notið við. Hefur ríkissjóður því raunverulega sparað sér stórfé með því að veita verslunarskólunum styrk í fjárlög-

um í stað þess að taka verslunarmenntunina í sama mæli á sína arma og aðra sérmenntun í landinu.

Við fjölbreyttari atvinnu- og viðskiptahætti og aukin umsvif innanlands og í samskiptum við aðrar þjóðir ber brýna nauðsyn til að veita þeim fjölmenna hópi, sem fæst við jafnþýðingarmikil störf og verslun og viðskipti, greiðan aðgang að traustri menntun til þess að skapa sér sem mesta starfshæfni og til þess að þjóðfélagið fái sem besta starfskrafta. Störfin á sviði innlendra og erlendra viðskipta verða æ umfangsmeiri og hinum auknu kröfum þarf að mæta með aukinni þekkingu, starfsþjálfun og tækni.

*Athugasemdir við einstakar greinar.*

Um 1. gr.

Rétt er að taka það fram, að í frumvarpi þessu er að nokkru leyti miðað við, að sett verði löggjöf um grunnskóla, og þar með gert ráð fyrir, að viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi hefjist að grunnskólanámi loknu.

Um 2. gr.

Gert er ráð fyrir, að menntamálaráðuneytið fari með yfirstjórn þeirra mála, sem frumvarpið fjallar um, enda hefur þróunin orðið sú, að nálega allir skólar í landinu heyra nú undir það ráðuneyti. Menntamálaráðuneytið hefur farið með málefni verslunarskólanna síðan 1. janúar 1970, en áður heyrðu þeir undir atvinnumálaráðuneytið.

Um 3. gr.

Skólastjórn hvers skóla ræður sjálf inntöku nemenda í skólann, en heimilt er að kveða á um lágmarkseinkunn í reglugerð, og miðað er við að nemendur hafi lokið grunnskólaprófi. en það svarar til núverandi átta ára skyldunáms og einu ári til viðbótar, eða að þeir hafi hlotið aðra hliðstæða menntun.

Um 4. gr.

Gert er ráð fyrir að námsefni verði ákveðið í námsskrá, en tilgreindar eru í frumvarpsgreininni sjö námsgreinar, sem vera skulu námskjarni fyrir alla nemendur skólanna. Þær greinar eru íslenska, stærðfræði, enska, vélritun, bókfærsla, hagfræði og eitt Norðurlandamál, þ. e. a. s. danska, norska eða sænska. Síðan geta menn bætt við kjörgreinum, eftir því sem námsbrautir og námslok gefa tilefni til. Námsefnið skiptist í einingar, þannig að sem auðveldast verði fyrir nemendur að bæta við sig námi.

Um 5. gr.

Viðskiptamenntunin, sem frumvarpið fjallar um, á að veita undirbúning undir almenn skrifstofustörf, bókhaldsstörf, afgreiðslustörf, deildarstjórastörf í verslunum og stjórnunarstörf, og þar að auki skulu nemendur eiga þess kost að búa sig undir stúdentspróf og þar með framhaldsnám í háskóla. Gert er ráð fyrir, að námið taki eitt til fjögur ár og að menn fái prófskírteini að loknum hverjum árságanga. Almennt og sérhæft viðskiptanám er gert ráð fyrir, að taki frá einu ári til þriggja ára, og eftir þrjú ár geti menn bætt við sig einu ári til stúdentsprófs. Starfsþjálfun er hluti af náminu og sé skólunum heimilt að fela viðskiptafyrirtækjum að annast tiltekna þætti hennar.

Um 6. gr.

Menntun þá, sem frumvarpið fjallar um, er gert ráð fyrir að veita í formi námsbrautar á framhaldsskólastigi, í fjölbrautaskólum, menntaskólum og framhaldsdeildum grunnskóla og svo einnig í sérstökum skólum, allt eftir því hve mikillar sérhæfingar námið krefst. Engin reynsla er enn komin af starfi fjölbrautaskóla, en sú stefna hefur verið mörkuð, að hinn nýstofnaði menntaskóli í Kópavogi verði fjölbrautaskóli og sama gildir um fyrirhugaðan menntaskóla á Austurlandi. Í ráði er og að koma á fót fjölbrautaskóla í Breiðholti í Reykjavík. Þá hefur einnig verið

rætt um framhaldsnám í fjölbrautaskólaformi á Suðurlandsundirlendi, með Selfoss sem aðalmiðstöð, og vafalaust eiga fjölbrautaskólar eftir að leysa ýmsan vanda í framhaldsmenntunarmálum landsbyggðarinnar.

Um 7. gr.

Þótt gert sé ráð fyrir, að viðskiptamenntun verði veitt í formi námsbrautar í ýmsum framhaldsskólum, þá er einnig samkvæmt þessari frumvarpsgrein miðað við, að komið verði á fót, eftir því sem þörf krefur, sérskólum á vegum ríkisins, er veiti m. a. hin æðri og sérhæfðari stig viðskiptamenntunar á framhaldsskólastigi. Munu Samvinnuskólinn og Verslunarskóli Íslands gegna slíku hlutverki, en tekið er fram í lagagreininni, að fyrsti ríkisskólinn þessarar tegundar, sem stofnaður verði, skuli vera á Akureyri.

Ráðamenn á Akureyri hafa lýst miklum áhuga á því, að þar verði efnt til verslunarskóla, og væntir nefndin, að þessi lagaákvæði stuðli að því, að þar rísi slíkur skóli innan tíðar. Þá hefur bæjarráð Húsavíkur vakið athygli á því, að verslunarskóli fyrir Norðurland væri vel settur á Húsavík. Einnig hafa forráðamenn á Suðurlandsundirlendi látið í ljós áhuga á skóla til verslunarmenntunar þar, og er drepið á það í umsögn um 6. grein.

Um 8. gr.

Stofn- og rekstrarkostnaður sérskóla, sem stofnaðir yrðu samkvæmt 7. grein frumvarpsins, ef að lögum verður, greiðist að öllu leyti úr ríkissjóði, en um kostnað við viðskiptamenntun, sem veitt yrði við aðra skóla, fer eftir lagaákvæðum, sem um þá skóla gilda. Sérákvæði eru þó um Samvinnuskólann og Verslunarskólann.

Um 9. gr.

Hér er fjallað sérstaklega um Samvinnuskólann og Verslunarskóla Íslands og aðstaða þeirra stórlega bætt fjárhagslega, þar sem ákveðið er með frumvarpsgreininni, að þeir skuli fá allan rekstrarkostnað sinn greiddan úr ríkissjóði nema rekstrarkostnað heimavista, sem 80% ríkisstyrkur verði veittur til, ef þeirra er talin þörf. Auk þess greiði ríkissjóður 80% af stofnkostnaði nýs kennsluhúsnæðis, svo og nauðsynlegra heimavista, við þessa skóla. Framlag ríkissjóðs til rekstrarkostnaðar skóla og heimavistar skal þó að hámarki miða við kostnað í ríkisskólum á sama fræðslustigi. Þá er það skilyrði fyrir styrkveitingum, að menntamálaráðuneytið samþykki árlega rekstraráætlun skólanna og að fé sé veitt í fjárlögum fyrir stofnkostnaðinum og að ráðuneytið hafi samþykkt nýjar byggingaframkvæmdir. Loks er það skilyrði fyrir framlögum ríkisins, að skólarnir starfi í samræmi við meginstefnu 5. greinar frumvarpsins og samkvæmt þeim reglugerðum, sem samkvæmt lögunum verða settar.

Samvinnuskólinn og Verslunarskólinn hafa notið styrks í fjárlögum að undanförnu, auk þess sem Reykjavíkurborg hefur veitt Verslunarskólanum fjárhagslegan stuðning, en að öðru leyti hafa skólarnir aflað sér tekna með allháum skólagjöldum. Er það með öllu óeðlilegt, að nemendur þurfi að greiða há skólagjöld fyrir menntun sína, þegar skólagjöld tíðkast ekki í ríkisskólum og um er að ræða menntun, sem þjóðfélaginu er mikil nauðsyn á, að veitt sé.

Þess skal getið, að verði ákvæði þessarar greinar frumvarpsins að lögum, næmi ríkisstyrkur til rekstrarkostnaðar vegna Samvinnuskólans 12—15 millj. kr. og vegna Verslunarskóla Íslands 45—50 millj. kr., hvort tveggja miðað við starfsáætlanir skólanna fyrir skólaárið 1973—1974.

Nefndin væntir, að með ákvæðum frumvarpsins séu Samvinnuskólanum og Verslunarskóla Íslands búin stórbætt starfsskilyrði og að þeir geti starfað áfram, þótt viðskiptamenntun fari einnig fram í ríkisskólum.

Um 10. gr.

Nefndin hefur ekki talið rétt að setja í þetta frumvarp ákvæði um embættisgengi, starfsréttindi, ráðningu, störf, orlof og tölu fastra starfsmanna skóla, sem veita menntun samkvæmt ákvæðum frumvarpsins, ef að lögum verður, heldur fari um

það eftir ákvæðum laga og reglugerða, sem um slíkt gilda á hverjum tíma fyrir framhaldsskólastigið.

Hér eru ákvæði um, að skólastjóri og skólaráð skuli stjórna starfi sérskóla, og sé skólaráð þannig myndað, að skólastjóri eigi þar sæti ásamt tveimur fulltrúum kennara, kjörnum á almennum kennarafundi, og tveimur fulltrúum nemenda, sem þeir kjósa úr sínum hópi. Á þessu skólastigi er um að ræða þroskaða nemendur, sem sjálfsagt er, að taki þátt í og beri ábyrgð á stjórn skólans með skólastjóra og kennurum.

Um 11. gr.

Hér er veitt almenn heimild til þess að kveða nánar á í reglugerð um framkvæmd laganna, en heimild er í fleiri greinum til þess að setja reglugerðir um tiltekin atriði, sbr. 3., 4. og 5. grein.

Um 12. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

**Fylgiskjal I.**

FÉLAG ÍSLENSKRA STÓRKAUPMANNA

28. júní 1973.

Hr. ráðuneytisstjóri,
Birgir Thorlacius,
Menntamálaráðuneytið,
Hverfisgötu 6,
Reykjavík.

Oss hefur borist bréf yðar, dags. 21. júní s. l., varðandi frumvarp til laga um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi og þökkum það.

Við teljum það eitt af hlutverkum Verslunarráðs Íslands að fjalla um skipulag og tilhögun viðskiptamenntunar almennt í skólakerfinu.

Við munum því ekki senda sérstaka umsögn, heldur vísum vinsamlegast til væntanlegrar umsagnar þess um málið.

Með vinsemd og virðingu,
Félag íslenskra stórkaupmanna,
Júlíus S. Ólafsson (sign.)

**Fylgiskjal II.**

KAUPMANNASAMTÖK ÍSLANDS

Reykjavík 23. júlí 1973.

Kaupmannasamtök Íslands hafa fengið til umsagnar frumvarp til laga um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi, með bréfi yðar dagsettu 21. júní s. l. Stjórn samtakanna hefur fjallað um þetta frumvarp, og lætur hér með í ljós álit sitt á frumvarpi þessu.

Kaupmannasamtök Íslands, fagna hverju því spori, sem stigið er til aukinnar menntunar verslunarfólks. Með því að ríkisvaldið leggur nú auka áherslu á menntun slíks fólks, teljum vér að ríkisvaldið sé þar með að viðurkenna það, sem framámenn

verslunarinnar hér á landi hafa barist fyrir í áratugi. Viðurkenning þessi er sú, að verslun sé orðin ein af höfuðatvinnugreinum þjóðarinnar. Kaupmannasamtök Íslands fagna því, að í frumvarpi þessu sé í fyrsta skipti í sögu skólamála landsins talað um menntun starfsfólks í smásöluverslunum. Í 5. gr. laga þessara stendur meðal annars:

„Viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi skal miða að því, að nemendur eigi völ á að búa sig undir almenn skrifstofustörf, bókhaldsstörf, afgreiðslu- og deildarstjórastörf í verslunum, svo og stjórnunarstörf" o. s. frv.

Þrátt fyrir það að hér sé talað um störf, er varða smásöluverslanir, er engin trygging fyrir því að þessar greinar verði kenndar, því samkvæmt lögum þessum ber að ákveða námsefni í reglugerð. Stjórn Kaupmannasamtaka Íslands leggur mikla áherslu á, að það verði tryggt með lögum þessum, að áðurnefndar greinar varðandi smásöluverslunina verði kenndar þeim, sem hug hafa á slíku.

Verslunarskóli Íslands hefur nú starfað frá árinu 1905 með ágætum árangri. Þaðan hafa útskrifast margir af helstu framámönnum verslunarinnar í dag. Kaupmannasamtök Íslands lýsa ánægju sinni með þá síðbúnu viðurkenningu, sem ríkisvaldið veitir nú skólanum, með því að meta hann til jafns við aðra framhaldsskóla landsins.

Á undanförnum árum hefur svo brugðið við, að mjög lítill hluti af þeim nemendum, sem koma frá Verslunarskóla Íslands, fer til starfa í smásöluverslunum í landinu. Þessir nemendur eru aðallega menntaðir í almennum skrifstofustörfum, en ekki í störfum, er varða smásöluverslunina, og sækja því ekki vinnu sína þangað. Sama máli gegnir um nemendur Samvinnuskólans. Það er því nauðsynlegt að ríkisvaldið skapi þeim nemendum, sem áhuga hafa á, aðstöðu til menntunar í námsgreinum smásöluverslunarinnar. Störf í verslunum eru orðin það umfangsmikil að sérhæfing starfsfólks er nauðsynleg. Hinn sívaxandi fjöldi starfsfólks í verslunum ber vott meðal annars um, að mikill áhugi er fyrir þessum störfum.

Kaupmannasamtök Íslands leggja mikla áherslu á, að forráðamenn skólamála sjái svo um, að með lögum þessum verði tryggt, að starfsfólk í verslunum fái tækifæri til skólamenntunar í þessum greinum eins skjótt og auðið er.

Virðingarfyllst,

F. h. Kaupmannasamtaka Íslands.

Magnús E. Finnsson (sign.)

Menntamálaráðuneytið,
Arnarhvoli,
Reykjavík.

## Fylgiskjal III.

### NEMENDASAMBAND SAMVINNUSKÓLANS

25. júlí 1973.

Nemendasamband Samvinnuskólans þakkar fyrir „frumvarp til laga um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi", sem sent var sambandinu.

Vegna sumarfría og annarra ófyrirsjáanlegra atvika hefur ekki verið unnt að ræða og kynna frumvarpið ýtarlega innan Nemendasambandsins.

Stjórn Nemendasambandsins vill lýsa ánægju sinni með, að nú skuli loks vera að líta dagsins ljós löggjöf um verslunarmenntun í landinu. Jafnframt fagnar stjórnin því, að Samvinnuskólanum skuli tryggður sess í framtíðarskipan verslunarmennt-

unarinnar og nemendum þaðan skuli tryggðir möguleikar til áframhaldandi menntunar innan íslenska skólakerfisins.

F. h. stjórnar N. S. S.

Vigdís Pálsdóttir (sign)

Menntamálaráðuneytið,
hr. ráðuneytisstjóri Birgir Thorlacius,
Reykjavík.

**Fylgiskjal IV.**

KENNARAFÉLAG VERSLUNARSKÓLA ÍSLANDS

Reykjavík, 13. ágúst 1973

Stjórn Kennarafélags Verslunarskóla Íslands hefur kannað frumvarp það til laga um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi, sem hið háa ráðuneyti sendi félaginu til umsagnar í bréfi dagsettu hinn 21. júní 1973. Stjórnin vill taka eftirfarandi fram varðandi fyrrnefnt frumvarp.

1) Ekki reyndist unnt að fjalla um frumvarp þetta á félagsfundi, enda dvelja félagsmenn flestir hverjir ekki að staðaldri í bænum yfir sumarmánuðina. Stjórnin mun því kalla saman félagsfund um þetta mál n. k. haust og áskilur sér rétt til að senda ráðuneytinu samþykktir hans, ef þær verða ýtarlegri en álitsgerð þessi eða koma í bág við hana.

2) Stjórnin vill gera eftirfarandi athugasemdir við 5. gr. frumvarpsins:
   a) Í frumvarpinu er kveðið á um, að nemendur skuli eiga þess kost að búa sig undir verslunarstúdentspróf. Stjórnin leggur til, að orðalagi verði breytt á þann veg, að orðið stúdentspróf komi í stað orðsins verslunarstúdentspróf, enda er ekki venja að flokka stúdentspróf á þennan hátt, þótt um ýmis kjörsvið sé að ræða.
   b) Ísjárvert virðist að fastbinda með lögum ákvæði það, sem felst í 5. gr. lið b, enda verður eigi annað séð en með því sé kveðið á um, að nemendur skuli eiga þess kost að ganga undir stúdentspróf eftir eins árs viðbótarnám, er þeir hafa lokið þriggja ára almennu og sérhæfðu viðskiptanámi. Ákvæði þetta virðist því ekki veita nægilegt svigrúm til að mæta mismunandi námsgetu með tveimur mismunandi námsbrautum, sem taki mislangan tíma.

Virðingarfyllst,

f. h. K.V.Í.

Baldur Sveinsson (sign.) formaður.

Menntamálaráðuneytið,
Hverfisgötu 6,
Reykjavík.

**Fylgiskjal V.**

NEMENDASAMBAND VERSLUNARSKÓLA ÍSLANDS

Reykjavík, 14. ágúst 1973.

Með bréfi hins háa ráðuneytis dags. 21. júní s. l. var óskað eftir umsögn Nemendasambands Verslunarskóla Íslands um frumvarp til laga um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi. Stjórn Sambandsins hefur rætt efni frumvarpsins og vill í því sambandi taka eftirfarandi fram:

a) Að bætt verði inn í námsgreinar í kjarna ákvæðum um sérstaka þjálfun í skjalagerð og öðrum hagnýtum verslunarstörfum (s.s. meðferð banka- og verslunarskjala, notkun rafreikna og tæknileg gerð kaup- og sölusamninga).
b) Að verslunarréttur verði meðal námsgreina í kjarna.
c) Að öðru leyti er stjórnin sammála meginstefnu frumvarpsins.

Þetta tilkynnist hinu háa ráðuneyti hér með.

F. h. stjórnar,
Kristinn Hallsson (sign) formaður.

Til menntamálaráðuneytisins.

**Fylgiskjal VI.**

NÁMSRÁÐ SAMVINNUSKÓLANS AÐ BIFRÖST

Fundur haldinn í Námsráði Samvinnuskólans að Bifröst 15. ágúst 1973.

Nefndarmenn Námsráðs Samvinnuskólans að Bifröst, Borgarfirði þakka þá virðingu og traust, sem ráðinu er sýnt með því að fá því hið nýja frumvarp til laga um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi til umsagnar.

Námsráðið hefur unnið um nokkurn tíma að athugun frumvarpsins og hefur þar notið góðrar aðstoðar Guðmundar Sveinssonar skólastjóra, sem hefur fúslega svarað fyrirspurnum Námsráðsins og þakkar það honum aðstoð hans.

En því miður hafa sumarannir nokkuð háð störfum Námsráðsins, þar sem ekki náðist til allra meðlima þess.

Eftirfarandi ályktun var gerð:

Námsráð Samvinnuskólans að Bifröst fagnar því framtaki og þeirri stefnu sem mörkuð hefur verið með hinu nýja frumvarpi og telur það bera þess glögg merki að reynt er að færa viðskiptamenntun í landinu í það horf, sem hentar nútímaþjóðfélagi, jafnframt því sem merkum áfanga er náð í átt til nemendalýðræðis með því að veita nemendum veruleg áhrif á starf og stjórn skólanna.

Eins og áður segir er Námsráðið mjög ánægt með hið nýja frumvarp í heild, en telur þó, að þar sé sumt sem megi breyta eða bæta og annað, sem fagna beri sérstaklega, og vill Námsráðið vekja athygli á eftirfarandi athugasemdum:

1) Varðandi 2. grein telur Námsráðið æskilegt að athuga þann möguleika, að stofnuð verði ráðgefandi nefnd frá hinum ýmsu viðskiptasamtökum til þess að námið sé í sem bestum tengslum við atvinnulífið á hverjum tíma.
2) Í 3. grein, þar sem kveðið er á um inngönguskilyrði, vill Námsráðið mælast til þess, að athugað verði, hvort ekki væri hægt að taka tillit til aldurs nemenda við inntöku í stað þess að taka eingöngu tillit til prófa og einkunna.

3) Viðvíkjandi 4. grein, þar sem kveðið er á um námsefni í kjarna, vill Námsráðið fastlega mælast til þess, að í hverjum kjarna skuli vera ein grein félagsvísinda til viðbótar því, sem upp er talið í frumvarpinu.
4) Varðandi þá starfsþjálfun, sem um er rætt í 5. grein, telur Námsráðið, að hún megi ekki verða til þess að viðskiptaaðilum verði gert mögulegt að notfæra sér nemendur sem ódýrt vinnuafl og rýra þannig tekjumöguleika þeirra.
5) Námsráðið fagnar mjög þeirri verðskulduðu viðurkenningu, sem fram kemur í 9. grein á starfsemi Samvinnuskólans að Bifröst og Verslunarskóla Íslands og því hlutverki, sem þeir hafa gegnt á liðnum áratugum í viðskiptamenntun landsmanna.
6) Námsráðið lýsir ánægju sinni með þá nýbreytni, sem fram kemur í 10. grein frumvarpsins, að veita nemendum aðild að stjórn skólanna og er þetta framtak stór áfangi til nemendalýðræðis að dómi Námsráðsins, en tryggja þyrfti skólastjórnum, að þær geti verið stefnumótandi í starfi skólanna, en þurfi ekki að vera svo rígbundnar reglugerðum og fyrirmælum menntamálaráðuneytisins, sem 4. grein kveður á um og ósjálfrátt kallar á spurninguna: Hverju á að stjórna?

F. h. Námsráðs Samvinnuskólans að Bifröst

Sigmar E. Árnason (sign)
Björn Jóhannsson (sign).

## Fylgiskjal VII.

SAMBAND ÍSLENSKRA SAMVINNUFÉLAGA

21. september 1973

Menntamálaráðuneytið,
Reykjavík.

Þér hafið sent oss til umsagnar frumvarp til laga um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi. Í því sambandi óskum vér að taka fram eftirfarandi:

1) Forráðamenn Sambandsins lýsa yfir ánægju sinni yfir því, að mál þetta skuli nú komið á þann rekspöl, er frumvarpið ber vott um.
2) Vér teljum að leggja beri áherslu á, að frumvarpið verði að lögum á næsta Alþingi og að ákvæði þess um styrk hins opinbera til einkaskólanna komi í reynd til framkvæmda á árinu 1974.
3) Vér sjáum ekki ástæðu til að gera athugasemdir við einstaka þætti frumvarpsins. Hins vegar væntum vér þess, að fulltrúar einkaskólanna verði hér eftir sem hingað til dregnir til ráðuneytis um einstök atriði, er varða framkvæmd málsins .

Vér viljum að lokum tjá ráðuneytinu þakkir fyrir að hafa sent oss mál þetta til umsagnar.

Virðingarfyllst,
pr. pr. Samband ísl. samvinnufélaga
Erlendur Einarsson (sign.)

Fylgiskjal VIII.

SAMVINNUSKÓLINN BIFRÖST

Bifröst 24.9. 1973

Menntamálaráðuneytið,
Hverfisgötu 4,
Reykjavík.

Kennarafundur Samvinnuskólans fagnar framkomnu frumvarpi um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi og lýsir ánægju sinni með anda frumvarpsins og meginstefnu.

Sérstaklega lýsir fundurinn ánægju með, að samkvæmt frumvarpinu er tryggð staða og framtíð núverandi verslunarskóla, Samvinnuskólans og Verslunarskóla Íslands.

Fundurinn sér ekki á þessu stigi ástæðu til athugasemda um einstakar greinar frumvarpsins, en væntir þess eindregið, að málið hljóti farsæla afgreiðslu á næsta Alþingi.

Með vinsemd og virðingu,
Snorri Þorsteinsson, yfirkennari (sign.)

Fylgiskjal IX.

VERSLUNARRÁÐ ÍSLANDS

Reykjavík, 24. sept. 1973.

Menntamálaráðuneytið,
Arnarhvoli,
Reykjavík.

Stjórn Verslunarráðs Íslands, framkvæmdastjórn og skólanefnd Verslunarskóla Íslands hafa fengið frumvarp til laga um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi, til umsagnar.

Verslunarráð Íslands er samþykkt núverandi gerð frumvarpsins í heild sinni, að öðru leyti en því, að það getur ekki sætt sig við orðið verslunarstúdentspróf, sem fram kemur í lok 1. málsgr. 5. gr., þar sem það gæti leitt til þrengri skilnings á gildi stúdentsprófs úr Verslunarskóla Íslands en nú er.

Verslunarráð Íslands leggur því til, að í stað orðsins verslunarstúdentspróf komi orðið stúdentspróf.

Með sérstakri virðingu,
Þorvarður Elíasson, framkv.stj. V.Í.

**Nd.** **59. Frumvarp til laga** [56. mál]

um námsgagnastofnun.

(Lagt fyrir Alþingi á 96. löggjafarþingi 1974.)

## I. KAFLI
### Hlutverk og skipulag.

**1. gr.**

Námsgagnastofnun vinnur að því, að íslenskir skólar hafi sem best og fullkomnust náms- og kennslugögn, þar á meðal prentað mál, hljóð- og myndritað efni, tæki og hluti.

Undir stofnunina heyra þær deildir, sem taldar eru í 5. gr., svo og önnur verkefni, sem tilgreind eru í lögum þessum.

Námsgagnastofnun heyrir undir Menntamálaráðuneytið.

**2. gr.**

Námsgagnastofnun annast framleiðslu, útgáfu og miðlun hvers konar námsefnis og kennslutækja. Stofnunin fylgist með nýjungum á því sviði og heldur uppi fræðslu og upplýsingastarfsemi, er það varðar, sbr. 7. gr.

Stofnunin skal hafa náið samstarf við þá aðila, sem vinna að endurskoðun námsefnis og nýjungum í kennslustarfi á vegum Menntamálaráðuneytisins, svo og við fræðsluskrifstofur sveitarfélaga og stofnanir, er veita kennaramenntun.

**3. gr.**

Menntamálaráðherra skipar til þriggja ára í senn sjö manna Námsgagnastjórn og jafnmarga til vara:

a) tvo tilnefnda af Sambandi íslenskra barnakennara,
b) einn tilnefndan af Landssambandi framhaldsskólakennara,
c) einn tilnefndan af Félagi háskólamenntaðra kennara,
d) einn tilnefndan af Kennaraháskóla Íslands,
e) einn fulltrúa fyrir Menntamálaráðuneytið,
f) einn fulltrúa án tilnefningar.

Ráðherra skipar formann og varaformann úr hópi stjórnarmanna og ákveður laun stjórnarinnar.

**4. gr.**

Námsgagnastjórn hefur yfirstjórn á starfsemi og fjárreiðum stofnunarinnar, staðfestir fjárhagsáætlanir, tekur ákvarðanir um meiri háttar framkvæmdir og um megindrætti í verkefnum deilda. Hún ræður starfslið stofnunarinnar að fengnum tillögum námsgagnastjóra, sbr. þó 5 gr.

Stjórnin löggildir námsbækur, svo sem fyrir er mælt í VII. kafla þessara laga.

**5. gr.**

Undir Námsgagnastofnun heyra þessar deildir:

a) **Ríkisútgáfa námsbóka,** er annast útgáfu náms- og kennslubóka, sbr. II. kafla laganna.
b) **Fræðslumyndasafn ríkisins,** er annast úgáfu, söfnun og útlán nýsiefnis og aflar sér nýsitækja, sbr. III. kafla laganna.
c) **Námsgagnagerð,** er annast framleiðslu náms- og kennsluefnis, sbr. IV. kafla laganna.

d) **Skólavöruhús**, er annast úthlutun, sölu, geymslu, innkaup og innflutning hvers konar náms- og kennslugagna, sbr. V. kafla laganna.

Yfir hverri þessara deilda skal vera forstöðumaður, skipaður af ráðherra að fengnum tillögum Námsgagnastjórnar. Forstöðumenn skulu að jafnaði sitja fundi Námsgagnastjórnar með málfrelsi og tillögurétti.

Ofangreindar deildir skulu halda sjálfstæðum heitum og koma fram út á við undir þeim samkvæmt nánari ákvörðun Námsgagnastjórnar.

6. gr.

Menntamálaráðherra skipar námsgagnastjóra að fengnum tillögum Námsgagnastjórnar. Hann á sæti á fundum stjórnarinnar með málfrelsi og tillögurétti og sér um framkvæmd á ákvörðunum hennar.

Námsgagnastjóri annast daglega stjórn og fjárráð stofnunarinnar og samhæfir störf hinna ýmsu deilda.

7. gr.

Námsgagnastofnun annast kynningar- og fræðslustarfsemi fyrir skóla um námsgögn og kennslutækni. Í þessu skyni hefur stofnunin samstarf við þá aðila, sem taldir eru í 2. gr., og stuðlar að því, að í fræðsluskrifstofum sveitarfélaga myndist söfn náms- og kennslugagna til kynningar og útlána. Til þessa skal stofnunin leggja fræðsluskrifstofum til efni, eftir því sem fjárhagur leyfir.

Námsgagnastofnun stuðlar að vexti og greiðir fyrir stofnun skólabókasafna.

## II. KAFLI

### Ríkisútgáfa námsbóka.

8. gr.

Ríkisútgáfa námsbóka annast úgáfu námsbóka handa nemendum í grunnskóla. Skulu þeir nemendur fá ókeypis námsbækur samkvæmt ákvörðun Námsgagnastjórnar, og verða þær ýmist eign nemenda eða skólans. Að því skal stefnt, að tvenns konar námsbækur hið fæsta verði gefnar út í hverri grein.

Ríkisútgáfan gefur út handbækur og kennsluleiðbeiningar handa kennurum.

Ennfremur gefur Ríkisútgáfan út ýtarbækur, sem komið geta að notum við kennslu og skólastarf, þótt ekki teljist þær til námsbóka. Sama gildir um námsbækur handa nemendum í öðrum skólum en grunnskólum.

Heimilt er Ríkisútgáfunni að hafa þær bækur, sem hún gefur út, til sölu á frjálsum markaði samkvæmt nánari ákvörðun Námsgagnastjórnar.

9. gr.

Á þeim tíma árs, er Námsgagnastjórn ákveður, skulu fræðsluráð (skólanefndir) sjá um, að Ríkisútgáfunni berist greinargerð um þær bækur, sem þörf er á til kennslu næsta skólaár. Greinargerðinni skal fylgja skýrsla um fjölda skólaskyldra barna og unglinga í fræðsluumdæminu (skólahverfinu) ásamt skilagrein fyrir síðastliðið ár. Ríkisútgáfan hlutast síðan til um, að bókakostur miðaður við nemendafjölda sé sendur til réttra aðila. Nemendur fá bækurnar til afnota samkvæmt reglum, sem Námsgagnastjórn setur.

## III. KAFLI
### Fræðslumyndasafn ríkisins.

10. gr.

Fræðslumyndasafn ríkisins vinnur að hagkvæmri notkun nýsitækni (hljóð- og myndritaðra námsgagna) í skólum landsins og á öðrum fræðsluvettvangi. Verkefni safnsins eru:

a) **Upplýsingastarf.** Það safnar fróðleik um hvaðeina varðandi nýsitækni, þróun hennar innan lands og utan, og miðlar í prentuðu máli, á námskeiðum og á annan hátt.
b) **Útlán.** Safnið festir kaup á innlendum og erlendum kvikmyndum og öðru nýsiefni í þágu fræðslumála og annarra menningarmála til að lána skólum og öðrum aðilum.
c) **Tæknistarf.** Safnið aflar hvers konar nýsitækja og lætur reyna við íslenskar aðstæður, lánar þau og veitir leiðbeiningar um þau.
d) **Útgáfa.** Safnið gefur út íslenskt nýsiefni og erlent í íslenskri aðlögun. Það lætur gera kvikmyndir eða er aðili að gerð þeirra, svo og setja íslenskt tal eða texta við erlendar myndir.

11. gr.

Fræðslumyndasafn ríkisins leitast við að efla íslenska fræðslumyndagerð á hvern hátt, sem því er unnt, svo og að safna gömlum, íslenskum kvikmyndum og varðveita þær.

## IV. KAFLI
### Námsgagnagerð.

12. gr.

Námsgagnagerð framleiðir náms- og kennslugögn miðað við íslenskar þarfir og aðstæður. Um fjármögnun starfseminnar, þ. á m. stofnkostnað og sölu efnis og tækja, fer eftir ákvæðum þessara laga og laga um skólakostnað.

Í tengslum við Námsgagnagerð skal starfrækt tilraunastofa, þar sem tilraunastarfsemi og rannsóknir á þessu sviði fara fram. Heimilt er Námsgagnastjórn að veita öðrum aðilum starfsaðstöðu í tilraunastofunni.

## V. KAFLI
### Skólavöruhús.

13. gr.

Skólavöruhús annast innkaup, innflutning, úthlutun, dreifingu, afgreiðslu og sölu náms- og kennslugagna fyrir grunnskóla svo og önnur skólastig samkvæmt nánari ákvörðun Námsgagnastjórnar. Ennfremur annast það birgðavörslu fyrir Námsgagnastofnun.

## VI. KAFLI
### Fjármál.

14. gr.

Kostnaður við rekstur Námsgagnastofnunar greiðist úr ríkissjóði.

Tekjum stofnunarinnar má eingöngu verja í þágu þeirra verkefna, sem lög þessi mæla fyrir um.

Námsgagnastjórn gerir fyrir ár hvert áætlun um útgáfu námsbóka, sem þörf er samkvæmt 8. gr., og veitir Alþingi á fjárlögum nauðsynlegt fé til útgáfunnar. Þá

skal á fjárlögum veita fé til kaupa á kvikmyndum og öðru nýsiefni, svo og til nauðsynlegra tækja, sbr. 10. gr., c-lið.

Alþingi veitir nauðsynlegt stofnfé til að þeirri starfsemi, sem lög þessi gera ráð fyrir, verði haldið uppi.

## VII. KAFLI
## Löggilding.

### 15. gr.

Námsgagnastjórn annast um löggildingu námsbóka á skyldunámsstigi innan ramma aðalnámsskrár, sem Menntamálaráðuneytið setur. Heimilt er ráðuneytinu að fela stjórninni einnig löggildingu námsbóka fyrir framhaldsskólastig.

Útgefendum námsbóka er heimilt að leita löggildingar fyrir þær.

Rísi ágreiningur um löggildingu námsbókar má vísa honum til nefndar þriggja sérfróðra aðila, sem menntamálaráðherra skipar, og skal úrskurður hennar vera endanlegur.

Um ýtarefni, handbækur, kennsluleiðbeiningar, nýsiefni og kennslutæki lætur Námsgagnastjórn skólum í té umsagnir, eftir því sem tök eru á, og er þetta þáttur í fræðslustarfsemi stofnunarinnar.

## VIII. KAFLI
## Önnur ákvæði.

### 16. gr.

Námsgagnastjórn kveður kennara og aðra sérfræðinga sér til aðstoðar við þau störf, sem fjallað er um í 15. gr., samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Einnig er stjórninni heimilt að kalla slíka aðila til ráðuneytis um önnur verkefni stofnunarinnar.

### 17. gr.

Sem fyrst eftir að lög þessi taka gildi skal starfsemi Námsgagnastofnunar tengjast í sameiginlegu húsnæði. Skal að því stefnt, að húsnæðið verði sem næst Kennaraháskóla Íslands.

### 18. gr.

Menntamálaráðherra setur reglugerðir um framkvæmd laga þessara.

Heimilt er Námsgagnastjórn að gera breytingar á starfsháttum Námsgagnastofnunar, er miði að aukinni samhæfingu starfa og bættri þjónustu. Þó skal samþykki menntamálaráðherra tilskilið, ef um stofnun nýrra deilda er að ræða.

Verði við framkvæmd þessara laga breyting á starfi eða starfsheiti starfsmanns hjá Ríkisútgáfu námsbóka, Skólavörubúð eða Fræðslumyndasafni ríkisins, skal sú breyting í engu rýra launakjör hans.

### 19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 51/1956 um Ríkisútgáfu námsbóka, lög nr. 54/1961 um Fræðslumyndasafn ríkisins og 21. gr. laga nr. 49/1967 um skólakostnað, svo og önnur ákvæði, sem fara í bága við lög þessi.

## Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samhljóða frv. var lagt fyrir 94. löggjafarþing, en varð eigi útrætt. Fylgdi því svofelld greinargerð:

Nefnd sú, sem skipuð var sumarið 1972 til þess að endurskoða lög um Ríkisútgáfu námsbóka og Fræðslumyndasafn, lauk störfum í febrúarmánuði 1974. Hún hefur samið frumvarp þetta, sem lagt er fram óbreytt. Fylgdi því svofelld greinargerð:

„1. Um skipan og störf nefndarinnar.

Hinn 27. júlí 1972 skipaði Magnús Torfi Ólafsson menntamálaráðherra nefnd til þess að endurskoða lög um Ríkisútgáfu námsbóka (nr. 51/1956) og lög um Fræðslumyndasafn ríkisins (nr. 54/1961). Í erindisbréfi nefndarinnar er verkefni hennar afmarkað nánar sem hér segir: „Við endurskoðunina ber að hafa í huga, hvort ráðlegt þætti að sameina þessar stofnanir eða tryggja sem hagkvæmast samstarf þeirra í milli og Skólarannsóknadeildar. Ber að stefna að því, að stofnanir þessar verði sem færastar um að veita skólum landsins sem fullkomnasta þjónustu og sjá fyrir kennslugögnum í samræmi við gildandi námsskrá og endurskoðun námsefnis á hverjum tíma.“

Í nefndina voru skipaðir þeir Andri Ísaksson prófessor, formaður, Benedikt Gröndal, forstöðumaður Fræðslumyndasafns ríkisins, Guðbjartur Gunnarsson kennari, Ingi Kristinsson skólastjóri, tilnefndur af Fjármálaráðuneytinu, og Jón Emil Guðjónsson, framkvæmdastjóri Ríkisútgáfu námsbóka. Tveir þessara manna, þeir Guðbjartur og Jón Emil, gátu ekki starfað í nefndinni. Voru ástæður þær, að Guðbjartur hafði flust búferlum til Kanada, þegar nefndin hóf störf, og gat því engan þátt tekið í störfum nefndarinnar, en ritaði henni hins vegar greinargerð um ýmsar grundvallarhugmyndir sínar um málið. Jón Emil var hins vegar í leyfi frá störfum mestallan þann tíma, sem nefndin vann að erindi sínu, þ. e. síðari hluta árs 1973. Fyrir því óskaði hann að vera undanþeginn störfum í nefndinni og að Gunnar Guðmundsson, skólastjóri Laugarnesskóla og þáverandi staðgengill hans í Ríkisútgáfunni, tæki sæti í nefndinni í hans stað. Fyrir þessari málaleitan fékkst samþykki, og starfaði Gunnar því í nefndinni allan starfstímann. Að ósk nefndarformanns tók Jón Emil hins vegar að sér að kanna starfsemi Utbildningsförlaget í Stokkhólmi og Forsøksrådet for skoleverket í Osló, er hann var staddur á Norðurlöndum í júnímánuði 1973, og ritaði hann rækilega skýrslu um þá könnun. — Af áðurgreindum ástæðum er ljóst, að þeir nefndarmenn sem sömdu frumvarpið voru Andri Ísaksson, Benedikt Gröndal, Gunnar Guðmundsson og Ingi Kristinsson. Auk þess starfaði með nefndinni Guðný Helgadóttir, fulltrúi í Skólarannsóknadeild Menntamálaráðuneytisins, og annaðist hún fundarritun o. fl.

Hinn 12. október 1973 skrifaði nefndin 18 samtökum og stofnunum og gaf þeim kost á að senda „umsögn eða tillögur um hlutverk, skipulag og störf tengdrar eða sameinaðrar ríkisstofnunar“ á sviði námsefnis og kennslutækja.

Voru þetta eftirtaldir aðilar:

x Samband íslenskra barnakennara
x Landssamband framhaldsskólakennara
x Félag háskólamenntaðra kennara
Félag skólastjóra gagnfræðastigsins
x Skólastjórafélag Íslands
Skólastjórafélag Reykjavíkur
Félag íslenskra sérkennara
x Tónmenntarkennarafélag Íslands
x } Félag íslenskra myndlistarkennara
} Félag íslenskra smíðakennara
Handavinnukennarafélag Íslands
x Íþróttakennarafélag Íslands
Kennarafélagið Hússtjórn
x Bókavarðafélag Íslands
x Kennaraháskóli Íslands
x Háskóli Íslands
x Námsbókanefnd
x Stjórn Fræðslumyndasafns ríkisins.

Alls sendu 14 aðilar skrifleg svör við bréfi nefndarinnar (sjá krossa framan við nöfn þeirra), þar af þrjú kennarafélög sameiginlega. Tóku allir þessir umsagnaraðilar undir nauðsyn aukins samstarfs og samráðs milli Ríkisútgáfu námsbóka og Fræðslumyndasafns ríkisins, og meiri hluti þeirra, sem tóku efnislega afstöðu til málsins, lögðu til, að stofnanirnar yrðu sameinaðar í eina deildaskipta stofnun. — Hinn 11. janúar 1974 hélt nefndin síðan ráðstefnu með sömu umsagnaraðilum og nokkrum embættismönnum á sviði menntamála, þ. á m. ráðuneytisstjóra Menntamálaráðuneytisins, bókafulltrúa ríkisins og framkvæmdastjórum Ríkisútgáfu námsbóka og Skólavörubúðar. Sóttu ráðstefnuna 28 gestir auk nefndarmanna og fundarritara nefndarinnar, og höfðu þar með fulltrúar nálega allra umsagnaraðila haft samband við nefndina. Á ráðstefnunni var uppkast að lagafrumvarpi, sem nefndin hafði samið, notað sem umræðugrundvöllur. Hjá öllum þeim gestum nefndarinnar, sem tóku til máls, kom fram mikill áhugi á efldu og samræmdu starfi að námsefnis- og kennslutækjamálum af hálfu ríkisins, og vildu flestir ræðumenn stíga skrefið til fulls að sameiningu í eina stofnun með deildaskiptingu. Á næsta nefndarfundi eftir ráðstefnuna, hinn 14. janúar 1974, voru gerðar allmargar breytingar á frumvarpstextanum í samræmi við fram komin sjónarmið og ábendingar, og gekk nefndin þar með endanlega frá lagatexta frumvarpsins fyrir sitt leyti.

Af ýmsum ástæðum dróst það í nærfellt ár, að nefndin gæti hafið störf. Var meginorsökin sú, að á sama tíma voru miklar annir í Menntamálaráðuneytinu vegna undirbúnings að öðrum lagafrumvörpum, einkum frumvarpi til laga um grunnskóla. Fyrsti fundur nefndarinnar var haldinn hinn 23. júlí 1973 og hinn síðasti 4. febrúar 1974. Alls hélt nefndin 13 fundi, auk ráðstefnunnar með áðurgreindum umsagnaraðilum.

Nefndarmenn eru sammála um öll atriði frumvarpsins.

**2. Um helstu breytingar frá núgildandi lögum, sem frumvarpið felur í sér.**

Frumvarpi þessu, ef að lögum verður, er ætlað að leysa af hólmi lög nr. 51/1956 um Ríkisútgáfu námsbóka og lög nr. 54/1961 um Fræðslumyndasafn ríkisins, svo og 21. gr. laga nr. 49/1967 um skólakostnað. Helstu viðaukar og breytingar frá gildandi lögum, sem í frumvarpinu felast, eru sem hér greinir:

1) Ríkisstofnanir, sem starfa að útgáfu, miðlun og framleiðslu námsefnis og kennslugagna eru sameinaðir í Námsgagnastofnun, er lúti daglegri stjórn eins forstjóra, námsgagnastjóra. Undir Námsgagnastofnun heyri Ríkisútgáfa námsbóka og Fræðslumyndasafn ríkisins, svo og Skólavöruhús og Námsgagnagerð, sem sett eru sérstök ákvæði um í frumvarpinu. Umræddar deildir skulu þó halda sjálfstæðum heitum og koma fram út á við undir þeim samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar stofnunarinnar. Jafnframt er stjórninni heimilað að gera breytingar á starfsháttum, er miði að aukinni samhæfingu starfa og bættri þjónustu.
2) Í stað Námsbókanefndar og stjórnar Fræðslumyndasafns ríkisins kemur ein og óskipt Námsgagnastjórn, skipuð sjö mönnum, að meirihluta kennurum, og skal hún hafa með höndum yfirstjórn á starfsemi og fjárreiðum Námsgagnastofnunar.
3) Ákvæði eru um, að Námsgagnastofnun skuli hafa nána samvinnu við þá aðila, sem vinna að endurskoðun námsefnis og nýjungum í kennslustarfi á vegum Menntamálaráðuneytisins, svo og við fræðsluskrifstofur sveitarfélaga og stofnanir, er veita kennaramenntun.
4) Fræðslu- og upplýsingastarfsemi um náms- og kennslugögn og notkun þeirra verður mjög efld á öllum sviðum, og er lögð sérstök áhersla á þetta í sambandi við störf Fræðslumyndasafns að hagkvæmri notkun nýsitækni (hljóð- og myndritaðra námsgagna).
5) Ákvæði er um, að Námsgagnastofnun skuli stuðla að vexti og greiða fyrir stofnun skólabókasafna.

6) Stofnuð verður Námsgagnagerð, sem verður sérstök deild í Námsgagnastofnun og framleiðir náms- og kennslugögn miðað við íslenskar þarfir og aðstæður. Í tengslum við Námsgagnagerð verður starfrækt tilraunastofa.
7) Sett eru lagaákvæði um Skólavöruhús, er taki við hlutverki Skólavörubúðar Ríkisútgáfu námsbóka og fleiri skyldum störfum sem sérstök deild í Námsgagnastofnun.
8) Lögfest er, að auk eiginlegra námsbóka skuli Ríkisútgáfan gefa út handbækur og kennsluleiðbeiningar handa kennurum, svo og ýtarbækur, þ. e. viðbótarbækur, fyrir nemendur.
9) Ákvæði er um löggildingu námsbóka og hlutverk Námsgagnastjórnar í því sambandi, svo og hversu fara skuli með ágreining í slíkum málum.
10) Ákvæði um fjármögnun allra deilda Námsgagnastofnunar eru einfölduð og samræmd. Er miðað við, að allt ríkisfé til stofn- og rekstrarkostnaðar verði í formi venjulegra fjárveitinga í fjárlögum miðað við þarfir og starfsáætlanir, en sérskattar til fjármögnunar niður lagðir. Aðrar tekjur stofnunarinnar verði eðlilegar sölu- og leigutekjur af efni og tækjum. Tekjum stofnunarinnar verði eingöngu varið í þágu þeirra verkefna, sem lögin mæla fyrir um.
11) Til þess að flýta fyrir samræmdu starfi og sameiningu deilda Námsgagnastofnunar er gert ráð fyrir því, að sem fyrst eftir að lögin taka gildi tengist öll starfsemi stofnunarinnar í sameiginlegu húsnæði, og verði það sem næst Kennaraháskóla Íslands.

### 3. Um þróun náms- og kennslutækni á Íslandi.

Nútíma skóli er ekki aðeins kennarar, nemendur og húsnæði, heldur kemur til fjölbreytilegur kostur náms- og kennslugagna. Í eina tíð voru tafla, krít og nokkrar bækur að heita má öll þau gögn, sem til voru við kennslu, en á síðari áratugum hefur orðið á þessu mikil breyting. Prentun hefur fleygt fram, hlutir úr nýjum efnum komið til sögunnar og ljósmynda- og rafeindatækni haldið innreið í skólana í mjög auknum mæli.

Mikil fólksfjölgun og vaxandi sókn í fjölbreytt framhaldsnám hafa valdið því, að Íslendingum hefur verið ærið verkefni að reisa skólahús með hefðbundnum búnaði til að hafa við. Hitt hefur mætt afgangi að fylgjast með þeim nýjungum í náms- og kennslutækni, sem nú þykja sjálfsagðar í skólum grannlanda. Ennfremur hefur reynst dýrt og erfitt að framleiða íslenskt kennsluefni með hinni nýju tækni fyrir svo lítinn markað, sem hér er.

Tæplega fjórir áratugir eru liðnir, síðan fyrst var sett hér á landi löggjöf á þessu sviði, og var þá eðlilega byrjað smátt. Ríkisútgáfa námsbóka hóf starf sitt undir verndarvæng Ríkisprentsmiðjunnar Gutenberg og Menningarsjóðs, en vísir að Fræðslumyndasafni ríkisins varð til innan Fræðslumálaskrifstofunnar. Ríkisútgáfan hefur orðið allmikil stofnun, og út úr henni hefur vaxið Skólavörubúðin, myndarlegt fyrirtæki með mikilsvert hlutverk. Fræðslumyndasafnið hefur einnig aukist, en samt er því þröngur stakkur sniðinn. Í frumvarpinu er lagt til að sameina þessar stofnanir og bæta við Námsgagnagerð, sem mun fylla skarð í þessum efnum hér á landi.

Það er tilgangur frumvarpsins að koma náms- og kennslugagnamálum í fastari og betri skipan en verið hefur og skapa þær aðstæður, að íslenskir skólar verði í framtíðinni sem best búnir í þessum efnum, og geti ávallt fylgst með þróun tækninnar og tileinkað sér það úr henni, sem á við íslenskar aðstæður.

Verður nú gerð grein fyrir þeim þremur stofnunum, er sameina á, svo og þeim óplægða akri, þar sem fjórða þætti Námsgagnastofnunar er ætlað að gróa, ef allt fer að vonum.

### A. Ríkisútgáfa námsbóka og Skólavörubúðin.

Lög um Ríkisútgáfu námsbóka voru fyrst sett árið 1936. Þau urðu til vegna brýnnar þarfar. Nemendur barnaskólanna skorti námsbækur tilfinnanlega. Það mun til að mynda hafa átt sér stað, að börn fengju ekki sökum fátæktar þær bækur, sem þau áttu að læra.

Samkvæmt lögunum frá 1936 var fastbundið, að prentsmiðjustjóri Ríkisprentsmiðjunnar Gutenberg skyldi veita Ríkisútgáfu námsbóka forstöðu, og var námsbókaútgáfan rekin í beinum tengslum við prentsmiðjuna fyrstu 20 árin.

Stjórn Ríkisútgáfunnar var lögum samkvæmt falin nefnd, Námsbókanefnd, og hefur svo verið æ síðan. Var fyrsta Námsbókanefndin skipuð 1. apríl 1937. Áttu í henni sæti þeir Vilmundur Jónsson, formaður, en hann hafði einnig verið aðalhvatmaður að setningu laganna, Jónas Jónsson og Guðjón Guðjónsson.

Ríkisútgáfan stuðlaði frá upphafi að nauðsynlegri samræmingu í gerð námsbóka. Hins vegar var fjárhagur útgáfunnar svo þröngur framan af, að gæta varð ítrasta sparnaðar, og voru bækurnar hvorki stórar né veglegar ásýndum. Þó urðu þáttaskil í námi íslenskra barna við tilkomu þeirra.

Árið 1956 voru sett lög þau, sem nú gilda um Ríkisútgáfu námsbóka. Er þar kveðið á um, að nemendur við skyldunám í barna- og unglingaskólum skuli fá námsbækur ókeypis, en áður var þetta takmarkað við nemendur barnaskóla. Með tilkomu þessara laga var ráðinn sérstakur framkvæmdastjóri að útgáfunni, og hefur hann veitt henni forstöðu síðan. Þá fór fjárhagur útgáfunnar nokkuð að rýmkast eftir lagasetningu þessa, og urðu námsbækurnar því smám saman fleiri, stærri og vandaðri að allri ytri gerð.

Fámennar þjóðir verða oft að búa við einhæfni eða fábreytni á ýmsum sviðum, stundum til nokkurra óþæginda. Hafa skólamenn landsins löngum fundið til þessa, að því er námsbækur varðar. Á undanförnum árum hefur Ríkisútgáfan reynt að hafa á boðstólum tvær bækur eða bókaflokka í hverri grein, einkum með því að gamlar bækur standi skólum til boða jafnframt nýjum bókum í sömu grein. Í þessu lagafrumvarpi er stefnt ákveðnara að þessu sama marki — að gefa jafnan út tvenns konar námsbækur hið fæsta í hverri grein, svo að skólastjórar og kennarar geti valið þær bækur, sem þeir telja best henta.

Á síðustu árum hefur tekist náin samvinna milli Ríkisútgáfu námsbóka og Skólarannsóknadeildar Menntamálaráðuneytisins, sem hefur síðan 1968 unnið á kerfisbundinn hátt að endurskoðun námsefnis í flestum námsgreinum barna- og gagnfræðaskóla og skipað nefndir til þeirra starfa. Virðist það vera heppilegt fyrirkomulag, að samstæður hópur manna semji hverja námsbók, en áður var slíkt verk venjulega falið einum manni. — Í þessu frumvarpi er tekin sú stefna að treysta enn betur bönd slíkrar samvinnu milli Ríkisútgáfunnar og Skólarannsóknadeildar Menntamálaráðuneytisins.

Samkvæmt lögunum frá 1936 og 1956 var það almenn regla, að námsbækur Ríkisútgáfunnar skyldu afhentar nemendum ókeypis til eignar, eitt eintak af hverri bók, sem nota skyldi til námsins. Á undanförnum árum hefur útgáfan gert tilraun með breytt fyrirkomulag, þ. e. að úthluta skólum nægilegum fjölda bóka, en síðan lána skólarnir nemendum bækurnar. Það mun vera almenn skoðun skólamanna, að slíkt fyrirkomulag hafi mikla kosti, og til að mynda gefur það skólunum tækifæri til að leggja sérstaka áherslu á vandaða meðferð bókanna og veita þannig uppeldislegt og siðferðislegt aðhald. Þá er gífurlegur sparnaður að slíku kerfi, og sést það skýrlega á því, að árlegt endurnýjunarhlutfall umræddra bóka er aðeins um þriðjungur. Hefur verið reiknað út, að skólaúthlutun námsbóka hafi sparað Ríkisútgáfunni allt að 20 millj. kr. á árinu 1973. Verði frumvarp þetta að lögum, má ætla, að slíkt fyrirkomulag á úthlutun námsbóka verði mjög eflt á næstu árum.

Til marks um starfsumfang Ríkisútgáfu námsbóka skal þess getið, að árið 1972 voru gefnir út 88 bókatitlar, þar af 45 frumútgáfur og 43 endurútgáfur. Útgefinn

eintakafjöldi nam 623 þús. bókum. Það eru um 40 þús. nemendur, sem nota bækur Ríkisútgáfunnar á ári hverju.

Fyrir rúmum hálfum öðrum áratug hóf Ríkisútgáfa námsbóka útvegun ýmiss konar námsgagna og ýtarbóka eða aukabóka handa nemendum í skyldunámi. Jókst sú starfsemi smám saman, því að þörf kallaði að. Varð þetta upphaf Skólavörubúðarinnar, sem nú er orðin allmikil stofnun.

Skólavörubúðin útvegar og selur skólum margs konar náms- og kennslugögn, sem sum hver er einkar örðugt að fá annars staðar. Sem dæmi um slíkt má nefna samstæðu mjög margra tækja og hluta, sem notuð eru við kennslu í eðlisfræði. Er vinna við innkaup og afgreiðslu svo margra (yfir 200) lítilla hluta svo mikil og dýr í hlutfalli við verðgildi hlutarins, að óvíst er, að einkaverslanir gætu sinnt slíkri þjónustu. Þá sinni Skólavörubúðin einnig mikilvægu birgðavörsluhlutverki fyrir Ríkisútgáfuna, umfangsmikilli dreifingu á námsbókum o. fl.

Með þessu frumvarpi eru sett sérstök lagaákvæði um Skólavöruhús, sem taka mun við hlutverki Skólavörubúðarinnar nokkuð auknu og efldu.

Námsbókanefnd hefur yfirumsjón með allri starfsemi Ríkisútgáfu námsbóka og Skólavörubúðarinnar. Samkvæmt lögunum frá 1956 eiga sæti í nefndinni tveir fulltrúar fyrir Samband íslenskra barnakennara, einn fyrir Landssamband framhaldsskólakennara, fræðslumálastjóri og formaður skipaður af menntamálaráðherra án tilnefningar.

Starfslið Ríkisútgáfu og Skólavörubúðar var í júlí 1973 alls 23 menn, þar af 9 manns hjá útgáfunni, en 14 hjá búðinni. Starfsmenn eru hins vegar ekki jafnmargir á öllum árstímum. Mesti annatími er tímabilið ágúst—nóvember, og er þá oftast fleira fólk við störf en að ofan greinir.

### B. Fræðslumyndasafn ríkisins.

Fyrstu lög um kennslukvikmyndir voru sett hér á landi árið 1937. Með lögum nr. 1/1944 var kennslumyndasafninu ákveðinn hluti skemmtanaskatts, en sú skipan var afnumin með lögum nr. 57/1957 og útgjöld safnsins tekin í fjárlög.

Kennslumyndasafnið var allt fram til 1961 hluti af Fræðslumálaskrifstofunni, bjó löngum við þröngan kost og hafði 1—2 starfsmenn.

Árið 1961 setti Alþingi lög um Fræðslumyndasafn ríkisins, gerði það að sjálfstæðri stofnun, jók verkefni þess og setti því sérstaka stjórn. Eru lögin frá 27. mars 1961, en reglugerð samkvæmt þeim var gefin út 5. janúar 1963.

Í stjórn safnsins eru einn fulltrúi fyrir Samband íslenskra barnakennara, einn fyrir Landssamband framhaldsskólakennara, einn tilnefndur af Útvarpsráði, einn af Menntamálaráði og loks formaður skipaður án tilnefningar. Aðild Ríkisútvarpsins og Menntamálaráðs helgaðist af hugmyndum, sem í lögum eru, um samstarf safnsins við þessar stofnanir viðvíkjandi útgáfu á hljómplötum og gerð kvikmynda.

Starfslið safnsins var þrír menn allar götur fram til 1970, er hinn fjórði bætist við.

Fræðslumyndasafnið er fyrst og fremst útlánasafn fræðslukvikmynda, sem hefur þó samkvæmt ákvæðum laganna frá 1961 þróast hægt í þá átt að verða miðstöð fyrir nýsitækni í skólakerfinu. Safninu ber einnig að styðja íslenska fræðslumyndagerð. Höfuðþætti starfseminnar má flokka sem hér segir:

(i) **Kvikmyndasafn**, um 1900 eintök 16 mm kvikmynda. Útlán mynda og nokkurra sýningarvéla.
(ii) **Upplýsingamiðstöð** um nýsitækni, sérstaklega um fáanlegt sýningarefni. Fylgst er með nýjungum og þær kynntar. Efni er pantað fyrir skóla samkvæmt óskum.
(iii) **Útgáfa og sala** á íslenskum skyggnum og segulböndum. Framleiðsluaðstaða er þó engin.
(iv) **Stuðningur við kvikmyndagerð** og ýmis önnur verkefni, þar á meðal kaup og geymsla gamalla, íslenskra kvikmynda, eftir því sem mjög takmörkuð efni hafa leyft.

Lögin gera ráð fyrir ýmsum fleiri verkefnum, sem ekki hefur verið unnt að sinna sökum skorts á fjármagni og aðstöðu. Þar má telja íslenska útgáfu erlendra kvikmynda, sem hefur verið allt of lítil; að safnið eignaðist tæki til kvikmyndagerðar, vinnustofu og aðra aðstöðu; að hafa samstarf við aðra aðila um kvikmyndagerð; að safna nægilega miklu af gömlum, íslenskum kvikmyndum, skrá þær og varðveita í viðunandi geymslum.

Með lögunum um skólakostnað frá 1967 var Fræðslumyndasafninu ætlaður nýr, fastur tekjustofn, ákveðið gjald á hvern nemanda, greitt að ¾ af ríkissjóði, en ¼ af sveitarsjóðum. Gjaldið var ákveðið kr. 20.- eða rétt yfir 1 millj. kr. í heild. Í framkvæmd hefur Menntamálaráðuneytið þó ekki talið svara kostnaði að innheimta svo mörg og lág gjöld af sveitarfélögum, og hefur fjórðungur þeirra einnig verið greiddur af ríkissjóði síðustu ár. Í reynd hefur því ríkissjóður staðið undir kostnaði við rekstur safnsins.

Útlán kvikmynda hafa ávallt verið og eru veigamesti þáttur starfsemi Fræðslumyndasafnsins. Safnið leitast við að kaupa allar fræðslumyndir, sem gefnar eru út á Íslandi, og kaupir þá oft 2—5 eintök af hverri. Af erlendum myndum er sjaldan unnt að kaupa nema eitt eintak, og dregur það úr notagildi safnsins við kennslu. Útlán safnsins stóðu að mestu í stað 1966—69, er sjónvarp breiddist um landið, en hafa síðan aukist að nýju. Hefur orðið sú breyting, að minna er um fjöldasýningar til skemmtunar í skólunum, en meira um, að einstakir bekkir sjái kvikmyndir, og bendir þetta til þess, að þær séu meira notaðar við sjálfa kennsluna en áður. Á árinu 1972 voru íslenskar myndir lánaðar 884 sinnum, og var tala áhorfenda þeirra yfir 91 000. Erlendar myndir voru lánaðar 4 138 sinnum og áhorfendafjöldi þeirra yfir 434 000. Lántakendur voru 142 skólar á skyldunámsstigi, 32 framhalds- og sérskólar, 39 stofnanir ýmiss konar, 109 félög, 41 einstaklingur og 2 skip.

Fræðslumyndasafnið hefur aldrei haft fjármagn til að veita íslenskri kvikmyndagerð verulegan stuðning og hefur aldrei getað eignast aðstöðu til kvikmyndagerðar, svo sem lögin gera ráð fyrir. Þó hefur verið reynt að aðstoða þá aðila, sem gert hafa íslenskar fræðslumyndir, með því að veita þeim tollfrjálsa filmu (sbr. heimild í tollskrá), kaupa af þeim eintök og veita þeim margvíslega aðra fyrirgreiðslu, t. d. í sambandi við erlendar sýningar.

Samkvæmt þessu frumvarpi verður Fræðslumyndasafnið alger skólastofnun. Þó er gert ráð fyrir því, að aðstoð þess við íslenska fræðslumyndagerð verði haldið áfram svipað og verið hefur. Verður þó að telja það eftir sem áður óleyst vandamál, hver aðstoð íslenska ríkisins við kvikmyndagerð sem listgrein á að verða, og er óhjákvæmilegt að athuga það mál sérstaklega til að finna á því lausn.

### C. Námsgagnagerð.

Námsgagnagerð er ætlað að framleiða hvers kyns náms- og kennslugögn, en fyrst og fremst þau, sem eru sérískensk að efni, máli eða annarri gerð. Hún mun því ekki framleiða borð og stóla, töflur og krít eða aðra þá hluti, sem skólar allra landa geta notað jafnt, og verða því framleiddir í miklu magni, þar sem hagkvæmast reynist. Hins vegar mun hún framleiða þau gögn, sem eru staðbundin Íslandi eða koma ekki að notum, nema íslensk tunga komi til í töluðu eða prentuðu máli, svo og ýmsa hluti og tæki, t. d. í sambandi við kennslu í raungreinum, sem hentugt þykir að framleiða á vegum Námsgagnastofnunar. Á slíku náms- og kennsluefni hefur verið mikill skortur.

Rétt er að taka þegar fram, að Námsgagnagerð er ekki ætlað að hefja prentun kennslubóka eða annars efnis né annast band bóka. Prentsmiðjukostur er góður í landinu, bæði á vegum ríkisins og annarra aðila. Ljósritun og fjölritun í minna mæli koma þó til greina, þar eð oft þarf stuttar skýringar með öðrum námsgögnum, t. d. skyggnum, myndræmum o. fl.

Meginverkefni Námsgagnagerðar er að framleiða nýsiefni, þ. e. hljóð- eða myndritað efni, en á því sviði er aðstaða í landinu lítil sem engin fyrir. Að nokkru leyti

verður um að ræða efni, sem gefið verður út fyrir alla skóla, en einnig verður að vinna ýmis verk fyrir einstaka skóla eftir ósk þeirra. Verða nú nefnd nokkur dæmi.

Litskyggnur eru mikið notaðar í skólum, enda létt, þægileg og góð kennslutæki. Fræðslumyndasafn ríkisins hefur gefið út nokkra flokka af íslenskum skyggnum, aðallega um sýslur landsins. Þessi útgáfa hefur takmarkast mjög af því, að einungis eitt fyrirtæki í landinu getur framleitt skyggnur, og það hefur verið ofhlaðið verkefnum. Hefur verið reynt að leita til annarra landa, en það er ýmsum erfiðleikum háð. Kennarar og nemendur um allt land taka nú sjálfir myndir, sem æskilegt væri að geta unnið fyrir skólana. Þá væri gott að eiga safn frummynda, sem skólar gætu pantað eftir stakar myndir án þess að kaupa heila myndaflokka. Myndræmur hafa ekki verið framleiddar hér á landi, en allmikið flutt inn af þeim.

Myndvarpar hafa breiðst ört út í skólakerfinu síðari ár, og mun slíkt tæki innan fárra ára verða í svo til hverri almennri kennslustofu. Þá má nota á margvíslegan hátt, og er æskilegt, að kennarar og nemendur geri sjálfir glærur til sýningar í þeim. En einnig þarf að framleiða á vandaðan hátt efni, sem allir skólar þurfa að hafa, en til þess er nú engin aðstaða í landinu.

Segulbandstæki hafa einnig breiðst ört út í skólum, sérstaklega eftir að hin léttu hylkistæki komu til sögunnar. Eru þau mikið notuð við tungumálakennslu, en geta komið að margvíslegum notum í öðrum greinum. Einnig er hægt að samstilla t. d. litskyggnur og tal á segulbandsspólu. Nokkuð hefur verið framleitt af spólum hér á landi, en tæki til fjöldaframleiðslu á þeim hafa ekki verið til. Einnig kæmi til greina, að Námsgagnagerð hefði lítinn lestrarsal til að gera frumhljóðritanir, og mun þar opnast nýr heimur fyrir kennara og nemendur.

Af öðrum verkefnum má nefna 8 mm hylkiskvikmyndir, ljósmyndun og vinnu fyrir skóla á því sviði, upplímingu myndspjalda og margt fleira. Er þá ekki minnst á hugsanleg verkefni í sambandi við myndsegulband, sjónvarpshylki, „stereo"-hljóðritun og ýmislegt fleira, sem nú þegar breiðist út í skólakerfum grannlanda, en verður enn um sinn að heyra til framtíðardraumum hér á landi.

Enda þótt íslenskir skólar séu langt á eftir skólum nágrannalanda í notkun á nýjustu kennslutækni, t. d. myndsegulböndum, innanhússjónvarpi og tungumálastofum, eiga þeir allmikið af hinum eldri og ódýrari tækjum. Fræðslumyndasafn hefur þrisvar sinnum gert könnun á tækjaeign skólanna, hina síðustu í árslok 1972. Rúmlega helmingur skóla á sviði skyldunámsins svaraði fyrirspurnum, og reyndist tækjaeignin vera sem hér segir:

| | |
|---|---|
| Engin tæki áttu | 5.4% |
| Skuggamyndavélar áttu | 88.3% |
| Segulbandstæki áttu | 81.1% |
| 16 mm kvikmyndavélar áttu | 78.4% |
| Myndvarpa áttu | 67.6% |
| Myndsýna áttu | 30.6% |
| Sjónvarpstæki áttu | 26.1% |
| 8 mm kvikmyndavélar áttu | 4.5% |

Á síðustu árum hefur aukning orðið langmest, að því er varðar segulbandstæki og myndvarpa. Sjónvarpstæki eru fyrst og fremst í heimavistarskólum og eru ekki notuð til beinnar kennslu.

Þessar töflur gefa til kynna, að nokkuð skorti á að þessi algengustu kennslutæki séu til í öllum skólum. Engu að síður er þetta allmikill tækjakostur, og er áætlað, að endurnýjunarverð hans alls sé um 55 millj. kr. miðað við verðlag 1973. Er því nauðsynlegt að sjá fyrir góðu, íslensku efni til notkunar í tækjunum, og þarf það efni að sjálfsögðu að falla að íslenskum námsskrám. Verður eitt af hlutverkum Námsgagnastofnunar að afla skólunum slíks efnis, en til þess er Námsgagnagerð nauðsynlegur þáttur.

## 4. Athugasemdir um einstakar greinar.

### Um 1. gr.

Hér er kveðið á um samfélagslegt meginhlutverk Námsgagnastofnunar — að vinna að því, að íslenskir skólar hafi jafnan sem best og fullkomnust náms- og kennslugögn, nánar tiltekið prentað mál, hljóð- og myndritað efni, tæki, hluti o. s. frv. Orðið skólar er hér hugsað í víðtækri merkingu og átt við hvers kyns fræðslustofnanir.

Þeir þjónustuaðilar, sem teljast til stofnunarinnar, verði Ríkisútgáfa námsbóka, Fræðslumyndasafn ríkisins, Námsgagnagerð og Skólavöruhús, sbr. 5. gr. frumvarpsins og athugasemdir við hana. Auk þess hafi stofnunin með höndum önnur verkefni, sem tilgreind eru í frumvarpinu, og er þar einkum átt við fræðslustarf, tilrauna- og nýjungastarf, svo og löggildingu námsbóka, sem stjórn stofnunarinnar er falið að annast samkvæmt 15. grein.

Greinin kveður á um, að Námsgagnastofnun skuli heyra undir Menntamálaráðuneytið. Samkvæmt því er stofnunin ríkisfyrirtæki, sbr. einnig 14. grein. Ljóst er, að stofnun, sem ætlað er að tryggja íslenskum skólum sem best og fullkomnust náms- og kennslugögn, hlýtur að verða á vegum ríkisins, eigi hún að veita öllu landinu og öllum skólum almenna þjónustu á starfssviði sínu. Er hér raunar um að ræða eðlilegt framhald þeirrar stefnu til aðstöðujöfnunar á þessu sviði, sem löggjafarvaldið hefur markað frá og með árinu 1936, er fyrst voru sett lög um Ríkisútgáfu námsbóka.

Þess skal getið, að í frumvarpi þessu eru hugtökin námsgögn og kennslugögn notuð í víðtækri merkingu yfir hvers kyns efni til að vinna með, þar með talið prentað og fjölritað mál og hljóð- og myndritað efni, svo og um hluti og tæki, sem notuð eru við nám og kennslu. Námsgögn höfða til þess, sem nemandinn vinnur einkum með, en kennslugögn til þess, sem sérstaklega snýr að kennaranum.

### Um 2. gr.

Verkefni Námsgagnastofnunar eru hér tilgreind í aðalatriðum — að annast framleiðslu, útgáfu og miðlun námsefnis og kennslutækja, fylgjast með nýjungum á því sviði og halda uppi fræðslu og upplýsingastarfsemi þar að lútandi.

Þá er í greininni ákvæði, sem leggur stofnuninni þær skyldur á herðar að hafa náið samstarf við þrjá aðila: 1) þá, sem vinna að endurskoðun námsefnis og nýjungum í kennslustarfi á vegum Menntamálaráðuneytisins (hér er um að ræða skólarannsóknadeild ráðuneytisins), 2) fræðsluskrifstofur sveitarfélaga, og 3) stofnanir, sem veita kennaramenntun.

Vissulega gefur það auga leið, að Námsgagnastofnun þarf að hafa samvinnu og samráð við marga aðila aðra en þá, sem hér eru nefndir. Hins vegar er jafnframt ljóst, að starf Námsgagnastofnunar er mjög háð nánu samstarfi við hina tilgreindu aðila, eigi átak hins opinbera á þessu sviði að geta orðið verulega gagnlegt og skilvirkt.

Á vegum Menntamálaráðuneytisins hefur á undanförnum árum verið unnið mjög mikið starf að endurskoðun námsefnis og námsskrár í barna- og gagnfræðaskólum. Er talsvert nýtt námsefni nú þegar komið út í kjölfar þessarar endurskoðunar, og hefur náðst náið samstarf milli Skólarannsóknadeildar ráðuneytisins og Ríkisútgáfu námsbóka um þá útgáfustarfsemi. Einnig hefur farið vaxandi samstarf deildarinnar og Fræðslumyndasafns ríkisins í þessu efni. Mjög náin samvinna milli Menntamálaráðuneytisins og Námsgagnastofnunar á þessu sviði er ófrávíkjanleg nauðsyn, og koma þar til m. a. samstilltar ákvarðanir um meiri háttar verkefni, skýr verkaskipting og gott heildarskipulag allrar starfseminnar.

Fræðsluskrifstofur sveitarfélaga eru mjög mikilvægir aðilar sem tengiliðir milli Námsgagnastofnunar og skóla um land allt. Einkum er þetta hlutverk fræðsluskrifstofanna mikilvægt á sviði nýjungastarfs í náms- og kennslutækni, þar sem fræðslu-

skrifstofurnar þyrftu að verða miðlunar- og hvataaðili. Einnig kemur hér til ýmis hugsanleg aðstoð fræðsluskrifstofanna við útvegun og dreifingu gagna. Verði frumvarp til laga um grunnskóla að lögum, munu senn verða stofnaðar fræðsluskrifstofur í öllum kjördæmum, og verður umrætt svið meðal mikilvægustu þátta þess kennslufræðilega starfs, sem skrifstofunum er ætlað að annast. Þá skal þess og getið, að Fræðsluskrifstofa Reykjavíkur hefur nú þegar stofnað sérstaka kennslufræðideild, er m. a. vinnur að margháttuðum verkefnum á sviði námsefnis og kennslutækni, sem eðlilegt er, að fræðsluskrifstofur og Námsgagnastofnun vinni að í sem bestu samstarfi.

Náin samvinna Námsgagnastofnunar við kennaraskóla landsins er svo augljós nauðsyn, að rökstuðningur er óþarfur. Grundvallarnám kennaraefna í náms- og kennslutækni fer fram í menntastofnunum kennara sem þáttur í undirstöðuþjálfun fyrir kennarastarfið. Í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir, að Kennaraháskóli Íslands verði eins konar samnefnari kennaraskólanna varðandi skipulegt samstarf við Námsgagnastofnun, sbr. 17. grein og athugasemdir við hana.

Um 3. gr.

Í þessari grein er lagt til, að sjö manna Námsgagnastjórn verði skipuð til að hafa yfirumsjón með störfum Námsgagnastofnunar. Er hér raunar um að ræða nokkra fækkun frá því, sem nú er, því að samkvæmt núgildandi lögum eiga samtals 10 manns sæti í Námsbókanefnd og stjórn Fræðslumyndasafnsins.

Gert er ráð fyrir, að fulltrúar samtaka kennara á skyldunámsstigi verði fjórir í Námsgagnastjórn, tveir fyrir Samband íslenskra barnakennara og tveir fyrir unglingastig skyldunámsskóla, annar fyrir Landssamband framhaldsskólakennara og hinn fyrir Félag háskólamenntaðra kennara. Þá verði einn fulltrúi fyrir Kennaraháskóla Íslands og annar fyrir Menntamálaráðuneytið, og vísast um rökstuðning fyrir því til athugasemda við síðari málsgrein 2. greinar. Loks verði í stjórninni einn fulltrúi skipaður af menntamálaráðherra án tilnefningar. Það er hér nýmæli, að ekki er gert ráð fyrir, að ráðherra sé bundinn við að skipa þennan síðastnefnda fulltrúa formann nefndarinnar, heldur skipi hann formann og varaformann úr hópi áðurgreindra sjö stjórnarmanna.

Viðvíkjandi skipunartíma Námsgagnastjórnar þótti hæfilegt að stytta hann úr fjórum árum, eins og núgildandi lög um Ríkisútgáfu námsbóka og Fræðslumyndasafn ríkisins mæla fyrir um, í þrjú ár.

Um 4. gr.

Hér er tilgreint hlutverk Námsgagnastjórnar. Er það að mestu í samræmi við tíðkanlegar venjur, en vert er þó að taka eftirfarandi sérstaklega fram:

a) Viðvíkjandi einstökum verkefnum, er aðeins gert ráð fyrir, að stjórnin taki ákvörðun um meiri háttar framkvæmdir og megindrætti í verkefnum deilda. Rétt er, að slík stjórn beri einungis ábyrgð á meginatriðum, sem fela í sér stefnumörkun, en starfsmenn stofnunarinnar stjórni sjálfir framkvæmdum að öðru leyti.
b) Menntamálaráðherra ræður námsgagnastjóra, þ. e. forstjóra stofnunarinnar, og forstöðumenn hinna fjögurra deilda hennar, að fengnum tillögum stjórnarinnar. Allt annað starfslið ræður Námsgagnastjórn að fengnum tillögum námsgagnastjóra.
c) Stjórnin löggildir námsbækur, sbr. 15. grein frumvarpsins og athugasemdir við hana.

Segja má, að greinin miði öll að því að ætla Námsgagnastjórn virkt og mikilvægt hlutverk.

Um 5. gr.

Hér eru taldar upp deildir Námsgagnastofnunar, þ. e Ríkisútgáfa námsbóka, Fræðslumyndasafn ríkisins, Námsgagnagerð og Skólavöruhús. Einnig eru verkefni

deildanna tilgreind í aðalatriðum, en nánar er fjallað um þau í 8.—13. grein (II.—V. kafla) lagafrumvarpsins og athugasemdum við þær.

Gert er ráð fyrir, að yfir hverri þessara deilda sé forstöðumaður, skipaður af ráðherra að fengnum tillögum Námsgagnastjórnar.

Þá er loks ákvæði um, að deildirnar skuli halda sjálfstæðum heitum og koma fram út á við undir þeim samkvæmt nánari ákvörðun Námsgagnastjórnar. Til þess að unnt verði að sameina ofangreindar stofnanir með eðlilegum hætti í eina Námsgagnastofnun með deildaskiptingu, þarf nokkurn umþóttunartíma. Var talið heppilegast að tryggja hann með þessum hætti. Augljóst er, að áfangar og hraði sameiningar eru ýmsum ástæðum og aðstæðum háðir, m. a. því hversu vel gengur að koma samræmdu skipulagi á starfsemi allra deilda. Ábyrgðin á því að koma sameiningu til framkvæmdar hæfilega hratt með markvísum og öruggum áföngum hvílir fyrst og fremst á Námsgagnastjórn og forstjóra stofnunarinnar, námsgagnastjóra.

Um 6. gr.

Þessi grein fjallar um forstjóra Námsgagnastofnunar, sem verði skipaður af menntamálaráðherra að fenginni umsögn Námsgagnastjórnar. Starfsheiti forstjórans verði námsgagnastjóri.

Eigi að vera full alvara í að sameina núverandi ríkisstofnanir á sviði námsefnis og kennslutækni í eina öfluga og samhæfða stofnun, þarf að tryggja framkvæmdina með því að skipa stofnuninni sameiginlegan og allvaldamikinn forstjóra. Að öðrum kosti er mikil hætta á, að sameiningin nái ekki fram að ganga í reynd, heldur missi marks og verði varla meira en nafnið eitt. Ákvæði greinarinnar um embætti námsgagnastjóra verða því að teljast afar mikilvæg fyrir frumvarpið í heild.

Um 7. gr.

Hér er sett ákvæði um kynningar- og fræðslustarf Námsgagnastofnunar, sem verður eitt mikilvægasta verkefni hennar. Fræðsluskrifstofur sveitarfélaga verða lykilaðilar í samvinnu um slíka útbreiðslu- og kynningarstarfsemi, og er því lagt til, að stofnunin skuli stuðla að því, að í fræðsluskrifstofum myndist söfn náms- og kennslugagna til kynningar og útlána, og leggja skrifstofunum til efni af þessu tagi eftir föngum. Er þetta ekki síst grundvallaratriði í þjónustu fræðsluskrifstofa úti á landi við umdæmisskóla sína.

Þá er og ákvæði um, að Námsgagnastofnun skuli stuðla að vexti og greiða fyrir stofnun skólabókasafna. Með frumvarpi til laga um grunnskóla er stefnt að mikilli eflingu skólabókasafna, og svipaða sögu er að segja um þróunina í ýmsum framhaldsskólum. Er raunar líklegt, að þessi þáttur ásamt gerð námsgagna verði helsti vaxtarbroddurinn í starfsemi Námsgagnastofnunar á næstu árum, ef frumvarp þetta nær fram að ganga. — Þess skal getið, að heitið skólabókasafn, sem hér er notað vegna vöntunar á öðru betra orði, markar í raun allt of þröngt svið þeirri starfsemi, sem fyrirhugað er að fari fram í umræddum söfnum. Þetta verða, ef að líkum lætur, eins konar „gagnaver“ með margháttuðum námsgögnum og einn helsti vinnustaður nemenda í skólum, einkum að því er varðar allt sjálfsnám.

Um 8. gr.

Hér er meginhlutverk Ríkisútgáfu námsbóka skilgreint svo, að hún annist útgáfu námsbóka fyrir nemendur grunnskóla, þ. e. skyldunámsskóla, en nemendur fái bækurnar ókeypis, ýmist þannig að þær verði eign þeirra eða skólans. Þá er ákvæði um, að stefnt skuli að því að gefa út tvenns konar námsbækur hið fæsta í hverri grein, en vísir að slíku ákvæði er í núgildandi lögum.

Nýjar aðferðir við kennslu og nám og ný námsgögn af ýmsu tagi hafa leitt til þess, að kennurum er nú meiri þörf en áður á ýmiss konar kennsluleiðbeiningum og handbókum. Skólarannsóknadeild Menntamálaráðuneytisins og Ríkisútgáfan hafa sinnt þessu verkefni, eftir því sem við varð komið, og í greininni eru ákvæði um slíka útgáfu.

Þá er í greininni kveðið á um útkomu ýtarbóka, þar sem fá má meiri og nákvæmari vitneskju um tiltekið námsefni en er í sjálfum námsbókunum. Starf skóla beinist nú mjög í þá átt, að nemendur læri að afla sér fróðleiks á eigin spýtur, geti sjálfir aukið þekkingu sína á ýmsum sviðum og verði þá síðar hæfari til að lifa og starfa í heimi, sem virðist munu breytast því hraðar, því lengra sem líður. Ýtarbækurnar munu því þykja nauðsynlegar í hverri grein og verða að sínu leyti uppistaða í skólabókasöfnum.

Loks er ákvæði um það, að Ríkisútgáfunni sé heimilt að hafa þær bækur, sem hún gefur út, til sölu á frjálsum bókamarkaði samkvæmt nánari ákvörðun Námsgagnastjórnar. Er efnislega svipað ákvæði í núgildandi lögum.

Um 9. gr.

Þessi grein fjallar um grundvallarskipan á úthlutun bóka Ríkisútgáfunnar til skóla.

Sá háttur hefur verið hafður á frá upphafi, að börn hafa fengið námsbækur sínar ókeypis og til eignar frá Ríkisútgáfunni, og eftir 1956 hefur hið sama gilt um nemendur í unglingaskólum. Fyrstu áratugina voru bækurnar svo litlar og ódýrar (oftast 96 bls. eða minni, í litlu broti, vírheftar), að ekki þótti taka því að ætla fleiri en einum nemanda að nota hverja bók. Þá söfnuðust stundum á heimilum hlaðar af nothæfum bókum, sem hvergi virtist vera þörf fyrir, og er svo enn að nokkru leyti. En að frumkvæði framkvæmdastjóra Ríkisútgáfunnar eru margar námsbækur nú afhentar skólum til eignar, en ekki nemendum. Nemendur fá þá bækurnar að láni í skólunum, meðan þær eru nothæfar, og nota þá margir sömu bókina, þegar vel tekst til. Enda eru margar bækur útgáfunnar nú orðnar svo stórar og dýrar, að einsætt er, að fleiri en einn nemandi noti sumar þeirra, til að mynda þær, sem nemendur þurfa aðeins að nota um skamman tíma. Sparast á hverju ári stórfé með þessu móti.

Aðrar og meiri umbætur varðandi úthlutun námsbóka hafa einnig verið þeim í hug, sem vinna í Ríkisútgáfunni og Skólavörubúð. Er í ráði að taka upp þann hátt, að hver skóli eigi rétt til bóka í samræmi við tölu og aldur nemenda, að bækurnar verði metnar til fjár, sem telst inneign skólans, er síðan sendir pöntun eftir þörfum og óskum.

Ef bækur nýtast vel og lengi í skóla — og það hefur ekki síður uppeldis- og menningargildi en sparnaðar — getur skólinn keypt þeim mun meira af bókum og námsgögnum, sem ekki eru látin ókeypis. Allmikla vinnu þarf til að koma þeirri breytingu á, sem hér er vikið að, og þarf e. t. v. aðgang að tölvu eða góðri bókhaldsvél, þegar úthlutun hefst með þessum hætti.

Um 10. gr.

Greinin fjallar um verkefni Fræðslumyndasafns ríkisins, og er þeim til hægðarauka skipt í fjóra þætti. Sú meginbreyting verður til hagræðingar, að öll innkaup til endursölu, svo og öll dreifing og sala, flytjast til Skólavöruhúss. Annars er vísir að allri starfseminni þegar til, og útlán hvað umfangsmest.

Leggja verður aukna áherslu á upplýsingastarfsemi, sem er skilyrði þess, að notkun náms- og kennslugagna fari vaxandi og batnandi í skólum. Þá er nauðsynlegt að auka til muna útgáfu á íslensku nýsiefni, bæði skyggnum, myndræmum, glærum og segulböndum. Þetta efni ætti að hanna í Fræðslumyndasafninu, sjálf framleiðsla þess færi síðan fram í Námsgagnagerð, en dreifing og sala í Skólavöruhúsi.

Um 11. gr.

Með því að verða hluti af Námsgagnastofnun verður Fræðslumyndasafn ríkisins alger þjónustustofnun fyrir skólakerfið. Hefur meginhluti af starfsemi safnsins raunar alla tíð verið fyrir skólana, en þó hefur það rækt önnur hlutverk, sérstaklega stuðning við íslenska kvikmyndagerð. Er ekki rétt að fella þann þátt niður, meðan ekki er séð fyrir því verkefni á annan og heppilegri hátt.

Um 12. gr.

Eins og þegar hefur komið fram í þessari greinargerð, er aðkallandi þörf á aðstöðu til að framleiða margvíslegt náms- og kennsluefni, sérstaklega það, sem er hljóð- og myndritað. Slík aðstaða er ýmist ekki til hér á landi eða mjög takmörkuð.

Að svo stöddu eru ekki tök á að gera nákvæma áætlun um uppbyggingu eða rekstur Námsgagnagerðar. Hver grein þessarar framleiðslu, sem nefnd hefur verið, getur starfað sjálfstætt, og má af þeim sökum byggja deildina upp í áföngum. Tæki til ljósmynda- og skyggnugerðar eru án efa dýrust, en þau hafa hvað mesta möguleika á öflun tekna. Önnur grein yrði framleiðsla á glærum, og kynni að þurfa teikniaðstöðu með henni. Hin þriðja er framleiðsla á segulböndum, og kemur þar til álita stofa til upplestrar, þegar hljóðritað er efni.

Þegar námsgagnagerð er tekin til starfa með sæmilegum tækjakosti, má gera ráð fyrir, að hún afli sér nokkurra tekna og fer þá eftir verðlagningu, svo og stjórn stofnunarinnar, hvort þær tekjur hrökkva fyrir öllum kostnaði.

Í tengslum við Námsgagnagerð er áætlað að starfrækja tilraunastofu, þar sem stofnunin sjálf eða aðrir aðilar geta unnið að tilraunum og rannsóknum á þessu sviði. Verði stofnunin til húsa í næsta nágrenni við Kennaraháskóla Íslands, er vafalaust, að kennaranemar muni geta hagnýtt sér þessa aðstöðu og verklegt nám farið þar fram.

Um 13. gr.

Hér er fjallað um hlutverk Skólavöruhúss, sem tekur samkvæmt frumvarpi þessu við störfum Skólavörubúðarinnar og ýmsum skyldum verkefnum.

Skólavöruhúsi er fyrst og fremst falið að útvega námsgögn fyrir skóla bæði utanlands frá og innan. Þarf við þau störf að njóta sífellt sérhæfðari þekkingar á þörfum skólanna og þeim vörum, sem kostur er á hverju sinni. Verður því á komandi árum þörf mikillar kynningar um þessi efni.

Birgðavarsla er mjög vaxandi þáttur í störfum Skólavöruhússins. Má til að mynda geta þess, að árið 1972 lét Ríkisútgáfan prenta yfir 600 þús. bækur, og hækkar sú tala að mun með ári hverju, enda byggist hagkvæmni í rekstri Ríkisútgáfunnar mjög á stórum upplögum bóka, oft um 30 þús. eintökum.

Dreifing hvers konar námsgagna fyrir Ríkisútgáfu og Fræðslumyndasafn verður einnig mjög gildur þáttur í starfi Skólavöruhúss. Verður þar bæði um að ræða bækur, sem látnar verða ókeypis, seldar bækur og fjölmörg önnur námsgögn af hvers konar gerð.

Áður umrædd nýmæli (sjá um 9. gr.) varðandi dreifingu úthlutunarbóka munu verða starfsliði Skólavöruhússins mikið og ekki vandalaust viðfangsefni.

Um 14. gr.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að allur kostnaður við Námsgagnastofnun verði greiddur úr ríkissjóði, og verði hann ákveðinn í fjárlögum hverju sinni. Þetta á jafnt við um framlög til útgáfu námsbóka og námsgagna, svo og nauðsynlegt stofnfé og rekstrarfé til að halda uppi þeirri starfsemi, sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Nefndin var einhuga um, að kostnaður við Námsgagnastofnun ætti að greiðast beint úr ríkissjóði, enda er það í samræmi við þá þróun, sem orðið hefur að undanförnu. Má þar til nefna, að námsbókagjald var afnumið með lögum árið 1971, og síðustu árin hefur Menntamálaráðuneytið ekki innheimt það gjald af sveitarfélögum, sem lög nr. 49/1967 um skólakostnað heimila og renna átti til Fræðslumyndasafns ríkisins.

Þá er skýrt tekið fram í greininni, að tekjum stofnunarinnar megi aðeins verja í þágu þeirra verkefna, sem lögin mæla fyrir um. Með tekjum stofnunarinnar er hér átt við væntanlegan hagnað af rekstri Námsgagnagerðar og Skólavöruhúss. Það er ekki fráleitt að hugsa sér, að þessar stofnanir geti staðið undir eigin kostnaði, er fram líða stundir.

Verði frumvarp þetta að lögum, er ljóst, að Námsgagnastofnun verður einhver mikilvægasta þjónustustofnun landsins fyrir skóla. Mjög brýna nauðsyn ber því til

þess, að fjárveiting til starfseminnar verði í samræmi við þarfir og starfsáætlanir, sem gerðar eru á grundvelli þeirra þarfa. Ákvæði tveggja síðustu málsgreinanna miða að slíku samræmi. Þau eru röklegt framhald af því, sem vakað hefur fyrir löggjafarvaldinu, þegar sett voru í 7. gr. laga nr. 51/1956 um Ríkisútgáfu námsbóka ákvæði um, að fjárframlög til útgáfunnar skyldu ákveðin „með hliðsjón af kostnaði við útgáfuna næsta ár á undan og fyrirhuguðum framkvæmdum á fjárhagsárinu."

Um 15. gr.

Nú er það svo, að enginn aðili eða stofnun er stjórnskipulega ábyrgur fyrir löggildingu kennslubóka. Að vísu má segja, að Námsbókanefnd löggildi útgáfubækur Ríkisútgáfunnar í reynd, þegar hún samþykkir að gefa út handrit, enda er það samkvæmt lögum Námsbókanefnd, sem „annast útgáfu námsbóka (...) og kveður á um efni þeirra og gerð." Hins vegar felur þetta ákvæði ekki í sér skýlausa löggildingarskyldu, og einnig skortir öll lagaákvæði um það, hversu farið skuli með hugsanlegan ágreining í þessum efnum. Þá er vert að benda á það, að áðurgreint lögbundið útgáfuhlutverk Námsbókanefndar tekur aðeins til skyldunámsstigsins, enda þótt einstaka sinnum sé farið út fyrir það skólastig, einkum að því er varðar útgáfu ritaraða eða annars námsefnis, sem er í nánum tengslum við námsbækur skyldunámsstigs.

Með þessari grein er tekinn af allur vafi um löggildingarhlutverk Námsgagnastjórnar. Fyrir námsbækur skyldunámsstigsins verður um að ræða löggildingarskyldu innan ramma aðalnámsskrár, sem Menntamálaráðuneytið setur. Fyrir námsbækur framhaldsskólastigs verður um að ræða heimild fyrir ráðuneytið til að fela stjórninni löggildingu, og má ætla, að sú heimild verði einkum notuð, ef um einhvern vafa er að ræða. Þá verður öðrum útgefendum námsbóka heimilt samkvæmt greininni að leita löggildingar fyrir þær.

Sérstakt ákvæði er í greininni um, að vísa megi ágreiningi um löggildingu námsbókar til endanlegs úrskurðar hjá yfirnefnd þriggja sérfróðra aðila, sem menntamálaráðherra skipar. Er þetta ákvæði sett til þess að tryggja áfrýjunarrétt í ágreiningsmálum og til að löggildingarkerfið geti orðið sem sanngjarnast fyrir alla aðila.

Viðvíkjandi ýtarbókum, handbókum, kennsluleiðbeiningum, nýsiefni og kennslutækjum er ekki gert ráð fyrir, að um nokkra löggildingu sé að ræða, heldur láti Námsgagnastjórn í té umsagnir eftir föngum, og er slíkt eðlilegur þáttur í kynningarstarfi stofnunarinnar.

Helstu og mikilvægustu breytingarnar, sem af ákvæðum þessarar greinar leiða, eru annars vegar þær, að heimilt verður að fela Námsgagnastjórn löggildingu fyrir bækur, sem aðrir aðilar en Námsgagnastofnun, innlendir eða erlendir, hafa gefið út, og hins vegar það, að sett eru ákvæði um yfirnefnd, sem vísa má ágreiningi til. Bækur annarra útgefenda eru vitaskuld fyrst og fremst gefnar út fyrir framhaldsskólastig, en í vissum tilvikum geta þær þó komið að notum fyrir skyldunámsstig, t. d. þegar námsskrá er breytt, námsefni fært til milli bekkja í ljósi fenginnar reynslu eða útlent efni er lagt til grundvallar kennslu í erlendum tungumálum. Þá er og mikilvægt ákvæði í 16. grein um, að stjórnin kveðji kennara og aðra sérfræðinga sér til aðstoðar við þessi störf. — Gagnvart eigin útgáfubókum Ríkisútgáfunnar breytir greinin hins vegar litlu sem engu, ef yfirnefndarákvæðið er undanskilið, því að þær bækur eru í reynd löggiltar, þegar útgáfa þeirra er ákveðin, eins og áður greindi.

Þar sem samþykki og löggilding námsbóka — og vandaður, faglegur undirbúningur þar að lútandi — er eitt hið mikilvægasta stefnumarkandi starf, sem vinna þarf í íslenskum menntamálum, er varla sæmandi að draga lengur að setja skýr lagaákvæði um það, hvernig með slík mál skuli farið.

Um 16. gr.

Grein þessi, sem fjallar um aðstoð kennara og annarra sérfróðra aðila við Námsgagnastjórn í starfi, hlýtur að teljast nauðsynleg og sjálfsögð.

Greinin þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 17. gr.

Nefndin leggur áherslu á það, að allar deildir Námsgagnastofnunar hafi sín í milli mikið og gott samstarf. Til þess að auðvelda það samstarf er nauðsynlegt, að starfsemi stofnunarinnar tengist sem allra fyrst í sameiginlegu húsnæði. Er þetta brýnt atriði m. a. með hliðsjón af hagkvæmari rekstri.

Þá er tekið fram í greininni, að stefnt skuli að því, að húsnæðið verði sem næst Kennaraháskóla Íslands. Æskilegt er, að komið verði á skipulagslegum og raunhæfum tengslum milli Námsgagnastofnunar og menntastofnana kennara. Kennaraefnin þurfa að kynnast allri starfsemi Námsgagnastofnunar, áður en til starfs kemur, og ætti þetta að vera fastur þáttur í námi kennarans. Hugsanlegt er einnig, að sérfróðir menn á sviði kennslutækni, sem starfa við stofnunina, taki að sér kennslu í þessum efnum. Nálægð við miðstöð kennaramenntunar ætti að auðvelda öll þessi atriði, og taldi nefndin eðlilegast að miða þá við Kennaraháskóla Íslands sem samnefnara menntastofnana kennara, enda virðist eðlilegt að gera ráð fyrir því, að nýtt húsnæði fyrir Námsgagnastofnun geti í framtíðinni risið á lóð hans.

Húsnæðismálin eru eitt allra mikilvægasta verkefnið, sem Námsgagnastjórn og námsgagnastjóri þurfa að sinna fyrstu árin, verði frumvarp þetta að lögum. Fyrir starfsemi stofnunarinnar er það mjög brýn nauðsyn, að húsnæði sé ekki aðeins hæfilega rúmt, heldur einnig gott og viðeigandi fyrir það starf, sem þar á að vinna. Svo að dæmi sé tekið af kvikmyndasafni, þá þarf geymslusalur kvikmynda að halda sérstöku hita- og rakastigi, og hið sama gildir ekki síður um geymslu gamalla og verðmætra mynda. Einnig er nauðsynlegt að hafa góða aðstöðu til að sýna kvikmyndir fyrir 20—30 gesti, og mundi slíkt koma fjölmörgum aðilum að gagni, ekki síst ríkisstofnunum. Þá þarf að vera aðstaða til að skoða skyggnur, myndræmur, glærur og 8 mm kvikmyndir, svo og lestrarstofa fyrir erlenda verðlista og skrár yfir nýsiefni auk annars prentaðs máls. Svo að tekið sé annað dæmi, má vísa í greinargerð með 12. grein um ýmsa aðstöðu, sem Námsgagnagerð er nauðsynleg. Af því húsnæði, sem hér hefur verið lýst — og að verulegum hluta mætti nota jafnframt til verklegrar kennslu fyrir kennaraefni — er ekkert til nú.

Um 18. gr.

Nauðsynlegt er að kveða nánar á í reglugerð um framkvæmd þessara laga. Sem dæmi um slík framkvæmdaratriði má nefna verkaskiptingu, greiðsluskyldur, samráð og samstilltar ákvarðanir Ríkisútgáfu námsbóka og Skólarannsóknadeildar Menntamálaráðuneytisins varðandi undirbúning að nýju námsefni, sbr. 2. grein þessa frumvarps.

Þá er Námsgagnastjórn heimilað að gera breytingar á starfsháttum Námsgagnastofnunar, er miði að aukinni samhæfingu starfa og bættri þjónustu. Eðlilegt er, að samræming og sameining deilda stofnunarinnar haldi áfram með reglubundnum hætti, eftir að aðstæður til þess hafa batnað, sbr. 5. og 17. gr. Taldi nefndin rétt, að Námsgagnastjórn ákvarðaði sjálf um slík framhaldsstig sameiningar með þeirri einu takmörkun, að samþykkis menntamálaráðherra skyldi leita fyrir stofnun nýrra deilda. Eflaust mun reka að því, þegar störf Námsgagnastofnunar hafa samræmst og eflst, að þörf þyki fyrir stofnun nýrra deilda. Má ætla, að þar muni að líkindum sitja í fyrirrúmi deild til sérstakrar þjónustu við skólabókasöfn, svo og hugsanlega upplýsinga- og fræðsludeild.

Þá er að lokum ákvæði um það, að verði við framkvæmd þessara laga breyting á starfi eða starfsheiti starfsmanns hjá Ríkisútgáfu, Skólavörubúð eða Fræðslumyndasafni, skuli sú breyting í engu rýra launakjör hans. Slík trygging er augljós og sjálfsagt sanngirnisatriði.

Um 19. gr.

Þarfnast ekki skýringa.“

## Sþ. 60. Tillaga til þingsályktunar [57. mál]

um stækkun Áburðarverksmiðju ríkisins.

Flm.: Páll Pétursson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta nú þegar gera könnun á því hvort ekki sé tímabært að hefjast þegar handa um stækkun Áburðarverksmiðju ríkisins í Gufunesi, þannig að hún geti sem allra fyrst fullnægt þörf landsmanna fyrir framleiðsluvörur verksmiðjunnar.

Enn fremur verði gerð könnun á því hvort ekki komi til greina stækkun verksmiðjunnar með útflutning áburðar fyrir augum.

Ef könnun þessi leiðir það í ljós að stækkun verksmiðjunnar sé þjóðhagslega hagkvæm, felur Alþingi ríkisstjórn að láta semja og leggja fram á Alþingi frumvarp um stækkun verksmiðjunnar.

Könnun þessari verði hraðað svo sem frekast er kostur, þannig að niðurstöður hennar liggi fyrir áður en þeirri raforku, sem tiltæk verður í landinu í nánustu framtíð, er ráðstafað til annarra greina orkufreks iðnaðar.

Greinargerð.

Það er alkunna hversu áburðarverð í veröldinni hefur hækkað stórkostlega undanfarið. Samkvæmt upplýsingum Áburðarverksmiðju ríkisins mun áburðarverð til bænda a. m. k. tvöfaldast á næsta vori.

Bændur hafa af því miklar áhyggjur hvernig þeir geti mætt þessari stórfelldu hækkun. Það er augljóst að allra leiða verður að leita til þess að halda niðri áburðarverðinu, enda hefur það áhrif á afkomu landsmanna allra.

Fyrirsjáanlegt er að notkun áburðar ætti að stóraukast í landinu á næstu árum, m. a. vegna þess, að ákveðið hefur verið að gera mikið átak í landgræðslu.

Nú mun Áburðarverksmiðjan framleiða um ⅔ af árlegri áburðarþörf landsmanna og það er fyrst og fremst hið háa kaupverð á þeim þriðjungi, sem við flytjum inn, en gætum að mestu leyti framleitt sjálfir, sem sprengir upp áburðarverðið svo mjög sem raun ber vitni. Þar sem framleiðsla áburðar í Gufunesi byggist að langmestu leyti á raforku úr fallvötnum, en ekki á olíu, eins og víðast er erlendis, hafa forsendur eldri áætlana breyst íslenskri framleiðslu í hag.

Flm. leggur áherslu á það, að eðlilegra sé að verja þeirri raforku, sem tiltæk verður í landinu í næstu framtíð, til áburðarframleiðslu fremur en til annarra greina orkufreks iðnaðar. Reynsla og verkkunnátta íslendinga við áburðarframleiðslu er fyrir hendi, þörfin á auknu framleiðslumagni er brýn, framleiðslan veldur ekki náttúruspjöllum heldur hið gagnstæða, verkefnið ekki stærra en svo, að það er viðráðanlegt fyrir íslendinga, og eðlilegra að íslensk fallvötn mali fremur þessari þjóð gull en útlendingum.

## Nd. 61. Frumvarp til laga [58. mál]

um breyting á lögum nr. 71/1966, um verðtryggingu fjárskuldbindinga.

Flm.: Vilhjálmur Sigurbjörnsson.

1. gr.

Við 2. gr. laganna bætist eftirgreind málsgrein:

Heimilt er að setja í kaup- eða verksamninga um húsbyggingar, mannvirkjagerð og aðrar verklegar framkvæmdir ákvæði þess efnis, að verð hækki eða lækki í samræmi við byggingarvísitölu eða ákveðinn verðbótagrundvöll.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Umrædd lög voru sett til að skapa fastan ramma og festa í lög ákvæði um verðtryggingu fjárskuldbindinga í þröngri merkingu þess orðs. Verður hvergi séð af lögum þessum, að sá hafi verið tilgangur löggjafarvaldsins að setja skorður við því, að framkvæmdaaðilar og verkkaupar gætu sett í kaup- eða verksamning, að lokaverð umsaminna framkvæmda yrði ákveðið í samræmi við breytingar á verðlagi á framkvæmdatímabilinu. Í 19. gr. laga nr. 63/1970 er beinlínis gert ráð fyrir slíkum verðbótum, sbr. enn fremur Ísl. staðal I.S.T., 30. gr. 4.4.1.

Löngu áður en lög um verðtryggingu fjárskuldbindinga voru sett, tíðkuðust slíkar verðbætur, jafnt af hendi hins opinbera sem einkaaðila og ekki er til þess vitað, að þar á hafi orðið nokkrar breytingar við samþykkt nefndra laga.

Ríkisstofnanir hafa boðið út hundruð verka og sett í verksamninga ákvæði um verðbætur í samræmi við byggingarvísitölu, sem reiknuð er út af Hagstofu Íslands ársfjórðungslega. Síðan Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins var sett á laggirnar, hefur hún annast útboð og verksamninga fyrir ríkisins hönd og í öllum, eða nær öllum tilvikum fellt inn í þá samninga ákvæði um verðbætur í fullu samræmi við byggingarvísitölu Hagstofu Íslands eða svipuð verðlagsákvæði.

Húsnæðismálastofnun ríkisins hefur í seinni tíð tekið upp svonefndan verðbótargrundvöll í þá samninga um húsbyggingar, sem hún hefur staðið að. Sú aðferð er fólgin í því, að sett er fast verð á vinnu og einstaka efnisliði og út frá verðbreytingum þessa verðmiðunarliða eru verðbreytingar reiknaðar jafnótt og verkinu miðar áfram.

Svipaðar venjur um verðbætur og hér hefur verið lýst hafa skapast í skiptum einstaklinga og ekki talið til lögbrota fram til þessa.

Síðustu mánuði hafa verið uppi raddir um, að verðbætur í hvaða mynd sem er brjóti í bág við umrædd lög og verður því ekki komist hjá að setja skýr og afdráttarlaus ákvæði, sem taki af öll tvímæli um þessi efni.

Fram er komið, á þingskjali 29, frumvarp um breytingu (flm.: Ellert B. Schram) sem gengur í þessa átt, en er vart svo skýrt orðuð, að ekki verði misskilin eða verði túlkuð á einn veg. Þykir því eðlilegra að flytja breytingartillögu við lögin sjálf en fram komið frumvarp.

## Sþ. 62. Fyrirspurnir. [59. mál]

I. Til samgönguráðherra um vegarstæði yfir Þorskafjörð.

Frá Þorv. Garðari Kristjánssyni.

Hvað líður könnun á vegarstæði yfir Þorskafjörð frá Stað á Reykjanesi að Skálanesi?

II. Til forsætisráðherra um auðæfi á eða í íslenskum hafsbotni.

Frá Benedikt Gröndal.

1. Hvaða aðilar hafa óskað leyfa til að leita að olíu, jarðgasi eða öðrum auðæfum á eða í hafsbotni á íslensku yfirráðasvæði?
2. Hvernig hefur verið brugðist við þessum óskum?
3. Hefur ríkisstjórnin mótað nokkra stefnu varðandi leit að olíu, jarðgasi eða öðrum auðæfum á eða í hafsbotni Íslands?
4. Hefur ríkisstjórnin undirbúið viðbrögð og stefnu ef slík auðæfi finnast á eða í hafsbotni á íslensku yfirráðasvæði?

III. Til iðnaðarráðherra um störf nefndar vegna eftirlits með raforkuvirkjum.

Frá Helga F. Seljan.

1. Hvað líður störfum nefndar frá 1. nóv. 1972 vegna eftirlits með raforkuvirkjum?
2. Hefur nefndin gert einhverjar tillögur til ráðuneytisins um bætt skipulag þessara mála, t. d. að Rafmagnseftirlit ríkisins verði sjálfstæð stofnun?

## Ed. 63. Frumvarp til laga [60. mál]

um fullorðinsfræðslu.

(Lagt fyrir Alþingi á 96. löggjafarþingi 1974.)

### I. KAFLI
### MARKMIÐ OG SKIPULAG

**1. gr.**

Fullorðinsfræðsla hefur að markmiði að skapa öllum skilyrði til þroska bæði sem einstaklingum og samfélagsþegnum. Fullorðinsfræðsla er annar þáttur í menntakerfi þjóðarinnar, **ævimenntun,** og er hún jafnrétthá hinum þættinum, hinu lögbundna skólakerfi, frummenntuninni.

Fullorðinsfræðsla getur verið með þrennu móti:

a) Skólanám, hliðstæða frummenntunarinnar.
b) Starfsnám, viðbótarmenntun, endurmenntun og ummenntun í tengslum við atvinnulífið í víðtækustu merkingu.
c) Frjálst nám og frístundamenntun til þekkingar og menningarauka.

**2. gr.**

Menntamálaráðuneytið hefur yfirstjórn fullorðinsfræðslunnar og samræmir eftirlit með fræðslu, sem veitt er samkvæmt lögum þessum, í samráði við fullorðinsfræðsluráð. (sbr. 6. gr.).

**3. gr.**

Fullorðinsfræðslu annast þessir aðilar:

a) Ríki, fræðsluumdæmi og sveitarfélög.
b) Aðilar vinnumarkaðarins.
c) Fræðslufélög á ýmsum stöðum, fræðslusamtök í fræðsluumdæmum og fræðslusambönd í landinu öllu.

**4. gr.**

Um ábyrgð hinna opinberu aðila varðandi fullorðinsfræðsluna gilda þessi ákvæði:

a) Ríki ber ábyrgð á þeirri fullorðinsfræðslu sem veitt er af eigin stofnunum þess. Ríki ber og ábyrgð á þeirri fullorðinsfræðslu sem er þáttur í atvinnulífinu.
b) Fræðsluumdæmi og sveitarfélög bera ábyrgð á fullorðinsfræðslu sem fram fer í stofnunum er hlíta forsjá þeirra eftir því sem um semst milli þeirra og Menntamálaráðuneytisins.

**5. gr.**

Um fjárframlög hinna opinberu aðila til fullorðinsfræðslu, sem ekki er á þeirra ábyrgð, gilda þessi ákvæði:

a) Ríkið veitir styrki til aðila atvinnulífsins, svo og til félaga, samtaka og fræðslusambanda.

b) Fræðsluumdæmi og sveitarfélög styrkja fræðslusamtök og félög á svæðum sínum í samræmi við reglur sem Menntamálaráðuneytið setur að fengnum tillögum Sambands íslenskra sveitarfélaga.

6. gr.

Níu manna fullorðinsfræðsluráð skal vera ráðgefandi og mótandi aðili í málum sem varða fullorðinsfræðsluna. Ráðið skal þannig skipað:
a) Tveir fulltrúar hins opinbera.
b) Fjórir fulltrúar aðila vinnumarkaðarins.
c) Þrír fulltrúar fræðslusambanda.

Ráðið kýs sér formann úr sínum hópi og setur sér starfsreglur sem Menntamálaráðuneytið staðfestir.

7. gr.

Fræðsluráð fer með stjórn fullorðinsfræðslu í umdæmi sínu ásamt með þrem fulltrúum aðila vinnumarkaðarins, einum tilnefndum af atvinnurekendum, tveim af verkalýðssamtökunum, svo og tveim fulltrúum fræðslufélaga og fræðslusamtaka í umdæmunum, tilnefndum af hvorum aðila fyrir sig. Fræðsluráð og hinir fimm fulltrúar mynda **fullorðinsfræðslunefnd** fræðsluumdæmisins og starfar hún í samræmi við reglur sem Menntamálaráðuneytið setur að fengnum tillögum Sambands íslenskra sveitarfélaga.

## II. KAFLI
## FRÆÐSLAN

8. gr.

Fullorðinsfræðsla, sem er hliðstæð frummenntun eða býr m. a. undir að sanna með prófskilríkjum hliðstæða þekkingu og leikni, lýtur reglum sem Menntamálaráðuneytið setur.

9. gr.

Prófvottorð eða námsmat, sem byggt er á fullorðinsfræðslu samkvæmt lögum þessum, jafngildir prófvottorðum eða námsmati samsvarandi stigs frummenntunar.

10. gr.

Fullorðinsfræðsla sem þáttur í atvinnulífinu fer eftir reglugerðum þar að lútandi.

11. gr.

Fullorðinsfræðsla í tengslum við atvinnulífið skal grundvallast á samvinnu milli skólayfirvalda á hverjum stað, samtaka starfsfólks og samtaka atvinnurekenda.

12. gr.

Þegar fræðslustarfsemi, sem nýtur opinbers styrks, er lögð atvinnufyrirtæki í hendur eða er framkvæmd á ákveðnum vinnustað, skal hún skipulögð og henni stjórnað sameiginlega af fulltrúum atvinnurekenda og starfsmanna fyrirtækisins. Svo skal og vera þótt fyrirtækið eða vinnustaðurinn hafi sérstakan starfsmann er hafi á hendi framkvæmd fræðslunnar.

13. gr.

Fræðslusambönd, sem mynduð eru af einstaklingum, félögum eða félagsheildum, en hafa með höndum fræðslustarf í landinu öllu, skulu hafa sjálfstæða stjórn og aðskilinn fjárhag. Slík fræðslusambönd skulu hafa hlotið viðurkenningu Menntamálaráðuneytisins og hlíta reglum sem ráðuneytið setur.

14. gr.

Fræðslusamtök, sem hafa með höndum fræðslustarf fyrir fullorðna í fræðsluumdæmi, svo og fræðslufélög er starfa í ákveðnu sveitarfélagi, skulu hafa sjálf-

stæða stjórn og aðskilinn fjárhag. Slík fræðslusamtök og félög skulu hafa hlotið viðurkenningu fullorðinsfræðslunefndar í fræðsluumdæmi til að vera styrkhæf.

15. gr.

Fullorðinsfræðsla á vegum fræðslusambanda, fræðslusamtaka og fræðslufélaga getur náð til hvers konar menningar- og fræðslustarfsemi. Sú fullorðinsfræðsla nýtur ríkisstyrks samkvæmt reglum sem ráðuneytið setur. Styrkur til fræðslusamtaka og fræðslufélaga frá fræðsluumdæmum fer eftir reglum sem ráðuneytið setur að fengnum tillögum Sambands íslenskra sveitarfélaga.

16. gr.

Skipan þeirrar fullorðinsfræðslu, sem er hliðstæð frummenntun, getur verið með ýmsu móti. Sérstöðu nýtur þar **fullorðinsdeild** sem samkvæmt lögum þessum er kennsluform er styrks nýtur eftir sömu reglum og frummenntun, sé hún í höndum hins lögbundna skólakerfis, en hlýtur styrk eftir ákvæðum þessara laga, sé hún falin fræðslusambandi.

17. gr.

Aðrir aðalþættir fullorðinsfræðslu eru:

a) Námsflokkar sem njóta kennslu leiðbeinanda.
b) Námshópar sem njóta handleiðslu leiðbeinanda.
c) Bréfaskólanám.

Ráðuneytið setur reglur um skipan og fyrirkomulag þessara aðalfræðsluþátta, svo og annarra er styrkhæfir teljast, svo sem námskeiða, stuðningskennslu, fullorðinsfræðslu á stofnunum fyrir fatlaða og fleira.

18. gr.

Aðilar fullorðinsfræðslunnar skulu hafa rétt til að hagnýta kennslugagnastofnun ríkisins á sama hátt og aðilar hins lögbundna skólakerfis.

19. gr.

Óski fullorðinsfræðslunefnd fræðsluumdæmis eftir að komið verði á fót kennslufræðilegri stöð vegna fullorðinsfræðslu í umdæminu, er Menntamálaráðuneytinu heimilt að veita leyfi þar til.

## III. KAFLI
## KENNARAR OG NEMENDUR

20. gr.

Um menntun, ráðningu og launakjör kennara fullorðinsfræðslu, sem ríki, fræðsluumdæmi eða sveitarfélag annast, gilda sömu ákvæði og um kennara frummenntunarinnar að því leyti sem við getur átt.

21. gr.

Menntamálaráðuneytið metur hæfni og starfsreynslu kennara og leiðbeinenda fullorðinsfræðslu sem ekki er á vegum opinberra aðila þegar sú fræðsla er kostuð að meira en hálfu af hinu opinbera, enda eigi þeir kost á kennslufræðilegri menntun og/eða leiðbeinenda þjálfun. Þá skulu og kennarar fullorðinna einnig eiga kost á framhaldsnámi í kennslufræðum og setur ráðuneytið reglur þar um.

22. gr.

Stofna má stöðu skólastjóra og/eða eina eða fleiri stöður námsleiðbeinenda, hafi fullorðinsfræðsla ákveðinnar stofnunar orðið svo umfangsmikil að þess sé þörf. Líka má stofna stöðu námsleiðbeinanda vegna fullorðinsfræðslu við stofnun er veitir frummenntun samkvæmt lögum.

23. gr.

Ráðuneytið setur reglur um þátttöku í fullorðinsfræðslu sem tryggja að fræðslan sé frjáls og ná þær reglur einnig til áframhaldandi náms þeirra sem innritast hafa. Lágmarksaldur í fullorðinsfræðslu sem ekki er hliðstæð frumfræðslu má vera 14. ár. Aldrei getur þó slík fræðsla komið í stað skyldunáms.

24. gr.

Um fullorðinsfræðslu opinberra starfsmanna gilda þær reglur, sem ákveðnar eru í starfs- eða kjarasamningi. Hið sama á við um aðra aðila, sem tryggt hafa rétt til fullorðinsfræðslu í samningum sínum.

25. gr.

Fullorðinsfræðsla, sem fellur undir 10. gr., skal að því er þátttakendur varðar fylgja ákvæðum reglugerðar.

26. gr.

Eftir því sem við verður komið skal skipuleggja fullorðinsfræðslu þannig að þátttakendur geti samkvæmt lýðræðislegum reglum haft áhrif á kennsluna.

27. gr.

Eigi skulu nemendur, er taka þátt í fullorðinsfræðslu sem er hliðstæða frummenntunar og rækt af opinberum aðilum, greiða námsgjöld. Sé sú fræðsla í höndum fræðslusambanda mega þau krefjast innritunargjalds.

## IV. KAFLI
## FJÁRVEITING TIL FULLORÐINSFRÆÐSLU OG FLEIRA

28. gr.

Ríki, fræðsluumdæmi og sveitarfélög standa straum af kostnaði við fullorðinsfræðslu, sem er hliðstæða frummenntunar, samkvæmt ákvæðum laga um frumfræðslu, sé annað ekki tekið fram í lögum þessum. — Þeir sem slíkt nám stunda skulu njóta sama réttar til námslána og styrkja og þeir sem þátt taka í þeirri frummenntun sem styrkhæf er.

29. gr.

Starfsmenntun fullorðinna í atvinnulífinu nýtur styrks samkvæmt ákvæðum reglugerðar þar um, sem lúta bæði að kostnaði við kennslu og því að bæta þátttakendum vinnutap.

30. gr.

Sé fullorðinsfræðsla veitt í formi **námsflokka og námshópa** skal styrkur ríkisins nema 75% af sannanlegum kostnaði. Lágmarksfjöldi nemenda í námsflokki eða námshópi skal vera 8, en undanþágu má veita, þegar sérstaklega stendur á, og miða lágmark við 5 þátttakendur.

31. gr.

Fullorðinsfræðsla í formi bréfaskólakennslu skal hljóta ríkisstyrk er nemur 75% rekstrarkostnaðar, svo og útgáfukostnaðar, enda hafi Menntamálaráðuneytið áður fallist á útgáfu kennsluefnisins.

32. gr.

Fullorðinsdeild á vegum fræðslusambands, sem hlotið hefur leyfi Menntamálaráðuneytisins til slíkrar starfsemi, skal fá ríkisstyrk er nemur 75% kostnaðar, enda sé lágmarksnemendafjöldi í slíkri deild 15.

33. gr.

Um aðra fullorðinsfræðslu á vegum félaga, samtaka eða sambanda gilda ákvæði sem Menntamálaráðuneytið setur í reglugerð og fjalla um erindaflutning, tónlistarstarfsemi, leiklistarstarfsemi, myndlist og annað sem talið er styrkhæft á grundvelli laga þessara.

34. gr.

Fræðslusambönd, sem hlotið hafa viðurkenningu Menntamálaráðuneytisins, skulu fá styrk er nemur 75% af eftirfarandi:

a) Stjórnunarkostnaði.
b) Launum kennara og leiðbeinenda.
c) Kostnaði við námskeið fyrir leiðbeinendur í fullorðinsfræðslu á sínum vegum.
d) Kostnaði við stutt námskeið fyrir starfsmenn og stjórnendur.

Skilyrði slíkra styrkja er að ráðuneytið hafi áður samþykkt áætlanir viðkomandi fræðslusambands á nefndum kostnaðarliðum.

35. gr.

Ríkið styrkir kennslufræðilegar stöðvar í fræðsluumdæmum sem hér segir:

a) 50% af launum sérmenntaðs starfsliðs.
b) 50% af útgjöldum vegna skrifstofuhalds.
c) Byggingarstyrk sem Alþingi veitir.

36. gr.

Ríki, fræðsluumdæmi eða sveitarfélag lætur í té kennsluhúsnæði og tæki ásamt ljósi, hita, ræstingu og húsvörslu vegna fullorðinsfræðslu. Nefnd ákvæði skerða þó ekki umráðarétt fræðsluráðs og skólastjóra yfir fræðslustofnunum í þeirra umsjá.

37. gr.

Um hagnýtingu annars húsnæðis til fullorðinsfræðslu, svo og greiðslu til þeirra aðila sem slíkt kennsluhúsnæði láta í té, gilda ákvæði reglugerðar sem Menntamálaráðuneytið setur.

## V. KAFLI
## SÉRÁKVÆÐI

38. gr.

Menntamálaráðuneytið setur nánari reglur um allt er lýtur að frekari framkvæmd laga þessara.

39. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af nefnd, sem Menntamálaráðuneytið skipaði. Hefur ráðuneytið sent frv. ýmsum til umsagnar.

Þær umsagnir, sem borist hafa, eru í athugun hjá fullorðinsfræðslunefnd og verða sendar þeirri þingnefnd, sem fær frv. til meðferðar.

Frv. er lagt fram óbreytt eins og það kom frá nefndinni, sem samdi það, og fylgdi því svofelld greinargerð og fylgiskjöl:

## I.
## „SKIPUN OG STÖRF FULLORÐINSFRÆÐSLUNEFNDAR

### 1. Skipun nefndarinnar.

Með bréfi dagsettu 26. október 1971 skipaði Menntamálaráðuneytið nefnd er var falið „að gera tillögur um hvernig skipuleggja skuli fræðslustarfsemi fyrir fullorðna er hafi m. a. það markmið að veita kost á endurmenntun og gera kleift að ljúka prófum ýmissa skólastiga.“ Ennfremur segir í bréfinu: „Ber að skila tillögunum til ráðuneytisins í frumvarpsformi svo fljótt sem við verður komið.“

Í nefndina voru skipuð: Sira Guðmundur Sveinsson skólastjóri, formaður; Stefán Ögmundsson prentari, samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands; dr. Matthías Jónasson, prófessor, samkvæmt tilnefningu Háskólaráðs; Andrés Björnsson út-

stjóri, samkvæmt tilnefningu Ríkisútvarpsins; Gunnar Grímsson, starfsmannastjóri, samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra samvinnufélaga; Sigríður Thorlacius formaður Kvenfélagasambands Íslands, samkvæmt tilnefningu Kvenfélagasambandsins; Jónas B. Jónsson fræðslustjóri, samkvæmt tilnefningu Reykjavíkurborgar, en Jónas lét af störfum í nefndinni í október 1973 og var þá Ragnar Georgsson skólafulltrúi tilnefndur af Reykjavíkurborg í hans stað.

Nefndin kom saman á fyrsta fund miðvikudaginn 24. nóvember 1971. Á þeim fundi var Sigríður Thorlacius kjörin ritari nefndarinnar. Þá var ákveðið að halda fundi reglulega annan hvern miðvikudag. Fundir skyldu haldnir að Hamragörðum, félagsheimili samvinnumanna að Hávallagötu 24 og hefjast kl. 16.00. Þá var formanni falið að safna öllum tiltækum gögnum um fullorðinsfræðslu í nágrannalöndunum, einkum þó á Norðurlöndum.

## 2. Gagnasöfnunin.

Gagnasöfnun nefndarinnar og gagnakönnun stóð allt árið 1972 og fram á árið 1973. Menntamálaráðuneytið veitti mikla og margháttaða aðstoð við að safna gögnum erlendis frá. Sérstaklega ber að nefna víðtækar heimildir um skipan fullorðinsfræðslu á Norðurlöndum. Eftirfarandi kom í ljós við athugun nefndra heimilda:

Í **Svíþjóð** er fullorðinsfræðslan margbreytilegust og viðamest.

Í **Danmörku** einkennist fullorðinsfræðslan af dreifingu bæði í framkvæmd og lagasetningu.

Í **Finnlandi** er fullorðinsfræðslan tiltölulega ný af nálinni, en á allra síðustu árum hafa verið samþykkt margs konar sérlög er snerta fullorðinsfræðsluna meira og minna.

Í **Noregi** hefur á þriðja ár verið unnið að samningu frumvarps um heildarskipan fullorðinsfræðslunnar. Drög að slíku frumvarpi voru gefin út ásamt viðamiklum skýringum í nóvember 1972 undir heitinu Vaksenopplæring for alle (NOU 1972:41). Voru þau drög og öll sú vinna, sem lá þar að baki, fullorðinsfræðslunefndinni til mikils ávinnings og auðveldaði störf hennar að miklum mun.

Þá kannaði fullorðinsfræðslunefndin einnig á þessum tíma nokkur rit og heimildir um fullorðinsfræðslu frá Bretlandi og Þýskalandi.

Frá Evrópuráðinu fékk fullorðinsfræðslunefndin bækur, rit og greinargerðir. Evrópuráðið hefur látið fræðslu fullorðinna mjög til sín taka, svo og nýtt menntakerfi, **ævimenntun.**

Þá aflaði fullorðinsfræðslunefndin sér gagna frá Unesco, menningar- og fræðslustofnun Sameinuðu þjóðanna. Unesco hefur haldið þrjár alþjóðaráðstefnur um fullorðinsfræðslu, í Helsingør í Danmörku 1949, í Montreal í Kanada 1960 og í Tókíó í Japan 1972. Sérstaklega var fjallað um ítarlega skýrslu um síðustu ráðstefnuna og ýmiss konar gögn og athuganir sem verið höfðu grundvöllur og forsenda umræðna á ráðstefnunni og einstakir aðilar komið á framfæri.

Til þess að afla upplýsinga um fullorðinsfræðslu hérlendis ritaði nefndin 21 aðila, þeim er einkum höfðu látið slíka fræðslu til sín taka, og bar fram fyrirspurnir um ýmis atriði þeirrar fræðslu. Svör bárust frá 12 aðilum. — Þá bárust nefndinni gögn frá Skálholtsskólafélaginu, Fræðsluskrifstofu Reykjavíkur, Þórarni Þórarinssyni fyrrum skólastjóra og fleirum.

## 3. Samnorræn stjórnarnefnd fullorðinsfræðslu.

Í september 1972 var á vegum Norrænu menningarstofnunarinnar, Nordisk kulturelt Samarbeide, NKS, skipuð samnorræn stjórnarnefnd fullorðinsfræðslu, **Styringsgruppe for voksenundervisningen i Norden.** Nefnd þessi var skipuð fyrir atbeina embættismannanefndar NKS og átti hvert Norðurlandanna að eiga þar einn fulltrúa. Formaður íslensku fullorðinsfræðslunefndarinnar Guðmundur Sveinsson var tilnefndur sem fulltrúi Íslands í stjórnarnefndinni. Nefndin hlaut tvö verkefni

sérstaklega til úrlausnar: Annað lýtur að tilraun með nýja kennsluhætti í fullorðinsfræðslu, svonefnd NOVUprogram (Nordisk Vuxenutbildning). Hitt fólst í gagnasöfnun um fræðslu fullorðinna á Norðurlöndum, kallað „kortlægnings-projektet". Síðara verkefnið snerti verulega störf fullorðinsfræðslunefndarinnar. Að tillögu stjórnarnefndarinnar var gerð veruleg breyting á tilhögun gagnasöfnunarinnar. Í stað þess að upphaflega var áformað að einn maður, Sviinn Erik Norberg, annaðist gagnasöfnunina var í desember 1972 lagt til að tilteknir aðilar í hverju landi tækju að sér að sjá um framkvæmdina. Heildarfjárhæð, er greiða átti fyrir gagnasöfnunina sjálfa, var ákveðin 15 þúsund krónur danskar og komu þannig 3 þúsund í hlut hvers hinna fimm landa. — Fullorðinsfræðslunefndinni íslensku var falið að annast gagnasöfnunina á Íslandi og ráða mann til verksins. Nefndin réð Hrafn Magnússon kennara í Bifröst. Hann hóf þegar vorið 1973 að vinna að gagnasöfnunni. Hrafn fékk Menntamálaráðuneytið til að birta auglýsingu um gagnasöfnunina, tilgang hennar og aðalverkefni. Var þess óskað að allir einstaklingar eða félög sem haft hefðu fullorðinsfræðslu á hendi, gæfu sig fram og létu ráðuneytinu og fullorðinsfræðslunefndinni umbeðnar upplýsingar í té. — Þá skrifaði Hrafn Magnússon 175 félögum, stofnunum og einstaklingum bréf þar sem gerð var grein fyrir gagnasöfnuninni og lét fylgja spurningarlista er útfylla átti.

### 4. Fyrstu drög að frumvarpi til laga um fullorðinsfræðslu.

Það var snemma árs 1973 að formaður fullorðinsfræðslunefndarinnar lagði fram í nefndinni fyrstu drög að frumvarpi til laga um fullorðinsfræðslu. Undanfari frumvarpsdraganna var nákvæm athugun og könnun á drögum norsku fullorðinsfræðslunefndarinnar, en ritari íslensku nefndarinnar Sigríður Thorlacius hafði þýtt bæði drög meirihluta norsku nefndarinnar sem samin voru á norsku landsmáli (nýnorsku) og drög minnihluta sömu nefndar, en þau voru samin á ríkismáli. — Hvor tveggja frumdrögin birtust ásamt ítarlegum greinargerðum í ritinu Vaksenopplæring for alle, er kom út í nóvember 1972.

Voru hin norsku frumvarpsdrög vandlega rædd á fyrstu fundum fullorðinsfræðslunefndarinnar árið 1973 og borin saman við önnur norræn lög um fullorðinsfræðslu sem nefndin hafði undir höndum.

Fyrstu drögin að íslensku frumvarpi til laga um fullorðinsfræðslu voru endurskoðuð rækilega og þeim breytt í verulegum atriðum í meðförum nefndarinnar. Var svo komið í júnímánuði 1973 að fullorðinsfræðslunefndin hafði komið sér saman um svo veigamikil aðalatriði frumvarps til fullorðinsfræðslulaga að samþykkt var að láta fjölrita frumvarpsdrögin í því formi sem þau þá voru og senda þau síðan til umsagnar 28 aðilum. Var óskað umsagna og ábendinga varðandi drögin.

Þessir tuttugu og átta aðilar áttu að vera fulltrúar þriggja mismunandi heilda er hlutu að láta sig fullorðinsfræðslu miklu varða. Hinar þrjár heildir og fulltrúar hverrar um sig voru eftirfarandi:

a) **Tíu aðilar hins lögbundna skólakerfis:** Fræðsluráð Reykjavíkur, Fræðsluráð Akureyrar, Fræðsluráð Ísafjarðar, Fræðsluráð Árnessýslu, Fræðsluráð Egilsstaðahrepps, Samband íslenskra sveitarfélaga, Menntaskólinn við Hamrahlíð vegna „öldungardeildar" skólans, Laugalækjarskólinn í Reykjavík vegna Kvöldskólans er þar starfaði, Háskólaráð og loks Fræðslumyndasafn ríkisins.

b) **Níu aðilar tengdir vinnumarkaðinum og atvinnuvegum landsmanna:** Alþýðusamband Íslands, Vinnuveitendasamband Íslands, Vinnumálasamband samvinnufélaganna, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Stjórnunarfélag Íslands, Iðnnemasamband Íslands, Búnaðarfélag Íslands og loks Iðnfræðsluráð.

c) **Níu aðilar frjálsra félagasamtaka er hafa bæði menningar- og fræðslumál á stefnuskrá sinni:** Æskulýðssamband Íslands, Kvenfélagasamband Íslands, Ungmennafélag Íslands, Menningar- og fræðslusamband alþýðu, Samband íslenskra samvinnufélaga, Íþróttasamband Íslands, Bandalag íslenskra skáta, Íslenska þjóðkirkjan og loks Samband íslenskra námsmanna erlendis S.Í.N.E.

Nefndin óskaði að svör hefðu borist í síðasta lagi um miðjan september, enda var ætlunin að halda síðan fundi með þeim aðilum er fengu frumvarpsdrögin til umsagnar.

Umsagnir og athugasemdir bárust frá eftirtöldum aðilum: Búnaðarfélagi Íslands, Sambandi íslenskra samvinnufélaga, Vinnuveitendasambandi Íslands, Íþróttasambandi Íslands, Vinnumálasambandi samvinnufélaganna, Iðnnemasambandi Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Íslensku þjóðkirkjunni, Menningar- og fræðslusambandi alþýðu, Fræðsluráði Reykjavíkur, Fræðslumyndasafni ríkisins, Kvenfélagasambandi Íslands og Stjórnunarfélagi Íslands, alls 13 aðilum.

### 5. Gagnasöfnun og umræðufundir.

Sumarið 1973, meðan beðið var svara frá hinum 28 aðilum, er fengu frumvarpsdrögin til umsagnar, var unnið sleitulaust að söfnun og úrvinnslu gagna um þá fullorðinsfræðslu sem þegar var fyrir hendi í landinu. Var gengið frá fyrstu greinargerð um niðurstöður könnunarinnar í ágústmánuði 1973. Í september sóttu Hrafn Magnússon og Guðmundur Sveinsson fund sem haldinn var á lýðháskólanum í Skælskør á Sjálandi. Þar voru saman komnir allir þeir einstaklingar sem unnu að gagnasöfnun um fullorðinsfræðslu á Norðurlöndum ásamt hinni samnorrænu stjórnarnefnd fullorðinsfræðslunar. Voru á fundi þessum lögð fram fyrstu drögin að framangreindri gagnasöfnun á Norðurlöndunum fimm. Nokkuð þótti skorta á að samræmi væri í könnun og úrvinnslu gagna. Var því á fundinum í Skælskør gengið frá formi er lagt skyldi til grundvallar áframhaldandi könnun, en þó einkum framsetningu og niðurstöðum einstakra þátta og atriða. —

Í samræmi við ákvarðanir fundarins í Skælskør var síðan unnið að nýrri gerð skýrslu um fullorðinsfræðslu hér á landi. Sú nýja gerð var tilbúin í byrjun október 1973.

Fullorðinsfræðslunefndin ræddi athugasemdir og ábendingar sem nefndinni bárust, svo og niðurstöður gagnasöfnunarinnar jafnóðum og þær lágu fyrir. Þannig bættist nefndinni mikill fróðleikur um stöðu fullorðinsfræðslunnar í nágrannalöndunum sem og hér á landi, en jafnframt komu fram hugmyndir um æskilega framvindu og eflingu fullorðinsfræðslunnar.

Að fengnum slíkum gögnum og lokinni könnun þeirra ákvað fullorðinsfræðslunefndin að boða til umræðufunda með þeim aðilum er fengið höfðu frumvarpsdrög hennar til umsagnar og áður getur. Var ákveðið að halda þrjá slíka fundi og miða við hina þrenns konar aðila eins og fyrr var frá greint.

Fyrsti fundurinn var haldinn þriðjudaginn 19. október og skyldi sá fundur haldinn með aðilum hins lögbundna skólakerfis. Á þeim fundi mættu með nefndinni aðeins tveir fulltrúar: Páll Líndal vegna Sambands íslenskra sveitarfélaga og Fræðsluráðs Reykjavíkur og Þráinn Guðmundsson frá Laugalækjarskólanum á vegum Kvöldskólans.

Annar fundurinn var haldinn 25. október og voru boðaðir þangað fulltrúar frjálsra félagssamtaka, er hafa bæði menningar- og fræðslumál á stefnuskrá sinni. Til fundarins komu: Sigurður Markússon framkvæmdastjóri Skipulags- og fræðsludeildar SÍS, Jón Ragnarsson frá Æskulýðssambandi Íslands, Hjörleifur Sigurðsson og Baldur Óskarsson frá Menningar- og fræðslusambandi alþýðu, Sigurveig Sigurðardóttir frá Kvenfélagasambandi Íslands, Þórarinn Þórarinsson og Jónas Pálsson frá menntamálanefnd þjóðkirkjunnar, Sigrún Sigurgeirsdóttir frá Bandalagi íslenskra skáta og Hannes Þ. Sigurðsson frá Íþróttasambandi Íslands.

Þriðji fundurinn var haldinn 30. október með fulltrúum aðila vinnumarkaðarins. Þann fund sóttu Friðrik Sófusson frá Stjórnunarfélagi Íslands, Óli Valur Hansson frá Búnaðarfélagi Íslands, Barði Friðriksson og Gunnar Björnsson frá Vinnuveitendasambandi Íslands, Rúnar Bachmann frá Iðnnemasambandi Íslands, Ólafur Hannibalsson og Hjörleifur Sigurðsson frá Alþýðusambandi Íslands og Óskar Guðmundsson frá Iðnfræðsluráði.

Mjög hreinskilin og einarðleg skoðanaskipti fóru fram á öllum þessum fundum og vörpuðu þeir að mörgu leyti nýju ljósi á vanda, verkefni og fjölbreytni fullorðinsfræðslunnar.

### 6. Ný drög að frumvarpi til laga um fullorðinsfræðslu. — Gagnasöfnun og úrvinnslu hennar endanlega lokið.

Eftir umrædd fundahöld og að fengnum margvíslegum ábendingum og tillögum, svo og með hliðsjón af framvindu gagnasöfnunarinnar, tók fullorðinsfræðslunefndin til við að endursemja frumvarp til laga um fullorðinsfræðslu. Voru endursamin drög lögð fram í nóvember 1973.

Þau drög voru síðan rædd ítarlega á fundum nefndarinnar næstu mánuði. Kom í ljós nokkur skoðanaágreiningur í nefndinni um ýmis ákvæði og atriði. Voru allir nefndarmenn sammála um að þann skoðanamun yrði að jafna og finna frumvarpinu það form og framsetningu er allir gætu sameinast um. — Þessu marki var náð snemma árs 1974 nokkurn veginn samtímis því að endanlega var gengið frá lokaskýrslu um gagnasöfnun varðandi fullorðinsfræðsluna á Íslandi.

### 7. Greinargerð um frumvarpið í heild og einstakar greinar þess.

Mikill tími hefur á þessu ári, 1974, farið í samningu greinargerðar um frumvarpið og endurskoðun hennar. Var formanni fullorðinsfræðslunefndarinnar falið að semja drög að greinargerð, en nefndin í heild hefur síðan fjallað um greinargerðina, endurskoðað hana og umsamið uns hún tók á sig þá mynd er hún birtist hér í. Var greinargerðin endanlega samþykkt á síðasta fundi nefndarinnar, sem var 50. fundur hennar, 10. maí 1974. Formanni og ritara var falið að sjá um frekari vinnu varðandi endanlega afhendingu frumvarps og greinargerðar.

## II
## AÐALHUGTÖK SKÝRÐ

### 1. Ævimenntun.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að komið verði á nýju menntakerfi með þjóðinni, **ævimenntun.** Er þar vikið að skipan menntamála, sem á þegar langa sögu að baki. Sú saga verður ekki rakin hér. Á hitt skal minnt sérstaklega, að þrjár alþjóðlegar stofnanir hafa fjallað um þetta fræðslukerfi framtíðarinnar og leitast við að vekja á því athygli.

Það var á annarri ráðstefnu Menningar- og fræðslustofnunar Sameinuðu þjóðanna, Unesco, um fullorðinsfræðslu, sem haldin var í Montreal í Kanada árið 1960, að fram kom skýr túlkun á þessari fræðsluskipan og var henni þá valið heitið **„Life-long integrated education"**, þ. e. a. s. ævinmenntun er byggð væri upp með því að skapa samfellda heild úr mörgum þáttum. Frá Unesco er þannig sjálft **ævimenntunar-hugtakið** komið. Jafnframt er það sú skilgreining þess, að í ævinmenntun komi saman tveir meginþættir, **hið lögbundna skólakerfi** og **nýr þáttur**, er ætla þurfi sambærilegan hlut við hlið þess.

Frá því árið 1966 hefur **Evrópuráðið** eða ein af fræðslunefndum þess, þ. e. **Out-of-School Committee**, er starfar á vegum **The Council for Cultural Cooperation, CCC**, fjallað um sams konar fræðslukerfi undir heitinu **Permanent Education**, menntun sem stöðugt varir. Hefur Evrópuráðið hvatt aðildarlönd sín til að gefa hinu nýja fræðslukerfi gaum og reyndar gert eins konar áætlun um hugsanlegan framgang málsins, þ. e. hversu hinu nýja menntakerfi yrði komið á í áföngum. Hefur Evrópuráðið kallað tímabilið frá 1966—1971 **hugtakaskeiðið**, en með árinu 1972 hófst **framkvæmdaskeiðið**. Hafa áætlanir verið gerðar um, hvernig staðið skuli að framkvæmd málsins til ársins 1978.

Enn hefur **Efnahags- og framkvæmdastofnunin,** O.E.C.D. látið sig varða þetta framtíðarkerfi menntunar í aðildarríkjum sínum og valið því nafnið **Recurrent Education,** þ. e. a. s. menntun, sem fram fer aftur og aftur. Hefur hugtak O.E.C.D. réttilega verið þýtt á íslensku með orðinu **símenntun.** Hefur það nafn verið notað nokkuð hér á landi í umræðu um framtíðarskipan fræðslumála.

Tillögur O.E.C.D. eru um margt sérstæðar. Eiginlega er gert ráð fyrir að skólagöngu í þeim skilningi sem venjulega er lagður í orðið ljúki með skyldunámi. Eftir það verði nám og störf úti í atvinnulífinu tengd saman og námsáfangar styttir svo að aldrei rofni samband þar á milli (sbr. ritið Recurrent Education: A strategy for Lifelong Learning, bls. 24—25.)

Jafnframt því sem það er tekið fram í frumvarpinu að menntakerfi þjóðarinnar skuli vera **ævimenntun,** er það áréttað að í ævimenntuninni felast tveir þættir, annars vegar hið lögbundna skólakerfi sem í frumvarpinu er kallað einu nafni **frummenntun** hins vegar nýr þáttur, **fullorðinsfræðsla.** Um leið og þessarar tviskiptingar er getið, er það tekið fram að báðir þættirnir, **fullorðinsfræðslan** og **frummenntunin** skuli vera jafnréttháir.

## 2. Frummenntun.

**Frummenntun** er hugtak sem í frumvarpinu er notað um það, sem á tungum annarra þjóða norrænna er nefnt **„förstegangsopplæring"** (norska hugtakið er tilgreint), en á ensku **„formal education".** **Frummenntunin** felur í sér nær alla þá fræðslu sem nú er veitt í landinu og nær þá auðvitað yfir öll fræðslustig hins lögbundna skólakerfis, hvort sem þau eru fjögur eins og nú hagar til eða verða þrjú sem til er ætlast eftir gildistöku grunnskólalaganna, svo og laganna um skólakerfi.

Með hugtakinu **frummenntun** er þannig í frumvarpi þessu átt við alla lögbundna fræðslu sem fyrir er í landinu, allt frá grunnskóla til háskóla. Þar eru og taldir með allir sérskólar sem reknir eru á grundvelli laga og tengjast með einhverju móti hinu lögbundna skólakerfi. (Sbr. skilgreiningu norsku fullorðinsfræðslunefndarinnar á frumfræðslu og upptalningu á lögum þeim, er hún nær til, **Vaksenopplæring for alle,** bls. 106).

## 3. Fullorðinsfræðsla.

**Fullorðinsfræðsla** er nýr þáttur í íslenskum fræðslumálum. Honum er ætlað mikið hlutverk eins og fram kemur í frumvarpinu. Ætlunin er að lögbinda ákveðna þætti fræðslu sem veitt er nú þegar í landinu, svo sem **námsflokkastarfsemi, bréfaskólanám,** svo og **félagslega og menningarlega** fræðslu af ýmsu tagi sem látin er í té með **leshringastarfsemi.** Þá skal enn fremur styrkja verulega tilraunir sem þegar hafa verið gerðar til **fræðslu í atvinnulífinu** af fjölmörgum aðilum þess. En um hitt er ekki minna vert að skapa á möguleika til nýrra fræðslu- og menningarþátta sem ekki hafa enn verið ræktir, sumpart vegna fjárskorts, en fremur þó vegna vöntunar á skipulagi og heildarstefnu.

Um þróun fullorðinsfræðslunnar hér á landi og í nágrannalöndunum verður ekki fjallað í þessari greinargerð, en vísað í því sambandi til erinda sem flutt voru í útvarp vorið 1973 og fylgja frumvarpinu sem fylgiskjöl. Þá skal enn vísað til erindis sem flutt var á ársfundi MFA í nóvember 1972 og greinir frá þróun fullorðinsfræðsluhugtaksins á alþjóðaráðstefnum Unescos, Menningar- og fræðslustofnunar Sameinuðu þjóðanna. En stofnunin hefur haldið þrjár ráðstefnur um fullorðinsfræðslu. Einnig það erindi fylgir frumvarpinu um sérstakt fylgiskjal.

Nefndin hefur orðið sammála um að leggja til að hinn nýi þáttur menntamálanna, sem frumvarp þetta tekur til, skuli kallast **fullorðinsfræðsla.** Heitið fullorðinsfræðsla er að mati nefndarinnar engan veginn áhrifamikið heiti. Öðru nær. Það felur í sér sömu vandræðalausnina og heiti frændþjóða okkar á Norðurlöndum, **voksenunder-**

**visning** (á dönsku), **vaksenopplæring** eða **voksenopplæring** (á norsku) og **vuxenutbildning** (á sænsku, en sama nafn er notað af sænskumælandi Finnum). Mun betur hefur til tekist um heiti þessa þáttar menntunarinnar í enskumælandi löndum, þar sem hann er kallaður **adult education.** Í hugtakinu felst ekki aldursákvörðun einvörðungu heldur jafnframt þroski og dómgreind. — Einmitt þær nafngiftir sem umræddum fræðsluþætti hafa verið valdar á Norðurlöndum, að kenna hann við hugtakið „fullorðinn" hefur valdið því að þurft hefur sérstaklega að skilgreina hvað átt væri við með hugtakinu „fullorðinn" í þessu sérstaka sambandi. (Sbr. skilgreiningar Dana, Svía og Norðmanna, er settar voru fram í tilefni þriðju alþjóðaráðstefnu Unesco um fullorðinsfræðslu í Tokíó 1972.)

Þar sem nefndin var eins og fyrr segir engan veginn ánægð með hugtakið **fullorðinsfræðsla,** var leitað eftir öðru heiti sem betur hæfði. Ekki reyndist um auðugan garð að gresja. Taldi nefndin tæpast um annan kost að ræða en hugtakið **eftirmenntun** sem komið gæti til greina. Ræddi nefndin þann möguleika sérstaklega að kalla umræddan fræðsluþátt **eftirmenntun.** Eftir ítarlega athugun og umræður komst nefndin að þeirri niðurstöðu að hið síðara hugtak hefði að vísu nokkra kosti, en einnig augljósa galla. Af kostum hins síðara heitis var sá talinn mikilvægastur að hugtakið **eftirmenntun** gæti virst eðlileg samsvörun hugtaksins **frummenntun,** sem tekið var upp í frumvarpið. Af ágöllum þessa heitis voru aftur á móti tveir augljósastir. Annar var sá að hugtakið **eftirmenntun** virðist mun þrengra en hugtakið fullorðinsfræðsla og raunar tæpast taka til annarra þátta en þeirra sem koma á eftir **frummenntuninni** eða hafa hana sem forsendu, þ. e. a. s. menntun eða fræðslu sem „kemur á eftir einhverri annarri menntun." En svo er engan veginn um alla þá fræðslu sem umrætt frumvarp tekur til. Mikið af þeirri fræðslu kemur ekki á eftir, heldur er hliðstæða eða nær til alveg sjálfstæðra fræðsluþátta sem ekki koma á eftir einhverju öðru. (Sbr. skilgreiningu samsvarandi heitis í norsku riti: **Etterutdanningspolitikk,** bls. 36 svo og bls. 45—46.)

Hinn ókosturinn er sá að hugtakið **eftirmenntun** er algerlega nýtt heiti sem hvergi hefur komið fram í umræðum um þann fræðsluþátt er frumvarpið nær til. Það verður aftur á móti ekki sagt um fyrri kostinn að kenna þá fræðslu við fullorðna. Má jafnvel segja að hugtakið fræðsla **fullorðinna** hafi þegar unnið sér nokkra hefð í íslensku máli.

Þá kom enn til álita í nefndinni hvort eðlilegra væri að kalla þann fræðsluþátt, sem frumvarpið lýtur að, **fullorðinsfræðslu** eða **fullorðinnafræðslu,** þ. e. hvort heldur ætti að nota eintölumynd eða fleirtölumynd orðins **fullorðinn** í fyrri hluta hugtaksins. Þótt nefndin liti svo á að hér væri ekki um veigamikið atriði að ræða taldi hún eðlilegra að leggja til að styttri orðamyndin yrði notuð, **fullorðinsfræðsla.** Mætti að öðru jöfnu búast við að sú mynd yrði almenningi munntamari þegar til lengdar léti. Er sú tilhneiging í málinu auðsæ að stytta orðmyndir. Sé um tvær orðmyndir að ræða, veitir hinni styttri jafnan betur þegar fram í sækir.

### 4. Markmið fullorðinsfræðslunnar.

Markmið eða takmark fullorðinsfræðslunnar er að skapa öllum skilyrði til þroska, segir í frumvarpinu. Með þessu er lögð áhersla á að fræðsla skuli ekki aðeins auka þekkingu þeirra sem hennar njóta, heldur veita tækifæri til alhliða mótunar og ræktunar persónuleikans.

Fræðsla á ekki að vera einvörðungu söfnun þekkingaratriða, heldur ná til persónuleika mannsins og veita almenn þroskaskilyrði. Er þetta álit nefndarinnar áréttað með því að sá þroski, sem veitist, skuli bæði taka til mannsins sem **einstaklings** og **þjóðfélagsþegns.** Hér er að sjálfsögðu dvalið við veigamikið atriði í túlkun allrar menntunar á okkar dögum. Mun ekki frekar að því fjölkna vandamáli vikið hér í þessari greinargerð, en aðeins bent á þrjú atriði til rökstuðnings: Í fyrsta lagi er hér um að ræða hina almennu umræðu um það, í hverju menntun sé raunveru-

lega fólgin og þá hallast að þeim skilningi að hún eigi að veita hvort tveggja í senn þekkingu og þroska. **Í öðru lagi** er svo umræða sú, er fram fer um þátt sérfræðinganna, (specialistanna) í menningarsamfélagi okkar, en jafnframt hitt, hversu æskilegt sé að auka þátt hinna sem alhliða menntunar hafa notið og verða því menn yfirsýnar og víðsýni, talsmenn þess að taka tillit til sem flestra aðila og viðhorfa í hverju máli. **Í þriðja lagi** er svo hin mikla áhersla, sem á seinni árum hefur verið lögð á mikilvægi persónuleikans á Vesturlöndum.

### 5. Jafn réttur fullorðinsfræðslu og frummenntunar.

Um **jafnan rétt** hinna tveggja þátta ævimenntunarinnar, þ. e. **fullorðinsfræðslunnar** og **frummenntunarinnar** mætti ætla, að skoðanir væru skiptar. Þá hefðu menn ekki síst í huga að fyrst gæti verið um jafnan rétt að ræða, þegar fullorðinsfræðslan væri orðin álíka umfangsmikil, að kallaði á álíka mikið fjármagn til hennar og lagt væri af mörkum til frumfræðslunnar. Ljóst er að sjálfsögðu að slíkt getur ekki gerst á skömmum tíma. Með áherslu á hinn jafna rétt er á þessu stigi átt við tvennt öðru fremur:

a) Nám það og fræðsla, sem stundað er og veitt á grundvelli laga um fullorðinsfræðslu, skal á allan hátt metið jafngilt því námi og þeirri fræðslu, sem stunduð er og veitt á grundvelli laga um frumfræðslu. Skal vera hægt að sýna fram á með *námsmati og prófum* að um hliðstæðu sé að ræða.
b) Um er að ræða hiklausa stefnuyfirlýsingu þess efnis að engu minni rækt verði við það lögð að byggja upp, þróa og efla fullorðinsfræðsluþáttinn en frumfræðsluþáttinn. Ætlunin skal ekki vera að gera fullorðinsfræðsluþáttinn að hornreku í menntakerfi þjóðarinnar, til dæmis með því að líta á þann þátt sem uppfyllingarþátt og viðauka við frumfræðsluþáttinn, en hafna sérstöðu hans og sjálfstæðu gildi. Á hinu síðast nefnda er mikil hætta og þarf naumast að fara um hana fleiri orðum. (Sbr. hér stefnuyfirlýsingu Stórþingsins norska frá 20. júní 1965, St. prp. no. 92 (1964—1965), einkum bls. 25—26).

Varðandi hinn jafna rétt beggja þátta **ævimenntunarinnar**, fullorðinsfræðslunnar og frumfræðslunnar að því er fjárframlög snertir, má benda á eftirfarandi niðurstöðu sem komist var að í tímariti sem gefið var út í Danmörku: „Nyt om livslang *uddannelse/udvikling*". *Tímarit* þetta var gefið út í sambandi við undirbúning að þriðju alþjóðaráðstefnu Unescos um fullorðinsfræðslu. Í því hefti tímaritsins, sem gefið var út eftir nefnda ráðstefnu, segir svo undir fyrirsögninni: „**Fjármögnun:** Þar sem fullorðinsfræðslan, þegar á heildina er litið, er yngsti þáttur fræðslukerfisins, hefur reyndar í mörg ár verið hornreka og svo litið á í mörgum löndum að fullorðinsfræðslan sé óþarfi og íburður, er auðskilið að fé sem til hennar hefur verið veitt er næsta lítið þegar litið er á veröldina sem heild (0.002% af opinberum fjárframlögum). — Forystumenn margra ríkja hafa þó komist að þeirri niðurstöðu á síðustu árum að svið fullorðinsfræðslunnar sé hið mikilvægasta að stuðla að hagkvæmri og mennskri þróun. Því er svo komið að framlög til fullorðinsfræðslu í Bandaríkjunum og Sovétríkjunum eru nú næstum jafnmikil og framlög til frummenntunar" (sbr. nr. 8—9 (1972) bls. 174).

### 6. Þrískipting fullorðinsfræðslunnar.

Í frumvarpinu eru ákvæði um sundurgreiningu fullorðinsfræðslunnar í þrjá flokka. Er svo kveðið á að fullorðinsfræðslan geti verið **skólanám** ætlað fullorðnum, þ. e. þeim sem horfið hafa að störfum í atvinnulífinu um nokkurt skeið, skal það skólanám sem hér um ræðir vera að eðli og innihaldi bein hliðstæða frummenntunarinnar. Þá á fullorðinsfræðslan í öðru lagi að geta verið **hvers konar nám sem tengist atvinnulífi landsmanna** og ekki er bundið í öðrum lögum, enda þótt það nám geti

verið að eðli hliðstætt sumum greinum frummenntunar og falli því jafnframt undir þann flokk sem nefndur var fyrst. Til aðgreiningar er þetta afbrigði fullorðinsfræðslunnar kallað **starfsnám** vegna hins sérstæða sambands þess við störf og atvinnu. Ekki á þó í því að felast bein lýsing á náminu sjálfu, námstilhögun eða kennsluformi. Getið er sérstaklega um fjölbreytni í námi þessu, enda má ætla að það kunni að hafa nokkra sérstöðu einmitt að því er til hennar tekur. Loks er getið þriðja heildarflokks fullorðinsfræðslunnar, en hann er hér kenndur við **frjálst nám og frístundamenntun.**

Þessi skipting fullorðinsfræðslunnar í þrjá aðalflokka er í fullu samræmi við þá skipan sem orðið hefur í nágrannalöndum okkar þótt hennar gæti að vísu misjafnlega skýrt í lagasetningu og framkvæmd.

**a) Skipan fullorðinsfræðslunnar í Svíþjóð.**

Fullorðinsfræðslan er á margan hátt lengst á veg komin í Svíþjóð, enda á hún þar lengsta hefð að baki. Ennþá er að vísu ekki um heildarlöggjöf að ræða í Svíþjóð varðandi fullorðinsfræðsluna. Eftirfarandi sænsk lög og reglugerðir gefa hugboð um þá aðgreiningu í aðalflokka, sem hér er til umræðu:

a) **Um skólanámið.**
Kungl. Maj:ts kungörelse om kommunal och statlig vuxenutbildning, given Stockholm slott den 27. maj. 1971 SFS 1971:424.

b) **Um starfsnámið.**
Kungl. Maj:ts kungörelse om statsbidrag till löntagerorganisationernas centrala kursverksamhet. SFS 1970: 272.
Arbetsmarknadskungörelsen. SFS 1972: 300.
Kungl. Maj:ts kungörelse ang. yrkesutbildningskurs för arbetslösa.
SFS 1972: 818.

c) **Frjáls nám og frístundamenntun.**
Kungl. Maj:ts kungörelse om statsbidrag till det fria och frivillige folkbildningsarbetet. SFS 1963: 463.

Þá má enn vekja sérstaklega athygli á lögum og reglugerð í Svíþjóð frá síðasta ári varðandi fjárframlög til að auðvelda fólki að hagnýta sér öll þau afbrigði fullorðinsfræðslu sem nú hafa verið nefnd, en þar er um eftirfarandi að ræða:

Studiestödslagen
SFS 1973: 349.
Studiestödskungörelsen
SFS 1973: 418.

**b) Skipan fullorðinsfræðslunnar í Finnlandi.**

Í Finnlandi er þróun fullorðinsfræðslunnar skemmra á veg komin en í Svíþjóð. Þar má samt engu að síður greina hina sömu þrískiptingu og kemur hún fram í eftirfarandi:

a) **Skólanám.**
Lag och förordning om statens aftonläroverk och aftonlinjer vid statens läroverk 116/68 og 172/68.

b) **Starfsnám.**
Lag och förordning om sysselsättnings befrämjande kursverksamhet 493/65 och 494/65.

c) **Frjálst nám og frístundamenntun.**
Lag och förordning om statsbidrag åt medborgar-och arbetarinstitut 521/62 og 386/63.

Lag och förordning om statsbidrag för studiecirkelverksamhet 186/64 og 621/64.
Lag och förordning om statsbidrag för idrottsinstitut 516/62 och 401/63.
Lag och förordning om statsbidrag för musikinstitut 147/68 og 206/68.

Þá ber enn að nefna tvenn lög og reglugerðir sem Finnar telja að fjalli um fullorðinsfræðslu, en þar er um að ræða:

Biblioteksla gen och förordningen 235/62 och 268/62.
Lag och förordning om statsbidrag för folkehögskolor 556/69 och 4/70.

Má af þessari upptalningu sjá að hinn þriðji heildarflokkur fullorðinsfræðslunnar, **frjálst nám og fristundamenntun**, er hlutfallslega viðamestur í Finnlandi.

**c) Skipan fullorðinsfræðslunnar í Danmörku.**

Í Danmörku hefur þróunin á margan hátt orðið sérstæð, enda hafa Danir orðið að taka sérstakt tillit til hinnar ríku og grónu hefðar lýðháskólanna dönsku. Lýðháskólarnir dönsku koma raunverulega við sögu í öllum þrem heildarflokknum sem áður hafa verið nefndir. Ber að hafa það í huga þegar lög og reglugerðir Dana á þessu sviði eru metnar og hafðar til hliðsjónar.

Lagagrundvöllur fullorðinsfræðslu Dana er sem hér segir:

a) Lov nr. 299 af 6. juni 1968 (med senere ændringer) om fritidsundervisning m. v.
b) Lov nr. 259 af 4. juni 1970 om folkehöjskoler, landsbrugsskoler, husholdningsskoler og efterskoler.
c) Bekendtgörelse af 2. juni 1971 af lov om erhvervsmæssig uddannelse af specialarbejdere m. fl. og omskoling.

Framkvæmd hinna tveggja fyrrgreindu laga er í höndum **Direktoratet for ungdomsundervisningen** í Menntamálaráðuneytinu. Þau lög taka til þess sem í frumvarpinu er kallað **skólanám hliðstætt frumfræðslunni** (a) svo og **frjálst nám og fristundamenntun** (a og b). Framkvæmd síðustu laganna (c) er aftur á móti í höndum Atvinnumálaráðuneytisins, en þau lög svara til **starfsnámsins** í frumvarpinu.

Þannig kemur raunverulega fram sú þrískipting sem áður er nefnd. Þá má í þessu sambandi benda á þátt í hinu mikla riti, er hefur að geyma áætlun um framtíðarþróun danskra efnahags- og menningarmála: „Perspektivplanlægning 1970—1985". Þar er tekið svo til orða um framtíðarskipan fullorðinsfræðslunnar í Danmörku:

„Rétt er að greina sundur þrjú aðalverkefni fullorðinsfræðslunnar:

a) — að veita fullorðnu fólki, sem ekki hefur öðlast nægilega undirbúningsmenntun, frekari frummenntun síðar (fullorðinsfræðsla sem stefnir að prófum eða námsmati).
b) — að eftirmennta og jafnvel ummennta fullorðna með tilliti til aukinnar þekkingar og tækni (fullorðinsfræðsla, sem tekur mið af atvinnulífinu).
c) — að tryggja framboð á fristundafræðslu er veitir almenna menntun."

**d) Skipan fullorðinsfræðslunnar í Noregi.**

Beina fyrirmyndin að því frumvarpi sem fullorðinsfræðslunefndin hefur samið, er í veigamiklum atriðum sótt til Noregs. Þar hefur líka sú stefna verið mótuð sem lögð hefur verið til grundvallar í frumvarpinu. Tvennt er þar áhrifarikast: annars vegar heildarstefnan, hins vegar þrískipting fullorðinsfræðslunnar. Vikið mun nokkuð að hvoru fyrir sig.

Heildarstefna var mörkuð um fræðslu fullorðinna í Noregi með þingsályktunartillögu sem lögð var fram í norska Stórþinginu 1964—1965, St. prp. no. 92 (1964—1965) og samþykkt 20. júní 1965. Þar segir í lokakafla ályktunarinnar:

„Kirkju- og menntamálaráðuneytið leggur til að þróun fullorðinsfræðslunnar verði í samræmi við þá heildarstefnu sem hér er mörkuð:

I. Fullorðinsfræðslan skal vera hliðstæða frumfræðslunnar í menntakerfinu. Hún skal þess vegna efld til að veita fullorðnum tækifæri til áframhaldandi mennt-

unar, bæði almennrar menntunar og iðnaðar- og fagmenntunar. Líta ber á almennu menntunina og fagmenntunina í tengslum hvora við aðra og skulu metnar að jöfnu.

II. Allir eiga að fá tækifæri til að sanna þekkingu sína og hæfni án tillits til þess hvernig þekkingarinnar hefur verið aflað. Veita skal heimild til að ljúka prófum í áföngum, þannig að lokaprófi verði dreift.

III. Kennslugögn og kennslubúnað mismunandi skólagerða má hagnýta við fræðslu fullorðinna að svo miklu leyti sem hægt er að samræma það venjulegri kennslu viðkomandi stofnunar.

IV. Um öll þau vandamál á sviði kennslufræði svo og kennsluhátta, sem fram koma í fullorðinsfræðslunni, skal fjallað á vísindalegum grundvelli. Starfslið það, er hafa á fræðslu fullorðinna á hendi, skal hljóta kennslufræðilega menntun sem miðuð er við störf á umræddu sviði.

V. Núverandi fræðslukerfi skal bera ábyrgð á þeirri fullorðinsfræðslu sem miðar að lokaprófum sem tekin eru öll í einu, t. d. stúdentsprófi eða prófum frá iðnskólum eða fagskólum. Undirbúningur að áfangaprófum, svo og námsstarf almennt, er verkefni sem hin frjálsu fræðslusambönd eiga að taka að sér eftir því sem við verður komið" (bls. 25—26).

Þrískipting fullorðinsfræðslunnar er sérstaklega áréttuð í riti, sem svokallað **fullorðinsfræðsluráð** í Noregi gaf út árið 1971 og nefnist: **Arbeidsdelingen i voksenopplæringen.** Þar segir svo:

„Enda þótt líta beri á fullorðinsfræðsluna sem eina heild er engu að síður nauðsynlegt að greina milli mismunandi þátta hennar með tilliti til verkaskiptingar. **Fullorðinsfræðsluráðið** telur í þessu sambandi eðlilegt að greina á milli eftirfarandi þriggja aðalþátta fullorðinsfræðslunnar:

**a) Fullorðinsfræðsla sem á hliðstæður í skólakerfinu og býr undir próf.**

Fullorðinsfræðsla þessi veitir almenna menntun svo og faglega menntun, t. d.:
Fullorðinsfræðsla í námsefni 9 ára grunnskóla.
Fullorðinsfræðsla er býr undir almennt stúdentspróf svo og próf frá verslunarmenntaskólum.
Fullorðinsfræðsla í námsefni á ákveðnum sviðum iðnfræðslu og námsefni annarra fagskóla.
Fullorðinsfræðsla í tengslum við héraðsháskólana (distrikthøjskolene).
Fullorðinsfræðsla á háskólastigi.

**b) Fullorðinsfræðsla í tengslum við atvinnulífið.**

Fullorðinsfræðsla þessi tryggir iðnmenntun sem þátt í stefnumótun atvinnulífsins, framhaldsnámskeið iðnfræðslustofnananna, menntun í iðjustörfum, fræðslu veitta af samtökum atvinnulífsins. Um eftirfarandi form fullorðinsfræðslunnar er að ræða:

Eftirmenntun,
Ummenntun,
Framhaldsnám.

**c) Fullorðinsfræðsla sem ekki stefnir að prófi eða tekur mið af því:**

Náms- og fræðslustarf, námskeið áhugafólks o. s. frv." (Sbr. bls. 10—11.)

Af norskum lögum og lagafyrirmælum, sem varða fullorðinsfræðsluna, má geta eftirtalinna:

a) St. prp. nr. 92 (1964—65) Om voksenopplæring.
b) St. med. nr. 98 (1964—65) Om ekstraordinær yrkesopplæring for voksne som ledd i arbeidsmarkedspolitikken.
St. medl. nr. 45 (1968—69) om arbeidsmarkedpolitikken.
c) NOU. 1972: 41. Vaksenopplæring for alle. Tilráding fra lovkomitéen om vaksenopplæring.

Sérstæðast og merkast er hið síðastnefnda, sem hefur að geyma frumvarp til laga um heildarskipan fullorðinsfræðslunnar í Noregi. **Vaksenopplæring for alle** hefur að vísu að geyma drög að tveim frumvörpum, þar sem ekki náðist full samstaða í nefnd þeirri sem skipuð var 6. maí 1970 og kallaðist „lovkomitéen om vaksenopplæring". Formaður þeirrar nefndar var Inga Tusvik, en ritari Astrid Gran. Nefndin skilaði áliti og frumvarpsdrögum í nóvember 1972. Nefndin byggir tillögur sínar um framtíðarskipanina á fyrrgreindum ábendingum fullorðinsfræðsluráðsins.

**d) Skipan og skipting fullorðinsfræðslu samkvæmt ábendingu frá Unesco og norrænu menningarmálastofnuninni (samstarfinu).**

Áður en lokið er greinargerð varðandi þrískiptingu fullorðinsfræðslunnar virðist rétt að vekja athygli á skilgreiningu sem verið er að vinna að á vegum Unesco í deild þess eða skrifstofu er hefur umsjón með gagnasöfnun og úrvinnslu þeirra. Skilgreiningin er um nám almennt, en tekur að hluta a. m. k. til fullorðinsfræðslu. Skilgreining þessi er kölluð ISCED sem er skammstöfun á **International Standard Classification of Education.** Varðandi fullorðinsfræðslu er þar greint milli „**formal** adult **enducation**" og „**non-formal** adult **education**". Einkenni hins fyrra flokks er:

a) Þátttakendur gefa sig fram á grundvelli tilboða sem fram hafa komið.
b) Þátttakendur eru skráðir á einn eða annan hátt.
c) Gerð er áætlun (program) um lengd námstímans og námsefni.

Einkenni **síðara flokksins** er aftur á móti:

a) Þátttakendur gefa sig hvorki fram né láta skrá sig,
b) hugsanlega er um skipulagningu og áætlun (programs) að ræða ef ætlunin er að halda nokkra fundi um sama efni eða sama stef.

Rétt er líka varðandi skiptingu fullorðinsfræðslunnar í aðalflokka að vekja athygli á þeirri niðurröðun sem lögð er til grundvallar gagnasöfnunar varðandi fullorðinsfræðslu sem fram hefur farið á vegum **Sekretariatet for Nordisk Kulturelt Samarbejde.** Gagnasöfnunin var í umsjá nefndar sem tengd er norrænu menningarmálastofnuninni, þ. e. **Styringsgruppen for Novu og kortlægningen af voksenundervisningen.** Þar er heildarskiptingin þessi:

a) Fullorðinsfræðsla er veitir almenna menntun.
b) Fullorðinsfræðsla er veitir réttindi.
c) Fullorðinsfræðsla í tengslum við vinnumarkaðinn.

## III

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

### A

### I KAFLI

**Markmið og skipulag.**

Fyrsta kafla frumvarps til laga um fullorðinsfræðslu má skipta í þrjá þætti, þannig:

a) **1. og 2. gr.** fjalla um nýtt menntakerfi, tvo aðalþætti þess, þrískiptingu annars aðalþáttarins, fullorðinsfræðslunnar, svo og yfirstjórn fræðslumálanna.

b) **3.—5. gr.** skýra frá þeim aðilum sem fullorðinsfræðsluna rækja, ábyrgð þeirra og framlögum.

c) **6. og 7. gr.** segja frá **fullorðinsfræðsluráði** svo og **fullorðinsfræðslunefndum.**

Um 1. gr.

Grein þessi hefur í aðalatriðum þegar verið skýrð í kafla hér að framan sem bar yfirskriftina: **Aðalhugtök skýrð.** Þótti eðlilegt að gera skýringu og útlistun aðalhugtaka frumvarpsins að sérstökum kafla. Þar sem þau aðalhugtök koma ein-

mitt fram í 1. gr. frumvarpsins gæti virst óþarft að fjalla frekar um þá grein. Rétt er engu að síður að draga enn fram aðalatriði þessarar mikilvægu greinar. Greinin hefst á yfirlýsingu varðandi markmið fullorðinsfræðslu. Tilgangur slíkrar fræðslu á að vera „að skapa öllum skilyrði til þroska bæði sem einstaklingum og samfélagsþegnum“. Með þessu er í upphafi tekið fram að allir þættir, öll afbrigði fullorðinsfræðslunnar eiga að stuðla að alhliða fræðslu og má aldrei taka mið af viðhorfum fjármagns og afkasta einum saman, heldur eiga þau einnig og miklu fremur að mótast af mennskum og félagslegum viðhorfum.

Eftir stefnumörkun fullorðinsfræðslunnar greinir frá nýju menntakerfi þjóðarinnar, **ævimenntun.** Skal hið nýja kerfi eins og áður hefur komið fram greinast í tvo aðalþætti: **frummenntun**, þ. e. það skólakerfi, sem hingað til hefur verið búið við, og **fullorðinsfræðslu,** þ. e. þann nýja aðalþátt sem þessu frumvarpi er ætlað að skapa, tryggja og marka heildarstefnu hans. — Báðir aðalþættir **ævimenntunarinnar,** frummenntunin og fullorðinsfræðslan, skuli jafnréttháir, þ. e. a. s. eiga jafnan rétt á skipulagningu, framkvæmdum og fjárframlögum eftir því sem fjárhagsgetu landsmanna leyfir.

Að lokum er í grein þessari tekið fram að „fullorðinsfræðsla getur verið með þrennu móti“. Hefur áður verið ítarlega fjallað um þrískiptingu þessa og hvernig hennar gætir í lagasetningu frændþjóða okkar, svo og framkvæmdum á sviði fullorðinsfræðslunnar.

Um 2. gr.

Grein þessi lýtur að yfirstjórn fullorðinsfræðslunnar. Þetta er eina grein frumvarpsins, sem ágreiningur hefur orðið um í fullorðinsfræðslunefndinni. Nefndin sem heild mælir með að greinin kveði á um hiklausa yfirstjórn Menntamálaráðuneytisins og samráð þess við fullorðinsfræðsluráð, en um stofnun þess ráðs og skipan fjallar 6. gr. frumvarpsins. Meiri hluti nefndarinnar telur að með því móti sé nóg sagt um sjálfa yfirstjórnina, enda er ekki heldur ágreiningur um það í nefndinni að aðeins einu ráðuneyti, Menntamálaráðuneytinu, sé falin æðsta stjórn þessa fræðsluþáttar, en ekki höfð sú skipan á, sem sums staðar er, að Atvinnumálaráðuneytið hefur yfirstjórn þeirrar fullorðinsfræðslu, sem tengist atvinnulífinu og Menntamálaráðuneytið aðra þætti. Sú skipting orsakast af því að enn er ekki um að ræða heildarlöggjöf sem tekur til allra þátta fullorðinsfræðslunnar eins og frumvarp það til laga sem hér liggur fyrir raunverulega er. Þar sem slík heildarlöggjöf er á næsta leiti eins og í Noregi er ætlunin að sú skipting hverfi.

Minni hluti nefndarinnar leggur til að bætt verði við 2. gr. þessum málsgreinum: „Í Menntamálaráðuneytinu skal stofna sérstaka deild, fullorðinsfræðsludeild. Hún er stjórnunaraðili í málum sem varða fullorðinsfræðslu og samræmir eftirlit með fræðslu sem veitt er samkvæmt lögum þessum í samráði við fullorðinsfræðsluráð“.

Meirihluti nefndarinnar og þar með allir nefndarmenn geta fallist á að verkefni fullorðinsfræðslunnar hljóti að verða það mörg og vandasöm að reynslan muni leiða það í ljós að þörf er sérstaks aðila eða sérstakrar deildar til að hafa þau með höndum einvörðungu. Hins vegar hefur meirihluti nefndarinnar talið sig hafa fengið þær upplýsingar og hafa þau gögn í höndum, sem leiða í ljós að það brýtur í bág við íslenska lagahefð að kveða þannig á í lögum um deildarskipan ráðuneyta. Ákvörðun um þá deildarskipan er ráðuneytisins sjálfs og verður hér að vera breytileg eftir því sem verkefni gefa tilefni til á hverjum tíma. Kemur þetta greinilega fram í tilkynningu frá Menntamálaráðuneytinu, sérprentun nr. 70, sem fjallar einmitt um Menntamálaráðuneytið, verkefni, skipulag og starfsreglur og undirrituð er 7. maí 1971 af þáverandi menntamálaráðherra Gylfa Þ. Gíslasyni.

Það er skoðun minnihlutans að yfirstjórn Menntamálaráðuneytisins verði að verulegu leyti í höndum fullorðinsfræðsludeildar þess. Máli sínu til stuðnings vekur minnihlutinn athygli á því að strax í fyrstu grein frv. er það tekið fram að „fullorðinsfræðsla er annar þáttur í menntakerfi þjóðarinnar, ævimenntun, og er hún að öllu jafn rétthá hinum þættinum, hinu lögbundna skólakerfi, frummennt-

uninni". Því vill minnihlutinn taka það fram að hann telur það sjálfsagt til áherslu á mikilvægi þessa þátta og árangurs í störfum að strax í upphafi sé komið á fót í Menntaskólaráðuneytinu sérstakri deild er sjái um framkvæmd hans, ekki síst þegar þess er gætt að ráðuneytinu er skipt í 7 deildir auk almennrar skrifstofu og hafa a. m. k. þrjár deildir með höndum framkvæmdir hins lögbundna skólakerfis. Hitt er minnihlutanum ljóst að fullorðinsfræðsludeild hefur að sjálfsögðu „samstarf við aðrar deildir eftir því sem verkefni gefa tilefni til". Varðandi þá skoðun sem fram hefur komið að það brjóti í bág við íslenska lagahefð að kveða í lögum á um deildaskipan ráðuneyta bendir minni hlutinn á 7. gr. laga nr. 5 frá 10. apríl 1968, þar sem svo segir m. a.: „Fræðslumálaskrifstofan skal vera deild í Menntamálaráðuneytinu", og enn fremur: „Fjármálaeftirlit skóla skal vera sérstök deild í Menntamálaráðuneytinu". Þarna er að dómi minnihlutans tekin af öll tvímæli um að lagaákvæði um sérstaka deild brjóta engan vegin íslenska lagahefð. (Sbr. tilkynningu frá menntamálaráðuneytinu um verkefni, skipulag og starfsreglur 7. maí 1971. Sérprentun 70.)

Um 3. gr.

Greinin fjallar um þá aðila sem hafa munu á hendi fullorðinsfræðslu í einu eða öðru formi. Þessum aðilum er skipað í þrjá flokka og er það í aðalatriðum miðað við þá þrískiptingu fullorðinsfræðslunnar, sem niðurlag 1. greinar gerir ráð fyrir, enda þótt ljóst sé að flokkaskipting þessi og þrískiptingin í 1. grein falli ekki að öllu leyti saman. Þannig er líklegt að fræðsluumdæmi og sveitarfélög hafi á sínum vegum námsflokkastarfsemi, jafnvel námshópastarfsemi, en slíkt fræðslustarf telst til hins frjálsa náms og fristundamenntunar samkvæmt 1. grein frumvarpsins. — Rétt er að víkja að hverjum þessara þriggja flokka, sem aðilum fullorðinsfræðslunnar er skipað í, fyrir sig.

Í fyrsta flokki eða a-lið 3. greinar er getið um þrenns konar aðila fullorðinsfræðslunnar: **Ríki, fræðsluumdæmi** og **sveitarfélög.** Ekki þarf að eyða mörgum orðum að því hve sjálfsagður hlutur **ríkis** og **sveitarfélags** hlýtur að vera í sambandi við frumkvæði, framkvæmd og aðild að fullorðinsfræðslunni. Ríki og sveitarfélög hafa mikilvægu hlutverki að gegna í framkvæmd frumfræðslunnar og hljóta því eðlilega að taka á sig á hliðstæðan hátt hinn annan þátt menntakerfis þjóðarinnar, **æviменntunarinnar,** þ. e. fullorðinsfræðsluþáttinn. Þriðji aðilinn, sem hér er nefndur, **fræðsluumdæmi,** er aftur á móti nýr af nálinni, og er tengdur þeirri nýskipan fræðslumála landsins, sem lög um grunnskóla gera ráð fyrir. Í II. kafla, 10. gr. þeirra laga er gert ráð fyrir að landinu verði skipt í 8 fræðsluumdæmi, en hvert þeirra hafi sitt fræðsluráð og sína fræðsluskrifstofu. — Fullorðinsfræðslunefndin lítur svo á að fræðsluumdæmin hljóti að vera virkur aðili í menntakerfi þjóðarinnar, æviменntuninni, en láti sig ekki aðeins varða annan þátt þess, frummenntunina. Að vísu hafði nefndin á tímabili aðhyllst þá skoðun að svokölluð **landshlutasamtök,** sem nú er óðum að verða sérstakur stjórnunaraðili í málum ákveðinna landssvæða og þá þeirra sömu og fræðsluumdæmin ná yfir, væru allt eins eðlilegur aðili að framkvæmd fullorðinsfræðslunnar og hliðstæðan jafnvel meiri við ríki og sveitarfélög. Nefndin féll síðan frá þeirri skoðun og réðu því rök þau sem áður eru nefnd. Fræðsluráð, svo og fræðsluskrifstofa fræðsluumdæmanna, hljóta eðlilega að koma mjög við sögu fullorðinsfræðslunnar.

Í öðrum flokki eða b-lið greinarinnar eru aðilar vinnumarkaðarins tilnefndir sem eðlileg forystusveit í þeirri fullorðinsfræðslu sem tengist „atvinnulífinu í víðtækustu merkingu" eins og segir í niðurlagsþætti 1. greinar. Þessir aðilar vinnumarkaðarins eru ekki skilgreindir nánar, en til þess ætlast að svo verði gert í reglugerð eða reglugerðum sem kveða nánar á um einstakar greinar og einstök atriði frumvarpsins, þegar og í því formi sem það verður að lögum. Hér er að sjálfsögðu fyrst og fremst höfð í huga heildarsamtök tengd atvinnulífinu og vinnumarkaðnum, svo sem Alþýðusamband Íslands, Vinnuveitendasamband Ísland, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Farmanna og fiskimannasamband Íslands. Þá líka stéttarfélög ýmiss konar sem eiga hlutdeild í vinnumarkaðnum og atvinnulífinu.

Enn kynnu að koma til álita sem aðilar að fullorðinsfræðslu í tengslum við atvinnulífið starfsmannafélög og einstök fyrirtæki eða vinnustaðir svo og samtök iðnnema.

Í þriðja flokki eða c-lið þessarar greinar er svo gerð tilraun til að flokka alla þá mörgu aðila, sem vafalaust hljóta að koma við sögu hins „frjálsa náms og frístundamenntunar“, enda þótt sumir þessara aðila muni einnig koma við sögu **skólanámsins**, hliðstæðu frummenntunarinnar svo og **starfsnámsins** í tengslum við atvinnulífið, en þannig munu málin vafalaust skipast varðandi þá aðila, sem hér **eru nefndir „fræðslusambönd í landinu öllu.“ — Þeim mörgu aðilum, sem hér um** ræðir, er skipað í þrjá flokka og þá miðað við þau svæði er þeir starfa á fremur en þau verkefni, er þeir takast á hendur. Sé starfsemi félags er annast vill fullorðinsfræðslu sem frjálst nám og frístundamenntun takmörkuð við ákveðinn stað, **hrepp, sveitarfélag eða bæjarfélag er það kallað fræðslufélag í frumvarpi þessu.** Hafi hins vegar félagsheild er vinnur að sömu eða sams konar verkefnum heilt fræðsluumdæmi eða svæði landshlutasamtaka að starfsvettvangi kallast hún **fræðslusamtök.** Nái starfsemin aftur á móti til landsins alls, er heitið **fræðslusamband notað, þó því aðeins að viðkomandi félagsskapur hafi hlotið viðurkenningu Menntamálaráðuneytisins** til þess að bera það heiti og njóta þeirrar sérstöðu er fræðslusamböndin njóta samkvæmt lögum þessum (sbr. 13. gr. og 34. gr.) (Sbr. sænskar heimildar um fræðslusamböndin: SFS 193: 463 og Kungl. Maj:ts proposition nr. 54, år 1973, bls. 10).

Um 4. gr.

Þessi grein fjallar um ábyrgð opinberra aðila varðandi fullorðinsfræðsluna. Þeir opinberu aðilar sem hér er átt við eru: Ríki, fræðsluumdæmi og sveitarfélög.

Í hugtakinu ábyrgð felst í þessu sambandi allt í senn: **frumkvæði, skipulagning og framkvæmd.** Viðkomandi aðilar eiga að ábyrgjast að þau fyrirheit, sem felast í frumvarpinu um fullorðinsfræðslu, verði ekki dauður bókstafur þegar og ef frumvarpið verður samþykkt sem lög frá Alþingi.

Ábyrgð ríkisins í þessum efnum er tvíþætt samkvæmt ákvæðum laganna. Annars vegar ber ríkið ábyrgð á fullorðinsfræðslu sem veitt er af eigin stofnunum þess. Er þar fyrst og fremst átt við fullorðinsfræðslu sem er hliðstæð frumfræðslu og látin er í té í skólastofnunum sem ríkið rekur að mestu eða öllu leyti, svo sem **í framhaldsskólum og háskóla, þótt grunnskólinn sé einnig hafður í huga svo og** námsflokkar og námshópar. Hins vegar ber svo ríkið ábyrgð á fullorðinsfræðslu sem er tengd atvinnulífinu eða beinlínis þáttur í mótun þess og skipulagningu. Þar sem í síðara þættinum er um fullorðinsfræðslu að ræða er lítið sem ekkert hefur verið rækt eða til stofnað í landi okkar, er það sérstaklega mikilvægt að hér verði frumkvæðið, skipulagningin og framkvæmdin í höndum ríkisins og það ábyrgist þannig að þessi þáttur fullorðinsfræðslunnar verði frá upphafi metinn að verðleikum og honum sómi sýndur.

Ábyrgð fræðsluumdæma og sveitarfélaga verður með öðru móti. Frumkvæði, skipulagning og framkvæmd hlýtur að koma frá fræðsluumdæmunum og sveitarfélögunum sjálfum og verða síðan að samningsatriði milli fyrrgreindra aðila og Menntamálaráðuneytisins. — Í því eiga að felast forréttindi að geta tryggt íbúum fræðsluumdæma og sveitarfélaga sem mesta og fjölþættasta fullorðinsfræðslu á sama hátt og það er keppikefli að vera ekki afskiptur á vettvangi frumfræðslunnar. — Má fastlega gera ráð fyrir því að forráðamenn fræðsluumdæma og sveitarfélaga muni leggja metnað sinn í að hafa hér það frumkvæði sem þessi grein frumvarpsins gerir ráð fyrir og telji mikilvægt að eiga þess kost að geta borið ábyrgð á fullorðinsfræðslu í þeim stofnunum, er hlíta forsjá þeirra að meira eða minna leyti. Átt er hér líka við fullorðinsfræðslu, sem er hliðstæða frumfræðslu á grunnskóla- og framhaldsskólastigi, þótt ætla megi að námsflokkastarfseminnar muni víða gæta mjög og hún geti auðveldast náð til allra þriggja þátta fullorðinsfræðslunnar.

Um 5. gr.

Hér er vikið að fjárframlögum opinberra aðila til fullorðinsfræðslu, sem ekki er á ábyrgð þeirra, sjálfra hinna opinberu aðila. Þar sem hér er um að ræða þátt sem að verulegu leyti tekur til sjálfrar skipulagningar fullorðinsfræðslunnar og skapar henni markmið þótti rétt að þau ákvæði stæðu í I. kafla frumvarpsins, enda þótt þeim verði gerð fyllri skil síðar, þ. e. í IV. kafla sem ber heitið **Fjárveiting til fullorðinsfræðslu og fleira.**

Sá aðili, sem mest hlýtur að leggja af mörkum til fullorðinsfræðslunnar, er að sjálfsögðu ríkið. Þau fjárframlög ná auðvitað til þeirrar fullorðinsfræðslu sem ríkið sjálft ber ábyrgð á og nefnd var í 4. grein. En ríkið hlýtur líka að gera öðrum aðilum kleift að rækja fullorðinsfræðslu og virkja þannig áhuga og frumkvæði sem fyrir hendi er. Þetta verður að sjálfsögðu ekki gert á annan hátt en með beinum fjárframlögum, stuðningi við fræðslustarfsemi viðkomandi aðila á sviði fullorðinsfræðslunnar. Hér getur verið um marga aðila að ræða. Þeim er í a-lið skipað í tvo flokka til glöggvunar. Í öðrum flokknum eru aðilar atvinnulífsins og hefur áður í þessari greinargerð verið vikið að hverjir þeir aðilar gætu verið, enda þótt sú upptalning væri engan veginn tæmandi. — Í hinum flokknum, sem eðlilegt mætti telja að hlyti fjárstyrk frá ríkinu til þess að rækja fullorðinsfræðslu, eru svo fræðslufélög einstakra staða eða félög sem sinna ákveðnum verkefnum, fræðslusamtök sem starfa í fræðsluumdæmum, en þó alveg sérstaklega fræðslusamböndin er hafa landið allt sem starfsvettvang og ítarlega var gerð grein fyrir í skýringum við 3. grein. Eins og þar kemur fram og síðar verður áréttað hljóta fræðslusamböndin að hafa algerlega sérstöðu meðal annarra fræðsluaðila en hinna opinberu.

Það hlýtur að teljast öldungis eðlilegt að fræðsluumdæmin og sveitarfélögin styrki þá fræðsluaðila sem takmarka starfsemi sína annars vegar landfræðilega við umdæmin og sveitarfélögin, en hins vegar verkefnalega við viðfangsefni sem tengjast ákveðnum aðstæðum staða og tíma. Að sjálfsögðu er ekki hægt að skylda fræðsluumdæmin eða sveitarfélögin til slíks, en hitt sýnist auðsætt að menningarstarfsemi eins og fullorðinsfræðslan hlýtur að stuðla að hagsæld og framsækni íbúanna á viðkomandi svæðum. Er því talið eðlilegt að Samband íslenskra sveitarfélaga **láti styrkveitingar þessar og þann hvata, sem þær eru efnahagslega og menningarlega, til sín taka og hafi forgöngu um að móta stefnu og gera tillögur til Menntamálaráðuneytisins, en á þeim tillögum verði síðan grundvallaðar reglur um** beinar og óbeinar styrkveitingar.

Um 6. gr.

Í þessari grein segir frá sérstökum aðila, er gegna skal ráðgefandi og mótandi hlutverki varðandi fullorðinsfræðsluna, svokölluðu **fullorðinsfræðsluráði.** Það hefur áður komið fram í þessari greinargerð (sbr. skýringu við aðra grein) að Norðmenn hófu skipulagningu og framkvæmd fullorðinsfræðslu þar í landi svo að verulega um munaði með því að tryggja stofnun og starfsemi tveggja aðila, annars vegar fullorðinsfræðsluráðs, 7—9 manna, hins vegar með stofnun fullorðinsfræðsludeildar innan Kirkju- og menntamálaráðuneytisins. — (**Sbr. norskar heimildir um** fulorðinsfræðsluráð svo og fulorðinsfræðsludeild: St. prp. nr. 92 (1964—1965) bls. 24: Vaksenopplæring for alle, bls. 65).

Fullorðinsfræðslunefndin lítur svo á að hyggilegt sé að fylgja fordæmi Norðmanna að þessu leyti og koma á fót fullorðinsfræðsluráði, er gegni sams konar hlutverki og samsvarandi ráð hefur til þessa gegnt í Noregi.

Um samsetningu ráðsins hefur nefndin komist að þeirri niðurstöðu að tillögur þar að lútandi skuli ekki vera um of bindandi í sjálfum lögunum um fullorðinsfræðsluna. Mikilvægara sé hitt að finna eðlilegt og réttlátt hlutfall milli þeirra þriggja heilda, sem fulltrúa hljóti að eiga í ráðinu. Þær þrjár heildir, sem hér um ræðir, eru: a) hið opinbera, b) aðilar vinnumarkaðarins og c) fræðslusamböndin, hinar stóru fræðslueiningar sem reka fræðslustarf í landinu öllu. Um það varð samkomulag í nefndinni að leggja til að hlutur atvinnulífsins og vinnumarkaðar-

ins yrði sýnu stærstur. Verður að kveða nánar á um í reglugerð hvaða aðilar vinnumarkaðarins skulu eiga fulltrúa í fullorðinsfræðsluráði en eðlilegt virðist að **Vinnuveitendasamband Íslands, Alþýðusamband Íslands** og **Bandalag starfsmanna starfsmanna ríkis og bæja** ættu þar aðild.

**Minnstur verður að tiltölu hlutur hins opinbera, tveir fulltrúar: ríkisins, landshlutasamtakanna** svo og sveitarfélaganna. Gæti virst eðlilegt að stjórnarráðið tilnefndi annan fulltrúann og Samband íslenskra sveitarfélaga hinn.

**Þriðja heildin** sem á að tilnefna fulltrúa í **fullorðinsfræðsluráðið** er svo fræðslusamböndin. Þar sem þau eru raunverulega með öllu óþekkt stærð og ekkert fræðslusamband í landinu, sem hlotið hefur þá viðurkenningu sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir (sbr. 13. gr.), er að sjálfsögðu litlar ábendingar hægt að gefa um hverjir þar ættu að tilnefna fulltrúa. **Menningar- og fræðslusamband alþýðu,** MFA er nú eina ótvíræða fræðslusambandið, sem starfar í landinu, enda þótt líta megi á önnur **félagssamtök sem fræðslusambönd að meira eða minna leyti, svo sem Kvenfélagasamband Íslands** að dæmi sé tekið. — Hins vegar má fastlega gera ráð fyrir að þróunin verði hin sama hér og í nágrannalöndum okkar að fræðslusambönd verði stofnuð og það heldur fleiri en færri. Vekja má athygli á því að stjórnmálaflokkar á Norðurlöndum hafa á síðustu árum keppst við að stofna fræðslusambönd og breytt ákveðnum þáttum starfsemi sinnar þannig að þeir gætu uppfyllt þau skilyrði sem sett eru til slíkrar viðurkenningar. Mætti rita um þetta langt mál, þótt hér verði látið staðar numið.

Niðurlagsmálsgrein þessarar 6. greinar frumvarpsins að ráðið kjósi formann **úr sínum hópi og setji sér starfsreglur sem síðan hljóti staðfestingu Menntamálaráðuneytisins** er í fullu samræmi við þá heildarstefnu frumvarpsins að reyna að tryggja frumkvæði „neðan frá", ef svo mætti að orði komast, frá þeim aðilum **sjálfum, sem fullorðinsfræðsluna eiga að hafa með höndum og njóta hennar. Kemur** þesssi afstaða nefndarinnar einnig fram í 4. grein b-lið svo og 5. gr. b-lið. Hins sama gætir víðar í frumvarpinu. Nefndin telur mikilvægt að fullorðinsfræðslan vaxi með eðlilegum hætti vegna þess að sem flestir hafi skynjað þörfina fyrir hana, en hún komi ekki sem valdboð ofan frá og verði skilin á þann veg að henni sé raunverulega þröngvað upp á skólakerfið, atvinnulífið og almenning.

Um 7. gr.

Þessi grein hefur á margan hátt sérstöðu og kemur það væntanlega í ljós í þeirri greinargerð sem fylgir.

Greinin tekur til **fullorðinsfræðslunefnda** í fræðsluumdæmum. Eins og greinin er orðuð, gætir í henni tveggja sjónarmiða, sem ekki verða á einfaldan hátt sameinuð. Annað er sjónarmiðið um sérstöðu fullorðinsfræðslunnar og mikilvægi þess að sá aðili sem fara á með stjórn frumfræðslunnar í fræðsluumdæmunum, þ. e. **fræðsluráðin,** hafi ekki sjálfdæmi um hlutdeild og framkvæmd þessa annars þáttar menntakerfisins, ævimenntunarinnar. — Hins vegar er svo það sjónarmið að **eðlilegt sé að líta á menntakerfið sem heild og greina ekki alltof skarpt og ákveðið** milli hinna tveggja þátta, frumfræðslu og fullorðinsfræðslu, enda er ljóst að skilin verði ekki alltaf glögg og skýr. Því ber að hagnýta starfskrafta og stjórnunaraðstöðu í þágu beggja fræðsluþáttanna eftir því sem samrýmist ákvæðum 21. og 22. greinar þessa lagafrumvarps. — Reynt er í greininni eins og hún er orðuð að taka tillit til beggja sjónarmiðanna. Það er í fullu samræmi við fyrra sjónarmiðið að skipaðar skuli í fræðsluumdæmunum sérstakar fullorðinsfræðslunefndir og í þeim nefndum skuli vera 5 fulltrúar frá aðilum, sem ekki eiga sjálfskipaðan fulltrúa í **fræðsluráðum** umdæmanna. Af þessum 5 fulltrúum skulu þrír vera frá aðilum vinnumarkaðarins, en tveir frá fræðslufélögum og fræðslusamböndum. Með þessu móti verður hlutur aðila utan hins opinbera verulegur í fullorðinsfræðslunefndunum. — Til móts við hið síðara sjónarmið, sem áður var nefnt, er komið á tvennan hátt: Annars vegar með því að allt **fræðsluráð umdæmanna tekur sæti** í fullorðinsfræðslunefndunum, alls 5 fulltrúar eða jafnmargir og hinir sem áður

hafa verið nefndir, hins vegar er svo **fræðsluráðinu** ætluð bein aðild að þeirri stefnumótun og þeim verkefnum sem fullorðinsfræðslunefndin hefur gert ályktanir um og þá auðvitað höfð í huga aðstaða þess til stjórnunar og framkvæmda. Þetta síðara atriði er áréttað í upphafsorðum 7. greinarinnar, þar sem segir að fræðsluráð fari með stjórn fullorðinsfæðslu í umdæmi sínu ásamt með o. s. frv. Á þann hátt er undirstrikað að fræðsluráð skal sinna fullorðinsfræðslunni og ætla henni verulegan hlut í þeirri aðstöðu sem ráðinu verður búin úti í fræðsluumdæmunum.

Eðlilegt má teljast að fullorðinsfræðslan fái að þróast úti í fræðsluumdæmunum á Íslandi og reynt verði að gera sem flesta þátttakendur í þeirri þróun og ábyrga fyrir henni án þess þó að stuðla að því á nokkurn hátt að togstreita skapist milli aðila frumfræðslunnar og fullorðinsfræðslunnar (sbr. danska heimild um að gera tvö mismunandi ráð sem nú eru **skolekommission og fritidskommission** að einu ráði, **undervisningskommission.** Udkast til Forslag om ændring af skolestyrelsesloven, udkast, juni 1973, bls. 5).

## B

## II. KAFLI

### Fræðslan.

Öðrum kafla frumvarps til laga um fullorðinsfræðslu má skipta í fimm þætti, þannig:

a) **8. og 9. gr.** fjalla um fullorðinsfræðslu sem á hliðstæðu í frumfræðslunni (sbr. 1. gr. a-lið).

b) **10.—12. gr.** taka til fullorðinsfræðslu í tengslum við atvinnulífið og vinnumarkaðinn (sbr. 1. gr. b-c).

c) **13.—15. gr.** lúta að þeirri fullorðinsfræðslu sem að mestu leyti er frjálst nám og fristundamenntun (sbr. 1. gr. c-lið).

d) **16. og 17. gr.** eru um svokallaða **fullorðinsdeild** svo og aðalform eða þætti fullorðinsfræðslunnar.

e) **18. og 19. gr.** eru um aðild fullorðinsfræðslunnar að væntanlegri kennslugagnastofnun ríkisins og um kennslufræðilegar stöðvar vegna fullorðinsfræðslunnar í fræðsluumdæmum landsins.

Mun nú leitast við að skýra einstakar greinar eftir því sem ástæða þykir til.

Um 8. gr.

Greinin fjallar um fullorðinsfræðslu, sem er hliðstæð frummenntun. Um þennan **þátt fullorðinsfræðslunnar skal setja fyrirmæli í reglugerð, er Menntamálaráðuneytið** lætur semja. Skal sú reglugerð kveða á um eðli þessa náms, hvað kenna skuli, á hvern hátt kennslan fari fram og eins hitt að hvaða áfanga í hinu hefðbundna skólakerfi sé stefnt. Skal þá jafnan miða við að um raunverulega **fullorðinsfræðslu sé að ræða, en kennsla og framsetning taki ekki mið af þeirri frum**menntun einni, sem ætluð er börnum og unglingum sem nám stunda á þeim áfanga frumfræðslu er um ræðir.

Um 9. gr.

Greinin fjallar um prófvottorð og námsmat í fullorðinsfræðslu sem hliðstæð er frumfræðslunni. Hún er því raunverulega beint framhald af 8. grein eins og áður hefur verið bent á. Hins vegar taldi nefndin rétt að hafa greinarnar tvær **en ekki eina, þ. e. a. s. skeyta efni 9. greinar við hina 8. Þar sem fyrri greinin, sú 8. er í sjálfu sér harla viðamikil, spannar raunverulega yfir nærri allt það í** fullorðinsfræðslunni, sem á einhvern hátt getur talist hliðstæða frumfræðslunnar, svo er og efni 9. greinarinnar það sérstætt, að nauðsyn ber til að greina það frá og setja fram í sjálfstæðri grein. Prófvottorð þau eða námsmat, sem átt er við, taka til eftirtalinna áfanga: Grunnskólaprófs, stúdentsprófs, sérskólaprófs svo og háskólaprófa úr ýmsum deildum. — Þar sem inntak og lokamark þess þáttar full-

orðinsfræðslunnar, sem er hliðstæð frumfræðslunni, er hið sama (sbr. 8. grein og skýringu við hana) sýnist auðsætt og algert réttlætismál að prófvottorð eða námsmat sem kveður upp dóm um árangur þeirrar menntunar, sé að engu talið minna en verið væri að dæma um námsárangur í frumfræðslunni. Þar með er því hins vegar ekki slegið föstu að á allan hátt verði fylgt gildandi aðferðum við mat á árangri þeirra sem taka þátt í fullorðinsfræðslu hliðstæðri frumfræðslunni. Gæti reyndar ýmislegt mælt með því að svo yrði ekki gert.

Um 10. gr.

Þessi grein er að dómi fullorðinsfræðslunefndarinnar sérlega mikilvæg, enda á raunverulega að grundvallast á henni sá þáttur fullorðinsfræðslunnar, sem nefndin telur að verða muni þýðingarmikill og fjölbreytilegur og hefur áður verið að því vikið í greinargerð þessari. — Það hefur líka komið fram í greinargerðinni að sá þáttur sem hér um ræðir, fullorðinsfræðsla í tengslum við atvinnulífið eða þáttur í skipulagningu og þróun vinnumarkaðarins, er sums staðar í nágrannalöndum okkar slitinn úr tengslum við aðra þætti fullorðinsfræðslunnar og umsjón hans og yfirstjórn í höndum Atvinnumálaráðuneytis viðkomandi lands, en ekki Menntamálaráðuneytisins. Af því leiðir að sjálfsögðu einnig að um þennan þátt er fjallað í sérstökum lagabálki sem tekur til hans eins. — Fullorðinsfræðslunefndin leit hins vegar svo á að slík aðgreining væri með öllu óeðlileg hér á landi þar sem einingar allar eru miklu minni. Því taldi hún rétt að fylgja um þetta fordæmi norsku fullorðinsfræðslunefndarinnar.

Nefndin leggur því til að á þessari 10. grein grundvallist reglugerð um fullorðinsfræðslu, sem líta beri á sem þátt í atvinnulífinu í þeim skilningi að hann skapi möguleika til að styrkja atvinnuvegina. Nefndinni er ljóst að sú reglugerð sem hér um ræðir hlýtur að verða allviðamikil, enda er mikilvægt að tekið sé þar tillit til sem flestra þátta atvinnulífsins og skapaðir möguleikar til margháttaðrar fræðslustarfsemi, eftir því sem við á í einstökum og ólíkum tilvikum. Hér gæti verið um að ræða heinar fræðslustofnanir einstakra eða fleiri atvinnugreina, en einnig er hugsanleg mjög takmörkuð fræðslustarfsemi á ákveðnum vinnustöðum eða á vegum fyrirtækja. Er þetta tvennt, svo ólíkt sem það nú er innbyrðis, nefnt sem dæmi um vanda og viðfeðmi umræddrar reglugerðar.

Um 11. gr.

Greinin tengist 10. grein og myndar ásamt henni og hinni 12. sérstakan þátt í þessum kafla frumvarpsins eins og áður hefur komið fram. Greinin fjallar um það hvernig staðið skal að framkvæmd fullorðinsfræðslu í tengslum við atvinnulífið og markar að því leyti nokkra stefnu í sambandi við reglugerð þá, sem vikið er að í 10. grein og frekar er fjallað um í skýringu þeirrar greinar.

Fullorðinsfræðslunefndin telur það mjög áríðandi að takast megi sem breiðust og víðtækust samstaða um fullorðinsfræðslu í tengslum við atvinnulífið svo mikilvægur sem sá þáttur er að mati nefndarinnar. — Sú samstaða þarf að taka til þriggja aðila og eru þeir nefndir í greininni. Það eru: a) Skólayfirvöld á hverjum stað svo að tryggja megi alla þá aðstoð og aðstöðu, sem skólar og skólastofnanir geta látið í té. Er þar bæði um að ræða kennslukrafta og húsnæðisaðstöðu og enn fremur samhæfingu og samræmingu námsefnis eftir því sem ástæður þykja til um þennan þátt fullorðinsfræðslunnar og þá frumfræðslu sem ætlað er að þjóna atvinnuvegunum og efla þá. Skóli og atvinnulíf þarf að mati fullorðinsfræðslunefndarinnar að tengjast mun meira en nú er og verður að gera allt sem hægt er til að stuðla að slíkri þróun og koma í veg fyrir að tortryggni skapist milli skólayfirvalda og þeirra sem hefjast vilja handa um að koma á fullorðinsfræðslu í tengslum við atvinnulífið. b) Samtök starfsfólks svo að sá eða þeir aðilar vinnumarkaðarins geri sér ljóst hve mikill ávinningur er að mótun og sköpun þessa þáttar fullorðinsfræðslunnar og gerist því virkir aðilar að skipulagningu og framkvæmd, en ekki aðeins óvirkir þolendur og þiggjendur fræðslu sem á litinn sem

engan hljómgrunn í vitundarlífi starfsfólksins. c) **Samtök atvinnurekenda** svo að einnig þau leggi sitt af mörkum að framkvæmd og fyrirgreiðsla geti orðið sem best, að fræðslan komi að notum og verði bæði til að efla atvinnulífið, tryggja persónuþroska og verkmenningu og auka ábyrgðartilfinningu, og skapa greiðari og meiri upplýsingamiðlun milli allra þeirra, sem sameiginlegra hagsmuna hafa að gæta.

Um 12. gr.

Þessi grein er í sjálfu sér nokkuð sérstæð, þar sem hún fjallar um fullorðinsfræðslu, sem falin er atvinnufyrirtæki eða framkvæmd á ákveðnum vinnustað. Hún er eins og áður hefur komið fram dæmi um það með hvaða móti framkvæma má fullorðinsfræðslu í atvinnulífinu. Í henni felst einfaldlega árétting á því að starfsnám í atvinnulífinu má aldrei verða að sérmáli eins aðila, hér forsvarsmanna fyrirtækis eða vinnustaðar, enda þótt frumvarp þetta eigi að stuðla að því að slíkt nám eða slík fræðsla geti farið fram í fyrirtækinu og á vinnustaðnum. — Komi til þess að fyrirtækið eða vinnustaðurinn verði vettvangur fullorðinsfræðslu, sem sé þáttur í eflingu atvinnulífsins, eiga forráðamenn fyrirtækisins eða vinnustaðarins ekki að hafa sjálfdæmi um það hvernig þeirri fræðslu skuli hagað og hvaða tilgangi og markmiði hún skuli þjóna. Þar verða einnig til að koma starfsmenn fyrirtækisins eða fulltrúar þeirra. Hér reynir á samstarf og samvinnu, enda vænlegast til árangurs að frá upphafi sé sem flestum ljóst hvað gera á, og hægt sé að nota góðar ábendingar og tillögur frá sem allra flestum. — Þessi sömu vinnubrögð eiga allt eins við í þeim fyrirtækjum eða á þeim vinnustöðum, þar sem sérstakur maður hefur það starf með höndum á vegum fyrirtækisins eða vinnustaðarins að annast fræðslu eða upplýsingastarfsemi. Slíkur starfsmaður á ekki að geta skipulagt eða staðið að framkvæmd fullorðinsfræðslu, sem nýtur opinbers styrks, í samráði við eigendur eða forystumenn fyrirtækisins eða vinnustaðarins eina saman. Einnig í slíkum tilvikum eiga starfsmennirnir að geta haft áhrif á tilhögun og framkvæmd fullorðinsfræðslunnar fullkomlega til jafns við áðurnefndan starfsmann og forystulið fyrirtækisisins eða vinnustaðarins.

Um 13. gr.

Greinin fjallar um fræðslusamböndin, þær sérstæðu félagsheildir sem fullorðinsfræðslunefndin telur að eigi að njóta verulegrar sérstöðu í þeirri fullorðinsfræðslu sem víða erlendis er kölluð „frjáls og óháð“ til aðgreiningar frá hinum tveim þáttum fullorðinsfræðslunnar, skólanáminu og starfsnáminu. Það álit nefndarinnar byggist ekki á því einu að fræðslusamböndin hljóti að hafa sérstöku og mikilvægu hlutverki að gegna í sambandi við þann þátt fullorðinsfræðslu sem í 1. grein c-lið er kölluð „frjálst nám og fristundamenntun“. Hitt kemur jafnframt til að fullorðinsfræðslunefndin álítur að fræðslusamböndin muni einnig koma við sögu fullorðinsfræðslunnar í tengslum við atvinnulífið, svo og að nokkru þeirrar fullorðinsfræðslu, sem hliðstæð er frumfræðslunni (sbr. niðurlag 16. greinar).

Nefndin telur eðlilegt að gerðar séu tilteknar kröfur og þær verulegar til slíkra fræðslusambanda. Kröfur þær sem taldar eru upp í greininni eru raunverulega fimm. Fyrsta krafan er sú að fræðslusambandið hafi á sínum vegum fræðslustarf í landinu öllu, enda er það hin upphaflega skilgreining á fræðslusambandi (sbr. skýringu á 3. grein frumvarpsins). Slíkt fræðslusamband hlýtur því eðli sínu samkvæmt að vera myndað af einstaklingum um land allt, félögum eða félagsheildum, og er hið síðartalda mun eðlilegra. Önnur krafan sem gerð er til fræðslusambands er sú að það hafi sjálfstæða stjórn, það sé ekki hvað stjórn og ákvarðanatekt snertir aðeins ósjálfstæður hluti einhverrar annarrar félagsheildar. Þessi önnur krafa er mjög mikilvæg til að fyrirbyggja misnotkun. Um verði að ræða frjálst og opið fræðslustarf sem fyrst og fremst þjóni hagsmunum þeirra er fræðslunnar eiga að njóta, en þannig um leið beint og óbeint hagsmunum félagsheilda, svo og samfélagsins. — Þriðja krafan sem gerð er til fræðslusambandanna er sú að þau hafi aðskilinn fjárhag. Í því felst að sjálfsögðu ekki að fræðslusamböndin geti ekki

notið fjárhagslegs stuðnings annarra aðila en hins opinbera eða ríkisins eins. En í því felst hitt að þeim fjárframlögum fylgi ekki umráðaréttur og bein ákvarðanatekt af hálfu þess eða þeirra sem fjármunina leggja fram. Fjárhagur fræðslusambandanna skal vera aðskilinn, þ. e. að fjármunum sambandanna verði varið að vilja stjórnar og félagsmanna og félagsheildanna, en ekki utanaðkomandi aðila. Bókhald fræðslusambandanna skal vera háð opinberu eftirliti til að koma í veg fyrir misnotkun opinberra styrkja.

Fjórða krafan sem gerð er til fræðslusambandanna svo að þau geti notið þeirra **sérréttinda sem þeim eru tryggð í frumvarpi þessu er sú að Menntamálaráðuneytið** hafi viðurkennt þau.

Fimmta og síðasta krafan er sú að fræðslusamböndin hlíti þeim reglum sem ráðuneytið setur.

Um 14. gr.

Um fræðslusamtök í fræðsluumdæmunum, svo og fræðslufélög í sveitarfélögunum, gilda samkvæmt frumvarpinu hliðstæðar reglur og um fræðslusamböndin, **nema hér kemur ekki við sögu Menntamálaráðuneytið, heldur fullorðinsfræðslunefndir umdæmanna sem veita skulu fræðslusamtökunum og fræðslufélögunum** viðurkenningu að uppfylltum hliðstæðum kröfum þeim sem nefndar voru í 14. grein varðandi fræðslusamböndin. Slík viðurkenning gerir viðkomandi fræðslusamtök og fræðslufélög styrkhæf, en veitir þeim á engan hátt hliðstæða stöðu og aðstöðu **og fræðslusamböndin hljóta með viðurkenningu Menntamálaráðuneytisins.** Mikilvægt er engu að síður að gengið sé úr skugga um að farið sé að öllu leyti eftir fyrirmælum greinar þessarar og fullt sjálfstæði fræðslusamtaka og fræðslufélaga tryggt, bæði varðandi stjórn og fjárhag eins og áður hefur verið fjallað um í skýringu við 13. grein.

Um 15. gr.

Grein þessi er hin síðasta af þrem er sérstaklega fjalla um þriðja hóp aðila, samkvæmt skilgreiningu 2. greinar c-liðar, þ. e. fræðslusambanda, fræðslusamtaka og fræðslufélaga. Greinin er raunverulega í þrem liðum, sem eðlilegast væri að kalla a, b og c þótt ekki sé það reyndar gert.

Í upphafi greinarinnar er starfssvið og starfsvettvangur þessara þriggja aðila skilgreindur og leitast við að hafa þá skilgreiningu sem opnasta og víðfeðmasta **svo að hún geti á engan hátt orðið til að draga úr fjölbreytni fræðslustarfsins og** lokað einhverjum leiðum. Hugtökin sem notuð eru „menningarstarfsemi“ og „fræðslustarfsemi“ eiga einmitt að tryggja þá túlkun og þann skilning fullorðinsfræðslunefndarinnar.

Rétt er að vekja sérstaka athygli á hugtakinu **menningarstarfsemi,** en með því er verið að árétta hið nána samband milli fullorðinsfræðslunnar og allrar menningarstarfsemi í víðtækustu merkingu. Svo sem alkunna er, eru nú víða tvö ráðuneyti hlið við hlið, **sérstakt Menntamálaráðuneyti og annað Menningarmálaráðuneyti,** en eins og að líkum lætur verður verkaskiptingin milli þeirra stundum heldur óljós og erfitt að draga skýra markalínu. Í þessu sambandi mætti vitna í ummæli minnihluta norsku fullorðinsfræðslunefndarinnar frá 1970, þar sem hann leggur til að tengja saman fullorðinsfræðslu og menningarmál í sveitarfélögunum. (Sbr. Vaksenopplæring for alle, bls. 125 og 126). Það eru einmitt tengsl menningarlífs og fræðslustarfsemi sem nefndin hefur í huga þegar hún áréttar að umrædd fullorðinsfræðsla geti náð til hvers konar menningar- og fræðslustarfsemi.

Annar liður 15. greinar fjallar um þann styrk er áðurnefndir aðilar, fræðslusambönd, fræðslusamtök og fræðslufélög eiga að geta átt kost á frá ríkinu. Fjárhæð sú sem lögð verður til þessa þáttar fullorðinsfræðslunnar verður að sjálfsögðu ákveðin í fjárlögum hverju sinni. Þar verður þó vafalaust aðeins um heildarupphæð að ræða. Nokkuð af þeirri heildarupphæð er bundið í samræmi við síðari greinar frumvarps þessa, þær er lúta að fjárveitingu til fullorðinsfræðslu (sbr.

IV. kafla frumvarpsins) og má þar sérstaklega benda á fjárstyrki til fræðslusambandanna (sbr. 34. grein.) En að öðru leyti setur Menntamálaráðuneytið reglur um styrkhæfni hinna mismunandi þátta menningar- og fræðslustarfseminnar og er hér fyrst og fremst sú starfsemi höfð í huga sem gerð er fyllri skil í 33. grein frumvarpsins enda þótt ekki beri að líta á upptalningu þá, sem þar er birt, sem tæmandi.

Í síðustu málsgr. 15. gr. er svo fjallað um styrk frá fræðsluumdæmunum til fræðslusamtaka í fræðsluumdæmunum og fræðslufélaga í sveitarfélögum. Eins og fram var tekið í skýringum við b-lið 5. gr. frumvarpsins er til þess ætlast að fullorðinsfræðslan komi ekki samkvæmt beinni fyrirskipun frá stjórnvöldum, að ofan, heldur vaxi hún upp með eðlilegum hætti úr jarðvegi hinna mismunandi byggðarlaga og geti þá að verulegu leyti endurspeglað aðstæður á hverjum stað og þann áhuga, sem þar er fyrir hendi, á að hagnýta sér þau tækifæri sem í boði eru. Það hlýtur því að vera hinn eðlilegi gangur mála í fræðsluumdæmunum að þær reglur sem Menntamálaráðuneytið setur og snerta umræddar styrkveitingar byggist á tillögum þar að lútandi sem Samband íslenskra sveitarfélaga hefur komið á framfæri við ráðuneytið. — Má að þessu leyti líta svo á að frumkvæðið geti verið að jöfnu Menntamálaráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga og ekki síður hins síðarnefnda aðila, þar sem hér er um að ræða ráðstöfun á þeim fjármunum fræðsluumdæmanna sem landshlutasamtökin og sveitarfélögin hafa lagt af mörkum til menningar- og fræðslustarfsemi.

Um 16. gr.

Ég hyggst í tveim erindum ræða við ykkur um fræðslumál. Í fyrra erindi mínu mun ég leitast við að gera nokkur skil tveim hugtökum, sem mjög eru á dagskrá um þessar mundir erlendis, hugtökunum: **Fullorðinsfræðslu** og **ævimenntun.** Í síðara erindi mínu mun ég aftur á móti gera tilraun til að kafa dýpra og reyna að kanna forsendur þessara hugtaka svo og þess mikla áhuga, sem nú er hvarvetna á fræðslu- og menntamálum. Í því erindi mun ég þess vegna fjalla um **menntastefnur samtíðarinnar.**

Að fyrra erindi mínu mun ég hafa nokkurn formála og sný mér að honum.

## 1. FORMÁLI

Það hefur vafalaust ekki farið fram hjá neinum að menntun og fræðsla hefur verið mjög á dagskrá á síðustu árum. Til marks um það hér á landi er gagnger endurskoðun fræðslulaga, sem nú síðast hefur leitt til samningar frumvarps um ný lög skyldunámsstigsins hin svokölluðu grunnskólalög ásamt með öðru frumvarpi að lögum um skólakerfi. Hið síðara lagafrumvarp er í þessu sambandi forvitnilegra. Er þar gert ráð fyrir þrem stigum menntunar, grunnskólastigi, framhaldsskólastigi, þar undir sérskólar og loks háskólastigi. Öll mynda þessi stig, þegar lög þau sem um ræðir hafa verið samþykkt, eina heild og er í nágrannalöndum okkar valið sérstakt heiti, í Noregi t. d. förstegangsopplæring, í enskumælandi löndum formal education, en hugsanlegt væri að kalla á íslensku **frumfræðslu** og hefur reyndar þegar verið gert.

En það er harla ljóst að svo mikilvæg sem þessi frumfræðsla er og svo fyrirferðarmikil sem hún hlýtur að vera, þá fær hún á engan hátt leyst allan vanda fræðslu og menntunar í nútímaþjóðfélagi. Til þarf að koma annar þáttur sem gera verður skil og það í vaxandi mæli, enda þegar svo komið í nokkrum löndum, að hann fer að flestu leyti að vera jafnoki hins, þ. e. frumfræðslunnar bæði hvað snertir magn, fjármagnsþörf svo og skipulagningu og lagasetningu. Þessi annar þáttur menntunar og fræðslu hefur verið kallaður fullorðinsfræðsla, voksenopp læring á Norðurlöndum, adult education í enskumælandi löndum. — Sá þáttur er líka þrískiptur.

Fullorðinsfræðsla er í fyrsta lagi frumfræðsla, þ. e. grunnskólanám, framhaldsskólanám og háskólanám í nýjum búningi miðað við þroska þeirra og forsendur, sem um lengri eða skemmri tíma hafa tekið þátt í atvinnulífinu, en æskja af einhverjum ástæðum að auka við frumfræðslu sína. Þessi þáttur fullorðinsfræðslu verður af eðlilegum ástæðum í nánum tensglum við, ef ekki beinlínis ræktur af stofnunum frumfræðslunnar. En leggja ber á það ríka áherslu að þetta er aðeins einn af þrem þáttum fullorðinsfræðslu.

Annar þáttur fullorðinsfræðslunnar er menntun sem veitt skal þeim sem eru starfandi og þátt taka í atvinnulífinu og skal ná til allra þátta atvinnulífsins. Hér verður um að ræða námskeiðahald eða önnur þau fræðsluform sem tiltæk eru og hægt er að hagnýta, þar á meðal hljóðvarp og sjónvarp

að sjálfsögðu að viðhalda bæði starfsmenntun og bókmenntun vinnandi fólks svo viðkomandi verði ekki lakari starfskraftar en þeir voru í upphafi miðað við breyttar aðstæður og nýjar kröfur til kunnáttu og hæfni. Hluta þessa annars þáttar fullorðinsfræðslunnar kalla frændur okkar á Norðurlöndum etterutdanning, endurmenntun — fræðslu sem síðar er veitt. En í þessum öðrum þætti fullorðinsfræðslunnar er jafnframt um að ræða annan möguleika, er líka skal veitast atvinnulífinu og í nánum tensglum við það, en það er viðbótarfræðsla, möguleikinn að geta raunverulega aukið við menntun sína og orðið hæfari bæði hvað snertir starfsmenntun og bókmenntun en viðkomandi hafi nokkru sinni verið áður. Til þess að eiga verulegan hlut að þessari fræðslu eru kvaddir sjálfir aðilar vinnumarkaðarins, atvinnulífsins og það er hið nýja og óvenjulega í þessum þætti fullorðinsfræðslunnar. Sjálfir vinnustaðirnir, sjálf fyrirtækin geta orðið að fræðslu- og menntasetrum í nýrri merkingu þess orðs að sjálfsögðu. Við það hefur sjálft skólahugtakið orðið nýtt og hlutur menntunar orðið allur annar en fyrr. Sumir munu líta svo á að þessi annar þáttur fullorðinsfræðslunnar sé um margt sérstæðastur og merkilegastur.

En þriðji þáttur fullorðinsfræðslunnar er samt eftir. Það er sá þáttur, sem snertir félagslíf og menningarlíf og tengist hinum fjölmörgu félögum, félagasamböndum og heildarsamtökum frjálsra félaga sem vinna að hvers kyns félags- og menningarstarfsemi, hvort sem hún er kennd við ungmenni, kvenréttindi, íþróttir, stjórnmál, trúmál, annast söngstarfsemi, leikstarfsemi eða hvar þessi félög kunna að hafa haslað sér völl. Hér er um að ræða svo merkan þátt að eðlilegt er að gera sér þess fulla grein hvaða aðild honum má ætla í fræðslu, menntun og öllu því sem einu nafni má kalla menning. Það er mála sannast að margir hafa í hinum frjálsu félagasamtökum hlotið þá menntun og þann undirbúning undir lífið sem notadrýgstur hefur reynst og markað lífi þeirra stefnu og gefið því innihald.

Þetta er þá annar þáttur fræðslu og menntunar og virðist auðsætt að hann á fulla kröfu til að vera metinn til jafns við frumfræðsluna og ætti sú viðurkenning ekki að fella neinn skugga á þá fræðslu nema síður sé.

Til þess hins vegar að gera sér fulla grein fyrir fullorðinsfræðslunni og sérstöðu hennar verður að átta sig á tveim öðrum verkefnum er fullorðinsfræðslunni tengjast. — Annað er fólgið í nýjum menntastefnum og viðhorfum til menntunar og fræðslu almennt, en þar liggja rætur hins mikla áhuga á fullorðinsfræðslunni og menntun almennt. Mun því efni gerð skil sérstaklega. — Hitt er svo algjörlega frábrugðið menntakerfi því sem við nú þekkjum, svokölluð **ævimenntun** þar sem báðir þættirnir frumfræðsla og fullorðinsfræðsla hafa verið tengdir saman, eða felldir saman í æðri einingu ef nota mætti svo fræðilegt eða svo dialektisk hugtak með fullri virðingu fyrir Friedrich Hegel, Karli Marx og Karli Barth svo nefnd séu í sömu andrá þrjú stórmenni, þrír risar dialektiskra fræða og dialektiskrar hugsunar.

Eftir þennan inngang mun ég þá snúa mér að hinum tveim hugtökum, er ég hef hugsað mér að skýra í þessu erindi: fullorðinsfræðslu og ævimenntun.

## 2. FULLORÐINSFRÆÐSLA

### a) Skilgreining.

Ég geri fullorðinsfræðslunni fyrst skil og byrja á skilgreiningu. Í sambandi við þá skilgreiningu er af nógu að taka.

Menningar- og fræðslustofun Sameinuðu þjóðanna, Unesco, hefur sett fram eftirfarandi skilgreiningu, sem gengið var frá á þingi, námskeiði um samanburð fullorðinsfræðslu, sem haldið var í Exeter í Massachusett í Bandaríkjunum árið 1966. Hin svokallaða Exeter skilgreining er þá þannig:

„Fullorðinsfræðsla er fræðsluform, sem veitir fólki, er ekki lengur er þátttakendur í venjulegu skólanámi á þann hátt sem það er skipulagt, aðstöðu til að stunda áframhaldandi nám og taka þátt í skipulögðu námsstarfi í því augnamiði að geta fylgst með breytingum, sem orðið hafa og lúta að þekkingu, skilningi, hæfni, mati og afstöðu eða í þeim tilgangi að gera sér grein fyrir og leysa persónulegan eða félagslegan vanda.“

Frá nefnd á vegum Norðurlandaráðs, „Nordisk ekspertudvalg for forskning på voksenopplæringens område“, nefnd sérfræðinga er hafa skyldu á hendi rannsókn á sviði fullorðinsfræðslunnar, er þessi túlkun frá árinu 1969:

„Fullorðinsfræðsla er menntun sem veitt er fullorðnum. Sú fræðsla er látin í té eftir að viðkomandi hefur lokið ákveðnum hluta frumfræðslu. Þeir sem njóta fræðslu af þessu tagi hafa langoftast meiri eða minni kynni af atvinnulífinu og hafa hlotið menntun til ákveðinna starfa, ýmiss konar atvinnufræðslu.“

Frá árinu 1972 er svo þessi skilgreining frá Danmörku gerð nokkru fyrir þing Unesco um fullorðinsfræðslu á síðasta sumri, júlí—ágúst í Tokio:

„Fullorðinsfræðsla nær yfir allt það nám og alla þá menningarstarfsemi, sem fullorðnir taka þátt í, hvort sem um er að ræða frjálsa þátttöku eða ekki og hvort sem hún verður í vinnutíma eða utan hans, ef líta má á það nám eða menningarstarfsemi sem áframhald eða viðbót við þá undirstöðumenntun, sem viðkomandi hefur hlotið.“

### b) Ástæður fullorðinsfræðslunnar.

Næst skal þá vikið að ástæðum þess að fullorðinsfræðsla er svo mjög á dagskrá.

Það er auðvitað ljóst að fullorðinsfræðsla er í sjálfu sér ekki ný af nálinni. Hitt er ljóst að hún hefur færst verulega í aukana og það er fyrst á síðustu áratugum að hún hefur komið fram í sviðsljósið með þeim hætti sem nú er orðið. Menn spyrja því hverjar ástæðurnar kunni að vera til þessa. — Ég hygg að flestir muni þar á einu máli að greina fjórar meginástæður til þess að fullorðinsfræðsla er orðin svo ríkur og vaxandi þáttur sem raun ber vitni um. — Olof Palme forsætisráðherra Svíþjóðar spáði því í byrjun þessa áratugar, hins 8. áratugar aldarinnar að hann myndi verða með sérstöku móti áratugar fullorðinsfræðslunnar. Hinar fjórar ástæður eru:

**Fyrsta ástæða:** Sjálfsagt þykir að gefa því fólki, sem horfið hefur að störfum í þjóðfélaginu, tækifæri til að hefja nám er það síðar finnur hjá sér löngun eða þörf til að menntast á ákveðnu sviði, sem gerði það hlutgengt til starfa þar.

**Önnur ástæða:** Breytingar í atvinnulífinu gera það nauðsynlegt að fólk eigi kost á endurmenntun, annað hvort vegna þess að störf þau er það áður stundaði hafa breyst svo verulega að þau krefjist annars undirbúnings og annarar hæfni og þekkingar en áður — eða störfin eru ekki lengur fyrir hendi vegna þess að ný tækni eða sjálfvirkni hefur komið til og því er nauðsynlegt fyrir viðkomandi að leita á önnur mið, búa sig undir önnur störf, hljóta ummenntun.

**Þriðja ástæða:** Nútímaþjóðfélag gerir aðrar og meiri kröfur til þegna sinna og þá ekki síst lýðræðisþjóðfélögin, en skapa þarf þjóðfélagsþegnunum nýja meðvitund er geri þá að virkum þjóðfélagsþegnum, sem taka þátt í félagslegri baráttu, er gera sífellda þróun og stöðugar breytingar mögulegar.

**Fjórða ástæða:** Hinn aukni frítími, sem virðist á flestum stöðum vaxandi vandamál, hlýtur að hafa áhrif á menntunarmöguleika manna, að gefinn verði kostur á margvíslegri fræðslu sem til þess er ætluð að hjálpa einstaklingum og

hópum að njóta frístundanna, gera þær að sönnum ávinningi en ekki hefndargjöf eins og sumstaðar virðist vera, að menn fyndu ráð til að gera tómstundirnar að tíma sköpunar og lífsnautnar, en ekki tíma lífsleiða, sem kallaði fram þrá og þörf að drepa tímann.

### c) Skipting fullorðinsfræðslunnar.

Áður hefur lítillega verið vikið að þessu atriði og þá gerð grein fyrir þrískiptingu fullorðinsfræðslunnar: a) í fræðslu hliðstæða frumfræðslunni, b) í fræðslu úti í atvinnulífinu og c) fræðslu á vegum hinna frjálsu félagasamtaka.

Jóhann Hannesson, fyrrum skólameistari á Laugarvatni hefur í ágætu erindi gefið yfirlit sem er í meginatriðum hliðstætt þessu, en gæti verið rétt að skýra frá til samanburðar. Hann bendir á ferns konar nám, sem telja megi til fullorðinsfræðslu og lýsir þannig:

I. **Skólanám.** — Þar er um þrenns konar nám að ræða:
   a) Undirbúningur undir almenn heildarpróf skóla (landspróf, gagnfræðapróf, stúdentspróf, háskólapróf).
   b) Undirbúningur undir inntöku í sérskóla.
   c) Upprifjun námsefnis eins skólastigs til undirbúnings undir nám á næsta stigi eftir að hlé hefur orðið á námi.

II. **Atvinnunám.** — Þar er líka um þrískiptingu að ræða:
   a) Viðbótarnám til að auka hæfni í starfsgrein.
   b) Endurmenntun vegna tilkomu nýrrar þekkingar eða tækni og úreldingar fyrri kunnáttu.
   c) Ummenntun vegna atvinnuskipta.

III. **Tómstundanám.** — Enn þrískipting:
   a) Til menningar og fróðleiksauka.
   b) Til dægradvalar.
   c) Til heimilisþarfa — efnahagslegra og félagslegra.

IV. **„Borgaranám".** — Þar eru þættirnir tveir:
   a) Til undirbúnings undir virk afskipti í þjóðmálum.
   b) Til undirbúnings undir meðferð vandamála í nánasta umhverfi.

Í Noregi hefur í nokkur ár verið til svokallað **Fullorðinsfræðsluráð** skipað fulltrúum frá ýmsum aðilum atvinnu- og menningarlífs. Það hefur gefið út harla merkilega greinargerð sem nefnist **Verkaskiptingin í fullorðinsfræðslunni,** Arbeidsdelingen i voksenopplæringen. Rit þetta er röskar 90 blaðsíður og ég ætla ekki hér að reyna að gera grein fyrir innihaldi þess, en aðeins benda á tvenns konar heildarskiptingu sem þar er vikið að. Fyrri skiptingin lýtur að formi fullorðinsfræðslunnar. Samkvæmt skilgreiningu Fullorðinsfræðsluráðsins norska getur hún verið þessi:

**Í fyrsta lagi:** Fullorðinsfræðsla sem miðast við prófundirbúning og á að þessu leyti hliðstæður í hinu almenna og hefðbundna skólakerfi.

**Í öðru lagi:** Fullorðinsfræðsla sem hefur tengsl við atvinnulífið.

**Í þriðja lagi:** Fullorðinsfræðsla sem ekki stefnir að prófi eða sérstöku mati á því sem lært er eða fræðst um.

**Hin síðari skipting miðast svo við þá aðila, sem ættu að hafa fullorðinsfræðsluna með höndum. — Að áliti norska Fullorðinsfræðsluráðsins ætti þar einnig að vera um þrískiptingu að ræða.**

**Í fyrsta lagi:** Fræðslusambönd og félög svo og einkastofnanir.

**Í öðru lagi:** Aðilar atvinnulífsins, aðilar vinnumarkaðarins.

**Í þriðja lagi:** Opinberir aðilar: í Noregi — ríki, fylki og sveitarfélög.

### d) Kostnaður við fullorðinsfræðslu.

Að síðustu skal svo lítillega drepið á fjárframlög til fullorðinsfræðslu í nágrannalöndunum. Ég hef undir höndum gögn er sýna þessi fjárframlög í Danmörku og Svíþjóð miðað við kennsluárið 1971/1972.

Í Danmörku er niðurstaðan þessi: Áætlaður heildarkostnaður fullorðinsfræðslunnar í Danmörku umrætt kennsluár er talinn hafa numið 570 millj. danskra króna. Þessi kostnaður er talinn 7% af opinberu framlagi til menntamála, en það framlag áætlað um 8 milljarða danskra króna þegar námsstyrkir eru taldir með. Námsstyrkir í sambandi við fullorðinsfræðslu eru um 80 milljónir króna. — Þá segir í þessari áætlun að einstök félög og aðilar vinnumarkaðarins muni hafa lagt af mörkum til fullorðinsfræðslu ca. 100 milljónir danskra króna. — Væri um hlutfallslega sömu framlög að ræða á Íslandi, þá ættu framlög opinberra aðila að nema næstum 300 milljónum króna, en framlög félaga og aðila atvinnulífsins að vera milli 50—60 milljónir. — Á fjárlögum okkar fyrir árið 1973 eru ætlaðir 4 milljarðar 20 milljónir og 23 þúsund krónur til menntamála, 7% þeirrar upphæðar yrði röskar 280 milljónir sem væri næsta hliðstæð upphæð.

Fyrir kennsluárið 1971/1972 fullyrðir menntamálaráðherra Svíþjóðar Sven Moberg að framlög sænska ríkisins til fullorðinsfræðslu myndu nema einum milljarð sænskra króna, sem er verulega hærri upphæð en Danir áætluðu að ráðstafað yrði til fullorðinsfræðslu. — Það myndi samsvara því að íslenska ríkið legði fram um 500 milljónir íslenskra króna eða ca. 12% þeirrar upphæðar sem ætluð er til menntamála á fjárlögum fyrir yfirstandandi ár.

## 2) ÆVIMENNTUN

### a) Skilgreining.

Ég sný þá máli mínu að síðara meginhugtaki þessa erindis: **ævimenntun.**

Fyrst kemur þá skilgreining á því sérstæða hugtaki, sem felur í sér tvo meginþætti: **frumfræðslu** og **fullorðinsfræðslu.** Ekki væri óeðlilegt að hefja kynningu á hinu nýja kerfi með því að athuga lítillega þau hugtök, sem um það hafa verið notuð erlendis og þá samsvarandi eða hliðstæð orð og hugtök íslensk. Það vill svo einkennilega til að þrjár merkar stofnanir hafa komið á framfæri hver sínu hugtaki:

Fyrst skal getið um það heiti, sem Menningar- og fræðslustofnun Sameinuðu þjóðanna, Unesco hefur valið hinu nýja menntakerfi. Það er á ensku hugtakið **Life-long education,** sem frændur okkar Danir hafa þýtt með: Livslang uddannelse/udvikling — þeir þýða enska orðið education með tveim hugtökum: menntun — þroski/þróun að fram komi ólík blæbrigði. Heiti Unescos er eðlilegast að þýða á íslensku með **ævimenntun.**

Efnahags og framfarastofnunin, O.E.C.D. hefur valið þessu menntakerfi framtíðarinnar hugtakið Recurrent Education, þ. e. a. s. menntun sem fram fer aftur og aftur og hefur þetta hugtak verið réttilega þýtt á íslensku með orðinu **símenntun** og hefur mátt sjá það skjóta upp kollinum í frásögnum blaða og tímarita.

Loks hefur svo Evrópuráðið kynnt hið nýja menntakerfi sem **Permanent** Education, hin stöðuga, varanlega menntun, það er að segja menntun sem stöðugt **þarf endurnýjunar og tekur á sig nýjar og breyttar myndir, er stöðug í breytileika** sínum og fjölbreytni og verður þannig að stöðugum, varanlegum þætti í menningu samtíðarinnar.

### b) Ástæður.

Svo vikið sé næst að ástæðum sem taldar eru gera nauðsynlegt að koma á hinu nýja fræðslukerfi með þáttunum tveim, frumfræðslu og fullorðinsfræðslu, þá mætti endurtaka margt af því sem áður hefur verið sagt. Það mun ekki gert heldur tveim nýjum ástæðum bætt við.

Annað er hin sérstæða breyting sem menn telja sig hafa orðið vara við á þjóðlagsforminu á Vesturlöndum. Sumir hafa fyrir satt að greina megi í sögu Vesturlanda til þessa þrjú þjóðfélags eða samfélagsform, en hið fjórða búi þegar í vitund okkar sem framtíðardraumar. Hin þrjú þjóðfélagsform, sem þegar hafa birst eru: Fyrst: **Sigurvinningasamfélagið,** þegar nær allt var talið undir því komið fyrir hinar einstöku þjóðir Vesturlanda að ná ítökum og áhrifum, helst um heim allan, vinna sem flesta sigra í orustum og sanna þannig yfirburði sína. — Þetta samfélag var síðan leyst af hólmi af **orkusamfélaginu,** kílóvatta-samfélaginu eins og sumir kalla það, en áhrifa þess og viðhorfa hefur á síðustu áratugum gætt meir og meir. — Nú er þetta orkusamfélag aftur á móti að missa að nokkru ljóma sinn eða kannski væri réttara að segja er búið að sannfæra mennina um það hvaða orkulindir eru fyrir hendi hið ytra í náttúrunni og hvaða aðferðum er hægt að beita til að beisla þær og hagnýta. — Því er nú svo komið að þriðja þjóðfélagsformið er í uppsiglingu og henni hraðri og fyrirferðarmikilli, það er **þekkingarsamfélagið.** Mennt er máttur, segir íslenskt máltæki. Það er ljóst að það er annars konar orka, sem nú á að virkja heldur en sú sem orkusamfélagið beindi athyglinni að. Það er hæfni mannsins sjálfs og hæfileikar sem nú skulu leystir úr læðingi. Í hæfni sinni og hæfileikum býr maðurinn yfir óvenjulegri orku, sem hægt er að virkja til þess að gera líf einstaklinganna og heildanna auðugra og svipmeira. Nýr áfangi á þróunarbraut er hafinn og enginn fær séð fyrir hvert hann skilar mannkyninu, en hitt má telja víst að hann gefur mikil fyrirheit. — Það er svo draumur framtíðarinnar, er sagt að **þekkingarsamfélagið** Cogno Society umbreytist eða þróist yfir í **menningarsamfélag,** þar sem hver maður fær að jöfnu tækifæri til að njóta og skapa.

Hitt atriðið sem ég vil hér draga fram er staðreynd hinnar svokölluðu **þekkingarbyltingar.** Staðreynd hennar skýrist best með eftirfarandi athugunum: Menn höfðu fyrir satt að á hálfri öld, frá aldamótunum 1900 til 1950 hefði þekkingarforði mannkynsins tvöfaldast og þóttu firn mikil. En hvað gátu menn þá sagt, þegar talið var sannleikanum samkvæmt að þekkingarforðinn hefði aftur tvöfaldast og það aðeins á tíu árum, frá 1950—60. — Sýnilegt þótti að svo væri sem skriðu hefði verið hleypt af stað og hér væri verið við upphaf **nýrrar þróunar,** en ekki ris eða endalok. Áfram myndi þekkingarforðinn halda áfram að tvöfaldast og tíminn, sem það gerðist á, verða styttri og styttri. Til allra þátta þekkingar og starfa myndi aukningin ná, og meira hefði aukningin náð og þannig myndi þetta halda áfram.

### c) Þróunarferill ævimenntunarhugtaksins til þessa dags.

Segja má að ævimenntunarhugtakið komi verulega í sviðsljósið á þingi, sem Unesco hélt um fullorðinsfræðslu í Montreal í Kanada árið 1960, en það var annar alþjóðafundurinn um þau mál á vegum stofnunarinnar, hinn fyrsti var haldinn í Helsingör árið 1949. Yfirskrift eða tema ráðstefnunnar í Montreal var: „Fullorðinsfræðsla í breytilegum heimi." — Í ályktun þingsins segir svo: „Fullorðinsfræðsla er þáttur menntunar sem varir ævina alla. Stjórnvöld allra landa verða að viðurkenna hana og líta á hana sem eðlilegan og fullkomnlega nauðsynlegan þátt í heildarfræðsluskipan sem þannig verður önnur og fullkomnari."

Ég held að athyglisvert fyrir okkur hér og nú væri að gera okkur stuttlega grein fyrir hlut Evrópuráðsins að ævimenntun, en ráðið hefur sérstaklega látið fjalla um þetta atriði með það fyrir augum að stuðla að framgangi þess sameigin-

legum hjá hinum 17 ríkjum, sem aðild eiga að ráðinu. — Evrópuráðið var stofnað af 10 ríkjum 5. maí 1949.

Þeir aðilar sem unnið hafa að framgangi ævimenntunar á vegum Evrópuráðsins, í þeirri stofnun þess sem kölluð er ráð eða nefnd menningarsamvinnu, The Council for Cultural Co-operation, en hún var sett á laggirnar í ársbyrjun 1962 — telja að greina beri milli tveggja tímaskeiða, eða tveggja þátta að því er ævimenntunina snertir. Fyrra skeiðið kalla þeir: **Hugtakaskeiðið** og telja að staðið hafi frá 1966—1971, en árið 1966 hóf nefnd menningarsamvinnunnar afskipti af málinu. Merkasti áfangi þessa skeiðs gerðist árið 1970 á hinu svonefnda alþjóðlega menntaári, International Education Year, eins og Sameinuðu þjóðirnar óskuðu eftir að það ár yrði kallað. Á því ári var unnið að samningu og útgáfu 15 ritgerða um ævimenntun á vegum Evrópuráðsins. — Árið 1971 kom út annað merkilegt plagg í þessu sambandi: „Grundvallaratriði samræmdrar menntastefnu", en á það plagg má líta sem einskonar stefnuskrá og stefnuyfirlýsingu.

Á síðasta ári, 1972, hófst svo annað skeið ævimenntunarinnar, **framkvæmdaskeiðið** eins og það er kallað, en gerðar hafa verið áætlanir um hvernig að framgangi málsins skuli staðið til ársins 1978. Hefur verið skipuð **stjórnarnefnd**, Steering Group til að hafa forgöngu, svo og ráðinn sérstakur framkvæmdastjóri í þessu skyni, en það er annar af aðalhöfundum plaggsins, sem áður var getið um.

Ég mun ljúka erindi mínu með því að greina frá nokkrum þáttum í ritinu „Grundvallaratriði samræmdrar menntastefnu" Fundamentals for an integrated educational policy.

**Í formála** ritsins eru settar fram fimm kröfur sem gera þarf til fræðslukerfis ævinmenntunar. Þær eru þessar:

Nauðsynlegt er að fræðslukerfið sé næsta sveigjanlegt og geti tekið breytingum.

Tryggja ber á öllum stigum menntunar, að sú menntun sem veitt er sé í senn: almenn, starfræn, menningarleg, félagsleg og taki tillit til borgaralegra skyldna og **réttinda**.

Menntakerfið verður að byggjast á stöðugri handleiðslu, ekki þeirri afstöðu að vilja losna **við nemendur**.

Örva þarf í námi sköpunarhæfni, viðbragðsflýti og gagnrýnishneigð.

Sjálfsnám þarf að glæða og gera öllum ljóst hvert gildi það getur haft.

**Fyrsti kafli** ritsins fjallar um fjögur meginatriði, þessi: 1) **Þarfir** einstaklingsins (öryggi, tjáning og samstaða). 2) **Þarfir** hópsins (vöxtur, samheldni, skipulag). 3) Árekstrar og loks 4) Samfélagið og menntakerfið.

**Annar kafli** ritsins tekur þrennt fyrir: 1) Hvernig á að tryggja að hver einstaklingur geti sjálfur skipulagt og stuðlað að framförum sínum og menntun? 2) Hvernig má hjálpa fólki í hinum snöggu umskiptum í atvinnulífinu? 3) Hvernig má virkja sköpunarhæfni hvers og eins og tryggja að persónuleikinn fái þroskast og mótast?

**Þriðji** og **fjórði þáttur** lýsa svo hinu nýja kerfi í meginatriðum. En þar skal hér einungis bent á tvennt:

Annars vegar hugmyndina um algerlega nýja skólagerð, hina samræmdu eða alhliða menningarmiðstöð, sem veiti sérhverjum þá menntun og þá handleiðslu, sem hann eða hún óskar eftir.

Hins vegar vandann hvernig hugsanlegt væri að menn öðluðust rétt til áframhaldandi menntunar í þessu nýja kerfi. — Hafa menn þá hugsað sér að tengja mætti hið nýja skólakerfi hinu almenna tryggingakerfi landanna, en réttur til menntunar ætti að verulegu leyti að miðast við vinnudaga. Mætti hugsa sér að

fyrir hvern unninn dag öðlaðist viðkomandi rétt til einnar kennslustundar, sem hann fengi að fullu greidda bæði námskostnað og eins bætt vinnutap meðan nám væri þreytt.

Ég hef lokið fyrra erindi mínu og fjallað stuttlega um hugtökin tvö **fullorðinsfræðslu** og **ævimenntun**.

**Fullorðinsfræðsla — ævimenntun**

**Menntastefnur samtíðarinnar.**

Útvarpserindi flutt í maí 1973.

**II.**

Góðir hlustendur.

Ég fjallaði í fyrra erindi mínu um hugtökin tvö: **fullorðinsfræðslu** og **ævimenntun**. — Í þessu síðara erindi ætla ég að kanna forsendur þessara tveggja hugtaka og þeirra fyrirbæra, sem þau vísa til og túlka.

## 1. FORMÁLI

Það fer ekki á milli mála að hin mikla kvika, sem orðið hefur vart í mennta- og fræðslumálum á síðustu árum á að verulegu leyti rætur sínar að rekja til nýrra viðhorfa, nýrra menntastefna sem grundvallast hafa á ákveðnum heimspekikenningum eða lífsskoðunum, hvort hugtakið sem menn vilja nú heldur nota. — Þessar nýju stefnur hafa tvennt í för með sér og ber að gera sér grein fyrir hvoru tveggja. **Annars vegar** hafa hin nýju viðhorf valdið eins konar uppgjöri, átökum væri kannski mildara orð við eldri og ríkjandi menntastefnur. **Hins vegar** hafa svo hin nýju viðhorf stækkað sjóndeildarhringinn almennt og orðið til þess að menn hafa séð samfélagið, menntun og menningu í nýju ljósi.

Ég ætla fyrst að víkja nokkrum orðum að þeim átökum milli hinna eldri og yngri viðhorfa, eldri og yngri menntastefna, sem ég gat um áðan. Að vísu má fara varlega með hugtökin eldri og yngri, því oft fer það svo þegar dýpra er skoðað að fullyrðing Prédikarans reynist rétt „að ekkert er nýtt undir sólinni.“ Nýtt verður viðhorf oft við það eitt að sviðsljósinu er sérstaklega á það brugðið eða það eignast sérstakan hljómgrunn við ákveðnar aðstæður eða á ákveðnum tíma.

Að mínu viti eru merkustu og athyglisverðustu átök í menntastefnum á okkar dögum tengd þeirri fornu menntastefnu, sem kennd er við úrval, **elite** annars vegar og hinni nýju eða nýrri menntastefnu sem kennd er við jafnrétti, jafnan rétt, **egalité** hins vegar. Hvað felst þá í þessum tveim meginviðhorfum ,eða aðalmenntastefnum? — Stefna sú, sem kennd er við úrval, **elite-stefnan** eins og hún er nefnd grundvallast á þeirri sannfæringu að tilgangur menntunar og fræðslu sé að finna þá sem menntunar séu verðir umfram aðra, finna úrvalið, þá sem yfir hæfileikunum og gáfunum búa. Þeim skulu allar gáttir opnaðar til æðstu mennta og síðan samsvarandi metorða, en öðrum lokaðar er sýnt hafi að minna megi af þeim vænta og litill ávinningur sjálfum þeim eða samfélaginu að eyða tíma og fjármunum þeirra vegna. Við þessa menntastefnu hlýtur að skapast skil í samfélaginu milli úrvalsins sem talið er því betra sem það er fámennara og annarra, lýðsins sem kannski ekki er lengur talinn bölvaður, en af öðru sauðahúsi, enda líka beinlínis að þeim skilum stefnt og þau talin öllum, líka þeim sem dæmdir eru úr leik, sannur ávinningur. — Forsvarsmenn hinnar menntastefnunnar, þeirrar sem kennd er við jafnan rétt, **egalité-stefnan, jafnréttisstefnan** líta öðru vísi á. Þeir telja alla heilbrigða menn búa yfir meiri hæfileikum en nokkurn tíma sé hugsanlegt að leysa úr læðingi. Vegna þessa

eigi allir heilbrigðir menn að eiga jafnan rétt á því að hæfileikar þeirra séu viðurkenndir og virkjaðir. Þá muni hitt líklega í annan stað vera réttara að tala um mismunandi hæfileika manna heldur en fullyrða að sumir séu hæfileikum gæddir en aðrir ekki, þótt ekki skuli þar með neitað að við ákveðnar aðstæður eða ákveðin verkefni nýtast hæfileikar eins betur en annars. Hitt skuli samt haft ríkt í huga að enginn veit fyrir hverjar breytingar og hver umskipti geta orðið og þá geti líka skipt um ágæti hinna mismunandi hæfileika. Þá megi heldur ekki gleyma því, en hafa ríkt í huga að menntun og fræðsla skal ekki stefna að því að skapa skil í samfélögum manna, heldur þvert á móti leitast við að koma í veg fyrir að skil skapist. Menntun og fræðsla á að gera sameiginlegan hugmyndaforða sem mestan og sem flesta þætti menningar að sameign allra. Því betur sem það hlutverk menntunar hefur verið rækt því betur hefur til tekist. Sé um keppni að ræða ætti hún að felast í því að sem mest geti komist til skila af hæfileikum og þeir nýst sem best, en ekki í hinu að útiloka aðra frá því að njóta sín á þeim sviðum er þeir geta orðið sjálfum sér og samfélaginu að mestum notum og orðið heilsteyptir menn og gæfumenn.

Sem beint framhald af þessum átökum **élíte-stefnunnar** og **egalité-stefnunnar** er snerta úrval og jafnan rétt eru önnur átök á sviði menntamála. Átökin snúast um tvenns konar gáfur, **lærdómsgáfur** sem hægt er að mæla með **gáfnaprófum annars vegar og skapandi gáfur**, sem erfiðara er að mæla á þennan hátt hins vegar. Þessi átök hófust að verulegu ráði á 6. tug aldarinnar á Vesturlöndum. Á þeim áratug virtist Vesturlandabúum sem þeir væru að bíða lægri hlut í keppni þeirri sem fram fór um forystu á sviði vísinda og tækni í veröldinni og væru Sovétmenn að því komnir að taka forystuna. Af þessu dapurlega hugboði leiddi meðal annars endurskoðun á menntun og fræðslu og var þá sviðsljósinu ekki síst beint að þeim forsendum sem gefnar væru fyrir að velja ákveðinn hóp manna til menntunar umfram aðra. Við þær umræður og athuganir sem fram fóru þóttust margir komast að því að til myndi vera tvenns konar hugar- og vitsmunastarfsemi eða tvær aðalforsendur hugsunar að leita lausnar á verkefnum og vanda. — Margir fylgdu þar fordæmi bandarískra sálfræðingsins J. P. Guilfords og töluðu um tvær gerðir hugsunar. Önnur gerð hugsunarinnar væri fólgin í því að geta fellt saman, tengt saman eða raðað þekkingaratriðum eftir ákveðnum forskriftum og á ákveðinn, kerfisbundinn hátt sem auðvelt væri að meta. Sú hugsun var því kölluð „samhverf hugsun," konvergent tænkning á Norðurlandamálum, en convergent thinking á enskri tungu. Hin gerðin væri með allt öðrum hætti og var sú gerð kölluð „fráhverf hugsun," divergent tænkning á Norðurlandamálum en divergent thinking á ensku. Til voru samt þeir sem vildu kalla þessa gerð „hliðar hugsun", lateral tænkning eða lateral thinking. Báðar nafngiftirnar skýra að nokkru hvað við er átt. Þessi gerð hugsunar leitar ekki lausnar eftir ákveðnum forskriftum á kerfisbundinn hátt að hægt sé að segja fyrir um hver lausnin muni verða eða á hvern veg hún muni verða fundin. Bæði leitin að lausninni og lausnin sjálf mun koma á óvart og hvort tveggja verða óvænt og jafnvel sýnast framandi, jafnvel fráleitt í upphafi, en sé betur að gætt verður annað upp á teningnum. Hin „fráhverfa hugsun" hefur brotið nýja braut, skapað nýja þekkingu í ýmsum tilfellum og veitt nýtt hugboð í öðrum. — Af því sem nú hefur verið sagt kemur naumast á óvart að þegar frá leið var farið að kalla aðra gerð hugsunarinnar **lærdómshugsun**, en hina **skapandi hugsun** og kenna þær við tvenns konar afbrigði gáfna, lærdómsgáfur og skapandi gáfur. — Aðrir hafa gengið enn lengra í þessum efnum og talað beinlínis um mun **greindar** og **sköpunarhæfni**, greindin er fólgin í gáfum sem hægt er að meta í hefðbundnum skólalærdómi, sköpunarhæfni er fólgin í gáfum, sem ekki verða metnar á þann hátt, en sanna sig í árangri á mörgum sviðum, þótt oft falli utan hins hefðbundna skólalærdóms. — Hafa eftirfarandi fjórar fullyrðingar verið settar fram og reyndar taldar niðurstaða viðamikillar könnunar: **Í fyrsta lagi** er náið samband á milli greindarmælinga og skólaárangurs. **Í öðru lagi** er lítið samband á milli greindarmælinga og árangurs á þeim sviðum (lífsins), sem ekki lúta að skólanámi. **Í þriðja**

lagi er litið samband milli árangurs í hefðbundnu námi og árangurs á öðrum sviðum. Í fjórða lagi er náið samband milli árangurs á öðrum sviðum og sköpunarhæfni að því leyti sem reynst hefur mögulegt að dæma slíka hæfni og meta. — Áður en ég skil við þetta efni um þau átök sem orðið hafa milli menntastefna eða gamalla og nýrra viðhorfa í menntamálum varðandi lærdómsgáfur og skapandi gáfur tel ég rétt að geta mjög sérstæðrar tilraunar sem gerð var af tveim fræðimönnum, L. Jacobson og Robert Rosenthal til að renna stoðum undir það hugboð þeirra og reyndar fleiri að fyrirfram skoðun og álit kennara og reyndar nemenda líka hefði áhrif á árangur þeirra á prófum og námsárangur yfirleitt. Rosenthal og Jacobson höfðu sagt kennurum að nokkrir nemendur sem þau tiltóku „myndu ná sérstökum árangri og auka verulega við sig á næsta ári.“ Töldu kennarar þessa fullyrðingu byggða á fræðilegu mati, en Rosenthal og Jacobsen höfðu valið nemendurna af handahófi og ekkert tillit tekið til neinna greindarmælinga eldri eða yngri. Átta mánuðum síðar var árangur hinna umræddu nemenda metinn og kom í ljós að spárnar höfðu í verulegum atriðum staðist. — Þess sem kennurunum hafði verið sagt að vænta af nemendunum það kom fram. — Andhverfa hins kunna dóms Stephans G. Stephanssonar birtist: „Falin er í illspá hverri / ósk um hrakför sýnu verri“, eins felst í spám og eftirvæntingu um árangur og afrek ósk sem hefur sín áhrif í þá átt að óskin rætist.

## 2. MENNTASTEFNUR

Næst skal þá vikið að menntastefnum sem hægt er að líta á, eins og áður er sagt, sem hinar eiginlegu forsendur þeirra átaka sem vikið hefur verið að svo og því að menntun og fræðsla hefur verið skoðuð í nýju ljósi og nýtt mat fengist á tilgangi og markmiði.

Ég veit ekki hvort allir kunna að vera mér sammála, en ég tel að menntastefnum samtíðarinnar megi skipa í fjóra aðalflokka og miða þá skiptingu að nokkru við það á hverju mest áhersla hvílir í framsetningu og túlkun. Hinir fjórir aðalflokkar verða þá:

Í fyrsta flokki eru menntastefnur sem leggja mesta áherslu á eðli eða náttúru, og verða þannig að náttúrustefnum í einu eða öðru formi. Þær kunna að leggja megináherslu á hið árangursríka, hið pragmatiska, eða hið rómantíska. En sameiginlegt þessum stefnum er það samt, að það eitt er satt og hefur gildi sem sýnir að það á samsvörun í eðli mannsins, sem er í senn einstætt og algilt (universalt).

Í öðrum flokki eru menntastefnur, sem ekki nægir eðli eða náttúra, heldur beina athygli að hinu innsta eðli, kjarna eða því sem mestu skiptir að gera sér fyllstu grein fyrir. Þær verða því að stefnum hins varanlega, hins innsta eðlis, hins essentiala og eru stundum einu nafni við það kenndar, stefnur essentialisma. Þær geta birst í mörgum blæbrigðum allt eftir því hvort hið innsta eðli er talið hugrænt og hugsjónalegt, idealistikt en hugur og hugsjón æðstur veruleiki, eða áherslan hvílir á hinu raunsæja, hinu realistiska og hlutrænn veruleiki álitinn traustastur og óbrotgjarnastur. Líka getur þessi flokkur menntastefna rúmað þau afbrigðin sem telja vitið sjálft hið innsta eðli tilverunnar og hljóta túlkan í hinni sígildu heimspeki, Philosophia Perennis. Þessi afbrigði eru ekki fá, en þau tvö kunnust sem leggja áherslu á vitræna mannúðarstefnu annars vegar, en skólaspeki kaþólskra hins vegar.

Í þriðja flokknum eru svo menntastefnur er leggja vilja ríkasta áherslu á að allt beri að skoða í ljósi heildar. Á hvaða stigi sem menntun og fræðsla er veitt þá er hún tvennt í senn: Hún er hluti heildarsýnar, heildarskipulags, heildarmyndar annars vegar. Hún býr hins vegar yfir þætti sem stefnir til annarar og fullkomnari heildar eða myndar. Þessar stefnur verða því það sem kallað er strukturalistiskar stefnur, þar sem þær leggja svo ríka áherslu á mótið, formið, heildina, strukturinn. En eftir því hvort áherslan hvílir á sjálfri heildinni eða hinu að ný mynd býr

að baki eru blæbrigðin kennd við **organisma**, hina lífrænu heild eða **endurskipan**, rekonstruktion.

Þá er að mínu áliti aðeins einn flokkur menntastefna eftir. Er þar um að ræða þær menntastefnur, sumir myndu að vísu aðeins hafa orðið menntastefna í eintölu, sem telja að mikilvægast sé að gera mönnum grein fyrir sérstöðu mannlegs veruleika, en á þeim grunni einum sé hægt að byggja allar hugmyndir um menntun og fræðslu. Sérstaða mannlegs veruleika er að áliti formælenda þessara menntastefna í því fólginn að maðurinn er ekki fæddur með neitt innsta eðli eða kjarna, essense. Slíkt innsta eðli, slíkan kjarna getur hann hins vegar öðlast í lífi sínu og í því að vera til, eksistera á ábyrgan og sjálfstæðan hátt, með fullri vitund um möguleika sína og takmarkanir. Í samræmi við þessar hugmyndir eru þær menntastefnur sem hér um ræðir kenndar við eksistens, eða „það að vera á mennska vísu“ eins og formælendurnir myndu telja að í því hugtaki fælist.

## 3. TVEIR HEILDARFLOKKAR

### a) Inngangur.

Eftir þennan almenna inngang um menntastefnur samtíðarinnar hyggst ég vekja sérstaka athygli á tveim þeirra fjögurra flokka, sem ég hef getið um, það er á öðrum og fjórða heildarflokknum sem ég gat um, en svo sem fram hefur komið var sá annar kenndur við **essentialisma**, hið innsta eðli, eða kjarna og hinn fjórði kenndur við **eksistentialisma**, mennskan veruleik sem ekki býr yfir innsta eðli frá fæðingu heldur öðlast það í lífi og **baráttu**. Það má því segja að með þessu vali sé enn vikið að augljósum andstæðum, þótt sú hafi reyndar ekki verið veigamesta ástæðan til að þessir aðalflokkar urðu fyrir valinu. Hitt er mér ekki minna atriði að menntastefnur fyrri aðalflokksins hafa áköfustu túlkendur sína og talsmenn meðal þeirra sem stærstan hlut ætla fræðurum og uppalendum, en menntastefnur hins síðari eiga mestu fylgi að fagna meðal þeirra sem nema vilja burtu skilin milli kennara og nemenda og líta á alla sem jafna þátttakendur í vandasamasta verkefni tilverunnar, að gera úr manneskjunni það sem hægt er úr henni að gera að „hún verði ekki hið eina alls lifandi sem neitar að vera það sem hún er eða henni ber“, eins og franski rithöfundurinn Albert Camus óttaðist.

### b) Heildarstefnur essentialisma.

Við skulum þá fyrst líta á framlag þess flokks menntastefna sem kenna má við essentialisma, til hinna nýju viðhorfa til menntunar og fræðslu, sem áður hefur verið gefið til kynna. Eins og áður segir má greina á milli menntastefna þessa flokks eftir því hvort meginákersla er lögð á hið hugræna og hugsjónalega, **idealismi** er þetta afbrigði kallað, eða hið raunsæja og hlutlæga, en þá er um **realisma** að ræða. Loks er svo hlutur hins þriðja afbrigðis, Philosophia Perennis, þeirrar visku sem er ein og eilíf, þótt búningur hennar beri merki staðar og tíma. Leiða ber hugann stuttlega að framlagi hvers afbrigðis fyrir sig:

**Idealisminn** hefur á síðustu árum lagt á það hina ríkustu áherslu að því aðeins geti maðurinn öðlast vitneskju um sjálfan sig og tilveru sína að honum takist að **brúa bilið milli hins innra og hins ytra**. Ekki er nóg að þekkja ytra borð tilverunnar. Úr því verður engin heimsmynd. Í menntun og fræðslu á maðurinn möguleika að eignast veröld sem er hans, hugræn, vitræn og siðræn. En til þess að svo megi verða þarf það tvennt að ljúkast upp vitund manns og skynjun sem **mikilvægast er, en það er annars vegar ímynd og vera sannleikans, hins vegar ímynd og vera góðleikans.** — Lærdómur sem þessa leitar verður vísdómur ekki vonarsnauð viska.

**Realisminn** hefur á síðustu árum orðið æði fyrirferðamikil fræðslustefna. Veruleikatúlkun hans hefur þar miklu valdið, en lagt er mest upp úr að kynnast og meta hinn hlutræna veruleika, sem óháður sé hugrænum fyrirbærum. — Þekking á hlutrænum veruleika felur í senn í sér örvun og laun, stimulus and response. Það er manninum nauðsyn að beygja sig undir lögmál efnisheimsins, því einungis á þann hátt getur maðurinn hlotið arð erfiðis síns í sýnilegum og áþreifanlegum árangri. — Sams konar undirgefni hlýtur maðurinn og að sýna andspænis félagslegri og menningarlegri hefð (tradition), því einungis á þann veg getur maðurinn fundið lífi sínu gildi og merkingu. — Og samvisku sína finnur maðurinn einnig í undirgefni við valdboð sem í senn byggist á lögum náttúrunnar og lögmálum félagsheildarinnar. — Þannig grundvallast hin þrjú svið mannlegrar tilveru á menntun og fræðslu, þekkingu þess sem var, er og verður.

**Philosophia Perennis** — hefur eins og áður er greint frá einkum birst á síðari árum í tveim afbrigðum, vitrænni mannúðarstefnu, vitrænum humanisma **rational humanisme** og **skólaspeki kaþólskra.** — Framlag hinnar **vitrænu mannúðarstefnu** hefur verið það helst á síðustu árum að sýna fram á hversu vit mannsins og skynsemi getur greint á milli hinna tveggja þátta veruleikans, þess þáttar sem er grundvallandi, essential, kjarni og innsta eðli, og hins sem er háður atvikum og aðstæðum, er accidental. Hið grundvallandi er alltaf eitt og samt, uniformt; það sem aðstæðum og atvikum er háð getur hins vegar verið breytilegt, variabelt. Þannig getur vit og skynsemi gert sér fulla grein fyrir því hvað breyst getur og breytast hlýtur í tilveru manna svo og hinu sem ekki verður breytt og ekki má breyta. Einmitt í slíkri skynsemisrækt finnur maðurinn yfirburði menntunar og þekkingar svo og áttar sig á hvar frelsi hans er fólgið. En hvort tveggja er hið mikilvægasta. — Framlag **skólaspeki kaþólskra** er ekki einskorðað við rómversk kaþólska, heldur nær langt út fyrir raðir bæði kristinna og svokallaðra trúaðra manna, sé hægt að nota það hugtak til aðgreiningar svo að nokkurt vit sé í. — Skólaspekin hefur í nýjum búningi í samtíðinni lagt ríka áherslu á hina tvenns konar skipan eða tvenns konar lögmál tilverunnar. Þar er annars vegar um að ræða lögmál og skipan hinnar ytri náttúru, hins vegar er um að ræða skipan og lögmál hins yfirskilvitlega, hins yfirnáttúrulega eða hins innra veruleika, ef menn kjósa heldur að komast þannig að orði. — Allt nýtt og óvænt sem vart verður í skipan náttúrunnar og fyrirbærum hins ytra verður aðeins greint og skynjað vegna þess að til er annar óbreytanlegur veruleiki til viðmiðunar, hið eilífa, yfirnáttúrulega. — Í menntun og fræðslu ber að leggja sérstaka áherslu á frelsið og sérstöðu þess í mennskri tilveru. Þess ber þá sérstaklega að gæta að frelsið er tvenns konar. Annars vegar er til **einstaklingsbundið frelsi,** sem er algerlega háð vilja þess sem frelsið hefur. Það er frelsi til að velja og hafna því sem fram er boðið. En þetta er einfaldasta og frumstæðasta form frelsisins. Til er annað og stórbrotnara, en um leið vandasamara form. Það er **hið félagslega frelsi** og felur í sér félagsleg forréttindi í samræmi við þann þroska, sem sýndur hefur verið í því að meta og virða félagslegan vísdóm aldanna. Að hinu síðara frelsi stefnir menntun og fræðsla fyrst og fremst, en til þess að öðlast möguleika hins síðara verður nemandinn að hafa hagnýtt hið fyrra á skynsamlegan og ábyrgan hátt.

### c) Heildarstefnur eksistentialisma.

Næst mun ég snúa mér að framlagi þess flokks menntastefna samtíðarinnar, sem kenna má við eksistentialisma, stefnu hinnar mennsku tilveru, svo sem fyrr sagði, hinnar mennsku tilveru sem hefur það að megineinkenni að greina sig frá stiga út úr, en til grundvallar nafngiftinni eksistentialismi er gríska sögnin eksistemi, sem reyndar hefur þá merkingu. Eksistentialismi er annars heitið á einni af áhrifamestu heimspekistefnum samtíðarinnar og eru blæbrigði hennar harla mörg og skal ekki gerð grein fyrir þeim hér. Þessi heimspekistefna hefur mótað

verulega menningarlíf Vesturlandabúa eftir síðari heimstyrjöldina, bókmenntir og listir alveg sérstaklega, en einnig hin ýmsu afbrigði fræða, þar á meðal guðfræði, uppeldisfræði og kennslufræði. — Það er sérstætt fyrir heimspekinga eksistentialismans að þeir leggja mjög ríka áherslu á hin svokölluðu verufræði, ontologíu. Þau fræði eru í sjálfu sér harla forn, en hafa á síðustu árum aftur komið mjög fram í sviðsljósið. Að hverju hér er stefnt gæti ef til vill skýrst lítillega við þá breytingu sem eksistentialistinn franski Jean Paul Sartre gerði á hinni alkunnu fullyrðingu Descartes: Ég hugsa, þess vegna er ég til, Cogito, ergo sum. Í framsetningu Sartres varð setningin aftur á móti: Ég er ekki, þess vegna hugsa ég, Non sum, ergo cogito. — Það er að segja, við það að skynja vöntun mína og skort, við að skynja hvað ég er ekki, en kynni að geta orðið, við þá skynjun vaknar hugsunin, við þá reynslu verður vitsmunaþátturinn til. — Skynjun þess sem ekki er er þannig engu ómerkari þáttur í lífi og tilveru mannsins heldur en skynjun þess sem er, eða þess sem þegar er orðið. — En þessi skynjun vöntunar og skorts er engan veginn þægileg og auðveld. Þvert á móti. Til hennar má rekja í verulegum atriðum ótta mannsins og kvíða, en hvort tveggja er hverjum manni eðlilegar tilfinningar og eðlileg skynjun. — Manninum hlýtur að finnast sem honum hafi verið þeytt inn í þessa tilveru án þess að fá nokkru um það ráðið, Geworfen sein og af því leiðir kvíða, áhyggjur, Sorge um afdrif sín og árangur. Af því stafar líka sú hætta að vilja hverfa inn í hópinn, viljalaus og hugsunarlaus, hættan að breytast úr manni í það sem er minna en maður, sem e. t. v. mætti kalla menni. — Vandi mannsins verður heldur ekki minni þegar hann uppgötvar staðreynd dauðans og kemst að raun um að líf hans er vera til dauðans, „Sein zum Tode“ og alla ævidaga sína býr hann og berst í skugga þeirrar vitneskju og fullvissu. — Það er því ekki að ófyrirsynju að forsvarsmenn eksistentialismans hafa leitað að von og birtu að gera tilveru manna skaplegri og bærilegri. Þá von hafa sumir fundið í trúnni á hið transcendenta, það sem fyrir handan er og talið augljóst að þá birtist undur mennskrar tilveru mest þegar verulega reyndi á og komið væri að mörkum mannlegrar getu, við aðstæður og atvik hinna ýtrustu takmarka kæmi best í ljós yfir hve miklum styrk og stórhug maðurinn gæti búið, enda kæmi þá til hjálp og náð, sem maðurinn ætti aðgang að. — Aðrir hafa aftur á móti litið von og birtu í þeirri sérstæðu hæfni mannsins að geta blandað geði við aðra menn. Til er það mót sem manna er einna svo og alls þess sem býr yfir persónuleika. Að eiga þess kost að tala um sjálfan sig í fyrstu persónu sem ég og þann sem blandað er geði við í annarri persónu, þú er lykill að óvenjulegri og einstæðri reynslu. Hættan er aðeins sú að hið ópersónulega, hlutræna trufli og komi í veg fyrir þessa reynslu og það því fremur sem margt í lífi okkar og menningu leggur svo ríka áherslu á hina hlutrænu skynjun.

Eftir þennan langa formála að skýra meginforsendur eksistentialismans er rétt að koma beint að því efni hvað hann hefur lagt þeim flokki menntastefna sem á honum byggjast til og hvert sé þá hið nýja framlag þeirra. — Sérstætt er það framlag þessa flokks menntastefna að líta beri á nám og menntun sem kveikju nýrra þáttaskila í lífi mannsins. Þroski mannsins er ekki stöðugur og jafn. Þroski og þekking fæst aðeins fyrir átök og baráttu og má segja að undanfari hverra þáttaskila að þessu leyti sé kreppa, andleg, hugræn og siðræn. Því aðeins verður bundinn endi á þá kreppu að um einhvers konar vakningu eða hugljómun sé að ræða. Ný lausn sé fundin, ný innsýn og yfirsýn hafi veist. Að slíkri hugljómun eða vakningu á öll menntun og fræðsla að stefna. Þess vegna má hún ekki verða ítroðsla eða utanbókarlærdómur, heldur handleiðsla og örvun, sameiginleg barátta nemenda og kennara, en kennarinn á að líta á sjálfan sig sem nemanda er hefur það eitt fram yfir þann sem hann aðstoðar að hann veit betur og þekkir takmarkanir sínar, veit eins og Sókrates forðum að hann veit ekkert, veit ekkert eins og hægt er að vita og skynja í nýrri dýpt þekkingar og hugljómunar. — Það er því annað meginframlag þessa flokks menntastefna að hafa vakið nemendurna sérstaklega til vitundar um stöðu sína

og rétt. Frá henni hefur í verulegum atriðum stafað sú kvika, sem orðið hefur vart meðal nemenda á ýmsum skólastigum á Vesturlöndum, en alveg sérstaklega þeim skólastigum sem ofar eru í menntakerfinu. Tvenns konar öfga hefur að vísu gætt í þessari kviku og varla við öðru að búast. Er annars vegar um að ræða hreyfingu hippanna, sem hefur næsta ómótaðar skólahugmyndir enda um að ræða flokk ungmenna sem ekki vilja á neinn hátt sætta sig við félagslega ábyrgð eða skyldur. Hins vegar er svo um að ræða flokk aktivistanna, hins athafnasama unga fólks sem vill láta taka tillit til skoðanna sinna, skilnings síns og ekki síst tilfinninga sinna. Þessi flokkur ungmenna hefur ákveðnar skólahugmyndir og er á margan máta hinn ábyrgasti, þótt öfgamenn af ýmsu sauðahúsi hafi stundum sett um of svip á athæfi og tiltektir. Nemendalýðræði svo og aðrar hugmyndir um aðild og ábyrgð nemenda á til þessa rætur sínar að rekja í verulegum atriðum. — Þá er það hið þriðja framlag þessa flokks menntastefna að hafa komið fram með ábendingar sem síðan hafa leitt til slagorðamyndunar, góðra og lélegra eftir því hverning á málin er litið. Fjögurra slíkra skal getið án þess að nánar verði farið út í að skýra þau, sem samt hefði verið harla æskilegt. Hin fjögur slagorð eru þessi: **Kynslóðabilið — stofnunin eða kerfið, firringin** og loks **sjálfstjáning** eða kannski öllu fremur **skortur** sjálfstjáningar. — Þá er loks síðasta framlagið sem hér skal vikið að, en það felst í því að benda á hinar sérstæðu spurningar Kants sem hann á sínum tíma taldi að mikilvægastar væru: Hvað get ég vitað? Hvernig ber mér að breyta? Hvers má ég vænta? Hvað er maðurinn? Um dýpstu rök skal spurt og þá ekki síst hiklaust dvalið við staðreynd dauðans, vitandi það að mikill sannleikur er fólgin í eftirfarandi fullyrðingu: „Er í raun og veru hægt að telja þann mann hafa komist í snertingu við menntun og fræði, sem ekki í fullri alvöru hefur verið látinn búa sig undir að mæta dauðanum?“ Getur sá maður sem hliðrar sér hjá mestu og dýpstu spurningum mannverunnar lifað sem mennsk vera og notið þess lífs sem hann á kost á?

## 4. NIÐURLAG

Greinargerð minni um menntastefnur samtíðarinnar er lokið og þar með hef ég leitast við að vekja athygli á forsendum hinna tveggja hugtaka og fyrirbæra sem ég fjallaði um í fyrra erindi mínu, **fullorðinsfræðslu, ævimenntun.** Allt víkur að einum punkti: skóla lífsins. Lífið er undur sem maðurinn hefur öðlast.

**Heimildir:**


**Achton,** Steen og **Clausen,** Sten Krog: **Kreativitet,** Munksgaard, 1971.

**Brubacker,** John S.: **Modern Philosophies of Education,** Fourth Edition, Mc Graw-Hill Book Company, New York 1969.

**Bruner,** Jerome S.: **Uddannelsesprocessen,** Gyldendals pædagogiske Bibliotek, 2. oplag, København 1972.

**Bruner,** Jerome S.: **Bidrag til en undervisningsteori.** Gyldendals pædagogiske Bibliotek, København 1972.

**Buber,** Martin: **I and Thou.** Second Edition, T. & T. Clark, Edinburgh, 1958.

**Buber**, Martin: **Between Man and Man.** Collins, The Fontana Library, London, 1947.

**Buber**, Martin: **The Way of Response, Martin Buber.**
Selections from his writings.
Edited by N. N. Glatzer. — Schocken Books, New York.
Third Printing, 1971.

**Bugge**, K. E.: **Pædagogiske grundideer,**
Berlingske Forlag, København, 1969.

**Butcher**, H. J.: **Human Intelligence,** Its Nature and Assessment,
Methuen & Co Ltd, London 1970.

**Butcher**, H. J.
and **Lomax**, D. E. (ed.): **Readings in Human Intelligence**
Methuen & Co Ltd, London 1972.

**Conant**, James Bryant: **Shaping Educational Policy,**
Mc Graw-Hill Book Company, New York 1964.

**Dewey**, John: **Experience and Nature.**
Dover Publications Inc. New York 1958.

**Frankl**, Viktor; **Frøland**,
Erling; **Sirnes**, Tollak B: **Det frigjorte sinn.**
Olaf Norlis Forlag, Oslo 1970.

**Furth**, Hans G.: **Piaget for teachers.** Prentice-Hall, Inc. New York 1970.

**Grundtvig, N.F.S.:** **Grundtvigs skoleverden I—II.**
Udgivet af Knud Eyvin Bugge G. E. C. Gads Forlag,
København 1968.

**Husén**, Torsten: **Skolans Kris** och andra uppsatser om utbildning,
Almqvist & Wiksell, Stockholm 1972.

**Hutchingson**, Michael
and **Young**, Christopher: **Educating the Intelligent**, Penguin Books, 1972.

**Hutchins**, Robert M.: **Robot eller menneskesamfunn?**
H. Aschehoug & Co (W. Nygaard), Oslo 1969.

**Huxley**, Julian: **Essays of a Humanist**, Penguin Books, 1969.

**Lawrence**, Elizabeth: **The Origins and Growth of Modern Education,**
Penguin Books, 1970.

**Maritain**, Jacques: **The Degrees of Knowledge.** Geoffrey Bles, London 1959.

**Matthías Jónasson:** **Nám og kennsla.** Menntun í þágu framtíðar.
Heimskringla 1971.

Myers, Edward D.: **Education in the Perspective of History.** Longmans, London 1963.

Myhre, Reidar: **Pedagogisk Idéhistorie,** Fabritius & Sønners Forlag, Oslo 1970.

Neill, A. S.: Summerhillskolen. Hans Reitzel, København, 6. oplag.

Neill, A. S.: **Hjerter — ekki hjerner i skolen.** Hans Reitzel, København 1968.

Neill, A. S.: **Problemfamilien.** Hans Reitzel, København 1967.

Neill, A. S.: **Problemlæreren.** Hans Reitzel, København, 1968.

Nyquist, Ewald B. and Hawes, Gene R.: **Open Education.** A Sourcebook for Parents and Teachers, Bantam Books, New York 1972.

Olsen, Tom Ploug: **Nysgerrighed og indlæring. — D. E. Berlynes teori.** Munksgaard 1970.

Peters, R. S.: **The Concept of Education.** Routledge & Kegan Paul London, Third impression 1968.

Piaget, Jean: **Barnets opfattelse af den fysiske verden.** Tekster fra Jean Piagets værker. Munksgaard/Hans Reitzel. København, 1970.

Piaget, Jean: **Barnets imitation, leg og symbolbrug.** Tekster fra Jean Piagets værker Munksgaard/Hans Reitzel. København, 1970.

Piaget, Jean: **Barnets opfattelse af tal, rum og bevægelse.** Tekster fra Jean Piagets værker Munksgaard/Hans Reitzel, København 1971.

Piaget, Jean: **Barnets opfattelse af årsag og virkning.** Tekster fra Jean Piagets værker Munksgaard/Hans Reitzel, København, 1971.

Piaget, Jean **Main Trends in Psychology.** George Allen & Unwin, 1973.

Piaget, Jean: **Main Trends in Inter disciplinary Research.** George Allen & Unwin 1973.

Read, Herbert: **Education through Art.** Faber and Faber, London 1958.

Richardson, Ken and Spears, David (ed.): **Race, Culture and Intelligence.** Penguin Books, 1972.

Young, Michael: **The Rise of the Meritocracy.** An Essay on Education and Equality. Penguin Books 1970."

## Ed. 64. Frumvarp til laga [61. mál]

um breyting á lögum nr. 6/1971, um Hótel- og veitingaskóla Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 96. löggjafarþingi 1974.)

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn skólans. Ráðherra skipar sex manna skólanefnd. Skulu fimm nefndarmenn skipaðir samkvæmt tilnefningu eftirtalinna samtaka:

Einn eftir tilnefningu Sambands veitinga- og gistihúsaeigenda.
Einn eftir tilnefningu Félags framreiðslumanna.
Einn eftir tilnefningu Félags matreiðslumanna.
Einn eftir tilnefningu Matsveinafélags Sjómannasambands Íslands,
og skulu þeir allir skipaðir til fjögurra ára í senn.
Einn skal skipaður til eins árs í senn, eftir tilnefningu Félags matreiðslu- og framreiðslunema í Hótel- og veitingaskóla Íslands.
Hinn sjötta skipar ráðherra án tilnefningar og skal hann vera formaður skólanefndar.

Ef atkvæði í skólanefnd verða jöfn, sker atkvæði formanns úr um afgreiðslu þess máls, sem um ræðir hverju sinni.

Skólastjóri hefur á hendi daglega stjórn skólans og fjárreiður hans.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samhljóða frv. var lagt fyrir 94. löggjafarþing, en varð eigi útrætt. Fylgdi því svofelld greinargerð:

„Með frumvarpi þessu er lagt til, að nemendur fái aðild að skólanefnd Hótel- og veitingaskóla Íslands. Hafa nemendur látið í ljós ósk um það. Ráðuneytið álítur þessa stefnu eðlilega og mun einnig athuga um breytingar í þessa átt við aðra skóla, þar sem nemendur eiga ekki nú þegar svipaða aðild."

## Sþ. 65. Fyrirspurnir. [62. mál]

I. Til dómsmálaráðherra um eftirlit með veiðarfærabúnaði erlendra fiskiskipa við Ísland.

Frá Sighvati Björgvinssyni.

1. Hvernig hefur verið staðið að framkvæmd reglugerðar nr. 263 frá 3. desember 1970 um alþjóðlegt fiskveiðieftirlit utan landhelgi og fiskveiðilögsögu?
   a) Hversu mörg skírteini eftirlitsmanna, sbr. 7. gr. reglugerðarinnar, hafa verið gefin út, hvenær voru þau gefin út og hverjir hafa þau með höndum?
   b) Hversu oft hefur verið farið um borð í erlend fiskiskip við Ísland skv. ákvæðum 8. gr. til þess að kanna búnað veiðarfæra, hverra þjóða hafa þau skip verið og hver urðu málalok? Sérstaklega er spurt um þessa framkvæmd á árunum 1972, 1973 og það sem af er árinu 1974.
   c) Hafa íslenskir eftirlitsmenn verið hindraðir í störfum sínum og ef svo er, hver hafa þá verið viðbrögð stjórnvalda?

2. Hefur verið farið um borð í erlend fiskiskip innan 50 mílna lögsögunnar eða í höfnum á Íslandi í þeim sérstaka tilgangi að kanna, hvort um löglegan búnað veiðarfæra sé að ræða? Ef svo er, þá hversu oft og hverra þjóða hafa þau skip verið? Sérstaklega er spurt um framkvæmd þessa á árunum 1972, 1973 og það sem af er árinu 1974.

II. Til félagsmálaráðherra um frumvarp til laga um atvinnulýðræði.

Frá Sighvati Björgvinssyni.

1. Hvernig miðar störfum nefndar, sem félagsmálaráðherra skipaði 30. ágúst 1973 til þess að semja frv. til laga um atvinnulýðræði?
2. Er þess að vænta, að ríkisstjórnin leggi slíkt frumvarp fyrir þing það, sem nú situr að störfum?

## Nd. 66. Frumvarp til laga [63. mál]

um breyting á lögum nr. 38/1951, um landshöfn í Rifi á Snæfellsnesi.

Flm.: Benedikt Gröndal.

1. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Í stjórn hafnarinnar eiga sæti 5 menn, þrír kosnir af sameinuðu Alþingi og tveir af hreppsnefnd Neshrepps utan Ennis til fjögurra ára í senn. Ráðherra skipar formann úr hópi þeirra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og fellur þá niður umboð núverandi stjórnar Rifshafnar.

Greinargerð.

Í gildandi lögum um landshöfnina í Rifi segir í 4. gr., að í stjórn hafnarinnar eigi sæti 5 menn, er ráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Með þessu frumvarpi er lagt til, að sá hreppur, sem landshöfnin er í, skuli kjósa tvo þessara manna, en Alþingi þrjá.

Í lögum um landshöfnina í Keflavíkurkaupstað og Njarðvíkurhreppi segir, að stjórn þeirrar hafnar skuli skipa 5 menn, þrír kosnir af sameinuðu Alþingi, einn kosinn af bæjarstjórn Keflavíkur og einn af hreppsnefnd Njarðvíkurhrepps. Ráðherra skipar formann úr hópi hafnarstjórnarmanna.

Í lögum um landshöfn í Þorlákshöfn er gert ráð fyrir enn annarri skipan hafnarstjórnar. Þar eiga sæti í stjórn 7 menn og jafnmargir varamenn, kosnir af sameinuðu Alþingi til fjögurra ára í senn. Ráðherra skipar formann úr hópi þeirra.

Af þessu má sjá, að ósamræmi ríkir í skipan stjórna landshafna og hefur Rifshöfn þá sérstöðu, að þar ræður ráðherra öllum stjórnarmönnum.

Augljóst er, að náið og gott samstarf verður að takast milli landshafnanna og þeirra sveitarfélaga, sem þær eru í. Þetta hefur því miður ekki tekist nógu vel milli Rifshafnar og Neshrepps utan Ennis (Hellissands), og er tilgangur þessa frumvarps að leitast við að bæta úr því.

Landshöfnin í Rifi ræður yfir allmiklu landi, mun meira en þörf er á til hafnarinnar og nauðsynlegrar aðstöðu við hana. Íbúðahverfi hefur risið upp í þessu landi,

og virðist vera bæði á vegum hafnaryfirvalda og hreppsins. Þá hefur það gerst, að hafnaryfirvöld hafa látið flugfélagi í té land til að gera nýjan flugvöll án þess að hafa um það nokkurt samband við hreppsnefnd. Framtak flugfélagsins er lofsvert (enda þótt annar flugvöllur sé til við Hellissand), en meðferð málsins var harla vafasöm.

Erfitt er að koma auga á greiðari leið til að bæta samband og sambúð landshafnar og hreppsfélags en að gefa hreppsnefnd kost á að kjósa tvo menn í hafnarstjórn. Fordæmi slíkrar skipunar er að finna í lögunum um landshöfnina í Keflavík og Njarðvíkurhreppi. Þá er og eðlilegt, að Alþingi kjósi aðra stjórnarmenn, eins og gert er ráð fyrir í lögum um báðar hinar landshafnirnar.

## Ed. 67. Frumvarp til laga [64. mál]

um Framleiðslueftirlit sjávarafurða.

(Lagt fyrir Alþingi á 96. löggjafarþingi, 1974.)

1. gr.

Sameina skal starfsemi Fiskmats ríkisins og Síldarmats ríkisins í einni ríkisstofnun, er bera skal nafnið „Framleiðslueftirlit sjávarafurða“, en fyrrgreindar tvær stofnanir þar með lagðar niður.

2. gr.

Framleiðslueftirlit sjávarafurða heyrir undir sjávarútvegsráðherra. Stofnunin skal hafa eftirlit með eða meta allan fisk, krabbadýr og skeldýr, sem veidd eru úr sjó, svo og meðferð, flutningi, geymslu og vinnslu þeirra.

Stofnunin skal meta eða hafa eftirlit með útflutningi ofangreindra sjávarafurða á öllum vinnslustigum. Undanþeginn er þó eigin afli er fiskiskip flytja á erlendan markað, enda hafi hann ekki verið lagður hér á land. Um slíkan útflutning má þó setja reglur.

Einnig skal stofnunin hafa eftirlit með búnaði og hreinlæti í fiskiskipum, flutningatækjum, geymslum, vinnslustöðvum sjávarafurða og næsta nágrennis þeirra. Framleiðslueftirlitið skal veita leiðbeiningar um fiskverkun og meðferð sjávarafurða, svo og um önnur þau atriði, er það fjallar um.

Ráðherra getur sett reglugerðir um framkvæmd laga þessara meðal annars um umbúðir, merkingu, vörustaðla, flutning, útskipun og hleðslu sjávarafurða.

Ráðherra getur og með reglugerð lagt bann við því, að verkaður sé fiskur, krabbadýr eða skeldýr undir tiltekinni lágmarksstærð eða, sem ástæða er til að ætla að geti verið gölluð vara, menguð eða óheppileg til vinnslu annarra ástæðna vegna. Skal Framleiðslueftirlitið í samráði við ráðuneytið hafa eftirlit með aflasamsetningu fiskiskipa eftir því sem þurfa þykir og ennfremur, að ekki séu heimildarlaust unnar ofangreindar sjávarafurðir, sem ekki ná lágmarksstærðum þeim, sem fyrir er mælt í lögum og reglum.

3. gr.

Ríkisstofnanir, sem hafa með höndum verkefni, er falla undir Framleiðslueftirlit sjávarafurða samkvæmt lögum þessum, skulu halda þeim áfram eftir nánari ákvörðun ráðherra.

4. gr.

Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins framkvæmir þær rannsóknir og tilraunir, sem til þeirrar stofnunar falla skv. 26. gr. laga nr. 64 21. maí 1965 um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, í samráði við Framleiðslueftirlit sjávarafurða.

5. gr.

Framleiðslueftirlit sjávarafurða skiptist í eftirtaldar deildir:

1. **Frysti- og hreinlætisdeild,** sem einkum skal hafa eftirlit með búnaði og hreinlæti í fiskiskipum, flutningatækjum og vinnslustöðvum og einnig framleiðslu, meðferð, geymslu og útflutningi frystra sjávarafurða.
2. **Ferskfiskdeild,** sem einkum skal annast eftirlit og mat á ferskum, nýjum eða ísuðum fiski, krabbadýrum og skeldýrum.
3. **Salt- og skreiðardeild,** sem einkum skal annast eftirlit og mat á öllum söltuðum sjávarafurðum og skreið.

Ráðherra getur breytt deildaskipun og kveðið nánar á um verkefni einstakra deilda að fengnum tillögum forstjóra stofnunarinnar.

6. gr.

Ráðherra skipar forstjóra stofnunarinnar að fengnum umsóknum um starfið.

Forstjóri Framleiðslueftirlits sjávarafurða hefur á hendi stjórn stofnunarinnar og yfirumsjón með allri starfsemi hennar.

7. gr.

Ráðherra skipar deildarstjóra að fengnum umsóknum og áliti forstjóra um þær. Deildarstjórar skulu veita forstöðu hver sinni deild hjá stofnuninni og hafa eftirlit með störfum yfirmatsmanna.

8. gr.

Ráðherra skipar yfirmatsmenn að fengnum umsóknum og áliti viðkomandi deildarstjóra og forstjóra um þær. Þeir hafa umsjón með eftirliti og mati hver í sínu umdæmi. Þeir skulu vera svo margir sem þörf krefur og heimilað er í fjárlögum. Þeir geta haft með höndum verkefni einnar eða fleiri deilda eftir ákvörðun forstjóra, sem jafnframt getur fært þá milli umdæma með samþykki ráðherra.

9. gr.

Matsmenn, er starfa á vegum Framleiðslueftirlits sjávarafurða, framkvæma undir umsjón yfirmatsmanna eftirlit það og mat, sem lög þessi gera ráð fyrir.

Lögreglustjóri löggildir matsmenn samkvæmt tilnefningu forstjóra Framleiðslueftirlits sjávarafurða og sér um að þeir riti undir eiðstaf um, að þeir vilji rækja með alúð og kostgæfni skyldur þær, sem á þeim hvíla í starfi þeirra.

10. gr.

Ráðherra getur með reglugerð kveðið á um reynslu og menntun starfsmanna Framleiðslueftirlitsins og verkstjóra við fiskverkun. Einnig er heimilt að ákveða í reglugerð, að eigendur fisks skuli greiða kaup og annan kostnað af störfum matsmanna.

11. gr.

Forstjóri Framleiðslueftirlitsins, deildarstjórar og yfirmatsmenn hafa skyldur og njóta réttinda sem opinberir starfsmenn. Um laun þeirra fer eftir ákvæðum kjarasamninga ríkisstarfsmanna. Þeim er óheimilt að stunda nokkurn atvinnurekstur, sem lýtur að fiskverkun eða fiskverslun.

12. gr.

Starfsmönnum Framleiðslueftirlits sjávarafurða er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi, að skýra óviðkomandi mönnum frá nokkru því, sem leynt á að fara og þeir hafa fengið vitneskju um í starfi sínu.

13. gr.

Hver sá, sem ætlar að flytja úr landi fisk eða sjávarafurðir, sem lög þessi taka til, skal tilkynna það hlutaðeigandi deildarstjóra eða yfirmatsmanni með hæfilegum fyrirvara, enda fari hleðsla vörunnar í skip eða annað flutningatæki fram undir umsjón starfsmanna Framleiðslueftirlits sjávarafurða.

Þeir, sem flytja út farma af sjávarafurðum, skulu skyldir til að hafa hleðslustjóra með skipunum, ef þau taka farm í fleiri höfnum en einni.

Hleðslustjórar skulu hlíta fyrirmælum yfirmatsmanna um hleðslu skipa, að því er varðar mat, gæði, útlit og merkingu vörunnar.

Lögreglustjóri löggildir hleðslustjóra samkvæmt tilnefningu forstjóra og sér um, að þeir riti undir eiðstaf um, að þeir vilji rækja með alúð og kostgæfni skyldur þær, sem á þeim hvíla í starfi þeirra.

14. gr.

Hver sá, sem leggur stund á verkun eða vinnslu sjávarafurða, skal hafa sérstakt vinnsluleyfi Framleiðslueftirlitsins til tryggingar því, að vinnslustöðin fullnægi settum skilyrðum.

15. gr.

Hverjum þeim, sem veiðir, verkar eða verslar með fisk eða sjávarafurðir, sem lög þessi ná til, er skylt að gefa starfsmönnum Framleiðslueftirlits sjávarafurða allar þær upplýsingar og veita þeim þá aðstoð, sem þeim er nauðsynlegt við framkvæmd eftirlits og mats. Gildir þetta jafnt um upplýsingar, um verkun, geymslu og flutning fisks og sjávarafurða sem um upplýsingar um greiðslu skaðabóta eða um kvartanir vegna þess, að vara var gölluð eða umbúnaði hennar áfátt.

Starfsmönnum Framleiðslueftirlits sjávarafurða er heimill aðgangur að hverjum þeim stað, þar sem fiskur eða sjávarafurðir, sem lög þessi taka til, eru unnar eða geymdar. Þeim er einnig heimilt að taka án endurgjalds hæfilegt magn sýnishorna af fiski og sjávarafurðum til rannsókna, enda verði eigendum fisksins eða afurðanna skilað skriflegri skýrslu um niðurstöður rannsóknarinnar.

16. gr.

Forstjóri Framleiðslueftirlits sjávarafurða, deildarstjórar, yfirmatsmenn og matsmenn hafa vald til að stöðva móttöku fisks, krabbadýra og skeldýra svo og vinnslu, pökkun og útflutning fisks og sjávarafurða, ef þrif og búnaður fiskiskips, vinnslustöðvar eða flutningatækis eða meðferð afla, gæði hráefnis eða afurða, merking þeirra, umbúðir eða annar frágangur er ekki í samræmi við reglur, sem settar eru skv. lögum þessum. Starfsmönnum Framleiðslueftirlitsins ber þegar í stað að tilkynna yfirmanni sínum um stöðvun samkvæmt þessari málsgrein.

Nú hefur móttaka, vinnsla, pökkun eða útflutningur fisks eða sjávarafurða verið stöðvaður samkvæmt heimild í 1. málsgrein, og ber þá Framleiðslueftirlitinu að leyfa, að sá fiskur eða afurðir, sem um er að ræða, verði hagnýttur til hverra þeirra nota, sem að þess dómi eru hæfileg. Því er einnig skylt að leyfa, að ráðin sé bót á vörugöllum, ef unnt er, og skal banni aflétt, er lagfæring hefur farið fram.

Forstjóri Framleiðslueftirlitsins úrskurðar, ef ágreiningur rís vegna fiskmats eða eftirlits, en skjóta má úrskurði hans um skilning á lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim til sjávarútvegsráðuneytisins.

17. gr.

Hver sá, er sekur gerist um brot á lögum þessum eða á reglum settum samkvæmt þeim, skal sæta sektum nema þyngri viðurlögum varði, samkvæmt öðrum lögum, og renna sektir í ríkissjóð.

Um mál út af brotum á lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim skal fara að hætti opinberra mála.

18. gr.

Kostnaður af framkvæmd laga þessara greiðist úr ríkissjóði.

Til að standa straum af kostnaði af framkvæmd ferskfiskeftirlits skal greiða útflutningsgjald af íslenskum sjávarafurðum (öðrum en þeim, er koma frá hvalveiðum og selveiðum), er nemi 1‰ af fob-andvirði þeirra. Skal gjald þetta reiknað á sama hátt og annað útflutningsgjald af sömu vöru og renna í ríkissjóð.

19. gr.

Frá gildistöku laga þessara falla eftirtalin lög úr gildi:

Lög nr. 55 2. maí 1968 um eftirlit og mat á fiski og fiskafurðum.

Lög nr. 53 11. júní 1938 um mat á matjesíld og skoskverkaðri síld.

Reglugerðir og önnur fyrirmæli, sem sett hafa verið samkvæmt ofangreindum lögum halda gildi sínu eftir því sem við á.

20. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1975.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Frá og með 1. júlí 1975 eru lagðar niður stöður fiskmatsstjóra, skrifstofustjóra, deildarstjóra og yfirfiskmatsmanna hjá Fiskmati ríkisins svo og stöður síldarmatsstjóra og síldarmatsmanna hjá Síldarmati ríkisins.

Stöður forstjóra, deildarstjóra og yfirmatsmanna hjá Framleiðslueftirliti sjávarafurða skulu auglýstar lausar til umsóknar og skal forstjóri skipaður eigi síðar en 1. apríl 1975.

Um réttarstöðu þeirra starfsmanna Fiskmats ríkisins og Síldarmats ríkisins, sem ekki verða skipaðir starfsmenn Framleiðslueftirlits sjávarafurða, fer eftir ákvæðum viðeigandi laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var lagt fram á síðasta reglulega Alþingi, en náði þá ekki fram að ganga. Hefur frumvarpinu og athugasemdunum nú verið lítillega breytt, m. a. heiti frumvarpsins, sem áður hét frumvarp til laga um Ríkismat sjávarafurða.

Með bréfi 29. nóvember 1973 skipaði sjávarútvegsráðherra 3ja manna nefnd til að taka til heildarathugunar skipulag og starfsemi Fiskmats ríkisins og semja frumvarp til laga um matstofnun sjávarútvegsins, þar sem gengið skyldi út frá því, að Síldarmat ríkisins yrði lagt niður og starfsemi þess og starfsemi Fiskmats ríkisins felld inn í hina nýju stofnun. Þessir menn voru skipaðir í nefndina: Þórður Ásgeirsson, skrifstofustjóri í sjávarútvegsráðuneytinu, formaður, Örn Marinósson, deildarstjóri í fjármálaráðuneytinu, fjárlaga- og hagsýslustofnun og Jóhann Guðmundsson, efnaverkfræðingur hjá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins. Þórður Eyþórsson, fulltrúi í sjávarútvegsráðuneytinu, var nefndinni og til aðstoðar. Áður en nefnd þessi var skipuð hafði sjávarútvegsráðuneytinu borist tillaga frá fjármálaráðuneytinu, fjárlaga- og hagsýslustofnun, um endurskoðun á starfsemi Fiskmats ríkisins og Síldarmats ríkisins. Í tillögu þessari, sem dagsett er 5. október 1973, segir m. a. svo: „Undirnefnd fjárveitinganefndar, sjávarútvegsráðuneytið og fjármálaráðuneytið, fjárlaga- og hagsýslustofnun hafa að undanförnu rætt skipulag og starfsemi Fiskmats ríkisins og Síldarmats ríkisins. Er niðurstaðan af þessum umræðum sú, að brýn þörf sé á og tímabært að taka starfsemi þessara tveggja stofnana til endurskoðunar og breytinga. Er einkum tvennt, sem telja verður, að endurskoðunin eigi að beinast að: (1) Innra skipulag og starfsemi Fiskmatsins og (2) niðurlagningu Síldarmatsins og samruna þess við Fiskmatið."

Helstu rökin, sem sett hafa verið fram, um sameiningu Síldarmats og Fiskmats ríkisins eru þau, að þar sem síldveiðar við Ísland hafa lagst niður að mestu, hafa

verkefni Síldarmats ríkisins minnkað að sama skapi. Við Síldarmatið starfa nú 6 síldarmatsmenn auk síldarmatsstjóra, sem hefur skrifstofu sína í Reykjavík. Útlit er fyrir, að starfskraftar þessara manna verði illa nýttir í náinni framtíð. Á hinn bóginn er þess að gæta, að þessir menn búa yfir mikilvægri þekkingu á meðferð og verkun saltsíldar. Hugmyndin um sameiningu Síldarmatsins og Fiskmatsins byggist þannig á því að nýta mætti betur fjármuni og starfskrafta þessara stofnana, auk þess sem viðhaldi þekkingar síldarmatsmanna ætti að vera betur borgið ef málum væri þannig fyrir komið. Ennfremur er rétt að benda á að Fiskmat ríkisins annast nú allt mat á síld annað en mat á saltsíld.

Eins og fyrr greinir hefur þótt rétt að endurskoða innra skipulag og starfsemi Fiskmats ríkisins um leið og unnið væri að sameiningu þess og Síldarmats ríkisins. Kemur þar ýmislegt til. Eins og kunnugt er hefur á undanförnum árum verið unnið að því að gera miklar endurbætur á frystiiðnaði landsmanna með sérstöku tilliti til aukinna krafna á Bandaríkjamarkaði til gæða framleiðslunnar. Að þessum málum hefur frá árinu 1969 starfað nefnd, sem kölluð hefur verið „Tillögunefnd um hollustuhætti í fiskiðnaði.“ Á grundvelli starfs þessarar nefndar hefur verið lögð mjög aukin áhersla á aukið eftirlit með hreinlæti og búnaði í fiskiskipum, löndunar- og flutningatækjum og fiskvinnslustöðvum. Má segja að vísir að sérstakri hreinlætisdeild hafi orðið til hjá Fiskmati ríkisins til þess að sinna þessu verkefni. Í núgildandi lögum um Fiskmatið er ekki gert ráð fyrir slíkri deild og hefur hún ekki enn verið formlega stofnuð. Þykir bera nauðsyn til að ráða bót á þessu og er gert ráð fyrir því, að starfsemi Tillögunefndar geti færst inn í þessa deild, þegar fram líða stundir. Þá hefur sú skoðun verið útbreidd, að freðfiskmat, sem Fiskmat ríkisins annast, sé í núverandi mynd lítils virði og beri að leggja það niður. Til freðfiskmats er varið miklum fjármunum auk þess freðfiskeftirlits er sölusamtökin hafa á hendi og miklu fé er einnig varið til. Í frumvarpi þessu fjallar 5. grein um ofangreinda deildarskiptingu og vísast til athugasemda um þá grein.

Fleiri rök mætti nefna í sambandi við þörf endurskoðunar á innra skipulagi og starfsemi Fiskmatsins, en þeirra verður nánar gerð grein í athugasemdum um einstakar greinar frumvarpsins.

Nefnd sú, sem falið var að gera uppkast að frumvarpi þessu, hefur starfað óslitið frá því hún var skipuð, og hefur hún m. a. haldið fundi með forsvarsmönnum eftirtalinna samtaka og stofnana: Fiskmats ríkisins, Síldarmats ríkisins, Fiskvinnsluskólans, Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, Sambands ísl. samvinnufélaga, Samlags skreiðarframleiðenda, Síldarútvegsnefndar, Sölusambands ísl. fiskframleiðenda, Landssambands ísl. útvegsmanna, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Sjómannasambands Íslands. Auk þess hefur nefndin haft viðtal við fleiri aðila og kannað mikinn fjölda gagna um starfsemi þessara 2ja stofnana. Er óhætt að fullyrða að nefndin telur menn nánast á einu máli um að sameina beri starfsemi Fiskmats ríkisins og Síldarmats ríkisins í einni stofnun. Nefndin telur það einnig vera í samræmi við skoðun meiri hluta þeirra sem hún ræddi við, að bæði Síldarmatið og Fiskmatið verði lögð niður og starfsemi þessara stofnana færð inn í nýja stofnun sem tæki til allra sjávarafurða. Er í frumvarpi þessu gengið út frá því, að hér sé um nýja stofnun að ræða, sem nái yfir víðara svið en Fiskmat ríkisins gerir í dag. Jafnframt skal tekið fram, að lög nr. 55 2. maí 1968 um eftirlit og mat á fiski og fiskafurðum, voru jafnan höfð til hliðsjónar og eru öll efnisatriði þeirra laga, sem við þóttu eiga, tekin upp í frumvarp þetta.

Verður nú gerð nánari grein fyrir einstökum greinum frumvarpsins.

Um 1. gr.

Þessi grein þykir skýra sig sjálf, en í sambandi við nafnið „Framleiðslueftirlit sjávarafurða“ skal tekið fram, að það þykir gefa gleggri mynd af starfsemi hinnar nýju stofnunar heldur en t. d. nafnið „Fiskmat ríkisins“ þar sem henni ber ekki

einungis að meta fisk og sjávarafurðir heldur einnig hafa eftirlit með búnaði, hreinlæti og hollustuháttum við framleiðsluna.

Um 2. gr.

Þessi grein kveður á um verkefni hinnar nýju stofnunar. Framleiðslueftirlit sjávarafurða er ætlað að hafa með höndum eftirlit með allri meðferð, flutningi, vinnslu og geymslu á fiski, krabbadýrum og skeldýrum frá því veiðin kemur um borð í veiðiskip og þar til hún er send á markað til sölu, hvort og hvernig svo sem hún hefur verið unnin eða verkuð, svo og á lifur, hrognum eða öðrum líffærum, sem nýtt gætu orðið úr fiski. Þó er undanþága gerð hvað varðar eigin afla, sem veiðiskip flytja á erlendan markað, enda hafi hann ekki verið lagður hér á land. Um slíkan útflutning getur ráðherra þó sett reglur. Í síðustu málsgreininni er gert ráð fyrir því að Framleiðslueftirlit sjávarafurða hafi eftirlit með þeim reglum, sem settar hafa verið eða settar kunna að verða um aflasamsetningu fiskiskipa og lágmarksstærðir fisktegunda (þar með talin krabbadýr og skeldýr). Um þetta hafa ekki verið skýr ákvæði í lögum, en rétt þykir að þetta verði fastur þáttur í starfsemi Framleiðslueftirlitsins.

Í síðustu málsgrein er einnig gert ráð fyrir því, að Framleiðslueftirlit sjávarafurða hafi eftirlit með reglum um að ekki megi verka eða vinna fisk, sem sé mengaður eða óheppilegur til vinnslu. Er þar m. a. hafður í huga skelfiskur, sem veiddur er of nærri mannabústöðum og gæti því verið sýktur eða mengaður.

Um 3. gr.

Hér er einkum haft í huga að Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins hefur nú með höndum eftirlit með lýsi, lagmeti og fiskmjöli. Þykir rétt að svo verði áfram enda þótt Framleiðslueftirlit sjávarafurða kunni að yfirtaka þessi verkefni síðar.

Um 4. gr.

Ljóst þykir að mjög náið samstarf þarf að vera milli Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og Framleiðslueftirlits sjávarafurða, einkum frysti- og hreinlætisdeildar. Kemur þar til að nauðsynlegt verður að nota tæknilegar einkum gerlafræðilegar aðferðir við vissa þætti í starfsemi Framleiðslueftirlitsins.

Um 5. gr.

Í þessari grein er kveðið á um deildaskiptingu hinnar nýju stofnunar. Samkvæmt lögum nr. 55/1968 um eftirlit og mat á fiski og fiskafurðum, skiptist Fiskmat ríkisins í ferskfisk- og freðfiskdeild annars vegar og saltfisk- og skreiðardeild hins vegar. Er kveðið svo á, að ráðherra geti fjölgað deildum er þörf krefji. Sú hefur orðið raunin og eru nú starfandi hjá Fiskmatinu 4 deildir, auk þess sem vísir er kominn að búnaðar- og hreinlætisdeild, þótt sumar þessar deildir hafi ekki verið formlega stofnaðar enn þá. Deildir þessar, sem allar hafa sameiginlega skrifstofu, eru: Gæðaskráningardeild, ferskfiskmatsdeild, saltfisk- og skreiðarmatsdeild og freðfiskdeild. Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir því, að deildir Framleiðslueftirlits sjávarafurða verði þrjár. Ekki þykir þörf á að hafa sérstaka gæðaskráningardeild þar sem starfsemi sú, er þar fer fram, þykir falla undir eðlilegt starf skrifstofu stofnunarinnar. Ekki þykir heldur heppilegt að reka sérstaka freðfiskdeild þar sem eftirlit með búnaði- og hreinlæti við vinnslu frystra afurða verður svo samtvinnað þeim verkefnum, sem falla myndu undir slíka deild, að best fer á því að ein deild sinni þeim. Hins vegar er gert ráð fyrir því að mat það og eftirlit, sem frystihúsin hafa sjálf með sinni framleiðslu muni haldast sem nauðsynlegur þáttur í þeirra sölumálum. Sú deild, sem í frumvarpi þessu er nefnd salt- og skreiðardeild, tekur við verkefnum Síldarmats ríkisins en auk þess myndu aðrar saltaðar sjávarafurðir þar á meðal söltuð hrogn einnig falla undir verksvið deildarinnar. Á þessu stigi er ekki gert ráð fyrir sérstakri deild, sem einungis fjalli um saltsíld. Samkvæmt frumvarpinu

er ráðherra hins vegar heimilt að breyta deildarskipun og getur því stofnað sérstaka saltsíldardeild ef þörf krefur. Annars er reiknað með því að forstjóri stofnunarinnar verði nokkuð sjálfráður um það hvernig verkefnum verður raðið á hinar einstöku deildir.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 7.—12. gr.

Þessar greinar frumvarpsins þykja ekki gefa tilefni til sérstakra athugasemda að öðru leyti en því, að gert er ráð fyrir að yfirmatsmenn megi færa milli umdæma með samþykki ráðherra. Nú tíðkast það hjá Fiskmati ríkisins, að yfirfiskmatsmenn eru skipaðir til starfa á sérstöku svæði og jafnvel stundum til að sinna ákveðnum afmörkuðum verkefnum. Hefur þetta oft reynst bagalegt þar sem fiskverkunarhættir ákveðins svæðis taka gjarnan breytingum auk þess sem alltaf er um að ræða nokkrar sveiflur á lönduðu aflamagni hvers svæðis fyrir sig. Þykir þess vegna þurfa að hafa það opið, að breyta megi landfræðilegum umdæmum yfirmatsmanna annars vegar og hins vegar að þeir geti tekið að sér að sinna hinum mismunandi verkefnum stofnunarinnar eftir því sem þörf krefur. Auk þess getur það stuðlað að frekari samræmingu á störfum yfirmatsmanna ef þeir eru færðir til skiptis milli umdæma.

Um 13. gr.

Þessi grein er efnislega byggð á ákvæðum laga nr. 55/1968 um eftirlit og mat á fiski og fiskafurðum og þykir ekki gefa tilefni til sérstakra athugasemda.

Um 14. gr.

Í núgildandi lögum er ekki að finna bein ákvæði um sérstök vinnsluleyfi eins og gert er ráð fyrir í grein þessari. Fiskmat ríkisins hefur þó í reynd gefið út vinnsluleyfi til þeirra vinnslustöðva, sem það hefur eftirlit með. Þykir rétt að lögfesta þetta þannig að allar vinnslustöðvar, sem Framleiðslueftirlitið hefur eftirlit með, verði að hafa formlegt leyfi þess til starfsemi sinnar. Að sjálfsögðu skal Framleiðslueftirlitið einungis byggja á atriðum, sem undir verksvið þess falla, við ákvörðunartöku í þessu efni.

Um 15.—18. gr.

Þessar greinar eru allar byggðar efnislega á ákvæðum laga nr. 55/1968, um eftirlit og mat á fiski og fiskafurðum og þykja ekki gefa tilefni til sérstakra athugasemda.

Um 19. og 20. gr.

Þessar greinar frumvarpsins þykja ekki gefa tilefni til sérstakra athugasemda.

**Um ákvæði til bráðabirgða.**

Ekki þykir fært að láta lögin um Framleiðslueftirlit sjávarafurða taka gildi fyrr en 1. júlí 1975 svo hægt sé að veita starfsfólki Fiskimats ríkisins og Síldarmats ríkisins lausn frá störfum sínum með nægilegum fyrirvara. Á hinn bóginn þykir eðlilegt að starfsfólk hinnar nýju stofnunar verði ráðið eða skipað í stöður sínar að mestu leyti fyrir þann sama tíma til að tryggja eðlilegt áframhald á eftirliti og mati á fiski og sjávarafurðum. Gert er ráð fyrir því að forstjóri Framleiðslueftirlits sjávarfurða verði skipaður eigi síðar en 1. apríl 1975, enda skal hann láta í ljós álit sitt á umsóknum til annarra starfa stofnunarinnar eins og mælt er fyrir í frumvarpi þessu. Gert er ráð fyrir því, að sjávarútvegsráðuneytið sjái um auglýsingar á stöðum hjá Framleiðslueftirliti sjávarafurða og yfirleitt um framkvæmd þessa bráðabirgðaákvæðis.

## Sþ. 68. Tillaga til þingsályktunar [65. mál]

um innborgunargjald af vörum frá Vestur-Þýskalandi.

Flm.: Gunnar Sveinsson, Halldór Ásgrímsson.

Alþingi ályktar, að meðan EBE-löndin hafa ekki fullgilt tollasamninginn við Ísland verði Seðlabanka Íslands falið að innheimta 25% innborgunargjald af vöruinnflutningi frá Vestur-Þýskalandi, sem geymt verði á bundnum reikningi í 90 daga.

Greinargerð.

Eins og alþjóð er kunnugt hafa vestur-þjóðverjar einir þjóða ekki viðurkennt útfærslu fiskveiðilandhelginnar í 50 mílur og með því hindrað, að tollasamningar okkar við Efnahagsbandalagslöndin kæmu til framkvæmda. Hefur þetta valdið okkur íslendingum stórtjóni. Á meðan hafa viðskipti við vestur-þjóðverja gengið óhindrað fyrir sig af beggja hálfu og viðskiptajöfnuður verið vestur-þjóðverjum stórkostlega í hag.

Með þessari tillögu, sem hér er flutt, er ekki verið að fara fram á neinar hefndaraðgerðir gagnvart vestur-þjóðverjum, enda hafa viðskipti okkar við þá lítil áhrif í þeirra þjóðarbúskap og skipta ekki miklu máli fyrir hinn stóra gjaldeyrisvarasjóð þeirra.

Tilgangurinn með þessum tillöguflutningi er fyrst og fremst að sýna, hve alvarlegum augum við íslendingar lítum á þá ákvörðun vestur-þjóðverja og annarra EBE-landa að neita okkur um eðlileg viðskiptakjör á þeim grundvelli að vestur-þjóðverjar hafa ekki fengið vilja sínum framgengt um veiðar innan íslenskrar fiskveiðilögsögu.

Þetta gerum við á áhrifaríkan hátt með því að draga úr viðskiptum við vestur-þjóðverja meðan þetta ástand varir. 25% innborgunargjald á vörukaup frá Vestur-Þýskalandi hefði þau áhrif, að innflytjendur beindu viðskiptum sínum annað og jafnframt sýndi þann hug, sem íslendingar bera til vestur-þjóðverja vegna þessa máls.

## Nd. 69. Frumvarp til laga [66. mál]

um Sjóvinnuskóla Íslands.

Flm.: Pétur Sigurðsson.

1. gr.

Heimilt er að stofna farskóla, sem heitir Sjóvinnuskóli Íslands, og hefur hann heimilisfang í Reykjavík.

2. gr.

Markmið skólans er:

1. Að annast þá kennslu í verklegri sjóvinnu, sem krafist er fyrir fiskimanna- og farmannapróf við stýrimannaskóla.
2. Að annast slíka kennslu utan Reykjavíkur og Vestmannaeyja, þar sem stýrimannaskólanám er stundað.
3. Að standa fyrir sjóvinnunámskeiðum fyrir pilta og stúlkur er hyggja á nám við stýrimannaskóla, enda veiti próf þaðan sömu réttindi og próf frá sjóvinnuskólanum (skv. liðum 1 og 2).
4. Að annast kennslu í sjóvinnubrögðum við verknám gagnfræðastigsins við unglingaskóla og fjölbrautaskóla hinna stærri staða í samvinnu við viðkomandi fræðsluyfirvöld.

5. Að annast kennslu í sjóvinnubrögðum (kvöldnámskeið) meðal unglinga 13—15 ára er velja sér sjóvinnubrögð sem frjálst viðfangsefni.
6. Að aðstoða aðra aðila er beita sér fyrir svipuðum námskeiðum og um getur í 5. lið.
7. Að standa fyrir námskeiðum, ef þurfa þykir, fyrir leiðbeinendur sem annist kennslu í sjóvinnubrögðum meðal fullorðinna, kennara og unglinga, þó eigi oftar en annað hvert ár.
8. Að beita sér fyrir fræðslu í öllum framhaldsskólum í samráði við Slysavarnafélag Íslands og sjóslysanefnd um slysa- og öryggismál sjófarenda með fyrirlestrum og fræðslumyndum.
9. Að tengja enn betur saman nám þeirra, sem á skipum ætla að starfa, við fiskiðnaðarnámið með fræðslu í meðferð og verkun sjávarafla meðal nemenda unglinga- og gagnfræðaskóla og gefa þeim, sem sjómennsku stunda, frekari tækifæri til áframhaldandi náms á þessum sviðum.

3. gr.

Skólinn starfar yfirleitt í 3ja mánaða námskeiðum. Nemendur stýrimannaskóla skulu hafa lokið námskeiði frá sjóvinnuskólanum í síðasta lagi á 1. námsári þeirra.

4. gr.

Í skólanum skal kenna:

Sjómennsku verklega og munnlega, heilsufræði og vélfræði. Enn fremur skal með fyrirlestrum og heimsóknum í fiskiðjuver og um borð í skip og á annan hátt gefa nemendum leiðbeiningar um meðferð og verkun sjávarafurða.

5. gr.

Í hinum einstöku greinum skal kenna eftirfarandi:

**Sjómennska verkleg:**

Meðferð og notkun allra öryggis- og björgunartækja, sem um borð eru notuð. Alls konar hnútar, samsetning kaðla og víra. Augastunga á köðlum og vírum. Vörpu- og netaviðgerðir. Uppsetning og stokkun fiskilínu. Viðhald skipa. Seglasaumur, róðra- og siglingaæfingar, brunaæfingar, björgunaræfingar. Notkun neyðarmerkja. Meðferð þjóðfánans.

**Sjómennska munnleg:**

Kompásinn og notkun hans. Skýringar á misvísun og segulskekkju. Morsemerki. Helstu atriði siglingareglnanna. Fræðsla um byggingu skipa og skipshluta. Frágangur lestarlúga. Fræðsla um brunavarnir um borð í skipum.

**Heilsufræði:**

Hjálp í viðlögum. Lífgun úr dauðadái. Almennar heilbrigðis- og þrifnaðarreglur um borð í skipum.

**Vélfræði:**

Fræðsla um vélar í smærri bátum og æfingar í sambandi við notkun þeirra.

6. gr.

Nemendur, sem lokið hafa prófi frá sjóvinnuskólanum, skulu fá prófskírteini er sýni aðaleinkunn þeirra og séreinkunnir.

7. gr.

**Almenn inntökuskilyrði:**

1. Að hafa náð 15 ára aldri.
2. Að vera ekki haldinn neinum næmum sjúkdómi eða líkamskvilla, er getur orðið öðrum nemendum skaðvænn.

8. gr.

Skólinn starfar allt að 10 mánuði á ári og skal skólatíma skipt í 3ja mánaða námskeið.

9. gr.

Forstöðumaður skólans skal hafa lokið námi frá Stýrimannaskólanum í Reykjavík eða hlotið hliðstæða menntun. Hann skal ráða kennara við námskeiðin í samráði við Fiskifélag Íslands. Laun forstöðumanns og kennara skulu vera samkvæmt kjarasamningi starfsmanna ríkisins.

10. gr.

Ráðherra skipar fjóra menn í skólanefnd skv. tilnefningu eftirtalinna aðila: Sjómannasambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Landssambands ísl. útvegsmanna, Félags ísl. botnvörpuskipaeigenda og fimmta manninn skv. tilnefningu Fiskifélags Íslands og er hann formaður skólanefndar.

11. gr.

Skólinn heyrir undir sjávarútvegsráðuneytið, sem setur reglugerð um námskrá, kennslutíma o. fl., en Fiskifélag Íslands annast allan daglegan rekstur skólans.

Kostnaður við skólann greiðist úr ríkissjóði.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Greinargerð.

Hinn 20. mars 1963 var eftirfarandi þingsályktunartillaga samþykkt á Alþingi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta endurskoða lög og reglugerðir um Stýrimannaskóla Íslands og inntökuskilyrði í hann. Við endurskoðun þessa skal sérstaklega hafa í huga, hvernig auka megi þekkingu væntanlegra nemenda í meðferð og notkun nýrra siglinga- og fiskileitartækja, sjóvinnu, fiskverkun og meðferð sjávarafurða.

Jafnframt láti ríkisstjórnin fara fram athugun á, hvort ekki sé tímabært og þá hvernig:

1. að auka og taka upp kennslu í síðasttöldu greinunum við verknám gagnfræðastigsins,
2. að stofnsettur verði sérstakur sjóvinnuskóli, þar sem væntanlegir nemendur stýrimannaskólans og aðrir fái m. a. kennslu í sjóvinnu, fiskverkun, meðferð sjávarafurða, fiskmati og verkstjórn."

Fyrsti flutningsmaður tillögunnar var Pétur Sigurðsson og meðflutningsmaður Eggert G. Þorsteinsson.

Skömmu síðar skipaði menntamálaráðherra nefnd til að sjá um framkvæmd ályktunarinnar. Í nefndinni áttu þessir menn sæti: Jónas Sigurðsson skólastjóri Stýrimannaskólans í Reykjavík og var hann formaður nefndarinnar, Guðmundur H. Oddsson form. Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Öldunnar, Jón Sigurðsson form. Sjómannasambands Íslands, Sverrir Júlíusson form. L.Í.Ú. og Jón Pálsson tómstundaráðunautur Æskulýðsráðs Reykjavíkur.

Þessi nefnd vann mikið og gott starf. Hún skilaði ítarlegum till. að breytingum á lögum og reglugerð varðandi Stýrimannaskólann, sem nokkrum missirum síðar voru lagðar fyrir Alþingi og samþykktar með smávægilegum breytingum. Þá urðu þessar tillögur nefndarinnar ásamt tillögum einstakra þingmanna og eldri lögum grundvöllur laganna um Stýrimannaskólann í Vestmannaeyjum.

Einnig lagði nefnd þessi fram tillögur að frumvarpi fyrir sjóvinnuskóla ásamt greinargerð þar um.

Tillögur þessar voru sendar menntamálaráðuneytinu og hafa legið þar síðan. M. a. vegna starfs og tillagna þessarar nefndar er þetta frv. fram komið. Nokkru hefur verið aukið við tillögur nefndarinnar og skýrar kveðið á um einstök atriði, þótt höfuðtillögum hennar hafi verið fylgt.

Rétt er að undirstrika sérstaklega að skoðanir flm. og þeirra, sem unnu að framkvæmd þál. 1963 og 1964, fara alfarið saman varðandi nauðsyn slíkrar kennslu.

Vill flm. m. a. benda á þá skoðun nefndarinnar, sem hér fer á eftir og kom fram í grg. hennar:

„Nefndin var sammála um, að brýn þörf sé á sérstökum sjóvinnuskóla. Meðan þjóðin byggir afkomu sína að jafnmiklu leyti og verið hefur á sjávarútvegi og ekki er sjáanlegt annað en að svo verði í náinni framtíð, er það lífsnauðsyn þessarar atvinnugreinar, að nægur fjöldi manna fáist til að vinna við hana. Frumskilyrði er að hægt sé að manna skipaflotann **hæfum mönnum.** Verður að teljast fyllsta ástæða til, að því máli verði sýndur fullur skilningur, og telur nefndin, að sjóvinnuskóli þar sem unglingar, er vilja leggja fyrir sig sjómennsku, fengju tækifæri til að læra algengustu vinnubrögð um borð í skipum, áður en þeir fara til sjós, mundi hæði glæða áhuga þeirra fyrir þessu starfi og gera þá hæfari til þess. Allir, sem sjómennsku hafa stundað, þekkja, að fyrir óvana menn fer talsverður tími í að kynnast störfum um borð í skipum og að full vinnuafköst nást ekki fyrr en þau störf hafa verið lærð."

En auk þessa telur flutningsmaður að sérstaklega beri að leggja áherslu á þá staðreynd, að með samþykkt þessa frv. og stofnun og starfi slíks skóla mun öryggi sæfarenda stóraukast.

Virðist tímabært að Alþingi taki til alvarlegrar athugunar hvernig draga megi úr hinni miklu áhættu sjómannastéttarinnar í starfi. Sýnist flm. að tímabært sé að meta til fjárútláta fyrir þjóðfélagsheildina, en ekki einstakar greinar sjávarútvegsins, þann óumflýjanlega kostnað, sem fylgir því, að sæmilegu öryggi og öryggisvörnum sé haldið uppi meðal sæfarenda, og það í þýðingarmesta atvinnuvegi þjóðarinnar, sem árlega virðist þurfa fórn margra mannslífa svo að staðið verði m. a. undir kröfugerð, sem aðrir þegnar gera til þessarar atvinnugreinar beint og óbeint.

Þegar þessi orð eru skrifuð er höfð í huga ályktun síðasta Sjómannasambandsþings, hins fjölmennasta sem til þessa hefur verið haldið, þess efnis, að það væri ekki útgerðin ein eða áhafnir skipa, sem undir kostnaði öryggis- og slysavarna ættu að standa, frekar af almannafé, líkt og gert er þegar stuðlað er að byggð víðs vegar við strendur landsins eða í afdölum, með miklum fjárframlögum almennings, þótt á sumum þessara staða sé alls ekki byggilegt og búrekstur geti aldrei orðið samkeppnisfær við hina betur settu staði.

Í framsögu mun nánar gerð grein fyrir frv. þessu.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Fjallar um nafn og heimilisfang, auk þess að skólinn er farskóli.

Um 2. gr.

Í grein þessari er lýst markmiði væntanlegs sjóvinnuskóla. Að öðru leyti en því, sem kemur fram í greinargerðinni, þarf greinin ekki skýringa við.

Um 3. gr.

Gert er ráð fyrir, að skólinn starfi með námskeiðsfyrirkomulagi og standi hvert námskeið í 3 mánuði. Er þar miðað við sama tíma og tíðkast yfirleitt við erlenda sjóvinnuskóla. Um daglegan kennslutíma yrði svo nánar kveðið á í reglugerð. Þá er gert ráð fyrir, að nemendur Stýrimannaskólans skuli hafa lokið námskeiði frá

sjóvinnuskólanum í síðasta lagi á 1. námsári þeirra. Æskilegast væri, að menn hefðu lokið slíku námskeiði áður en þeir byrjuðu nám við Stýrimannaskólann, en þar sem þann skóla sækja menn alls staðar að á landinu og gera má ráð fyrir að aðstaða sé ekki fyrir alla að hafa lokið sjóvinnunámskeiði, þótt þeir hafi nægan siglingatíma til þess að geta sest í Stýrimannaskólann, þykir nefndinni ekki fært að útiloka þá frá skólavist af þeim sökum.

Um 4. gr.

Fjallar um námsgreinar þær, er kenna skuli við skólann.

Um 5. gr.

Í þessari grein er sundurliðað það, sem kenna skal í hverri grein. Í reglugerð yrði nánar kveðið á um einstök verkefni.

Um 6. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Gert er ráð fyrir, að aldur þeirra, er prófi ljúka frá sjóvinnuskólanum, sé 15 ára og eldri. Þó er ætlað að skólinn haldi kvöldnámskeið fyrir unglinga 13—15 ára, sbr. 4.—5. tölulið 2. gr.

Um 8. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 9. gr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir sérstökum forstöðumanni við skólann. Ef skólinn starfaði hins vegar sem sérstök deild úr Stýrimannaskólanum, má telja eðlilegt, að skólastjóri þess skóla hefði yfirumsjón deildarinnar með höndum og réði þá kennara til hennar, í samráði við viðkomandi ráðuneyti, og væri einn þeirra yfirkennari, er hefði með höndum daglega umsjón deildarinnar.

Um 10. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 11. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 12. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

## Ed. 70. Nefndarálit [24. mál]

um frv. til l. um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt. Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Ragnar Arnalds og Jón Helgason.

Alþingi, 25. nóv. 1974.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm. Jón G. Sólnes. Axel Jónsson.

Albert Guðmundsson. Jón Árm. Héðinsson.

## Sþ. 71. Tillaga til þingsályktunar [67. mál]

um eignarráð þjóðarinnar á landinu, gögnum þess og gæðum.

Flm.: Benedikt Gröndal, Eggert G. Þorsteinsson, Gylfi Þ. Gíslason, Jón Árm. Héðinsson, Sighvatur Björgvinsson.

Alþingi ályktar, að stefnt skuli að því, að allt land verði alþjóðareign (eign ríkis eða sveitarfélaga), en bújarðir verði í eigu bænda, þegar þeir kjósa þann hátt fremur en að hafa lönd sín á erfðafestu. Ríki og sveitarfélögum skal þó tryggður forkaupsréttur á öllu landi.

Alþingi ályktar að leggja fyrir ríkisstjórnina, að hún láti sérfróða menn semja frumvarp eða frumvörp að lögum um eignarráð og eignarréttindi þjóðarinnar yfir byggðu landi og óbyggðu, stöðuvötnum í byggð og óbyggðum, fallvötnum, jarðhita og hvers konar námum og vinnslu verðmæta úr jörðu, sem ekki eru þegar í eigu ríkis eða sveitarfélaga. Glöggt verði kveðið á, hvernig landareign og landnytjar færist úr einkaeign í eign ríkisins og hvernig bætur skuli reiknast fyrir.

### Greinargerð.

Þingmenn Alþýðuflokksins hafa mörg undanfarin ár flutt á hverju reglulegu þingi ályktunartillögur um eignarráð þjóðarinnar á landinu, gögnum þess og gæðum. Ekki hafa tillögur þessar náð fram að ganga, heldur mætt sterkri andstöðu á þingi. Hins vegar hafa þær vakið sívaxandi athygli þjóðarinnar og verður æ fleiri landsmönnum ljóst, að hér er um veigamikið stórmál að ræða.

Þessi tillöguflutningur, sem Bragi Sigurjónsson hóf á sínum tíma, er gerður að vandlega hugsuðu máli og áeggjan fjölmargra landsmanna. Við búum í þjóðfélagi, sem á undanförnum áratugum hefur tekið stórfelldum breytingum og er enn á miklu breytingaskeiði, þar sem sífellt koma upp ný og ný vandamál, sem gömul skipan á ekkert rúm fyrir, en hefur kallað á brask og valdníðslu.

Alþýðuflokkurinn lítur svo á, að það stríð gegn hagsmunum alþjóðar og réttarkennd alls þorra landsmanna, að land- og lóðaeigendur geti án minnstu hlutdeildar þeirra sjálfra stórhagnast á aðgerðum hins opinbera, svo sem skipulagningu þéttbýlis á landareign þeirra, vatnstöku, flugvallargerð, vegalagningu o. fl. í þágu almennings. Umtal um, að ein bújörð í nágrenni Reykjavíkur kunni að seljast fyrir hálfan annan milljarð króna, þegar hennar er þörf undir íbúðahverfi, er aðeins síðasta og grófasta dæmið um ástand þessara mála. Sama gildir um virkjun fallvatna, að fráleitt er, að landeiganda eða landeigendum, sem engin tök hafa á að nýta vatnsorkuna af eigin rammleik, skuli geta haldist uppi að varna íbúum heilla landshluta notkun vatnanna til orkuframleiðslu.

Enn er að geta þess háska fyrir landbúnaðinn, sem leynist í kapphlaupinu um veiðiár og jarðir, sem veiðiréttur heyrir undir. Efnamenn þéttbýlis keppast nú um að ná undir sig slíkum jörðum og raunar mörgum öðrum, ekki til þess að búa á þeim, heldur aðeins nýta hlunnindi eða geyma fé sitt uns þeir geta stórgrætt á braski með jarðirnar síðar. Ekkert virðist heldur því til fyrirstöðu, að erlendir auðmenn með íslenska staðgengla geti keypt upp jarðir meðfram veiðiám, og munu þeir þá lítt hirða um, hvort búið verður vel eða illa í þeim sveitum.

Þá ber að hafa í huga, að ætla má, að fiskeldi í ám og vötnum geti innan tíðar orðið blómleg atvinnugrein, og verður þá mikilsvert að hafa í tíma komið í veg fyrir ýmiss konar hagsmunaárekstur, sem einkaeign á ám og vötnum kallar á, en þjóðareign útilokar.

Nágrannar okkar á Norðurlöndum, norðmenn og svíar, sömuleiðis skotar, englendingar og írar, sem og bandaríkja- og kanadamenn, hafa ekki talið sér henta að hafa eignarráð fallvatna svo lausbeislað sem hér er, en tekið þau ýmist í ríkiseign

eða ríkisumsjá til að hindra brask einkaaðila með eftirsótt not þeirra, en greiða arð til landeigenda, ef eru, eftir arðskrá.

Hinn landlausi meiri hluti þjóðarinnar, sem í þéttbýli býr, hefur mikilla hagsmuna að gæta. Á þetta minna sífelldar auglýsingar í haust á banni við rjúpnaveiðum á stórum svæðum landsins. Óspillt land, ómengað loft og vatn eru nú talin til hinna verðmætustu eigna hverrar þjóðar. Í þessum efnum erum við Íslendingar enn auðug þjóð, en ber þó að gæta fyllstu varúðar að spilla þeim gæðum ekki, jafnframt því sem við nýtum auðlindir okkar sem best.

Samfara auknum skilningi á þessum staðreyndum hefur þeirri skoðun vaxið óðfluga fylgi, að landið allt með gögnum og gæðum eigi að verða þjóðareign. Brask með þessi auðæfi í einkaeign er alþekkt fyrirbrigði og gerist hér á landi í hraðvaxandi mæli. Það er eitt mesta verkefni þjóðarinnar nú á tímum að færa þessi mál til betri vegar, þannig að hagsmunir fjöldans gangi fyrir hagsmunum fárra. Því fyrr sem byrjað verður, því minna mun þetta kosta þjóðina. Komandi kynslóðir munu verða þakklátar, ef nú verður mótuð og framkvæmd skynsamleg stefna á þessu sviði.

## Sþ. 72. Tillaga til þingsályktunar [68. mál]

um 18 ára kosningaaldur.

Flm.: Sighvatur Björgvinsson, Benedikt Gröndal, Eggert G. Þorsteinsson, Gylfi Þ. Gíslason, Jón Árm. Héðinsson.

Alþingi ályktar, að gerð sé athugun á því, hvort ekki sé tímabært og æskilegt að taka upp 18 ára kosningaaldur á Íslandi, og að jafnframt verði endurskoðaðar til samræmis við það aðrar aldurstakmarkanir laga á réttindum ungs fólks.

Athuganir þessar skal gera 9 manna nefnd, kosin af Alþingi. Nefndin kýs sér sjálf formann.

### Greinargerð.

Allt frá því að Alþýðuflokksmenn voru fyrst kosnir til Alþingis fyrir tæpum sex tugum ára hafa þingmenn Alþýðuflokksins haft forustu um breytingar í lýðræðis- og jafnréttisátt á lögum um kosningarrétt og kjördæmaskipan. Á fyrstu árum Alþýðuflokksins sem stjórnmálaflokks með fulltrúa á Alþingi höfðu þannig þeir einir atkvæðisrétt við kjördæmakosningar, sem voru orðnir 25 ára að aldri og stóðu ekki í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk. Við landskjör giltu sömu skilyrði varðandi þá, sem þegið höfðu af sveit, en kosningarréttur í þeim kosningum var miðaður við 35 ár.

Rýmkun kosningarréttarins var frá öndverðu eitt af mestu áhugamálum Alþýðuflokksins. Alþýðuflokkurinn barðist fyrir því, að numið yrði úr lögum það ákvæði, að fólk, sem vegna fátæktar og/eða sjúkdóma hafði neyðst til þess að þiggja sveitarstyrk og ekki getað endurgreitt hann, yrði svipt kosningarrétti, og flokkurinn barðist fyrir því, að kosningarréttur yrði miðaður við 21 árs aldur.

Framan af mætti þessi barátta Alþýðuflokksins mikilli andstöðu, en þó tókst að lokum að fá stuðning víðsýnna manna úr öllum flokkum við þessi baráttumál Alþýðuflokksins. Árið 1929 var svo 21 árs kosningaaldur lögfestur og sveitarstyrksákvæðið afnumið hvað varðar kosningar til sveitarstjórna. Með stjórnarskrárbreytingunni 1934 voru sömu ákvæði tekin upp við þingkosningar.

Næsti áfangi í baráttu Alþýðuflokksins fyrir rýmkun ákvæða laga um kosningarrétt og kjörgengi hófst árið 1963, en snemma á því ári hélt Alþýðuflokkurinn aukaþing, þar sem afgreidd var ný og endurskoðuð stefnuskrá flokksins. Eitt þeirra nýmæla, sem í stefnuskránni fólust, var að Alþýðuflokkurinn tók upp bar-

áttu fyrir 18 ára kosningaaldri. Þessa stefnu sína hefur Alþýðuflokkurinn og aðildarfélög hans síðan ítrekað á þingum sínum — nú síðast á 34. flokksþingi Alþýðuflokksins, sem haldið var 20.—22. október árið 1972 og á 28. þingi Sambands ungra jafnaðarmanna, sem haldið var dagana 8.—10. nóvember s. l. Var á 28. þingi SUJ skorað á Alþingi að samþykkja á yfirstandandi kjörtímabili lög um, að kjörgengi, kosningarréttur og hjúskaparréttur karla og kvenna verði miðaður við 18 ár.

Í beinu framhaldi af stefnuskrársamþykktinni um 18 ára kosningaaldur á þingi Alþýðuflokksins árið 1963 fluttu þingmenn Alþýðuflokksins, þeir Benedikt Gröndal, Birgir Finnsson, Friðjón Skarphéðinsson, Jón Þorsteinsson og Sigurður Ingimundarson, tillögu til þingsályktunar um 18 ára kosningaaldur á Alþingi árið 1965 — 86. löggjafarþingi. Tillagan hljóðaði svo:

**„Alþingi ályktar, að gerð skuli athugun á því, hvort ekki sé tímabært og æskilegt að taka upp 18 ára kosningaaldur á Íslandi.**
**Athugun þessa skal gera 7 manna nefnd, kosin af Alþingi. Nefndin kýs sér sjálf formann.**
**Nefndin skal skila áliti fyrir setningu reglulegs Alþingis 1966.“**

Í greinargerð með tillögunni segir m. a. svo:

**„Því er haldið fram gegn 18 ára kosningaaldri, að ungt fólk hneigist til ofstækis, öfga og yfirborðsmennsku. Þetta er sleggjudómur, og mundi ráðlegra að sýna æskunni fullkomið traust. Þá fyrst mun reyna á þroska hennar, og hann mun ekki bregðast í þessu efni, fremur en hjá hinum eldri. Mikið er talað um vandamál æskunnar, ekki síst í velferðarríkjum. Mun ekkert ráð betra í þeim efnum en að veita æskufólki sinn sess í þjóðfélaginu með fullri ábyrgð og trausti ....**

**Íslenska lýðveldið þarf á hverjum manni og konu að halda, og það krefst félagslegs þroska af hverjum einstaklingi. Því er tími til kominn að sýna hinni fjölmennu kynslóð, sem innan skamms á að erfa landið, það traust að veita henni fulla íhlutun um stjórn landsins við 18 ára aldur.“**

Þessar röksemdir úr greinargerð þingsályktunartillögunnar frá 1965 með 18 ára kosningaaldri eiga ekki síður við nú en þá.

Framangreind þingsályktunartillaga þingmanna Alþýðuflokksins frá 1965 var tekin til umræðu og afgreiðslu á því þingi. Var henni vísað til athugunar hjá allsherjarnefnd sameinaðs Alþingis og leitaði nefndin m. a. álits eftirtalinna aðila: Sambands ungra sjálfstæðismanna, Sambands ungra framsóknarmanna, Sambands ungra jafnaðarmanna, Æskulýðsfylkingarinnar, Íslenskra ungtemplara og Sambands bindindisfélaga í skólum. Tveir þeirra síðasttöldu voru tillögunni andvígir, en hinir umsagnaraðilarnir — öll stjórnmálasamtök ungs fólks í landinu — lýstu sig fylgjandi henni.

Í áliti allsherjarnefndar kom fram, að nefndinni þótti rétt og eðlilegt að láta fram fara sérstaka athugun á því, hvort ekki væri tímabært að lækka kosningaaldurinn frá því, sem þá var, en ekki náðist í nefndinni samkomulag um að tiltaka sérstaklega 18 ár í því sambandi. Þá taldi nefndin rétt, að jafnframt yrðu endurskoðaðar aðrar aldurstakmarkanir laga á réttindum unga fólksins, svo sem fjárræðisaldur og hjúskaparaldur. Gerði nefndin nokkrar breytingar á tillögu þingmanna Alþýðuflokksins og lagði til, að hún yrði samþykkt með svo hljóðandi breytingum:

„1. Tillögugr. orðist svo:

**Alþingi ályktar, að gerð skuli athugun á því, hvort ekki sé tímabært og æskilegt að lækka kosningaaldur, og að jafnframt verði endurskoðaðar aðrar aldurstakmarkanir laga á réttindum unga fólksins.**

**Athugun þessa skal gera sjö manna nefnd, kosin af Alþingi. Nefndin kýs sér sjálf formann.**

**Nefndin skal skila áliti svo snemma, að unnt verði að leggja niðurstöður hennar fyrir reglulegt Alþingi 1966.**

**2. Fyrirsögnin orðist svo:**
**Tillaga til þingsályktunar um lækkun kosningaaldurs.“**

Þannig breytt var tillagan svo samþykkt á fundi sameinaðs Alþingis 22. apríl árið 1965.

Framhald málsins varð svo það, að á næsta reglulegu Alþingi, 87. löggjafarþingi, sem var síðasta þing á kjörtímabili, var samþykkt sú breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, að kosningarrétt skyldi miða við 20 ár í stað 21 árs. Þessi stjórnarskrárbreyting var tekin fyrir aftur á Alþingi á 88. löggjafarþinginu, strax á fyrsta þingi að þingkosningum loknum, og samþykkt þar endanlega 29. mars 1968. Jafnframt voru á því þingi samþykkt lög um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 58/1961, þar sem kosningarréttur til sveitarstjórna var færður úr 21 ári í 20 ár, og lög um breyting á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 52/1959, til samræmis við stjórnarskrárbreytinguna. Virðist full samstaða hafa ríkt meðal allra þingflokka um þessar breytingar, nema hvað ágreiningur var uppi um aðrar breytingar á lögunum um kosningar til Alþingis, nr. 52/1959, sem gerðar voru og ekki fjölluðu um lækkun kosningaaldursins. Var sá ágreiningur einkum um 4. gr. lagabreytinganna, sem fól í sér, að á eftir 2. mgr. 27. gr. laganna um kosningar til Alþingis, nr. 52/1959, skyldi koma ný málsgrein, þar sem yfirkjörstjórn eru gefin fyrirmæli um hvernig skuli með fara, beri sá aðili, sem skv. reglum flokks á að ákveða eða staðfesta framboðslista endanlega, fram mótmæli gegn því, að listi sé í framboði fyrir flokkinn. Ágreiningurinn um þessa nýju lagasetningu, sem m. a. kom fram í þingnefndum þeim, sem um málið fjölluðu, var því ekki um lækkun kosningaaldursins, heldur aðrar breytingar, sem gerðar voru jafnhliða og ekkert áttu skylt við lækkun kosningaaldursins úr 21 ári í 20 ár.

Þingmenn Alþýðuflokksins telja, að með þessari lækkun á kosningaaldri hafi áfanga verið náð í því stefnumáli flokksins að færa kosningaaldur og önnur aldursákvæði, sem takmarka réttindi ungs fólks, niður í 18 ár. Þingflokkurinn telur, að reynslan hafi ótvírætt sýnt, að unga fólkinu var fyllilega treystandi fyrir þeim auknu réttindum og auknu ábyrgð, sem í breytingunum fólust, og bendir í því sambandi á, að engar raddir hafa heyrst opinberlega um að hækka beri aldursmarkið upp í 21 ár aftur, enda væri slíkt í algeru ósamræmi við þá stefnu, sem ríkir í slíkum málum meðal nálægra þjóða.

Þegar þingmenn Alþýðuflokksins fluttu þingsályktunartillögu sína um 18 ára kosningaaldur var þegar hafin víða um lönd hreyfing fyrir slíkum breytingum til réttarbóta fyrir unga fólkið. Þá höfðu stórveldin tvö, Bandaríkin og Sovétríkin, þegar riðið á vaðið og miðað kosningarrétt við 18 ára aldur, Sovétríkin út frá þeirri meginforsendu, að við 18 ára aldur mætti búast við því, að hver íbúi landsins hefði náð fullum vinnuafköstum og því að fullu orðinn hlutgengur sem þjóðfélagsþegn, en Bandaríkin út frá þeirri meginforsendu, að við 18 ára aldur væri þegar búið að leggja margvíslega ábyrgð á unga fólkið, svo sem að berjast og jafnvel fórna lífi sínu fyrir land sitt. Var þó 18 ára kosningaaldur þá ekki í gildi kominn í öllum fylkjum Bandaríkjanna.

Á þeim tæpa áratug, sem liðinn er frá því þingsályktunartillaga Alþýðuflokksþingmanna um 18 ára kosningaaldur var flutt, hefur þróunin í nálægum ríkjum haldið áfram í þá átt, sem spáð var í greinargerð með þeirri tillögu. Þannig er kosningarréttur í Bandaríkjunum nú almennt miðaður við 18 ár, í Stóra-Bretlandi sömuleiðis og einnig í Vestur-Þýskalandi og Hollandi. Í Sviþjóð er miðað við 19 ára aldur og mikil hreyfing er í öðrum nálægum löndum fyrir breytingum í þessa átt.

Flutningsmenn þessarar tillögu telja, að í ljósi reynslunnar, sem fengist hefur af lækkun kosningarréttar úr 21 í 20 ár, þeirrar þróunar, sem þegar hefur orðið og fyrirsjáanleg er í þeim málum meðal nálægra þjóða, svo og þeirrar staðreyndar, að íslensk ungmenni eru yfirleitt virkari þátttakendur í atvinnulífi og félagsmálum þjóðar sinnar og er iðulega gert að axla meiri ábyrgð og skyldur en tíðkast meðal ýmissa annarra þjóða, þá sé nú fyllilega tímabært að stíga sporið til fulls og miða

kosningarrétt og kjörgengi til alþingis- og sveitarstjórnarkosninga á Íslandi við 18 ára aldur. Jafnframt telja flutningsmenn eðlilegt og sjálfsagt að jafnframt verði endurskoðaðar til samræmis aðrar aldurstakmarkanir laga á réttindum unga fólksins.

Rétt er, að sami háttur verði hafður á þessum athugunum og árin 1965 og 1966 — þ. e. að Alþingi kjósi til þess sérstaka nefnd og verði við það miðað, að í henni eigi sæti fulltrúar frá þingflokkunum öllum. Með því móti væri auðveldað að samstaða gæti tekist á Alþingi um þær breytingar, sem gerðar yrðu.

Flutningsmenn eru þeirrar skoðunar, að rétt sé og skylt að gefa nefndinni rúman tíma til þess að ljúka athugunum á þessu máli og samningu þeirra lagafrumvarpa, sem því fylgja. Jafnframt telja flutningsmenn sjálfsagt, að Alþingi og aðrir þeir, sem málið kann að varða, fái þann tíma, sem til þarf, til þess að kynna sér væntanlegar niðurstöður athugananna. Því væri eðlilegt, að nefndin fengi tíma til athugunar á málinu þar til á öðru reglulegu Alþingi hér frá. Þá yrðu niðurstöður hennar kynntar opinberlega, en síðan teknar til umræðna og afgreiðslu á næsta þingi þar á eftir — síðasta reglulegu þingi á yfirstandandi kjörtímabili — þannig að stjórnarskrárbreytingin, sem gera verður varðandi lækkun kosningaaldursins, þurfi ekki að valda þingrofi og nýjum kosningum fyrr en þær á að bera að með réttum og eðlilegum hætti.

## Sþ. 73. Tillaga til þingsályktunar [69. mál]

um að ljúka við byggingu kvenlækningadeildar Landsspítalans.

Flm.: Geirþrúður Hildur Bernhöft.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórn að gera þegar í stað ráðstafanir til að lokið verði við byggingu kvenlækningadeildar Landsspítalans á árinu 1975.

### Greinargerð.

Flestum landsmönnum er þegar ljóst, hversu brýn þörf er á, að húsi fæðinga- og kvensjúkdómadeildar Landsspítalans, sem nú er í byggingu, verði lokið sem allra fyrst.

Forsaga þessa máls er bæði löng og ströng. Fullkomin fæðingaraðstoð við konur var mjög af skornum skammti allt fram til ársins 1931, þegar fyrsta fæðingardeild landsins hóf starfsemi sína á 3. hæð Landsspítalans. Deildin hafði aðeins 14 rúm, enda var frá upphafi áformað, að þangað kæmu eingöngu konur, sem búast mætti við afbrigðilegum fæðingum hjá. Öðrum var ætlað að fæða í heimahúsum. Strax á fyrsta ári fór þó að gæta þrengsla á deildinni. Aðsókn kvenna fór sífellt vaxandi, enda gerðu konur sér fljótlega ljóst það öryggi, sem fylgdi því að fæða þar sem hægt var að gera aðgerðir, þegar út af bar.

Nokkrum árum síðar var því komið á stofn tveim fæðingarheimilum, sem bættu þá úr brýnni þörf.

Í lok stríðsins voru vandræði í þessum málum orðin svo mikil, að heilbrigðisyfirvöld hófu undirbúning að byggingu núverandi fæðingardeildar, sem tekin var í notkun árið 1949. Hún bætti þá úr brýnni þörf, þótt mörgu væri ábótavant þegar í upphafi, m. a. var hreinlætisaðstaða allt of lítil.

Aðsókn að núverandi fæðinga- og kvensjúkdómadeild fór stöðugt vaxandi. Miklu fleiri konur fæddu en sæmileg aðstaða var til að taka á móti. Þekkja margar konur af eigin raun þrengslin á deildinni, enda hafa fjölmargar fætt á baði og göngum deildarinnar.

Hinn þátturinn í starfi fæðingardeildarinnar eru kvensjúkdómar. Hefur sá þáttur farið vaxandi með hverju ári. S. l. ár komu næstum allar konur landsins, sem voru með krabbamein í legbol eða leghálsi, til meðferðar á vegum lækna deildarinnar, — í bili þó í húsrými handlæknisdeildar Landsspítalans, — eða þar til nýja viðbyggingin verður tekin í notkun. Öll aðstaða þar er mjög ófullkomin og getur á engan hátt annað brýnustu þörf. Mörg hundruð kvenna, 450—650 konur, samkv. upplýsingum sérfræðings deildarinnar, eru stöðugt á biðlista. Nærri má geta um líðan þeirra kvenna, sem neiðast til að bíða langtímum saman eftir lífsnauðsynlegri læknishjálp í fullri óvissu um hvernig fer.

Árið 1975 er kvennaár Sameinuðu þjóðanna. Tel ég afar æskilegt og mjög vel viðeigandi, að háttvirt Alþingi og hæstvirt ríkisstjórn minnist íslenskra kvenna í tilefni ársins með því að bæta úr aðstöðu kvenna í þjóðfélaginu, þar sem brýnust er þörfin, þ. e. að bæta aðstöðu þeirra til að leita sér lífsnauðsynlegrar læknishjálpar.

Nýbygging eða viðbygging fæðinga- og kvensjúkdómadeildar Landsspítalans hófst árið 1971.

Í upphafi voru það samtök kvenna, sem áttu stærstan þátt í því, að bygging Landsspítalans varð að raunveruleika. Það voru enn samtök kvenna, sem hófu fjársöfnun um land allt til að hrinda í framkvæmd nýbyggingu kvensjúkdómadeildarinnar, sem nú er í byggingu.

Áformað var í upphafi, að byggingin tæki þrjú ár. Það hefur því miður ekki tekist. Þess vegna er nú skorað á ríkisstjórn að gera þegar í stað ráðstafanir til að lokið verði við byggingu kvenlækningardeildar Landsspítalans á næsta ári.

## Sþ. 74. Tillaga til þingsályktunar [70. mál]

um athugun á hagkvæmni rafknúinna samgöngutækja.

Flm.: Pétur Sigurðsson, Sverrir Hermannsson, Sigurlaug Bjarnadóttir, Oddur Ólafsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram athugun á kostnaði þess, að tekin verði í notkun hér á landi rafknúin samgöngutæki.

Jafnframt skal gerður samanburður á hagkvæmni þeirra og annarra samgöngutækja, sem nú eru í notkun. Skal í þeim samanburði tekið tillit til hugsanlegra orkukaupa frá innlendum aflgjafa.

Stefnt skal að því, að athugun þessari verði lokið sem fyrst og niðurstöður liggi fyrir á næsta Alþingi.

### Greinargerð.

Till. þessi var flutt á 92. löggjafarþinginu, en varð þá ekki útrædd. Hún er nú endurflutt óbreytt. Eftirfarandi grg. fylgdi þá till.:

„Okkur íslendinga mun ekki greina á um nauðsyn þess, að orka okkar fallvatna verði leyst úr læðingi svo fljótt sem fjárhagsleg geta þjóðarinnar leyfir.

Ekki mun heldur ágreiningur um, að hagkvæmustu virkjunina beri að velja hverju sinni, svo að verð hverrar orkueiningar verði sem lægst.

Um hið síðarnefnda fæst þó eigi samstaða, nema tryggt sé, að sem flestir landsmenn fái að njóta þeirra hagsbóta, sem slíkri virkjun fylgja og ná má t. d. með samtengingu dreifikerfanna, enn fremur að rekstrargrundvöllur slíkrar virkjunar sé fyrir hendi, m. a. með tryggðri sölu á nauðsynlegu magni framleiðslunnar.

Í seinni tíð hefur því mjög verið haldið á lofti, að orku stórvirkjana beri landsmönnum sjálfum svo sem hægt er að nýta. Bent er á ýmsar leiðir til frekari nýtingar

raforku hér á landi, svo sem til íbúðarhúsahitunar, gróðurhúsahitunar og margs konar iðju og iðnaðar. Allt er þetta sjálfsagt, þótt flm. telji enga goðgá að selja erlendum aðilum orku, ef slík sala bæði tryggir virkjunarframkvæmdir og rekstrargrundvöll orkuvers.

Í framangreindum umræðum hefur lítt eða ekkert verið rætt um rafknúin samgöngutæki og eru þau þó vel þekkt um nær allan heim, og hafa fjölmargir íslendingar kynnst þeim af eigin raun.

Í því sambandi er vert að veita því athygli, að slík samgöngutæki virðast mikið notuð í löndum, sem framleiða sína raforku í olíu- og kolakynntum orkuverum, m. a. í löndum, sem verða að kaupa sína olíu að um langa vegu. Eftir því sem flm. er kunnugt, munu Svíþjóð og Japan standa einna fremst í notkun slíkra tækja. Er það eðlilegt, þegar þess er gætt, að þessar þjóðir eru meðal háþróuðustu iðnaðarþjóða heims.

Upplýsingar um reynslu, nýtni og rekstrarkostnað slíkra samgöngutækja eru þegar fyrir hendi hjá þessum þjóðum o. fl. Fullvíst má telja, að sú herferð, sem þegar er hafin gegn mengun lofts í stórborgum víðs vegar um heim frá umferð olíu- og bensíndrifinna ökutækja, eigi eftir að valda byltingu í þróun samgöngumála þéttbýlissvæða á næstu árum. Þótt mengunarhætta vegna umferðar sé ekki yfirvofandi í sama mæli á þéttbýlissvæðinu umhverfis Reykjavík og Hafnarfjörð, mun ekkert tæknilegt vandamál því til fyrirstöðu, að á þessu svæði verði t. d. farartæki til farþegaflutninga knúin raforku frá loftlínu, ef hagkvæmt þykir. Verða þá, svo að samanburður fáist, að liggja fyrir upplýsingar um stofn- og rekstrarkostnað strætisvagna og áætlunarbíla í þessum byggðarlögum.

Flm. hafa þó ekki einungis í huga, að slík samgöngutæki yrðu eingöngu á þéttbýlissvæðinu, heldur einnig til að tryggja samgöngur milli þéttbýlis og dreifbýlis með margvíslegum fjárhags- og menningarlegum hagsbótum, sem því geta fylgt.

Á okkar mælikvarða er nú varið óhemju fé til allra þátta samgöngumála, í lofti, á láði og legi. Að flestra mati mun enn meira hlutfallslega þurfa til þessara mála á næstu árum og áratugum.

Vegakerfi okkar verður alltaf dýrt og enn dýrara með varanlegu slitlagi, en krafa um slíkt slitlag á fjölförnustu vegum okkar verður sífellt háværari. Verra er, að slík vegalagning, eða önnur, er engin trygging fyrir stöðugum og nauðsynlegum samgöngum til staða, sem þörf hafa á slíku, fyrst og fremst vegna snjóa og mikillar ísingar langtímum saman. Í þessu sambandi má strax slá föstu, að tvísporabrautir ásamt vögnum kosti mikið fé, og dýrari munu einsporabrautir, sérstaklega ef sporinu er lyft frá jörðu. Þeim fylgir þó sá kostur, að snjór og ís mundu e. t. v. ekki verða meiri farartálmi á slíkri braut en raforkuhitun gæti eytt. Um reynslu slíkra brauta mun hægt að fá upplýsingar frá Japan og víðar.

Hér hefur verið lauslega drepið á mjög dýrar framkvæmdir, svo að við íslendingar getum nýtt tækni rafknúinna samgöngutækja, sem fá orku sína bæði frá loftlínum og sporum.

En á móti getur einnig komið sparnaður við dýrar vegalagnir, sparnaður við samgöngur á sjó og í lofti, við kaup á olíum, bensíni, hjólbörðum og farartækjum erlendis frá, auk orkusölunnar frá orkuverum framtíðarinnar, sem byggjast munu á auðlindum þjóðarinnar — auk fiskimiða, — fallvötnum okkar.“

Sþ. **75. Tillaga til þingsályktunar** [71. mál]

um auknar ellilífeyrisgreiðslur til lífeyrissjóðsfélaga óverðtryggðra lífeyrissjóða.

Flm.: Guðmundur H. Garðarsson, Eyjólfur K. Jónsson, Pétur Sigurðsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta kanna, hvort grundvöllur sé fyrir því að breyta lífeyrisgreiðslukerfi óverðtryggðra lífeyrissjóða þannig, að eftirlaunagreiðslur þessara sjóða fullnægi eðlilegri framfærsluþörf sjóðfélaga.

Jafnframt verði kannað með hvaða hætti unnt verði að tryggja, að allir lífeyrisþegar sitji við sama borð gagnvart eftirlaunum með tilliti til ævitekna og framfærslukostnaðar á hverjum tíma.

Við framkvæmd þessarar þingsályktunar skal haft samráð við heildarsamtök vinnumarkaðarins og landssambönd lífeyrissjóða.

Greinargerð.

Eitt þýðingarmesta nútíma tryggingarform með tilliti til greiðslu eftirlauna eru lífeyrissjóðir. Á síðustu áratugum hefur ýmist verið til þeirra stofnað í frjálsum samningum aðila vinnumarkaðarins eða með löggjöf í samráði við þá aðila, sem njóta eiga lífeyrisréttinda.

Lífeyrissjóðakerfi landsmanna nær nú til svo til alls vinnandi fólks. Meginþorri lífeyrissjóðanna eru sameignarsjóðir. Þeir eru ýmist verðtryggðir eða óverðtryggðir.

Reikningsgrundvöllur allra lífeyrissjóðanna byggist á verðbólgulausu þjóðfélagi, þar sem ráð er fyrir gert að rauntekjur á mann vaxi um 2—3% árlega á því 30 ára tímabili, sem lífeyrisréttindin eru að myndast.

Hérlendis, sem víða annars staðar, hefur ríkt verðbólguástand á annan áratug, sem fer langt fram úr reikningslegum áætlunum lífeyrissjóða. Hefur þessi þróun haft mjög alvarlegar afleiðingar, sérstaklega fyrir lífeyrissjóðsfélaga óverðtryggðu sjóðanna. Lífeyrisgreiðslur þessara sjóða eru krónutölubundnar, eins og þær eru úrskurðaðar til viðkomandi sjóðfélaga, þegar eftirlaunagreiðslur hefjast að lokinni starfsævi. Má sem dæmi nefna, að lífeyrisgreiðsla til lífeyrisþega í óverðtryggðum sjóði, sem byrjaði að taka eftirlaun sín í ársbyrjun 1969, er í dag aðeins ¼ hluti þeirrar upphæðar, sem lífeyrissjóðsfélagi í verðtryggðum sjóði í sambærilegri stöðu og launaflokki nú tekur.

Augljóst er, að lífeyrisgreiðslur óverðtryggðu sjóðanna eru allsendis ófullnægjandi við ríkjandi aðstæður og fyrirsjáanlega verðlagsþróun í nánustu framtíð, auk þess sem núverandi lífeyrissjóðakerfi felur í sér mikið misrétti.

Á þessu verður að verða gjörbreyting til hins betra. Brýn nauðsyn er að þessi mál verði tekin til meðferðar og eigi látið dragast að finna leiðir, er tryggi hlut lífeyrisþega óverðtryggðu sjóðanna.

Til þess að styrkja greiðslugetu óverðtryggðu lífeyrissjóðanna kæmi til greina að verðtryggja útlán að hluta, en í þeim efnum verður að fara með aðgát, svo að greiðslugetu lántakenda verði ekki ofboðið.

Til greina kæmi að heimila lífeyrissjóðunum að greiða viðbótarframlag á lífeyri umfram ákvæði gildandi reglugerða.

Flutningsmönnum er ljóst, að eigi er hægt að greiða meira úr lífeyrissjóðum en tekjur þeirra nema. Hins vegar er vitað, að í nánustu framtíð mun árlegt ráðstöfunarfé sjóðanna verða mun meira en tryggingarskuldbindingar og útgjöld nema, eins og uppbyggingu sjóðanna er háttað.

Verulegur hluti þessa fjár brennur upp í verðbólgubálinu. Er því nauðsynlegt að fram fari ítarleg könnun á því, hvað unnt er að gera lífeyrisþegum til styrktar vegna nýrra og breyttra kringumstæðna.

**Ed.** **76. Frumvarp til laga** [72. mál]

um breyting á lögum nr. 84/1970, um Háskóla Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 96. löggjafarþingi, 1974.)

1. gr.

2. gr. laga nr. 84/1970, um Háskóla Íslands, breytist á þessa leið:

1. mgr. orðist svo: Stjórn háskólans er falin háskólaráði, rektor, háskólaritara og kennslustjóra.

3. mgr.: Niður falli í lok málsgreinarinnar orðin: „og að málum, er varða vísinda- og kennslustörf innan hennar.“

4. mgr. orðist svo: Háskólaritari og kennslustjóri hafa eftirlit með daglegri starfsemi háskólans. Þeir hlutast til um framkvæmd á samþykktum háskólaráðs og háskóladeilda og þeim ákvörðunum stjórnvalda, sem varða háskólann. Háskólaritari hefur í umboði rektors og háskólaráðs heimild til að skuldbinda háskólann og háskólastofnanir fjárhagslega, hefur yfirumsjón með gerð fjárhagsáætlunar háskólans og framkvæmd hennar samkvæmt fjárlögum og hefur umsjón með sjóðum hans. Kennslustjóri annast í umboði rektors og háskólaráðs málefni, er snerta kennslu og kennara, húsnæði háskólans og búnað.

5. mgr.: Upphaf málsgreinarinnar orðist svo: Rektor, háskólaritari eða kennslustjóri leysa úr þeim málum, .....

2. gr.

3. gr., 6. mgr., breytist á þá lund, að á undan orðunum: „Ef varaforseti er forfallaður“ komi ný setning, svohljóðandi: Varaforseti háskólaráðs gegnir og störfum rektors, ef hann forfallast vegna veikinda eða fær leyfi frá störfum.

3. gr.

4. gr., 1. mgr.: Næst síðasta setning málsgreinarinnar orðist svo: Háskólaritari og kennslustjóri eiga einnig sæti á fundum ráðsins og hafa þar málfrelsi og tillögurétt, en ekki atkvæðisrétt.

4. gr.

Upphaf 7. gr., 1. mgr. orðist svo: Forseti Íslands skipar háskólaritara og kennslustjóra, að fengnum tillögum háskólaráðs.

5. gr.

8. gr. orðist svo: Heimilt er að kveða nánar á í reglugerð um starfssvið og starfshætti háskólaráðs, rektors, háskólaritara og kennslustjóra. Háskólaráð setur öðru starfsliði skrifstofu erindisbréf.

6. gr.

Við 9. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Heimilt er að stofna til námsbrauta, sem veiti sérhæfða menntun, er leiði til háskólaprófs, þegar svo stendur á, að náminu verður ekki komið fyrir innan háskóladeilda. Háskólaráð kveður á um stofnun slíkra námsbrauta með samþykki menntamálaráðherra, að fengnum tillögum um námsskipan og stjórn. Nánari ákvæði um námsbraut skulu sett í reglugerð háskólans.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt í samræmi við samþykktir, sem gerðar hafa verið í háskólaráði, og er að meginefni tvíþætt: Annars vegar er um að ræða breyting á stjórnsýslu Háskóla Íslands með stofnun embættis kennslustjóra, auk þess sem sett eru ákvæði um skipan rektorsstarfa í forföllum. Hins vegar er gert ráð fyrir, að lögfest verði heimild til stofnunar námsbrauta innan háskólans fyrir sérmenntun, sem ekki fellur með eðlilegum hætti undir verksvið einstakra háskóladeilda.

Um það efni, sem fyrr var talið, þ. e. breyting á stjórnsýslu háskólans, var stjórnarfrumvarp flutt á Alþingi haustið 1972, á 92. löggjafarþingi, en varð eigi útrætt að því sinni. Eru fimm fyrstu greinarnar í frumvarpi því, sem hér er lagt fram, samhljóða efnisgreinum þess frumvarps. Í athugasemdum við frumvarpið var vitnað til greinargerðar frá háskólanum, þar sem sagði m. a.:

„Tillögur um breytingar á 2., 4., 7. og 8. gr. eru gerðar vegna mjög brýnna þarfa á eflingu yfirstjórnar háskólans, sem verið hefur óbreytt um langt árabil, þrátt fyrir margföldun á fjölda stúdenta, kennara, húsa- og tækjakosti.

Gert er ráð fyrir stofnun embættis kennslustjóra, er verði jafnsettur háskólaritara að öllu leyti, enda er gert ráð fyrir nánu samstarfi þeirra. Ráð er gert fyrir nokkurri verkaskiptingu milli þeirra, en reynslan mun móta hana enn frekar. Tilkoma kennslustjóra mun létta nokkrum störfum af háskólaritara, en þó mun meiru af daglegum störfum rektors.

Breyting á 3. gr. er til komin vegna þess, að í háskólalög vantar ákvæði um það, hver gegna skuli störfum rektors ef hann forfallast vegna veikinda eða fær tímabundið leyfi frá störfum. Lögin gera ráð fyrir því, að falli rektor frá eða láti af embætti gegni varaforseti háskólaráðs rektorsstörfum, uns nýr rektor hefur verið kjörinn. Því verður að teljast eðlilegt að varaforseti háskólaráðs gegni einnig störfum rektors í veikindaforföllum eða leyfum."

Í athugasemdunum var síðan nánar rakin sú öra umfangsaukning, er orðið hefði á starfsemi Háskóla Íslands á undanförnum árum og gerði það að verkum, að nauðsyn bæri til að styrkja stjórnsýslu stofnunarinnar. Hefur síst dregið úr þeirri nauðsyn síðan umrætt frumvarp var lagt fram. Nemendafjöldi háskólans hefur tvöfaldast frá árslokum 1968 og er á þessu háskólaári um 2600. Samtímis hefur orðið stórfelld aukning á kennaraliði, jafnframt því að fjölbreytni í starfsemi stofnunarinnar hefur aukist með tilkomu nýrra kennslusviða.

Tillagan um lögfesting heimildar til stofnunar námsbrauta, sem er annað meginefni þessa frumvarps, er fram komin í tengslum við undirbúning reglugerðarákvæða um námsbraut í hjúkrunarfræðum, en kennsla á því sviði hófst haustið 1973 með bráðabirgðaskipan innan vébanda læknadeildar. Nefnd, sem skipuð var til að semja drög að reglugerðarákvæðum um þetta nám, taldi æskilegt, að sett yrði í lög um háskólann heimild til stofnunar sérnámsbrauta. Háskólaráð hefur fallist á þetta sjónarmið með samþykkt þeirrar tillögu, er felst í 6. gr. frumvarpsins. Eins og þar kemur fram, er gert ráð fyrir, að heimildin verði notuð, þegar um er að ræða nám, sem ekki verður með hentugum hætti komið fyrir innan háskóladeilda. Minna má á, að sjálfstæð námsbraut í almennum þjóðfélagsfræðum var stofnuð með sérstakri lagasetningu árið 1970. Um þessar mundir eru ýmsar nýjar sérnámsleiðir til athugunar, þótt endanleg afstaða hafi ekki verið tekin til stofnunar þeirra eða staðsetningar, en ljóst virðist, að ástæða sé til að afla almennrar lagaheimildar af því tæi, sem hér er gerð tillaga um. Leggja ber áherslu á, að þótt um verði að ræða sjálfstæðar námsbrautir, er ekkert því til fyrirstöðu að kveðið verði á um meiri eða minni tengsl þeirra við háskóladeildir, eina eða fleiri eftir því sem hagkvæmt kann að þykja í hverju tilviki.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Breytingarnar á 2. gr. laga nr. 84/1970 lúta að stofnun embættis kennslustjóra, er verði jafnsettur háskólaritara. Mælt er fyrir um verksvið þeirra í meginatriðum og jafnframt gert ráð fyrir nokkurri breytingu á hlutverki rektors í því skyni að létta nokkuð af honum daglegum stjórnsýslustörfum. Er að því stefnt, að rektor veitist með þeim hætti meira tóm til að vinna að mörkun heildarstefnu í starfsemi háskólans, svo og almennu eftirlits- og samræmingarstarfi.

Um 2. gr.

Breytingin miðar að því að setja skýr ákvæði um meðferð rektorsembættisins, ef rektor þarf að hverfa frá störfum um stundarsakir. Um þetta er ekki beint kveðið á í gildandi lögum.

Um 3. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að kennslustjóri eigi sæti á fundum háskólaráðs með sama hætti og háskólaritari.

Um 4. gr.

Greinin felur í sér, að sami háttur verði á skipun kennslustjóra og er um háskólaritara.

Um 5. gr.

Hér er kennslustjóra bætt í hóp þeirra stjórnsýsluaðila, sem heimilt er að setja nánari ákvæði um í reglugerð.

Um 6. gr.

Samkvæmt greininni er það forsenda stofnunar námsbrautar, að því sérhæfða námi, sem um er að tefla, verði ekki með eðlilegum hætti komið fyrir innan háskóladeilda. Áskilið er samþykki menntamálaráðherra, að fengnum tillögum um námstilhögun og stjórn námsbrautarinnar. Að sjálfsögðu er fjárveiting á fjárlögum og skilyrði námsbrautarstofnunar.

Eðlilegt er að nánari ákvæði um skipan námsbrautar séu sett í reglugerð svo sem er um háskóladeildir.

Um 7. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

## Sþ. 77. Tillaga til þingsályktunar [73. mál]

**um kaup á farþegaskipi, er sigli milli Íslands, Færeyja, Noregs, Sviþjóðar og Danmerkur.**

Flm.: Jón Árm. Héðinsson.

**Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa nú þegar kaup á sérsmíðuðu farþegaskipi, er hafi reglubundnar ferðir milli Reyðarfjarðar (Búðareyrar), Þórshafnar í Færeyjum, Noregs, Sviþjóðar og Danmerkur. Stefnt skal að því, að skipið geti hafið ferðir milli landanna að vorlagi 1976.**

Greinargerð.

Þessi þáltill. var flutt á 94. löggjafarþingi og varð þá ekki útrædd. Henni fylgdi þá svo hljóðandi greinargerð:

Þegar M/S GULLFOSS var seldur úr landi, hvarf síðasta sérsmíðaða farþegaskipið úr eigu íslendinga. Almennt má segja, að eftirsjá sé að slíku skipi sem

Gullfoss var. Hins vegar er það vart sæmandi eyþjóð, er vill telja sig sjálfstæða og þess umkomna að hafa eðlileg samskipti við nágrannaþjóðir sínar, að eiga ekki gott farþegaskip, er tryggi reglubundnar samgöngur á milli þessara landa. Einnig má benda á það mikla öryggi, sem fólgið er í því að hafa slíkan farkost, ef safna þarf saman fólki í skyndingu eða tryggja flutning þess milli svæða með skjótum og öruggum hætti. Flutningsmaður telur ekki sæmandi einmitt nú, á afmæli 1100 ára byggðar á Íslandi, að þá skuli ekkert farþegaskip vera til í eigu okkar. Þótt það sé staðreynd, að yfirgnæfandi fjöldi velur að ferðast með flugvélum, má ekki gefast upp við að reka hér gott farþegaskip, sem tryggi samgöngur á sjó milli frændþjóðanna og bindi með því eyríkin tvö öruggum böndum. Þess vegna er þessi tillaga flutt.

Á undanförnum Norðurlandaráðsþingum voru samgöngumálin mjög á dagskrá, og kom fram í máli manna, að þau snertu mest löndin þrjú: Danmörk, Svíþjóð og Noreg. En ber ekki að hafa eyríkin með og ráða fram úr þeim vanda, sem lega þeirra skapar í samgöngum? Það er skoðun flutningsmanns, að vel megi skipuleggja fastar siglingar milli áðurnefndra þjóða með góðum árangri, sé þess gætt að taka á þessu máli með nýju viðhorfi og skipuleggja það samkvæmt því.

Hugmynd flutningsmanns er sú, að sérfróðum og duglegum mönnum verði falið að rannsaka hentugan skipakost til þessara ferða. Staðsetning heimahafnar skipsins verði Reyðarfjörður og þar verði sköpuð fullkomin aðstaða fyrir skipið og farþega, ásamt útlendingaeftirliti og tollskoðun. Skipið hefji siglingar þaðan og sigli síðan til Þórshafnar, Bergen eða Kristiansands, eftir því hvað fróðir menn telja heppilegra, og síðan til Gautaborgar og loks til Kaupmannahafnar, er verði endahöfn.

Vegalengdir milli staða eru sem hér segir:

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Reyðarfjörður | — | Þórshöfn | 280 | sjómílur | um | 18 | t. sigling |
| Þórshöfn | — | Bergen | 390 | — | — | 25 | - — |
| Þórshöfn | — | Kristiansand | 520 | — | — | 33 | - — |
| Bergen | — | Gautaborg | 335 | — | — | 21 | - — |
| Kristiansand | — | Gautaborg | 135 | — | — | 8-9 | - — |
| Gautaborg | — | Kaupmannahöfn | 145 | — | — | 9 | - — |
| Kristiansand | — | Kaupmannahöfn | 240 | — | — | 15 | - — |
| Þórshöfn | — | Kaupmannahöfn | 760 | — | — | 47 | - — |

Þetta yfirlit sýnir, að með ganggóðu skipi, sem siglir með jafnaðarferð 16 mílna hraða á klukkustund, má ljúka ferð á 5 dögum, og vænta má 2 daga tíma í lestun og losun. Skipið mun því sigla fjórum sinnum frá Íslandi til hinna landanna á mánuði, og ætti öllum að vera það ljóst, hversu mikil samgöngubót slíkar siglingar yrðu. Ætla má, að skip sem þetta þurfi að geta tekið 350—400 farþega og um 90 fólksbíla. Með þessu fyrirkomulagi telur flutningsmaður, að gerbreyta megi komu farþega til landsins og jafna álagið, sem hér ríkir á Reykjavík á aðalfarþegatíma ársins. Með því að velja Reyðarfjörð sem miðstöð hér á landi, telur flutningsmaður, að farþegar muni dreifast vel til suðurs og norðurs vegna hringvegarins. Ótvírætt má telja, að veruleg aukning verði á því, að farþegar taki með sér einkabíl sinn til landsins, og þá er það frjálst val, hvaða leið þeir aka til Reykjavíkur, ef þeir á annað borð leggja það á sig. Vissulega mun Austurland og héruðin fyrir norðan og sunnan fá góðan skerf frá þessari breyttu skipan farþegastraums til landsins og er það vel. Útlendingar munu með þessu fyrirkomulagi eiga þess kost að sjá meira af landi okkar og kynnast viðhorfi fleira fólks.

Ekki er mögulegt að fara hér út í gerð þessa skips, en flutningsmaður mun í framsögu ræða nánar um ýmis atriði og nýjungar, sem þurfa að koma í þetta skip. Sem hugmynd t. d. um þjónustu vill flutningsmaður nefna, að skipulag þarf að vera með öðru móti en hingað til hefur tíðkast, t. d. á Gullfossi, vegna nauðsynjar á sem minnstum rekstrarkostnaði. En allt þetta munu sérfræðingar fjalla um, er til verða

kvaddir að velja viðeigandi gerð og stærð skipsins. Grundvallaratriðið er, að hafist verði handa sem fyrst til að leysa þetta verkefni, svo að skipið geti hafið siglingar vorið 1976.

Sem hugmynd um fjármögnun við kaup á þessu skipi, vill flutningsmaður benda á, að eðlilegt má telja að gera almennt hlutafjárútboð á öllum Norðurlöndunum. Þess verður að vænta, að víða sé áhugi á eflingu betri samgangna milli landanna og að menn sýni þennan áhuga í verki með því að kaupa hlut í fyrirtækinu. Þessu samfara þarf að velja og meta, hvaða rekstrarform henti best á þessu skipi, en það er skoðun flutningsmanns, að eðlilegt sé, að ríkisvaldið sé stærsti aðilinn og tryggi jafnframt, að lánastofnanir muni fá greitt fé til smíðanna á umsömdum tíma. Þess verður einnig að vænta, að lánastofnanir á Norðurlöndunum séu þess fúsar að fjármagna kaupin með hagkvæmum lánum, sé ríkistrygging á greiðslu fyrir hendi. Einnig er sjálfsagt, að útboð um smíðina fari fram milli skipasmíðastöðva á öllum Norðurlöndunum og norræn samvinna fái með þessu sérstakt tækifæri til þess að leysa knýjandi verkefni í samgöngum landanna.

Ekki mun flutningsmaður leggja hér til ákveðið, hvaða aðili skuli annast rekstur þessa skips hér á landi. Hann telur þó æskilegast, að sérstakt hlutafélag, með mestu framlagi úr ríkissjóði, eigi að stofna og það taki að sér reksturinn. Verði hins vegar annað talið heppilegra og jafnárangursríkt, er nauðsynlegt, að ekki komi til togstreitu um rekstrarformið.

Upplýsingar um farþegafjölda með M/S Gullfossi sýna, að hlutfallslega fáir koma með skipi til landsins. Hins vegar mun þetta breytta ferðafyrirkomulag skapa nýtt viðhorf í ferðum til landsins. Eins og sést af leiðartöflunni hér að framan, tekur ferðin aðeins um 18 tíma milli Íslands og Færeyja. Þetta er hrein bylting í samgöngum milli landanna. Sama má segja um ferðina til Kristiansands. Hún tekur alls um 50 tíma. Síðan er þægilegt að fara hvert sem menn vilja um Suður-Noreg. Milli Kristiansands og Gautaborgar er aðeins 9 tíma sigling og svo áfram til Kaupmannahafnar 10 tímar. Á þessu má sjá, að svona skip gerbreytir möguleikum til þess að fara á milli landanna og taka með sér þarfasta þjóninn, þ. e. a. s. bílinn. Þetta skip mun vissulega verða vinsælt fjölskylduskip, er tímar líða, og einnig orlofsskip fyrir starfshópa fyrirtækja, er þá geta leigt áætlunarbíla milli komutíma skipsins á viðkomandi höfnum.

Það er mál kunnugra manna, að vel skipulögð fiárfesting í farþega- og skemmtiferðarekstri sé fljót að gefa af sér arð. Sú er skoðun flutningsmanns, ef myndarlega verður staðið að kaupum á þessu skipi, sem er þjóðarnauðsyn og ætti að vera stolt okkar að gera.

## Sþ. 78. Fyrirspurnir. [74. mál]

I. Til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn.

Frá Magnúsi Kjartanssyni.

Hvað líður undirbúningi löggjafar um lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn?

II. Til viðskiptaráðherra um þjóðhátíðarmynt.

Frá Sigurlaugu Bjarnadóttur.

1) Er sölu þjóðhátíðarmyntar lokið?
2) Hve mikill ágóði hefur orðið af sölunni?
3) Verður ráðstöfun þess fjár lögð fyrir Alþingi til ákvörðunar?

## Nd. 79. Frumvarp til laga [75. mál]

um breyting á lögum nr. 68 frá 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Guðlaugur Gíslason, Pétur Sigurðsson.

1. gr.

Aftan við 10. gr. laganna bætist nýr stafliður, svo hljóðandi:

I. Tekjur sjómanna af bolfiskveiðum á bátaflotanum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu skatta til ríkissjóðs fyrir skattárið 1974.

Greinargerð.

Frá fyrstu tíð hefur verið talið eðlilegt og sjálfsagt að sjómenn bæru meira úr býtum fyrir vinnu sína en almennt gerist hjá þeim sem í landi vinna, enda í flestum tilfellum um áhættusamari vinnu að ræða og lengri og óreglulegri vinnutíma.

Nú er svo komið, að með hverju árinu sem líður reynist erfiðara að fá menn til starfa á þeim hluta bátaflotans, sem bolfiskveiðar stundar. Byggist þetta fyrst og fremst á því, að tekjumöguleikar þar eru orðnir mun minni en á hinum nýrri og stærri skipum og í mörgum tilfellum einnig mun minni en við ýmis hægari og áhættuminni störf í landi. Hefur þetta leitt til samdráttar í útgerð hinna smærri báta, enda hefur heildarþorskfiskafli bátaflotans farið minnkandi ár frá ári nú að undanförnu eins og skýrslur Fiskifélags Íslands bera með sér.

Þegar þess er gætt, að enn þá er það svo, að afli hinna smærri báta, sem stunda bolfiskveiðar, er í allmörgum sjávarplássum undirstaðan undir atvinnulífi byggðarlagsins, er ekki nema eðlilegt að Alþingi grípi til þeirra ráða, sem fyrir hendi kunna að vera til úrbóta í þessum efnum, og telja flm., að samþykkt frv. þess, sem hér er flutt, miði í þá átt.

Á það skal að lokum bent, að í skýrslum Fiskifélags Íslands er að finna hefðbundna reglu hvað um sé að ræða, þegar talað er um bolfisk- eða þorskfiskveiðar bátaflotans, og gæti það að sjálfsögðu orðið leiðbeinandi um, hvaða tekjur um er að ræða, sem undanþegnar yrðu tekjuskatti, ef frv. yrði samþykkt.

## Nd. 80. Tillaga til þingsályktunar [76. mál]

um nýtingu innlendra orkugjafa í stað olíu.

Flm.: Magnús Kjartansson, Lúðvík Jósepsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fullgera endanlega áætlun um nýtingu innlendra orkugjafa í stað innfluttrar olíu og nái áætlunin jafnt til framkvæmda sem fjármögnunar. Verði áætlunin við það miðuð að lokið verði við jarðvarmaveitur, þar sem þær eru hagkvæmar, á árinu 1977, og að fyrir lok þessa áratugs eigi landsmenn kost á nægri raforku til húshitunar og annarra þarfa. Í áætluninni verði ákveðnar virkjanir, samtenging allra orkuveitusvæða landsins og breyting á dreifikerfum til að ná þessu marki, enn fremur árleg fjármögnun með innlendum sparnaði og erlendum lántökum.

Greinargerð.

Á síðasta reglulegu þingi flutti þáverandi ríkisstjórn ályktunartillögu um hliðstæð markmið og hér er fjallað um. Tillagan studdist við skýrslu sem Alþingi var flutt um nýtingu innlendra orkugjafa í stað olíu, en ítarleg könnun á því efni hafði verið framkvæmd af Verkfræðiskrifstofu Sigurðar Thoroddsens og Seðlabankanum að ósk iðnaðarráðuneytisins. Skýrslur þessar báru ljóslega með sér að þessi markmið væru bæði þjóðhagslega hagkvæm og raunsæ. Ályktunartillaga ríkisstjórnarinnar varð ekki útrædd, en fulltrúar allra flokka lýstu stuðningi við þau markmið sem þar var gerð tillaga um.

Fyrir tæpum áratug var því haldið fram af þáverandi stjórnarvöldum að nýting innlendra orkulinda væri að verða þjóðhagslega óhagkvæm, aðrir ódýrari og hagkvæmari orkugjafar mundu taka við. Í samræmi við það var meira en helmingi allrar raforkuframleiðslu landsmanna ráðstafað til erlends fyrirtækis fyrir afar lágt verð sem haldast skyldi óbreytt til ársins 1997. Reynslan hefur nú staðfest hversu fráleitar þær kenningar voru og sú orkusala sem þá var ákveðin. Þetta hefur aldrei orðið augljósara en eftir að olíukreppan hófst, olía og aðrir hliðstæðir orkugjafar margfölduðust í verði og reynslan leiddi í ljós að raforkuframleiðsla í kjarnorkuverum var margfalt áhættusamari og dýrari en menn höfðu ímyndað sér.

Um það verður ekki lengur deilt að orkulindir íslendinga verða æ dýrmætari og geta á ókomnum áratugum tryggt landsmönnum vaxandi öryggi, velmegun og sjálfræði. Nærtækasta og brýnasta verkefnið er að tryggja landsmönnum öllum næga orku til daglegra þarfa sinna, þ. á m. til húshitunar. Slík nýting jafngildir verulegri gjaldeyrisöflun þar sem hún dregur stórlega úr innflutningi á æ dýrara eldsneyti. Hún styrkir efnahagslegt sjálfstæði þjóðarinnar, gerir hana óháðari pólitískum átökum sem hlotist geta af sívaxandi orkukreppu. Hún eykur jafnrétti landsmanna og jafnvægi í byggð um leið og aflétt hefur verið því ástandi að verulegur hluti landsins búi við orkuskort. Því telja flutningsmenn að þetta verkefni verði að hafa algeran forgang á sviði orkumála næstu árin; ráðstöfun orku til annarra þarfa komi ekki til greina ef hún rekst á þau markmið að flýta svo sem vinnuafl, fjármagn og aðrar aðstæður leyfa nýtingu innlendra orkugjafa í stað innflutts eldneytis og tryggja jafna aðstöðu almennings í öllum landshlutum.

## Sþ. 81. Tillaga til þingsályktunar [77. mál]

um athugun á fiskræktarmálum eldisstöðvarinnar að Laxalóni.

Flm.: Jón Árm. Héðinsson, Sverrir Hermannsson, Karvel Pálmason, Geir Gunnarsson, Gunnlaugur Finnsson.

Alþingi ályktar að kjósa nefnd 5 manna, er rannsaki orsakir deilna þeirra, sem risið hafa vegna starfsemi fiskeldisstöðvarinnar að Laxalóni. Skulu sérstaklega rannsakaðar ástæður þær, sem til þess liggja, að yfirvöld hafa neitað um nauðsynleg leyfi til frjálsrar sölu og meðferðar á afurðum stöðvarinnar.

Nefndin skal hafa lokið störfum, áður en reglulegt Alþingi kemur saman á hausti komanda.

Kostnaður vegna starfa nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

## Greinargerð.

Þessi tillaga var flutt á 94. löggjafarþingi og varð þá ekki útrædd. Gunnlaugur Finnsson kemur nú sem meðflutningsmaður í stað Björns Pálssonar, er situr ekki lengur á þingi.

Það hefur varla farið fram hjá mönnum, að málaferli og alvarlegar deilur hafa risið í sambandi við ræktun, eldi og rekstur laxeldisstöðvarinnar í Laxalóni, einkum að því er varðar regnbogasilungsstofninn, sem stöðin á og hefur ræktað síðustu tvo áratugi. Þessar deilur hafa verið á milli eiganda stöðvarinnar, Skúla Pálssonar fiskræktarbónda í Laxalóni, og veiðimálastjóra, Þórs Guðjónssonar, og síðar fisksjúkdómanefndar. Verða slíkar deilur að teljast mjög óheppilegar og skaðlegar fyrir þróun fiskræktarmálanna í landinu.

Ekkert skal um það fullyrt, hve miklum skaða þessar deilur hafa þegar valdið óbeint, að því er varðar vöxt, viðgang og þróun fiskeldismálanna í landinu og væntanlega arðbærrar atvinnugreinar, fiskræktarbúskapar, en varla fer á milli mála, að tjónið er mikið.

Hinu verður ekki á móti mælt, að vegna þess að ekki hafa fengist heilbrigðisvottorð, sem eru nauðsynleg forsenda fyrir útflutningsleyfi og útflutningi á regnbogasilungsafurðum frá laxeldisstöðinni í Laxalóni, hefur á undanförnum árum orðið að grafa í jörð milljóna virði af regnbogasilungshrognum og eyðileggja frystan regnbogasilung til manneldis, sem nógir kaupendur voru að.

Hér er ekki aðeins um tilfinnanlegt fjárhagstjón að ræða fyrir laxeldisstöðina í Laxalóni, heldur einnig allmikið gjaldeyristap fyrir þjóðfélagið, og verður ekki við slíkt unað til lengdar, þar sem auðvelt ætti að vera úr að bæta.

Gera má ráð fyrir því, að hefði þróun í eldi og ræktun regnbogasilungs á Íslandi verið með eðlilegum hætti og árekstralaus og nyti stuðnings fiskræktaryfirvaldanna í landinu, væri risinn hér upp myndarlegur vísir að þýðingarmikilli atvinnugrein, sem fiskeldið er og mikil áhersla er lögð á að styðja af alefli hjá nágrannaþjóðum okkar. Í kjölfar þessa hefði svo að sjálfsögðu risið upp víðtæk ræktun og eldi á íslensku bleikjunni og unnið að markaði fyrir hana erlendis.

Verður að harma, hvernig málum þessum er nú komið hér á landi, þegar hafðir eru í huga hinir kostamiklu laxfiskastofnar í íslenskum ám og vötnum og hið óþrjótandi mikla og tæra vatnasvæði landsins og jarðhiti, sem væri áreiðanlega búið að nýta til afkastamikils atvinnurekstrar í fiskeldismálum hjá öðrum menningarþjóðum, ef þær hefðu yfir að ráða slíkum ónotuðum verðmætum og auðlindum.

Hitt er aftur á móti vitað, að margar þjóðir, sem langt eru komnar í fiskræktar- og fiskeldismálum, t. d. danir, sem flytja árlega út regnbogasilungsafurðir fyrir sem svarar um 2500 milljónum íslenskra króna, berjast við lélegan vatnskost og jafnvel sjúkdóma í fiskstofnunum. Samt sem áður og þrátt fyrir slíka erfiðleika fer þessi atvinnugrein vaxandi.

Sú staðreynd virðist fyrir hendi, að regnbogasilungsstofninn í laxeldisstöðinni í Laxalóni sé hraustur, heilbrigður og ósýktur, sennilega eini stofninn í Evrópu af þessari verðmiklu fisktegund, sem svo vel er ástatt fyrir. Þess vegna er brýn nauðsyn, að mál þetta verði athugað, og því er þessi þingsályktunartillaga fram borin.

## Ed. 82. Nefndarálit [22. mál]

um frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd efri deildar Alþingis hefur athugað frumvarp til laga um veitingu ríkisborgararéttar á þingskjali 25 og mælir með samþykkt þess. — Jón G. Sólnes var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 27. nóv. 1974.

| | | |
|---|---|---|
| Ingi Tryggvason, form., frsm. | Axel Jónsson, fundaskr. | Eggert G. Þorsteinsson. |
| Geir Gunnarsson. | Halldór Ásgrímsson. | Oddur Ólafsson. |

## Sþ. 83. Tillaga til þingsályktunar [78. mál]

um, að Síldarverksmiðjur ríkisins reisi verksmiðju í Grindavík.

Flm.: Jón Árm. Héðinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að fela stjórn S. R. að hefja nú þegar undirbúning að því að reisa verksmiðju í Grindavík, er brætt geti allt að 1500 tonn af loðnu á sólarhring og verði tilbúin til vinnslu í ársbyrjun 1976.

Greinargerð.

Hér við land hófust loðnuveiðar fyrst að nokkru ráði árið 1965, og öfluðust þá um 50 þús. tonn. Árið eftir verður mikil aukning, og veiðast þá um 125 þús. tonn. En næstu tvö árin er aflinn heldur minni eða rétt innan við 100 þús. tonn. Síðan verður mikil breyting og aflast frá 170—190 þús. tonn á árunum 1969—71. Fleiri skip taka þátt í veiðunum en áður og aukin þekking og auknar rannsóknir á göngum loðnunnar stuðla að þessari þróun. Gevsileg aukning varð svo í aflanum árið 1972, en þá veiddust 277 þús. tonn, á vertíðinni 1973 veiddust 440 þús. tonn og nær 500 þús. tonn á síðustu vertíð. Þá tóku um 130 skip þátt í veiðunum, og þótti mörgum það mikil þátttaka. Enn er fyrirsjáanlegt, að fjöldi skipa muni taka þátt í veiðunum. Þessi aukning skipa á loðnuveiðum mun kalla á betra skipulag og aukna móttöku við löndun en áður hefur verið. Á vertíðinni 1973 var stofnað til Loðnuflutningasjóðs, sem þegar sannaði gildi sitt, og mun ákveðið, að hann starfi áfram. Hins vegar er það ljóst, að þessi aukning á veiðiflota er svo mikil, að mæta verður afkastagetu flotans með því að reisa nýjar verksmiðjur sem allra fyrst. Vitað er einnig, að margir hafa hug á því að kaupa enn ný og stór veiðiskip, og er afkastageta þeirra svo mikil, að þau mundu ein sér gera meira en afla fyrir verksmiðju með 2500 tonna sólarhringsvinnslu. Það er því augljóst mál, að brýna nauðsyn ber til að hefja nú þegar undirbúning að nýrri stórri verksmiðju á vegum Síldarverksmiðja ríkisins. S. R. eiga frá fyrri tíma mikið af tækjum, sem ekki eru nýtt, og hlýtur að teljast tímabært að taka þessi tæki í notkun, þegar verkefni eru fyrir hendi, og það sem fyrst.

Með hliðsjón af þessu og svo augljósri þörf til að bjarga auknum afla er þessu máli hreyft hér á þingi. Þessu til viðbótar kemur svo, að nú innan tíðar verður

fiskihöfnin í Grindavík gjörbreytt og getur tekið við öllum stærðum skipa. Heildarfjármagn í þessar framkvæmdir verður 600—700 milljónir, og er augljóst, að höfnin mun þurfa á öllum möguleikum til tekjuöflunar að halda.

Þótt Loðnuflutningasjóður starfi með ágætum, má ekki gleyma því, að það kostar marga tugi milljóna í olíueyðslu að sigla með loðnu norður fyrir land, og hækkandi verð á olíunni veldur mönnum áhyggjum. Þótt ný verksmiðja verði reist í Grindavík, mun hún samt sem áður ekki gera meira en að mæta hluta af þeirri aukningu, sem vænta má. Það er skoðun flutningsmanns, að ekki verði langt í það, að S. R. verði einnig að reisa aðra verksmiðju og staðsetja hana í Þorlákshöfn, þegar höfnin þar er fullgerð.

Rekstur ríkisverksmiðjanna hefur gengið erfiðlega undanfarin ár vegna hráefnisskorts og mundi verksmiðja í Grindavík bæta hér verulega úr. Því er þessi þingsályktunartillaga flutt.

## Sþ. 84. Breytingartillaga [44. mál]

við till. til þál. um afnám vínveitinga á vegum ríkisins.

Frá Benedikt Gröndal.

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gangast fyrir stóraukinni sókn gegn áfengisvandamálinu og hagnýta þar mátt nútíma fjölmiðla í ríkum mæli, svo og að allir opinberir aðilar gefi í þessum efnum gott fordæmi.

## Nd. 85. Frumvarp til laga [79. mál]

um breyting á lögum nr. 102 frá 27. des. 1973, um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni.

Flm.: Guðlaugur Gíslason, Garðar Sigurðsson, Þórarinn Sigurjónsson.

1. gr.

Við 2. gr. laganna D. Suðurland bætist nýr töluliður, sem verði D. 8, svo hljóðandi:

Skipum, 105 brúttórúmlestir og minni, er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu á tímabilinu 15. febr. til 16. apríl upp að suðurströnd meginlandsins á svæði, sem takmarkast að austan af línu, sem dregin er þannig að austurkant Ystakletts og Faxaskersvita beri saman, og að vestan af línu réttvísandi suðvestur frá Þjórsárósi (63°45,6′ n.br. 20°49,0′ v.lg.).

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Ákvæði 1. gr. þessa frv. er tekið orðrétt úr lögum nr. 21 frá 1969, um breyt. á l. nr. 62 frá 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, að öðru leyti en því að austurmörk veiðisvæðis þess, sem um ræðir, eru nú miðuð við austurkant Ystakletts og Faxaskersvita í stað Urðarvita og Faxaskersvita, en Urðar-

vitinn fór undir hraun í eldgosinu 1973 og verður því ekki lengur við hann miðað. Hér er um litla breytingu að ræða og mörkin nú dregin að vesturmörkum svæðisins Suðurland D. 5 í gildandi lögum.

Þegar lögin um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni voru samþykkt á Alþingi 19. des. 1973, féllu ákvæðin um veiðiheimild á þessu svæði út, en útgerðarmenn og sjómenn í Vestmannaeyjum, sem togveiðar stunda, telja það mjög til óhagræðis fyrir sig og hafa farið fram á við þingmenn kjördæmisins að þetta verði leiðrétt.

Á það skal bent að aðeins er farið fram á að svæði þetta verði opið til veiða á tímabilinu frá 15. febr. til 16. apríl, eða í tvo mánuði, og að hér er um algera hliðstæðu að ræða við svæðið Suðurland D. 6 í gildandi lögum, nema það svæði er opið til veiða frá 1. jan. til 15. sept. eða í 8½ mánuð.

## Sþ. 86. Tillaga til þingsályktunar [80. mál]

um stofnlánasjóð vegna stórra atvinnubifreiða og stórvirkra vinnuvéla.

Flm.: Helgi F. Seljan, Karvel Pálmason, Páll Pétursson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að komið verði á fót stofnlánasjóði, sem hefði það hlutverk að veita stofnlán til kaupa á vörubifreiðum, langferðabifreiðum og stórvirkum vinnuvélum.

### Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi, en náði þá ekki fram að ganga og er því endurflutt.

Vörubifreiðar hvers konar verða sífellt stærri og dýrari og útbúnaður allur fullkomnari og um leið kostnaðarsamari.

Vöruflutningar á landi með stórum bifreiðum fara sívaxandi, m. a. vegna bættra vegasamgangna landshluta á milli. Þó að deila megi um, hversu vel slíkir flutningar henta þjóðvegakerfi okkar, verður þessi þróun varla stöðvuð.

Nauðsyn góðrar þjónustu í farþegaflutningi með bifreiðum er ótvíræð og brýn þörf á því, að skipulag þessa þáttar samgangna verði eflt og bætt stórlega. En langferðabifreiðar eru dýr tæki, og þar sem samgöngur eru erfiðastar, vegir víða slæmir, en þörfin um leið allra mest á þessum samgöngutækjum, þar er ástandið oftlega lakast, einmitt vegna þess að viðskiptin eru hvergi nærri nægileg til að bera uppi eðlilega endurnýjun.

Sums staðar liggur við stöðvun af þessum ástæðum, — stöðvun þessarar annars nauðsynlegu þjónustu. Stórvirkar vinnuvélar hvers konar eru æ meira notaðar, kranar, gröfur, ýtur o. s. frv., og einnig þessi tæki verða fullkomnari og um leið dýrari.

Staðreynd er, að allir þeir, sem hefja vilja atvinnu á einhverju því sviði, sem hér er nefnt, og þurfa til þess að eignast atvinnutækið, eiga mjög erfitt með það, séu þeir ekki því fjáðari fyrir eða hafi óvenjugott lánstraust í banka. Því hlýtur að vera á því nauðsyn, að þessir aðilar eigi kost á eðlilegri fyrirgreiðslu í stofnlánum, en hún er ekki fyrir hendi í dag.

Byggðasjóður hefur fengið fjölda slíkra umsókna, sinnt sumum, öðrum ekki, allt eftir eðli umsókna. M. a. mun Byggðasjóður nú lána 30% til stórvirkra vinnuvéla, að uppfylltum ýmsum skilyrðum. Það hlýtur þó að teljast óeðlilegt, að Byggðasjóður eigi að koma hér inn í lánakerfið, nema þá sem alger viðbótaraðili, þar sem erfiðast er uppdráttar atvinnurekstri af þessu tagi. Verkefni hans eru ærin

fyrir. Eðlileg fyrirgreiðsla í stofnlánum til þessara aðila hlýtur að teljast sjálfsögð, en spurning hins vegar um það, hver hún eigi að vera, þ. e. hversu há prósenta af heildarkaupverði atvinnutækis.

Um fjármögnun sjóðsins hlýtur að miklu að verða að fara svipaðar leiðir og gilda gagnvart öðrum stofnlánasjóðum.

Aðeins skal bent á tvær eðlilegar leiðir: Annars vegar, að Framkvæmdasjóður leggi til lánsfé, og í öðru lagi komi til gjald frá eigendum þessara atvinnutækja, sem þeir skiluðu til sjóðsins eftir vissum reglum.

Fleiri leiða mætti efalaust leita, en skal ekki frekar gerð grein fyrir hér.

En þörf allra þeirra aðila, sem hér eiga hlut að máli, á einhverri verulegri fyrirgreiðslu í stofnlánum er slík, að ekkert er eðlilegra en þeir njóti einhvers þess réttar, sem hér er farið fram á. Því er tillaga þessi flutt.

## Ed. 87. Nefndarálit [52. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 13 13. apríl 1973, um Happdrætti Háskóla Íslands.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og kallaði á sinn fund stjórnarformann Happdrættis Háskóla Íslands, Guðlaug Þorvaldsson, rektor, sem skýrði frumvarpið og tilgang þess.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Axel Jónsson og Jón G. Sólnes.

Alþingi, 29. nóv. 1974.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm. Ragnar Arnalds. Jón Helgason.

Albert Guðmundsson. Jón Árm. Héðinsson.

## Sþ. 88. Skýrsla

utanríkisráðherra um samkomulag milli Íslands og Bandaríkjanna um varnarmál undirritað í Reykjavík hinn 22. október 1974.

**1. Orðsending sendiherra Bandaríkjanna til utanríkisráðherra.**

Reykjavík, 22. október 1974.

Herra ráðherra.

Ég leyfi mér að vísa til viðræðna, sem nýlega áttu sér stað milli fulltrúa ríkisstjórna Bandaríkjanna og Íslands samkvæmt ákvæðum 7. gr. varnarsamnings þess, sem í gildi er milli landanna og undirritaður var í Reykjavík hinn 5. maí 1951.

Ríkisstjórnir okkar eru sammála um, að núverandi ástand heimsmála, svo og öryggismála Íslands og þeirra ríkja, sem aðild eiga að Atlantshafsbandalaginu, sé þannig háttað, að enn sé þörf fyrir þá aðstöðu, sem varnarliðið á Íslandi hefur notið samkvæmt ákvæðum samningsins, á þann hátt, sem báðir aðilar geta sætt sig við.

Samkvæmt framansögðu hafa ríkisstjórnir okkar gert með sér samkomulag, er felur í sér áframhaldandi framkvæmd varnarsamningsins, og hafa þar með lokið endurskoðun samningsins samkvæmt ákvæðum 7. gr. hans.

Ég leyfi mér að leggja til, að þessi orðsending og staðfesting yðar skuli fela í sér samkomulag milli ríkisstjórna okkar, svo sem að framan segir.

**Frederick Irving.**

**2. Svar utanríkisráðherra.**

Herra sendiherra. Reykjavík, 22. október 1974.

Ég leyfi mér að staðfesta móttöku orðsendingar yðar frá í dag, þar sem vísað er til viðræðna, er nýlega áttu sér stað milli fulltrúa ríkisstjórna Íslands og Bandaríkjanna samkvæmt ákvæðum 7. gr. varnarsamnings þess, sem í gildi er milli landanna og undirritaður var í Reykjavík hinn 5. maí 1951.

Ríkisstjórnir okkar eru sammála um, að núverandi ástand heimsmála, svo og öryggismála Íslands og þeirra ríkja, sem aðild eiga að Atlantshafsbandalaginu, sé þannig háttað, að enn sé þörf fyrir þá aðstöðu, sem varnarliðið á Íslandi hefur notið samkvæmt ákvæðum samningsins, á þann hátt, sem báðir aðilar geta sætt sig við.

Samkvæmt framansögðu hafa ríkisstjórnir okkar gert með sér samkomulag, er felur í sér áframhaldandi framkvæmd varnarsamningsins, og hafa þar með lokið endurskoðun samnings samkvæmt 7. gr. hans.

Ég leyfi mér að staðfesta, að orðsending yðar og þetta svar við henni skuli fela í sér samkomulag milli beggja ríkisstjórna okkar, svo sem að framan segir.

Einar Ágústsson.

**3. Texti samkomulags.**

SAMKOMULAG

Ríkisstjórnir Bandaríkjanna og Íslands hafa gert með sér eftirfarandi samkomulag varðandi áframhaldandi nýtingu á aðstöðu varnarliðsins á Íslandi samkvæmt ákvæðum varnarsamningsins frá 5. maí 1951:

1. Bandaríkin munu leitast við að fækka liðsmönnum varnarliðsins á þann hátt, sem ríkisstjórnirnar báðar hafa komið sér saman um.
2. Ríkisstjórnirnar eru sammála um að innan hæfilegs tíma muni íslenskir starfsmenn, er þá hafi öðlast til þess nægilega starfshæfni og þjálfun, taka við tilteknum störfum á vegum varnarliðsins, sem bandarískir starfsmenn gegna nú. Hins vegar munu Bandaríkin ekki leitast við að ráða til starfa eða halda í vinnu fleiri bandarískum eða íslenskum starfsmönnum en aðstæður réttlæta, og kunna því að breyta fjölda starfsmanna og skipulagi starfsgreina á vegum varnarliðsins innan ákvæða 3. og 4. gr. varnarsamningsins frá 1951.
3. Bandaríkin munu leitast við að byggja íbúðarhúsnæði innan hins umsamda svæðis, er nægi til að hýsa þær fjölskyldur varnarliðsmanna, sem rétt eiga á slíku húsnæði. Þessar byggingarframkvæmdir skulu háðar nauðsynlegum fjárveitingum, svo og því hvort nauðsynlegt efni og íslenskt vinnuafl er fyrir hendi. Á meðan ekki hefur verið lokið við byggingu þessa íbúðarhúsnæðis, skal bandarískum hernaðaryfirvöldum heimilt að annast milligöngu fyrir hönd þeirra starfsmanna, er búa utan hins umsamda svæðis, með það fyrir augum að tryggja hæfilegt húsnæði, sanngjarna húsaleigu og hæfilega leiguskilmála.
4. Eftir því sem fjárveitingar leyfa munu Bandaríkin leitast við að gera þær ráðstafanir, sem báðir aðilar koma sér saman um, til að skilja að á raunhæfan hátt starfrækslu farþegaflugstöðvarinnar og rekstur þann og aðstöðu, sem varnarliðið sjálft hefur með höndum á hinu umsamda Keflavíkursvæði. Þegar farþegaflugstöðin og starfsemi varnarliðsins hafa verið aðskilin skulu aðgerðir beggja ríkisstjórna varðandi starfsemi lögregluyfirvalda og lögsögu þeirra fara eftir þeim ákvörðunum, sem báðir aðilar koma sér saman um, og skulu þær miðast við þær breyttu aðstæður, sem þá kunna að hafa skapast innan hins umsamda svæðis.

5. Eftir því sem fjárveitingar leyfa mun ríkisstjórn Bandaríkjanna leitast við að láta í té tiltekinn búnað, sem á 10 ára tímabili muni skapa þá aðstöðu á Keflavíkurflugvelli, að hún fullnægi kröfum Alþjóðaflugmálastofnunarinar (I.C.A.O.) fyrir flugrekstur samkvæmt flokkun nr. II.
6. Þetta samkomulag öðlast gildi þann dag, sem það er undirritað.

Undirritað í Reykjavík hinn 22. október 1974.

Fyrir ríkisstjórn Íslands,
Einar Ágústsson.

Fyrir ríkisstjórn Bandaríkjanna,
Frederick Irving.

**4. Samþykkt bókun.**

BÓKUN

Eftirfarandi bókun var gerð um viðræður milli ríkisstjórna Bandaríkjanna og Íslands samkvæmt ákvæðum 7. gr. varnarsamnings þess, sem í gildi er milli landanna:

A. Varnarliðið mun fækka liði sínu um 420 menn og í stað þeirra komi hæfir íslenskir starfsmenn, eftir því sem þeir verða til reiðu til slíkra starfa. Varnarliðið mun annast þjálfun íslenskra starfsmanna, eftir því sem þörf krefur.
B. Ríkisstjórn Bandaríkjanna mun leita eftir fjárveitingum til byggingar íbúðarhúsnæðis á fjárhagsárunum 1975, 1976 og 1977 með það endanlega markmið fyrir augum að öllum bandarískum hermönnum verði séð fyrir íbúðarhúsnæði innan takmarka varnarstöðvarinnar. Bandaríkin gera ráð fyrir, að eftir að fækkað hefur verið í varnarliðinu svo sem að framan greinir, muni viðbótarþörf íbúðarhúsnæðis innan takmarka varnarstöðvarinnar nema um það bil 468 húsnæðiseiningum. Sem vísbendingu um góðan ásetning Bandaríkjanna í þessu tilliti er í fjárlagafrumvarpi fyrir fjárhagsárið 1975 að finna beiðni um fjárveitingu vegna byggingar 200 húsnæðiseininga, vegna undirritunar þeirra orðsendinga og þess samkomulags, sem hér um ræðir.
C. Ríkisstjórn Bandaríkjanna mun leitast við að finna leið til þess að vinna að því í samvinnu við íslensku ríkisstjórnina að skilja svæði þau, þar sem rekstur farþegaflugs og starfsemi varnarliðsins fer fram. Ríkisstjórn Bandaríkjanna mun taka þátt í byggingu nýrrar farþegaflugstöðvar eftir því sem fjárveitingar heimila og varnarliðsrekstur krefst. Í þessu sambandi var rætt um að Bandaríkin kosti lagningu aðkeyrslubrauta fyrir flugvélar, byggingu flugvélastæða, lagningu vega, þar með talinn nýr bílvegur, svo og endurnýjun á kerfi því, sem flytur eldsneyti að flugvélum.
D. Ríkisstjórn Bandaríkjanna samþykkir að athuga möguleika á því að festa kaup á heitu vatni til afnota fyrir varnarliðið, svo fremi að slík þjónusta verði látin í té af hálfu íslensku ríkisstjórnarinnar á Reykjanessvæðinu.
E. Báðar ríkisstjórnirnar munu athuga leiðir til þess að efla samvinnu milli varnarliðsins, annars vegar, og íslensku landhelgisgæslunnar, almannavarna og flugmálastjórnarinnar, hins vegar.
F. Viðræður um framkvæmd þeirra samkomulagsatriða, sem nefnd eru hér að framan, munu fara fram milli sendiherra Bandaríkjanna og yfirmanns varnarliðsins, annars vegar, og utanríkisráðherra Íslands og tilnefnds fulltrúa hans, hins vegar.

Undirritað í Reykjavík af tilnefndum fulltrúum samningsaðila hinn 22. október 1974.

**Nd.** **89. Frumvarp til laga** [81. mál]

um innflutning og eldi sauðnauta.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Landbúnaðarráðherra er heimilt að veita Búnaðarfélagi Íslands leyfi til að flytja sauðnaut til landsins með þeim skilyrðum, sem sett eru í lögum þessum.

2. gr.

Markmið innflutningsins er:

a) Að fá úr því skorið, hvort hérlend náttúruskilyrði henta þessari dýrategund, og auka þannig á fjölbreytni íslensks dýraríkis.
b) Að kanna, hvort ræktun sauðnauta getur orðið arðvænleg búgrein hér á landi.

3. gr.

Búnaðarfélag Íslands hefur á hendi framkvæmd innflutningsins og hefur yfirumsjón með vali lands fyrir sauðnautastöð og ræður ræktunarstefnunni.

Um ræktun og gæslu dýranna getur Búnaðarfélagið haft samvinnu við samtök áhugamanna, sem stofnuð kunna að vera í þessu skyni.

4. gr.

Áður en Búnaðarfélag Íslands hefst handa um innflutning, skal það hafa aflað samþykkis yfirdýralæknis, sem setur reglur um allt það, er lýtur að sóttvörnum og heilbrigðiseftirliti með dýrunum, eftir að ræktun þeirra er hafin hér á landi.

5. gr.

Dýrin skulu vera í einangraðri stöð, eins lengi og þurfa þykir að dómi yfirdýralæknis, til þess að öruggt sé, að þau flytji ekki með sér sjúkdóma, sem hættulegir gætu reynst íslensku búfé.

6. gr.

Nú hafa sauðnautin verið nægilega lengi í einangrunarstöð, að dómi yfirdýralæknis, og má þá flytja þau eða hluta þeirra út fyrir stöðina til framhaldsræktunar eða sleppa þeim lausum á til þess valinn stað eða staði, sem samþykktir eru af landbúnaðarráðherra og yfirdýralækni.

7. gr.

Við gildistöku laga þessara eru úr gildi numin lög nr. 50 14. júní 1929.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Landbúnaðarnefnd flutti frumvarp þetta á síðasta aðalþingi og flytur það nú aftur að beiðni stjórnar Búnaðarfélags Íslands. Nefndarmenn áskilja sér að hafa óbundnar hendur um afgreiðslu málsins. Eftirfarandi greinargerð fylgdi frumvarpinu:

Langt er síðan áhugi vaknaði hér á landi fyrir innflutningi sauðnauta. Til eru lög um þetta efni, lög nr. 50/1929. Á grundvelli þeirra voru á árunum 1929 og 1930 gerðar tvær tilraunir til innflutnings, önnur frá Grænlandi, hin frá Noregi. Alls voru þá fluttir inn 14 sauðnautskálfar.

Þessar tilraunir báru þó ekki tilætlaðan árangur, kálfarnir drápust allir, sá síðasti í október 1931.

Ekki er með öllu ljóst, hvað olli þessum dapurlegu endalokum, en víst er þó, að a. m. k. hluti af kálfahópnum drapst af vel þekktum búfjársjúkdómum, sem unnt hefði verið að koma í veg fyrir með góðri heilsugæslu og eftirliti dýralækna.

Þó að þessi tilraun færi þannig út um þúfur, hefur áhugi á innflutningi sauðnauta haldist og aukist nú hin síðari ár, m. a. vegna vel heppnaðra tilrauna bæði vestan hafs og austan til að útbreiða sauðnaut til nýrra heimkynna, bæði villt og tamin.

Búnaðarþing 1972 gerði samhljóða samþykkt um þetta efni. Stingur þingið upp á, að athugað sé:

> „Hvort ekki er tímabært og æskilegt að gera nýja tilraun með innflutning sauðnauta í því skyni að mynda hjarðir á hentugum stöðum, t. d. í óbyggðum Vestfjarða."

Í greinargerð með ályktuninni segir Búnaðarþing m. a.:

„Nú hefur aftur vaknað áhugi á þessum dýrum hér á landi, bæði sprottinn af sömu hvötum og fyrr, þ. e. almennum náttúruáhuga, og einnig vegna hugsanlegra nytja af tömdum og hálftömdum hjörðum sauðnauta. Afurðir sauðnauta, og þó einkum ullin, eru mjög verðmæt vara, og er sauðnautabúskapur að vera nytsamleg atvinnugrein sums staðar í nyrstu héruðum Norður-Ameríku og nú síðast í Noregi í tilraunaskyni.

Er ástæða til að benda á eyðibyggðir N.-Ísafjarðarsýslu sem álitlegan stað fyrir dálitlar hjarðir sauðnauta, því þó að þar kunni eitthvað á að skorta, að örugg beit sé fyrir sauðnaut í mjög miklum áfreðum, þá mun vera auðvelt að líta eftir dýrunum, t. d. úr lofti, og sjá þeim fyrir aukafóðri, þegar nauðsyn krefur."

Auk þess, sem hér kemur fram, er vitað, að margir einstaklingar hafa brennandi áhuga á þessu máli og eru reiðubúnir að bindast samtökum um að hrinda því í framkvæmd í samvinnu við Búnaðarfélag Íslands að fengnum tilskildum leyfum hjá dönskum og íslenskum stjórnvöldum, sem um það kæmu til með að fjalla.

Vegna breyttra viðhorfa þykir nú rétt að setja ný lög um þetta efni, heimildarlög, sem auðveldi framkvæmd þessa máls, þegar skilyrði eru fyrir hendi og nauðsynleg leyfi liggja fyrir.

**Fylgiskjal.**

BÚNAÐARFÉLAG ÍSLANDS

Reykjavík, 20. mars 1974.

Landbúnaðarnefnd
neðri deildar Alþingis,
Alþingi,
R.

Á fundi stjórnar Búnaðarfélags Íslands hinn 19. mars 1974 var gerð eftirfarandi bókun:

„Í samræmi við samþykkt Búnaðarþings 1972 um nýja tilraun til innflutnings sauðnauta hefur stjórn Búnaðarfélags Íslands látið semja hjálagt uppkast að lagafrumvarpi um það efni. Er það ósk félagsins, að háttvirt landbúnaðarnefnd neðri deildar taki við málinu og flytji það á Alþingi."

Virðingarfyllst,

Halldór Pálsson.

**Nd.** **90. Frumvarp til laga** [82. mál]

um breyting á orkulögum, nr. 58 29. apríl 1967.

Flm.: Magnús Kjartansson, Gunnar Sveinsson, Benedikt Gröndal, Magnús T. Ólafsson.

**1. gr.**

9. gr. laganna orðist svo:

Með jarðhitasvæði er í lögum þessum átt við uppstreymissvæði frá rennsliskerfi heits grunnvatns. Jarðhitasvæði skiptast í háhitasvæði og lághitasvæði. Jarðhitasvæði telst háhitasvæði í lögum þessum, ef innan þess finnst 200° C hiti ofan 1000 metra dýpis. Önnur jarðhitasvæði nefnast lághitasvæði. Meðal háhitasvæða eru þessi svæði: Reykjanes, Svartsengi, Krýsuvík, Brennisteinsfjöll, Hengill, Geysir, Kerlingafjöll, Hveravellir, Torfajökull, Vonarskarð, Grímsvötn, Kverkfjöll, Askja, Fremrinámur, Námafjall, Krafla, Þeistareykir og önnur jarðhitasvæði með sömu eiginleikum.

Ríkið á allan rétt til umráða og hagnýtingar jarðhita á háhitasvæðum og uppleystra efna og gastegunda, sem háhitavatni og gufu fylgja, þó með takmörkunum, sem í lögum þessum greinir.

Ríkisstjórnin lætur með rannsóknum ákveða mörk háhitasvæða Íslands. Meðan sú rannsókn fer fram, skal Orkustofnun gera ríkisstjórninni grein fyrir því árlega, hver séu þekkt háhitasvæði á landinu og hvaða svæði eru líkleg háhitasvæði, en óvissa ríkir um.

Landareign hverri fylgir réttur til umráða og hagnýtingar jarðhita á lághitasvæðum og hvera og náttúrulegs jarðhita á yfirborði landareignar á háhitasvæði.

Landeiganda er rétt að hagnýta sér jarðhita á lághitasvæði og hveri og annan náttúrlegan jarðhita á yfirborði lands á háhitasvæði, eins og honum þykir best henta til heimilisþarfa, framleiðslu og iðnaðar, sbr. þó ákvæði þessa kafla og VII. kafla laganna. Hann hefur rétt til að stífla frárennsli frá jarðhitasvæðum, hlaða bakka eða garða um þau, ræsa fram ofanjarðar eða neðan, ef ekki stafar hætta af eða veruleg óþægindi eða spjöll á eign annars manns, sem ekki er skylt að hlíta samkvæmt sérstakri heimild. Landeiganda er einnig rétt að bora á landareign sinni á lághitasvæði eftir jarðhita og vinna hann til hvers konar nota.

**2. gr.**

10. gr. laganna orðist svo:

Til vinnslu jarðhita með borunum á háhitasvæði þarf leyfi Alþingis. Þó er ráðherra heimilt að veita leyfi til minni háttar vinnslu jarðhita á háhitasvæði til þarfa býla og annarra notenda, er á háhitasvæði kunna að vera eða í næsta nágrenni við það, þó ekki yfir 50 kg/sek. hámarksafköst á hverjum stað og því aðeins, að sú vinnsla torveldi ekki aðra nýtingu háhitasvæðis síðar að dómi Orkustofnunar. Í leyfi skal greina þau skilyrði, sem leyfi er háð, svo og gjald fyrir vinnsluna, sem renni í Orkusjóð.

Þau sveitarfélög, sem land eiga á háhitasvæði við gildistöku laga þessara, skulu hafa forgangsrétt til vinnsluleyfis á því landi og vera undanþegin leyfisgjaldi fyrir vinnslu á því landi, enda hafi þau sótt um vinnsluleyfi innan 15 ára frá gildistöku laganna.

Nú æskir sveitarfélag eða samtök sveitarfélaga eftir vinnsluleyfi vegna hitaveituframkvæmda á háhitasvæði í eigu ríkisins, og skal þá ríkinu heimilt að veita slíkt leyfi án sérstaks leyfisgjalds.

Umsóknir um leyfi til vinnslu jarðhita með borunum á háhitasvæði og til stækkunar leyfðs jarðhitavers skulu sendar til ráðherra ásamt uppdráttum og öðr-

um þeim upplýsingum um fyrirhugað jarðhitaver, sem ráðherra krefst. Ráðherra sendir gögn þessi Orkustofnun til umsagnar, áður en hann afgreiðir málið endanlega eða fær það Alþingi til meðferðar.

Sá, sem borað hefur eftir jarðhita á háhitasvæði og byrjað vinnslu hans við gildistöku laga þessara, skal hafa rétt til vinnslu þess jarðhita áfram án sérstaks leyfis.

Sá, sem borað hefur eftir jarðhita á háhitasvæði, en ekki byrjað vinnslu hans við gildistöku laga þessara, á ekki rétt til frekari borunar eða hagnýtingar jarðhitans, nema til komi leyfi skv. 1. mgr., en ríkinu er skylt að greiða honum verðmæti borunarinnar, ef þess er óskað og hún hefur verið framkvæmd árið 1965 eða síðar, enda verði borholurnar þá eign ríkisins.

Komi í ljós, að við borun eftir jarðhita á háhitasvæði hefur dregið úr magni þess jarðhita, er áður kom úr hverum eða öðrum náttúrulegum jarðhita á yfirborði landareignar, skal sá, sem lætur bora, greiða landeiganda bætur fyrir varmamissinn eftir mati, ef samkomulag næst ekki. Sama gildir, ef dregur úr magni þess jarðhita á háhitasvæði, sem byrjað var að vinna fyrir gildistöku laga þessara, sbr. 3. mgr.

**3. gr.**

15. gr. laganna orðist svo:

Ríkið hefur rétt til að láta rannsaka eða leyfa rannsókn á jarðhita með borun eða á annan hátt, hvar sem er á landi hér. Er landeigandi eða umráðamaður skyldur að leyfa mönnum þeim, er ríkið eða leyfishafi gerir út í þeim tilgangi, óhindraðan aðgang að landareigninni. Verði landið fyrir einhverjum skemmdum við rannsóknina, eða bíði landeigandi eitthvert tjón af henni, skal það bætt að fullu eftir mati, náist ekki samkomulag.

Leyfi, er ráðherra veitir öðrum til rannsókna á jarðhita, skal bundið þeim skilyrðum, að Orkustofnun eigi kost á að fylgjast með rannsókninni og leyfishafi láti ráðherra í té, að rannsókn lokinni, skýrslu um niðurstöður hennar.

**4. gr.**

Upphaf 16. gr. laganna orðist svo:

Nú er jarðhiti á lághitasvæði tekinn eignarnámi eða leyfi veitt til borunar og vinnslu jarðhita á háhitasvæði, ...

**5. gr.**

Á eftir 2. mgr. 49. gr. laganna komi ný mgr., svo hljóðandi:

Skylt er að tilkynna Orkustofnun allar boranir eftir jarðhita dýpri en 100 metra og leita úrskurðar hennar um, hvort borstaður er á háhitasvæði eða ekki.

**6. gr.**

Á eftir staflið d. í 1. mgr. 68. gr. laganna komi ný setning, svo hljóðandi:

e. Gjöld fyrir leyfi til vinnslu jarðhita skv. 10. gr.

**7. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Greinargerð.

Frumvarp þetta hefur verið flutt sem stjórnarfrumvarp á undanförnum þingum, en ekki hlotið fullnaðarafgreiðslu. Ekki mun ætlunin að málið verði flutt á vegum núverandi ríkisstjórnar, en flutningsmenn telja að hér sé um svo veigamikið vandamál að ræða að óhjákvæmilegt sé að Alþingi taki endanlega afstöðu til þess.

Greinargerðin er óbreytt frá því að frumvarpið var síðast flutt.

I.

Í lagafrumvarpi þessu er greint á milli umráða- og hagnýtingarréttar á jarðhita eftir því, hvort hann er að finna á háhitasvæðum eða lághitasvæðum.

Allur jarðhiti á lághitasvæðum, svo og hverir og annar náttúrulegur jarðhiti á yfirborði háhitasvæða, er háður einstaklingseignarrétti landeiganda, en annar jarðhiti á háhitasvæðum er í almannaeign og í umráðum ríkisins. Þó skulu þeir, sem borað hafa eftir jarðhita á háhitasvæðum og byrjað vinnslu hans við gildistöku laganna, hafa þann rétt óskertan áfram.

Óheimilt er, að aðrir aðilar en ríkið og þeir, sem leyfi ríkisvaldsins fá, bori eftir jarðhita á háhitasvæðum.

Ráðherra hefur heimild til að leyfa vinnslu jarðhita á háhitasvæðum til minni háttar nota, en að öðru leyti skal skipa hagnýtingu háhita framvegis með löggjöf hverju sinni og er með því tryggt, að nýting þessara orkulinda verði sem hagkvæmust fyrir þjóðina.

Sveitarfélög, sem eignast hafa land á háhitasvæði við gildistöku laganna, skulu hafa forgangsrétt til nýtingar háhitans á því landi í fimm ár og vera undanþegin gjaldi fyrir vinnsluna, ef þau sækja um vinnsluleyfi á forgangsréttartímabilinu.

Í samræmi við 2. gr. orkulaganna er Orkustofnun ætlað það hlutverk, að ákveða nánar mörk háhitasvæða og segja álit sitt á, hvernig nýtingu háhitasvæðanna verður best hagað á hverjum tíma. Til að auðvelda Orkustofnun eftirlit með hagnýtingu jarðhitans er ákveðið, að skylt sé að tilkynna henni allar boranir eftir jarðhita dýpri en 100 metra.

Þá eru og sett skýr ákvæði um heimild til eignarnáms á aðstöðu vegna borunar og vinnslu jarðhita á háhitasvæðum.

Með lögum þessum eru eignarrétti einstaklinga sett tiltekin almenn takmörk án þess að bætur komi fyrir, en heimild löggjafarvaldsins til að setja eignarréttinum almennar takmarkanir er fyrir löngu viðurkennd af dómstólum.

Ekki eru í íslenskum lögum ákvæði um takmörk eignarráða landeiganda niður á við, en talið hefur verið, að eignarráð landeiganda nái svo langt niður, sem nauðsynlegt er að leyfa honum þau, til þess að hann geti haft þau not af landi sínu, sem heyra til venjulegrar hagnýtingar á eignarrétti yfir fasteign. (Ólafur Lárusson: Eignarréttur, bls. 46.)

Um afstöðu löggjafans til eignarréttar yfir jarðhita þykir rétt að benda á eftirfarandi:

Í 9. og 10. gr. vatnalaga nr. 15 frá 1923 er á því byggt, að hverir og laugar fylgi landareign þeirri, sem hver eða laug er á, en nokkrar takmarkanir eru þó á umráðarétti landeiganda.

Í lögum nr. 98 frá 1940, um eignar- og notkunarrétt jarðhita, segir, að landareign hverri fylgi réttur til umráða og hagnýtingar á hverum og laugum (jarðhita), sem á henni eru. Skv. lögunum er landeiganda rétt að hagnýta sér hveri og laugar, eins og honum þykir best henta, til heimilisþarfa, framleiðslu og iðnaðar. Þá segir og í lögunum, að ef landamerki liggi um hverasvæði þannig, að einhver hluti hveragufunnar eða loftsins eða laugarvatns liggi svo í landareign tveggja eða fleiri landeigenda, að ekki verði aðskilið, þegar hagnýtt er, þá skuli skorið úr því með mati, hvern hlutfallslegan rétt hver hefur til jarðhitaorkunnar. Ekki er í lögunum almenn eignarnámsheimild jarðhitaréttinda, en í þeim er þó gert ráð fyrir eignarnámi hvera eða laugarvatns.

Í lögunum nr. 98 frá 1940 og öðrum lagafrumvörpum, sem fyrr höfðu verið lögð fyrir Alþingi, en eigi voru afgreidd, kemur fram sú meginstefna, að landeigandi hafi eignar- og afnotarétt á jarðhita á landareign sinni, með nokkrum takmörkunum þó.

Þessi afstaða kemur og fram í lögum nr. 11 frá 1936, l. nr. 38 frá 1940, l. nr. 101 frá 1940, l. nr. 114 frá 1943 um breytingu á lögum nr. 98 frá 1940, l. nr. 40 frá 1948,

47. gr. l. nr. 102 frá 1962, l. nr. 36 frá 1961, l. nr. 55 frá 1961, l. nr. 28 frá 1963 og l. nr. 23 frá 1966 og e. t. v. víðar.

Árið 1954 skipaði landbúnaðarráðherra nefnd til að undirbúa löggjöf um jarðhita og jarðhitarannsóknir. Í nefndina voru skipaðir Jakob Gíslason, Ólafur Jóhannesson og Gunnar Böðvarsson, en auk þess starfaði Baldur Líndal með nefndinni. Nefnd þessi samdi frumvarp til laga um jarðhita í 66 greinum. Með greinargerð frumvarpsins fylgdi ritgerð eftir Ólaf Jóhannesson „Um eignar- og umráðarétt jarðhita".

Í frumvarpi þessu var svo hljóðandi ákvæði:

„Ríkið á allan rétt til umráða og hagnýtingar jarðhita, sem liggur dýpra eða sóttur er dýpra en 100 metra undir yfirborð jarðar."

Er frumvarpið var lagt fyrir Alþingi 1956 komu ekki fram athugasemdir þess efnis, að sú almenna takmörkun eignarréttarins, sem fyrr greinir, bryti í bága við 67. gr. stjórnarskrárinnar. Frumvarpið varð ekki útrætt á því þingi né hinu næsta.

Með lögum nr. 58 frá 1967, orkulögum, III. kafla, voru l. nr. 98 frá 1940 leyst af hólmi, en í 9. og 10. gr. laganna, sem lagt er til að breytt verði með frumvarpi þessu, eru ákvæði efnislega samhljóða 1. og 3. gr. l. nr. 98 frá 1940, um eignar- og notkunarrétt jarðhita. Í 14. gr. orkulaga er almenn heimild til eignarnáms á jarðhitaréttindum og jarðhitaorku, en það var nýmæli, þar sem lögin frá 1940 gerðu ráð fyrir, að Alþingi fjallaði hverju sinni um nauðsyn eignarnáms jarðhita.

Enda þótt Alþingi hafi þannig byggt á þeirri meginstefnu í löggjöf, að landeigendur hefðu umráða- og eignarrétt á jarðhita bæði á og í jörðu, þá setur það löggjafarvaldinu engar skorður við því, að ákveða nú með löggjöf hverjum almennum takmörkunum eignarréttur á jarðhita skuli háður.

Áður hefur verið vikið að þeirri almennu reglu, að eignarráð landeiganda nái svo langt niður sem nauðsynlegt er að leyfa honum, til þess að hann geti haft þau not af landi sínu, sem heyra til venjulegrar hagnýtingar á eignarrétti yfir fasteignum.

Frá þessari almennu reglu verða gerðar undantekningar, bæði á þann hátt að ákveða, að einstök efni undir yfirborði jarðar skuli vera algerlega undanskilin eignarráðum landeiganda eða þau skuli vera undanskilin eignarráðum neðan við tiltekið dýpi.

Í löggjöf margra ríkja, sem veita eignarréttindum sömu vernd og 67. gr. stjórnarskrárinnar, eru ákvæði um eignar- og umráðarétt ríkisins á ýmsum verðmætum jarðefnum og í jarðhitalöndum eins og Nýja-Sjálandi og Ítalíu teljast landeigendur ekki eigendur jarðhita, sem sækja þarf í jörð niður. Er slíkur jarðhiti í umráðum ríkisins.

Ákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttarins á sér fyrirmynd í 87. gr. dönsku stjórnarskrárinnar frá 1849, sem byggð er á belgisku stjórnarskránni frá 1831 og mannréttindayfirlýsingunni frönsku frá 1789.

Í dönsku námulögunum nr. 181 frá 1950, Lov om efterforskning og indvinding af råstoffer i Kongeriget Danmarks undergrund, segir í 1. gr., að efni í jörðu, sem ekki höfðu verið nýtt að einkarétti fyrir árið 1923, séu í umráðum ríkisins, sem getur veitt einkaleyfi til rannsókna og vinnslu þeirra. Hefur löggjöf þessi ekki verið talin brjóta í bága við ákvæði dönsku stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttarins.

Í fyrrgreindri ritgerð Ólafs Jóhannessonar, sem fylgdi frumvarpi til laga um jarðhita, er ítarlega fjallað um það, hvort sú almenna takmörkun á eignarrétti á jarðhita, sem lögð var til í frumvarpinu, bryti í bága við ákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar. Var niðurstaða hans sú, að heimilt væri að setja eignarrétti landeiganda á jarðhita slík almenn takmörk án þess að það bryti í bága við eignarréttarvernd stjórnarskrárinnar.

Dr. Bjarni Benediktsson flutti á Alþingi 1945 frumvarp til laga um viðauka við l. nr. 98 frá 1940 (Alþt. 1945 A, þskj. 200). Var þar lagt til, að jarðboranir, er ná dýpra en 10 metra, megi ekki framkvæma án leyfis ráðherra, sem skyldi synja


ORKUSTOFNUN
Jarðhitadeild
Þekkt og líkleg háhitc
Reykjanes
Svartsengi
Krísuvík
Brennisteinsfjöll


ði á Íslandi
Þeistareykir
Krafla
Námafjall
Fremrinámur
Hrúthálsar
Askja
Vonarskarð
Kverkfjöll
Grímsvötn
SKÝRINGAR:
Gosbelti
Háhitasvæði
0
50
100 km
B-Ým. Tnr. 342_Fnr. 10933

leyfis, ef hætta kynni að vera á því, að með jarðborun væri spillt hagnýtingu jarðhita á eign annars manns, sem þegar er hafin, eða hagnýtingu síðar meir, enda sé sú hagnýting jarðhitans mun verðmeiri en sú hagnýting, sem stefnt er að með hinni fyrirhuguðu jarðborun. Ekki var í frumvarpinu ákvæði um bætur í því tilviki að leyfis væri synjað, enda segir í greinargerð með frumvarpinu m. a.: „Hér er aðeins um almenna takmörkun á eignarréttinum að ræða, sem löggjafarvaldinu er heimilt að setja, þrátt fyrir ákvæði stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttarins.“ Það hefur því verið skoðun dr. Bjarna Benediktssonar, að slík almenn takmörkun væri heimil án bóta, enda þótt henni væri eingöngu ætlað að vernda byrjaða nýtingu eða væntanlega nýtingu jarðhita á landareign granna.

Ekki er í frumvarpi þessu gengið svo langt í almennri takmörkun á eignarrétti á jarðhita sem í frumvarpi dr. Bjarna Benediktssonar eða frumvarpinu frá 1956.

Ljóst er, að það er þjóðarheill fyrir bestu, að hin mikla orka, sem bundin er í háhitasvæðum, verði nýtt á skipulegan hátt, en ekki látin ónotuð, eins og verið hefur að mestu fram til þessa.

Nýting háhitaorkunnar telst ekki til þeirra nota af landi, sem heyra til venjulegrar hagnýtingar á eignarrétti yfir fasteignum. Verðmæti hennar í jörðu hafa ekki orðið til fyrir mannlega starfsemi. Landeigendur almennt hafa hvorki yfir að ráða þeirri tæknilegu þekkingu né tækjabúnaði, sem þarf til víðtækra rannsókna á háhitasvæðum, til borunar og vinnslu jarðhitans.

Til rannsókna á hagnýtingargildi hinna einstöku háhitasvæða þarf að kosta miklu fé, en þar sem niðurstöður slíkra rannsókna hljóta ávallt að vera óvissar, er ekki við því að búast, að einstakir landeigendur hætti fé sínu til slíkra rannsókna. Fjárfesting í tækjum til rannsókna og vinnslu jarðhitans á háhitasvæðum hlýtur og að verða einstökum landeigendum ofviða. Nýting jarðhita á hverju einstöku háhitasvæði þarf að lúta stjórn eins aðila, þar sem skipulagslausar boranir á sama svæði af hálfu fleiri aðila mundu leiða til óþarfrar sóunar verðmæta og árekstra, þar sem síðari boranir gætu raskað vinnslu jarðhita úr borholum, sem áður hafa verið boraðar.

Af þessum ástæðum þykir rétt að tryggja með lögum þessum, að jarðhiti á háhitasvæðunum verði nýttur á þjóðhagslega hagkvæman hátt, án þess þó að koma í veg fyrir eðlileg not landeiganda af fasteignum sínum. Að svo miklu leyti sem landeigandi verður fyrir takmörkunum á eignarrétti sínum á landi vegna borunar og vinnslu jarðhita á háhitasvæði, ber honum fullar bætur fyrir.

## II.

Með jarðhitasvæði er í frumvarpinu átt við uppstreymissvæði frá rennsliskerfi heits grunnvatns. Rannsóknir hafa sýnt, að slíkum svæðum má skipta í tvo flokka. Annars vegar eru lághitasvæði, sem oft einkennast af vatnsmiklum laugum og sjóðandi hverum og eru yfirleitt á láglendi. Hins vegar eru háhitasvæði, sem einkennast af gufuaugum, leirhverum og ummynduðu bergi. Við boranir í fimm háhitasvæði hefur fundist yfir 200° C hiti á minna en 1000 m dýpi, og efnarannsóknir á öðrum háhitasvæðum benda til, að þar megi vænta svipaðs ástands. Virðist eðlilegt að miða skilgreiningu háhitasvæða við þetta ástand.

Nýtanlegt varmaafl háhitasvæðanna er talið vera um 90 af hundraði alls varmaafls jarðhitasvæða landsins. Telja má líklegt, að háhitasvæðin verði á næstu áratugum nýtt fyrst og fremst til stóriðju, raforkuvinnslu og hitaveitu í þéttbýli. Slík nýting yrði ekki á færi einstaklinga, heldur í höndum ríkis, sveitarfélaga eða stórra fyrirtækja.

Dreifing háhita- og lághitasvæða er nátengd jarðfræði landsins. Háhitasvæðin finnast eingöngu í gosbeltum, sem liggja yfir landið frá SV—NA og eru hluti af gos- og jarðsprungubelti Mið-Atlantshafshryggjarins, sem liggur eftir Atlantshafinu endilöngu. Lághitasvæðin eru aftur á móti í eldri bergmyndunum utan gosbeltanna.

Þau gosbelti, sem hér er átt við, eru sýnd á meðfylgjandi mynd, fskj. I. Innan þeirra eru merkt háhitasvæði, sem kunnugt er um, og önnur jarðhitamerki, þar sem líklegt er talið, að háhiti leynist undir.

Þekkt háhitasvæði eru: Reykjanes, Svartsengi, Krýsuvík, Brennisteinsfjöll, Hengill, Geysir, Kerlingafjöll, Hveravellir, Torfajökull, Vonarskarð, Grímsvötn, Kverkfjöll, Askja, Fremrinámur, Námafjall, Krafla, Þeistareykir.

Líkleg svæði eru (yfirborðseinkenni í svigum):

Prestahnúkur (einungis laugar allt að 40° C).
Mýrdalsjökull (undir jökli, íblöndunar jarðhitavatns verður vart í ám).
Tindafjallajökull (einungis laugar um 50° C).
Blautakvísl (kalkhrúður útbreitt, en enginn hiti á yfirborðinu).
Nauthagi (einungis laugar allt að 68° C).
Kaldakvísl (einungis laugar og hverir, minna en 100° C).
Hrúthálsar (skellur og gipsútfellingar, en enginn hiti á yfirborði).

Auk þess er líklegt, að finnast muni fleiri háhitasvæði innan gosbeltanna, sem mörkuð eru á kortinu, þótt ekki hafi enn fundist merki um þau á yfirborði. Jarðfræðilegar aðstæður mæla hins vegar sterklega gegn því, að háhitasvæði finnist utan þessara gosbelta.

Háhitasvæðin eru flest allhátt yfir sjó og heitt djúpvatn þeirra nær yfirleitt ekki til yfirborðs. Af heitu djúpvatninu stígur gufa og gas og mynda á yfirborði gufuaugu og leirhveri. Yfirborðsvatn getur hitnað af snertingu við gufuna og bergið og myndað minni háttar hveri og laugar á háhitasvæðunum og jöðrum þeirra.

Á tveimur þekktum háhitasvæðum, Reykjanesi og Svartsengi, er djúpvatnið sjór, en annars staðar ósalt grunnvatn, sem hitnað hefur við djúpa hringrás í jörðu.

Hvert háhitasvæði er sjálfstætt rennsliskerfi og getur vinnsla á einum stað raskað rennsli á öðrum stöðum í kerfinu. Af þessum sökum er mikilvægt, að vinnsla jarðhita á hverju svæði sé í höndum eins aðila.

Varmavinnsla úr háhitasvæði er mun erfiðari en vinnsla lághita. Vegna gufuþrýstings og mikils magns uppleystra efna í háhitavatni krefst virkjun þess vandaðri og viðameiri borholubúnaðar, flóknari tækjabúnaðar og meiri tækniþekkingar.

Af þessum sökum m. a. er nýting varma á háhitasvæðum svo vandasöm, að einstaklingar hafa ekki sóst eftir henni. Helst hefur verið um að ræða nýtingu vatns við jaðra svæðanna með svipuðum hætti og nýting lághitavatns.

Á undanförnum árum hefur verið unnið nokkuð að áætlunum um nýtingu háhitasvæða. Einn þröskuldur í vegi slíkra áætlana hefur verði óvissa um umráðarétt á jarðhita, sem unninn er með borunum djúpt í jörðu. Tilgangur þessara laga er að ákveða skýrar en verið hefur eignarrétt slíks jarðhita.

### *Athugasemdir við einstakar greinar.*

Um 1. gr.

**Um 1. mgr.** Í grein þessari er að finna skilgreiningu á háhitasvæðum og jafnframt eru talin upp þau jarðhitasvæði, sem víst er, að eru háhitasvæði. Þau jarðhitasvæði, sem ekki falla undir þessa skilgreiningu, eru lághitasvæði.

**Um 2. mgr.** Í málsgrein þessari er ákveðið, að umráða- og hagnýtingarréttur jarðhita á háhitasvæðum, eins og þau eru skilgreind í 1. málsgrein, tilheyri ríkinu og eru rök fyrir þeirri skipan rakin í greinargerð. Heitu vatni og gufu á háhitasvæðum fylgir jafnan nokkurt magn af uppleystum steinefnum og gastegundum. Þessi efni eru óaðskiljanlegur hluti jarðhitavinnslunnar og er því eðlilegt, að þau séu látin fylgja með jarðhitanum að því er varðar umráða- og hagnýtingarrétt.

**Um 3. mgr.** Í almennum lið greinargerðar eru talin upp svæði, sem fullvíst er talið, að séu háhitasvæði, og enn fremur þau svæði, sem líkleg teljast. Árið 1969 gerði

Orkustofnun áætlun um rannsókn 11 háhitasvæða og hefur verið unnið samkvæmt þeirri áætlun að rannsókn Reykjaness, Svartsengis, Krýsuvíkur, Hengils, Námafjalls, Kröflu og Þeistareykjasvæðis. Á sumum þessara svæða er rannsókn og skýrslugerð að mestu lokið, en rannsókn verður haldið áfram eftir því, sem fé er veitt til.

**Um 4. og 5. mgr.** Réttur landeiganda til umráða og hagnýtingar lághita er í engu skertur frá fyrri lögum, og heldur ekki réttur til hvera og annars náttúrulegs jarðhita á yfirborði háhitasvæðis. Mjög lítið er um nýtingu háhitasvæða á þennan hátt, einna helst smávægileg not til hitunar íbúðarhúsnæðis, fjallaskála, baða og ræktunar í heitum jarðvegi. Gróðurhús eru nær eingöngu hituð með lághitavatni, ef undan er skilið Hveragerði, sem nýtir afrennsli frá háhitasvæði í eigu ríkisins.

Um 2. gr.

**Um 1. mgr.** Meginstefna þessa ákvæðis er, að Alþingi ákveði með löggjöf, hvernig skipa skal hagnýtingu einstakra háhitasvæða. Í slíkri löggjöf yrðu væntanlega ákvæði um mörk vinnslusvæðis, hvaða aðili hafi leyfi til að bora eftir háhita og vinna hann, tímalengd sérleyfis til vinnslu, að frumdrætti að fyrirhuguðum mannvirkjum skuli leggja fyrir ráðherra til samþykktar, hvenær vinnslu skuli hefja í síðasta lagi, að leyfi falli niður, ef vinnsla er stöðvuð um tiltekið tímabil, að bannað sé að framselja vinnsluleyfi án samþykkis ráðherra, um greiðslur fyrir vinnsluna, að leyfishafi greiði landeiganda bætur skv. 15. og 16. gr. laganna, hvernig ráðstafa skuli vinnslumannvirkjum að vinnslutíma loknum, um ráðstafanir gegn hættu, sem af vinnslunni kann að stafa og gegn spjöllum á umhverfi svo og önnur skilyrði, sem ástæða er til að setja hverju sinni. Enn fremur ákvæði um gjald það, sem leyfishafi skal greiða, en við ákvörðun þess hlýtur að gæta margvíslegra sjónarmiða og erfitt að marka í þessum lögum ákveðna stefnu, sem fylgja skal við ákvörðun gjaldsins. Þess eru dæmi, að sveitarfélög eigi land á háhitasvæðum og hafi látið framkvæma rannsóknir á þeim með vinnslu fyrir augum eða byrjað vinnslu á háhitasvæðum og má vænta þess, að þau verði látin njóta þess, er ákvarðanir verða teknar um nýtingu háhitasvæða og við ákvörðun gjalds.

Ráðherra er heimilt með vissum takmörkunum að veita leyfi til minni háttar vinnslu jarðhita á háhitasvæðum og koma þá sömu sjónarmið til greina við ákvörðun skilyrða, sem setja skal í leyfi.

Grundvallarsjónarmið við nýtingu háhitasvæða er, að aðeins einn aðili hafi á hendi vinnslu varmans á hverju svæði. Leyfi Alþingis þarf til slíkrar vinnslu. Hvert háhitasvæði er sérstakt rennsliskerfi og vinnsla á einum stað hefur meiri og minni áhrif á kerfið í heild. Árekstrarhættu væri boðið heim með því að leyfa fleiri óháðum aðilum að vinna varma úr sama háhitasvæðinu. Þó er gert ráð fyrir, að ábúendur og aðrir, sem búa í nágrenni háhitasvæða, kunni að óska eftir leyfi til borunar vegna minni háttar nýtingar og getur ráðherra veitt slíkt leyfi. Þessi minni háttar nýting mun ekki hafa áhrif á jarðhitasvæðin, en líklegt er, að stórfelld varmavinnsla á svæðinu gæti valdið truflun á henni. Leyfi til minni háttar nýtingar yrðu því að vera háð því skilyrði, að hún víki, ef hagsmunir hennar og meginnýtingar svæðisins fara ekki saman. Hámarksrennsli, sem minni háttar nýting mætti draga úr svæðinu á hverjum stað, er 50 kg/sek., en það er svipað rennsli og búast mætti mest við úr einni borholu.

Eðlilegt er, að gjald komi fyrir vinnslu varma úr háhitasvæðum og renni það gjald til Orkusjóðs, sem kostar rannsóknir á þeim. Gjald þetta mætti tilgreina sem ákveðinn hundraðshluta, t. d. 1—2% á ári af stofnkostnaði eða endurnýjunarverðmæti borhola, sem notaðar eru til vinnslu varmans.

**Um 2. mgr.** Með ákvæði þessu er sveitarfélögum, sem land eiga á háhitasvæði, veittur forgangsréttur til vinnsluleyfis án vinnslugjalds fyrstu fimmtán árin eftir gildistöku laganna. Ákvæði þetta hefur í för með sér, að ekki verður unnt að skipuleggja endanlega nýtingu þeirra háhitasvæða, sem sveitarfélög eiga land á, fyrr en

fimmtán ár eru liðin frá gildistöku laganna og fram er komið hversu viðtæks vinnsluleyfis sveitarfélag óskar, en með ákvæði þessu er komið til móts við þau sveitarfélög, sem keypt hafa land á háhitasvæði með nýtingu háhitans í huga. Þá er sveitarfélögunum og tryggt með þessu ákvæði, að á þau verður ekki lagt leyfisgjald fyrir þá vinnslu, sem þau ákveða og sækja um á næstu fimmtán árum eftir gildistöku laganna. Ekki þykir fært að veita sveitarfélögum ótakmarkaða undanþágu frá lögunum eða ótímabundinn forgangsrétt til vinnsluleyfis, þar eð slíkt mundi leiða til þess, að sá hluti háhitasvæðis, sem ekki er í eigu sveitarfélags, verður ekki skipulagður til hlítar vegna óvissu um framtíðaráðgerðir sveitarfélags.

**Um 3. mgr.** Upplýsingar, sem ráðherra þarf að krefjast, eru m. a., að uppdrættir og áætlanir séu tæknilega rétt, vinnslan verði fjárhagslega hagkvæm og að tryggður sé eðlilegur og truflanalaus rekstur. Vinnsluaðili skal haga rekstrinum þannig, að óþægindi og spjöll á umhverfi verði sem minnst. Enn fremur þarf vinnsluaðili að tryggja, að tæknilegum frágangi og eftirliti sé svo hagað, að Orkustofnun geti fylgst með vinnslunni og áhrifum hennar á jarðhitasvæðið.

**Um 4. mgr.** Gert er ráð fyrir því, að sú vinnsla, sem byrjuð er á háhitasvæði, megi haldast óbreytt án þess að vinnsluaðili þurfi að sækja um leyfi til áframhaldandi vinnslu. Til frekari borunar og vinnslu þarf þó að sækja um leyfi.

**Um 5. mgr.** Hugsanlegt er, að einkaaðili eða bæjar- og sveitarfélag, sem borað hefur á síðustu árum á háhitasvæði, með einhverja nýtingu í huga, geti nú vegna þessarar lagabreytingar hætt við þá fyrirætlun og vilji selja ríkinu borholurnar. Ekki þykir þó ástæða til að láta þetta ná til eldri borhola en frá árinu 1965.

**Um 6. mgr.** Í þessum tilvikum eru sett ákvæði um bætur til þeirra, sem verða fyrir tjóni vegna borunar eftir jarðhita á háhitasvæði, en þeir aðilar, sem verndaðir eru af bótaákvæðinu, eru eigendur lands á háhitasvæði, þar sem er að finna hveri eða annan náttúrulegan jarðhita á yfirborði, svo að þeir, sem byrjað hafa vinnslu jarðhita á háhitasvæði.

Stórfelld og langvarandi varmavinnsla úr háhitasvæði getur lækkað vatnsborð heita grunnvatnsins. Afrennsli nær þá ekki lengur til yfirborðs, svo að hverir þorna eða breytast í gufuaugu. Vinnslan getur einnig leitt til þess, að kalt yfirborðsvatn brjótist inn á svæði, sem áður var heitt. Lækkun á heitu grunnvatni og minnkun á gufustreymi upp til yfirborðs getur orðið til þess, að vatn nálægt yfirborði, sem áður hitnaði við rennsli um efstu jarðlög, fari kólnandi, þar sem minni varmi berst að neðan.

Um 3. gr.

Orðalagi greinarinnar er breytt til að taka af öll tvímæli um, að ráðherra sé heimilt að leyfa öðrum en ríkisstofnunum að framkvæma rannsóknir á jarðhita hvar sem er á landinu. Nýtt ákvæði er um að binda skuli slíkt leyfi skilyrðum þess efnis, að Orkustofnun gefist kostur á að fylgjast með rannsóknum leyfishafa og leyfishafi skuli láta ráðherra í té skýrslu um niðurstöður rannsóknar að henni lokinni.

Um 4. gr.

Á þessari grein er gerð breyting þess efnis, að landeigendum og leiguliðum er skylt að þola þær kvaðir, sem í greininni eru taldar, einnig í þeim tilvikum, þegar leyfi er veitt til borunar og vinnslu á háhitasvæði og komi fullt endurgjald fyrir.

Um 5. gr.

Þetta er nýtt ákvæði, sem ætlað er að tryggja, að Orkustofnun geti fylgst með öllum borunum á meira dýpi en 100 metra. Gefst þá Orkustofnun kostur á að tilkynna þeim, sem hyggst bora, hvort um háhita- eða lághitasvæði er að ræða.

Orkustofnun er skylt að fylgjast með vinnslu jarðhita og nýtingu hans. Nær allar boranir eftir jarðhita eru nú gerðar með vitund Orkustofnunar og eru þær

borholur yfirleitt dýpri en 100 m. Vinnsla jarðhita með grynnri borholum kemur helst til greina, þegar borað er rétt við hveri í þeim tilgangi að auðvelda beislun þess vatns, sem í hverunum er.

Um 6. gr.

Þar sem lagt er til í 2. gr., að gjöld fyrir leyfi til varmavinnslu renni í Orkusjóð, er nauðsynlegt að taka upp nýtt ákvæði um þennan tekjulið.

Um 7. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

## Nd. 91. Frumvarp til laga [83. mál]

um lántökuheimildir erlendis.

(Lagt fyrir Alþingi á 96. löggjafarþingi, 1974.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka erlent lán, að fjárhæð allt að 2 120 millj. króna, eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendum gjaldeyri.

2. gr.

Andvirði lánsins skal endurlánað eða ráðstafað þannig:

1. Til Framkvæmdasjóðs Íslands 800 millj. krónur.
2. Til Landsvirkjunar, vegna virkjunarframkvæmda við Sigöldu, 474 millj. kr.
3. Til vegagerðar 496 millj. krónur.
4. Til framkvæmda í orkumálum 350 millj. krónur.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ráðgert er að taka erlent lán, að upphæð allt að 18,2 millj. bandaríkjadala eða jafnvirði þeirra í evrópskri reikningseiningu. Lánið verður boðið út á veðbréfamarkaði erlendis og er ekki endanlega ákveðið, hver lánsfjárhæðin verður. Lántökuheimildir er að finna í ýmsum lögum, en rétt þykir að sýna á einum stað þessar lántökur og ráðstöfun lánsfjárins.

Fyrirhugað er að ráðstafa láni því, sem hér um ræðir, svo sem hér segir:

a. Til Framkvæmdasjóðs Íslands allt að 800 millj. kr. (tæplega $ 6.8 millj.) til endurlána vegna fjáröflunar- og framkvæmdaáætlana árið 1974. Lánið er tekið á grundvelli 22. gr. laga nr. 93 frá 24. desember 1971 um Framkvæmdastofnun ríkisins. Fé þessu hefur þegar verið ráðstafað og hefur Seðlabankinn veitt Framkvæmdasjóði bráðabirgðalán í þessu sambandi, að fjárhæð um $ 3,7 millj. (443 millj. kr.)
b. Til Landsvirkjunar, vegna virkjanaframkvæmda við Sigöldu, um 474 millj. kr., á grundvelli laga nr. 59 frá 10. maí 1974. Seðlabankinn hefur þegar veitt ríkissjóði bráðabirgðalán í þessu sambandi, að fjárhæð $ 4 038 753.16 (474 millj. kr.).
c. Vegna vegagerðar um 496 millj. kr. Ríkissjóður hefur þegar ráðstafað sömu fjárhæð til vegaframkvæmda umfram fjárlög og vegaáætlun.
d. Til annarra framkvæmda í samræmi við áætlun um lánsfjáröflun til opinberra framkvæmda á þessu ári. Heimildir eru fyrir hendi í lögum nr. 37 frá 8. maí 1974 um lántökuheimildir erlendis.

## Ed. 92. Frumvarp til laga [84. mál]

um breyting á útvarpslögum nr. 19/1971.

(Lagt fyrir Alþingi á 96. löggjafarþingi, 1974.)

1. gr.

5. gr. orðist svo:

Útvarpsráð skipa sjö menn. Skulu þeir, ásamt jafnmörgum varamönnum, kosnir hlutfallskosningu á Alþingi eftir hverjar alþingiskosningar. Menntamálaráðherra skipar formann og varaformann úr hópi hinna kjörnu útvarpsráðsmanna.

Útvarpsstjóri á sæti á fundum útvarpsráðs og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Útvarpsráð skal kjörið þegar er lög þessi hafa tekið gildi og fellur samtímis niður umboð núverandi útvarpsráðs.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í gildandi útvarpslögum nr. 19/1971 er mælt fyrir um, að útvarpsráð skuli kjörið til fjögurra ára. Áður voru lagaákvæðin á þann veg, að útvarpsráð skyldi kjörið eftir hverjar alþingiskosningar. Með því var tryggt að skipan útvarpsráðs, sem ber að gæta fyllstu óhlutdrægni, væri jafnan í samræmi við skipan Alþingis. Þykir rétt að hverfa á ný að þessu ráði.

## Sþ. 93. Tillaga til þingsályktunar [85. mál]

um rannsókn á kostnaði á veitt kíló af bolfiski hjá fiskiskipaflotanum.

Flm.: Jón Árm. Héðinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að fela Þjóðhagsstofnuninni sérstaka rannsókn á kostnaði á veitt kíló af bolfiski hjá ýmsum flokkum fiskiskipaflotans. Einkum skal lögð áhersla á athugun á eftirtöldum kostnaðarliðum pr. veitt kíló: stofnkostnaði, olíu, veiðarfærum, tryggingum, viðhaldi og launagreiðslum. Athugunin nái yfir árin 1971—1974.

Greinargerð.

Hafrannsóknastofnunin hefur látið þá skoðun í ljós, að aflamagn þorsks muni enn fara minnkandi og verði aðeins um 350 þúsund lestir árið 1975. Ætla má, að þorskafli landsmanna á þessu ári verði um 370 þús. lestir. Árið 1970 nam þorskaflinn 470 þúsund lestum. Þegar menn hugleiða þessa þróun og svo fjárfestinguna í togurunum, hlýtur að vera meira en tímabært að gera sér fullkomlega grein fyrir því, með hvaða hætti best verður staðið að veiðum á bolfiski.

Það er flestum kunnugt, að endurnýjun á fiskiskipum landsmanna á sér stað í stórum stökkum, en ekki eftir vel gerða athugun á hverju hver tegund skips skilar og hvað verður eftir í þjóðarbúskapnum, þegar allt er gert upp að loknu starfsári. Ýmsar ástæður valda þessu. Oft á tíðum ræður hér skammtíma hagnaðarsjónarmið

á vissri fisktegund. Flutningsmaður telur, að gagngerð rannsókn á þeim þáttum, sem hér eru upp taldir, muni stuðla að rökréttari og jafnari endurnýjun fiskiskipaflotans.

Ekki er einhlítt að hafa í huga kostnaðarþáttinn einan sér, heldur verðum við að meta hvaða tegundir fiskiskipa hagnýti fiskveiðilögsögu okkar sem ákjósanlegast. Staðreynd er, að óhóflegt dráp á smáfiski ógnar nú sjálfum þorskstofninum, og er ekki réttlætanlegt, þótt sumir telji það illa nauðsyn til þess að hafa eitthvað betri rekstrarútkomu á sjálfu úthaldi skipsins. Einnig er jöfn og skipuleg endurnýjun skipanna afar þýðingarmikil fyrir íslenska skipasmíði og allt atvinnulíf í landinu. Endurnýjun í eins stórum stökkum og gerð hefur verið hér á landi knýr menn til þess að kaupa skipin að verulegu leyti erlendis frá.

Sú skoðun hefur komið fram, að við höfum fjárfest á stuttum tíma um of í togurum og sú mikla fjárfesting, sem þar er, muni ekki skila sér, einkum þegar bolfiskaflinn fer ört minnkandi eins og staðreyndir sýna. Á norrænu fiskimálaráðstefnunni, sem haldin var í Tromsö í ágúst s. l., hélt Guðni Þorsteinsson fiskifræðingur gagnmerkt erindi um fjárfestingu í veiðiflota landsmanna og komst að þeirri niðurstöðu, að greinilega hefði undanfarið verið um of fjárfest einhliða í skuttogurum og sú mikla fjárfesting, sem þar væri bundin, gæti ekki skilað sér á næstunni vegna minnkandi afla. Miklar umræður urðu um þetta erindi og var það samdóma álit ræðumanna, að Guðni Þorsteinsson hefði hér rætt eitt mesta vandamálið við útgerð togara á líðandi stundu, ekki aðeins hjá íslendingum, heldur gilti hið sama hjá öðrum fiskveiðiþjóðum við Norður-Atlantshaf.

Hið mikla stökk í kaupum á togurum nú ætti að gefa okkur nokkurt svigrúm til þess að hugleiða með hvaða hætti endurnýjun á fiskiskipum okkar er æskilegust, hafandi þá í huga ákveðin tímabil, t. d. 1975—1980 og 1980—1985. Þess vegna er þessi tillaga flutt, svo að grundvöllur verði lagður að jafnari og rökhugsaðri endurnýjun fiskiskipaflotans.

## Sþ. 94. Fyrirspurn [86. mál]

til menntamálaráðherra um kaup á Nesstofu.

Frá Ólafi G. Einarssyni.

Hefur ríkisstjórnin ákveðið að nota heimild í fjárlögum til að festa kaup á Nesstofu?

## Sþ. 95. Fyrirspurnir. [87. mál]

I. Til iðnaðarráðherra um vatnsvirkjunarrannsóknir til raforkuframleiðslu á Norðurlandi.

Frá Stefáni Valgeirssyni.

1. Hvaða vatnsvirkjunarrannsóknir með raforkuframleiðslu fyrir augum eru lengst komnar á Norðurlandi?
2. Hvenær væri hægt að hefja virkjunarframkvæmdir ef rannsóknum yrði hraðað eins og kostur er?
3. Liggja fyrir niðurstöður um stærð fyrsta áfanga Dettifossvirkjunar?
4. Hafa verið gerðar athuganir á, hvaða orkufrekur iðnaður kæmi helst til greina á Norðurlandi með Dettifossvirkjun fyrir augum eða aðra stórvirkjun þar?

II. Til iðnaðarráðherra um lagningu byggðalínu til Norðurlands.

Frá Stefáni Valgeirssyni.

1. Er búið að ákveða, hvenær hafist verði handa um lagningu byggðalínu frá Hvalfirði að Varmahlíð?
2. Hvenær er fyrirhugað að því verki verði lokið?

III. Til iðnaðarráðherra um rannsóknir og virkjunarundirbúning á Kröflusvæðinu.

Frá Inga Tryggvasyni.

Hversu langt er komið rannsóknum á háhitasvæðinu í Kröflu og hver er árangur þeirra rannsókna, sem fram hafa farið? Hvenær verður ákvörðun tekin um kaup á vélum í væntanlega Krófluvirkjun og hvenær er áætlað að hún taki til starfa?

IV. Til iðnaðarráðherra um rannsókn á virkjunarmöguleikum í Skjálfandafljóti.

Frá Inga Tryggvasyni.

Hvað líður rannsókn á virkjunarmöguleikum í Skjálfandafljóti við Íshólsvatn?

V. Til iðnaðarráðherra um virkjunarrannsóknir á Dettifosssvæðinu.

Frá Inga Tryggvasyni.

Hversu lengi hafa rannsóknir á virkjunarmöguleikum við Dettifoss staðið, hversu miklu fé hefur verið varið til þessara rannsókna og hverjar eru niðurstöður þeirra?

## Sþ. 96. Tillaga til þingsályktunar [88. mál]

um landmælingastjórn ríkisins.

Flm.: Ólafur G. Einarsson, Ellert B. Schram.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta semja frumvarp til laga um landmælingastjórn ríkisins.

Til þess að semja frumvarpið skal ríkisstjórnin skipa nefnd fimm manna. Skal einn tilnefndur af Rannsóknaráði ríkisins, einn af Dómarafélagi Íslands, einn af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og einn af Verkfræðingafélagi Íslands. Formaður nefndarinnar skal skipaður án tilnefningar.

Með samningu frumvarpsins skal m. a. að því stefnt, að undir landmælingastjórn heyri stjórnun þríhyrningamælinga á Íslandi og hæðarmerkjakerfisins, kortamælingar og kortaútgáfa ríkisstofnana, lóða-, landa- og jarðamarkamælingar.

Nefndin hraði svo störfum, að frumvarp um þetta efni verði lagt fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

## Greinargerð.

Samhljóða tillaga var flutt haustið 1973. Henni fylgdi þá svo hljóðandi greinargerð:

Tilgangurinn með flutningi þessarar tillögu er að fá fram vilja Alþingis til þess, að samræmdar verði aðgerðir þeirra aðila á vegum ríkisins, sem fást við landmælingar, þannig að sem best nýtist það fé, sem lagt er fram, og sem víðtækust not verði af gerðum mælingum.

Í dag fara þríhyrningamælingar og kerfisbundnar hæðarmælingar fram á vegum 5 ríkisstofnana. Þær eru: Landmælingar Íslands, Landsvirkjun, Orkustofnun, Skipulag ríkisins og Vegagerð ríkisins. Auk þess Sjómælingar Íslands að einhverju leyti.

Engin lög eða reglur eru til um það, hvernig framkvæma eigi þessar mælingar, svo að þær komi að sem víðtækustum notum og geti fengið almennt og viðurkennt gildi. Þegar af þeirri ástæðu ætti nauðsyn lagasetningar að vera augljós. Með setningu laga um landmælingastjórn ríkisins er þó alls ekki átt við það, að komið skuli á fót stofnun, sem framkvæma eigi þessar mælingar, heldur verði um að ræða stjórn, sem samræmi aðgerðir þessara aðila, svo að fjármunum verði ekki kastað á glæ, heldur fáist full nýting af útlögðu fé.

Það sama gildir um kortagerð.

Á ráðstefnu, sem Verkfræðingafélag Íslands hélt 1971 um mælingakerfi á Íslandi, var rækilega bent á nauðsyn á samræmingu kortagerðar og hæðarmælinga. Skulu hér tilfærð nokkur atriði úr greinargerðum, sem lagðar voru fram á nefndri ráðstefnu:

Í greinargerð Vegagerðar ríkisins koma fram óskir um „... að gert verði á næstu árum nægilega gott og þétt hæðarkerfi á eða meðfram helstu umferðarleiðum, þannig, að sú vegagerð, sem framkvæmd verður á þessum aðalleiðum, geti notið góðs af þessu kerfi og að Vegagerð ríkisins þurfi ekki að kosta stórfé til þess að flytja nákvæmt kerfi út um þau svæði, sem byggja þarf á.

Brýn þörf virðist einnig vera að samræma öll þau staðbundnu hæðarkerfi, sem í notkun eru.“

Í yfirliti Orkustofnunar segir: „... er það skoðun höfundar þessarar greinargerðar, að fallmælingar eftir endilöngum mælisvæðum og milli mælisvæða eigi að framkvæma sem nákvæmnismælingar. Nákvæmnismælingar væri hægt að endurtaka síðar, að minnsta kosti þá hluta línanna, sem áhugi jarðeðlisfræðinga beinist einkum að. Þetta verkefni er verðugt samvinnu þeirra innlendu stofnana, sem hlut eiga að máli, að ógleymdum þeim erlendu stofnunum, sem leggja fé í rannsóknir af þessu tagi.“

Og í greinargerð frá samtökum íslenskra verktaka segir: „Hæðarkerfi byggðarlaga eru yfirleitt ósamræmd sín á milli, þótt notast megi við þau innan ákveðins svæðis. Þetta ósamræmi veldur vandræðum, strax og leggja þarf vegi með varanlegu yfirborði.“

Og síðar í sömu skýrslu segir svo um undirbúningsmælingar vegna varanlegrar gatnagerðar: „Þessar mælingar eru bæði dýrar og unnar í flýti, þannig að hættara er við skekkjum, auk þess sem svona staðbundin flýtisverk eru oft einskis nýt fyrir aðra en þá, sem að framkvæmdinni standa.“

Ætla má, að þessi tilvitnuðu orð séu sönn lýsing á allt of mörgum verkum á sviði landmælinga á Íslandi: Staðbundin flýtisverk, oft einskis nýt fyrir aðra en þá, sem að framkvæmdinni standa.

Þegar litið er til þeirra miklu fjárhæða, sem árlega fara til landmælinga á Íslandi, má ljóst vera, að raunhæfar úrbætur verður að gera.

Miðað við árið 1973 má ætla, að varið sé a. m. k. 160 milljónum króna til þessara mála af ríkisstofnunum, sveitarfélögum og verktökum.

En þótt veigamikið sé, að fjármagnið nýtist sem best, er ekki síður mikilvægt, að mælingar nái tilætluðum árangri, séu rétt gerðar og samræmdar, hafi lagalegt

gildi og hægt sé að setja landa- eða jarðamörk á kort eða út í landið án mikillar fyrirhafnar.

Lög um landamerki o. fl. eru frá árinu 1919, og frá 1914 eru lög um mælingu og skrásetningu lóða og landa í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur. Þessi lög um mælingu lóða og landa í Reykjavík (og tilsvarandi lög fyrir Akureyri) gera ráð fyrir lóðalýsingum á sama hátt og lýsingar landa- eða jarðamarka. Þessar lýsingar hafa fyrir löngu verið lagðar á hilluna, en í staðinn gerðir lóðauppdrættir. Svo er á öllum — eða flestum — þéttbýlisstöðum, þótt engin lög séu til um gerð slíkra uppdrátta. Þessir lóðauppdrættir eru bundnir inn í veðmálabækur, þegar eignarheimildum er þinglýst, þótt engin lög séu til um réttarstöðuna.

Lóða- og landamælingar verður að gera með nákvæmum þríhyrningamælingum í nothæfri vörpun. Aðeins á þann hátt er hægt að varðveita landa- og jarðamörk í framtíðinni. Þá er það og ljóst, að ef við eigum að hafa full not af tölvutækni, verður að mæla öll lóða- og jarðamörk, bæði í þéttbýli og strjálbýli, í þríhyrningakerfi landsins.

Í dag er ekki ljóst, hvaða kortaútgáfu Íslendingar eru að reyna að mæla fyrir eða hvort þær kortaútgáfur eru þær hentugustu fyrir sem flesta aðila, hvort halda eigi áfram kortaútgáfu Dana eða taka eigi upp nýja útgáfu.

Með vísun til framanritaðs er það skoðun flutningsmanna, að nauðsynlegt sé að setja lög um landmælingastjórn. Með því má ætla, að unnt verði að samræma aðgerðir þannig, að ríkisstofnanir, sveitarfélög og verktakar vinni að sama markmiði og sem mest hagkvæmni náist fyrir útlagt fé.

## Sþ. 97. Tillaga til þingsályktunar [89. mál]

um öryggisþjónustu Landssímans.

Flm.: Gunnlaugur Finnsson, Páll Pétursson, Þórarinn Sigurjónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að Landssíminn geri áætlun um öryggisþjónustu þannig að fullnægt verði ákvæðum 42. gr. laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 56 1973. Framkvæmd áætlunarinnar hafi forgang.

Greinargerð.

Svo sem kunnugt er, gerði Landssíminn víðtækar breytingar um land allt á afgreiðslutíma símstöðvanna nú á liðnu sumri. Að vísu lengdist hann sums staðar, en víðar mun hann þó hafa styst. Þessar ráðstafanir hafa hlotið mjög mikla gagnrýni, einkum vegna þess að sá tími lengdist mjög, sem heil byggðarlög gátu ekki náð sambandi við staði þar sem læknar eða hjúkrunarkonur eru starfandi. Geta liðið allt að 16 klst. án þess að samband náist.

Svör Landssímans við fram kominni gagnrýni hafa verið þau, að breytingin hafi verið gerð af hagkvæmnisástæðum.

Ekki er í þingsályktunartillögu þessari lagst gegn hagkvæmni í rekstri Landssímans, en hitt er ljóst, að gildi símans sem öryggistækis í sveitum landsins hefur rýrnað við þessa breytingu á sama tíma og bundið er í lögum, að fjarskipta- og símaþjónusta í héruðum landsins tryggi landsmönnum, að þeir geti náð til læknis án tafar, sbr. tilvitnun í lagagrein.

Ekki verður við það unað, að öryggiskennd fólks í dreifðustu byggðunum minnki fyrir aðgerðir stjórnvalda.

Ætla má, að með samræmdum aðgerðum megi bæta þjónustuna og gera hana viðunandi. Má þar benda á fjarskiptastöð fyrir einangruð byggðarlög eða tengingu eins öryggissíma við sjálfvirka símakerfið fyrir ákveðinn fjölda bæja, þar sem því verður við komið.

## Nd. 98. Frumvarp til laga [90. mál]

um breyting á lögum nr. 31 frá 1970, um dýralækna.

Flm.: Gunnlaugur Finnsson.

1. gr.

4. töluliður 2. gr. laganna hljóði svo:
Snæfellsnesumdæmi: Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla, Flateyjarhreppur.

6. töluliður sömu gr. hljóði svo:
Barðastrandarumdæmi: Múlahreppur í Austur-Barðastrandarsýslu og Vestur-Barðastrandarsýsla.

7. töluliður sömu gr. hljóði svo:
Ísafjarðarumdæmi: Ísafjarðarkaupstaður, Bolungarvík, Vestur- og Norður-Ísafjarðarsýslur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Við setningu núgildandi laga er ljóst, að ekki hefur verið tekið nægilegt tillit til landfræðilegra aðstæðna varðandi skiptingu landsins í dýralæknaumdæmi.

Í sumum umdæmum voru þá ekki starfandi dýralæknar. Svo var t. d. í Patreksfjarðarumdæmi, en þar hóf dýralæknir störf á þessu ári. Patreksfjarðarumdæmi nær samkvæmt gildandi lögum allt norður til Önundarfjarðar, en ljóst er, að mun greiðari samgöngur liggja frá Ísafirði til syðri hluta Vestur-Ísafjarðarsýslu en frá Patreksfirði.

Á sama hátt eru mun greiðari samgöngur frá Stykkishólmi til Flateyjarhrepps en frá Patreksfirði.

Rétt þykir því að lögfesta nýja umdæmaskiptingu fyrir þetta svæði og er frumvarp þetta flutt að ósk forráðamanna á viðkomandi svæðum.

## Nd. 99. Nefndarálit [24. mál]

um frv. til l. um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt. — Fjarverandi afgreiðslu málsins var Lúðvík Jósepsson.

Alþingi, 4. des. 1974.

| | | |
|---|---|---|
| Ólafur G. Einarsson, form., frsm. | Lárus Jónsson, fundaskr. | Eyjólfur Sigurðsson. |
| Eyjólfur K. Jónsson. | Tómas Árnason. | Þórarinn Þórarinsson. |

# Nd. 100. Frumvarp til laga [91. mál]

um breyting á lögum nr. 68 frá 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Sighvatur Björgvinsson, Karvel Pálmason, Benedikt Gröndal, Eyjólfur Sigurðsson.

1. gr.

Aftan við 10. gr. laganna bætist nýr stafliður, er hljóði svo:
I. Tekjur verkafólks í fiskiðnaði fyrir nætur- og helgidagavinnu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu skatta til ríkissjóðs fyrir skattárið 1974.

## Greinargerð.

Fiskveiðar og fiskvinnsla eru undirstöðuatvinnugreinar þjóðarbúsins. Á þessum atvinnugreinum byggist afkoma þjóðarbúsins. Þessi störf eru erfið, áhættusöm og oft unnin við aðstæður, sem eru að mörgu leyti lakari en búnar eru starfsfólki í öðrum atvinnugreinum.

Verkafólk í fiskiðnaði býr jöfnum höndum við minna atvinnuöryggi en starfsfólk í flestum öðrum atvinnugreinum — þótt verulega hafi áunnist til bóta í þeim efnum með samningum aðila vinnumarkaðarins á s. l. vetri um kauptryggingu í áföngum — og meira vinnuálag, einkum á ákveðnum árstímum, en hollt getur talist. Í mörgum verstöðvum ríkir árstíðabundinn skortur á vinnuafli við fiskvinnslustörf, þannig að vinnuálagið á því fólki, sem við fiskvinnu starfar, keyrir úr hófi fram. Þarf þá að leggja nótt við dag til þess að bjarga verðmætum sjávarafla og er oft á tíðum unnið jafnt helga daga sem virka um langa hríð. Einkum og sér í lagi á þetta sér stað í smærri kaupstöðum við sjávarsíðuna og sjávarþorpum. Kvartar verkafólkið á þessum stöðum undan hinu gífurlega vinnuálagi, en gengst þó undir það af tveimur meginástæðum — í fyrsta lagi vegna þess, að fiskvinnslustörfin eru meðal lægst launuðu starfa í þjóðfélaginu og verkafólkið í þeirri atvinnugrein þarf á öllu sínu að halda til þess að hafa í sig og á, og í öðru lagi vegna þess viðhorfs, sem er ríkjandi í verstöðvum landsins, að verðmætum sjávarafla verði að bjarga frá skemmdum svo að þjóðarbúið geti til fulls notið ávaxtanna af vinnslu auðlinda hafsins.

Flutningsmenn þessa frv. telja, að þjóðarbúið hafi ekki metið sem skyldi vinnuframlag þessa fólks og það óhóflega vinnuálag, sem það leggur á sig í þágu þjóðarheildarinnar. Störf þess eru illa launuð og hið opinbera — ríki og sveitarfélög — tekur til sín í opinber gjöld verulegan hluta þeirra viðbótarlauna, sem þetta verkafólk fær vegna mikillar og óæskilegrar — en oftast óumflýjanlegrar — nætur- og helgidagavinnu. Flutningsmenn telja bæði réttlátt og sanngjarnt að þessu sé breytt á þann veg, að verkafólk í fiskiðnaði verði undanþegið tekjuskatti fyrir nætur- og helgidagavinnu. Slík breyting mundi ekki rýra tekjur ríkissjóðs að neinu marki, en yrði í senn til þess að gera fiskvinnslustörfin eftirsóknarverðari en þau eru nú, — þá væntanlega draga eitthvað úr vinnuflsskorti þar og minnka óhóflegt vinnuálag, — og að bæta nokkuð kjör þessa láglaunafólks, sem með vinnu sinni á einn drýgsta þáttinn í því að standa undir rekstri þjóðarbúsins.

Þá vilja flm. benda á, að nú liggur fyrir Alþingi frv. til laga á þskj. 79 um að undanþiggja tekjuskatti tekjur sjómanna af bolfiskveiðum á bátaflotanum, og telja eðlilegt, að slíkri breytingu fylgi einnig sambærilegar ráðstafanir varðandi það verkafólk í tengslum við sjávarútveginn, sem stundar störf sín í landi. Því markmiði væri náð með samþykkt þessa frv.

## Sþ. 101. Tillaga til þingsályktunar [92. mál]

um verðjöfnun á flugvélabensíni.

Flm.: Steingrímur Hermannsson, Halldór Ásgrímsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að koma á verðjöfnun á flugvélabensíni, þannig að söluverð verði hið sama á öllum útsölustöðum á landinu.

Greinargerð.

Í lögum um verðjöfnun á olíu og bensíni, nr. 34 frá 18. febr. 1953, segir svo í 1. gr.:

„Söluverð á gasolíu, brennsluolíu, ljósaolíu og bensíni skal vera hið sama á öllum útsölustöðum á landinu."

Í lögum þessum er engin undantekning gerð. Ljóst er, að þeim er ætlað að ná til alls slíks eldsneytis, sem í lögunum er talið.

Í reglugerð um verðjöfnun á olíu og bensíni frá 29. desember 1956 segir hins vegar svo í 1. gr. meðal annars:

„Söluverð á bensíni, öðru en flugvélabensíni, skal vera hið sama frá öllum útsölustöðum, þ. e. birgðastöðvum og bensíndælum."

Af einhverjum ástæðum er flugvélabensín undanskilið í reglugerð viðskiptaráðuneytisins, þótt ekki verði séð, að nokkur stafur sé fyrir því í þeim lögum, sem reglugerðin byggist á.

Samkvæmt upplýsingum frá olíufélaginu Skeljungi var útsöluverð s. l. haust á nokkrum stöðum á landinu fyrir hvern lítra af flugvélabensíni eins og hér segir:

| | |
|---|---|
| Reykjavík | kr. 20.10 |
| Akureyri | — 21.95 |
| Egilsstaðir | — 25.05 |
| Ísafjörður | — 25.65 |
| Höfn í Hornafirði | — 25.90 |

Flugvélabensín er þannig yfirleitt um 25 af hundraði dýrara utan Reykjavíkur, nema á Akureyri.

Á undanförnum árum hefur smáum flugfélögum með aðsetur í hinum ýmsu landshlutum fjölgað. Þau hafa innt af hendi ómetanlega þjónustu fyrir samgöngur viðkomandi landshluta. Sjúkraflug hefur í mörgum tilfellum byggst á slíkum flugfélögum. Þau hafa annast mikið farþegaflug og póstsamgöngur í vaxandi mæli, og ýmsa aðra ómetanlega þjónustu slíkra flugfélaga mætti nefna.

Víðast hvar verða þessi flugfélög að greiða 25 af hundraði hærra verð fyrir bensín það, sem þau nota, en flugfélögin, sem staðsett eru í Reykjavík. Þetta getur munað mjög miklu í rekstrarkostnaði þessara flugfélaga, jafnvel svo að rekstrargrundvöllur næst ekki.

Sala á flugvélabensíni utan Reykjavíkur er hins vegar sáralítið brot af því, sem selt er í Reykjavík. Verðjöfnunargjald yrði því mjög lágt.

Þótt ofangreind reglugerð fái naumast staðist með tilliti til gildandi laga, má ef til vill afsaka umrætt ákvæði hennar með því, að mjög fáar flugvélar voru staðsettar á landsbyggðinni árið 1956. Þetta er hins vegar gjörbreytt nú. Því verður að krefjast þess, að staðið sé við ákvæði laga og komið á verðjöfnun á flugvélabensíni.

## Ed. 102. Nefndarálit [61. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 6/1971, um Hótel- og veitingaskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess með eftirfarandi breytingu. Einn nefndarmanna, Steingrímur Hermannsson, var fjarverandi afgreiðslu málsins.

BREYTINGARTILLAGA:

1. gr. orðist svo:

2. gr. laganna orðist svo:

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn skólans. Ráðherra skipar sjö manna skólanefnd með þessum hætti: Einn nefndarmanna skal skipaður eftir tilnefningu Sambands veitinga- og gistihúsaeigenda, einn eftir tilnefningu Félags framreiðslumanna, einn eftir tilnefningu Félags matreiðslumanna, einn eftir tilnefningu Matsveinafélags Sjómannasambands Íslands, tveir eftir tilnefningu nemenda í Hótel- og veitingaskóla Íslands úr hópi reglulegra nemenda skólans, en formaður skólanefndar skal skipaður án tilnefningar. Sjö varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Tilnefning nemendafulltrúa gildir til eins árs, en hinna til fjögurra ára.

Skólastjóri hefur á hendi daglega stjórn skólans og fjárreiður hans.

Alþingi, 4. des. 1974.

Axel Jónsson, form., frsm. Steinþór Gestsson, fundaskr. Þorv. Garðar Kristjánsson.
Jón Árm. Héðinsson. Ragnar Arnalds. Ingi Tryggvason.

## Nd. 103. Frumvarp til laga [93. mál]

um breyting á lögum nr. 68 frá 11. maí 1966, um iðnfræðslu.

Flm.: Karvel Pálmason.

1. gr.

12. gr. laganna orðist svo:

Iðnskólar skulu vera minnst einn í hverju skólaumdæmi landsins, þeirra er nú eru, svo og starfandi skólar með minnst 60 nemendum, er lög þessi taka gildi. Skulu skólaumdæmi vera sem hér segir:

1. Borgarfjarðarsýsla, Akraneskaupstaður, Mýrasýsla, Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla og Dalasýsla.
2. Barðastrandarsýslur.
3. Vestur-Ísafjarðarsýsla, Bolungarvíkurkaupstaður, Ísafjarðarkaupstaður, Norður-Ísafjarðarsýsla og Strandasýsla.
4. Vestur-Húnavatnssýsla, Austur-Húnavatnssýsla, Skagafjarðarsýsla, Sauðárkrókskaupstaður og Siglufjarðarkaupstaður.
5. Eyjafjarðarsýsla, Akureyrarkaupstaður, Dalvíkurkaupstaður, Ólafsfjarðarkaupstaður, Suður-Þingeyjarsýsla, Húsavíkurkaupstaður og Norður-Þingeyjarsýsla.
6. Norður-Múlasýsla, Seyðisfjarðarkaupstaður, Suður-Múlasýsla, Neskaupstaður, Eskifjarðarkaupstaður og Austur-Skaftafellssýsla.

7. Vestur-Skaftafellssýsla, Vestmannaeyjakaupstaður, Rangárvallasýsla og Árnessýsla.
8. Gullbringu- og Kjósarsýsla, Hafnarfjarðarkaupstaður, Keflavíkurkaupstaður, Grindavíkurkaupstaður, Kópavogskaupstaður og Seltjarnarneskaupstaður.
9. Reykjavíkurborg.

Ráðherra getur, að fengnum tillögum iðnfræðsluráðs, gert breytingar á skólaumdæmum. Ráðherra ákveður skólasetur, að fengnum tillögum iðnfræðsluráðs og sýslunefnda og bæjarstjórna í hlutaðeigandi skólaumdæmi. Skal að jafnaði ákveða skólasetur þar, sem nemendafjöldi er mestur innan hvers skólaumdæmis.

Iðnskólar veita fræðslu nemendum, sem iðnmeistarar og iðnfyrirtæki hafa tekið til iðnnáms samkvæmt lögum þessum, og svo nemendum, er verklegt nám stunda í verknámsskólum eða öðrum skólavinnustöðvum, eftir því sem við á og ákveðið verður í reglugerð.

**2. gr.**

**Lög þessi öðlast þegar gildi.**

## Greinargerð.

Frumvarp þetta felur í sér breytingu á skiptingu landsins í iðnskólaumdæmi á þann veg, að Barðastrandarsýslur verði sérstakt skólaumdæmi, og er þá haft í huga, að skólasetur verði á Patreksfirði. Jafnframt er lagt til, að hafa skuli minnst einn iðnskóla í hverju skólaumdæmi, en það er bundið við einn skóla í núgildandi lögum.

Iðnaðarmannafélagið á Patreksfirði stofnaði iðnskóla þar í janúar 1942 og starfar hann enn. Fram til ársins 1972 höfðu 137 innritast í skólann, en 91 lokið prófi, og stafar mismunurinn af því, að sumir nemendur luku ekki námi við skólann. Margir beirra héldu áfram námi við aðra iðnskóla. Skólinn hefur haft aðsetur í litlu leiguhúsnæði og hefur það leitt til takmörkunar á nemendafjölda, en innritunarár hafa aðeins verið 13 og brautskráningarár 11 á þessu tímabili. Skólinn hefur samt sem áður getað sinnt að mestu leyti þörfum þorpsins fyrir iðnfræðslu, þótt sumir hafi orðið að leita annað. Þeir hafa undantekningarlaust farið í iðnskólann í Reykjavík.

Hætt er við, að iðnskólinn á Patreksfirði muni hætta starfsemi í náinni framtíð vegna fjárhagserfiðleika, ef hann hlýtur ekki viðurkenningu sem skólasetur samkvæmt iðnfræðslulögum. Með samþykkt þessa frumvarps skapast grundvöllur til að efla iðnskólann á Patreksfirði, svo að iðnnemar á sunnanverðum Vestfjörðum neyðist ekki í framtíðinni til að leita suður til Reykjavíkur með iðnnám sitt. Almennur áhugi er á Patreksfirði á eflingu iðnskólans, og hefur stjórn sveitarfélagsins bæði gert samþykkt um málið og sent álitsgerð til fræðsluyfirvalda. Einnig hefur sýslunefnd Vestur-Barðastrandarsýslu gert samþykkt um iðnskóla á Patreksfirði svo og Fjórðungsþing Vestfjarða. Þá hafa ýmsir fundir heimamanna á undanförnum árum gert samþykktir, sem allar fela í sér viljayfirlýsingar um viðurkenndan iðnskóla á Patreksfirði.

### Um 1. gr.

Greinin felur í sér, að ekki verði lengur ákveðið, að einungis einn iðnskóli skuli vera í hverju kjördæmi, heldur minnst eitt skólasetur. Það, sem í gildandi lögum er hámarksákvæði, verður því lágmarksákvæði.

Jafnframt felur greinin í sér, að skólaumdæmum er fjölgað um eitt, þ. e. Barðastrandarsýslur verða sérstakt skólaumdæmi.

### Um 2. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

## Nd. 104. Nefndarálit [83. mál]

um frv. til l. um lántökuheimildir erlendis.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með því, að það verði samþykkt óbreytt.

Fjarverandi afgreiðslu málsins var Lúðvík Jósepsson.

Alþingi, 5. des. 1974.

| | | |
|---|---|---|
| Ólafur G. Einarsson, form., frsm. | Lárus Jónsson, fundaskr. | Eyjólfur Sigurðsson. |
| Tómas Árnason. | Þórarinn Þórarinsson. | Eyjólfur K. Jónsson. |

## Nd. 105. Frumvarp til laga [94. mál]

um Tæknistofnun Vestfirðinga.

Flm.: Kjartan Ólafsson.

**1. gr.**

Sett skal á stofn tækniþjónustustofnun á Vestfjörðum. Stofnunin heitir Tæknistofnun Vestfirðinga og hefur aðsetur á Ísafirði. Tæknistofnun Vestfirðinga er sjálfstæð stofnun, sem rekin er í samvinnu af ríkinu og samtökum sveitarfélaga í Vestfjarðakjördæmi.

**2. gr.**

Framkvæmdastofnun ríkisins skal í samvinnu við Fjórðungssamband Vestfirðinga annast undirbúning þess, að slíkri stofnun verði komið á fót.

**3. gr.**

Tæknistofnun Vestfirðinga vinnur sem ráðgefandi aðili og tekur að sér rannsóknar-, hönnunar- og eftirlitsstörf, sem vinna þarf á Vestfjörðum á vegum ríkis, sveitarfélaga eða einstaklinga, sem þess óska. Þá skal einnig heimilt, ef henta þykir, að störf að áætlanagerð fyrir Vestfirði samkvæmt 31. gr. laga nr. 93 frá árinu 1971, um Framkvæmdastofnun ríkisins, fari fram innan Tæknistofnunar Vestfirðinga eða í beinum tengslum við hana.

**4. gr.**

Stjórn stofnunarinnar skipa 5 menn og skulu tveir tilnefndir af Framkvæmdastofnun ríkisins, en þrír af samtökum sveitarfélaga í Vestfjarðakjördæmi.

**5. gr.**

Stofnkostnaður greiðist að fjórum fimmtu hlutum úr ríkissjóði, en að einum fimmta af samtökum sveitarfélaga í Vestfjarðakjördæmi. Miðað skal við að stofnunin selji þjónustu sína á gangverði, en verði um hallarekstur að ræða greiðist hann af sömu aðilum og í sömu hlutföllum og stofnkostnaður.

**6. gr.**

Öllum ríkisstofnunum og opinberum framkvæmdaaðilum, sem fengin eru verkefni á Vestfjörðum, ber að leita fyrst til Tæknistofnunar Vestfirðinga um þá þjónustu,

sem henni er ætlað að láta í té, sbr. 3. gr., áður en leitað er til annarra aðila á sama sviði.

**7. gr.**

Stofnunin getur sett upp útibú innan kjördæmisins, að fengnu samþykki Framkvæmdastofnunar ríkisins.

**8. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Greinargerð.

Með þessu frumvarpi er lagt til að sett verði á fót tækniþjónustustofnun á Ísafirði. Gert er ráð fyrir að um verði að ræða sjálfstæða stofnun, sem komið verði á fót og hún rekin í samvinnu af ríkinu og samtökum sveitarfélaga á Vestfjörðum.

Framkvæmdastofnun ríkisins skal hafa forustu um, að sú tækniþjónustustofnun, sem hér um ræðir, verði sett á stofn. Frumvarpið gerir ekki ráð fyrir því að í nokkru verði hreyft við núverandi skipan á ríkisstofnununi eða stofnunum sveitarfélaga á Vestfjörðum. Hins vegar er hér ráð fyrir því gert að Tæknistofnun Vestfirðinga vinni eftir reikningi þau sérfræðistörf fyrir opinbera framkvæmdaaðila og stofnanir, sem vestfirðingar verða nú að sækja til Reykjavíkur.

Í stað þess, að sérfræðivinna fer nú mestöll fram í Reykjavík með tilheyrandi aukakostnaði vegna ferðalaga, færi sú vinna fram heima í héraði. Með því fyrirkomulagi, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir, ættu heimamenn greiðan aðgang, milliliðalaust, að þeim sérfræðingum, sem ábyrgð bera á mikilvægum verkefnum. Trygging ætti að vera fyrir betri hönnun og betra, en ódýrara eftirliti, og því ódýrari og betri framkvæmd.

Það að flytja heim í hérað umtalsverðan þátt sérfræðistarfa, eins og hér er lagt til, mundi vafalaust geta haft mjög jákvæð áhrif á byggðaþróun.

Viðbótarútgjöld ríkissjóðs, sem slíkri breytingu fylgdu, ættu ekki að þurfa að vera veruleg, því að ekki ætti að vera dýrara að inna af hendi sérfræðistörf vegna framkvæmda á Vestfjörðum á Ísafirði heldur en í Reykjavík. Stofnkostnaður vegna húsnæðis er þó óhjákvæmilegur.

Verkefni, sem augljóst er að fela mætti slíkri stofnun sem hér um ræðir, eru m. a.: Áætlanagerð, hönnun og eftirlit með byggingu hafna. Rannsóknir, hönnun og eftirlit með byggingu raforkuvera, jarðvarmaveitna og fjarvarmaveitna. Hönnun vega, brúa og jarðganga. Gerð flugvalla. Gerð skipulags kaupstaða og kauptúna. Hönnun og eftirlit með hvers konar opinberum byggingum, svo sem skólum og sjúkrahúsum. Hvers konar öryggiseftirlitsstörf, svo sem rafmagns- og eldvarnaeftirlit.

Þá er gert ráð fyrir að það starf að áætlanagerð, sem nú þegar er unnið að og launað að þrem fjórðu hlutum af Framkvæmdastofnun ríkisins, verði unnið í nánum tengslum við tæknistofnunina eða innan hennar.

Meðal verkefna, sem eðlilegt má kalla að sveitarfélögin leituðu til slíkrar tæknistofnunar með, má nefna gatna-, holræsa- og vatnsveitugerð.

Ýmiss konar rannsóknarstörf mætti enn fremur fela slíkri stofnun og t. d. tengja við hana útibú frá Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins.

Væri slík stofnun komin á fót, er ekki ólíklegt að tilvera hennar gæti orðið því skólastarfi, sem haldið er uppi á Ísafirði á framhaldsskólastigi, að nokkru liði, þar sem þeir sérfræðingar, er þar störfuðu, gætu í ýmsum tilvikum annað stundakennslu á sínu sérsviði.

Það er öllum kunnugt, sem til þekkja úti um land, hvílík blóðtaka það hefur verið mörgum byggðarlögum að sjá á bak nær öllu því unga fólki, sem farið hefur til langskólanáms. Ein meginrökin fyrir þeirri framkvæmd, sem þetta frumvarp gerir ráð fyrir, eru tengd þörfinni fyrir að vinna þarna nokkuð á móti.

Helstu mótbárurnar gegn því, að hægt væri að vinna sérfræðistörf af ýmsu tagi úti um land, hafa verið þær, að starfseiningar yrðu of smáar. Með því fyrirkomulagi, sem hér er gert ráð fyrir, að tengja saman verkefni, sem nú eru í höndum fjölmargra stofnana hér í Reykjavík, ættu slíkar mótbárur að hverfa.

Með þessu frumvarpi er eingöngu lagt til að sett verði á fót tæknistofnun fyrir vestfirðinga. Auðvitað mætti hugsa sér, að slíkar stofnanir kæmu einnig upp víðar, en rökin fyrir því, að byrjað væri á Vestfjörðum, eru þau, að enginn landshluti hefur orðið jafnilla úti í búferlaflutningum síðustu áratuga. Þar er því brýnast að snúa vörn í sókn hvað byggðaþróun snertir.

Frumvörp í þessa átt hafa fyrr verið lögð fram á Alþingi, en þá verið gert ráð fyrir verkfræðiskrifstofu með þrengra starfsviði en hér er lagt til. Þetta frumvarp gerir hins vegar ráð fyrir því, að mjög verulegur hluti þeirrar sérfræðivinnu, sem unnin er á vegum opinberra stofnana hér í Reykjavík vegna framkvæmda á Vestfjörðum, flytjist heim í hérað.

Frumvarpið miðar að því að snúa við þeim straumi fjármagns og þekkingar, sem á undanförnum áratugum hefur runnið utan af landsbyggðinni til Stór-Reykjavíkursvæðisins. Hér verður ríkisvaldið að taka markvissa forustu, ef árangur á að nást.

Þess skal að lokum getið, að á Fjórðungsþingi Vestfirðinga, sem haldið var 23.—24. ágúst s. l., var gerð samþykkt um þetta mál. Þar segir svo:

„Fjórðungsþing Vestfirðinga 1974 skorar á þingmenn kjördæmisins að beita sér fyrir því á Alþingi, að sett verði á stofn tækniþjónustustofnun á Vestfjörðum í samvinnu við sveitarfélögin, sem annist allt hönnunarstarf er framkvæma þarf á vegum ríkisins og sveitarfélaga í fjórðungnum. Það er álit Fjórðungsþingsins, að slík stofnun gæti verið það stór, að starfrækja mætti hana á tveim stöðum í fjórðungnum. Fjórðungsþingið minnir á, að á hverju ári renna tugir milljónir króna út úr fjórðungnum til greiðslu á sérfræðivinnu, auk þess sem fjórðungurinn fer algerlega á mis við þá hagkvæmni, sem af því leiðir, að þessir menn séu búsettir í héraðinu."

## Ed. 106. Frumvarp til laga [95. mál]

um breyting á vegalögum nr. 80 10. júlí 1973.

(Lagt fyrir Alþingi á 96. löggjafarþingi, 1974.)

1. gr.

1. mgr. 10. gr. orðist svo:

Vegamálastjóri semur tillögur að vegáætlun fyrir þjóðvegi, aðalfjallvegi, aðra fjallvegi, þjóðgarðavegi og vegi að fjölsóttum ferðamannastöðum til fjögurra ára í senn til leiðbeiningar um skiptingu þess fjár, sem til ráðstöfunar er hverju sinni til vegagerðar. Skal áætlunin annars vegar gera grein fyrir þeim framkvæmdum, sem fyrirhugaðar eru á tímabilinu, en hins vegar þeirri fjáröflun, sem gert er ráð fyrir vegna þeirra.

2. gr.

2. mgr. 11. gr. orðist þannig:

Í vegáætlun um nýbyggingar skal vera sundurliðun um heildarkostnað hvers mannvirkis þrjú fyrstu ár áætlunartímabilsins.

3. gr.

Við 12. gr. bætist:

.... eða að orkuveri.

Heimilt er að taka í tölu landsbrauta vegi að flugvöllum utan kaupstaða, þar sem reglubundið áætlunarflug hefur verið starfrækt samkvæmt leyfi samgöngu-

ráðuneytisins í eitt ár eða lengur. Enn fremur er heimilt að taka í tölu landsbrauta vegi að skólastöðum og öðrum hliðstæðum stöðum, þar sem vísir að þorpi hefur myndast vegna þeirrar starfsemi, sem þar fer fram.

4. gr.

Í stað orðanna „300 íbúum“ í c-lið 19. gr. komi: 200 íbúum.

Við d-lið bætist: .... og sjúkraflugvöllum.

3. mgr. orðist svo:

Sýsluvegur samkvæmt a-lið þessarar greinar skal aldrei teljast ná nær býli en 50 m, ef hann endar þar.

5. gr.

Við 20. gr. bætist:

Heimilt er að styrkja af fé sýsluvegasjóðs lagningu og viðhald vega að sumarbústaðahverfum, enda náist samkomulag um mótframlag af hálfu eigenda og um afnot vegarins.

6. gr.

21. gr. orðist svo:

Hvert hreppsfélag greiðir árlega í sýsluvegasjóð sem samsvarar a. m. k. andvirði þriggja dagvinnustunda fyrir hvern íbúa, miðað við kaupgjald í almennri verkamannavinnu hjá Vegagerð ríkisins 1. desember hið næsta ár, áður en gjaldið er lagt á.

Hreppsfélag getur ákveðið að greiða til sýsluvegasjóðs allt að tvöfalt hærri upphæð en getur í 1. mgr., og skal sú ákvörðun tilkynnt sýslumanni fyrir 15. febrúar. Síðan ákveður sýslumaður gjald hvers hrepps og tilkynnir oddvita fyrir 1. mars. Skal það greitt í einu lagi úr sveitarsjóði, eigi síðar en á næsta manntalsþingi.

7. gr.

2. mgr. 23. gr. orðist svo:

Vegaskattur skal nema 2.0 af þúsundi af fasteignamatsverði mannvirkja, en 3.0 af þúsundi af fasteignamatsverði landa og lóða.

8. gr.

Í stað orðanna „skv. XIV. kafla laga þessara“ í 1. mgr. 28. gr. komi: samkv. lögum um fjáröflun til vegagerðar.

Við 28. gr. bætist:

Framlag, sem hreppur kann að hafa greitt umfram lágmark samkvæmt 21. gr., skal, ásamt mótframlagi ríkissjóðs, sem heimilt er að greiða á sama ári og framlag hrepps er innheimt, renna óskipt til sýsluvega í viðkomandi hreppi, án tillits til 2. mgr. 28. gr.

9. gr.

Í stað orðanna „300 íbúa“ í 30. gr. komi: 200 íbúa.

10. gr.

Í stað orðanna „300 íbúa“ í 32. gr. komi: 200 íbúa.

Í stað orðanna „samkv. XIV. kafla laga þessara“ komi: samkv. lögum um fjáröflun til vegagerðar.

11. gr.

34. gr. laganna orðist þannig:

Af heildarframlagi því, sem veitt er til lagningar þjóðvega í kaupstöðum og kauptúnum samkv. 32. gr., skal árlega halda eftir 25 af hundraði, og skal því fé

ráðstafað eftir tillögu vegamálastjóra, að fenginni umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga, til að flýta framkvæmdum þar sem sérstök ástæða þykir til að ljúka ákveðnum áfanga, eða til að stuðla að hagkvæmari vinnubrögðum.

12. gr.

2. mgr. 44. gr. orðist svo:

Fjallvegir, sem tengja saman landshluta, nefnast aðalfjallvegir. Skulu þeir, þjóðgarðavegir og vegir að fjölsóttum ferðamannastöðum, taldir sérstaklega í vegáætlun samkv. 10. gr.

13. gr.

4. tl. 52. gr. orðist þannig:

Kostnaður við viðhald brúa á sýsluvegum greiðist í sömu hlutföllum og stofnkostnaður.

14. gr.

60. gr. orðist svo:

Bætur fyrir eignarnám, jarðrask og átroðning þann, er nýr vegur kann að hafa í för með sér, má ákveða eftir samkomulagi milli landeigenda og umboðsmanns þeirra, sem bætur eiga að greiða. Nú næst ekki samkomulag, og skal þá ákveða bætur með mati samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, að undanskildum ákvæðum 5. og 6. gr., sem öðlast gildi 1. janúar 1975.

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi, skal fella meginmál þeirra inn í vegalög nr. 80, 10. júlí 1973, og gefa þau út svo breytt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frv. þetta var flutt á síðasta Alþingi, en varð ekki útrætt efnislega, nema ákv. 2. gr. sem er nýtt.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að gerðar verði nokkrar breytingar á vegalögum, sem nauðsynlegt er talið að gera, í flestum tilfellum að fenginni reynslu, m. a. til að efla sýsluvegasjóðina vegna breyttrar tækni við mjólkurflutninga, styrkja gerð þjóðvega í þéttbýli og ná betra samhengi í samgöngukerfið.

Um 1. gr.

Um skýringu á grein þessari vísast til athugasemdar við 11. gr. frumvarps þessa.

Um 2. gr.

Samkvæmt gildandi vegalögum skal í vegáætlun sundurliða kostnað eftir framkvæmdum fyrir allt áætlunartímabilið, þ. e. fjögur ár.

Verðbreytingar undanfarin ár hafa gert óhjákvæmilegt að víkja nokkuð frá röð framkvæmda einkum síðari ár áætlunartímabilsins. Því er hér lagt til að breyting verði gerð, þannig að nákvæmari sundurliðun um einstakar framkvæmdir verði aðeins fyrstu þrjú árin. Fjórða árið sýni áætlunin einungis kostnað við einstaka flokka framkvæmda, en sundurliðun á einstök verk sleppt. Telja verður að þetta fyrirkomulag sem hér er lagt til að horfið verði að, auki líkur á því, að unnt sé að halda í einu og öllu við áætlunina, þar sem það myndi gera auðveldara að jafna þann halla sem hætt er við að myndist á tímum hraðra verðbreytinga. Gildi þess að áætlunin sé raunhæf og henni megi treysta og unnt sé að undirbúa framkvæmdir með eðlilegum hætti er öllum ljóst.

Um 3. gr.

Samkvæmt 12. gr. vegalaga má, þar sem aðalfjallvegur liggur úr byggð, telja landsbraut að innsta býli.

Vegna aukinna framkvæmda í óbyggðum, og má þar til nefna Sigölduvirkjun, þykir rétt að einskorða heimild þessa ekki við býli og láta hana einnig ná til orkuvera.

Jafnframt er gert ráð fyrir í 2. gr., að heimilt verði að taka í tölu landsbrauta vegi að flugvöllum utan kaupstaða, þar sem reglubundið áætlunarflug hefur verið starfrækt samkvæmt leyfi samgönguráðuneytisins í eitt ár eða lengur. Til þess að eðlilegt samhengi sé í samgöngukerfinu þykir nauðsynlegt, að nokkuð tryggar og góðar samgöngur séu að flugvöllum þessum, sem hljóta að teljast mikilvægir fyrir það byggðarlag, sem þeir þjóna. Verði heimild þessi nýtt að fullu lengist þjóðvegakerfið um 7 km.

Þá þykir eðlilegt að heimilt sé að taka í tölu landsbrauta vegi að skólastöðum, þar sem vísir að þorpi hefur myndast, þó að þessir vegir nái ekki 2 km lengd. Er þetta gert til samræmis við sams konar undanþáguheimild varðandi kauptún og myndi auk þess létta nokkuð á ýmsum sýsluvegasjóðum. Sama gæti og gilt t. d. um heilsuhæli.

Um 4. gr.

Varðandi skýringu á breytingunni á c-lið 19. gr. vísast til athugasemda við 9. gr.

Með tilliti til bættrar og öruggari heilbrigðisþjónustu þykir rétt og eðlilegt, að sýslunefnd hafi heimild til að taka vegi að sjúkraflugvöllum í tölu sýsluvega. Sjúkraflugvellir munu nú vera um 70 talsins á landinu öllu.

Samkvæmt gildandi lögum er ekki heimilt að taka í tölu sýsluvega vegi, sem styttri eru en 200 m, og skal slíkur vegur aldrei teljast ná nær býli en 200 m, ef hann endar þar.

Hér er lagt til, að allir vegir að býlum verði sýsluvegir, nema síðustu 50 m. Vegna aukinnar umferðar, m. a. vegna tankvæðingar kúabúa, hefur kostnaður við gerð og viðhald vega að býlum stóraukist. Er því, svo sem lögum er háttað í dag, erfitt fyrir marga bændur að halda við heimreiðum að býlum sínum, og kemur slíkt viðhald ójafnt niður, þar sem heimreiðar í umsjá býla geta orðið allt að 400 m langar. Ekki þykir þó rétt að fara nær býlum en 50 m, og verður þá vegurinn heim einkavegur.

Um 5. gr.

Í einstökum sýslum taka nú sumarbústaðahverfi yfir víðáttumikil landssvæði. Þykir eðlilegt að fella vegi að og um þessi hverfi a. m. k. að einhverju leyti inn í vegakerfi sýslnanna, og er því lagt til, að heimilt verði að styrkja vegi þessa af fé sýsluvegasjóðs með tilteknum skilyrðum.

Um 6. gr.

Með vísun til þess kostnaðarauka fyrir sýsluvegasjóði, sem einkum kemur til vegna ákvæða 3. mgr. 3. gr. frumvarps þessa, er lagt til, að hvert hreppsfélag geti ákveðið að greiða til sýsluvegasjóðs allt að tvöfalt hærri upphæð en nú er ákveðin í lögum.

Um 7. gr.

Sýsluvegasjóðsgjald samkvæmt 23. gr. vegalaga er mjög lágt og víða naumast talið svara kostnaði að innheimta það. Til þess að gjald þetta nái tilgangi sínum og með hliðsjón af 4. gr. frumvarps þessa er lagt til að hækka þá „pro mille“ tölu af matsverðinu, sem skatturinn nemur.

Er lagt til, að talan verði 2.0 af þúsundi í stað 0.3 og 3.0 í stað 0.6, sem nú er.

Um 8. gr.

Samkvæmt gildandi lögum kemur framlag ríkissjóðs skv. 28. gr. vegalaga ekki til greiðslu fyrr en 1—2 árum eftir að hreppsframlag er reitt fram. Er hér lagt til, að heimilt verði að greiða framlag þetta á sama ári og framlag hrepps er innheimt, og skal það renna óskipt til sýsluvega í viðkomandi hreppi. Er þetta lagt til m. a vegna þeirrar tankvæðingar, sem þegar er hafin og fyrirsjáanlegt er, að til framkvæmda kemur á næstu árum í flestum sýslum landsins. Kostnaður við styrkingu vega af þessum sökum er ærið misjafn í einstökum hreppum og þykir því rétt að leggja það í sjálfsvald þeirra, hve langt skuli gengið í gjaldheimtu til sýsluvegasjóðs gegn óskertu ríkisframlagi sama ár.

Um 9. gr.

Sjá athugasemdir við 10. gr.

Um 10. gr.

Í kauptúnum landsins er nú mikil hreyfing í þá átt að ganga frá götum og vegum með bundnu slitlagi.

Til þess að fleiri kauptún geti notið fjárframlags samkvæmt 32. gr. vegalaga, er hér lagt til að miða við 200 íbúa kauptún í stað 300 áður. Miðað við manntal 1. des. 1972 munu eftirtalin kauptún til viðbótar njóta fjárframlags skv. 32. gr.:

Búðardalur, Súðavík, Hofsós, Hrísey, Stöðvarfjörður, Vogar.

Til samræmis þessu er sams konar breyting gerð á 19. gr. c-lið og 30. gr. gildandi vegalaga, sbr. 4. og 9. gr. frv.

Um 11. gr.

Hér er lagt til, að árlega skuli halda eftir 25 af hundraði af heildarframlagi því, sem veitt er til lagningar þjóðvega í kaupstöðum og kauptúnum í stað 10 af hundraði, svo sem nú er. Er þetta lagt til til þess að auðvelda fámennum kaupstöðum og kauptúnum að flýta gerð þéttbýlisvega með bundnu slitlagi, skv. 30. gr. Nýmæli er, að skylt sé að leita umsagnar Sambands íslenskra sveitarfélaga um skiptingu fjár þess, sem hér um ræðir, áður en hún er endanlega ákveðin. Til þessa hefur framlag þetta verið bundið í Hafnarfjarðarvegi um Kópavog og í Suðurlandsvegi um Selfoss, en gert er ráð fyrir frekari dreifingu fjár þessa.

Um 12. gr.

Hér er lagt til, að þjóðgarðavegir og vegir að fjölsóttum ferðamannastöðum skuli taldir sérstaklega í vegáætlun, svo sem verið hefur um aðalfjallvegi. Vegi þessa hefur hingað til eigi verið heimilt að taka inn í vegáætlun, en vegna stóraukinnar umferðar ferðamanna, og þar af leiðandi aukins álags, þykir nauðsyn bera til, að tekið sé tillit til þeirra við gerð vegáætlunar.

Um 13. gr.

Reynslan hefur sýnt að í mörgum tilfellum hefur viðhald brúa á sýsluvegum reynst sýsluvegasjóðum ofviða og er því lagt til að það verði greitt í sömu hlutföllum og stofnkostnaður.

Um 14. gr.

60. gr. gildandi vegalaga er hér breytt til samræmis við lög nr. 11/1973 um framkvæmd eignarnáms.

Um 15. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

## Nd. 107. Nefndarálit [3. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 35 frá 29. apríl 1966, um Lánasjóð sveitarfélaga.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og kvaddi á sinn fund Magnús E. Guðjónsson framkvæmdastjóra Lánasjóðs sveitarfélaga. Hann gaf nefndinni margs konar upplýsingar, m. a. um stöðu og starfsemi sjóðsins.

Ætla má, að framlag til sjóðsins árið 1975 frá Jönunarsjóði sveitarfélaga og ríkissjóði verði sem hér segir, ef frumvarpið verður samþykkt:

| | |
|---|---|
| Frá Jöfnunarsjóði ..... | 89 150 000 kr. |
| Frá ríkissjóði ..... | 44 575 000 — |

Eru þá lagðar til grundvallar tölur í frv. til fjárlaga fyrir árið 1975 og gildandi lagaákvæði um tekjur Jöfnunarsjóðs.

Nefndin var sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins óbreytts, en einstakir nefndarmenn áskildu sér þó rétt til að fylgja breytingartillögum, ef fram kynnu að koma.

Alþingi, 5. des. 1974.

| | | |
|---|---|---|
| Gunnlaugur Finnsson, form., frsm. | Ellert B. Schram, fundaskr. | Eðvarð Sigurðsson. |
| Geirþrúður H. Bernhöft. | Magnús T. Ólafsson. | Ólafur G. Einarsson. |
| | Stefán Valgeirsson. | |

## Ed. 108. Frumvarp til laga [96. mál]

um breyting á lögum nr. 14 15. mars 1965, um launaskatt.

(Lagt fyrir Alþingi á 96. löggjafarþingi, 1974.)

### 1. gr.

1. gr. laganna (sbr. 17. gr. l. nr. 10/1974) orðist svo:

Leggja skal á launagreiðendur almennan launaskatt að fjárhæð 3½% af greiddum vinnulaunum og hvers konar atvinnutekjum öðrum en tekjum sjómanna á íslenskum fiskiskipum, þar með töldum tekjum hlutaráðinna landmanna sem aflað er í tengslum við úthald skipanna til fiskveiða og tekjum af landbúnaði, svo sem ákveðið er í lögum þessum.

Skattur þessi skiptist þannig, að 2% renna í Byggingarsjóð ríkisins sem stofnfjárframlag og 1½% rennur í ríkissjóð.

### 2. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Byggingarsjóður ríkisins greiðir til ríkissjóðs 1% af hluta sjóðsins af innheimtum launaskatti samkvæmt lögum þessum, vegna kostnaðar af framkvæmd laganna.

### 3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1975 og gilda til loka þess árs.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 94 19. nóvember 1970, um ráðstafanir til stöðugs verðlags og atvinnuöryggis, var ákveðið að leggja á sérstakan launaskatt, er næmi 1½%, á tímabilinu 1. desember 1970 til 31. ágúst 1971, sbr. 2. gr. téðra laga. Með bráðabirgðalögum nr. 77 21. júlí 1971 var framangreint tímabil, sem innheimta skyldi launaskatt þennan, framlengt til 31. desember 1971. Með lögum nr. 96 27. desember 1971, um breyting á lögum um almannatryggingar, var ákveðið að skattur þessi skyldi innheimtur á árinu 1972, sbr. ákvæði til bráðabirgða III. lið. Með lögum nr. 104 31. desember 1972, um breyting á lögum nr. 14 15. mars 1965 um launaskatt, var ákveðið að skattur þessi skyldi innheimtur á árinu 1973. Með lögum nr. 101 21. desember 1973, um breyting á lögum nr. 14 15. mars 1965 um launaskatt, var ákveðið að skattur þessi skyldi einnig innheimtur á árinu 1974. Með lögum nr. 63 30. apríl 1973 var gerð breyting á 1. mgr. 1. gr. laga nr. 14 15. mars 1965, um launaskatt, sbr. 1. gr. laga nr. 104 31. desember 1972, og fólst í þeirri breytingu að launaskatt fyrir árið 1973 skyldi ekki greiða af tekjum sjómanna á fiskiskipum, þar með töldum tekjum hlutaráðinna landmanna. Með lögum nr. 10 22. mars 1974 var ákveðið að frá 1. apríl 1974 til loka ársins 1974 skyldi fjárhæð almenns launaskatts nema 3½%, þar af skyldu 2% renna í Byggingarsjóð ríkisins sem stofnfjárframlag en 1½% renna í ríkissjóð. Með frumvarpi þessu er lagt til að sami háttur verði hafður á um innheimtu launaskatts árið 1975 og var árið 1974 þannig, að skatturinn verði 3½% og renni 2% til Byggingarsjóðs ríkisins en 1½% til ríkissjóðs. Þá er lagt til að launaskattur verði ekki greiddur af tekjum sjómanna á íslenskum fiskiskipum, þar með töldum tekjum hlutaráðinna landmanna, og er þetta í samræmi við 17. gr. laga nr. 10 22. mars 1974.

2. gr. frumvarpsins er efnislega samhljóða 18. gr. l. nr. 10 22. mars 1974 og felur í sér að hlutur Byggingarsjóðs ríkisins í kostnaði við álagningu og innheimtu skattsins verði óbreyttur frá því sem verið hefur.

Fyrirhuguð er breyting á gjöldum þeim er launagreiðendum hefur verið gert að greiða ríkissjóði og Tryggingastofnun ríkisins vegna starfsmanna sinna. Er ætlunin að sameina hin ýmsu gjöld í einn skatt. Af þessari ástæðu þykir rétt að gildistími frumvarpsins verði aðeins eitt ár.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1975 eru tekjur af launaskatti áætlaðar í samræmi við ákvæði frumvarps þessa.

## Sþ. 109. Tillaga til þingsályktunar [97. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að fullgilda samninginn um alþjóðastofnun fjarskipta um gervihnetti (INTELSAT).

(Lögð fyrir Alþingi á 96. löggjafarþingi, 1974.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd samninginn um alþjóðastofnun fjarskipta um gervihnetti (INTELSAT), sem undirritaður var fyrir Íslands hönd í Washington hinn 14. febrúar 1972.

### Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Á sviði alþjóðasímafjarskipta hófst haustið 1964 hin lögformlega samvinna um gervihnattasímaleiðir yfir víðáttur úthafa og meginlanda. Áður hafði um nokkurra ára skeið verið unnið að frumdrögum og samningaumleitunum, er leiddu til bráðabirgðasamkomulags milli 19 ríkja og símastjórna þeirra, sem að þessu stóðu í upphafi.

Varð þetta vísir að stofnun, sem síðar hlaut nafnið INTELSAT (International Telecommunications Satellite Consortium).

Síðar hefur aðilum að INTELSAT fjölgað mjög verulega, og þátttakendur eru nú nær 90. Vegna góðra vaxtarskilyrða hefur einnig risið víðáttumikið gervihnattakerfi.

Samkvæmt bráðabirgðasamkomulaginu var stofnun INTELSAT gerð á þeirri forsendu, að reynslan skæri úr um það, hvort þetta samkomulag skyldi lögfest eða hvort mynda skyldi alþjóðastofnun með öllu, er því tilheyrir, svo sem aðalfundum og starfsliði á sviði viðskipta og tækni.

Framtíðarskipulag INTELSAT hefur nú verið endanlega ákveðið 20. ágúst 1971 með sáttmála í tveimur meginþáttum.

Hið nýja samkomulag byggir þannig á ríkisstjórnarsáttmála (þ. e. samningurinn) svo og viðaukasáttmála (þ. e. rekstrarsamkomulagið) milli símastjórna ríkjanna.

Samkomulag þetta var undirritað fyrir hönd Íslands í Washington hinn 14. febrúar 1972 með fyrirvara um staðfestingu.

Samkvæmt framangreindum sáttmálum verður INTELSAT alþjóðastofnun sem persóna að lögum, eins og nánar er tilgreint í IV. grein.

Allsherjarþing, þar sem sæti eiga öll þátttökuríki, fer með æðsta vald innan þessarar INTELSAT-stofnunar og tekur afstöðu til allra meginmála og hefur endanlegt ákvörðunarvald. Framkvæmdarstjórn INTELSAT myndar hins vegar takmarkaður fjöldi undirritunaraðila valdir með hliðsjón af afnotum INTELSAT-kerfisins.

Norðurlöndin geta í sameiningu átt aðild að framkvæmdastjórn INTELSAT og þá tilnefnt einn sameiginlegan fulltrúa, eins og verið hefur skv. bráðabirgðasamkomulaginu. Er talið mjög mikilvægt að geta á þann hátt beitt norrænum áhrifum í stjórninni.

Fyrir Ísland er ómetanlegt að fá tækifæri til þess að gerast meðlimur í framangreindri stofnun og vera jafnframt í mjög nánu samstarfi við Norðurlöndin á þessu sviði.

Þátttaka Íslands í umræddu gervihnattakerfi gerir okkur nú kleift að taka í notkun gervihnattasambönd strax og slíkt reynist fjárhagslega hagkvæmt.

Þátttaka okkar er fjárhagslega viðráðanleg og áhættulaus. Stofnfé, lagt fram sem okkar eignarhlutur, nemur um 120 þús. bandarískum dölum og er árðsemi þess áætluð 10—14% á ári. Má gera ráð fyrir, að þær tekjur muni nema hærri fjárhæð en að jafnaði þurfi að verja til reksturs og frekari fjárfestingar.

Að lokum skal á það bent, að ekkert einstakt ríki getur fengið meira atkvæðamagn en 40% af heildaratkvæðamagni. Þá er einnig komið í veg fyrir áhrifavald stærstu hluthafanna á þann hátt, að allir stjórnarmeðlimir, að undanskildum þremur geta tekið endanlegar ákvarðanir og þarf minnst fjóra meðlimi til samþykktar slíkum ákvörðunum.

Þegar á allt er litið er augljóst, að við höfum mikið hagræði af þátttöku í INTELSAT-stofnuninni, enda þótt við höfum ekki reist okkar eigin hugsanlegu jarðstöð.

**Fylgiskjal.**

## SAMNINGUR
**um alþjóðastofnun fjarskipta um gervihnetti "INTELSAT"**

### Inngangur

Aðilar samnings þessa

hafa í huga meginreglu ályktunar 1721 XVI. allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna um, að svo fljótt sem verði megi skuli komið á fjarskiptum um gervihnetti milli þjóða heims á alþjóðlegum grundvelli án mismununar,

hafa í huga viðeigandi ákvæði samningsins um rannsóknir og not ríkja af geimnum, þ. á m. tunglinu og öðrum stjörnum, og sérstaklega I. greinar hans, sem segir að nota skuli geiminn í þágu og til hagsmuna fyrir öll lönd,

líta til þess, að samkvæmt samningnum um bráðabirgðaskipan alþjóðlegra viðskiptafjarskipta um gervihnetti og hinu sérstaka samkomulagi, sem því er tengt, hefur verið komið á fót alþjóðlegum viðskiptafjarskiptum um gervihnetti,

vilja halda áfram þróun þessa fjarskiptakerfis um gervihnetti í því skyni, að komið verði á allsherjar alþjóðlegu viðskiptafjarskiptakerfi um gervihnetti, er verði hluti af bættu alþjóðlegu fjarskiptakerfi, sem láta muni í té aukna fjarskiptaþjónustu til allra heimssvæða

## AGREEMENT RELATING
**to the International Telecommunications Satellite Organization "INTELSAT"**

### Preamble

The States Parties to this Agreement,

Considering the principle set forth in Resolution 1721 (XVI) of the General Assembly of the United Nations that communication by means of satellites should be available to the nations of the world as soon as practicable on a global and non-discriminatory basis,

Considering the relevant provisions of the Treaty on Principles Governing the Activities of States in the Exploration and Use of Outer Space, Including the Moon and Other Celestial Bodies, and in particular Article I, which states that outer space shall be used for the benefit and in the interests of all countries,

Noting that pursuant to the Agreement Establishing Interim Arrangements for a Global Commercial Communications Satellite System and the related Special Agreement, a global commercial telecommunications satellite system has been established,

Desiring to continue the development of this telecommunications satellite system with the aim of achieving a single global commercial telecommunications satellite system as part of an improved global telecommunications network which will provide expanded telecom-

og stuðla að heimsfriði og skilningi milli þjóða,

eru staðráðnir í að láta í té í þessu skyni í þágu alls mannkyns með atbeina mestu tækniþekkingar, sem fyrir hendi er, hagkvæmustu og ódýrustu aðstöðu, sem unnt er að veita í samræmi við beztu og réttlátustu notkun radíótíðnisviðsins og gervihnattabrauta,

eru sannfærðir um, að fjarskipti um gervihnetti beri að skipuleggja þannig, að þau veiti öllum þjóðum aðgang að hinu alþjóðlega gervihnattakerfi og aðildarríkjum alþjóðafjarskiptastofnunarinnar, sem þess óska, tækifæri til að leggja sinn skerf til kerfisins og þar af leiðandi taka þátt í hönnun þess, þróun og byggingu, þ. á. m. við útvegun tækja, uppsetningu, rekstur, viðhald og eignarhald slíks kerfis,

og hafa þeir því í framhaldi af samningnum um bráðabirgðaskipan alþjóðlegra viðskiptafjarskipta um gervihnetti

orðið ásáttir um eftirfarandi:

I. gr.
**(Skýrgreiningar).**

Í þessum samningi:

a) þýðir „samningur" ákvæði þessa samnings, þ. á m. fylgiskjala hans, en án fyrirsagna einstakra greina, sem lagður hefur verið fram til undirritunar fyrir ríkisstjórnir í Washington hinn 20. ágúst 1971, og er með honum komið á fót alþjóðastofnuninni um fjarskipti um gervihnetti, "INTELSAT";

b) þýðir „rekstrarsamkomulag" samkomulagið, þ. á m. fylgiskjöl, en án fyrirsagna einstakra greina, sem lagt var fram til undirskriftar í Washington hinn 20. ágúst 1971 fyrir ríkisstjórnir eða fjarskiptastofnanir, sem tilnefndar hafa verið af ríkisstjórnum í samræmi við ákvæði þessa samnings;

c) þýðir „bráðabirgðasamkomulag" samkomulagið, sem kemur á fót bráðabirgðaskipan alþjóðlegs viðskiptafjarskiptakerfis um gervihnetti, sem undirritað var af ríkisstjórnum í Washington hinn 20. ágúst 1964;

munications services to all areas of the world and which will contribute to world peace and understanding,

Determined, to this end, to provide, for the benefit of all mankind, through the most advanced technology available, the most efficient and economic facilities possible consistent with the best and most equitable use of the radio frequency spectrum and of orbital space,

Believing that satellite telecommunications should be organized in such a way as to permit all peoples to have access to the global satellite system and those States members of the International Telecommunication Union so wishing to invest in the system with consequent participation in the design, development, construction, including the provision of equipment, establishment, operation, maintenance and ownership of the system,

Pursuant to the Agreement Establishing Interim Arrangements for a Global Commercial Communications Satellite System,

Agree as follows:

Article I
**(Definitions)**

For the purposes of this Agreement:

a) "Agreement" means the present agreement, including its Annexes but excluding all titles of Articles, opened for signature by Governments at Washington on August 20, 1971, by which the international telecommunications satellite organization "INTELSAT" is established;

b) "Operating Agreement" means the agreement, including its Annex but excluding all titles of Articles, opened for signature at Washington on August 20, 1971, by Governments or telecommunications entities designated by Governments in accordance with the provisions of this Agreement;

c) "Interim Agreement" means the Agreement Establishing Interim Arrangements for a Global Commercial Communications Satellite System signed by Governments at Washington on August 20, 1964;

d) þýðir „hið sérstaka samkomulag“ samkomulagið, sem undirritað var 20. ágúst 1964 af ríkisstjórnum eða fjarskiptastofnunum, sem tilnefndar eru af ríkisstjórnum samkvæmt ákvæðum bráðabirgðasamkomulagsins;

e) þýðir „bráðabirgðanefnd um gervihnattasamband“ nefndina, sem komið er á fót samkvæmt IV. grein bráðabirgðasamkomulagsins;

f) þýðir „hluthafi“ ríki, sem samningurinn hefur gengið í gildi hjá eða hefur framkvæmt hann til bráðabirgða;

g) þýðir „undirritunaraðili“ hluthafa eða fjarskiptastofnun tilnefnda af hluthafa, sem hefur undirritað rekstrarsamkomulagið og það hefur gengið í gildi hjá eða verið framkvæmt til bráðabirgða;

h) þýðir „geimskor“ fjarskiptahnettina, ásamt sporun, fjarmælingu, skipunum, stýringu, eftirliti og annarri aðstöðu og búnaði, sem þörf er á til stuðnings rekstrar gervihnattanna;

i) þýðir „INTELSAT geimskor“ geimskorir í eigu INTELSAT;

j) þýðir „fjarskipti“ hvers konar fjarflutning, sendingu eða móttöku tákna, merkja, skriftar, mynda og hljóða eða hvers kyns boð eftir vírum, radíó, ljósgeislum eða öðrum rafsegulkerfum;

k) þýðir „almenn fjarskiptaþjónusta“ fasta eða færanlega fjarskiptaþjónustu, sem hægt er að láta í té með gervihnöttum og er til afnota fyrir almenning, svo sem talsími, ritsími, telex, facsimile, data, sending á hljóðvarps- eða sjónvarpsdagskrám milli viðurkenndra jarðstöðva, sem aðgang hafa að INTELSAT geimskorinni til sendingar áfram til almennings, og leigðar fjarskiptarásir í sérhverju slíku skyni. Þetta tekur þó ekki til færanlegrar þjónustu þeirrar tegundar, sem ekki eru sett ákvæði um í bráðabirgðasamkomulaginu og sérstaka samkomulaginu, áður en samningur þessi var lagður fram til undirritunar, og veitt er um hreyfanlegar stöðvar, sem hafa beint samband við gervihnött, sem ætlað er að einhverju leyti eða öllu að láta í té þjónustu, er varðar öryggi eða flugumsjón flugvéla eða radíóleiðsögn flugfara eða skipa;

d) “Special Agreement” means the agreement signed on August 20, 1964, by Governments or telecommunications entities designated by Governments, pursuant to the provisions of the Interim Agreement;

e) “Interim Communications Satellite Committee” means the Committee established by Article IV of the Interim Agreement;

f) “Party” means a State for which the Agreement has entered into force or been provisionally applied;

g) “Signatory” means a Party, or the telecommunications entity designated by a Party, which has signed the Operating Agreement and for which it has entered into force or been provisionally applied;

h) “Space segment” means the telecommunications satellites, and the tracking, telemetry, command, control, monitoring and related facilities and equipment required to support the operation of these satellites;

i) “INTELSAT space segment” means the space segment owned by INTELSAT;

j) “Telecommunications” means any transmission, emission or reception of signs, signals, writing, images and sounds or intelligence of any nature, by wire, radio, optical or other electromagnetic systems;

k) “Public telecommunications services” means fixed or mobile telecommunications services which can be provided by satellite and which are available for use by the public, such as telephony, telegraphy, telex, facsimile, data transmission, transmission of radio and television programs between approved earth stations having access to the INTELSAT space segment for further transmission to the public, and leased circuits for any of these purposes; but excluding those mobile services of a type not provided under the Interim Agreement and the Special Agreement prior to the opening for signature of this Agreement, which are provided through mobile stations operating directly to a satellite which is designed, in whole or in part, to provide services relating to the safety or flight control of aircraft or to aviation or maritime radio navigation;

l) þýðir „sérstök fjarskiptaþjónusta“ fjarskiptaþjónustu, sem hægt er að láta í té um gervihnött, aðra en þá, sem málsliður k) þessarar greinar tekur til, þ. á m., en ekki takmarkað við, radíóleiðsögu, útvarp um gervihnetti til viðtöku frá almenningi, geimrannsóknir, veðurþjónustu og þjónustu varðandi auðlindir jarðar;

m) þýðir „eign“ hvers konar hlut, sem hægt er að hafa eignarhald á, svo og samningsréttindi, og

n) tekur „hönnun“ og „þróun“ einnig til rannsókna, sem standa í beinu sambandi við markmið INTELSAT.

l) "Specialized telecommunications services" means telecommunications services which can be provided by satellite, other than those defined in paragraph k) of this Article, including, but not limited to, radio navigation services, broadcasting satellite services for reception by the general public, space research services, meteorological services, and earth resources services;

m) "Property" includes every subject of whatever nature to which a right of ownership can attach, as well as contractual rights; and

n) "Design" and "development" include research directly related to the purposes of INTELSAT.

## II. gr.
## (Stofnun INTELSAT).

a) Í fullu samræmi við meginreglur inngangs samnings þessa stofna aðilar hér með alþjóðastofnunina um fjarskipti um gervihnetti, "INTELSAT", og er aðaltilgangur hennar að halda áfram og efla á öruggum grundvelli hönnun, þróun, byggingu, stofnun, rekstur og viðhald geimskorarinnar í hinu alþjóðlega viðskiptafjarskiptakerfi með gervihnöttum, sem komið er á fót samkvæmt ákvæðum bráðabirgðasamkomulagsins og sérstaka samkomulagsins.

b) Sérhver hluthafa skal undirrita eða fela fjarskiptastofnun hins opinbera eða einkaaðila að undirrita rekstrarsamkomulag, sem gera skal í samræmi við ákvæði þessa samnings og lagt skal fram til undirritunar samtímis þessum samningi. Samband fjarskiptastofnunar, sem undirritar, og aðildarríkis, sem hefur tilnefnt það, skal vera háð lögum hlutaðeigandi ríkis.

c) Fjarskiptastjórnir og -stofnanir geta samkvæmt lögum hlutaðeigandi ríkis samið um eða gerzt aðilar að fjarskiptasamningum um notkun fjarskiptarása, sem látnar eru í té samkvæmt samningi þessum og rekstrarsamkomulaginu, og um þjónustu, sem látin skal í

## Article II
## (Establishment of INTELSAT)

a) With full regard for the principles set forth in the Preamble to this Agreement, the Parties hereby establish the international telecommunications satellite organization "INTELSAT", the main purpose of which is to continue and carry forward on a definitive basis the design, development, construction, establishment, operation and maintenance of the space segment of the global commercial telecommunications satellite system as established under the provisions of the Interim Agreement and the Special Agreement.

b) Each State Party shall sign, or shall designate a telecommunications entity, public or private, to sign, the Operating Agreement which shall be concluded in conformity with the provisions of this Agreement and which shall be opened for signature at the same time as this Agreement. Relations between any telecommunications entity, acting as Signatory, and the Party which has designated it shall be governed by applicable domestic law.

c) Telecommunications administrations and entities may, subject to applicable domestic law, negotiate and enter directly into appropriate traffic agreements with respect to their use of channels of telecommunications provided pursuant to this Agreement and the

té almenningi, svo og um búnað, skiptingu tekna og skyld viðskiptaatriði.

III. gr.
**(Umfang starfsemi INTELSAT).**

a) Við framhald og eflingu á endanlegum grundvelli starfsemi varðandi geimskor alþjóðaviðskiptalega fjarskiptakerfisins um gervihnetti, sem vísað er til í málslið a) II. greinar þessa samnings, skal INTELSAT leggja höfuðáherzlu á að láta í té á viðskiptalegum grundvelli geimskor, sem þörf er á fyrir alþjóðleg fjarskipti almennings í háum gæða- og öryggisflokki, er verður til afnota án mismununar fyrir öll svæði heims.

b) Um eftirfarandi skulu gilda sömu reglur og um almenna alþjóðlega fjarskiptaþjónustu:

i) Almenn fjarskiptaþjónusta milli svæða innanlands, sem rofin eru af svæðum, sem ekki eru undir lögsögu hlutaðeigandi ríkis, eða milli svæða, sem skilin eru af úthafinu, og

ii) almenn fjarskiptaþjónusta milli svæða innanlands, sem ekki hafa samband á breiðbandskerfum á jörðu og eru aðskilin af landfræðilegum tálmunum, sem eru svo sérstaks eðlis, að þær hindra byggingu starfhæfra breiðbandskerfa milli slíkra svæða á jörðu, enda hafi fundur undirritunarríkja, með hliðsjón af áliti ráðsins, veitt viðeigandi samþykki fyrir fram.

c) INTELSAT geimskor, sem stofnað er til í samræmi við höfuðtilganginn, skal einnig látin í té annarri innlendri fjarskiptaþjónustu án mismununar, að svo miklu leyti sem það rýrir ekki hæfni INTELSAT til að ná höfuðtilganginum.

d) INTELSAT geimskorin verður einnig, sé þess óskað og með viðeigandi skilmálum og skilyrðum, notuð til sérstakrar fjarskiptaþjónustu, bæði alþjóðlegrar og

Operating Agreement, as well as services to be furnished to the public, facilities, divisions of revenue and related business arrangements.

Article III
**(Scope of INTELSAT Activities)**

a) In continuing and carrying forward on a definitive basis activities concerning the space segment of the global commercial telecommunications satellite system referred to in paragraph a) of Article II of this Agreement, INTELSAT shall have as its prime objective the provision, on a commercial basis, of the space segment required for international public telecommunications services of high quality and reliability to be available on a non-discriminatory basis to all areas of the world.

b) The following shall be considered on the same basis as international public telecommunications services:

i) domestic public telecommunications services between areas separated by areas not under the jurisdiction of the State concerned, or between areas separated by the high seas; and

ii) domestic public telecommunications services between areas which are not linked by any terrestrial wideband facilities and which are separated by natural barriers of such an exceptional nature that they impede the viable establishment of terrestrial wideband facilities between such areas, provided that the Meeting of Signatories, having regard to advice tendered by the Board of Governors, has given the appropriate approval in advance.

c) The INTELSAT space segment established to meet the prime objective shall also be made available for other domestic public telecommunications services on a non-discriminatory basis to the extent that the ability of INTELSAT to achieve its prime objective is not impaired.

d) The INTELSAT space segment may also, on request and under appropriate terms and conditions, be utilized for the purpose of specialized telecommunica-

innlendrar, annarrar en hernaðarlegrar, enda:

i) hafi það ekki óhagstæð áhrif á, að látin sé í té almenn fjarskiptaþjónusta, og
ii) að ráðstafanirnar séu að öðru leyti viðunandi frá tæknilegu og hagrænu sjónarmiði.

e) INTELSAT getur samkvæmt beiðni og með viðeigandi skilmálum og skilyrðum látið í té gervihnetti eða tengda aðstöðu utan INTELSAT geimskorarinnar til:

i) innlendrar fjarskiptaþjónustu á landssvæðum undir lögsögu eins eða fleiri aðila;
ii) alþjóðlegrar almennrar fjarskiptaþjónustu milli eða meðal svæða undir lögsögu tveggja eða fleiri hluthafa;
iii) sérstakrar fjarskiptaþjónustu, annarrar en í hernaðarþágu,

enda hafi það ekki óhagstæð áhrif á hagkvæman og hagsýnan rekstur INTELSAT geimskorarinnar.

f) Notkun INTELSAT geimskorarinnar til sérstakrar fjarskiptaþjónustu samkvæmt málslið d) þessarar greinar og not gervihnatta og tengdrar aðstöðu fyrir utan INTELSAT geimskor samkvæmt málslið e) þessarar greinar skal háð samningum, sem gerðir eru milli INTELSAT og þeirra umsækjenda, sem um er að ræða. Notkun INTELSAT geimskoraraðstöðu fyrir sérstaka fjarskiptaþjónustu samkvæmt d)-málslið þessarar greinar og not gervihnatta eða tengdrar aðstöðu utan INTELSAT geimskorar fyrir sérstaka fjarskiptaþjónustu samkvæmt málslið e) iii) þessarar greinar skal vera í samræmi við viðeigandi heimild gefna af þingi hluthafanna samkvæmt málslið c) iv) VII. greinar þessa samnings. Þegar notkun INTELSAT geimskoraraðstöðu fyrir sérstaka fjarskiptaþjónustu mundi hafa í för með sér aukinn kostnað vegna nauðsynlegra breytinga á INTELSAT geimskoraraðstöðu, sem fyrir hendi er eða ráðgerð, eða þegar óskað er gervihnatta eða svipaðrar aðstöðu fyrir utan INTELSAT geimskorina til sértions services, either international or domestic, other than for military purposes, provided that:

i) the provision of public telecommunications services is not unfavorably affected thereby; and
ii) the arrangements are otherwise acceptable from a technical and economic point of view.

e) INTELSAT may, on request and under appropriate terms and conditions, provide satellites or associated facilities separate from the INTELSAT space segment for:

i) domestic public telecommunications services in territories under the jurisdiction of one or more Parties;
ii) international public telecommunications services between or among territories under the jurisdiction of two or more Parties;
iii) specialized telecommunications services, other than for military purposes;

provided that the efficient and economic operation of the INTELSAT space segment is not unfavorably affected in any way.

f) The utilization of the INTELSAT space segment for specialized telecommunications services pursuant to paragraph d) of this Article, and the provision of satellites or associated facilities separate from the INTELSAT space segment pursuant to paragraph e) of this Article, shall be covered by contracts entered into between INTELSAT and the applicants concerned. The utilization of INTELSAT space segment facilities for specialized telecommunications services pursuant to paragraph d) of this Article, and the provision of satellites or associated facilities separate from the INTELSAT space segment for specialized telecommunications services pursuant to subparagraph e) iii) of this Article, shall be in accordance with appropriate authorizations, at the planning stage, of the Assembly of Parties pursuant to subparagraph c) iv) of Article VII of this Agreement. Where the utilization of INTELSAT space segment facilities for specialized telecommunications services would involve additional costs which

stakrar fjarskiptaþjónustu samkvæmt málslið e) iii) þessarar greinar, skal leitað heimildar samkvæmt málslið c) iv) VII. greinar þessa samnings hjá þingi hluthafanna þegar er ráðið hefur haft aðstöðu til að veita þinginu nákvæmar upplýsingar um áætlaðan kostnað, sem leiðir af tillögunum, hagræði það, sem í þeim er fólgið, tæknileg eða önnur vandamál, sem um teflir, og líkleg áhrif þessa á INTELSAT þjónustu, sem fyrir hendi er eða ráðgerð. Slík heimild skal fengin, áður en byrjað er á ráðstöfunum vegna þeirrar aðstöðu, sem um er að ræða. Áður en slík heimild er veitt, skal þing hluthafa eftir atvikum hafa samráð við eða tryggja það, að INTELSAT hafi haft samráð við sérstofnanir Sameinuðu þjóðanna, sem opnun hinnar sérstöku fjarskiptaþjónustu varðar beinlínis.

result from required modifications to existing or planned INTELSAT space segment facilities, or where the provision of satellites or associated facilities separate from the INTELSAT space segment is sought for specialized telecommunications services as provided for in subparagraph e) iii) of this Article, authorization pursuant to subparagraph c) iv) of Article VII of this Agreement shall be sought from the Assembly of Parties as soon as the Board of Governors is in a position to advise the Assembly of Parties in detail regarding the estimated cost of the proposal, the benefits to be derived, the technical or other problems involved and the probable effects on present or foreseeable INTELSAT services. Such authorization shall be obtained before the procurement process for the facility or facilities involved is initiated. Before making such authorizations, the Assembly of Parties, in appropriate cases, shall consult or ensure that there has been consultation by INTELSAT with Specialized Agencies of the United Nations directly concerned with the provision of the specialized telecommunications services in question.

IV. gr.

**(Persóna að lögum).**

a) INTELSAT skal vera persóna að lögum. Stofnunin skal að fullu vera bær um að stunda starfsemi sína og ná tilgangi sínum, þar á meðal til að:

i) gera samninga við ríki eða alþjóðastofnanir;
ii) gera samninga;
iii) öðlast og láta af hendi eignir, og
iv) vera aðili að málssókn.

b) Sérhver aðili skal gera nauðsynlegar ráðstafanir innan lögsögu sinnar til þess, að ákvæði þessarar greinar verði gild samkvæmt lögum lands hans.

Article IV

**(Juridical Personality)**

a) INTELSAT shall possess juridical personality. It shall enjoy the full capacity necessary for the exercise of its functions and the achievement of its purposes, including the capacity to:

i) conclude agreements with States or international organizations;
ii) contract;
iii) acquire and dispose of property; and
iv) be a party to legal proceedings.

b) Each Party shall take such action as is necessary within its jurisdiction for the purpose of making effective in terms of its own law the provisions of this Article.

V. gr.

**(Fjármál).**

a) INTELSAT skal vera eigandi INTELSAT geimskorarinnar og allra annarra eigna, sem INTELSAT öðlast. Fjár-

Article V

**(Financial Principles)**

a) INTELSAT shall be the owner of the INTELSAT space segment and of all other property acquired be INTEL-

hagslegir hagsmunir hvers undirritunaraðila í INTELSAT skulu vera jafnir þeirri upphæð, sem fram kemur við vægi fjárframlags hans gagnvart virðingu, sem gerð er eftir 7. grein rekstrarsamkomulagsins.

b) Sérhver undirritunaraðili skal hafa fjármagnshluta samsvarandi hlutfallslegri notkun hans á INTELSAT geimskorinni í samræmi við ákvæði rekstrarsamkomulagsins. Þó skal enginn undirritunaraðili, jafnvel þótt notkun hans á INTELSAT geimskorinni sé engin, eiga minni hlut en það lágmark, sem kveðið er á um í rekstrarsamkomulaginu.

c) Sérhver undirritunaraðili skal taka þátt í fjármagnsþörfum INTELSAT og fær endurgreiðslu á fjármagni og gjald fyrir notkun fjármagns í samræmi við ákvæði rekstrarsamkomulagsins.

d) Allir notendur INTELSAT geimskorarinnar skulu greiða afnotagjöld, sem ákveðin eru í samræmi við ákvæði þessa samnings og rekstrarsamkomulagsins. Upphæð afnotagjalda fyrir sérhver not geimskorar skal vera hin sama fyrir alla umsækjendur um geimsviðsaðild fyrir þá tegund hagnýtingar.

e) INTELSAT getur kostað og átt einstaka gervihnetti og tengda aðstöðu, sem vísað er til í málslið e) III. greinar þessa samnings, sem hluta INTELSAT geimskorarinnar, ef öll undirritunarríki samþykkja það. Ef slíks samþykkis er synjað, skal aðstaðan vera óháð INTELSAT geimskorinni og vera kostuð og í eigu þeirra, sem hennar æskja. Í því tilviki skulu fjárhagslegir skilmálar og skilyrði INTELSAT taka til alls kostnaðar, sem beinlínis leiðir af hönnun, þróun, byggingu og útvegun slíkra sérstakra gervihnatta og tengdrar aðstöðu, svo og til hæfilegs hluta af almennum og stjórnunarkostnaði INTELSAT.

SAT. The financial interest in INTELSAT of each Signatory shall be equal to the amount arrived at by the application of its investment share to the valuation effected pursuant to Article 7 of the Operating Agreement.

b) Each Signatory shall have an investment share corresponding to its percentage of all utilization of the INTELSAT space segment by all Signatories as determined in accordance with the provisions of the Operating Agreement. However, no Signatory, even if its utilization of the INTELSAT space segment is nil, shall have an investment share less than the minimum established in the Operating Agreement.

c) Each Signatory shall contribute to the capital requirements of INTELSAT, and shall receive capital repayment and compensation for use of capital in accordance with the provisions of the Operating Agreement.

d) All users of the INTELSAT space segment shall pay utilization charges determined in accordance with the provisions of this Agreement and the Operating Agreement. The rates of space segment utilization charge for each type of utilization shall be the same for all applicants for space segment capacity for that type of utilization.

e) The separate satellites and associated facilities referred to in paragraph e) of Article III of this Agreement may be financed and owned by INTELSAT as part of the INTELSAT space segment upon the unanimous approval of all the Signatories. If such approval is withheld, they shall be separate from the INTELSAT space segment and shall be financed and owned by those requesting them. In this case the financial terms and conditions set by INTELSAT shall be such as to cover fully the costs directly resulting from the design, development, construction and provision of such separate satellites and associated facilities as well as an adequate part of the general and administrative costs of INTELSAT.

VI. gr.
**(Skipulag INTELSAT).**

a) Innan INTELSAT skulu vera eftirfarandi stofnanir:
i) þing hluthafanna;
ii) fundur undirritunaraðila;
iii) ráðið, og
iv) framkvæmdastjórn, sem ber ábyrgð gagnvart ráðinu.

b) Sé ekki annað ákveðið í samningi þessum eða rekstrarsamkomulaginu, skal engin stofnun taka ákvarðanir eða gera neitt til þess að breyta, ógilda, tefja eða hafa á annan hátt áhrif á framkvæmd valds, ábyrgð eða störf, sem falin eru annarri stofnun samkvæmt samningi þessum eða rekstrarsamkomulaginu.

c) Samkvæmt ákvæðum b)-málsliðs þessarar greinar skal þing hluthafanna, fundur undirritunaraðila og ráðið hvert fyrir sig taka til athugunar og taka tillit til sérhverrar ályktunar, meðmæla eða skoðana annarrar stofnunar varðandi þá ábyrgð og störf, sem hún hefur samkvæmt þessum samningi eða rekstrarsamkomulaginu.

VII. gr.
**(Þing hluthafanna).**

a) Á þingi hluthafanna eiga allir aðilar sæti, og er þingið aðalstofnun INTELSAT.

b) Þing hluthafanna skal fjalla um þá þætti INTELSAT, sem einkum varða hluthafana sem fullvalda ríki. Þingið skal hafa vald til að fjalla um heildarstefnu og framtíðarmarkmið INTELSAT í samræmi við meginreglur, tilgang og umfang starfsemi INTELSAT, samkvæmt ákvæðum þessa samnings. Þingið skal í samræmi við málsliði b) og c) VI. greinar þessa samnings fjalla með viðeigandi hætti um ályktanir, tillögur og skoðanir, sem fundur undirritunaraðila eða ráðið vísa til þess.

Article VI
**(Structure of INTELSAT)**

a) INTELSAT shall have the following organs:
i) the Assembly of Parties;
ii) the Meeting of Signatories;
iii) the Board of Governors; and
iv) an executive organ, responsible to the Board of Governors.

b) Except to the extent that this Agreement or the Operating Agreement specifically provides otherwise, no organ shall make determinations or otherwise act in such a way as to alter, nullify, delay or in any other manner interfere with the exercise of a power or the discharge of a responsibility or a function attributed to another organ by this Agreement or the Operating Agreement.

c) Subject to paragraph b) of this Article, the Assembly of Parties, the Meeting of Signatories and the Board of Governors shall each take note of and give due and proper consideration to any resolution, recommendation or view made or expressed by another of these organs acting in the exercise of the responsibilities and functions attributed to it by this Agreement or the Operating Agreement.

Article VII
**(Assembly of Parties)**

a) The Assembly of Parties shall be composed of all the Parties and shall be the principal organ of INTELSAT.

b) The Assembly of Parties shall give consideration to those aspects of INTELSAT which are primarily of interest to the Parties as sovereign States. It shall have the power to give consideration to general policy and long-term objectives of INTELSAT consistent with the principles, purposes and scope of activities of INTELSAT, as provided for in this Agreement. In accordance with paragraphs b) and c) of Article VI of this Agreement, the Assembly of Parties shall give due and proper consideration to resolutions, recommendations and views addressed to it by the Meeting of Signatories or the Board of Governors.

c) Þing hluthafanna skal hafa eftirfarandi starfssvið og vald til að:

i) setja fram skoðanir sínar og gera tillögur eftir því, sem rétt þykir, til annarra stofnana INTELSAT að því er varðar heimild þingsins til að fjalla um heildarstefnu og framtíðarmarkmið INTELSAT;

ii) að ákveða, að ráðstafanir skuli gerðar til að koma í veg fyrir, að starfsemi INTELSAT brjóti í bág við hvers konar almennan, marghliða samning, sem er í samræmi við samning þennan og a. m. k. tveir þriðju aðilanna eiga aðild að;

iii) að athuga og taka ákvarðanir um tillögur til breytinga á samningi þessum í samræmi við XVII. grein hans og gera tillögu um, láta í ljós skoðanir og gefa álit um breytingar á rekstrarsamkomulaginu;

iv) að heimila með almennum reglum eða sérstökum ákvörðunum afnot INTELSAT geimskorarinnar og láta í té gervihnetti og tengda aðstöðu utan INTELSAT geimskorarinnar fyrir sérstaka fjarskiptaþjónustu innan þeirra marka, sem rætt er um í málsgrein d) og e) iii) III. greinar þessa samnings;

v) að endurskoða hinar almennu reglur, sem komnar eru á samkvæmt málslið b) v) VIII. greinar þessa samnings í því skyni að tryggja beitingu reglunnar um jafnræði;

vi) að athuga og láta í ljós skoðanir á skýrslum frá fundi undirritunarríkja og ráðinu um framkvæmd á almennri stefnu, starfsemi og framtíðaráætlun INTELSAT;

vii) að láta í ljós skoðun sína í formi tillagna samkvæmt XIV. grein samnings þessa um fyrirhugaða stofnun, útvegun eða hagnýtingu geimskoraraðstöðu utan INTELSAT geimskorarbúnaðar;

c) The Assembly of Parties shall have the following functions and powers:

i) in the exercise of its power of considering general policy and long-term objectives of INTELSAT, to formulate its views or make recommendations, as it may deem appropriate, to the other organs of INTELSAT;

ii) to determine that measures should be taken to prevent the activities of INTELSAT from conflicting with any general multilateral convention which is consistent with this Agreement and which is adhered to by at least two-thirds of the Parties;

iii) to consider and take decisions on proposals for amending this Agreement in accordance with Article XVII of this Agreement and to propose, express its views and make recommendations on amendments to the Operating Agreement;

iv) to authorize, through general rules or by specific determinations, the utilization of the INTELSAT space segment and the provision of satellites and associated facilities separate from the INTELSAT space segment for specialized telecommunications services within the scope of activities referred to in paragraph d) and subparagraph e) iii) of Article III of this Agreement;

v) to review, in order to ensure the application of the principle of non-discrimination, the general rules established pursuant to subparagraph b) v) of Article VIII of this Agreement;

vi) to consider and express its views on the reports presented by the Meeting of Signatories and the Board of Governors concerning the implementation of general policies, the activities and the long-term program of INTELSAT;

vii) to express, pursuant to Article XIV of this Agreement, its findings in the form of recommendations, with respect to the intended establishment, acquisition or utilization of space segment facilities separate from the INTELSAT space segment facilities;

viii) að taka ákvarðanir samkvæmt málslið b) i) XVI. greinar þessa samnings að því er varðar úrsögn hluthafa úr INTELSAT;

ix) að taka ákvörðun um atriði varðandi formlegt samband milli INTELSAT og ríkja, hvort sem þau eru hluthafar eða ekki, eða alþjóðastofnana;

x) að athuga kvartanir, sem hluthafar bera fram;

xi) að velja sérfræðinga í lögum samkvæmt 3. grein fylgiskjals C við samning þennan;

xii) að fjalla um skipun framkvæmdastjóra í samræmi við XI. og XII. grein samnings þessa;

xiii) að ákveða skipulag framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt XII. grein þessa samnings og

xiv) að beita hvers konar öðru valdi, sem fellur undir þing hluthafanna samkvæmt ákvæðum þessa samnings.

d) Aðalritari skal kveðja saman fyrsta reglulegan fund þings hluthafanna innan árs frá gildistöku samnings þessa. Reglulegir fundir skulu síðan ráðgerðir á tveggja ára fresti. Þing hluthafanna getur þó ákveðið annað frá einum fundi til annars.

e)

i) Auk hinna reglulegu funda, sem kveðið er á um í málslið d) þessarar greinar, getur þing hluthafanna komið saman til aukafunda, sem kveðja má saman annaðhvort samkvæmt ósk ráðsins í samræmi við ákvæði XIV. eða XVI. greinar samnings þessa eða samkvæmt beiðni eins eða fleiri hluthafa með samþykki a. m. k. þriðja hluta hluthafanna, þ. á m. þess eða þeirra hluthafa, sem fundar beiðast.

ii) Í beiðni um aukafundi skal greina frá tilgangi fundarins, og skal hún afhent skriflega til aðalritara eða framkvæmdastjóra, sem gera skulu

viii) to take decisions, pursuant to subparagraph b) i) of Article XVI of this Agreement, in connection with the withdrawal of a Party from INTELSAT;

ix) to decide upon questions concerning formal relationships between INTELSAT and States, whether Parties or not, or international organizations;

x) to consider complaints submitted to it by Parties;

xi) to select the legal experts referred to in Article 3 of Annex C to this Agreement;

xii) to act upon the appointment of the Director General in accordance with Articles XI and XII of this Agreement;

xiii) pursuant to Article XII of this Agreement, to adopt the organizational structure of the executive organ; and

xiv) to exercise any other powers coming within the purview of the Assembly of Parties according to the provisions of this Agreement.

d) The first ordinary meeting of the Assembly of Parties shall be convened by the Secretary General within one year following the date on which this Agreement enters into force. Ordinary meetings shall thereafter be scheduled to be held every two years. The Assembly of Parties, however, may decide otherwise from meeting to meeting.

e)

i) In addition to the ordinary meetings provided for in paragraph d) of this Article, the Assembly of Parties may meet in extraordinary meetings, which may be convened either upon request of the Board of Governors acting pursuant to the provisions of Article XIV or XVI of this Agreement, or upon the request of one or more Parties which receives the support of at least one third of the Parties including the requesting Party or Parties.

ii) Requests for extraordinary meetings shall state the purpose of the meeting and shall be addressed in writing to the Secretary General or the Director

ráðstafanir til, að fundur verði haldinn svo fljótt sem verða má og í samræmi við þingsköp þings hluthafa að því er varðar kvaðningu til slíkra funda.

f) Fulltrúar meiri hluta hluthafanna verða að mæta til þess að fundur teljist löglegur. Hver hluthafi hefur eitt atkvæði. Ákvörðun um efnisatriði skal tekin með atkvæðum a. m. k. tveggja þriðju hluthafanna, sem fulltrúa eiga á fundinum og atkvæði greiða. Til ákvarðana um fundarsköp þarf atkvæði einfalds meiri hluta hluthafa, sem fulltrúa eiga og greiða atkvæði. Ágreiningur um, hvort tiltekið atriði sé um fundarsköp eða efni, skal úrskurðaður með atkvæðum einfalds meiri hluta hluthafa, sem fulltrúa eiga og atkvæði greiða.

g) Þing hluthafanna setur sér sjálft þingsköp, og skal þar kveðið á um kjör forseta og annarra embættismanna.

h) Sérhver hluthafi skal standa straum af kostnaði fulltrúa sinna á þingfundi hluthafanna. Útgjöld af fundum þings hluthafanna skulu skoðuð sem stjórnunarkostnaður INTELSAT að því er varðar 8. grein rekstrarsamkomulagsins.

General, who shall arrange for the meeting to be held as soon as possible and in accordance with the rules of procedure of the Assembly of Parties for convening such meetings.

f) A quorum for any meeting of the Assembly of Parties shall consist of representatives of a majority of the Parties. Each Party shall have one vote. Decisions on matters of substance shall be taken by an affirmative vote cast by at least two-thirds of the Parties whose representatives are present and voting. Decisions on procedural matters shall be taken by an affirmative vote cast by a simple majority of the Parties whose representatives are present and voting. Disputes whether a specific matter is procedural or substantive shall be decided by a vote cast by a simple majority of the Parties whose representatives are present and voting.

g) The Assembly of Parties shall adopt its own rules of procedure, which shall include provision for the election of a Chairman and other officers.

h) Each Party shall meet its own costs of representation at a meeting of the Assembly of Parties. Expenses of meetings of the Assembly of Parties shall be regarded as an administrative cost of INTELSAT for the purpose of Article 8 of the Operating Agreement.

VIII. gr.

**(Fundur undirritunaraðila).**

a) Á fundum undirritunaraðila eiga allir undirritunaraðilar sæti. Í samræmi við málsliði b) og c) VI. greinar samnings þessa skal fundur undirritunaraðila fjalla á viðeigandi hátt um ályktanir, tillögur og skoðanir, sem þing hluthafanna eða ráðið vísa til hans.

b) Fundur undirritunaraðila skal fjalla um og hafa vald til:

i) að íhuga og gefa ráðinu álit um ársskýrslu og árlegt fjárhagsyfirlit, sem ráðið leggur fyrir hann;

Article VIII

**(Meeting of Signatories)**

a) The Meeting of Signatories shall be composed of all the Signatories. In accordance with paragraphs b) and c) of Article VI of this Agreement, the Meeting of Signatories shall give due and proper consideration to resolutions, recommendations and views addressed to it by the Assembly of Parties or the Board of Governors.

b) The Meeting of Signatories shall have the following functions and powers:

i) to consider and express its views to the Board of Governors on the annual report and annual financial statements submitted to it by the Board of Governors;

ii) að láta í ljós álit og umsögn um breytingartillögur á samningi þessum samkvæmt XVII. grein hans og athuga og taka ákvörðun samkvæmt 22. grein rekstrarsamkomulagsins, og með hliðsjón af skoðunum og tillögum frá þingi hluthafanna eða ráðinu, um breytingartillögur á rekstrarsamkomulaginu, sem í samræmi eru við samning þennan;

ii) to express its views and make recommendations on proposed amendments to this Agreement pursuant to Article XVII of this Agreement and to consider and take decisions, in accordance with Article 22 of the Operating Agreement and taking into account any views and recommendations received from the Assembly of Parties or the Board of Governors, on proposed amendments to the Operating Agreement which are consistent with this Agreement;

iii) að athuga og álykta um skýrslur um framtíðaráætlanir, þ. á m. áætlaðan kostnað af þeim, sem ráðið leggur fyrir;

iii) to consider and express its views regarding reports on future programs, including the estimated financial implications of such programs, submitted by the Board of Governors;

iv) að athuga og taka afstöðu til sérhverra tillagna, sem ráðið gerir um hækkun þess hámarks, sem rætt er um í 5. grein rekstrarsamkomulagsins;

iv) to consider and decide on any recommendation made by the Board of Governors concerning an increase in the ceiling provided for in Article 5 of the Operating Agreement;

v) að setja almennar reglur samkvæmt tillögum og til leiðbeiningar fyrir ráðið um

A) samþykkt á jarðstöðvum vegna sambands við INTELSAT geimskorina,

B) úthlutun INTELSAT geimskoraraðstöðu og

C) ákvörðun og breytingar á gjöldum fyrir afnot af INTELSAT geimskorinni án mismununar;

v) to establish general rules, upon the recommendation of and for the guidance of the Board of Governors, concerning:

A) the approval of earth stations for access to the INTELSAT space segment,

B) the allotment of INTELSAT space segment capacity, and

C) the establishment and adjustment of the rates of charge for utilization of the INTELSAT space segment on a non-discriminatory basis;

vi) að taka ákvarðanir samkvæmt XVI. grein samnings þessa í sambandi við úrsögn undirritunaraðila úr INTELSAT;

vi) to take decisions pursuant to Article XVI of this Agreement in connection with the withdrawal of a Signatory from INTELSAT;

vii) að athuga og álykta um kvartanir, sem undirritunaraðilar beina til hans, annaðhvort beint eða um hendur ráðsins eða berast um hendur ráðsins frá notendum INTELSAT geimskorarinnar, sem ekki eru undirritunaraðilar;

vii) to consider and express its views on complaints submitted to it by Signatories directly or through the Board of Governors or submitted to it through the Board of Governors by users of the INTELSAT space segment who are not Signatories;

viii) að undirbúa og leggja fyrir þing hluthafanna og hluthafana skýrslur um framkvæmd almennra stefnu-

viii) to prepare and present to the Assembly of Parties, and to the Parties, reports concerning the implementa-

markmiða, starfsemi og framtíðaráætlun INTELSAT;

ix) að taka ákvarðanir varðandi staðfestingar, sem rætt er um í málslið b) ii) III. greinar samnings þessa;

x) að athuga og láta í ljós skoðanir um skýrslur varðandi frambúðarskipulag, sem ráðið leggur fyrir þing hluthafanna samkvæmt málslið g) XII. greinar samnings þessa;

xi) að taka árlegar ákvarðanir um fulltrúa í ráðinu í samræmi við IX. grein samnings þessa og

xii) að beita hverju öðru valdi, sem undir fund undirritunaraðila heyrir samkvæmt ákvæðum samnings þessa eða rekstrarsamkomulaginu.

c) Fyrsti reglulegi fundur undirritunaraðila skal kvaddur saman af aðalritaranum samkvæmt beiðni ráðsins innan 9 mánaða frá gildistöku samnings þessa. Síðan skal reglulegur fundur haldinn árlega.

d)

i) Auk hinna reglulegu funda samkvæmt c-lið þessarar greinar getur fundur undirritunaraðila haldið aukafundi, sem kveðja má til annaðhvort samkvæmt ósk ráðsins eða eins eða fleiri undirritunaraðila, enda sé það samþykkt af a. m. k. einum þriðja undirritunaraðila, þ. á m. fundarbeiðanda eða beiðendum.

ii) Í beiðni um aukafundi skal greina frá verkefni fyrirhugaðs fundar, og skal hún afhent skriflega aðalritara eða framkvæmdastjóra, sem skulu gera ráðstafanir til, að fundurinn verði haldinn svo fljótt sem verða má og í samræmi við fundarsköp slíkra funda. Dagskrá aukafundar skal takmörkuð við það, sem greint er í fundarboði.

tion of general policies, the activities and the long-term program of INTELSAT;

ix) to take decisions concerning the approval referred to in subparagraph b) ii) of Article III of this Agreement;

x) to consider and express its views on the report on permanent management arrangements submitted by the Board of Governors to the Assembly of Parties pursuant to paragraph g) of Article XII of this Agreement;

xi) to make annual determinations for the purpose of representation on the Board of Governors in accordance with Article IX of this Agreement; and

xii) to exercise any other powers coming within the purview of the Meeting of Signatories according to the provisions of this Agreement or the Operating Agreement.

c) The first ordinary meeting of the Meeting of Signatories shall be convened by the Secretary General at the request of the Board of Governors within nine months after the entry into force of this Agreement. Thereafter an ordinary meeting shall be held in every calendar year.

d)

i) In addition to the ordinary meetings provided for in paragraph c) of this Article, the Meeting of Signatories may hold extraordinary meetings, which may be convened either upon the request of the Board of Governors or upon the request of one or more Signatories which receives the support of at least one-third of the Signatories including the requesting Signatory or Signatories.

ii) Requests for extraordinary meetings shall state the purpose for which the meeting is required and shall be addressed in writing to the Secretary General or the Director General, who shall arrange for the meeting to be held as soon as possible and in accordance with the rules of procedure of the Meeting of Signatories for convening such meetings. The agenda for an extraordinary meeting shall

e) Til þess að fundur undirritunaraðila sé löglegur skulu fulltrúar meiri hluta undirritunaraðila mæta. Sérhver undirritunaraðili fer með eitt atkvæði. Ákvarðanir um efnisatriði skulu teknar með a. m. k. tveim þriðju undirritunaraðila, sem fulltrúa eiga á fundinum og greiða atkvæði. Ákvarðanir um fundarsköp skulu teknar af einföldum meiri hluta undirritunaraðila, sem fulltrúa eiga og atkvæði greiða. Ágreiningur varðandi það, hvort tiltekið atriði fjalli um fundarsköp eða efni, skal úrskurðaður með atkvæðum einfalds meiri hluta undirritunaraðila, sem fulltrúa eiga og atkvæði greiða.

f) Fundur undirritunaraðila skal ákveða eigin fundarsköp sín, og skal þar tekið fram um kosningu formanns og annarra embættismanna.

g) Sérhver undirritunaraðili skal bera kostnað af fulltrúum sínum á fundi undirritunaraðila. Útgjöld vegna funda undirritunaraðila skulu talin hluti af rekstrarkostnaði INTELSAT samkvæmt 8. grein rekstrarsamkomulagsins.

IX. gr.
**(Ráðið: Meðlimir og atkvæðagreiðsla).**

a) Í ráðinu skulu eiga sæti:

i) einn ráðsmaður frá hverjum undirritunaraðila, sem látið hefur í té framlag, sem ekki sé minna en lágmarksframlag samkvæmt málsgrein b) þessarar greinar;

ii) einn ráðsmaður frá hverjum tveim eða fleiri undirritunaraðilum, sem ekki eiga fulltrúa samkvæmt málslið i) þessarar málsgreinar, enda sé sameiginlegt framlag þeirra ekki lægra en lágmarksframlag samkvæmt b)-lið þessarar greinar og þeir hafi samþykkt slíka skipan;

be restricted to the purpose or purposes for which the meeting was convened.

Þegar þessi 60 daga frestur byrjar að líða, skulu ákvæði 2. málsgreinar fylgiskjals rekstrarsamkomulagsins taka gildi í því skyni, sem lýst er í þeirri málsgrein. Þrátt fyrir ákvæðin hér á undan skal samningur þessi ekki ganga í gildi minna en 8 mánuðum eða meira en 18 mánuðum eftir þann dag, sem hann er lagður fram til undirskriftar.

b) Fyrir það ríki, sem afhendir fullgildingarskjöl sín, staðfestingu, samþykkt eða aðildarskjal eftir gildistöku samnings þessa samkvæmt a)-lið þessarar greinar skal samningurinn ganga í gildi, þegar slíkt skjal er afhent.

c) Þegar samningur þessi gengur í gildi samkvæmt a)-lið þessarar greinar, má framkvæma hann til bráðabirgða gagnvart ríki, ef ríkisstjórn þess hefur undirritað hann með fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykkt, ef sú ríkisstjórn óskar þess við undirskrift

Article XX
**(Entry Into Force)**

a) This Agreement shall enter into force sixty days after the date on which it has been signed not subject to ratification, acceptance or approval, or has been ratified, accepted, approved or acceded to, by two-thirds of the States which were parties to the Interim Agreement as of the date upon which this Agreement is opened for signature, provided that:

i) such two-thirds include parties to the Interim Agreement which then held, or whose signatories to the Special Agreement then held, at least two-thirds of the quotas under the Special Agreement; and

ii) such parties or their designated telecommunications entities have signed the Operating Agreement.

Upon the commencement of such sixty days, the provisions of paragraph 2 of the Annex to the Operating Agreement shall enter into force for the purposes stated in that paragraph. Notwithstanding the foregoing provisions, this Agreement shall not enter into force less than eight months or more than eighteen months after the date it is opened for signature.

b) For a State whose instrument of ratification, acceptance, approval or accession is deposited after the date this Agreement enters into force pursuant to paragraph a) of this Article, this Agreement shall enter into force on the date of such deposit.

c) Upon entry into force of this Agreement pursuant to paragraph a) of this Article, it may be applied provisionally with respect to any State whose Government signed it subject to ratification, acceptance or approval if that Government so requests at the time of

eða síðar, en áður en samningurinn tekur gildi. Bráðabirgðagildistaka fellur niður:

i) við afhendingu fullgildingar, staðfestingar eða samþykktar þessa samnings af hálfu þeirrar ríkisstjórnar;

ii) þegar tvö ár eru liðin frá því að samningur þessi gekk í gildi án þess að sú ríkisstjórn hafi fullgilt hann, staðfest eða samþykkt, eða

iii) þegar sú ríkisstjórn hefur tilkynnt innan tímamarka þeirra, sem greind eru í lið ii) þessarar greinar ákvörðun sína um, að hún muni ekki fullgilda, staðfesta eða samþykkja þennan samning.

Ef bráðabirgðagildistaka fellur niður samkvæmt málsliðum ii) eða iii) þessarar málsgreinar, skulu ákvæði málsliða g) og l) XVI. greinar þessa samnings gilda um réttindi og skyldur hluthafa og tilnefnds undirritunaraðila hans.

d) Þrátt fyrir ákvæði þessarar greinar skal samningur þessi hvorki ganga í gildi fyrir nokkurt ríki né koma til framkvæmda til bráðabirgða fyrir nokkurt ríki fyrr en ríkisstjórn þess ríkis eða fjarskiptastofnun, sem tilnefnd er samkvæmt þessum samningi, hefur undirritað rekstrarsamkomulagið.

e) Þegar þessi samningur gengur í gildi, skal hann koma í staðinn fyrir bráðabirgðasamkomulagið og það falla niður.

signature or at any time thereafter prior to the entry into force of this Agreement. Provisional application shall terminate:

i) upon deposit of an instrument of ratification, acceptance or approval of this Agreement by that Government;

ii) upon expiration of two years from the date on which this Agreement enters into force without having been ratified, accepted or approved by that Government; or

iii) upon notification by that Government, before expiration of the period mentioned in subparagraph ii) of this paragraph, of its decision not to ratify, accept or approve this Agreement.

If provisional application terminates pursuant to subparagraph ii) or iii) of this paragraph, the provisions of paragraphs g) and l) of Article XVI of this Agreement shall govern the rights and obligations of the Party and of its designated Signatory.

d) Notwithstanding the provisions of this Article, this Agreement shall neither enter into force for any State nor be applied provisionally with respect to any State until the Government of that State or the telecommunications entity designated pursuant to this Agreement shall have signed the Operating Agreement.

e) Upon entry into force, this Agreement shall replace and terminate the Interim Agreement.

XXI. gr.

**(Ýmis ákvæði).**

a) Hin löggiltu og starfsgiltu tungumál INTELSAT skulu vera enska, franska og spánska.

b) Stjórnunarákvæði fyrir framkvæmdastjórnina skulu kveða á um tafarlausa dreifingu til allra hluthafa og undirritunaraðila á eintökum af INTELSAT skjölum samkvæmt beiðni þeirra.

c) Í samræmi við ákvæði ályktunar 1721 (XVI) allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna skal framkvæmdastjórnin senda aðalritara Sameinuðu þjóðanna og hlut-

Article XXI

**(Miscellaneous Provisions)**

a) The official and working languages of INTELSAT shall be English, French and Spanish.

b) Internal regulations for the executive organ shall provide for the prompt distribution to all Parties and Signatories of copies of any INTELSAT document in accordance with their requests.

c) Consistent with the provisions of Resolution 1721 (XVI) of the General Assembly of the United Nations, the executive organ shall send to the Secre-

aðeigandi sérstofnunum til upplýsinga ársskýrslu um starfsemi INTELSAT.

tary General of the United Nations, and to the Specialized Agencies concerned, for their information, an annual report on the activities of INTELSAT.

XXII. gr.
(Vörzluríki).

a) Ríkisstjórn Bandaríkjanna skal vera vörzluríki vegna samnings þessa, og skal afhenda henni yfirlýsingar, sem gerðar eru samkvæmt b)-lið XIX. greinar þessa samnings, skjöl um fullgildingu, staðfestingu, samþykkt eða aðild, beiðni um framkvæmd til bráðabirgða og tilkynningar um fullgildingu, staðfestingu eða samþykkt á breytingum, ákvarðanir um úrsögn úr INTELSAT eða niðurfall bráðabirgðaframkvæmdar þessa samnings.

Article XXII
(Depositary)

a) The Government of the United States of America shall be the Depositary for this Agreement, with which shall be deposited declarations made pursuant to paragraph b) of Article XIX of this Agreement, instruments of ratification, acceptance, approval or accession, requests for provisional application, and notifications of ratification, acceptance or approval of amendments, of decisions to withdraw from INTELSAT, or of termination of the provisional application of this Agreement.

b) Samningur þessi, sem gerður er á ensku, frönsku og spönsku, og eru allir textar jafngildir, skal varðveittur í skjalasafni vörzluríkisins. Vörzluríkið skal senda staðfest eintök af texta samningsins til allra ríkisstjórna, sem hann hafa undirritað eða hafa afhent aðildarskjöl að honum, og til alþjóðafjarskiptastofnunarinnar og tilkynna ríkjum þeim og alþjóðafjarskiptastofnuninni um undirritanir, yfirlýsingar samkvæmt b)-lið XIX. greinar samnings þessa, afhendingu skjala um fullgildingu, staðfestingu, samþykkt eða aðild, beiðni um bráðabirgðaframkvæmd, um upphaf 60 daga frestsins, sem vísað er til í málslið a) XX. greinar samnings þessa um gildistöku hans, tilkynningar um fullgildingu, staðfestingu eða samþykkt, um gildistöku breytinga, um úrskurði um úrsögn úr INTELSAT, um brottfall og niðurfellingu bráðabirgðaframkvæmdar samnings þessa. Tilkynning um upphaf 60 daga tímabilsins skal gefin út á fyrsta degi þess tímabils.

b) This Agreement, of which the English, French and Spanish texts are equally authentic, shall be deposited in the archives of the Depositary. The Depositary shall transmit certified copies of the text of this Agreement to all Governments that have signed it or deposited instruments of accession to it, and to the International Telecommunication Union, and shall notify those Governments, and the International Telecommunication Union, of signatures, of declarations made pursuant to paragraph b) of Article XIX of this Agreement, of the deposit of instruments of ratification, acceptance, approval or accession, of requests for provisional application, of commencement of the sixty-day period referred to in paragraph a) of Article XX of this Agreement, of the entry into force of this Agreement, of notifications of ratification, acceptance or approval of amendments, of the entry into force of amendments, of decisions to withdraw from INTELSAT, of withdrawals and of terminations of provisional application of this Agreement. Notice of the commencement of the sixty-day period shall be issued on the first day of that period.

c) Þegar samningur þessi hefur tekið gildi, skal vörzluríkið skrásetja hann hjá skrifstofu Sameinuðu þjóðanna í sam-

c) Upon entry into force of this Agreement, the Depositary shall register it with the Secretariat of the United Nations in

ræmi við 102. grein sáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Þessu til staðfestu hafa fulltrúar ríkjanna, sem saman komnir eru í Washington og hafa lagt fram fullgild umboð sín, undirritað samning þennan.

Gjört í Washington, hinn 20. ágúst 1971.

accordance with Article 102 of the Charter of the United Nations.

IN WITNESS WHEREOF the Plenipotentiaries gathered together in the city of Washington, who have submitted their full powers, found to be in good and due form, have signed this Agreement.

DONE at Washington, on the 20th day of August, one thousand nine hundred and seventy one.

## FYLGISKJAL A
## STÖRF AÐALRITARA

Störf aðalritara, sem vísað er til í málslið b) XII. greinar þessa samnings, eru m. a. eftirfarandi:

1) að halda uppi áætlunum um fjarskiptaþarfir INTELSAT og með það fyrir augum að kveðja til reglubundinna svæðafunda til þess að áætla fjarskiptaþarfirnar;

2) að samþykkja umsóknir um afnot af INTELSAT geimskorinni af hálfu reglulegra jarðstöðva, gefa ráðinu skýrslu um umsóknir varðandi afnot af hálfu óreglulegra jarðstöðva og halda skýrslur um óráðstafaða notkun jarðstöðva, sem fyrir hendi eru eða ráðgerðar eru;

3) að halda skrár, sem byggðar séu á skýrslum undirritunaraðila, annarra jarðstöðvaeigenda og starfsþjónustusamningshafa, um tæknilega starfsmöguleika og takmarkanir allra jarðstöðva, sem fyrir hendi eru og ráðgerðar eru;

4) að halda skrá yfir úthlutun tíðna til notenda og sjá um tilkynningu tíðna til alþjóðafjarskiptastofnunarinnar;

5) að semja á grundvelli áforma, sem ráðið hefur staðfest, fjárhags- og rekstraráætlanir og meta tekjuþarfir;

6) að gera tillögu til ráðsins um afnotagjöld fyrir INTELSAT geimskorina;

7) að gera tillögur til ráðsins um tilhögun reikningsskila;

8) að hafa bókhald og leggja það fram til endurskoðunar samkvæmt ákvörðun ráðsins og semja mánaðarlegt og árlegt fjárhagsyfirlit;

## ANNEX A
## FUNCTIONS OF THE SECRETARY GENERAL

The functions of the Secretary General referred to in paragraph b) of Article XII of this Agreement include the following:

1) maintain the INTELSAT traffic data projections and, for this purpose, convene periodic regional meetings in order to estimate traffic demands;

2) approve applications for access to the INTELSAT space segment by standard earth stations, report to the Board of Governors on applications for access by non-standard earth stations, and maintain records on dates of availability of existing and proposed earth stations;

3) maintain records based on reports submitted by Signatories, other earth station owners and the management services contractor, on the technical and operational capabilities and limitations of all existing and proposed earth stations;

4) maintain an office of record of the assignment of frequencies to users and arrange for the notification of frequencies to the International Telecommunication Union;

5) based on planning assumptions approved by the Board of Governors, prepare capital and operating budgets and estimates of revenue requirements;

6) recommend INTELSAT space segment utilization charges to the Board of Governors;

7) recommend accounting policies to the Board of Governors;

8) maintain books of account and make them available for audit as required by the Board of Governors, and prepare monthly and annual financial statements;

9) að reikna út fjárframlög undirritunaraðila, gefa undirritunaraðilum skýrslur um fjárframlög og notendum INTELSAT geimskorarinnar um afnotagjöld, taka við greiðslum fyrir hönd INTELSAT og greiða undirritunaraðilum tekjuhluta og aðrar greiðslur í reiðu fé fyrir hönd INTELSAT;

10) að tilkynna ráðinu um undirritunaraðila, sem ekki hafa innt af hendi fjárframlög sín, og notendur, sem ekki hafa greitt afnotagjöld af hagnýtingu INTELSAT geimskorarinnar;

11) að samþykkja og greiða reikninga, sem stílaðir eru á INTELSAT, vegna heimilaðra innkaupa og samninga, sem framkvæmdastjórnin hefur gert, og endurgreiða rekstrarþjónustusamningshafa útgjöld vegna kaupa og samninga, sem gerðir eru fyrir hönd INTELSAT og með heimild ráðsins;

12) að stjórna hlunnindakerfi starfsfólks INTELSAT og greiða laun og heimiluð útgjöld INTELSAT starfsmanna;

13) að fjárfesta eða geyma sjóð stofnunarinnar og ráðstafa honum eftir þörfum til að inna af hendi skuldbindingar INTELSAT;

14) að hafa með höndum eigna- og afskriftarreikninga INTELSAT og sjá um, að rekstrarþjónustusamningshafi og hlutaðeigandi undirritunaraðilar geri nauðsynlega úttekt á eignum INTELSAT;

15) að gera tillögur um skilmála og skilyrði í úthlutunarsamningum vegna afnota af INTELSAT geimskorinni;

16) að gera tillögur um vátryggingar á eignum INTELSAT og gera nauðsynlega samninga þar að lútandi samkvæmt heimild ráðsins;

17) að rannsaka og gefa skýrslu til ráðsins vegna ákvæða d)-liðs XIV. greinar þessa samnings um áætlaða efnahagslega þýðingu fyrir INTELSAT geimskoraraðstöðu, sem ráðgerð er utan INTELSAT geimskoraraðstöðunnar;

18) að gera uppkast að dagskrá funda þings hluthafanna, fundar undirritunaraðila og ráðsins og nefnda þess og ganga frá fundargerðum slíkra funda og

9) calculate the investment shares of Signatories, render accounts of Signatories for capital contributions and to allottees for INTELSAT space segment utilization charges, receive cash payments on behalf of INTELSAT, and make revenue distributions and other cash disbursements to Signatories on behalf of INTELSAT;

10) advise the Board of Governors of Signatories in default of capital contributions, and of allottees in default of payments for INTELSAT space segment utilization charges;

11) approve and pay invoices submitted to INTELSAT with respect to authorized purchases and contracts made by the executive organ, and reimburse the management services contractor for expenditures incurred in connection with purchases and contracts made on behalf of INTELSAT and authorized by the Board of Governors;

12) administer INTELSAT personnel benefit programs and pay salaries and authorized expenses of INTELSAT personnel;

13) invest or deposit funds on hand, and draw upon such investments or deposits as necessary to meet INTELSAT obligations;

14) maintain INTELSAT property and depreciation accounts, and arrange with the management services contractor and the appropriate Signatories for the necessary investories of INTELSAT property;

15) recommend terms and conditions of allotment agreements for utilization of the INTELSAT space segment;

16) recommend insurance programs for protection of INTELSAT property and, as authorized by the Board of Governors, arrange for necessary coverage;

17) for the purpose of paragraph d) of Article XIV of this Agreement, analyze and report to the Board of Governors on the estimated economic effects to INTELSAT of any proposed space segment facilities separate from the INTELSAT space segment facilities;

18) prepare the tentative agenda for meetings of the Assembly of Parties, the Meeting of Signatories and the Board of Governors and their advisory committees,

aðstoða formenn ráðgjafarnefnda við undirbúning dagskrár þeirra, fundargerða og skýrslna til þings hluthafa, fundar undirritunaraðila og ráðsins;

19) gera ráðstafanir vegna tungumálaþýðinga, vegna þýðinga, prentunar og dreifingar skjala og skrásetningar orðréttra fundargerða, eftir því sem þörf krefur;

20) að gera yfirlit um aðdraganda ákvarðana, sem teknar eru af þingi hluthafanna, fundi undirritunaraðilanna og ráðinu, og gera skýrslur og ganga frá bréfaskriftum varðandi ákvarðanir, sem teknar eru á fundunum;

21) að aðstoða við túlkun á fundarsköpum þings hluthafa, fundar undirritunaraðila og ráðsins og fyrirmælum ráðgjafarnefnda;

22) að gera nauðsynlegar ráðstafanir vegna funda þings hluthafa, fundar undirritunaraðila og ráðsins og ráðgjafarnefnda þeirra;

23) að gera tillögur um gerð og fyrirkomulag samninga og innkaupa fyrir hönd INTELSAT;

24) að veita ráðinu upplýsingar um framkvæmd skuldbindinga verktaka, þ. á m. rekstrarþjónustusamningshafa;

25) að taka saman og halda við alþjóðlegum lista um aðila að útboðum vegna útvegana fyrir INTELSAT;

26) að hafa viðræður um, gera og framkvæma samninga, sem nauðsynlegir eru til, að aðalritari geti framkvæmt þau störf, sem honum eru falin, þ. á m. samninga um aðstoð frá öðrum stofnunum til þess að framkvæma slík störf;

27) að sjá um eða útvega lögfræðilega aðstoð fyrir INTELSAT eftir því sem þörf krefur vegna starfs aðalritara;

28) að sjá um nauðsynlega upplýsingaþjónustu; og

29) að undirbúa og kveðja saman fundi til að semja um bókun varðandi friðindi, undanþágur og friðhelgi, sem vísað er til í c)-lið XV. greinar þessa samnings.

and the provisional summary records of such meetings, and assist the chairmen of advisory committees in preparation of their agenda, records and reports to the Assembly of Parties, the Meeting of Signatories and the Board of Governors;

19) arrange for interpretation services, for the translation, reproduction, and distribution of documents, and for the preparation of verbatim records of meetings, as necessary;

20) provide the history of the decisions taken by the Assembly of Parties, the Meeting of Signatories and the Board of Governors, and prepare reports and correspondance relating to decisions taken during their meetings;

21) assist in the interpretation of the rules of procedure of the Assembly of Parties, the Meeting of Signatories and the Board of Governors, and the terms of reference for their advisory committees;

22) make arrangements for any meetings of the Assembly of Parties, the Meeting of Signatories and the Board of Governors and of their advisory committees;

23) recommend procedures and regulations for contracts and purchases made on behalf of INTELSAT;

24) keep the Board of Governors informed on the performance of the obligations of contractors, including the management services contractor;

25) compile and maintain a worldwide list of bidders for all INTELSAT procurement;

26) negotiate, place and administer contracts necessary to enable the Secretary General to perform his assigned functions, including contracts for obtaining assistance from other entities to perform such functions;

27) provide or arrange for the provision of legal advice to INTELSAT, as required in connection with the functions of the Secretary General;

28) provide appropriate public information services; and

29) arrange and convene conferences for negotiation of the Protocol covering privileges, exemptions and immunities, referred to in paragraph c) of Article XV of this Agreement.

## FYLGISKJAL B
## STÖRF STJÓRNUNARSAMNINGSHAFA OG GRUNDVALLARSJÓNARMIÐ STJÓRNUNARSAMNINGS

1. Stjórnunarsamningshafi skal vinna eftirfarandi störf í samræmi við XII. grein þessa samnings:

a) að gera tillögur til ráðsins um rannsóknir og uppbyggingu í beinu sambandi við markmið INTELSAT;

b) samkvæmt heimild ráðsins:

i) að framkvæma athuganir, rannsóknir og uppbyggingu, annaðhvort beint eða samkvæmt samningi við aðrar stofnanir eða menn;
ii) að framkvæma kerfisbundnar athuganir á sviði verkfræði, hagfræði og hagsýns rekstrar;
iii) að framkvæma prófanir á hugsuðum kerfum og mat á þeim; og
iv) að athuga og gera áætlun um eftirspurn eftir nýrri gervihnattaþjónustu.

c) að gera tillögur til ráðsins um þarfir fyrir útvegun á geimskoraraðstöðu fyrir INTELSAT geimskorina;

d) samkvæmt fyrirmælum ráðsins að útbúa og dreifa beiðnum um tillögur, þ. á m. um útboðslýsingar vegna útvegunar á geimskorarþjónustu;

e) að meta allar tillögur, sem fram koma vegna beiðna um tillögur, og gefa ráðinu álit um slíkar tillögur;

f) í samræmi við útvegunarreglur og ákvarðanir ráðsins:

i) að semja um, ákveða, breyta og framkvæma alla samninga um geimskor af hálfu INTELSAT;
ii) að gera ráðstafanir til að skjóta upp gervihnöttum og gera nauðsynlegar ráðstafanir í sambandi við það, svo og hafa samvinnu um slík skot;
iii) að sjá um vátryggingar til að vernda INTELSAT geimskor og þann útbúnað, sem ætlaður er fyrir geimskot eða geimskotsþjónustu;

## ANNEX B
## FUNCTIONS OF THE MANAGEMENT SERVICES CONTRACTOR AND GUIDELINES OF THE MANAGEMENT SERVICES CONTRACT

1) Pursuant to Article XII of this Agreement, the management services contractor shall perform the following functions:

a) recommend to the Board of Governors research and development programs directly related to the purposes of INTELSAT;

b) as authorized by the Board of Governors:

i) conduct studies and research and development, directly or under contract with other entities or persons,
ii) conduct system studies in the fields of engineering, economics and cost effectiveness,
iii) perform system simulation tests and evaluations, and
iv) study and forecast potential demands for new telecommunications satellite services;

c) advise the Board of Governors on the need to procure space segment facilities for the INTELSAT space segment;

d) as authorized by the Board of Governors, prepare and distribute requests for proposals, including specifications, for procurement of space segment facilities;

e) evaluate all proposals submitted in response to requests for proposals and make recommendations to the Board of Governors on such proposals;

f) pursuant to procurement regulations and in accordance with decisions of the Board of Governors:

i) negotiate, place, amend and administer all contracts on behalf of INTELSAT for space segments,
ii) make arrangements for launch services and necessary supporting activities, and cooperate in launches,
iii) arrange insurance coverage to protect the INTELSAT space segment as well as equipment designated for launch or launch services,

iv) að gera ráðstafanir til nauðsynlegrar þjónustu til að fylgjast með, mæla, stjórna og hafa umráð yfir gervihnöttum, og þ. á m. samræma störf undirritunaraðila og annarra eigenda jarðstöðva, sem þátt taka í að láta slíka þjónustu í té, til að sjá um staðsetningu gervihnatta, stjórnun þeirra og prófanir; og

v) að sjá um að látin sé í té þjónusta til að fylgjast með eðli gervihnattaþjónustu, útbúnaði og hagkvæmni, og orku og tíðni, sem jarðstöðvar nota, þ. á m. samræmingu starfa undirritunaraðila og annarra eigenda jarðstöðva, sem þátt taka í að láta í té slíka þjónustu.

g) Að gera tillögu til ráðsins um tíðni til afnota fyrir INTELSAT geimskorina og áætlun um staðsetningu gervihnatta vegna fjarskipta.

h) Að starfrækja framkvæmdastöð INTELSAT og tæknimiðstöð gervihnatta.

i) Að gera tillögu til ráðsins um starfshæfni jarðstöðva, bæði að því er varðar lágmarkskröfur og annað.

j) Að meta umsóknir um afnot af INTELSAT geimskorinni af hálfu óreglulegra jarðstöðva.

k) Að úthluta einingum INTELSAT geimskoraraðstöðu samkvæmt ákvörðun ráðsins.

l) Að undirbúa og samræma starfsemi kerfisins (þar á meðal athuganir á afstöðu gervihnatta innan kerfisins og áætlanir til að mæta óvæntum atvikum), reglur, leiðarvísi, framkvæmd og hæfnisskilyrði til samþykktar af hálfu ráðsins.

m) Að undirbúa, samræma og ráðstafa tíðnaáætlunum vegna úthlutunar til jarðstöðva, sem aðgang hafa að INTELSAT geimskorinni.

n) Að undirbúa og dreifa skýrslum um starfsemi kerfisins og þ. á m. afnot, sem fyrir hendi eru og ráðgerð eru.

o) Að dreifa upplýsingum til undirritunaraðila og annarra notenda um nýja fjarskiptaþjónustu og tækni.

iv) provide or arrange for the provision of services for tracking, telemetry, command and control of the telecommunications satellites, including coordination of the efforts of Signatories and other owners of earth stations participating in the provision of these services, to perform satellite positioning, maneuvers, and tests, and

v) provide or arrange for the provision of services for monitoring satellite performance characteristics, outages, and effectiveness, and the satellite power and frequencies used by the earth station, including coordination of the efforts of Signatories and other owners of earth stations participating in the provision of these services;

g) recommend to the Board of Governors frequencies for use by the INTELSAT space segment and location plans for telecommunications satellites;

h) operate the INTELSAT Operations Center and the Spacecraft Technical Control Center;

i) recommend to the Board of Governors standard earth station performance characteristics, both mandatory and non-mandatory;

j) evaluate applications for access to the INTELSAT space segment by non-standard earth stations;

k) allot units of INTELSAT space segment capacity, as determined by the Board of Governors;

l) prepare and coordinate system operations plans (including network configuration studies and contingency plans), procedures, guides, practices and standards, for adoption by the Board of Governors;

m) prepare, coordinate and distribute frequency plans for assignment to earth stations having access to the INTELSAT space segment;

n) prepare and distribute system status reports, to include actual and projected system utilization;

o) distribute information to Signatories and other users on new telecommunications services and methods;

p) Í samræmi við d)-lið XIV. greinar samnings þessa að rannsaka og gefa ráðinu skýrslur um áhrif ráðgerðrar geimskorarþjónustu utan INTELSAT geimskoraraðstöðu á INTELSAT frá tæknilegu og framkvæmdalegu sjónarmiði, þ. á m. áhrif á tíðna- og staðsetningaráætlanir INTELSAT.

q) Að láta aðalritara í té nauðsynlegar upplýsingar varðandi framkvæmd skyldu hans gagnvart ráðinu vegna ákvæða 24. liðs fylgiskjals A við samning þennan.

r) Að gera tillögur varðandi birtingu, dreifingu og vernd réttinda á uppgötvunum og tæknilegum upplýsingum í samræmi við 17. grein rekstrarsamkomulagsins.

s) Í samræmi við ákvarðanir ráðsins að láta undirritunaraðilum og öðrum í té réttindi INTELSAT í uppgötvunum og tæknilegum upplýsingum í samræmi við 17. grein rekstrarsamkomulagsins og gera samninga um löggildingu fyrir hönd INTELSAT; og

t) gera allar ráðstafanir á sviði rekstrar, tækni, fjármála, útvegunar, stjórnunar og aðstoðar, sem nauðsynlegar eru til þess að framkvæma þau störf, sem talin eru hér að framan.

2. Stjórnunarþjónustusamningurinn skal hafa viðeigandi ákvæði til þess að framkvæma hlutaðeigandi ákvæði XII. greinar samnings þessa og kveða á um:

a) endurgreiðslu INTELSAT í Bandaríkjadollurum á öllum beinum og óbeinum kostnaði, sem skjalfestur er og greindur og stjórnunarþjónustusamningshafi hefur stofnað til samkvæmt samningnum;

b) greiðslur til stjórnunarþjónustusamningshafa á fastri upphæð á ársgrundvelli í Bandaríkjadollurum samkvæmt samkomulagi ráðsins og samningshafans;

c) reglulega endurskoðun af hálfu ráðsins í samvinnu við stjórnunarþjónustusamningshafa á kostnaði samkvæmt a)-lið þessarar málsgreinar;

p) for the purpose of paragraph d) of Article XIV of this Agreement, analyze and report to the Board of Governors on the estimated technical and operational effect on INTELSAT of any proposed space segment facilities separate from the INTELSAT space segment facilities, including the effect on the frequency and location plans of INTELSAT;

q) provide the Secretary General with the information necessary for the performance of his responsibility to the Board of Governors pursuant to paragraph 24 of Annex A to this Agreement;

r) make recommendations relating to the acquisition, disclosure, distribution and protection of rights in inventions and technical information in accordance with Article 17 of the Operating Agreement;

s) pursuant to decisions of the Board of Governors, arrange to make available to Signatories and others the rights of INTELSAT in inventions and technical information in accordance with Article 17 of the Operating Agreement, and enter into licensing agreements on behalf of INTELSAT; and

t) take all operational, technical, financial, procurement, administrative and supporting actions necessary to carry out the above listed functions.

2) The management services contract shall include appropriate terms to implement the relevant provisions of Article XII of this Agreement and to provide for:

a) reimbursement by INTELSAT in US dollars of all direct and indirect costs documented and identified, properly incurred by the management, services contractor under the contract;

b) payment to the management services contractor of a fixed fee at an annual rate in US dollars to be negotiated between the Board of Governors and the contractor;

c) periodic review by the Board of Governors in consultation with the management services contractor of the costs under subparagraph a) of this paragraph;

d) að farið skuli eftir grundvallarreglum INTELSAT varðandi útvegun í samræmi við hlutaðeigandi ákvæði þessa samnings og rekstrarsamkomulagsins, þegar samningar eru gerðir fyrir hönd INTELSAT;

e) ákvæði um uppgötvanir og tæknilegar upplýsingar, sem séu í samræmi við 17. grein rekstrarsamkomulagsins;

f) tæknilegt starfslið, er valið sé af ráðinu með samþykki stjórnunarþjónustusamningshafa úr hópi manna, sem undirritunaraðilar gera tillögur um til að taka þátt í mati á teikningum og útboðslýsingum vegna útbúnaðar geimskorarinnar;

g) að ágreiningur eða deilur milli INTELSAT og stjórnunarþjónustusamningshafa, sem upp kunna að rísa samkvæmt stjórnunarþjónustusamningnum, skuli leyst í samræmi við reglur alþjóðaverzlunarráðsins um sætt og gerð; og

h) að stjórnunarþjónustusamningshafi láti ráðinu í té þær upplýsingar, sem ráðsmaður kann að óska eftir til þess að gera honum fært að framkvæma skyldur sínar sem ráðsmaður.

d) compliance with procurement policies and procedures of INTELSAT, consistent with the relevant provisions of this Agreement and the Operating Agreement, in the solicitation and negotiation of contracts on behalf of INTELSAT;

e) provisions with respect to inventions and technical information which are consistent with Article 17 of the Operating Agreement;

f) technical personnel selected by the Board of Governors, with the concurrence of the management services contractor, from among persons nominated by Signatories, to participate in the assessment of designs and of specifications for equipment for the space segment;

g) disputes or disagreements between INTELSAT and the management services contractor which may arise under the management services contract to be settled in accordance with the Rules of Conciliation and Arbitration of the International Chamber of Commerce; and

h) the furnishing by the management services contractor to the Board of Governors of such information as may be required by any Governor to enable him to discharge his responsibilities as a Governor.

## FYLGISKJAL C
## ÁKVÆÐI UM SKIPAN Á LAUSN DEILUMÁLA, SEM VIKIÐ ER AÐ Í XVIII. GREIN SAMNINGS ÞESSA OG 20. GREIN REKSTRARSAMKOMULAGSINS

### 1. gr.

Deiluaðilar í gerð, sem stofnað er til í samræmi við fylgiskjal þetta, skulu þeir einir vera, sem kveðið er á um í XVIII. grein samnings þessa og 20. grein rekstrarsamkomulagsins og fylgiskjali þess.

### 2. gr.

Gerðardómur þriggja manna, sem komið er á fót í samræmi við ákvæði fylgiskjals þessa, skal bær um að fella úrskurð í sérhverju deilumáli, sem fellur undir XVIII. grein samkomulags þessa og

## ANNEX C
## PROVISIONS ON PROCEDURES RELATING TO SETTLEMENT OF DISPUTES REFERRED TO IN ARTICLE XVIII OF THIS AGREEMENT AND ARTICLE 20 OF THE OPERATING AGREEMENT

### Article 1

The only disputants in arbitration proceedings instituted in accordance with this Annex shall be those referred to in Article XVIII of this Agreement, and Article 20 of, and the Annex to, the Operating Agreement.

### Article 2

An arbitral tribunal of three members duly constituted in accordance with the provisions of this Annex shall be competent to give a decision in any dispute cognizable pursuant to Article XVIII of

20. grein rekstrarsamkomulagsins og fylgiskjal þess.

3. gr.

a) Eigi síðar en 60 dögum fyrir setningu fyrsta og hvers síðari almenns fundar þings hluthafanna getur hver hluthafi tilkynnt framkvæmdastjórninni nöfn eigi fleiri en tveggja lögfræðinga, sem leita má til frá lokum slíks fundar til loka næsta almenna fundar þings hluthafanna til að taka að sér að vera forseti eða meðlimur dómstóls, sem stofnaður er í samræmi við fylgiskjal þetta. Framkvæmdastjórnin skal gera lista um alla þá, sem þannig eru tilnefndir, og láta listanum fylgja æviatriði, sem látin eru í té af hluthafa þeim, sem tilnefnt hefur, og dreifa slíkum lista til allra hluthafa eigi síðar en 30 dögum fyrir setningu hlutaðeigandi fundar. Ef tilnefndur maður verður ekki af einhverjum ástæðum til taks vegna útnefningar í gerðardóminn á 60 daga tímabili fyrir fundarsetningu þings hluthafanna, getur sá hluthafi, sem tilnefnt hefur, eigi síðar en 14 dögum fyrir setningu fundar þings hluthafanna tilnefnt annan lögfræðing.

b) Af þeim lista, sem um getur í a)-lið þessarar greinar, skal þing hluthafanna velja 11 menn á lista, sem forsetar gerðardóma skulu valdir af, og einnig velja varamann fyrir hvern slíkan. Meðlimir og varamenn skulu starfa á því tímabili, sem nefnt er í a)-lið þessarar greinar. Ef meðlimur getur ekki starfað, skal varamaður koma í hans stað.

c) Vegna tilnefningar á forseta skal framkvæmdastjórnin kveðja hlutaðeigandi hluthafa saman svo fljótt sem verða má, eftir að listinn er tilbúinn. Slíkur fundur er lögmætur, ef 9 af hinum 11 meðlimum eru mættir. Hópurinn skal tilnefna einn af meðlimum sínum sem formann með ákvörðun, sem tekin skal með jákvæðum atkvæðum a. m. k. 6 meðlima í einni eða fleiri leynilegum atkvæða-

this Agreement, and Article 20 of, and the Annex to, the Operating Agreement.

Article 3

a) Not later that sixty days before the opening date of the first and each subsequent ordinary meeting of the Assembly of Parties, each Party may submit to the executive organ the names of not more than two legal experts who will be available for the period from the end of such meeting until the end of the next ordinary meeting of the Assembly of Parties to serve as presidents or members of tribunals constituted in accordance with this Annex. From such nominees the executive organ shall prepare a list of all the persons thus nominated and shall attach to this list any biographical particulars submitted by the nominating Party, and shall distribute such list to all Parties not later than thirty days before the opening date of the meeting in question. If for any reason a nominee becomes unavailable for selection to the panel during the sixty-day period before the opening date of the meeting of the Assembly of Parties, the nominating Party may, not later than fourteen days before the opening date of the meeting of the Assembly of Parties, substitute the name of another legal expert.

b) From the list mentioned in paragraph a) of this Article, the Assembly of Parties shall select eleven persons to be members of a panel from which presidents of tribunals shall be selected, and shall select an alternate for each such member. Members and alternates shall serve for the period prescribed in paragraph a) of this Article. If a member becomes unavailable to serve on the panel, he shall be replaced by his alternate.

c) For the purpose of designating a chairman, the panel shall be convened to meet by the executive organ as soon as possible after the panel has been selected. The quorum for a meeting of the panel shall be nine of the eleven members. The panel shall designate one of its members as its chairman by a decision taken by the affirmative votes of at least six members, cast in one or,

greiðslum. Formaður sá, sem þannig er tilnefndur, skal vera formaður þar til tímabili hans er lokið. Kostnaður við fundi hópsins skal teljast til stjórnunarkostnaðar INTELSAT vegna 8. greinar rekstrarsamkomulagsins.

d) Ef bæði meðlimur og varamaður hans eru forfallaðir, skal þing hluthafanna velja mann í þeirra stað af lista þeim, sem rætt er um í a)-lið þessarar greinar. En ef þing hluthafanna hefur ekki fund innan 90 daga frá því að forföll urðu, skal ráðið tilnefna mann af þeim lista, sem vísað er til í a)-lið þessarar greinar, og hefur þá hver ráðsmaður eitt atkvæði. Maður, sem valinn er til að koma í stað meðlims eða varamanns, sem enn hefur eigi lokið starfstímabili, skal halda starfi sínu það, sem eftir er af starfstímabili fyrirrennara hans. Ef staða formanns hópsins verður laus, skal hópurinn tilnefna einn af meðlimum sínum í samræmi við þá aðferð, sem mælt er fyrir um í c)-lið þessarar greinar.

e) Við val á meðlimum hópsins og varamanna í samræmi við b)- og d)-liði þessarar greinar skal þing hluthafanna eða ráðið reyna að tryggja, að samsetning hópsins verði ávallt í samræmi við fullnægjandi landfræðilega skiptingu og fyrir helztu lagakerfi hluthafanna.

f) Hver meðlimur hóps eða varamaður, sem sæti á í gerðardómi, er kjörtímabil hans rennur út, skal halda áfram starfi sínu þar til lokið er gerð, sem fyrir dómi er.

g) Ef lögfræðileg deila rís milli deiluaðila, sem nefnd er í 1. grein þessa fylgiskjals, á tímabilinu milli gildistöku samnings þessa og stofnunar fyrsta hóps og varamanna samkvæmt ákvæðum b)-liðs þessarar greinar, skal hópurinn, svo sem hann er samsettur samkvæmt b)-lið 3. greinar viðbótarsamkomulagsins um gerð frá 4. júní 1965, vera sá hópur, er notaður skal við úrlausn þeirrar deilu. Sá

if necessary, more than one secret ballot. The chairman so designated shall hold office as chairman for the rest of his period of office as a member of the panel. The cost of the meeting of the panel shall be regarded as an administrative cost of INTELSAT for the purpose of Article 8 of the Operating Agreement.

d) If both a member of the panel and the alternate for that member become unavailable to serve, the Assembly of Parties shall fill the vacancies thus created from the list referred to in paragraph a) of this Article. If, however, the Assembly of Parties does not meet within ninety days subsequent to the occurrence of the vacancies, they shall be filled by selection by the Board of Governors from the list referred to in paragraph a) of this Article, with each Governor having one vote. A person selected to replace a member or alternate whose term of office has not expired shall hold office for the remainder of the term of his predecessor. Vacancies in the office of the chairman of the panel shall be filled by the panel by designation of one of its members in accordance with the procedure prescribed in paragraph c) of this Article.

e) In selecting the members of the panel and the alternates in accordance with paragraph b) or d) of this Article, the Assembly of Parties or the Board of Governors shall seek to ensure that the composition of the panel will always be able to reflect an adequate geographical representation, as well as the principal legal systems as they are represented among the Parties.

f) Any panel member or alternate serving on an arbitral tribunal at the expiration of his term shall continue to serve until the conclusion of any arbitral proceding pending before such tribunal.

g) If, during the period between the date of entry into force of this Agreement and the establishment of the first panel and alternates pursuant to the provisions of paragraph b) of this Article, a legal dispute arises between the disputants mentioned in Article 1 of this Annex, the panel as constituted in accordance with paragraph b) of Article 3 of the Supplementary Agreement on Arbitration dated

hópur skal haga starfi sínu í samræmi við ákvæði fylgiskjals vegna XVIII. greinar samnings þessa og 20. greinar rekstrarsamkomulagsins og fylgiskjals þess.

4. gr.

a) Sérhver umsækjandi, sem óskar að leggja lögfræðilegan ágreining í gerð, skal láta hvorum málsaðila og framkvæmdastjórninni í té skjal, sem skal hafa að geyma:

i) greinargerð, er lýsi nákvæmlega ágreiningi þeim, sem lagður er í gerð, ástæður fyrir því, að málsaðilar skuli taka þátt í slíkri gerð, og úrbætur þær, sem óskað er eftir;

ii) greinargerð, sem lýsir hvers vegna málsatvik deilunnar heyra undir dómstól, er komið sé á fót í samræmi við fylgiskjal þetta, og hvers vegna úrbætur þær, sem óskað er eftir, skulu veittar af þeim dómstóli, ef hann er sammála umsækjanda;

iii) greinargerð um hvers vegna umsækjandi hafi ekki getað fengið lausn á ágreiningnum innan sanngjarns tíma með samningaumleitunum eða öðrum aðferðum án gerðardóms;

iv) ef um er að ræða deilu vegna ákvæða XVIII. greinar samnings þessa eða 20. greinar rekstrarsamkomulagsins, sem gerir ráð fyrir, að samþykki deiluaðila liggi fyrir, til þess að gerð geti farið fram samkvæmt þessu fylgiskjali, skal leggja fram sannanir fyrir slíku samþykki; og

v) nafn þess, sem umsækjandi tilnefnir til að taka þátt í gerðardómnum.

b) Framkvæmdastjórnin skal tafarlaust láta hverjum hluthafa og undirritunaraðila og forseta hópsins í té afrit af skjali því, sem lagt er fram samkvæmt a)-lið þessarar greinar.

5. gr.

a) Innan 60 daga frá þeim degi, sem afrit af skjali því, sem lýst er í a)-lið 4. greinar þessa fylgiskjals hefur verið mót-

June 4, 1965, shall be the panel for use in connection with the settlement of that dispute. That panel shall act in accordance with the provisions of this Annex for the purposes of Article XVIII of this Agreement, and Article 20 of, and the Annex to, the Operating Agreement.

Article 4

a) Any petitioner wishing to submit a legal dispute to arbitration shall provide each respondent and the executive organ with a document which contains:

i) a statement which fully describes the dispute being submitted for arbitration, the reasons why each respondent is required to participate in the arbitration, and the relief being requested;

ii) a statement which sets forth why the subject matter of the dispute comes within the competence of a tribunal to be constituted in accordance with this Annex, and why the relief being requested can be granted by such tribunal if it finds in favor of the petitioner;

iii) a statement explaining why the petitioner has been unable to achieve a settlement of the dispute within a reasonable time by negotiation or other means short of arbitration;

iv) in the case of any dispute for which, pursuant to Article XVIII of this Agreement or Article 20 of the Operating Agreement, the agreement of the disputants is a condition for arbitration in accordance with this Annex, evidence of such agreement; and

v) the name of the person designated by the petitioner to serve as a member of the tribunal.

b) The executive organ shall promptly distribute to each Party and Signatory, and to the chairman of the panel, a copy of the document provided pursuant to paragraph a) of this Article.

Article 5

a) Within sixty days from the date copies of the document described in paragraph a) of Article 4 of this Annex have

tekið af öllum aðilum, skulu málsaðilar tilnefna mann til að taka þátt í störfum dómstólsins. Innan þess tíma geta aðilar hver um sig eða saman látið hverjum aðila og framkvæmdastjórninni í té skjal varðandi svör sín við skjali því, sem nefnt er í a)-lið 4. greinar þessa fylgiskjals og tekið fram um gagnkröfur, er varða efnisatriði deilunnar. Framkvæmdastjórnin skal tafarlaust láta formanni hópsins í té afrit af hverju slíku skjali.

b) Ef málsaðilar tilnefna ekki mann innan þeirra tímatakmarka, sem tiltekin eru, skal formaður hópsins tilnefna mann úr hópi þeirra sérfræðinga, sem tilkynntir hafa verið framkvæmdastjórninni samkvæmt a)-lið 3. greinar þessa fylgiskjals.

c) Innan 30 daga frá útnefningu hinna tveggja meðlima gerðardómsins skulu þeir koma sér saman um þriðja aðila, er valinn skal úr hópnum, sem komið er á fót samkvæmt 3. grein þessa fylgiskjals, og skal hann vera forseti gerðardómsins. Ef ekki næst samkomulag innan þess tíma, getur hvor hinna tveggja aðila, sem tilnefndir eru, tilkynnt það formanni hópsins, sem innan 10 daga skal tilnefna mann úr hópnum, annan en sjálfan sig, til að vera forseti dómsins.

d) Dómurinn er skipaður, þegar forseti hefur verið valinn.

6. gr.

a) Ef forföll verða í dómnum af ástæðum, sem forseti eða aðrir meðlimir dómsins álíta, að sé ekki að kenna deiluaðilum, eða samrýmast réttri meðferð gerðardóms, skal ráðstafa hinu lausa sæti í samræmi við eftirfarandi ákvæði:

i) ef sæti losnar vegna þess, að meðlimur tilnefndur af aðila dregur sig til baka, getur sá aðili valið annan dómara innan 10 daga frá því að sætið losnaði;

been received by all the respondents, the side of the respondents shall designate an individual to serve as a member of the tribunal. Within that period, the respondents may, jointly or individually, provide each disputant and the executive organ with a document stating their responses to the document referred to in paragraph a) of Article 4 of this Annex and including any counter-claims arising out of the subject matter of the dispute. The executive organ shall promptly furnish the chairman of the panel with a copy of any such document.

b) In the event of a failure by the side of the respondents to make such a designation within the period allowed, the chairman of the panel shall make a designation from among the experts whose names were submitted to the executive organ pursuant to paragraph a) of Article 3 of this Annex.

c) Within thirty days after the designation of the two members of the tribunal, they shall agree on a third person selected from the panel constituted in accordance with Article 3 of this Annex, who shall serve as the president of the tribunal. In the event of failure to reach agreement within such period of time, either of the two members designated may inform the chairman of the panel, who, within ten days, shall designate a member of the panel other than himself to serve as president of the tribunal.

d) The tribunal is constituted as soon as the president is selected.

Article 6

a) If a vacancy occurs in the tribunal for reasons which the president or the remaining members of the tribunal decide are beyond the control of the disputants, or are compatible with the proper conduct of the arbitration proceedings, the vacancy shall be filled in accordance with the following provisions:

i) if the vacancy occurs as a result of the withdrawal of a member appointed by a side to the dispute, then that side shall select a replacement within ten days after the vacancy occurs;

ii) ef sætið losnar vegna þess, að forseti dómsins eða meðlimur, sem forseti hefur skipað, dregur sig til baka, skal velja mann í staðinn úr hópi þeim, sem rætt er um í c)- eða d)-liðum eftir atvikum 5. greinar þessa fylgiskjals.

b) Ef sæti losnar í dómi af öðrum ástæðum en þeim, sem greindar eru í a)-lið þessarar greinar, eða ef ekki er skipað í sætið, sem losnar, samkvæmt þeirri málsgrein, skulu þeir dómarar, sem eftir eru, hafa vald, þrátt fyrir ákvæði 2. greinar þessa fylgiskjals, ef annar aðili óskar þess, til að halda áfram málsmeðferð og kveða upp fullnaðarúrskurð í málinu.

ii) if the vacancy occurs as a result of the withdrawal of the president of the tribunal or of another member of the tribunal appointed by the chairman, a replacement shall be selected from the panel in the manner described in paragraph c) or b) respectively of Article 5 of this Annex.

b) If a vacancy occurs in the tribunal for any reason other than as described in paragraph a) of this Article, or if a vacancy occurring pursuant to that paragraph is not filled, the remainder of the tribunal shall have the power, notwithstanding the provisions of Article 2 of this Annex, upon the request of one side, to continue the proceedings and give the final decision of the tribunal.

7. gr.

a) Dómurinn ákveður tíma og stað fyrir réttarhöldin.

b) Réttarhöldin skulu haldin fyrir lokuðum dyrum og allt efni, sem lagt er fyrir dómstólinn, skal skoðað sem trúnaðarmál, en þó skulu INTELSAT og hluthafar, sem tilnefnt hafa undirritunaraðila, og undirritunaraðilar, sem eru deiluaðilar í málaferlunum, hafa rétt til að vera viðstaddir og hafa aðgang að því efni, sem lagt er fram. Þegar INTELSAT er aðili að máli, skulu allir hluthafar og allir undirritunaraðilar hafa rétt til að vera viðstaddir og hafa aðgang að efni því, sem fram er lagt.

c) Ef deila rís um dómsögu dómsins, skal dómurinn fjalla um það mál fyrst og kveða upp úrskurð sinn svo fljótt sem verða má.

d) Málflutningur skal fara fram skriflega, og hvor aðili um sig hefur rétt til að leggja fram skrifleg sönnunargögn til stuðnings staðhæfingum sínum um málsatvik og lögfræðileg atriði. Málflutningur og vitnaleiðslur geta þó farið fram munnlega, ef dómurinn telur það hagkvæmt.

e) Réttarhöldin skulu hefjast með því, að sækjandi leggur fram mál sitt, málsatvik studd sönnunargögnum og meginreglur laga, sem byggt er á. Þegar málflutningi sækjanda er lokið, skal málflutningur varnaraðila fylgja á eftir. Sóknaraðili getur svarað málflutningi

Article 7

a) The tribunal shall decide the date and place of its sittings.

ii) a number of Signatories equal to or exceeding eighty-five per cent of the total number of Signatories which

fjölda undirritunaraðila sem undirritunaraðilar voru á þeim degi sem fundur undirritunaraðila samþykkti breytinguna, án tillits til fjárhæðar þeirra hluta sem þeir undirritunaraðilar áttu þá.

Tilkynning um samþykki undirritunaraðila á breytingu skal send vörsluríkinu af hluthafa þeim sem um teflir og slík tilkynning skal tjá samþykki hluthafans á breytingunni.

e) Vörsluríkið skal þegar tilkynna öllum undirritunaraðilum um það, er það hefur móttekið þau samþykki á breytingu sem nauðsynleg eru samkv. málsgr. d) í grein þessari til að breytingin taki gildi. Níutíu dögum eftir útgáfudag þessarar tilkynningar skal breytingin ganga í gildi fyrir alla undirritunaraðila, þá einnig sem hafa ekki enn samþykkt hana og hafa ekki sagt sig úr INTELSAT.

f) Þrátt fyrir ákvæðin í málsgr. d) og e) í grein þessari tekur breyting gildi ekki síðar en átján mánuðum eftir þann dag sem fundur undirritunaraðila hefur samþykkt hana.

were Signatories as of the date upon which the amendment was approved by the Meeting of Signatories, regardless of the amount of investment shares which such Signatories then held.

Notification of the approval of an amendment by a Signatory shall be transmitted to the Depositary by the Party concerned, and such a notification shall signify the acceptance by the Party of such amendment.

e) The Depositary shall notify all the Signatories as soon as it has received the approvals of the amendment required by paragraph d) of this Article for the entry into force of an amendment. Ninety days after the date of issue of this notification, the amendment shall enter into force for all Signatories, including those that have not yet approved it and have not withdrawn from INTELSAT.

f) Notwithstanding the provisions of paragraphs d) and e) of this Article, an amendment shall not enter into force later than eighteen months after the date it has been approved by the Meeting of Signatories.

### 23. gr.
### (Gildistaka.)

a) Rekstrarsamkomulag þetta tekur gildi fyrir undirritunaraðila þann dag sem samkomulagið gengur í gildi samkv. málsgr. a) og d) eða málsgr. b) og d) í XX. gr. samningsins fyrir hlutaðeigandi hluthafa.

b) Rekstrarsamkomulagi þessu skal beitt til bráðabirgða fyrir undirritunaraðila frá þeim degi sem samkomulaginu er beitt til bráðabirgða samkv. málsgr. c) og d) í XX. gr. samningsins fyrir hlutaðeigandi hluthafa.

c) Rekstrarsamkomulag þetta skal vera í gildi svo lengi sem samningurinn er í gildi.

### Article 23
### (Entry into Force)

a) This Operating Agreement shall enter into force for a Signatory on the date on which the Agreement enters into force, in accordance with paragraphs a) and d) or paragraphs b) and d) of Article XX of the Agreement, for the Party concerned.

b) This Operating Agreement shall be applied provisionally for a Signatory on the date on which the Agreement is applied provisionally, in accordance with paragraphs (c) and (d) of Article XX of the Agreement, for the Party concerned.

c) This Operating Agreement shall continue in force for as long as the Agreement is in force.

### 24. gr.
### (Vörsluríki.)

a) Bandaríkin (Ríkisstjórn Bandaríkjanna) skulu vera vörsluríki rekstrarsamkomulags þessa, en textar þess á ensku, frönsku og spænsku eru jafngildir.

### Article 24
### (Depositary)

a) The Government of the United States of America shall be the Depositary for this Operating Agreement, the texts of which in English, French and Spanish

Rekstrarsamkomulag þetta skal sett í skjalasafn vörsluríkisins, og þar skal og varðveita tilkynningar um samþykki á breytingum, um breytingu á aðilum samkv. málsgr. f) í XVI. gr. samningsins og um úrsagnir úr INTELSAT.

b) Vörsluríkið skal senda staðfest eftirrit af textum þessa rekstrarsamkomulags til allra ríkisstjórna og allra tilnefndra fjarskiptastofnana sem hafa undirritað það og til alþjóðafjarskiptasambandsins og skal tilkynna þessum ríkisstjórnum, tilnefndum fjarskiptastofnunum og alþjóðafjarskiptastofnuninni um undirritanir á þessu rekstrarsamkomulagi, um upphaf sextíu daga frestsins sem vitnað er til í málsgr. a) í XX. gr. samningsins, um gildistöku þessa rekstrarsamkomulags, um tilkynningar um samþykki á breytingum og um gildistöku breytinga við rekstrarsamkomulag þetta. Tilkynning um upphaf sextíu daga frestsins skal út gefin á fyrsta degi þess frests.

c) Við gildistöku þessa rekstrarsamkomulags skal vörsluríkið láta skrá það hjá skrifstofu Sameinuðu þjóðanna samkv. 102. gr. stofnskrár Sameinuðu þjóðanna.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir sem til þess hafa gild umboð undirritað rekstrarsamkomulag þetta.

GERT Í WASHINGTON 20. dag ágústmánaðar nítján hundruð sjötíu og eitt.

## VIÐAUKI
## ÁKVÆÐI TIL BRÁÐABIRGÐA

1) Skuldbindingar undirritunaraðila.

Sérhver undirritunaraðili að rekstrarsamkomulagi þessu, eða tilnefningarhluthafi þess, sem var aðili að bráðabirgðasamkomulaginu, skal greiða, eða á rétt á að taka við, nettófjárhæð hverra þeirra upphæða sem gjaldbærar eru samkv. sérstaka samkomulaginu á gildistökudegi samningsins, frá eða til slíks aðila sem undirritunaraðila sérstaka samkomulagsins, eða frá eða til tilnefnds undirritunaraðila hans að sérstaka samkomulaginu.

are equally authentic. This Operating Agreement shall be deposited in the archives of the Depositary, with which shall also be deposited notifications of approval of amendments, of substitution of a Signatory pursuant to paragraph f) of Article XVI of the Agreement, and of withdrawals from INTELSAT.

b) The Depositary shall transmit certified copies of the texts of this Operating Agreement to all Governments and all designated telecommunications entities which have signed it, and to the International Telecommunication Union, and shall notify those Governments, designated telecommunications entities, and the International Telecommunication Union, of signatures to this Operating Agreement, of commencement of the sixty-day period referred to in paragraph (a) of Article XX of the Agreement, of the entry into force of this Operating Agreement, of notifications of approval of amendments and of the entry into force of amendments to this Operating Agreement. Notice of the commencement of the sixty-day period shall be issued on the first day of that period.

c) Upon entry into force of this Operating Agreement, the Depositary shall register it with the Secretariat of the United Nations in accordance with Article 102 of the Charter of the United Nations.

IN WITNESS WHEREOF, the undersigned duly authorized have signed this Operating Agreement.

DONE at Washington, on the 20th day of August, one thousand nine hundred and seventy-one.

## ANNEX
## TRANSITION PROVISIONS

1) Obligations of Signatories

Each Signatory of this Operating Agreement which was, or whose designating Party was, a party to the Interim Agreement shall pay, or shall be entitled to receive, the net amount of any sums due pursuant to the Special Agreement as of the date of entry into force of the Agreement, from or to such party, in its capacity as a signatory to the Special Agreement, or from or to its designated signatory to the Special Agreement.

2) Stofnun ráðsins.

a) Á upphafsdegi sextíu daga frestsins sem vitnað er til í málsgr. a) í XX. gr. samningsins og síðan vikulega skal The Communications Satellite Corporation tilkynna öllum undirritunaraðilum sérstaka samkomulagsins og ríkjum eða fjarskiptastofnunum tilnefndum af ríkjum sem rekstrarsamkomulag þetta tekur gildi fyrir, eða mun beitt til bráðabirgða á gildistökudegi samningsins um áætluð frumfjárframlög hvers slíks ríkis eða fjarskiptastofnunar samkvæmt ákvæðum rekstrarsamkomulags þessa.

b) Á sextíu daga frestinum skal The Communications Satellite Corporation gera nauðsynlegar stjórnunarráðstafanir til að kalla saman fyrsta fund ráðsins.

c) Innan þriggja daga frá gildistökudegi samningsins skal The Communications Satellite Corporation samkv. málsgr. 2 í fylgiskjali D við samninginn:

i) tilkynna öllum undirritunaraðilum sem rekstrarsamkomulagið hefur gengið í gildi fyrir eða hefur verið beitt fyrir til bráðabirgða um frumfjárframlög sem ákveðin eru samkv. 6. gr. þessa rekstrarsamkomulags; og

ii) tilkynna öllum slíkum undirritunaraðilum um þær ráðstafanir sem gerðar hafa verið fyrir fyrsta fund ráðsins sem kveðja skal saman ekki síðar en þrjátíu dögum eftir gildistökudag samningsins.

3) Lausn ágreiningsmála.

Sérhver lagaleg ágreiningsmál sem verða kunna milli INTELSAT og The Communications Satellite Corporation í sambandi við þjónustu veitta INTELSAT af stofnuninni frá gildistökudegi rekstrarsamkomulags þessa til dagsetningar samnings þess, sem gerður er samkv. málsgr. a) ii) í XII. gr. samningsins, skulu, svo fremi þau verða ekki leyst með öðrum hætti innan hæfilegs frests, lögð í gerð í samræmi við fylgiskjal C við samninginn.

2) Establishment of the Board of Governors

a) On the date of commencement of the sixty-day period referred to in paragraph (a) of Article XX of the Agreement, and thereafter at weekly intervals, the Communications Satellite Corporation shall notify all signatories to the Special Agreement and States or telecommunications entities designated by States for whom this Operating Agreement will come into force, or will be applied provisionally, on the date of entry into force of the Agreement, of the estimated initial investment share of each such State or telecommunications entity pursuant to the provisions of this Operating Agreement.

b) During the said sixty-day period, the Communications Satellite Corporation shall make the necessary administrative preparations for the convening of the first meeting of the Board of Governors.

c) Within three days after the date of entry into force of the Agreement, the Communications Satellite Corporation, acting pursuant to paragraph 2 of Annex D to the Agreement, shall:

i) inform all Signatories for whom this Operating Agreement has come into force or has been applied provisionally of their initial investment shares determined pursuant to Article 6 of this Operating Agreement; and

ii) inform all such Signatories of the arrangements made for the first meeting of the Board of Governors, which shall be convened not more than thirty days after the date of entry into force of the Agreement.

3) Settlement of Disputes

Any legal dispute which may arise between INTELSAT and the Communications Satellite Corporation in connection with the rendering of services by the Corporation to INTELSAT, between the date of entry into force of this Operating Agreement and the effective date of the contract arranged pursuant to subparagraph a) ii) of Article XII of the Agreement, if not otherwise settled within a reasonable time, shall be submitted to arbitration in accordance with the provisions of Annex C to the Agreement.

## Nd. 110. Lög [24. mál]

um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

(Afgreidd frá Nd. 9. des.)

Samhljóða þskj. 27.

## Sþ. 111. Fyrirspurnir. [98. mál]

I. Til menntamálaráðherra um kostnaðarhlut sveitarfélaga varðandi stofnun og starfrækslu fræðsluskrifstofa og aðstöðu sveitarfélaganna til þess að mæta þeim nýju útgjöldum.

Frá Sighvati Björgvinssyni.

1. Hverjar eru áætlanir menntamálaráðuneytisins um stofnkostnað og rekstrarkostnað þeirra fræðsluskrifstofa, hverrar fyrir sig, sem stofna á í hinum einstöku fræðsluumdæmum skv. ákvæðum grunnskólalaganna, og hversu mikið fé er sveitarfélögum hvers umdæmis ætlað að leggja fram í því skyni?
2. Er fyrirhugað að tryggja sveitarfélögunum nýja eða aukna tekjustofna eða aðrar sérstakar viðbótartekjur til þess að standa undir kostnaðarhluta sveitarfélaganna við þessa framkvæmd grunnskólalaganna?

II. Til iðnaðarráðherra um orkumál á Austurlandi.

Frá Halldóri Ásgrímssyni.

Hvaða ráðstafanir eru fyrirhugaðar til að koma í veg fyrir orkuskort á Austurlandi í vetur?

## Sþ. 112. Tillaga til þingsályktunar [99. mál]

um jafnrétti sveitarfélaga í dreifbýli og Reykjavíkur í húsnæðismálum og um fjárhagslega fyrirgreiðslu vegna byggingu einingarhúsa.

Flm.: Páll Pétursson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til þess að endurskoða lög um Húsnæðismálastofnun ríkisins, nr. 58 frá 30. apríl 1973. Endurskoðun þessari skal þannig háttað að fjármögnun og fyrirgreiðsla ríkisins við byggingu 1000 leiguíbúða sveitarfélaga, þar sem ekki hafa verið byggðar íbúðir samkv. 1. gr. laga nr. 97 22. des. 1965, verði sveitarfélögunum jafnhagkvæm og sú fyrirgreiðsla, sem veitt er við þær íbúðir sem byggðar hafa verið af Framkvæmdanefnd byggingaráætlunar ríkisins og Reykjavíkurborg.

Enn fremur skal þess gætt að veitt verði nægileg fyrirgreiðsla við fjármögnun til byggingar einingarhúsa, enda reynist þau samkeppnisfær um verð og gæði.

Greinargerð.

Nokkur undanfarin ár hafa stjórnvöldin stuðlað að framkvæmd þróttmikillar byggðastefnu. Stórfelld atvinnuuppbygging hefur átt sér stað um land allt. Jafnvel í þeim byggðarlögum, þar sem árstíðabundið atvinnuleysi ríkti og kyrrstaða var

í öllum framkvæmdum, hefur nú skipt um til hins betra, stórvirk framleiðslutæki hafa verið keypt og atvinnulíf stendur í blóma.

Fólki fjölgar í dreifbýlinu og það hefur öðlast nýja trú á lífsbjargarmöguleika þar. Þessi þróun má ekki stöðvast. Byggðarlögum er ekki einhlítt að eignast hagkvæm framleiðslutæki. Nauðsynlegt er að sjá einnig fyrir húsnæðisþörf sveitarfélaganna í dreifbýlinu.

Vorið 1973 voru samþykkt á Alþingi lög um byggingu 1000 leiguíbúða sveitarfélaga. Þessi lagasetning var þörf og tímabær, svo sem umsóknir hinna ýmsu sveitarfélaga um íbúðalán bera gleggst vitni um.

Þó kemur í ljós við framkvæmd laganna, að þar njóta sveitarfélögin í dreifbýlinu hvergi nærri jafnhagstæðra kjara og Reykjavík og nágrannasveitarfélög hafa notið, hvað varðar byggingar samkvæmt lögum nr. 97 frá 22. des. 1965, um breyting á lögum nr. 19 10. maí 1965, um Húsnæðismálastofnun ríkisins, samkvæmt reglugerð um íbúðabyggingar ríkisins og Reykjavíkurborgar frá 28. apríl 1967.

Það er skoðun flutningsmanns, að sveitarfélög í dreifbýli eigi skilyrðislaust að njóta sama réttar, sömu fyrirgreiðslu og ríkisvaldið hefur veitt Reykjavíkurborg við íbúðabyggingar.

Þar sem nú eru að rísa á legg fyrirtæki sem byggja einingarhús í fjöldaframleiðslu og líklegt er, að þeir byggingarhættir geti orðið til þess að lækka verulega byggingarkostnað og stytta byggingartíma mjög mikið í framtíðinni, er eðlilegt, að sérstök áhersla sé lögð á það, að þeir þættir byggingariðnaðar nái að þróast.

Núgildandi lánareglur Húsnæðismálastofnunar eru þessum byggingarháttum ekki fullnægjandi, þar sem fyrirtæki sem skila næstum fullbúnum verksmiðjuframleiddum einingahúsum, svo sem Húseiningar hf. á Siglufirði, verða að festa geysimikið fé í byggingarefni og geta ekki veitt kaupendum langan greiðslufrest þar til lán Húsnæðismálastofnunar greiðast.

Flm. telur réttmætt og mjög nauðsynlegt að bundið verði í löggjöf um Húsnæðismálastofnun, hvernig þessi vandi skuli leystur á hagfelldan hátt.

## Ed. 113. Nefndarálit [83. mál]

um frv. til l. um lántökuheimildir erlendis.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með því, að það verði samþykkt óbreytt.

Fjarverandi afgreiðslu málsins var Ragnar Arnalds.

Alþingi, 10. des. 1974.

| | | |
|---|---|---|
| Halldór Ásgrímsson, form., frsm. | Jón Helgason, fundaskr. | Jón G. Sólnes. |
| Jón Árm. Héðinsson. | Albert Guðmundsson. | Axel Jónsson. |

## Nd. 114. Nefndarálit [52. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 13 13. apríl 1973, um Happdrætti Háskóla Íslands.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með því, að það verði samþykkt óbreytt.

Fjarverandi afgreiðslu málsins var Eyjólfur K. Jónsson.

Alþingi, 10. des. 1974.

| | | |
|---|---|---|
| Ólafur G. Einarsson, form., frsm. | Lárus Jónsson, fundaskr. | Þórarinn Þórarinsson. |
| Eyjólfur Sigurðsson. | Lúðvík Jósepsson. | Tómas Árnason. |

## Nd. 115. Tillaga til þingsályktunar [100. mál]

um sérkennslumál.

Flm.: Sigurlaug Bjarnadóttir, Friðjón Þórðarson, Pálmi Jónsson, Sverrir Hermannsson, Steinþór Gestsson.

Alþingi ályktar, að brýna nauðsyn beri til að gera án tafar ráðstafanir til að bæta úr vöntun á sérkennslu afbrigðilegra barna í grunnskólum úti á landsbyggðinni.

Í því skyni skal sérstökum starfsmanni innan menntamálaráðuneytisins falið könnunar- og skipulagsstarf á þessu sviði. Sé hann um leið skólastjórum og fræðsluráðum til ráðuneytis og aðstoðar í þessum málum.

Jafnframt skal áhersla lögð á menntun sérkennara við Kennaraháskóla Íslands og námskeið fyrir almenna kennara í kennslu og handleiðslu afbrigðilegra barna.

### Greinargerð.

Hin nýju grunnskólalög, sem gert er ráð fyrir að komi til framkvæmda á næstu 10 árum, bera það á ýmsan hátt með sér, að vilji er fyrir hendi til að koma til móts við breytta þjóðfélagsháttu og nýjar þarfir skólakerfisins. Óneitanlega hefðu þau þó mátt gera fyllri skil vanda þeirra nemenda, sem haldnir eru einhverri vöntun, andlegri eða líkamlegri. Væntanlega mun reglugerð með lögunum geta bætt það upp. En einmitt með tilliti til hins óvenjulega langa gildistökutíma laganna þykir flutningsmönnum þessarar tillögu ástæða til að vekja sérstaka athygli á þessum þætti skólafræðslunnar, til þess að ekki verði lengur gengið fram hjá honum við framkvæmd fræðslulaga, — og þá sérstaklega með grunnskóla landsbyggðarinnar í huga.

Fræðsluyfirvöld Reykjavíkurborgar hafa á undanförnum árum haft frumkvæði um ýmsar nýjungar, sem lúta að auknum stuðningi og aðhlynningu þeirra nemenda, sem einhverra orsaka vegna eru hjálparþurfi. Á fræðsluskrifstofu borgarinnar starfar sérstakur sérkennslufulltrúi, sem í samráði og samvinnu við fræðsluráð og skólastjóra borgarinnar skipuleggur og leiðbeinir um hinar ýmsu greinar sérkennslu og aðrar ráðstafanir vegna bágstaddra barna.

Úti á landsbyggðinni verður annað uppi á teningnum. Má óhikað segja, að utan Stór-Reykjavíkursvæðisins ríki ófremdarástand á þessu sviði skólamála. Munu þess mörg dæmi, að fólk, búsett úti á landi, hefur neyðst til að flytjast búferlum hingað suður til að sjá börnum sínum fyrir fræðslu og meðferð við þeirra hæfi.

Skylt er að geta þess, að þessi mál hafa verið og eru í athugun innan menntamálaráðuneytisins, en þær athuganir og aðgerðir, ef hægt er að nota það orð, hafa því miður hingað til verið allt of handahófskenndar og í lausu lofti, þrátt fyrir góðan vilja starfsmanna ráðuneytisins. Þessi mál þarf að taka föstum tökum og til þess þarf ákveðinn aðila innan ráðuneytisins, eða í nánu sambandi við það, hæfan sérmenntaðan mann, sem geti beitt sér að því að skipuleggja og samræma aðgerðir á þessu sviði og um leið verið til aðstoðar og ráðuneytis skólastjórum og

fræðsluráðum úti á landsbyggðinni, sem í dag eiga í ekkert ákveðið hús að venda í þessum málum.

Fyrr á þessu ári fór fram á vegum ráðuneytisins athugun á sérkennsluþörfinni utan Stór-Reykjavíkursvæðisins. Heimsóttir voru 60 skólar vestan-, austan- og norðanlands, upplýsinga aflað um hjálparkennslu og nemendur athugaðir eftir því sem tími og aðstæður leyfðu, jafnframt gefnar ráðleggingar um meðferð þeirra og kennslu.

Sérfræðingur sá, dr. Arnór Hannibalsson sálfræðingur, sem athugun þessa gerði, lætur þess getið í upphafi skýrslu sinnar til ráðuneytisins, að hann geri ekki verkefninu nein skil, sem gagn sé í, svo naumur tími sem honum var til þess ætlaður, og ekki telur hann horfur á, að áframhald verði á störfum hans fyrir ráðuneytið.

Allt um það verður þó að telja skýrslu Arnórs, svo langt sem hún nær, gagnlega sem byrjunarskref í rétta átt. Hún gefur vísbendingu um það, sem raunar var vitað áður, að hér er um umfangsmikið vandamál að ræða, sem yfirstjórn fræðslumála ber skylda til að beita sér að af alvöru með öllum tiltækum ráðum.

Skýrsla þessi leiðir í ljós, að af þeim 60 skólum, sem heimsóttir voru, höfðu 18 einhverja — meiri eða minni — hjálparkennslu með höndum. Náði hún til 313 nemenda, en heildarnemendafjöldi þessara 18 skóla var 4468. Hjálparkennslunemendur voru þannig, miðað við þessar tölur, um 7%.

Í sjávarplássi einu er skóli með 44 nemendur. Af þeim þyrftu 8 nemendur aukatilsögn eða sérmeðferð, en engin tök eru þarna á að veita neitt slíkt. Til þess vantar kennara. Í öðru sjávarplássi með 151 nemanda í skóla þyrftu 21—24 hjálparkennslu við, en engu slíku er þarna til að dreifa — og þannig mætti lengi telja.

Af tilgreindum orsökum námserfiðleika er lestregða hvað algengust, en margar aðrar koma til, svo sem sjóngallar, heyrnarskerðing, málgallar, skriftarörðugleikar, stafablinda, seinþroski, taugaveiklun, erfiðar heimilisástæður og vanræksla í uppeldi.

Hér er við margvíslegan vanda að fást, — vanda, sem verður því erfiðari úrlausnar, því seinna sem hann er uppgötvaður á skólaferlinum. Áhugi og góður vilji almennra kennara og skólastjóra hrekkur hér hvergi nærri til að ná viðunandi árangri í því björgunar- og hjálparstarfi, sem hér þarf að koma til.

Sérstofnanir hér í Reykjavík eða úti á landi eru ekki lausnarorðið í þessu máli, þótt nauðsynlegar séu fyrir þann hóp barna, sem eru það mikið afbrigðileg líkamlega og/eða andlega, að þeim verður ekki sinnt að gagni með stuðningi eða sérmeðferð í hinum almenna skóla. Innilokun barns, sem haldið er einhverjum annmarka eða vöntun, á sérstofnun og aðskilnaður þess frá fjölskyldu og heimili, eðlilegu umhverfi og heilbrigðum félögum er neyðarúrræði, sem nú er almennt hafnað, ef annar kostur er fyrir hendi. Stefnan hlýtur að vera — og er sú, að sérkennsluþjónustan flytjist út í almenna skólakerfið og út um landið allt að svo miklu leyti sem mögulegt er.

Í ýmsum skólahéruðum úti um sveitir landsins hafa verið reyndar nýjar leiðir í þessum málum með athyglisverðum árangri í formi farkennslu, skiptikennslu og námskeiðahalds. En það er fremur undantekning en regla og án þess að nokkrar samræmdar aðgerðir stjórnvalda hafi komið til.

Síðasta málsgrein tillögunnar beinist að menntun sérkennara við Kennaraháskóla Íslands.

Hiklaust má telja, að skortur á menntuðum sérkennurum sé hvað stærsti þröskuldurinn í vegi fyrir því, að okkar sérkennslumál komist í viðunandi horf. Kennaraháskóli Íslands hefur því miklar skyldur að rækja í þessu sambandi og er þess að vænta, að endurskoðun sú, sem nú stendur yfir á kennsluháttum hans og námsfyrirkomulagi, leiði til réttrar þróunar og úrbóta í þessum málum.

Það er skoðun okkar, flutningsmanna þessarar tillögu, að lagfæring á sérkennslumálum landsbyggðarinnar sé mikilvægur þáttur í aðgerðum sem miða að

byggðajafnvægi. Það er fleira en skuttogarar og hraðfrystihús, sem skiptir máli fyrir fólk dreifbýlisins. Því er áríðandi, að yfirstjórn menntamála geri hér samstillt átak til úrbóta án tafar.

Markmið skólans er að koma hverjum nemanda til manndóms og þroska, gera hann að sjálfbjarga einstaklingi í lífsbaráttunni. Í ósk okkar og viðleitni til að ná því markmiði megum við síst gleyma þeim, sem helst eru hjálparþurfi.

## Sþ. 116. Tillaga til þingsályktunar [101. mál]

um dýpkunarskip.

Flm.: Sigurlaug Bjarnadótir, Þorv. Garðar Kristjánsson, Gunnlaugur Finnsson, Karvel Pálmason, Kjartan Ólafsson, Sighvatur Björgvinsson, Steingrímur Hermannsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að athuga nú þegar, hvort ekki sé tímabært að efna til kaupa á nýju dýpkunarskipi eða að öðrum kosti leita fyrir sér um leigu á slíku skipi erlendis frá til að leysa úr aðkallandi þörf margra hafna á landinu.

Greinargerð.

Það er alkunna, að íslendingar hafa stóraukið skipastól sinn á undanförnum árum. Stærri og fullkomnari skip kalla á bætt hafnarskilyrði, ella geta þau engan veginn gengt því hlutverki sínu til uppbyggingar í atvinnulífi þjóðarinnar, sem til er ætlast.

Dýpkunarskipið Grettir hefur nú um hartnær 30 ára skeið þjónað höfnum fyrir allt landið. Það er orðið gamalt og úr sér gengið og þarfnast nú gagngerðra endurbóta og viðgerðar, sem tvísýnt þykir að svari kostnaði. Nú hefur skipið á annað ár verið bundið við dýpkunarframkvæmdir í Grindavíkurhöfn, á meðan aðrar hafnir bíða eftir nauðsynlegri dýpkun. Þannig bíða nú hafnirnar í Sandgerði, Bolungarvík og Dalvík allar eftir dýpkun, eftir að framkvæmdum lýkur í Grindavík, og er í dag ósýnt, hvenær Grettir geti sinnt þörfum þeirra.

Það er því ljóst, að næg verkefni eru fyrir nýtt dýpkunarskip, og víst er, að fleiri hafnir muni koma á eftir á næstu árum. Hér er því skjótra aðgerða þörf og nauðsynlegt, að hafist sé handa strax um athugun á, hvernig leyst verði á sem hagkvæmastan hátt til að firra hlutaðeigandi byggðarlög atvinnulegu tjóni.

Það er álit flutningsmanna þessarar þingsályktunartillögu, að leiga á erlendu dýpkunarskipi komi hér sterklega til greina og nauðsynlegt, að könnun á þeim möguleika fari fram hið allra fyrsta.

## Nd. 117. Frumvarp til laga [102. mál]

um breyting á lögum nr. 67 frá 20. apríl 1971, um almannatryggingar.

Flm.: Karvel Pálmason.

1. gr.

Upphaf 11. gr. laganna orðist svo:

Rétt til ellilífeyris eiga þeir, sem eru 67 ára eða eldri og hafa átt lögheimili hér á landi a. m. k. 3 almanaksár frá 16 til 67 ára aldurs. Þó skulu þeir, sem gert hafa sjómennsku að ævistarfi og stundað sjómennsku í 35 ár eða lengur, öðlast fullan rétt til ellilífeyris, er þeir hafa náð sextugsaldri, og hafi maður stundað

sjómennsku sem aðalstarf í 40 ár, á hann rétt á tvöföldum ellilífeyri, er hann hefur náð sextugu. Fullan ellilífeyri ber einnig að greiða ekkjum, er þær verða 60 ára.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Allt frá þeim tíma, að almannatryggingar hófu starfsemi sína hér á landi, hefur réttur til ellilífeyris verið bundinn við 67 ára aldur.

Þetta er þó engan veginn hið eina sjálfsagða aldursmark, sem miða beri við réttinn til ellilífeyris. Allt eins gæti komið til greina að hafa 65 ára aldursmark sem almenna reglu, ef það væri talið fjárhagslega mögulegt fyrir þjóðfélagið.

Það er heldur engan veginn sjálfgefið, að sama aldursmark eigi að gilda fyrir allar starfsstéttir, og má í því sambandi benda á, að víða erlendis hljóta t. d. námumenn ellilífeyri mun fyrr en aðrar starfsstéttir.

Frumvarp sama efnis og hér er nú flutt var lagt fram á Alþingi árið 1970 og hlaut þá ekki afgreiðslu. Í frumvarpinu er lagt til að hin almenna regla um 67 ára aldursmark haldist óbreytt enn um sinn, en jafnframt gert ráð fyrir tveimur undantekningum frá þeirri almennu reglu.

Fyrri undantekningin felur í sér, að menn, sem gert hafa sjómennsku að ævistarfi og verið hafa 35 ár eða lengur á sjó, öðlist fullan rétt til ellilífeyris er þeir verða 60 ára. Þetta er hugsað sem sérstök viðurkenning af þjóðfélagsins hálfu til þeirra manna, sem allt frá æskuárum hafa stundað erfið og áhættusöm störf fjarri heimilum sínum við undirstöðuatvinnuveg þjóðarinnar, en þessir menn eru oftast orðnir slitnir menn þegar 50—55 ára aldrinum er náð. Um þá menn, sem starfað hafa 40 ár eða lengur á sjónum og frumvarpið gerir ráð fyrir að hljóti tvöfaldan ellilífeyri við 60 ára aldur, þarf vart að fara mörgum orðum, því að alkunna er að þeir eiga vissulega fárra kosta völ þegar á land er komið. Það er því einungis réttlát viðurkenning að þeir hljóti tvöfaldan ellilífeyri eftir slíkt ævistarf.

Síðari undantekningin frá almennu reglunni um 67 ára aldursmark varðar ekkjurnar. Þjóðfélagsstaða þeirra er þannig, að það er bæði réttmætt og nauðsynlegt að þjóðfélagið létti undir með þeim á einhvern hátt, þegar aldur færist yfir þær. Þær hafa hvorki mikla né margbreytilega möguleika á atvinnusviðinu þegar sextugsaldrinum er náð. Þess vegna þykir rétt að þær hljóti fullan ellilífeyri er þær hafa náð sextugsaldri.

## Nd. 118. Frumvarp til laga [103. mál]

um breyting á lögum nr. 108 frá 31. des. 1972, um breyting á siglingalögum, nr. 66 1963.

Flm.: Eyjólfur Sigurðsson.

1. gr.

Bráðabirgðaákvæði laganna orðist þannig:

Nú hefur útgerðarmaður keypt sér tryggingu, sem miðast við eftirfarandi bætur, og ber hann þá ekki frekari ábyrgð samkvæmt 1. gr. laga þessara:

1. Dánarbætur:
   a) 2 milljón króna við dauða, er greiðist nánustu vandamönnum (erfingjum) hins látna.
   b) Mánaðarlegar bætur til ekkju eða ekkils í 8 ár ber að greiða á hverjum tíma samkvæmt a-lið 1. málsgr. 35. gr. almannatryggingalaga.
   c) Mánaðarlegar bætur til barna að 17 ára aldri, þó aldrei lengur en í 8 ár, ber að greiða á hverjum tíma samkvæmt c-lið 1. málsgr. sömu gr.

2. Slysadagpeningar og örorkubætur:
   a) Dagpeningar, sem greiðast eftir sömu reglum og dagpeningar samkv. 33. gr. og nema ¾ þeirrar fjárhæðar. Heildarupphæð dagpeninga skal þó aldrei nema meiru en þeim launum, er hinn slasaði hafði fyrir slysið.
   b) Ef slys veldur varanlegri örorku, skal greiða örorkubætur, 6 millj. kr. við algera varanlega örorku, en hlutfallslega við minni örorku.

Framangreindar upphæðir vegna dauðsfalls og örorku skulu umreiknaðar samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar, einu sinni á ári, eins og Hagstofa Íslands gefur hana út, fyrst 1. desember 1975.

Frá örorkubótum skal draga upphæð slysadagpeninga, sem greiddir hafa verið, og frá inngreiðslu dánarbóta skal draga örorkubætur, ef greiddar hafa verið.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Öllum er ljóst hið mikilsverða starf er íslenskir sjómenn leggja á sig fyrir þjóðina. Sjómannsstarfið er eitt hið allra hættulegasta sem stundað er, og á hverju ári farast því miður fleiri og færri íslenskir sjómenn við störf sín á hafinu.

Margir íslenskir sjómenn stunda störf allfjarri heimilum sínum og fara því þeir og fjölskyldur þeirra oft langtímum saman á mis við hið eiginlega fjölskyldulíf.

Það er því lágmarkskrafa þessara manna og fjölskyldna þeirra, að íslenskir sjómenn séu vel tryggðir gagnvart þeim slysum sem þeir geta orðið fyrir við sín hættulegu störf á hafinu.

Á verðbólgutímum er nauðsynlegt að upphæðir tryggingabóta séu endurskoðaðar minnst árlega, þannig að eigi sé hætta á, að verðbólgan rýri þær bætur sem greiddar eru hverju sinni.

Flutningsmaður mun gera nánari grein fyrir breytingunum í framsögu.

## Nd. 119. Frumvarp til laga [104. mál]

um breyting á lögum nr. 67 frá 20. apríl 1971, um almannatryggingar.

Flm.: Ellert B. Schram, Skúli Alexandersson, Karvel Pálmason, Eyjólfur Sigurðsson, Þórarinn Þórarinsson.

1. gr.

Á eftir orðunum „aflvéla og ökutækja“ í 1. málsgr. 27. gr. laganna komi: hvers konar íþróttaæfinga, íþróttasýninga og íþróttakeppni.

2. gr.

Nýr stafliður (f) bætist aftan við 1. málsgr. 29. gr. laganna, svo hljóðandi:

f. íþróttafólk, sem tekur þátt í íþróttaiðkunum, hvort heldur er æfingum, sýningum eða keppni og orðið er 16 ára.

3. gr.

Á eftir 4. málsgr. 36. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Iðgjöld vegna íþróttafólks greiðast sameiginlega af ríkissjóði og Íþróttasambandi Íslands, og skulu nánari ákvæði um skiptingu iðgjaldsgreiðslna, svo og um slysatryggingar íþróttafólks, sett í reglugerð í samráði við Íþróttasamband Íslands.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvörp um þetta sama efni hafa oft áður verið flutt á Alþingi, m. a. á síðasta þingi, en þrátt fyrir góðar undirtektir þingnefnda og áskoranir íþróttasamtakanna eigi náð fram að ganga, og hefur því barátta fyrir þessum sjálfsögðu réttindum íþróttafólks staðið í marga áratugi.

Þau rök, sem mæla með samþykkt frumvarpsins, eru þessi:

Eins og flestum, er til þekkja, er kunnugt, koma oft fyrir slys við íþróttaæfingar og íþróttakeppni, án þess að um verði kennt óaðgætni eða slæmum útbúnaði íþróttatækja. Þeir, sem íþróttir stunda, eru oftast ungt fólk og í flestum tilfellum félítið.

Augljóst er, að erfitt er fyrir þetta fólk að mæta skakkaföllum, sem það verður fyrir, þegar það verður lengri eða skemmri tíma frá verki vegna slysa við íþróttaiðkanir.

Þennan vanda hefur íþróttahreyfingin sjálf reynt að leysa með myndun eigin slysatryggingasjóða, sem því miður, eftir meira en áratugs starfsemi, hafa eigi getað fullnægt nema hluta af tryggingaþörfinni.

Um raunhæfa lausn á þessu máli er því ekki að ræða, aðra en þá, að íþróttaiðkendur njóti ákvæða almannatryggingalaganna um slysabætur.

Um sanngirni slíks máls má leiða fram mörg rök, en hér verður aðeins bent á þýðingu íþróttanna fyrir uppeldi og hreysti æskunnar og reyndar allra þeirra, eldri sem yngri, er iðka íþróttir, og því fráleitt, að íþróttafélag njóti eigi ákvæða almannatrygginga um slysabætur við íþróttaiðkanir.

Eins og fyrr segir, hafa Íþróttasamband Íslands og Íþróttabandalag Reykjavíkur rekið sjálfstæða slysatryggingasjóði, sem þó hafa ekki haft bolmagn til greiðslu fullnægjandi slysa- og kostnaðarbóta og hafa verið fjárhagslegur baggi fyrir íþróttahreyfinguna. Hafa þessir sjóðir þó ekki staðið undir örorku- eða dánarbótum, og verður að telja það mikilvægasta nýmæli frumvarpsins, að gert er ráð fyrir greiðslu slíkra bóta vegna slysa íþróttafólks, sem leiða til örorku eða dauða.

Það er með öllu ósæmandi, að íþróttafólk á Íslandi skuli ekki búa við þær slysatryggingar, sem í lögum um almannatryggingar felast. Verður að telja eðlilegt, að sá fjárhagsvandi verði í fyrstu leystur sameiginlega af ríkissjóði og íþróttahreyfingunni, en ágreiningur um iðgjaldagreiðslur hefur torveldað framgang þessa réttlætismáls.

Í því sambandi er hugsanlegt, að íþróttahreyfingin leggi fram höfuðstóla þeirra slysatryggingasjóða, sem hún nú rekur, enda verði þeir skoðaðir sem iðgjaldagreiðslur af hálfu íþróttahreyfingarinnar næstu árin. Með því ætti að létta á kostnaði ríkissjóðs vegna þessarar lagabreytingar.

Gert er ráð fyrir, að um þessi atriði verði nánar kveðið á í reglugerð.

## Sþ. 120. Fyrirspurnir. [105. mál]

I. Til félagsmálaráðherra um frumvarp til laga um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Frá Þorv. Garðari Kristjánssyni.

Hvað líður meðferð á frumvarpi til laga um breyting á lögum um Húsnæðismálastofnun ríkisins, um íbúðarlán til eflingar byggðajafnvægis o. fl., sem efri deild Alþingis samþykkti 6. maí 1974 að vísa til ríkisstjórnarinnar?

II. Til félagsmálaráðherra um veitingu íbúðarhúsalána.

Frá Helga F. Seljan.

Hvenær er áætlað að lán verði veitt úr Byggingarsjóði ríkisins til þeirra húsbyggjenda, sem gert höfðu íbúðir sínar fokheldar fyrir 15. nóv. s. l.?

## Ed. 121. Frumvarp til laga [61. mál]

um breyting á lögum nr. 6/1971, um Hótel- og veitingaskóla Íslands.

(Eftir 2. umr. í Ed., 9. des.)

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn skólans. Ráðherra skipar sjö manna skólanefnd með þessum hætti: Einn nefndarmanna skal skipaður eftir tilnefningu Sambands veitinga- og gistihúsaeigenda, einn eftir tilnefningu Félags framreiðslumanna, einn eftir tilnefningu Félags matreiðslumanna, einn eftir tilnefningu Matsveinafélags Sjómannasambands Íslands, tveir eftir tilnefningu nemenda í Hótel- og veitingaskóla Íslands úr hópi reglulegra nemenda skólans, en formaður skólanefndar skal skipaður án tilnefningar. Sjö varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Tilnefning nemendafulltrúa gildir til eins árs, en hinna til fjögurra ára.

Skólastjóri hefur á hendi daglega stjórn skólans og fjárreiður hans.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Ed. 122. Frumvarp til laga [106. mál]

um breyting á lögum nr. 97 27. desember 1973 um löndun á loðnu til bræðslu.

(Lagt fyrir Alþingi á 96. löggjafarþingi, 1974.)

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Skipulag og tilhögun á löndun á loðnu til bræðslu skal vera í höndum þriggja manna og jafnmargra til vara, eins samkvæmt tilnefningu samtaka fiskseljenda, eins samkvæmt tilnefningu Félags íslenskra fiskmjölsframleiðenda og eins án tilnefningar, sem jafnframt er formaður nefndarinnar. Skulu þeir skipaðir af ráðherra til eins árs í senn frá 1. janúar ár hvert. Verði ekki samkomulag meðal samtaka fiskseljenda um tilnefningu í nefndina, skipar ráðherra þann mann án tilnefningar. Nefnd þessi skal afla upplýsinga um móttökugetu síldar- og fiskimjölsverksmiðja og ákveða, hvenær löndun skuli hefjast eða hætta hjá einstökum verksmiðjum.

Nefndin skal veita fiskiskipum upplýsingar um móttökugetu einstakra verksmiðja um fjarskiptastöð. Skipstjóri hvers skips skal tilkynna nefndinni við brottför af veiðisvæði um aflamagn, veiðisvæði og löndunarhöfn. Vanræki skipstjóri að gefa framangreindar upplýsingar, getur viðkomandi skip glatað þeirri löndunarröð, sem það annars hefði haft, auk þess sem nefndin getur beitt viðurlögum samkvæmt 5. gr. Ef ekki er hægt að ákveða löndunarhöfn við brottför af veiðisvæði, skal nefndinni, í þeim tilvikum, tilkynnt um löndunarhöfnina eins fljótt og við verður komið og í síðasta lagi um leið og beygt er af langsiglingaleið til ákveðinnar hafnar, en samt sem áður skal nefndinni ávallt tilkynnt um aflamagn og veiðisvæði viðkomandi skips, um leið og haldið er af veiðisvæði. Fiskiskipi er óheimilt að leita löndunar hjá verksmiðju, þar sem nefndin hefur stöðvað löndun eða ekki auglýst laust móttökurými.

2. gr.

2. mgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Kostnaður af framkvæmd laganna greiðist úr loðnuflutningasjóði eða með sérstöku gjaldi af hverri hráefnissmálest, jafnhárri fjárhæð frá seljendum og kaupendum, eftir nánari reglum, sem ráðuneytið setur og skulu kaupendur standa skil

á gjaldi þessu, en Loðnunefnd hefur á hendi innheimtu og reikningshald. Verði í árslok afgangur af gjaldi, sem innheimt er með þessum hætti, skal hann geymast til næsta árs.

3. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Gerist stjórnendur verksmiðja brotlegir við 1. og 2. gr. þessara laga eða reglur settar samkvæmt þeim, skal nefndinni heimilt að stöðva löndun í einstakar verksmiðjur fyrirvaralaust í allt að þrjá sólarhringa, þó að móttökuskilyrði séu fyrir hendi. Ef um ítrekuð brot er að ræða, skal nefndinni heimilt að stöðva löndun í viðkomandi verksmiðjur í allt að sjö sólarhringa.

Gerist stjórnendur loðnufrystihúsa brotlegir við reglur settar samkvæmt þessum lögum, skal nefndinni heimilt að stöðva móttöku einstakra verksmiðja á loðnuúrgangi frá viðkomandi loðnufrystihúsum fyrirvaralaust í allt að þrjá sólarhringa. Ef um ítrekuð brot er að ræða, skal nefndinni heimilt að stöðva móttöku einstakra verksmiðja á loðnuúrgangi frá viðkomandi loðnufrystihúsum fyrirvaralaust í allt að sjö sólarhringa.

Gerist skipstjórar brotlegir við 1. og 2. gr. þessara laga eða reglur settar samkvæmt þeim, skal nefndinni heimilt að setja löndunarbann á viðkomandi skip í allt að þrjá sólarhringa og jafnframt að svipta skipið áunnum flutningastyrk fyrir viðkomandi veiðiferð. Ef um ítrekuð brot er að ræða, skal nefndinni heimilt að setja löndunarbann á viðkomandi skip í allt að sjö sólarhringa og jafnframt að svipta skipið áunnum flutningastyrk fyrir viðkomandi veiðiferð. Nefndinni er heimilt að beita sömu refsingum gagnvart einstökum skipum, þegar landað er í gegnum loðnufrystihús til verksmiðja, sem hafa ekki tilkynnt laust móttökurými og þegar landað er með sama hætti til að fá löndun fyrr en löndunarröð skipsins segir til um.

Ef nauðsyn krefur, getur Loðnunefnd látið lögreglu framfylgja ákvörðunum nefndarinnar samkvæmt 1., 2. og 3. mgr. þessarar greinar.

Hver sá, er sekur gerist um brot á lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim, skal sæta sektum og renna sektir í loðnuflutningasjóð.

Um mál út af brotum á lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim, skal fara að hætti opinberra mála.

4. gr.

Sjávarútvegsráðuneytið getur sett reglur um löndun á loðnu til frystingar, enda ríki um þær samstaða milli sölusamtaka hraðfrystihúsanna og samtaka útvegsmanna og sjómanna.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1975.

## Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. janúar 1974 tóku gildi lög um löndun á loðnu til bræðslu. Þessi lög voru sett í framhaldi af lögum um skipulag á löndun á loðnu til bræðslu frá 31. desember 1972 og var við undirbúning þessarar lagasetningar tekið tillit til þeirrar reynslu, sem fékkst af eldri lögunum við skipulag loðnulöndunar á vertíðinni 1973.

Á síðustu loðnuvertíð stunduðu um 135 skip veiðar á móti um 90 skipum árið áður. Á sama tíma urðu þær breytingar nánast einar á afkastagetu verksmiðjanna, að báðar verksmiðjurnar í Vestmannaeyjum tóku á móti loðnu á síðustu vertíð, en á vertíðinni 1973 tók aðeins önnur verksmiðjan við loðnu síðari hluta vertíðar.

Af framansögðu leiddi, að mun meiri erfiðleikar urðu í sambandi við loðnulöndunina og einstakir aðilar reyndu að fara í kringum lögin eins og mögulegt var, sérstaklega þar sem þau ná aðeins yfir löndun á loðnu til bræðslu, en ekki til frystingar.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Þær breytingar eru gerðar frá gildandi lögum, að sett eru skýrari ákvæði um tilkynningarskyldu skipstjóra til Loðnunefndar og að fiskiskipi er undir öllum kringumstæðum óheimilt að leita löndunar hjá verksmiðju, ef Loðnunefnd hefur ekki auglýst laust móttökurými.

Þá er einnig lagt til, að Loðnunefnd verði skipuð til eins árs í senn í stað þriggja ára áður.

Um 2. gr.

Lagt er til að heimilað verði að greiða kostnað af framkvæmd laganna úr loðnuflutningasjóði, en heimild til að innheimta sérstakt gjald af hverri hráefnislest verði áfram í lögunum, þar sem grípa yrði til þeirrar heimildar, ef Verðlagsráð sjávarútvegsins kynni að ákveða við verðlagningu einhverju sinni, að loðnuflutningasjóður yrði ekki starfræktur.

Um 3. gr.

Samkvæmt þessari grein eru sett inn refsiákvæði gagnvart loðnufrystihúsum, ef þau gerast brotleg við reglur nefndarinnar. Jafnframt eru sett inn refsiákvæði gagnvart skipum, ef þau eru þátttakendur í slíkum brotum.

Þá er lagt til að sektir vegna brota á lögunum og reglum settum samkvæmt þeim, skuli renna í loðnuflutningasjóð.

Um 4. gr.

Lagt er til að veitt verði heimild fyrir setningu reglugerða um löndun á loðnu til frystingar, ef samstaða ríkir um það milli hagsmunaaðila og er þetta gert í samráði við fulltrúa þeirra.

Um 5. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

## Nd. 123. Nefndarálit [48. mál]

um frv. til l. um lántökur ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og fengið til fundar við sig Þorstein Geirsson deildarstjóra í fjármálaráðuneytinu, og veitti hann ýmsar upplýsingar.

Nefndin mælir með því, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 11. des. 1974.

| | | |
|---|---|---|
| Ólafur G. Einarsson, form., frsm. | Lárus Jónsson, fundaskr. | Lúðvík Jósepsson, með fyrirvara. |
| Ey. Kon. Jónsson. | Eyjólfur Sigurðsson. | Tómas Árnason. |
| | Þórarinn Þórarinsson. | |

## Nd. 124. Nefndarálit [49. mál]

um frv. til l. um eftirlit með ráðningu starfsmanna og húsnæðismálum ríkisstofnana.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. á nokkrum fundum sínum. Til fundar við nefndina komu formaður Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, formaður Bandalags háskólamanna og Þorsteinn Geirsson deildarstjóri í fjármálaráðuneytinu. Veittu þeir nefndinni ýmsar upplýsingar.

Nefndin mælir með því að frumvarpið verði samþykkt með breytingum, sem hún flytur á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 11. des. 1974.

| | | |
|---|---|---|
| Ólafur G. Einarsson, form., frsm. | Lárus Jónsson, fundaskr. | Lúðvík Jósepsson, með fyrirvara. |
| Eyj. Kon. Jónsson. | Eyjólfur Sigurðsson. | Tómas Árnason. |
| | Þórarinn Þórarinsson. | |

## Nd. 125. Breytingartillögur [49. mál]

við frv. til l. um eftirlit með ráðningu starfsmanna og húsnæðismálum ríkisstofnana.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

1. Við 2. gr. Niður falli úr 1. línu orðið „lausráðna".
2. Við 3. gr. Í stað 1. og 2. mgr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
   Þegar starfsmaður, sem lög nr. 46/1973 taka til, er ráðinn í þjónustu ríkisins skal það gert með skriflegum gerningi. Skal þar tekið fram, hvort um skipun, setningu eða ráðningu er að ræða.
3. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   Ráðningarnefnd ríkisins skipa þrír menn, formaður fjárveitinganefndar, einn skipaður af ríkisstjórninni og einn af fjármálaráðherra, og er hann formaður nefndarinnar.
   Varamann formanns fjárveitinganefndar skipar fjárveitinganefnd, en ríkisstjórn og fjármálaráðherra sinn hvor varamann.
4. Við 9. gr. Í stað 2. og 3. mgr. komi ný málsgrein, sem verður 2. mgr., svo hljóðandi:
   Starfsmaður á rétt á að fá í hendur afrit af ráðningarbréfi sínu staðfestu af viðkomandi ráðuneyti og fjármálaráðuneytinu.
5. Við 10. gr. Niður falli úr 1. línu orðin „og 2."

## Nd. 126. Frumvarp til laga

um breyting á lögum um íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins, nr. 27/1968.

Flm.: Ellert B. Schram.

1. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða, á þessa leið:

Þegar seld eru prestssetur í þéttbýli, sem ekki eru í eigu ríkissjóðs, skal andvirði þeirra renna óskert í sérstakan sjóð, sem notaður skal til að veita þeim söfn-

uðum styrk, er sjálfir vilja tryggja sóknarpresti sínum húsnæði, enda verði það í eigu safnaðarins. Sjóðurinn skal vera í vörslu fjármálaráðuneytisins, en að öðru leyti skal kveðið nánar á um meðferð hans í reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar.

Greinargerð.

Um aldir hefur það þótt sjálfsagt, að prestur nyti þess, að hið opinbera sæi honum fyrir jörð til ábúðar og/eða íbúðarhúsnæði. Með lögum nr. 27/1968 var samþykkt breyting á þessu fyrirkomulagi á þann veg, að í þéttbýli skyldi prestssetur selt, er prestur sá léti af störfum, sem þar hefði búið. Þótti þó sjálfsagt, að í strjálbýli og minni bæjum ætti ríkið áfram prestssetur.

Ekki skal farið út í það hér að rekja ástæður fyrir þessari breytingu né heldur gagnrýna hana. Aftur á móti skal bent á það mikla óhagræði, sem það er söfnuðum, að ekki skuli vera húsnæði, sem prestur þeirra nýtur, sem næst sóknarbörnunum. Prestssetrið hefur ævinlega gegnt miklu virðtækara hlutverki en því einu að vera íbúð prests og fjölskyldu hans. Þar hittist fólk, oft stórir hópar, bæði á stundum gleði og sorgar, svo og til ýmissa funda. Sömuleiðis er óhjákvæmilegt, að prestar inni ýmis þjónustustörf af hendi á heimili sínu. Á þetta líka við, þar sem kirkjur hafa risið, því að ekki eru allar kirkjur þannig, að auðvelt sé um fundarhald, auk þess sem skrifstofuaðstaða er óvíða. En þar sem kirkjur eru engar, má segja, að prestssetrið sé allsherjarmiðstöð safnaðarins. Er því nauðsynlegt þar fyrir söfnuðinn, að prestur búi þannig, að rými sé nægjanlegt fyrir alla þá, sem þangað leita, og fer þá ekki eftir sérstökum auglýstum viðtalstíma.

Nú þekkja flestir, hvernig er fyrir mann, sem er að hefja prestsstarf, að eignast það húsnæði, sem slíkum kröfum fullnægir. Hefur því verið erfitt fyrir presta og söfnuði, síðan lögin frá 1968 tóku gildi, að fullnægja þessum þörfum.

Frumvarp þetta miðar að því að koma að einhverju leyti til móts við þessi vandamál safnaðanna, án þess að til þess sé varið öðru en því, sem þegar getur talist tilheyra hinu kirkjulega starfi. Í stað þess, að andvirði núverandi prestssetra í þéttbýlinu renni beint í ríkissjóð, miðar frumvarpið að því, að það fé renni í sérstakan sjóð, sem veiti styrki, eftir því sem ákveðið er í reglugerð. Hér er ekki um stórar upphæðir að ræða né heldur mörg prestssetur.

Benda má á, að prestar bæði í Reykjavíkurprófastsdæmi og raunar víðar hafa sent frá sér ályktanir um þetta efni og hafa raunar óskað eftir, að mál þetta yrði tekið til meðferðar á Alþingi.

## Ed. 127. Nefndarálit [84. mál]

um frv. til l. um breyt. á útvarpslögum, nr. 19/1971.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Nefndin hefur athugað frv. Fjarverandi á þeim fundi voru Ragnar Arnalds, Þorvaldur Garðar Kristjánsson og Jón Árm. Héðinsson.

Undirritaðir nefndarmenn mæla með samþykkt frv. óbreytts.

Alþingi, 11. des. 1974.

| | | |
|---|---|---|
| Axel Jónsson, form., frsm. | Steinþór Gestsson, fundaskr. | Steingr. Hermannsson. |

Ingi Tryggvason.

## Sþ. 128. Tillaga til þingsályktunar [108. mál]

um breyting á tímasetningu fjárlagaárs.

Flm.: Guðmundur H. Garðarsson.

Alþingi ályktar að beina því til ríkisstjórnarinnar að athugun verði hafin á því, hvort ekki sé unnt að breyta hinu almenna uppgjöri ríkisreikninga, opinberra fyrirtækja, ríkisbanka og stofnana þannig, að reikningsárið hefjist 1. júlí ár hvert í stað 1. janúar og ljúki 30. júní í stað 31. desember.

Fjárlög miðast við sama tíma.

### Greinargerð.

Í upphafi reglulegs Alþingis í október ár hvert leggur fjármálaráðherra fram frumvarp til fjárlaga fyrir komandi ár. Ráðherra ásamt fjárveitinganefnd Alþingis og viðkomandi embættismönnum eiga mestan hlut að gerð og mótun fjárlagafrumvarpsins umfram það, sem gildandi lög mæla fyrir.

Framangreindir aðilar inna af hendi mikið og ítarlegt starf við undirbúning fjárlaga ár hvert. Hafa þeir margir hverjir margra ára reynslu á þessu sviði og vinna sitt verk óaðfinnanlega. Hins vegar verður dregið í efa, að með því fyrirkomulagi, sem nú er viðhaft við afgreiðslu fjárlaga á Alþingi, geti alþingismenn yfirleitt fjallað á viðunandi hátt um þessi viðamiklu mál, sem grípa inn á flest svið íslensks þjóðlífs.

Reynsla undangenginna ára hefur sýnt, að framlögð frumvörp til fjárlaga hafa ekki breyst í veigamiklum atriðum í meðförum Alþingis, nema þá helst til hækkunar. Skammur tími gerir mjög erfitt fyrir að breyta út frá mótaðri stefnu fjárlagafrumvarps, sem koma skal til framkvæmda 2—3 mánuðum eftir að það er lagt fram, auk þess sem naumur tími gefur lítið svigrúm til að breyta eldri lögum, er setja löggjafarvaldinu skorður í þessum efnum.

Ástæða er til að óttast, að áframhaldandi óbreytt fyrirkomulag þessara mála og ófullnægjandi afskipti Alþingis af þeim geti haft afdrifaríkar afleiðingar til hins verra fyrir þingræðið í landinu.

Fyrir flutningsmanni vakir, að með því að breyta tímasetningunni á uppgjörsári hins opinbera og fjárlaga gefist alþingismönnum betra svigrúm til að fjalla um einstaka þætti þeirra og gera viðeigandi lagabreytingar eftir því sem stefnumótun þróaðist á Alþingi í þeim veigamiklu málum, sem fjárlögin spanna yfir.

Eðli málsins samkvæmt mundi Alþingi sitja lengur að störfum fyrri hluta árs en áður hefur tíðkast, ef farið yrði inn á þær brautir, sem þingsályktunartillagan felur í sér.

## Ed. 129. Lög [83. mál]

um lántökuheimildir erlendis.

(Afgreidd frá Ed. 11. des.)

Samhljóða þskj. 91.

**Ed.** **130. Frumvarp til laga** [109. mál]

um stofnun sjóðs til aðstoðar við drykkjusjúka.

Flm.: Oddur Ólafsson.

1. gr.

Af hverri þriggja pela flösku af sterku víni, sem Áfengisverslun ríkisins selur, skal í næstu 10 ár greiða gjald að upphæð kr. 100.00 og hlutfallslega af öðrum flöskustærðum. Gjald þetta skal renna í sérstakan sjóð til varnar gegn drykkjusýki. Sjóðurinn skal vera í vörslu Tryggingastofnunar ríkisins.

2. gr.

Fé því, sem rennur í sjóð til varnar gegn drykkjusýki samkv. 1. gr., skal varið til lána og styrkveitinga til félagasamtaka og annarra aðila, er vinna að því að hamla gegn skaðlegum áhrifum áfengis. Veita má lán og styrki til þess að koma á fót afvötnunar- og ráðleggingarstöðvum fyrir drykkjusjúka, dvalarheimilum, vinnu- og endurhæfingarstöðvum. Þá er heimilt að verja allt að 10% af árstekjum sjóðsins til styrktar þeim, er reka áróður gegn áfengisneyslu. Lán og styrkir úr sjóðnum til stofnana mega nema allt að 75% af stofnkostnaði.

3. gr.

Heilbrigðismálaráðherra tekur ákvarðanir um lán og styrkveitingar úr sjóðnum að fengnum tillögum tryggingaráðs. Tryggingastofnun ríkisins setur reglugerð um lánakjör sjóðsins og hlutfall milli lána og styrkja. Einnig skal hún samþykkja starfsreglur þeirra aðila, er aðstoðar njóta.

4. gr.

Áfengisverslun ríkisins er heimilt að hækka verð á sterkum drykkjum um sömu upphæð og nemur framlagi til sjóðsins. Hækkunin skal ekki hafa áhrif á K-vísitölu.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Rannsóknir, sem gerðar hafa verið hér á landi á undanförnum árum, hafa leitt það í ljós, svo að ekki verður um villst, að drykkjuskapur fer vaxandi hér og þá **einkum hjá yngri aldursflokkunum.**

Þeim, er að málefnum drykkjusjúkra vinna, dylst það ekki, að misnotkun áfengis er stærsta og alvarlegasta félagslega vandamálið, sem við eigum við að stríða. Þúsundir íslendinga eru vanheilir vegna ofdrykkju og hundruð fjölskyldna líða á ýmsan hátt vegna áfengisvandamálsins. Þótt hið opinbera hafi á undanförnum **árum sýnt nokkra viðleitni til þess að hjálpa drykkjusjúkum, þá er varla ofmælt,** þótt sagt sé, að sá hópur hafi verið olnbogabarn um langa hríð.

Baráttan gegn áfengisvandamálinu er erfið og ekki að vænta skyndiárangurs. Þó er vitað, að ná má athyglisverðum árangri, sé fjármagn til starfseminnar fyrir hendi.

Það er tilgangurinn með flutningi þessa frumvarps að styðja við bakið á þeim, sem vilja vinna að umbótum á þessu sviði, vilja vinna að því að greiða úr þeim þjóðarvanda, sem hér er um að ræða.

*Skýringar við einstakar greinar frumvarpsins.*

Við 1. gr.

Ætla má, að gjald það, sem hér um ræðir, muni nema 120—130 milljónum króna árlega. Erfitt er að segja til um það, hve hárri upphæð gjaldið muni nema alls, þar eð búast má við því, að verðhækkunin muni fækka eitthvað þeim brennivínsflöskum, sem seldar verða, og er það út af fyrir sig árangur.

Við 2. gr.

Opinberir aðilar, félagasamtök og einstaklingar vinna að því að hjálpa drykkjusjúkum eða vara við hættunni af áfengisneyslu. Með auknum fjárráðum má ætla, að árangur yrði meiri af þessari viðleitni. Drukknir einstaklingar, sem lögreglan tekur í sína vörslu, eiga nú varla annars kost en að gista í fangageymslu og vera fleygt út að morgni. Nauðsyn er að koma upp aðstöðu til þess að geta veitt þessum vesalingum þjónustu, tekið þá til rannsóknar og grafist fyrir um orsakirnar að drykkju þeirra. Slík afvötnunar- og rannsóknarstöð ætti að njóta forgangshjálpar úr sjóðnum, þar eð telja verður, að hún sé eitt brýnasta úrlausnarefnið. Sjálfsagt er, að sjóðurinn styrki og láni til dvalarheimila, endurhæfingar- og vinnustöðva drykkjusjúkra. Slík starfsemi er nauðsynleg, þegar sjúkrahúsvist lýkur.

Áróður gegn víndrykkju og drykkjuósiðum er að sjálfsögðu eitt veigamesta atriðið til varanlegra úrbóta. 10% af árlegum tekjum sjóðsins mundu auka möguleika bindindishreyfingarinnar og annarra þeirra aðila, er að áfengisvörnum vinna, til þess að sinna þeirri starfsemi.

Við 3. gr.

Æskilegt er, að þau lán, sem sjóðurinn veitir, séu veitt til langs tíma, 10—15 ára, og með vægum vöxtum. Líklegt er, að heppilegt sé, að helmingur aðstoðar sé að jafnaði lán og helmingur styrkur. Það er nauðsynlegt að Tryggingastofnun ríkisins kynni sér starfsaðferðir og fái áætlun um störf þeirra, er aðstoðar njóta.

Við 4. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Við 5. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

## Sþ. 131. Tillaga til þingsályktunar [110. mál]

um nefndarskipan um áfengismál.

Flm.: Helgi F. Seljan, Karvel Pálmason, Jón Árm. Héðinsson, Sverrir Bergmann, Oddur Ólafsson.

Alþingi ályktar að kjósa nú þegar nefnd manna, er hafi það verkefni að gera úttekt á stöðu áfengismálanna í dag, sérstaklega með tilliti til hrikalegra afleiðinga af ofneyslu áfengis, sem hvarvetna blasa við.

Nefndin skal leitast við að gera tillögur til úrbóta, hún skal hraða störfum sem mest og ljúka bráðabirgðaáliti og tillögugerð fyrir 15. febr. n. k.

Nefndin skal skipuð 5 mönnum eftir tilnefningu hvers þingflokks.

Greinargerð.

Alþingi getur ekki látið sem ekkert sé, þegar hörmulegar afleiðingar áfengisneyslu landsmanna birtast okkur daglega, oftlega á þann hátt, að beint manntjón hlýst af.

Annað tveggja verður til að koma: Ný lagasetning um gerbreytta skipan þessara mála, þ. m. t. réttarfarsþátt þeirra, eða þá að sérstök nefnd hæfra manna vinni skjótlega að málinu og geri tillögur um einhver úrræði, sem að gagni mættu koma.

Baráttan gegn þessum hrikalega vanda er ekki auðveld, en atburðir liðinna vikna kalla á skjót viðbrögð, sem vera mætti að dygðu eitthvað. Um varanleg áhrif skal ekkert fullyrt, en ítrustu tilraunir ber að gera, ef vandamálið á ekki að vaxa okkur enn frekar yfir höfuð.

Alþingi er skylt að hafast eitthvað að í þessum efnum og því er tillagan flutt.

## Nd. 132. Frumvarp til laga [111. mál]

um Hitaveitu Suðurnesja.

(Lagt fyrir Alþingi á 96. löggjafarþingi, 1974.)

1. gr.

Ríkissjóður Íslands og sjö sveitarfélög á Suðurnesjum, sbr. 2. gr., skulu setja á stofn hitaveitufyrirtæki, er nefnist Hitaveita Suðurnesja.

Tilgangur fyrirtækisins skal vera að virkja jarðhita í Svartsengi við Grindavík eða annars staðar á Reykjanesi, ef hagkvæmt þykir. Reisa þar varmaskiptistöðvar og leggja aðveituæðar til þéttbýliskjarna á Suðurnesjum, leggja dreifikerfi og annast sölu á heitu vatni til notenda. Hitaveita Suðurnesja skal reisa kyndistöðvar, teljist slíkt nauðsynlegt vegna rekstraröryggis.

Fyrirtækið er sjálfstæður réttaraðili og hefur sjálfstæðan fjárhag og reikningshald.

Heimili þess og varnarþing er í Keflavík.

2. gr.

Hitaveita Suðurnesja er sameignarfyrirtæki ríkisins og eftirtalinna sveitarfélaga.

Eignarhluti ríkissjóðs skal vera 40%.

Eignarhlutar

Keflavíkurkaupstaðar,
Njarðvíkurhrepps,
Gerðahrepps,
Miðneshrepps,
Hafnahrepps,
Grindavíkurkaupstaðar og
Vatnsleysustrandarhrepps skulu samtals nema 60%.

Eignarhlutdeild sveitarfélaganna sjö skiptist innbyrðis í hlutfalli við íbúatölu þeirra 1. desember 1974.

Sameigendur beri einfalda óskipta ábyrgð á skuldbindingum Hitaveitu Suðurnesja gagnvart kröfuhöfum. Innbyrðis skiptist ábyrgð samkvæmt eignarhlutföllum. Verði síðar ákveðið að krefja viðbótarframlags frá eigendum skulu þeir leggja það fram í samræmi við eignarhlutföll. Eignarhlutföllum verður ekki breytt og engum sameignarfélaga er heimilt að ganga úr fyrirtækinu án samþykkis allra sameigenda.

3. gr.

Starfsemi Hitaveitu Suðurnesja skal beinast að öflun heits vatns fyrir sveitarfélög þau, sem aðild eiga að fyrirtækinu. Jafnskjótt og unnt er skal hitaveita lögð til Keflavíkurflugvallar.

Verkefni Hitaveitu Suðurnesja skulu nánar tilgreind í reglugerð.

4. gr.

Ríkissjóður skal afhenda Hitaveitu Suðurnesja öll mannvirki sín í Svartsengi og þar í nánd, þar á meðal borholur fyrir heitt og kalt vatn, og allar áætlanir og undirbúningsframkvæmdir vegna virkjana á Svartsengissvæðinu. Náist eigi samkomulag um mat á verðmætum þessum, skal gerðardómur þriggja manna, sem sýslumaðurinn í Gullbringusýslu dómkveður, skera úr. Sama gildir um mannvirki og önnur verðmæti, er aðrir eignaraðilar afhenda.

5. gr.

Sameignaraðilar að Hitaveitu Suðurnesja leggja fram stofnframlag 50 milljónir kr., sem skiptist milli aðila í hlutföllum þeim, er um getur í 2. gr. Í framlagi eignaraðila skulu talin verðmæti þau, sem um ræðir í 4. gr.

6. gr.

Iðnaðarráðherra veitir Hitaveitu Suðurnesja einkaleyfi til starfrækslu hitaveitu innan sveitarfélaga þeirra, sem aðild eiga að fyrirtækinu. Ráðherra er þó heimilt að ákveða, að bygging og rekstur dreifiveitu á Keflavíkurflugvelli skuli vera þar undanþegin.

7. gr.

Stjórn Hitaveitu Suðurnesja skal skipuð fimm mönnum. Iðnaðarráðherra og fjármálaráðherra skipa hvor einn fulltrúa í stjórnina og einn til vara. Sveitarfélög þau, sem aðilar eru að fyrirtækinu, skipa þrjá stjórnarmenn og jafnmarga til vara. Stjórnarmenn skulu skipaðir til þriggja ára í senn. Verði ekki samkomulag milli sveitarfélaganna um það í upphafi hvert þeirra skuli eiga fulltrúa í stjórninni skal hlutkesti ráða. Aldrei skal nema einn fulltrúi frá hverju sveitarfélagi sitja í stjórn á hverjum tíma. Hvert sveitarfélag skal eiga fulltrúa í stjórninni í þrjú ár samfleytt og skal hann tilnefndur af viðkomandi sveitarstjórn. Þó skal einn hinna upprunalegu stjórnarmanna víkja eftir eins árs setu í stjórn og annar eftir tveggja ára setu þannig, að framvegis víki fulltrúi eins sveitarfélags árlega. Komi sveitarfélögin sér ekki saman um, í hvaða röð fulltrúar þeirra skulu víkja og taka sæti í stjórn, skal hlutkesti ráða. Stjórnin skiptir með sér verkum. Undirskrift meirihluta stjórnar bindur fyrirtækið.

8. gr.

Stjórn Hitaveitu Suðurnesja hefur á hendi yfirstjórn á framkvæmdum fyrirtækisins og rekstri þess.

Stjórn Hitaveitu Suðurnesja ræður framkvæmdastjóra, er veitir fyrirtækinu forstöðu. Framkvæmdastjóri skal annast allan daglegan rekstur fyrirtækisins. Skal hann eiga sæti á stjórnarfundum, og hafa þar málfrelsi og tillögurétt, en eigi atkvæðisrétt.

Nánari ákvæði um starfssvið stjórnar og framkvæmdastjóra skulu sett í reglugerð.

9. gr.

Aðalfund skal halda fyrir 1. apríl ár hvert. Stjórnin boðar til aðalfundar með dagskrá og með a. m. k. viku fyrirvara. Á aðalfundi eiga sæti 3 fulltrúar frá hverjum eignaraðila nema 6 frá ríkissjóði. Fulltrúa þessa kjósa viðkomandi sveitarstjórnir hlutbundinni kosningu, en fulltrúa ríkissjóðs skipa iðnaðarráðherra og fjármálaráðherra, þrjá hvor.

Á aðalfundi skal fjalla um eftirgreind mál:

1. Skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra.
2. Lagðir skulu fram endurskoðaðir reikningar félagsins.
3. Kosinn skal einn endurskoðandi til eins árs, en fjármálaráðherra skal tilnefna annan.
4. Eignaraðilar skulu tilkynna tilnefningu nýrra manna í stjórn.
5. Önnur mál.

10. gr.

Stjórn Hitaveitu Suðurnesja setur gjaldskrá um verð á heitu vatni til notenda. Gætt skal almennra arðsemissjónarmiða við setningu gjaldskrár.

Gjaldskrá öðlast eigi gildi fyrr en hún hefur verið staðfest af iðnaðarráðherra og birt í Stjórnartíðindum.

11. gr.

Heimilt er stjórn Hitaveitu Suðurnesja að taka lán til þarfa fyrirtækisins og taka ábyrgð á greiðslum og öðrum skuldbindingum í sama skyni. Stjórnin getur ekki skuldbundið eignaraðila að því er varðar greiðsluskuldbindingar og ábyrgð á lánum til framkvæmda og breytinga á mannvirkjum, nema að fengnu samþykki a. m. k. fimm þeirra. Þó þarf stjórnin ekki að leita slíks samþykkis, ef samanlagðar skuldbindingar og ábyrgðir, sem gengist er undir á hverju ári, eru minna en 10% af bráttótekjum fyrirtækisins á næstliðnu ári.

12. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að takast á hendur ábyrgð á lánum, er Hitaveita Suðurnesja tekur til hitaveituframkvæmda, að fjárhæð allt að 2000 milljónum kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Ábyrgðin skal vera með þeim kjörum og skilmálum, er ríkisstjórnin ákveður, og tekur hún jafnt til greiðslu afborgana, vaxta og annars kostnaðar.

Ríkisstjórninni er einnig heimilt að taka lán, er kæmi að hluta eða öllu leyti í stað ábyrgðar skv. 1. mgr. Lánið endurlánar hún Hitaveitu Suðurnesja með þeim kjörum og skilmálum, sem ríkisstjórnin ákveður.

13. gr.

Um skyldu Hitaveitu Suðurnesja til greiðslu opinberra gjalda til ríkis, sýslu- og sveitarsjóða fer á sama hátt sem um skyldu sveitarfélaga, er slíkan rekstur hafa með höndum. Hitaveita Suðurnesja skal undanþegin stimpilgjöldum.

14. gr.

Ráðherra getur heimilað Hitaveitu Suðurnesja að taka eignarnámi jarðhitaréttindi, vatnsréttindi, lönd, mannvirki og önnur réttindi, sem nauðsynleg eru til framkvæmda samkvæmt lögum þessum. Um framkvæmd eignarnámsins fer eftir lögum nr. 11/1973.

15. gr.

Þegar eftir gildistöku laga þessara skal stjórn fyrirtækisins skipuð og sameignarsamningur gerður milli aðila. Skal hvoru tveggja lokið fyrir 1. janúar 1975.

Iðnaðarráðherra setur reglugerð, þar sem nánar skal kveðið á um framkvæmd þessara laga og starfsemi Hitaveitu Suðurnesja. Skal stjórn Hitaveitu Suðurnesja undirbúa reglugerðina í samráði við eignaraðila.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Alllangt er síðan hugmyndir komu upp um hitaveitu á Suðurnesjum. Síðla árs 1971 boraði Orkustofnun í Svartsengi fyrir Grindavíkurkaupstað. Voru það tvær holur, önnur 240 m en hin 400 m djúp.

Vatnsmagn og hitastig reyndist hið ákjósanlegasta, en vatn salt u. þ. b. ⅔ af seltu sjávar. Varmaskiptistöðvar eru þess vegna óhjákvæmilegar. Orkustofnun birti skýrslu sína „Varmaveita frá Svartsengi — frumáætlun um varmaveitu til þéttbýlis á Suðurnesjum“ í janúar 1973.

Á s. l. sumri var á ný hafist handa um borun og tvær holur boraðar, 1500 m og 1700 m djúpar, með prýðilegum árangri, svo sem nánar greinir í greinargerð sem samin er af Orkustofnun og Fjarhitun h.f., og fylgir frumvarpi þessu.

Haustið 1973 stofnuðu sveitarfélög Suðurnesja með sér samstarfsnefnd og hefur hún síðan unnið ötullega að framgangi máls þessa ásamt og með starfsmönnum fjármála- og iðnaðarráðuneytisins. — Er frumvarp þetta samið í samvinnu þessara aðila.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Samkvæmt greinargerð Orkustofnunar og Fjarhitunar h.f. frá 30. nóvember 1974 er varmaþörf sveitarfélaga á Suðurnesjum að meðtöldum Keflavíkurflugvelli um það bil 110 Mw. Gert er ráð fyrir að ríkissjóður skuli vera stofnandi hitaveitufyrirtækis þess, er hér um ræðir, með sveitarfélögunum.

Í 2. mgr. eru í megindráttum rakin viðfangsefni fyrirtækisins. Ekki getur verið um tæmandi upptalningu þeirra að ræða, en ástæða þykir til að taka fram að bygging kyndistöðva falli þar undir.

Rétt þykir að heimili og varnarþing fyrirtækisins sé á athafnasvæði þess.

Um 2. gr.

Eignaraðilar hafa orðið sammála um þá skipting eignarhluta að ríkissjóður eigi 40% en sveitarfélögin samtals 60%. Eignarhlutfall sveitarfélaganna innbyrðis ákveðst af íbúatölu þeirra eins og hún var 1. des. 1974, en þær tölur liggja enn ekki fyrir.

Verkefni sameignarfélags þessa eru þess háttar að ástæða þykir til að setja venju fremur fastar reglur um og takmarkanir á ráðstöfunarheimild aðila að því er tekur til eignarhluta í fyrirtækinu. Fyrir því eru sett ákvæði um að eignarhlutföllum verði ekki breytt, svo og að engum sameignarfélaga sé heimilt að ganga úr fyrirtækinu, nema til komi samþykki allra sameigenda.

Um 3. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 4. gr.

Þar sem rætt er um mannvirki í þessari grein er átt við þau, sem reist og gerð hafa verið á Svartsengissvæðinu beinlínis vegna virkjunarframkvæmdanna. Rétt þykir að taka fram að undir þær falli borholur fyrir heitt og kalt vatn, svo og áætlanir allar og undirbúningsframkvæmdir.

Um 5. gr.

Rétt þykir að stofnframlag aðila verði 50 milljónir kr. samtals.

Um 6. gr.

Ákvæði þessarar greinar um veitingu einkaleyfis til handa Hitaveitu Suðurnesja er í samræmi við V. kafla Orkulaga nr. 58/1967. Rétt þykir að lagt sé í vald

ráðherra að meta hvort æskilegt sé að einkaleyfið skuli einnig taka til Keflavíkurflugvallar. Undanþáguheimild þessi tekur þó aðeins til byggingar og reksturs dreifiveitu.

Um 7., 8. og 9. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

**Um 10. gr.**

Ákvæði þessarar greinar eru í samræmi við ákvæði 29. gr. Orkulaga og almennar reglur um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, skv. l. nr. 64/1943.

Um 11. gr.

Í þessari grein eru almenn ákvæði um valdsvið stjórnar Hitaveitu Suðurnesja að því er tekur til skuldbindinga. Rétt þykir að takmarka vald hennar gagnvart hverjum einstökum eignaraðila til að skuldbinda hann fjárhagslega, með því að áskilja samþykki a. m. k. fimm þeirra. Skiptir hér ekki máli hver eignarhluti þeirra er skv. 2. gr. Ákvæði þetta á þó því aðeins við, að um fjárskuldbindingar til framkvæmda og breytinga á mannvirkjum fyrirtækisins sé að ræða, enda myndi þá að jafnaði um háar upphæðir að tefla. Hinsvegar þykir ástæða til að gera ekki venjulegan rekstur fyrirtækisins þyngri í vöfum en venja er til, og því þarf ekki sérstakt samþykki aðila, þegar samanlagðar skuldbindingar og ábyrgðir, sem gengist er árlega undir nema minna en 10% af bruttótekjum fyrirtækisins næsta ár á undan.

Um 12. og 13. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 14. gr.

Æskilegt er að samningar geti tekist milli aðila um um kaup á jarðhitaréttindum og öðrum réttindum, sem nefnd eru í 14. gr., og að reynt verði til þrautar að ná samkomulagi áður en til eignarnáms kemur.

Um 15. og 16. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

**GREINARGERÐ**

**um hitaveitu á Suðurnesjum, samin af Fjarhitun hf. og Orkustofnun, 30. nóv. 1974.**

Í þéttbýli á Suðurnesjum er mikill markaður fyrir upphitun, en hún er nú gerð að mestu með olíu og í litlum mæli með rafmagni. Lega jarðhitasvæðisins við Svartsengi er sem kunnugt er góð með tilliti til upphitunar á þessum stöðum og er því álitlegt að nota varma þaðan í þessu skyni.

Varmaþörf einstakra byggða er sem hér segir: Keflavík 18 Mw, Njarðvíkur 6 Mw, Grindavík 6 Mw, Sandgerði 3.5 Mw, Gerðar 3 Mw og Vogar 3 Mw.

Auk þessa er töluverð byggð og fjölþætt starfsemi á Keflavíkurflugvelli og er varmaþörf vallarins talin um 70 Mw. Varmaþörfin á flugvellinum er vegna flughafnarstarfsemi og athafnasvæðis varnarliðsins en sundurliðun hennar þar í milli er óljós.

Samtals er þá varmaþörf byggðanna 40 Mw og ásamt flugvellinum 110 Mw. Þessu til hliðsjónar má geta þess, að stærð Hitaveitu Reykjavíkur, áður en hún var stækkuð til nágrannabyggða, var um 280 Mw.

Haustið 1971 voru boraðar tvær grunnar holur í jarðhitasvæðið og gáfu þær mjög jákvæðan árangur. Síðan hefur svæðið verið rannsakað ítarlega með mælingum og vorið 1974 voru boraðar tvær 1500 m og 1700 m djúpar holur þar. Raf-

leiðnimælingarnar, sem ná niður á allt að 1000 m dýpi gefa til kynna, að stærð svæðisins sé um 4 km², en gera má þó ráð fyrir að þetta flatarmál eigi við um uppstreymistappa, en neðan hans sé svæðið stærra um sig. Hitastig í holunum mældist 230—240°C og efnainnihald vatnsins er hliðstætt því sem er á öðrum jarðhitasvæðum með sama hitastigi, nema að mikil selta er í vatninu, u. þ. b. ⅔ hlutar af seltu sjávar. Ef litið er á jarðhitasvæðið sem vatnsforðabúr, sem ekki endurnýjar sig að neinu leyti má gera ráð fyrir að forðinn endist 110 Mw í a. m. k. 100 ár. Vegna þess að jarðhitavatnið er ekki nothæft beint til upphitunar var einnig borað eftir köldu fersku vatni. Ferska vatnið er úrkomuvatn, sem flýtur sem grunnvatn í hraununum ofan á sjó sem flæðir inn undir Reykjanesskagann. Ekki er fullkannað, hve miklu af fersku vatni má dæla úr grunnvatninu, en líkur benda til, að það dugi fyrir a. m. k. 50 MW virkjun.

Umfangsmiklar tilraunir hafa verið gerðar til að hita kalda vatnið með jarðhitavatni og gufu í varmaskiptum, en tilraunirnar miðuðu að því að finna hentugustu aðferðina við varmaskiptin. Niðurstöður þessara athugana eru, að bein blöndun gufu, sem soðin er af jarðhitavatninu, við kalda ferska vatnið, geti orðið neysluhæft heitt vatn. Með þessari aðferð nýtist varmi úr söltu vatni og gufu úr borholunum niður í 40—50°C, en ferska vatnið er hitað upp í 110—120°C og síðan afloftað með suðu niður í 110°C til að losna við súrefni og gös úr vatninu. Fyrirhugað er að bora eftir köldu, fersku vatni í hrauninu norðan og vestan við jarðhitasvæðið og dæla vatninu að varmaskiptastöð, sem væri staðsett á jarðhitasvæðinu.

Þær fjórar háhitaholur, sem þegar hafa verið boraðar, duga fyrstu árin fyrir varmaþörf byggðanna, og er talið, að ekki þurfi að bora meira fyrr en heitt vatn verður leitt til flugvallarins. Frá varmaskiptastöðinni er heita vatninu dælt um veituæðar til byggðanna. Aðveituæðarnar eru einangraðar stálpípur, sem liggja ofanjarðar á steyptum stöplum. Þar sem aðveituæðarnar fara um byggð í Keflavík og Njarðvík, eru þær neðanjarðar í steyptum stokkum. Dreifikerfin eru einföld, og eru sömu gerðar og hjá Hitaveitu Reykjavíkur. Áætlun um stofnkostnað fyrir byggðirnar án flugvallarins, sem gerð var í júní 1974, gerir ráð fyrir, að stofnkostnaður veitunnar verði alls um 1800 milljónir kr., en það skiptist þannig, að virkjanir á jarðhitasvæðinu og öflun á köldu vatni kosti 410 Mkr; aðveituæðar kosta 580 Mkr og dreifikerfi byggðanna í Keflavík, Njarðvíkur, Grindavík, Sandgerði, Gerðum og Vogum kosti samtals 810 Mkr. Í þessum kostnaðaráætlunum er þó ekki reiknað með kostnaði vegna kaupa á jarðhitaréttindum og landi. Í framkvæmdaáætlun fyrir byggðirnar er gert ráð fyrir að ljúka framkvæmdum á 3—4 árum. Á fyrsta ári verði jarðhitasvæðið virkjað, lagðar aðveituæðar til Grindavíkur og Njarðvíkur og hluti dreifikerfa í Grindavík, Njarðvík og Keflavík. Á öðru framkvæmdaári verði lokið við dreifikerfi á þessum stöðum og lagðar aðveituæðar að Sandgerði og Gerðum og hluti af dreifikerfum þar. Á þriðja ári verði lögð aðveituæð að Vogum, lagt dreifikerfi þar að hluta og lokið við dreifikerfi í Sandgerði og Gerðum.

Samkvæmt rekstraráætlun, þar sem gert er ráð fyrir fjármagnskostnaði, sem miðast við lán til 15 ára með 10% vöxtum, verður upphitunarkostnaður í upphafi um 80% af kostnaði olíuhitunar, en lækkar þar til að eftir 15 ár verður hann um 50% af kostnaði olíuhitunar, þar sem hæfilegur afskriftartími þessara mannvirkja er um 25 ár, er augljóst, að hér er um að ræða arðbæra fjárfestingu, auk þess að gjaldeyrir sparast til kaupa á innfluttum orkugjöfum.


Gerðar
3 MW
Heitt vatn
5 km
3,5 MW
Sandgerði
Heitt vatn
8km
Keflavík
24 MW
70 MW
Ytri-Njarðvík
Flugvöllur
Innri-Njarðvík
Heitt vatn
6km
3MW
Vogar
Heitt vatn
12 km
Stapafell
Vatnsholur
Kalt vatn
5 km
Svartsengi
Háhitaholur
Varmaskiptar
Heitt vatn
5 km
Grindavík
6 MW

## Ed. 133. Nefndarálit [96. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 14 15. mars 1965, um launaskatt.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með því að það verði samþykkt óbreytt.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Albert Guðmundsson og Ragnar Arnalds.

Alþingi, 12. des. 1974.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm. Jón Helgason, fundaskr. Axel Jónsson.
Jón G. Sólnes. Jón Árm. Héðinsson.

## Nd. 134. Nefndarálit [15. mál]

um frv. til l. um happdrættislán ríkissjóðs fyrir hönd Vegasjóðs vegna framkvæmda við Norðurveg.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess með þeim breytingartillögum, sem hún flytur á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 12. des. 1974.

Ólafur G. Einarsson, form. Lárus Jónsson, fundaskr. Ey. Kon. Jónsson, frsm.
Tómas Árnason. Eyjólfur Sigurðsson. Lúðvík Jósepsson.
Þórarinn Þórarinsson.

## Nd. 135. Breytingartillögur [15. mál]

við frv. til l. um happdrættislán ríkissjóðs fyrir hönd Vegasjóðs vegna framkvæmda við Norðurveg.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

1. Við 1. gr. Í stað „1200“ komi: „2000“, í stað „á næstu árum“ komi: á næstu fjórum árum.
2. Við 7. gr. Greinin orðist svo:
   Fjármunir þeir, er inn koma fyrir sölu happdrættisskuldabréfanna, skulu renna til Vegasjóðs, og skal þeim varið að ⅔ hlutum til að greiða kostnað við gerð Norðurvegar milli Akureyrar og Reykjavíkur og að ⅓ hluta til að greiða kostnað við gerð Austurvegar milli Reykjavíkur og Egilsstaða, um Suðurland. Kostnaður við framkvæmd þessarar fjáröflunar greiðist af söluandvirði skuldabréfanna.
3. Við fyrirsögn bætist: og Austurveg.

**Ed.** **136. Frumvarp til laga** [112. mál]

um opinberar fjársafnanir.

Flm.: Helgi F. Seljan.

1. gr.

Heimilt er stofnunum, félögum eða samtökum manna að gangast fyrir almennum fjársöfnunum í sérhverjum löglegum tilgangi.

Nú gangast samtök fyrir fjársöfnun, og skulu þá minnst þrír menn bera ábyrgð á söfnuninni hverju sinni, og skulu a. m. k. tveir þeirra vera fjárráða íslenskir ríkisborgarar, sem lögheimili eiga hér á landi.

2. gr.

Fjársöfnun er opinber, ef henni er beint til annarra en þeirra, sem tengdir eru persónulegum eða félagslegum tengslum við þá, sem fyrir slíkum fjársöfnunum standa, eða standa í sérstöku sambandi við þá.

3. gr.

Tilkynna skal viðkomandi lögreglustjóra opinbera fjársöfnun, áður en hún hefst. Tilkynning skal send lögreglustjóra, þar sem stofnun eða félag hefur varnarþing.

Ef stofnun eða félag stendur ekki fyrir fjársöfnun, skal tilkynna hana til lögreglustjóra, þar sem einhver þeirra, sem ábyrgð bera á söfnuninni, á lögheimili.

Slík tilkynning skal bera með sér:

a) hver standi fyrir fjársöfnuninni,
b) hvenær fjársöfnun skuli fara fram,
c) hvar fjársöfnun skuli fara fram,
d) hvernig fjársöfnun skuli fara fram,
e) og í hvaða tilgangi fjársöfnun fer fram.

4. gr.

Opinber fjársöfnun á götum eða í húsum er háð leyfi dómsmálaráðuneytisins. Fjársöfnun með keðjubréfum er óheimil.

5. gr.

Fé því, sem safnast kann, skal komið fyrir á banka- eða gíróreikningi, sem stofnaður er í þessu sérstaka tilefni.

Óheimilt er að nota féð í öðrum tilgangi en upphaflega var aflað, nema með leyfi dómsmálaráðuneytisins.

6. gr.

Halda skal nákvæmt reikningshald yfir söfnunarfé og öll útgjöld við hverja fjársöfnun. Skal reikningshaldið endurskoðað af löggiltum endurskoðanda eða þeim, er dómsmálaráðuneytið kann að útnefna til slíks.

7. gr.

Áður en 6 mánuðir eru liðnir frá því að fjársöfnun lýkur, skal reikningsyfirlit hennar birt a. m. k. einu sinni í dagblaði, vikublaði eða á annan hátt. Sé söfnunarfé innan við 100 þús. krónur, nægir þó að tilkynna opinberlega, að reikningsyfirlit fjársöfnunarinnar sé til sýnis í a. m. k. 14 daga á nánar tilteknum stað.

Viðkomandi lögreglustjóra skal og sent reikningsyfirlit söfnunarinnar ásamt tilkynningu um, hvar og hvenær birting skuli fara fram.

8. gr.

Lög þessi gilda ekki um:

1) Söfnun á notuðum verðlitlum hlutum.
2) Fjársafnanir á vegum dagblaðs í opinberu góðgerðarskyni, ef viðkomandi dagblað birtir skrá yfir framlag allra gefenda. Enn fremur skal viðkomandi dagblað birta viðurkenningu þeirra, er veita fénu viðtöku að söfnun lokinni.
3) Fjársafnanir við guðsþjónustur eða á samkomum, sem haldnar eru á vegum trúarfélaga.

9. gr.

Dómsmálaráðuneytið getur sett nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

10. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, nema þyngri refsing liggi við að öðrum lögum.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á 94. löggjafarþingi, en varð þá ekki útrætt. Því fylgdi þá svo hljóðandi greinargerð:

Fjársafnanir ýmiss konar eru orðnar mjög algengar. Jafnan fara þær fram í góðum tilgangi, og það skal fram tekið, að engin sérstök ástæða til tortryggni liggur að baki þessa frumvarps. Hins vegar skortir nokkuð á um lagasetningu, sem ákvarði fyrirkomulag og uppgjör slíkra fjársafnana.

Ekki er það óalgengt, að fjársafnanir skili milljónum í hendur þeirra, sem fyrir þeim standa, og almenningur, sem þarna leggur fram sína fjármuni, á sjálfsagða heimtingu á því að vita niðurstöður söfnunar og ráðstöfun fjárins.

Hverjum þeim aðila, er að fjársöfnun stendur, á einnig að vera það ljúft að sýna allt á hreinu, svo að enginn blettur geti fallið á aðstandendur eða markmið slíkrar söfnunar. Hér virðist vanta allmjög nánari lagafyrirmæli. Þetta frumvarp, sem mjög er sniðið eftir löggjöf í Danmörku, miðar að því, að hér komist á fastar og skýrar reglur um framkvæmd og skipulag slíkra fjársafnana. Það skal rækilega undirstrikað, að hér er á engan hátt verið að bregða fæti fyrir heilbrigðar fjársafnanir, frekar er hér um að ræða undirstrikun á tilvist þeirra og réttmæti, en um leið ætti að vera hægara að stemma stigu við fjársöfnunum, sem engan rétt ættu á sér.

Einnig ætti ákveðin lagasetning að koma í veg fyrir óþarfa og óréttmæta tortryggni, en reyndar skýra eðli og tilgangur frumvarpsins sig fullkomlega.

### *Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

1. gr. — Skýrir sig sjálf.

2. gr. — Grein þessi kveður á um það, hvað átt sé við með opinberum fjársöfnunum. Skv. greininni er gert ráð fyrir því, að allar fjársafnanir séu opinberar, ef þær eiga sér ekki stað innan persónulegra eða félagslegra tengsla milli þess, sem safnar, og þess, sem lætur fé af hendi rakna, eða byggja á sérstöku sambandi þeirra á milli. Safnanir innan félaga eða samtaka, sem aðeins ná til meðlima, eru skv. þessu frjálsar, enda eiga þá viðkomandi greiðan aðgang að öllum gögnum og uppgjöri slíkra safnana.

3. gr. — Heimild til opinberra fjársafnana er bundin leyfi lögreglustjóra á þeim stað, sem félag eða stofnun á varnarþing eða ábyrgðarmaður söfnunar á lög-

heimili, ef félag eða stofnun stendur ekki fyrir fjársöfnuninni. Í þessu sambandi gildir einu, hvort söfnunin sjálf er bundin ákveðnum svæðum eða nær til landsins alls.

Að öðru leyti skýrir greinin sig sjálf.

4. gr. — Í 1. mgr. þessarar gr. er kveðið á um það, að fjársafnanir á götum eða í húsum séu háðar leyfum.

Safnanir á götum og í húsum, geta verið af margs konar tagi og í ýmsum tilfellum, þannig að ástæðulaust er að amast við þeim. En með tilliti til þeirra óþæginda, sem slíkar safnanir geta valdið þeim, sem ekki hafa áhuga á að láta fé af hendi rakna til þeirra, þykir rétt að binda þær leyfi dómsmálaráðuneytisins.

Í samræmi við ofangreindar röksemdir falla safnanir í samskotakassa eða potta utan við ákvæði greinarinnar.

Í 2. mgr. er lagt til, að keðjubréf í fjársöfnunarskyni séu óheimil, hverju nafni sem slíkar safnanir nefnast og í hvaða tilgangi þær kunna að vera gerðar.

5. gr. — Sjálfsagt verður að teljast, að innkomið söfnunarfé sé lagt inn á sérstakan reikning, en á engan hátt blandað saman við t. d. fjármál félagssamtakanna, er fyrir þeim standa. Greinin skýrir sig sjálf að öðru leyti.

6. gr. — Hér er reikningshald gert að skyldu, enda forsenda þess, að hægt sé að sannfæra sig um það, að rétt sé að staðið. Í þessu sambandi er rétt að geta þess, að hvorki í Noregi né Svíþjóð er til að dreifa lögum um opinberar fjársafnanir.

Í Noregi eru hins vegar slíkar fjársafnanir háðar leyfum lögregluyfirvalda. Á hinn bóginn eru þar starfandi frjáls samtök í tengslum við atvinnulífið, sem hafa það að verkefni að fylgjast með og yfirfara reikningsskil fjársafnana.

Þessu er einnig þannig farið í Svíþjóð. Samtök af sama tagi fylgjast með fjársöfnunum í tengslum við atvinnulífið og hafa m. a. gert samninga við póstyfirvöld um gíróþjónustu á þessu sviði. Í Svíþjóð er það gert að skilyrði ofangreindu fyrirkomulagi, að reikningsskil séu endurskoðuð af löggiltum endurskoðanda eða viðurkenndum að öðru leyti.

7. gr. — Greinin ákvarðar birtingu á niðurstöðum fjársöfnunar, og eru aðferðir mismunandi eftir heildarfjárhæð söfnunar. Þannig hvílir eðlilega meiri og betri upplýsingaskylda á þeim, sem safna hundruðum þúsunda eða milljónum króna.

Nauðsynlegt verður að teljast, að leyfisveitandi fái öll gögn í sínar hendur.

8., 9., 10. og 11. gr. — Skýra sig sjálfar.

## Nd. 137. Frumvarp til laga [49. mál]

um eftirlit með ráðningu starfsmanna og húsnæðismálum ríkisstofnana.

(Eftir 2. umr. í Nd., 13. des.)

Samhljóða þskj. 52 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:

Óheimilt er að láta starfsmenn starfa í þjónustu ríkisins eða ríkisstofnana, nema fjárveiting eða heimild til launagreiðslu sé fyrir hendi. Þeir aðilar, sem sjá um launagreiðslur, geta fengið staðfestingu fjárlaga- og hagsýslustofnunarinnar á því, hvort slíkar heimildir séu fyrir hendi.

3. gr. hljóðar svo:

Þegar starfsmaður, sem lög nr. 46/1973 taka til, er ráðinn í þjónustu ríkisins skal það gert með skriflegum gerningi. Skal það tekið fram, hvort um skipun, setningu eða ráðningu er að ræða.

Starfsmenn, sem ráðnir eru eftir gildistöku laga þessara í minna en ½ starf, eða ráðnir skv. samningum stéttarfélaga og lög nr. 46/1973 taka ekki til, skal ráða með skemmri uppsagnarfresti en 3ja mánaða. Setning í stöðu skal vera til ákveðins tíma.

5. gr. hljóðar svo:
Ráðningarnefnd ríkisins skipa þrír menn, formaður fjárveitinganefndar, einn skipaður af ríkisstjórninni og einn af fjármálaráðherra, og er hann formaður nefndarinnar.
Varamann formanns fjárveitinganefndar skipar fjárveitinganefnd, en ríkisstjórn og fjármálaráðherra sinn hvor varamann.

9. gr. hljóðar svo:
Fjármálaráðuneytið lætur gera eyðublöð fyrir ráðningarbréf, sem öllum stofnunum ríkisins er skylt að nota við ráðningu starfsmanna, sem ráðnir eru í hálft starf eða meira gegn föstum mánaðarlaunum og eigi eru skipaðir.
Starfsmaður á rétt á að fá í hendur afrit af ráðningarbréfi sínu staðfestu af viðkomandi ráðuneyti og fjármálaráðuneytinu.

10. gr. hljóðar svo:
Semja skal árlega skrá yfir þá starfsmenn ríkisins, sem ákvæði 1. mgr. 3. gr. taka til og ráðnir eru í hálft starf eða meira með a. m. k. þriggja mánaða uppsagnarfresti. Fjármálaráðuneytið sér um gerð þessarar skrár, og skal hún lögð fram með fjárlagafrumvarpi.

## Sþ. 138. Tillaga til þingsályktunar [113. mál]

um öryggisbúnað flugvalla.

Flm.: Friðjón Þórðarson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta nú þegar gera athugun á því, hvernig komið verði upp á sem skemmstum tíma nauðsynlegum öryggisbúnaði á flugvöllum landsins.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hafa flugsamgöngur farið ört vaxandi hér á landi. Flugfloti landsmanna hefur stækkað ár frá ári. Flogið er allan ársins hring um svo að segja allar byggðir landsins. Flugvélarnar flytja bæði fólk og varning og sinna hinum mikilvægustu þjónustustörfum af ýmsu tagi. Iðulega er flogið í misjöfnum veðrum, í skammdegi og skuggalegu útliti, og raunar oft teflt á tæpasta vaðið, þegar mikið liggur við. Sumar byggðir landsins eru þannig settar, að þær verða nær eingöngu að treysta á flugið, þegar samgönguleiðir á landi teppast af snjó að vetrarlagi. Lítið er um hentugar skipaferðir með ströndum fram að því er tekur til hinna smærri staða. Aðstæður eru víða erfiðar. Stundum lokar ís höfnum og siglingaleiðum.
Á landinu öllu eru nú um 100 flugvellir, stórir og smáir, sbr. meðfylgjandi skrá. Þeir eru mjög misjafnir að gæðum. Til hinna stærri og betri flugvalla er reglubundið áætlunarflug einu sinni eða oftar í viku hverri. En hinir minni sjúkraflugvellir eru varla notaðir nema í brýnustu neyð. Flestir flugvallanna eiga það sameiginlegt, að þeir þurfa endurbóta við. Þörfin er að vísu ekki alls staðar jafnbrýn. Hún er að sjálfsögðu meiri, þar sem um reglubundið áætlunarflug er að ræða. En alls staðar verður að fullnægja ákveðnum öryggiskröfum, ef viðunandi á að vera. Þar er margs að gæta. Flugvellirnir sjálfir verða að vera vel úr garði

gerðir hvað undirbyggingu, yfirborð og umhverfi snertir, svo að nokkuð sé nefnt. Auk þess þarf ákveðinn öryggisbúnaður að vera fyrir hendi.

Því má ekki gleyma, að mikið átak hefur verið gert í öryggismálum íslenskra flugmála á undanförnum árum. Þar höfum við notið mikilvægrar alþjóðlegrar aðstoðar. Fjárveitingar á þessu sviði hafa á hinn bóginn jafnan verið af skornum skammti. En mikið starf hefur verið unnið við afar slæm og erfið skilyrði. Framvinda mála hefur verið ör og farsæl í flestum greinum. Með hliðsjón af því, hve flugið er orðið ríkur þáttur í lífi og starfi margra landsmanna, þarf engan að undra, þó að meta þurfi aðstöðu þess alla og undirbúa ný átök, m. a. í öryggismálum.

Flugmálastjórnin og öryggisnefnd Félags íslenskra atvinnuflugmanna hafa gert ýmsar tillögur til úrbóta í þessum efnum á flugvöllum landsins. Að mati þeirra og fleiri aðila, sem best þekkja til þessara mála, þarf margt að lagfæra. Nefna má sem dæmi flugbrautir og brautarenda. Sums staðar þarf að fjarlægja mannvirki eða ákveðna hluti og koma upp gripheldum girðingum. Yfirborð flugbrauta er víða lélegt eða of gróft. Þar þarf að malbika. Talið er, að malbika þurfi alla þá flugvelli, sem notaðir eru til áætlunarflugs. Fullgera verður öryggissvæði á öllum flugvöllum hið fyrsta. Lýsing á flugvöllum er víða ófullkomin eða engin. Stefna verður að uppsetningu fullkominna aðflugstækja við alla flugvelli. Þá þurfa nauðsynleg slökkvitæki að vera til staðar. Hér er fátt eitt upp talið. En af þessu má ráða, að hér er mikið verk að vinna, sem ekki má dragast úr hófi fram. Ekki verður allt unnið samtímis.

Það er skoðun flutningsmanns, að hér sé um að ræða mikilvægt öryggismál fyrir alla landsmenn. Nauðsynlegt sé að láta athuga, hvernig best og haganlegast verði að því unnið á sem skemmstum tíma.

**Flugvallaskrá, reglubundið áætlunarflug.**

| Flugrekstraraðili | Flugvöllur | Lendingar á viku | Flugvélartegund |
|---|---|---|---|
| Flugfélag Íslands | Reykjavík | 73 | F—27 |
| | Patreksfjörður | 3 | F—27 |
| | Þingeyri | 3 | F—27 |
| | Ísafjörður | 11 | F—27 |
| | Sauðárkrókur | 3 | F—27 |
| | Akureyri | 29 | F—27 |
| | Húsavík | 4 | F—27 |
| | Raufarhöfn | 3 | F—27 |
| | Þórshöfn | 3 | F—27 |
| | Egilsstaðir | 9 | F—27 |
| | Neskaupstaður | 3 | F—27 |
| | Hornafjörður | 4 | F—27 |
| | Fagurhólsmýri | 1 | F—27 |
| | Vestmannaeyjar | 14 | F—27 |
| Vængir h.f. | Reykjavík | 28 | DCH—6 |
| | Rif | 5 | DCH—6 |
| | Stykkishólmur | 5 | DCH—6 |
| | Búðardalur | 2 | DCH—6 |
| | Reykhólar | 2 | DCH—6 |
| | Holt í Önundarfirði | 2 | DCH—6 |
| | Blönduós | 4 | DCH—6 |
| | Hólmavík | 2 | DCH—6 |
| | Gjögur | 2 | DCH—6 |
| | Siglufjörður | 4 | DCH—6 |

| Flugrekstraraðili | Flugvöllur | Lendingar á viku | Flugvélartegund |
|---|---|---|---|
| Norðurflug h.f. | Akureyri | 14 | C—45 |
| | Grímsey | 2 | C—45 |
| | Húsavík | 2 | C—45 |
| | Kópasker | 2 | C—45 |
| | Raufarhöfn | 2 | C—45 |
| | Þórshöfn | 2 | C—45 |
| | Vopnafjörður | 4 | C—45 |
| Flugfélag Austurlands | Egilsstaðir | 16 | BE—55 |
| | Þórshöfn | 2 | BE—55 |
| | Vopnafjörður | 3 | BE—55 |
| | Bakkafjörður | 3 | BE—55 |
| | Borgarfjörður | 3 | BE—55 |
| | Djúpivogur | 2 | BE—55 |
| | Fáskrúðsfjörður | 1 | BE—55 |

**Flugvallaskrá, sjúkraflugvellir.**

Álftaver
Arngerðareyri
Auðkúluheiði
Berjanesfitjar
Bolungarvík
Breiðabólstaður
Breiðdalur
Búrfell
Bær
Einholtsmelar
Fáskrúðsfjörður
Ferjukotsbakkar
Fjöll
Flatey á Skjálfanda
Foss á Síðu
Geysir í Haukadal
Gjögur
Grafarnes
Grímsstaðir
Gunnarsholt
Hella
Herðubreiðarlindir
Hnausar
Hrífunes
Hrísey
Hrísnes
Hveravellir
Ingjaldssandur
Kaldármelar
Kalmanstunga
Kambsnes
Kerlingarfjöll
Kollafjarðarnes
Króksfjarðarnes
Látrar
Maríubakki
Melanes
Melgraseyri
Múlakot
Narfastaðamelar
Núpur
Ólafsfjörður
Refsstaðamelar
Reyðarfjörður
Reykjanes
Sandskeið
Sandur
Selárdalur
Sellandafjöll
Skálavatn
Skálmarnes
Skógasandur
Sprengisandur
Starmýri
Steinasandur
Stóra-Holt
Stóri-Kroppur
Strandsel
Vík í Mýrdal
Þórisdalur
Þórisós
Ærlækur

# Nd. 139. Frumvarp til laga [114. mál]

um breyting á lögum nr. 115 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis.

Flm.: Benedikt Gröndal.

1 gr.

Á eftir 32. gr. laganna komi ný grein svohljóðandi:

Heimilt er þingmanni að óska þess af forseta sameinaðs þings eða forsetum deilda, að hann fái að taka til máls utan dagskrár, og skal hann þá greina umræðuefni. Telji forseti málið aðkallandi eða af öðrum ástæðum ekki geta lotið reglum um venjulega meðferð þingmála, skal hann verða við ósk þingmannsins og leyfa umræður í tilefni af máli hans.

Þingmaður skal tryggja sér leyfi forseta og tilkynna viðkomandi ráðherra ræðuna að minnsta kosti þrem stundum fyrir upphaf fundar.

Reynist umræðuefnið að dómi forseta vera í eðli sínu spurning til ráðherra, gilda ákvæði 5. mgr. 32. gr. um ræðutíma.

Sé umræðuefni ekki spurning að dómi forseta, skal fyrsti ræðumaður hvers flokks, svo og viðkomandi ráðherra, fá 10 mínútna ræðutíma, en önnur ræða þeirra, svo og ræður annarra þingmanna, skulu eigi vera lengri en 5 mínútur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í þingsköpum segir ekkert um umræður utan dagskrár, og er því algerlega á valdi forseta, hvort hann leyfir þær eða ekki, svo og hvernig hann hagar þeim.

Oft gerast atburðir skyndilega eða mikilsverð mál upplýsast óvænt, svo að Alþingi hlýtur um að fjalla. Af þessum sökum er þýðingarmikið, að slíkar umræður geti farið tafarlaust fram, þótt ekki hafi verið unnt að flytja málin eins og venjuleg þingmál. Þessu hlutverki hafa umræður utan dagskrár gegnt á Alþingi, og þær eru því meðal veigamestu liða í þingstörfunum.

Ekki verður því neitað, að stundum kveðja þingmenn sér hljóðs utan dagskrár til þess að vekja athygli á sjálfum sér og áhugamálum sínum, enda skýra fjölmiðlar oft á tíðum meira og betur frá því sem gerist utan dagskrár en innan hennar. Þessi misnotkun er þó léttvæg miðað við raunverulegt hlutverk umræðna utan dagskrár sem áður getur.

Á síðustu árum, sérstaklega eftir að ræðutími um fyrirspurnir var takmarkaður 1972, hafa forsetar tekið upp þá reglu að láta þann ræðutíma gilda um allar umræður utan dagskrár. Hafa þeir rökstutt þessa stefnu með því, að fyrirspurn flutt utan dagskrár eigi ekki að njóta sérréttinda lengri ræðutíma umfram þær fyrirspurnir, sem þingmenn flytja á venjulegan hátt og verða að auki oft að bíða lengi eftir svörum við.

Ýmsir alþingismenn hafa mótmælt þessari ákvörðun forseta og jafnvel neitað að hlíta henni. Þeir hafa það til síns máls, að ræður utan dagskrár eru oft ekki fyrirspurnir, en geta fjallað um stórmál, svo að ekki er eðlilegt, að þar sé beitt hinum ströngu tímatakmörkunum, er gilda um fyrirspurnir.

Starfshættir Alþingis eru sérkennilegir að því leyti, að fundir eru settir og ýmis störf unnin, svo sem afgreiðsla fundargerða, tilkynningar, ýmis erindi o. fl., áður en hin eiginlega dagskrá hefst. Aðrir líta svo á, að um leið og fundur er settur, sé dagskrá hans hafin, og geti því ekkert gerst „utan dagskrár". Samt eru í flestum lýðræðislöndum til einhverjar leiðir til þess, að þing geti fyrirvaralaust rætt mál, sem upp koma, enda þótt þau séu ekki á dagskrá. Í breska þinginu er til dæmis algengast, að

þingmaður flytji tillögu um, að fundi skuli slitið. Er talið, að slík tillaga sé í eðli sínu svo víðtæk, að innan ramma hennar megi fjalla um hvaða mál sem þingmönnum þóknast. Gerist þetta oft undir lok þingfunda síðla kvölds í London. Tilgangurinn og árangurinn er þó hið sama og með umræðum utan dagskrár á Alþingi.

Frumvarp þetta er flutt vegna vaxandi ágreinings um framkvæmd á umræðum utan dagskrár. Er gert ráð fyrir, að þær verði viðurkenndar í þingsköpum sem þáttur í þingstörfum, en lúti tvenns konar reglum um ræðulengd, eftir því hvort um hreina fyrirspurn er að ræða eða nauðsynlega umræðu um stórmál, sem skyndilega hefur borið að höndum.

Enda þótt slík ákvæði yrðu sett í þingsköp, er æskilegt, að umræður utan dagskrár verði takmarkaðar sem allra mest, því að þær eru utan við ramma venjulegra þingstarfa. Ættu forsetar að beita áhrifum sínum til að draga úr slíkum umræðum ýmist með fortölum eða neitun, ef málefni þingmanna gefa ekki ríkt tilefni til undantekninga og gætu hlotið meðferð eftir öðrum leiðum innan þingsins.

## Ed. 140. Frumvarp til laga [115. mál]

um breyting á lögum um verðjöfnun á olíu og bensíni, nr. 34 frá 18. febr. 1953.

Flm.: Steingrímur Hermannsson, Halldór Ásgrímsson.

1 gr.

5. gr. laga um verðjöfnun á olíu og bensíni, nr. 34 frá 18. febrúar 1953, falli niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í lögum um verðjöfnun á olíu og bensíni, nr. 34 frá 18. febr. 1953, segir svo í 1. gr.:

„Söluverð á gasolíu, brennsluolíu, ljósaolíu og bensíni skal vera hið sama á öllum útsölustöðum á landinu".

Í 5. gr. þessara laga er flugvélabensín hins vegar undanskilið.

Í reglugerð um verðjöfnun á olíu og bensíni frá 29. desember 1956 segir því svo í 1. gr., meðal annars:

„Söluverð á bensíni, öðru en flugvélabensíni, skal vera hið sama frá öllum útsölustöðum, þ. e. birgðastöðvum og bensíndælum".

Samkvæmt upplýsingum frá olíufélaginu Skeljungi var útsöluverð s. l. haust á nokkrum stöðum á landinu fyrir hvern lítra af flugvélabensíni eins og hér segir:

| | |
|---|---|
| Reykjavík | kr. 20.10 |
| Akureyri | — 21.95 |
| Egilsstaðir | — 25.05 |
| Ísafjörður | — 25.65 |
| Höfn í Hornafirði | — 25.90 |

Flugvélabensín er þannig yfirleitt um 25 af hundraði dýrara utan Reykjavíkur, nema á Akureyri. Í þessu verði mun þó ekki vera reiknaður fullur flutningskostnaður.

Á undanförnum árum hefur smáum flugfélögum með aðsetur í hinum ýmsu landshlutum fjölgað. Þau hafa innt af hendi ómetanlega þjónustu fyrir samgöngur viðkomandi landshluta. Sjúkraflug hefur í mörgum tilfellum byggst á slíkum flug-

félögum. Þau hafa annast mikið farþegaflug og póstsamgöngur í vaxandi mæli, og ýmsa aðra ómetanlega þjónustu slíkra flugfélaga mætti nefna.

Víðast hvar verða þessi flugfélög að greiða 25 af hundraði hærra verð fyrir bensín það, sem þau nota, en flugfélögin, sem staðsett eru í Reykjavík. Þetta getur munað mjög miklu í rekstrarkostnaði þessara flugfélaga, jafnvel svo að rekstrargrundvöllur næst ekki.

Sala á flugvélabensíni utan Reykjavíkur er hins vegar sáralítið brot af því, sem selt er í Reykjavík. Verðjöfnunargjald yrði því mjög lágt.

Ef til vill má afsaka umrætt ákvæði með því, að mjög fáar flugvélar voru staðsettar á landsbyggðinni árið 1953. Þetta er hins vegar gjörbreytt nú. Því er orðið mjög aðkallandi að koma nú einnig á verðjöfnun á flugvélabensíni.

## Nd. 141. Frumvarp til laga [15. mál]

um happdrættislán ríkissjóðs fyrir hönd Vegasjóðs vegna framkvæmda við Norðurveg og Austurveg.

(Eftir 2. umr. í Nd., 13. des.)

Samhljóða þskj. 17 með þessum breytingum:

1. gr. hljóðar svo:

Ríkissjóður gefur út happdrættisskuldabréf að upphæð allt að 2 000 milljónir króna til sölu innanlands á næstu fjórum árum.

7. gr. hljóðar svo:

Fjármunir þeir, er inn koma fyrir sölu happdrættisskuldabréfanna, skulu renna til Vegasjóðs, og skal þeim varið að ⅔ hlutum til að greiða kostnað við gerð Norðurvegar milli Akureyrar og Reykjavíkur og að ⅓ hluta til að greiða kostnað við gerð Austurvegar milli Reykjavíkur og Egilsstaða, um Suðurland. Kostnaður við framkvæmd þessarar fjáröflunar greiðist af söluandvirði skuldabréfanna.

## Ed. 142. Nefndarálit [3. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 35 frá 29. apríl 1966, um Lánasjóð sveitarfélaga.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og var sammála um að mæla með samþykkt þess **óbreytts.**

Alþingi, 13. des. 1974.

| | | |
|---|---|---|
| Þorv. Garðar Kristjánsson, form., frsm. | Steinþór Gestsson, fundaskr. | Helgi F. Seljan. |
| Steingr. Hermannsson. | Jón Helgason. | Eggert G. Þorsteinsson. |
| | Axel Jónsson. | |

**Sþ.** **143. Breytingartillögur** **[1. mál]**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1975.

Frá fjárveitinganefnd.

| | | Þús. kr. |
|---|---|---|
| 1. | Við 4. gr. 1 02 101 Menntamálaráðuneytið 03 Endurskoðun námsefnis. Fyrir „27 807“ kemur | 24 807 |
| 2. | Við 4. gr. 1 02 101. Nýr liður: 06 Námskeið kennara, sem hafa ekki full réttindi | 1 000 |
| 3. | Við 4. gr. 1 02 206 Orðabók háskólans 0 10 Laun. Fyrir „7 214“ kemur | 7 769 |
| 4. | Við 4. gr. 1 02 307 Menntaskóli á Austurlandi, bygging. Fyrir „15 000“ kemur | 30 000 |
| 5. | Við 4. gr. 1 02 310 Menntaskólar 0 10 Laun. Fyrir „17 438“ kemur | 18 938 |
| 6. | Við 4. gr. 1 02 310 Menntaskólar 0 27 Viðhald. Fyrir „12 010“ kemur | 17 010 |
| 7. | Við 4. gr. 1 02 431 Iðnfræðsluráð. a. Við 0 10 Laun. Fyrir „3 544“ kemur | 7 544 |
| | b. Við 02 Önnur rekstrargjöld. Fyrir „1 850“ kemur | 3 850 |
| 8. | Við 4. gr. 1 02 514 Iðnskólinn í Reykjavík 0 20 Önnur rekstrargjöld. Fyrir „672“ kemur | 1 000 |
| 9. | Við 4. gr. 1 02 516 Iðnskólar. a. Fyrir „30 000“ kemur | 34 000 |
| | b. Sundurliðun kemur á sérstöku yfirliti á þessa leið: | |

**Iðnskólar (1 02 516).**

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Reykjavík | 12 000 |
| 2. | Hafnarfjörður | 5 000 |
| 3. | Keflavík | 1 000 |
| 4. | Akranes | 2 000 |
| 5. | Ísafjörður | 2 000 |
| 6. | Akureyri | 3 600 |
| 7. | Akureyri, til undirbún. verknámsd. | 1 000 |
| 8. | Neskaupstaður | 2 400 |
| 9. | Vestmannaeyjar | 5 000 |
| | | 34 000 |

| | | |
|---|---|---|
| 10. | Við 4. gr. 1 02 518 Fiskvinnsluskólinn 0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður. Fyrir „3 500“ kemur | 6 500 |
| 11. | Við 4. gr. 1 02 581 01 Til Verslunarskóla Íslands. Fyrir „47 385“ kemur | 58 785 |
| 12. | Við 4. gr. 1 02 581 02 Til Samvinnuskólans. Fyrir „7 254“ kemur | 8 854 |
| 13. | Við 4. gr. 1 02 608. Héraðsskólar. a. Við 0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður. Fyrir „97 000“ kemur | 124 000 |
| | b. Sundurliðun kemur á sérstöku yfirliti á þessa leið: | |

**Héraðsskólar (02 608).** Þús. kr.

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Reykholt | 20 000 | |
| 2. | Núpur | 6 000 | |
| 3. | Reykir | 30 000 | |
| 4. | Reykjanes | 30 000 | |
| 5. | Laugar | 20 000 | |
| 6. | Eiðar | 11 000 | |
| 7. | Skógar | 4 000 | |
| 8. | Laugarvatn | 3 000 | |
| | | | 124 000 |

14. Við 4. gr. 1 02 621. Nýr liður:

621 **Skálholtsskóli:**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 0 90 | Yfirfærslur: | | |
| 0 94 | Til einstaklinga, heimila og samtaka | 7 000 | |
| | Gjöld samtals | | 7 000 |

15. Við 4. gr. 1 02 762 Framlög til byggingar grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra.

a. Fyrir „800 000“ kemur ..... 1 018 864

b. Sundurliðun kemur á sérstöku yfirliti á þessa leið:

**Framlög til byggingar grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra (02 762).**

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Réttarholtsskóli | 1 013 |
| 2. | Fossvogsskóli | 6 598 |
| 3. | Árbæjarskóli, 2. áf. | 1 330 |
| 4. | Árbæjarskóli, 3. áf. | 13 785 |
| 5. | Hvassaleitisskóli, 2. áf. | 104 |
| 6. | Fellaskóli, 1. áf. | 18 000 |
| 7. | Fossvogsskóli, 2. áf. | 12 429 |
| 8. | Hólabrekkuskóli | 20 000 |
| 9. | Höfðaskóli, 1. áf. | 10 000 |
| 11. | Hagaskóli, íþr. | 18 000 |
| 12. | Fellaskóli, breytingar | 13 757 |
| 13. | Fjölbrautaskóli, 1. áf. | 9 000 |
| 14. | Fjölbrautaskóli, 2. áf. C | 38 000 |
| 15. | Kvennaskóli | 5 000 |
| 16. | Langholtsskóli | 16 000 |
| 17. | Vogaskóli, 5. áf. | 40 000 |
| 18. | Akranes, barnaskóli, lóð | 1 500 |
| 19. | Akranes, gagnfræðaskóli | 9 000 |
| 20. | Akranes, íþróttahús | 17 000 |
| 21. | Kleppjárnsreykir, íbúðir og lóð | 798 |
| 22. | Kleppjárnsreykir, íbúð Hvanneyri I | 2 500 |
| 23. | Varmaland, íbúðir | 3 741 |
| 24. | Varmaland, íþróttahús | 9 000 |
| 25. | Borgarnes, íþróttahús | 16 000 |
| 10. | Við 4. gr. 1 02 982 08 Leiklistarstarfsemi.<br>Fyrir „5 200“ kemur ..... | 7 200 |
| 11. | Við 4. gr. 1 02 982 21 Til Rithöfundasambands Íslands.<br>Fyrir „50“ kemur ..... | 100 |

| | | Þús. kr. |
|---|---|---|
| 12. | Við 4. gr. 1 02 982. Nýir liðir: | |
| | 24 Söngskólinn í Reykjavík | 200 |
| | 25 Tónlistarskólinn í Árnessýslu vegna endurbóta á húsnæði | 100 |
| | 26 Tónlistarskóli Garðahrepps, byggingarstyrkur | 500 |
| | 27 Tónlistarskólinn í Reykjavík og Barnamúsíkskólinn, byggingarstyrkur | 3 000 |
| 13. | Við 4. gr. 1 02 983 06 Jöklarannsóknir og mælingar. | |
| | Fyrir „100“ kemur | 150 |
| 14. | Við 4. gr. 1 02 984 03 Til Norræna félagsins. | |
| | Fyrir „400“ kemur | 500 |
| 15. | Við 4. gr. 1 02 984. Nýr liður: | |
| | 06 Til norræna vatnafræðifélagsins | 100 |
| 16. | Við 4. gr. 1 02 988. Nýr liður: | |
| | 17 Til KFUM og KFUK, starfsstyrkur | 500 |
| 17. | Við 4. gr. 1 02 989. Nýr liður: | |
| | 09 Til Íþróttafélags fatlaðra | 250 |
| 18. | Við 4. gr. 1 02 999 10 Lögberg—Heimskringla. | |
| | Fyrir „362“ kemur | 470 |
| 19. | Við 4. gr. 1 02 999. Nýr liður: | |
| | 12 Náttúrugripasafnið í Borgarnesi | 100 |
| 20. | Við 4. gr. 1 02 999 21 Til Skáksambands Íslands. | |
| | Fyrir „500“ kemur | 850 |
| 21. | Við 4. gr. 1 02 999 24 Bandalag ísl. skáta, hjálparsveitir. | |
| | Fyrir „600“ kemur | 1 200 |
| 22. | Við 4. gr. 1 02 999 29 Dýraverndunarfélag Íslands. | |
| | Fyrir „50“ kemur | 100 |
| 23. | Við 4. gr. 1 02 999 40. Liðurinn orðast svo: | |
| | Til Zontaklúbbs Akureyrar vegna Nonnahúss | 75 |
| 24. | Við 4. gr. 1 02 999 42 Landakotsskólinn. | |
| | Fyrir „500“ kemur | 1 000 |
| 25. | Við 4. gr. 1 02 999 44 Styrkur til Hlíðardalsskóla. | |
| | Fyrir „900“ kemur | 1 500 |
| 26. | Við 4. gr. 1 02 999 61 Til sumarnámskeiða í Leirárskóla. | |
| | Fyrir „300“ kemur | 700 |
| 27. | Við 4. gr. 1 02 999 64 Til íslensks dýrasafns. | |
| | Fyrir „100“ kemur | 200 |
| 28. | Við 4. gr. 1 02 999. Nýir liðir: | |
| | 76 Til Bridgesambands Íslands | 100 |
| | 77 Til varðveislu gamla verslunarhússins á Flateyri | 100 |
| | 78 Barnaheimilið í Kumbaravogi, byggingarstyrkur | 125 |
| 29. | Við 4. gr. 1 04 246 Veiðimálaskrifstofan 0 94 Til einstaklinga, heimila og samtaka. | |
| | Fyrir „4 000“ kemur | 5 000 |
| 30. | Við 4. gr. 1 04 299 05 Til Landssambands ísl. hestamannafélaga til leiðbeininga um hestamennsku. | |
| | Fyrir „125“ kemur | 200 |
| 31. | Við 4. gr. 1 04 299 13 Efnarannsóknastofa Norðurlands. | |
| | Fyrir „500“ kemur | 650 |
| 32. | Við 4. gr. 1 07 399 02 Vatnsveitur. | |
| | Fyrir „27 500“ kemur | 32 000 |
| 33. | Við 4. gr. 1 07 981 13 Til Landssambands verslunarmanna. | |
| | Fyrir „50“ kemur | 100 |
| 34. | Við 4. gr. 1 07 999 04 Félagið Heyrnarhjálp. | |
| | Fyrir „300“ kemur | 800 |

| | | Þús. kr. |
|---|---|---|
| 35. | Við 4. gr. 1 07 999 29 Foreldra- og styrktarfélag heyrnardaufra. | |
| | Fyrir „100“ kemur | 200 |
| 36. | Við 4. gr. 1 07 999. Nýr liður: | |
| | 34 Stéttarfélag félagsráðgjafa til ráðstefnuhalds | 250 |
| 37. | Við 4. gr. 1 08 381 08 St. Jósepsspítali í Hafnarfirði, byggingarstyrkur. | |
| | Fyrir „3 500“ kemur | 5 000 |
| 38. | Við 4. gr. 1 10 481 Flugbjörgunarsveitir. | |
| | Fyrir „150“ kemur | 500 |

## Nd. 148. Frumvarp til laga [117. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán fyrir Rafveitu Ísafjarðar.

(Lagt fyrir Alþingi á 96. löggjafarþingi, 1974.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að takast á hendur sjálfsskuldarábyrgð á láni til kaupa á dísilrafstöð fyrir Rafveitu Ísafjarðar. Ábyrgð má veita fyrir allt að 80% af fobverði stöðvarinnar.

Ábyrgðin skal veitt með þeim kjörum og skilmálum, er ríkisstjórnin ákveður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Vegna óöruggs ástands í raforkumálum á Ísafirði hefur þótt nauðsynlegt að festa kaup á vararafstöð fyrir Ísafjarðarkaupstað. Má í því sambandi nefna, að veruleg verðmæti af frystum fiski eru að staðaldri geymd á Ísafirði, sem myndu ónýtast yrði bærinn rafmagnslaus einhvern tíma. Vill ríkisstjórnin fyrir sitt leyti greiða fyrir því, að kaup á vararafstöð geti átt sér stað, með því að leggja fram lagafrumvarp þetta.

## Sþ. 149. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1975.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Fjárveitinganefnd hóf athugun sína á frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1975 1. nóvember s. l. og hefur rætt málið á 28 fundum.

Með hliðsjón af því hvað Alþingi hóf störf sín seint að þessu sinni, eða ekki fyrr en 29. okt., hafði undirnefnd fjárveitinganefndar, sem skipuð er einum þingmanni frá hverjum þingflokki, átt með sér fundi nokkru fyrir þingtímann og hafið athugun á ýmsum þáttum, sem snerta fjárlagagerðina. Hafði undirnefndin m. a. rætt við forstöðumenn ýmissa ríkisstofnana og kynnt sér þarfir þeirra um fjárveitingar og annað, sem reksturinn varðar.

Þá hefur nefndin nú sem fyrr skipt með sér verkum og hafa einstakir nefndarmenn haft til athugunar sérstaka málaflokka frumvarpsins. Hefur sú athugun eink-

um beinst að nokkrum af þeim málaflokkum, er fjalla um fjárveitingar til verklegra framkvæmda, svo sem nýbyggingar skóla, íþróttamannvirkja, hafnarframkvæmda og lendingarbóta, nýbyggingar sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva. Segja má, að málaflokkar þessir séu meðal þeirra stærri sem fé er veitt til í fjárlögum. — Þá hefur nefndin átt góða samvinnu við fjárlaga- og hagsýslustofnun fjármálaráðuneytisins og starfsmenn hennar, sem hafa veitt nefndinni mikilsverðar upplýsingar og aðstoð.

Svo sem jafnan áður hafa nefndinni borist fjölmörg erindi frá stofnunum, einstaklingum og samtökum, sem flest hafa falið í sér beiðni um fjárhagslegan stuðning eða fyrirgreiðslu í einu eða öðru formi. Hefur nefndin eftir föngum reynt að kynna sér þessi málefni og komið til móts við aðila, eftir því sem tök hafa verið á.

Nefndinni er þó ljóst, að í mörgum tilfellum hefur orðið að synja fjárbeiðnum til málefna, sem vissulega verðskulda fjárhagslegan stuðning, en takmarkað fjármagn hins opinbera og tilraun nefndarmanna til að stemma stigu við óhóflegri þenslu ríkisútgjalda hefur einnig ráðið hér nokkru um.

Enn sem komið er hefur nefndinni ekki unnist tími til að ljúka að fullu afgreiðslu á nokkrum liðum fjárlagafrumvarpsins. Má þar nefna m. a. fyrirhleðslur, dagvistunarstofnanir, málefni Rafmagnsveitna ríkisins og orkumál, hækkun til Lánasjóðs námsmanna, aukin framlög til almannatrygginga, endurskoðun Pósts og síma og Vegasjóðs o. fl., og bíður afgreiðsla þeirra til 3. umr.

Um afgreiðslu fjárlagafrumvarpsins náðist ekki samkomulag innan nefndarinnar. Mun minni hlutinn því skila séráliti. Varðandi breytingartillögur á þingskjölum 143 og 147 varð hins vegar samstaða innan nefndarinnar og flytur hún því tillögurnar sameiginlega. Minni hlutinn vill þó taka fram, að hann hefur óbundnar hendur um að fylgja eða flytja breytingartillögur.

Eins og fram kemur í athugasemdum við fjárlagafrumvarpið er grundvöllur þess byggður á verðlagi og kaupgjaldi, eins og það var í septembermánuði síðast liðnum. Var þá gengið út frá því, að heildarhækkun launakostnaðar væri um 35%, ef miðað er við fjárlagatölur ársins 1974, og tekjuáætlun var í aðalatriðum byggð á því, að almenn þjóðarútgjöld héldust sem næst óbreytt að magni til eins og spáð var að þau yrðu á yfirstandandi ári.

Frá því að þessar áætlanir voru gerðar af Þjóðhagsstofnuninni hefur komið í ljós, að allmiklar breytingar hafa átt sér stað, sem gefið hafa tilefni til þess, að Þjóðhagsstofnunin hefur á ný endurskoðað fyrri áætlanir og sett fram frumdrög að nýrri þjóðhagsspá fyrir næsta ár.

Að sjálfsögðu liggur nú fyrir í lok ársins nánari vitneskja um ýmsa þætti þjóðarbúsins, svo sem innheimtu ríkistekna og fleira sem máli skiptir í ríkisbúskapnum.

Þá er þess að geta, að hækkun atvinnutekna á mann mun reynast um 50% í stað þess sem áður var spáð, að atvinnutekjur mundu hækka um 35%.

Á síðasta fundi fjárveitinganefndar nú fyrir afgreiðslu fjárlagafrumvarpsins til 2. umr. mættu fulltrúar frá Þjóðhagsstofnun og gáfu nefndinni margvíslegar upplýsingar um þróun efnahagsmála þjóðarbúsins á yfirstandandi ári, um leið og þeir greindu frá því, að stofnunin væri um þessar mundir að ganga frá endurskoðun og frumdrögum að nýrri þjóðhagsspá fyrir næsta ár.

Enn sem komið er hefur nefndin ekki að fullu gert sér grein fyrir þeim breytingum á tekjubálki frumvarpsins, sem rétt er að gera með tilliti til hinnar nýju þjóðhagsspár, og er því frestað til 3. umr. að bera fram breytingartillögur við tekjubálkinn.

Meiri hluti fjárveitinganefndar vill hins vegar taka það skýrt fram, að hann telur með öllu óverjandi að afgreiða fjárlagafrumvarpið með greiðsluhalla, og mun því miða breytingartillögur sínar við 3. umr. málsins við það, að svo verði eigi.

Verður nú í stuttu máli gerð grein fyrir breytingartillögum nefndarinnar við gjaldabálk frumvarpsins.

**Æðsta stjórn ríkisins 1 00.**

Lagt er til að taka upp nýjan lið: Styrkur til bókasafns Jóns Sigurðssonar, Kaupmannahöfn 100 þús. kr.

**Menntamálaráðuneyti 1 02.**

Aðalskrifstofa: Lagt er til, að liðurinn endurskoðun námsefnis lækki um 3 000 þús., en tekin verði upp fjárveiting til námsskrárgerðar í verkfræðslu samtals 6 000 þús. kr. undir fyrirsögn iðnfræðsluráðs, sbr. síðar.

Tekinn er upp nýr liður, 1 000 þús. kr., vegna námskeiða fyrir barnakennara, sem ekki hafa full réttindi.

Háskóli Íslands: Lagt er til, að launaliður Orðabókar háskólans hækki um 555 þús. kr. og er það til ráðningar sérfræðings í stöðu, sem hefur ekki verið skipuð um skeið.

Menntaskóli á Austurlandi: Gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 15 000 þús. kr. — Launaliður almennra menntaskóla hækki um 1 500 þús. kr., ætlað til greiðslu launa í leyfum kennara, sem eru í orlofi við samningu kennslubóka. — Viðhaldsliður menntaskóla hækkar um 5 000 þús. kr.

Stýrimannaskólinn: Gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 3 000 þús. kr. vegna kaupa á ratsjártækjum.

Iðnfræðsluráð: Launaliður hækkar um 4 000 þús. kr. og önnur rekstrargjöld um 2 000 þús. kr. Báðar fjárhæðirnar eru veittar til þess að hefja námsskrárgerð í verkfræðslu í samráði við menntamálaráðuneytið. Ætlast er til, að námsskrá iðnfræðslu sé endurskoðuð og hún samræmd námsskrá framhaldsskólastigsins. — Önnur rekstrargjöld Iðnskólans í Reykjavík hækka um 328 þús. og gjaldfærður stofnkostnaður iðnskóla í landinu um 4 000 þús. kr.

Fiskvinnsluskólinn: Lagt er til að gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 3 000 þús. kr.

Verslunarskólar: Liðurinn til Verslunarskóla Íslands hækki um 11 400 þús., til Samvinnuskóla Íslands um 1 600 þús. og enn fremur til Bréfaskóla SÍS og ASÍ um 240 þús. kr.

Héraðsskólar: Gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 27 000 þús. kr.

Skálholtsskóli: Á fjárl. 1974 var styrkur til skólans 6 000 þús. kr., en í frv. er ekki gert ráð fyrir styrk til skólans. Lagt er til, að tekinn verði upp nýr liður: Styrkur til Skálholtsskóla 7 000 þús. kr.

Grunnskólar: Gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 218 884 þús. kr.

Styrkur til útgáfustarfa hækki um 150 þús. kr., sem er hækkun á framlagi til Hins ísl. bókmenntafélags.

Styrkur til Myndlistarskólans í Reykjavík hækki um 90 þús. kr.

Lagt er til, að framlög til jöfnunar námskostnaði hækki um 10 000 þús. kr.

Laun í Landsbókasafni hækki um 280 þús. vegna ráðningar manns í hálft starf til vörslu í lestrarsal.

Lagt er til, að styrkur til byggðasafna hækki um 500 þús.

Listasafn Íslands: Fjárveiting hækki um 300 þús. kr. vegna viðgerða á málverkum Jóns Stefánsonar.

Styrkur til Vísindasjóðs hækki um 2 000 þús. kr.

Lagt er til, að styrkur til Leikfélags Reykjavíkur hækki um 1 200 þús., til Bandalags leikfélaga um 200 þús., styrkir til lúðrasveita um 470 þús. og leiklistarstarfsemi um 2 000 þús. kr., þar af 1 000 þús. til Leikfélags Akureyrar. Styrkir til leiklistarskóla hækki um 800 þús. Styrkur til Rithöfundasambands Íslands hækki um 50 þús. kr.

Lagt er til að taka upp eftirfarandi nýja liði: Söngskólinn í Reykjavík 200 þús., Tónlistarskólinn í Árnessýslu vegna endurbóta á húsnæði 100 þús., Tónlistarskólinn

í Garðahreppi 500 þús. og Tónlistarskólinn í Reykjavík og Barnamúsíkskólinn, byggingarstyrkur, 3 000 þús.

Lagt er til, að framlag til jöklarannsókna og mælinga hækki um 50 þús., til Norræna félagsins um 100 þús. og Norræna vatnafræðifélagið fái 100 þús. kr. styrk, sem er nýr liður, til undirbúnings ráðstefnu norrænna vatnafræðinga á Íslandi árið 1976.

Framlög til íþróttamannvirkja hækki um 13 000 þús. kr.

Lagt er til, að starfsstyrkur til Ungmennafélags Íslands hækki um 800 þús. kr. og tekinn upp nýr liður, starfsstyrkur til KFUM og KFUK 500 þús. kr. Framlag til Íþróttasambands Íslands hækki um 3 200 þús. kr. Tekinn verði upp nýr liður: Til íþróttafélags fatlaðra 250 þús. kr.

Lagt er til að styrkur til Lögbergs—Heimskringlu hækki um 108 þús. kr. Tekinn verði upp nýr liður: Náttúrugripasafnið í Borgarnesi 100 þús. Styrkur til Skáksambands Íslands hækki um 350 þús., til Bandalags ísl. skáta, hjálparsveita hækki um 600 þús., til Dýraverndunarfélags Íslands um 50 þús. kr.

Lagt er til, að framlag til Kvenfélagasambands Íslands hækki um 800 þús. kr.

Styrkur til Zontaklúbbs Akureyrar vegna Nonnahúss hækki um 25 þús. kr., Landakotsskóla um 500 þús., Hlíðardalsskóla um 600 þús., til sumarnámskeiða í Leirárskóla um 400 þús. og til Íslenska dýrasafnsins um 100 þús. kr.

Teknir verði upp nýir liðir: Til Bridgesambands Íslands 100 þús., til varðveislu gamla verslunarhússins á Flateyri 100 þús. og barnaheimilis í Kumbaravogi, byggingarstyrkur, 125 þús. kr.

### Landbúnaðarráðuneyti 1 04.

Lagt er til, að launaliður Búnaðarfélags Íslands hækki um 600 þús. kr. vegna tölvuritara í nautgriparækt.

Við Rannsóknastofnun landbúnaðarins verði hækkanir til eftirgreindra viðfangsefna: 500 þús. í búfjárræktardeild til uppsetningar á tækjum, sem gefin eru af Alþjóðakjarnorkumálastofnuninni í tengslum við FAO, 5 000 þús. í bútæknideild til byggingar íbúðarhúsnæðis á Hvanneyri, 790 þús. vegna ráðningar starfsmanns við gróðurrannsóknir, 3 000 þús. til tilraunastöðvarinnar á Akureyri, vegna flutnings stöðvarinnar að Möðruvöllum, og nýr liður til ylræktarverkefnis í Hveragerði í tengslum við FAO 1 000 þús. kr.

Framlag til Landgræðslu ríkisins, gjaldfærður stofnkostnaður, hækki um 6 000 þús. kr. vegna byggingar starfsmannahúss. Tekin verði upp nýr liður: Fóður- og fræframleiðsla í Gunnarsholti, yfirfært til B-hluta, 6 000 þús. kr. vegna endurnýjunar á vélum grænfóðurverksmiðjunnar.

Framlag til Fiskræktarsjóðs hækkar um 1 000 þús. kr.

Lagt er til, að jarðræktarframlög hækki um 7 192 þús. kr., sem renni til þess að auka greiðslu framlaga á framkvæmdaári um 5 000 þús., en að öðru leyti vegna nýrra héraðsráðunauta. Framlag til Veðdeildar Búnaðarbankans hækki um 3 000 þús. kr.

Lagt er til, að framlag til Landssambands hestamannafélaga til leiðbeininga um hestamennsku hækki um 75 þús., framlög til Efnarannsóknastofu Norðurlands hækki um 150 þús. og til Tilraunastöðvar Búnaðarsambands Suðurlands um 1 200 þús. kr. vegna byggingarframkvæmda.

Framlög til Garðyrkjuskólans á Reykjum hækki sem hér greinir: Laun nýs kennara 843 þús., viðhald um 500 þús. og til skipulagsgerðar, þ. e. gjaldfærður stofnkostnaður, um 500 þús.

### Sjávarútvegsráðuneyti 1 05.

Lagt er til, að liðurinn Fiskifélag Íslands, skýrsludeild hækki úr 7 042 þús. kr. í 7 642 þús. kr. Hækkunin stafar af óhjákvæmilegri hækkun þóknunar til trún-

aðarmanna Fiskifélagsins í verstöðvum landsins. Hefur þóknun þessi verið óhæfilega lág undanfarið.

Á liðnum Hafrannsóknastofnun er lagt til að gerðar verði fjórar breytingar:

a. Við 12 Bjarni Sæmundsson r/s RE 130, að fyrir 70 488 þús. kr. komi 76 488 þús. kr.
b. Við 15 Dröfn r/s RE 135, að fyrir 20 250 þús. kr. komi 22 250 þús. kr.
c. Við 16. að fyrir orðalagið „Útibú 3481" komi: Útibú á Húsavík 4 431 þús. kr. Útibú Hafrannsóknastofnunarinnar á Húsavík er tekið til starfa og gengur fjárveitingin öll til rekstrar þess.
d. Þá er lagt til að samþykktur verði nýr liður: Útibú á Höfn í Hornafirði 1 500 þús. kr. Verður fé þessu varið til þess að undirbúa stofnun útibús Hafrannsóknastofnunar á Höfn.

Lagt er til um Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, útibú, að fyrir 3 168 þús. kr. komi 4 118 þús. kr., en hækkunin varðar launagreiðslu til starfsmanns útibús Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins á Ísafirði.

Við liðinn Ýmislegt á sviði sjávarútvegs er lögð til sú breyting að niður falli liðurinn 05 25 000 þús. kr. vegna rekstrarhalla togara 1973, en liðurinn 04 vegna rekstrarhalla togara 1974 hækki úr 25 000 þús. kr. í 45 000 þús.

### Dóms- og kirkjumálaráðuneyti 1 06.

Löggæslukostnaður við sýslumannsembættið á Blönduósi hækkar um 900 þús. kr. vegna ráðningar eins lögregluþjóns á Skagaströnd.

Kostnaður við sýslumannsembættið á Hvolsvelli hækkar þannig: Yfirstjórn um 600 þús. kr. vegna aukinnar aðstoðar á skrifstofu og löggæsla um 900 þús. kr. vegna ráðningar lögregluþjóns.

Við embætti sýslumannsins og bæjarfógetans í Keflavík eru ráðnir 2 lögregluþjónar í Keflavík og hækkar löggæslukostnaður um 1 800 þús. kr. og einn lögregluþjónn í Grindavík 900 þús. kr.

Laun eins kvenfangavarðar, sem ráðinn er við fangelsið í Síðumúla, nema 700 þús. kr.

Gert er ráð fyrir að kaupa húsnæði í Grindavík fyrir fangelsi og hækkar liðurinn til byggingar ríkisfangelsa og vinnuhæla um 4 000 þús. kr. af þeim sökum.

Til skrifstofuaðstoðar við embætti biskups hækkar liðurinn yfirstjórn um 300 þús. kr.

Kostnaður við Kirkjuþing hækkar um 200 þús. kr.

Liðurinn Prestar og prófastar hækkar um 1 050 þús. kr. vegna nýs prestsembættis í Breiðholtshverfi í Reykjavík.

Til Skálholtsstaðar er framlag hækkað um 800 þús. kr., en það var nauðsynlegt til viðhalds á kirkju staðarins, einkum gluggum, þaki o. fl.

Þá er framlag til Hallgrímskirkju í Reykjavík vegna kaupa á stólum 635 þús. kr. og er það nýr liður.

Einnig eru vegna 300. ártíðar Hallgríms Péturssonar veittar til Hallgrímskirkju í Saurbæ 1 000 þús. kr.

Framlag til Kirkjubyggingasjóðs hækkar um 3 000 þús. kr.

### Félagsmálaráðuneyti 1 07.

Lagt er til, að skipulagsstjóraembættið fái hækkun á launaliðnum sem nemur 2 000 þús. kr., önnur rekstrargjöld hækki um 1 000 þús. kr. og liðurinn til sveitarfélaga um 6 000 þús. kr. Er þessi hækkun samkvæmt nýsettum lögum.

Vatnsveitur skv. lögum hækka um 4 500 þús. kr. vegna aukins framlags til vatnsveitu Vestmannaeyja.

Framlag til Landssambands verslunarmanna hækkar um 50 þús. kr.

Félagið Heyrnarhjálp fær hækkað framlag um 500 þús. kr. og Foreldra- og styrktarfélag heyrnardaufra 100 þús. kr.

Stéttarfélag félagsráðgjafa fær 250 þús. kr. styrk til ráðstefnuhalds.

### Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti 1 08.

Lagt er til, að stofnkostnaðarframlag til Landsspítalans hækki um 35 000 þús. kr. í 187 000 þús. kr. Liðurinn verður sundurliðaður í B-hluta.

Lagt er til, að í Fæðingardeild Landsspítalans verði veittar 60 000 þús. kr. í byggingarframkvæmdir og verður liðurinn 80 000 þús. kr.

Nýr liður: Vífilsstaðaspítali. Lagt er til, að veittar verði til byggingar dagvistunarheimilis við spítalann 10 000 þús. kr.

Lagt er til, að framlag til byggingarframkvæmda á Kristneshæli hækki um 4 000 þús. kr. í 10 000 þús. kr.

Lagt er til, að Læknishéraðasjóður verði hækkaður um 2 500 þús. kr. í 7 500 þús. kr. Er það vegna tækjakaupa.

Lagt er til, að byggingarstyrkur til St. Jósepsspítala í Hafnarfirði hækki um 1 500 þús. kr. í 5 000 þús. kr.

Liðurinn Bygging sjúkrahúsa, sjúkraskýla, læknamiðstöðva, elliheimila og læknisbústaða, annarra en ríkissjúkrahúsa, hækkar um 168 200 þús. kr. í 599 400 þús. kr. Þar af eru til elliheimila 38 300 þús. kr.

Lagt er til, að framlag til héraðslækna og heilsugæslustöðva hækki um 2 270 þús. kr. í 6 000 þús. kr., ætlað til tækjakaupa í heilsugæslustöðvum.

Liðurinn Matvælarannsóknir hækki um 512 þús. kr. í 5 500 þús. kr.

Liðurinn Námskeið sjúkraliða hækkar um 1 400 þús. kr. í 3 000 þús. kr.

Lagt er til, að tekinn verði inn nýr liður, vegna ráðstefnuhalds háls-, nef- og eyrnalækna á árinu 1975 300 þús. kr.

Framlag til sjúkraflugs er áætlað í frumvarpi til fjárlaga 2 000 þús. kr., en lagt er til, að fjárhæðin hækki um 500 þús. kr. í 2 500 þús. kr.

Lagt er til, að breyting verði gerð á framlagi til Gæsluvistarsjóðs, þannig að til drykkjumannahælis á Vífilsstöðum verði varið 20 000 þús. kr. og til Vistheimilisins í Víðinesi 8 000 þús. kr.

Óbreytt stendur ráðstöfun fjár til Bláa bandsins 1 200 þús. kr. og Verndar 500 þús. kr.

### Samgönguráðuneyti 1 10.

Lagt er til að liðurinn Hafnarmannvirki og lendingarbætur hækki úr 533 000 þús. kr. í 584 610 þús. kr. Liðurinn Ferjubryggjur hækkar úr 7 000 þús. kr. í 10 000 þús. kr. Liðurinn Hafnarbótasjóður hækkar úr 64 000 þús. kr. í 70 192 þús. kr., sem leiðir eðlilega af hækkun framlaga til hafnarmannvirkja og lendingarbóta.

Liðurinn Sjóvarnargarðar hækkar úr 2 700 þús. kr. í 3 500 þús. kr.

Um liðinn Sjóslysanefnd er lagt til að laun hækki úr 954 þús. kr. í 1 254 þús. kr.

Við liðinn Flugmálastjórn er lögð til sú breyting, að framlög úr ríkissjóði hækki úr 466 125 þús. kr. í 485 725 þús. kr. Hækkun þessi skiptist þannig, að 18 000 þús. kr. ganga til fjárfestingar (flugvallagerðar), en 1 600 þús. kr. til snjómoksturs á flugvöllum. Alls verður varið til snjómoksturs á flugvöllum 5 000 þús. kr., og er gerð tillaga um, að sú upphæð verði á sérstökum fjárlagalið, sem er nýmæli. Í því sambandi leggur nefndin til, að fjárveiting til Reykjavíkurflugvallar lækki úr 50 874 þús. kr. í 49 874 þús. kr. og til annarra flugvalla úr 41 643 þús. kr. í 39 243 þús. kr. Fjárfestingar flugmálastjórnar eru áætlaðar 184 000 þús. kr. í frv., en samkv. tillögum nefndarinnar nemur fjárfestingarupphæðin 202 000 þús. kr.

Á liðnum Veðurstofan er lögð til sú breyting, að gjaldfærður stofnkostnaður verði hækkaður úr 6 120 þús. kr. í 7 120 þús. kr. Er hækkunin óhjákvæmileg vegna verðhækkunar á tækjum til Veðurstofunnar vegna gengislækkunar.

Þá gerir nefndin tillögu um, að framlag til flugbjörgunarsveita hækki úr 150 þús. kr. í 500 þús. kr.

**Iðnaðarráðuneyti 1 11.**

Eins og fyrr er getið bíða mörg erindi, er varða þetta ráðuneyti, frekari athugunar nefndarinnar, og er ráðgert að tillögur liggi fyrir við 3. umr. málsins. Skal þar m. a. minnt á málefni Rafmagnsveitna ríkisins, virkjanir við Kröflu og Bessastaðaá í Fljótsdal, sjóefnaverksmiðju á Reykjanesi og starfsfé iðnþróunarnefndar.

Nefndin leggur til, að framlag til Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins hækki úr 9 000 þús. kr. í 10 000 þús. kr.

Alþingi, 14. des. 1974.

Jón Árnason, form., frsm. Þórarinn Sigurjónsson, fundaskr. Ingvar Gíslason.
Gunnlaugur Finnsson. Pálmi Jónsson. Lárus Jónsson.
Steinþór Gestsson.

## Sþ. 150. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1975 og við brtt. á þskj. 143.

| | Þús. kr. |
|---|---|
| I. Frá *Helga F. Seljan.* | |
| Við 4. gr. 1 02 988 15 Íslenskir ungtemplarar. | |
| Fyrir „50“ kemur | 150 |
| II. Frá *Ragnheiði Sveinbjörnsdóttur.* | |
| Við 4. gr. 1 02 999. Nýr liður: | |
| 79 Til Sjóminjafélags Íslands vegna björgunar og varðveislu gamalla báta og annarra sjóminja fyrir væntanlegt Sjóminjasafn Íslands | 1 000 |
| III. Frá *Helga F. Seljan.* | |
| Við 4. gr. 1 07 999. Nýr liður: | |
| 35 Til Styrktarfélags vangefinna á Austurlandi | 300 |
| IV. Frá *Sverri Bergmann.* | |
| Við brtt. 143, 55. a. | |
| Fyrir „597 800“ kemur | 630 800 |
| Í sundurliðun bætist á eftir a. 5: | |
| Reykjavík, til hönnunar B-álmu Borgarsjúkrahússins (langlegudeild) | 33 |

## Nd. 151. Lög [96. mál]

um breyting á lögum nr. 14 15. mars 1965, um launaskatt.

(Afgreidd frá Nd. 14. des.)

Samhljóða þskj. 108.

**Sþ.** **152. Nefndarálit** **[1. mál]**

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1975.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Þegar sýnt var í sumar, að Alþingi yrði ekki kallað saman fyrr en undir lok októbermánaðar og ljóst var, að starfstími fjárveitinganefndar, til afgreiðslu fjárlfrv. yrði enn skemmri en áður, var undirnefnd fjárveitinganefndar falið að hefja störf um miðjan okt. Þrátt fyrir þessi störf undirnefndar varðandi einstaka þætti fjárlagafrv., áður en þing kom saman, hafa nefndarfundir samanlagt verið mun færri en venjulega. Þetta teljum við að hafi leitt til þess, að störf nefndarinnar og undirbúningur ákvarðana hafi ekki verið sem skyldi.

Óvenjumörg veigamikil mál bíða 3. umræðu auk tekjuáætlunar, og er það ekki óvenjulegt að því er tekjuáætlun varðar, en ljóst er að vegna þess, hversu seint 2. umr. fer fram, gefst nefndinni mjög skammur tími til starfa fyrir 3. umr. Minni hl. nefndarinnar væntir þess, að samstaða geti orðið um að skipuleggja störf nefndarinnar með öðrum hætti á næsta hausti. Að okkar dómi gæti nefndin eða undirnefnd í ríkara mæli en áður unnið undirbúningsstörf varðandi fjárlagafrv., áður en þing kemur saman, jafnframt því að starfstími nefndarinnar eftir að fjárlagafrv. er lagt fram yrði betur nýttur en að þessu sinni.

Nefndin flytur sameiginlega brtt. á þskj. 143 og 147, en minni hl. nefndarinnar hefur óbundnar hendur um einstakar brtt. og hefur áskilið sér rétt til að flytja brtt. eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma.

Á síðasta fundi nefndarinnar var gerð grein fyrir hugmyndum Þjóðhagsstofnunar um nokkrar mismunandi tillögur um tekjuáætlun ríkissjóðs, þar sem heildartekjur eru áætlaðar 46 800—48 400 millj. kr. eftir mismunandi forsendum. Ekki verður ljóst fyrr en við 3. umr. hver verður niðurstaða í þessu efni. Enn fremur eru óafgreiddir útgjaldaliðir, sem munu hækka niðurstöðutölur frv. um eigi minna en 800 millj. kr. Má þar nefna sjúkratryggingar, lífeyristryggingar, niðurgreiðslur, Lánasjóð námsmanna, Lánasjóð sveitarfélaga, raforkumál o. fl., auk framlags til strandferða, sem samvinnunefnd samgöngumála gerir tillögur um. Er því margt óljóst um, hvernig að afgreiðslu fjárlagafrumvarpsins verður staðið, og flytur minni hl. nefndarinnar ekki brtt. við 2. umr. a. m. k.

Með fyrsta fjárlagafrv. hægri stjórnarinnar er gert ráð fyrir, að skattheimta ríkisins aukist á árinu 1975 um rúml. 16. þús. millj. kr. frá fjárlögum þessa árs og um 9 500 millj. kr. frá raunverulegri innheimtu í ár. Ljóst er að við afgreiðslu frv. hækka þessar tölur um 1 500—2 000 millj. kr., svo að skattheimta ríkissjóðs mun hækka um 52—54 þús. kr. á hvert mannsbarn á landinu á næsta ári, jafnhliða því að verðtrygging launa hefur verið afnumin með lögum.

Þessi risahækkun á fjárlögum, 17 500—18 000 millj. kr., er um 1 000 millj. kr. hærri upphæð en heildarniðurstöðutölur fjárlaga voru árið 1972. Er þetta einkar athyglisvert, þegar haft er í huga, að fyrir u. þ. b. ári lagði núv. fjmrh. fram á Alþingi frumvarp um lækkun skattheimtu ríkisins um 4 300 millj. kr., en það gæti á árinu 1975 svarað til um 6 000 millj. kr. Lýsti núv. fjmrh. þá yfir því, að auðvelt væri að brúa bilið vegna þessa tekjumissis ríkissjóðs með sparnaði í rekstrarútgjöldum og minni framkvæmdahraða. Nú er hins vegar lagt til að skattheimta ríkisins verði aukin um nær 18 000 millj. kr. frá núgildandi fjárl. og um 11 000—11 500 millj. kr. frá raunverulegri skattheimtu á þessu ári. Er þó hluti af skattheimtu þessa árs umfram fjárlög til kominn vegna gengislækkunar og söluskattshækkunar hægri stjórnarinnar.

Í greinargerð með fjárlagafrv. er ekki svo mikið sem reynt að halda því fram, að minnsta tilraun sé gerð til þess að halda niðri rekstrarliðunum í frv. Enda hefur reyndin orðið sú, að þeir útgjaldaþættir sem falla undir liðinn önnur rekstrargjöld,

hækka meir en almennt verðlag í landinu. Er þó í þeim samanburði ekki reiknað með sérstökum áhrifum olíuverðshækkunar á rekstur skipastóls ríkisins og sérstakri hækkun á pappírs- og prentkostnaði hjá Ríkisútgáfu námsbóka umfram almennar verðlagshækkanir.

Í fjárlagafrv. fyrir árið 1974 var gert ráð fyrir heildarhækkun eiginlegra útgjalda ríkissjóðs um 26.6%, en útgjaldaþátturinn önnur rekstrargjöld hækkaði um 20.2% eða 24.1% minna. Þegar þeir, sem mestu lofuðu um samdrátt rekstrarútgjalda, leggja nú fram fyrsta fjárlagafrv. hægri stjórnarinnar, er gert ráð fyrir, að á árinu 1975 hækki eiginleg rekstrarútgjöld ríkissjóðs um 47.7%, en útgjaldaliðirnir önnur rekstrargjöld um 65.7%, eftir að þó hafa verið dregin frá áhrif þeirra sérstöku hækkana á olíu og prentkostnaði, sem áður er getið. Þannig er nú gert ráð fyrir að liðurinn önnur rekstrargjöld hækki um 37.7% meir en eiginleg útgjöld ríkissjóðs í heild.

Þetta eru efndirnar á því fyrirheiti að draga úr þenslu ríkisútgjalda. Svo langt er gengið í að þenja út rekstrarútgjöldin, að flokksbróðir fjmrh., borgarstjórinn í Reykjavík, sem hefur fengið orð fyrir annað en aðhaldssemi í rekstri, hælist nú um í málgagni Sjálfstæðisflokksins þegar hann ber saman hækkun rekstrarútgjalda í fjárlagafrv. ríkisins og í fjárhagsáætlun borgarinnar fyrir næsta ár og vekur sérstaka athygli manna á því, hversu mikill munur sé á.

Þegar heildarútgjöld og fyrst og fremst rekstrarliðir hækka meir en nokkru sinni hefur áður þekkst, hækka framkvæmdaliðir að sama skapi minna en áður. Fjárlög hækkuðu um 6 921 millj. kr. frá 1973—1974, þar af hækkuðu framkvæmdaliðir um 2 110 millj. kr. eða námu 30.5% af heildarhækkuninni. Reikna má með að niðurstöðutölur fjárlaga hækki að þessu sinni um 17 500 millj. kr. og samkv. fram komnum brtt. munu framkvæmdaliðir hækka um 2 600 millj. kr. frá fyrra ári, þ. e. hækkun framkvæmdaliða nemur um 14.9% af heildarhækkuninni. Með öðrum orðum: hækkun framkvæmdaliða er um 51% lægri hluti af heildarhækkuninni en við afgreiðslu núgildandi fjárlaga.

Í grg. með fjárlagafrv. er því lýst sem sérstöku stefnumiði ríkisstjórnarinnar að draga úr verklegum framkvæmdum ríkisins, þ. e. framlögum til ýmissar uppbyggingar úti á landsbyggðinni, einkum í því skyni að minnka það, sem stjórnarflokkarnir kalla þenslu á vinnumarkaðnum. Þessari stefnu hafa sjómannasamtökin í landinu lýst sem tilraun stjórnarflokkanna til þess að draga svo úr atvinnu, að menn verði knúnir til þess, vegna skorts á atvinnu í landi, að fara í skipsrúm fyrir þau launakjör, sem ríkisstjórnin hefur gert algerlega óviðunandi með sérstökum lagasetningum.

Að nokkru leyti hafa fulltrúar stjórnarflokkanna í fjvn. gefist upp við að knýja þessa samdráttarstefnu fram í þeim mæli sem ætlað var í fjárlagafrv. Þó er ljóst, að enn er ríkjandi sú stefna að mæta nokkuð auknu framlagi í Byggðasjóð með því að draga í staðinn úr framlögum ríkissjóðs til ákveðinna framkvæmdaþátta. Kemur sá samdráttur niður á mjög mikilsverðum þáttum, svo sem hafnargerð, þar sem um 21% skortir á að framlög haldi raungildi, og flugvallagerð, þar sem framlög þyrftu að vera um 36% hærri til að halda sama raungildi og í ár.

Á sama tíma og dregið er úr þessum mikilsverðu framkvæmdum úti á landi hefur ríkisstjórn Sjálfstfl. og Framsóknarfl. samið um stórfellda fjárfestingu á Keflavíkurflugvelli, og í bígerð er milljarða króna fjárfesting vegna stóriðju í nágrenni Reykjavíkur.

Jafnframt lækkun á framkvæmdagildi fjárveitinga til hafna, þegar þörfin er brýnni en nokkru sinni fyrr vegna hins nýja skuttogaraflota, sem dreifður er á útgerðarstaði um allt land, er svo á málum haldið, að engar lánveitingar hafa farið fram úr Hafnabótasjóði á þessu ári. Enda þótt hluti ríkissjóðs í kostnaði við hafnargerð hafi verið aukinn með ákvæðum hafnalaga frá 1973, er hagur flestra hafnarsjóða á þann veg að óhjákvæmilegt er að mál þeirra verði tekin til sérstakrar meðferðar, svo að sveitarfélögunum verði gert kleift að standa straum af sínum hlut við framkvæmdirnar. Slíka fyrirgreiðslu, lánsútveganir og bein framlög umfram

75% þátttökuhluta ríkissjóðs ber að veita fyrir tilstilli Hafnabótasjóðs með enn frekari eflingu hans.

Þessi skoðun minni hl. fjvn. virðist ekki eiga upp á pallborðið hjá núv. stjórnvöldum, ef dæma skal eftir samdrætti á fjárveitingum til hafnarframkvæmda og yfirlýsingum af þeirra hálfu um, að eftir að hlutur sveitarfélaga er takmarkaður við 25% framkvæmdakostnaðar eigi þau að geta séð um sinn hluta upp á eigin spýtur.

Ein stefnuyfirlýsing ráðherra hægri stjórnarinnar fjallaði um stóraukin hlut verklegrar menntunar. Við afgreiðslu fjárlaga sér þessa fyrirheits hvergi stað. Framlög til iðnskóla, eftir afgreiðslu í fjvn., þyrftu að vera 41% hærri en raun ber vitni til þess að halda óbreyttu framkvæmdagildi. Í fyrsta skipti síðan Fiskvinnsluskólinn tók til starfa eru ekki veittar til hans þær fjárhæðir, sem skólanefnd telur óhjákvæmilegar til nauðsynlegrar uppbyggingar. Fyrir 2. umr. um fjárlagafrv. er enn ekki séð, hvernig húsnæðismálum Tækniskólans reiðir af, og framlög til Sjómannaskólahússins eru lækkuð úr 26.3 millj. kr. í ár í 3 millj. kr. á næsta ári og þar með ákveðið að stöðva framkvæmdir. Á móti öllum þessum niðurskurði koma efndirnar á fyrirheitunum í því einu að hækka framlag til námsskrárgerðar fyrir iðnfræðslu um 5 millj. kr. á 47 þús. millj. kr. fjárlögum, en um 6 millj. kr. eru þó skornar niður af beiðni viðkomandi aðila um framlag í þessu skyni.

Við afgreiðslu fjárlaga er ljóst, að efnahagsráðstafanir ríkisstjórnarinnar, sem hún þóttist standa að til að hamla gegn verðbólgu, hafa engan árangur borið í því efni. Eftir stendur kjaraskerðingin einber: afnám vísitölubóta á laun, en látlaus hækkun vöruverðs og þjónustugjalda.

Frá ágústbyrjun og fram í miðjan des. hefur framfærsluvísitala hækkað um tæpl. 20%. Framundan eru verulegar verðhækkanir, t. d. mun við afgreiðslu fjárlaga varðandi málefni Pósts og síma verða gert ráð fyrir um 35% hækkun gjaldskrár hjá stofnuninni. Þessi stefna ríkisstjórnar í verðlags- og kjaramálum veldur stórlækkun kaupmáttar launa. Af sérstakri harðýðgi er þessi stefna rekin gagnvart þeim þjóðfélagsþegnum, sem við erfiðust kjör búa og eiga lífskjör sín alfarið undir ákvörðunum stjórnvalda, þeim ellilífeyrisþegum og öryrkjum sem engar tekjur hafa aðrar en tekjutryggingu úr almannatryggingum. Frá því að ríkisstjórnin tók við völdum hefur verðlag hækkað um 20%, en tekjutrygging hefur aðeins verið hækkuð um 10% og almennur elli- og örorkulífeyrir um 6%. Verðlag mun enn halda áfram að hækka, en við fjárlagaafgreiðslu er ekki gert ráð fyrir frekari hækkun bóta, nema ef vera kynni að stjórnarflokkarnir fengjust til að hækka bæturnar um 3% þegar slík umsamin hækkun launa kemur til framkvæmda 1. mars n. k.

Stjórnarflokkarnir stefna því að enn frekari rýrnun lífeyris þess fólks, sem erfiðast á í þjóðfélaginu.

Ljóst er, að ekkert samræmi er í stefnuyfirlýsingum ríkisstjórnarinnar og aðgerðum í kjaramálum til minnkunar eftirspurnarþenslu annars vegar og hins vegar á þeim forsendum sem tekjuhlið fjárlaga er byggð á til þess að hún standi undir rísahækkunum á rekstrarkostnaði ríkisins.

Til þess að afla 17—18 þús. milljóna króna með viðbótarskattheimtu umfram áætlaðar tekjur á núgildandi fjárlögum er m. a. byggt á:

1. Viðskiptahalla, sem gæti numið 10 milljörðum króna.
2. Erlendu neysluláni, sem nemur milljörðum króna, til að geta tryggt stjórnlausan innflutning, sem dugi ríkissjóði við öflun stóraukinna neysluskatta til að standa undir útþenslunni í ríkisrekstrinum.
3. Minnkun vörubirgða útflutningsvöru, sem til er í landinu.
4. Í ríkissjóð renni þær stórauknu skatttekjur, sem fást af innflutningsgjöldum og söluskatti vegna sérstakrar hækkunar á verði bensíns og olíu, þvert gegn fyrri kröfum Sjálfstfl. um, að þessi sérstaka skattheimta renni í Vegasjóð.
5. Metágóða (3600 millj. kr.) af sölu áfengis og tóbaks, þótt verð þeirra vara sé hækkað samtímis minnkuðum kaupmætti launa.

6. Síðast en ekki síst notar Sjálfstfl. og Framsókn þá aðferð til þess að teygja saman endana á fjárlögum að draga úr lífeyrisgreiðslum öryrkja og gamalmenna miðað við þær upphæðir, sem verja þyrfti úr ríkissjóði til almannatrygginga, ef lífeyrir þessa fólks ætti að vera jafngildur að kaupmætti og verið hefur hin síðustu ár.

Mesta hækkun á rekstrarliðum fjárlaga, sem um getur, og tekjuáætlun, sem byggir á stórfelldum viðskiptahalla, erlendum neyslulánum og birgðarýrnun, stuðlar ekki að því efnahagslega jafnvægi sem fjármálaráðherra telur sig í grg. með fjárlagafrv. stefna að. Hann er í stefnumiði sínu að vísu stórtækari en fyrirrennarar hans, sem hafa látið sér nægja að kljást við vandamálin á hólmanum okkar, því að hann sagði m. a. í fjárlagaræðu sinni: „Því ber jafnan að haga meðferð opinberra fjármála þannig, að stutt sé að jafnvægi innanlands og utan."

En hætt er við, að afgreiðsla risafjárlaga ríkisstjórnarinnar með þeim hætti, sem að er stefnt, færi fjármálaráðherra ekki nær því marki að koma á efnahagslegu jafnvægi í íslenskum þjóðarbúskap, þótt afdrif umfangsmeiri fyrirætlana hans á því sviði séu látin liggja milli hluta.

Alþingi, 14. des. 1974.

Geir Gunnarsson, frsm. Jón Árm. Héðinsson. Karvel Pálmason.

## Sþ. 153. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1975 og við brtt. á þskj. 143.

| | | Þús. kr. |
|---|---|---|
| I. | Frá *Karvel Pálmasyni, Helga F. Seljan* og *Jóni Árm. Héðinssyni.* | |
| | Við brtt. 143, 16. — Við 4. gr. 1 02 884 Til jöfnunar á námskostnaði. | |
| | Fyrir „110 000" kemur ..... | 140 000 |
| II. | Frá *Magnúsi Kjartanssyni.* | |
| | 1. Við 4. gr. 1 08 271 0 91 Tryggingastofnun ríkisins. | |
| | Fyrir „13 215 240" kemur ..... | 14 015 240 |
| | Þar af 800 millj. kr. til þess að greiða uppbót á tekjutryggingu til aldraðs fólks og öryrkja samkvæmt framfærsluvísitölu. | |
| | 2. Við 4. gr. 1 08 399 34 Kostnaður vegna reglugerðar um iðjumengun. | |
| | Fyrir „1 500" kemur ..... | 6 500 |
| | 3. Við 4. gr. 1 08 471 Gæsluvistarsjóður, framlag. Liðurinn orðist svo: | |
| | 0 90 Yfirfærslur | |
| | 0 91 Til fyrirtækja í B-hluta ..... 63 000 | |
| | 0 91 Rannsóknir, styrkir o. fl. ..... 5 000 | |
| | Gjöld samtals ..... | 68 000 |

| | | Þús. kr. |
|---|---|---|
| Viðfangsefni: | | |
| 01 | Hælið að Vífilsstöðum, bygging og innbú .. | 33 000 |
| 02 | Ógreitt vegna Kleppsspítala ..... | 6 000 |
| 03 | Ógreitt vegna Gunnarsholts ..... | 6 000 |
| 04 | Framkvæmdir í Gunnarsholti ..... | 6 000 |
| 05 | Bygging í Víðinesi ..... | 12 000 |
| 06 | Annað (rannsóknir, styrkir o. fl.) ..... | 5 000 |
| | Gjöld samtals ..... | 68 000 |

III. Frá *Karvel Pálmasyni, Sighvati Björgvinssyni* og *Kjartani Ólafssyni.*

1. Við brtt. 143, 64. — Við 4. gr. 1 10 333 03 Hafnarmannvirki og lendingarbætur.
   Fyrir „584 610“ kemur ..... 598 610
   Sundurliðun breytist þannig:
   1. Ísafjörður (12. liður).
      Fyrir „13 400“ kemur ..... 21 400
   2. Nýr liður (verður 13. liður):
      Súðavík ..... 6 000
2. Við brtt. 143, 69. — Við 4. gr. 1 10 471 Flugmálastjórn.
   Fyrir „485 725“ kemur ..... 505 725
   Sundurliðun fjárfestinga í flugmálum í 72. brtt. breytist þannig, að inn komi nýr liður á eftir 2. lið:
   Ísafjörður ..... 20 000

## Sþ. 154. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1975 og við brtt. á þskj. 143.

Frá Gils Guðmundssyni.

1. Við 4. gr. 1 02 501 Tækniskóli Íslands 0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður.
   Fyrir „18 000“ kemur ..... 64 000
2. Við 4. gr. 1 02 518 Fiskvinnsluskólinn 0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður.
   Fyrir „3 500“ kemur ..... 12 000
3. Við 4. gr. 1 02 571 Sjómannaskólahúsið 0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður.
   Fyrir „3 000“ kemur ..... 43 000
4. Við brtt. 143, 15. — Við 4. gr. 1 02 762 Framlög til byggingar grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra.
   Fyrir „1 018 864“ kemur ..... 1 031 764
   Sundurliðun breytist þannig:
   a. 143. Grindavík.
      Fyrir „3 000“ kemur ..... 8 900
   b. 161. Kópavogur, Digranesskóli.
      Fyrir „4 000“ kemur ..... 10 000
5. Við 4. gr. 1 02 976 Menningarsjóður.
   Fyrir „10 720“ kemur ..... 15 000

Þús. kr.

6. Við 4. gr. 1 02 981 Almenningsbókasöfn.
   a. Við 02 Til bæjar- og héraðsbókasafna.
      Fyrir „6 000“ kemur ..... 12 000
   b. Við 03 Til sveitarbókasafna og lestrarfélaga.
      Fyrir „1 500“ kemur ..... 3 000
7. Við 4. gr. 1 02 982 Listir, framlög.
   a. Við 17 Heiðurslaun listamanna.
      Fyrir „4 000“ kemur ..... 6 000
   b. Við 18 Starfslaun listamanna.
      Fyrir „3 300“ kemur ..... 5 000
   c. Við 19 Listamannalaun.
      Fyrir „13 000“ kemur ..... 18 000
8. Við 4. gr. 1 02 983 Ýmis vísindaleg starfsemi 03 Vísinda- og fræðimenn.
   Fyrir „800“ kemur ..... 1 600

## Ed. 155. Frumvarp til laga [118. mál]

um breyting á lögum nr. 22 1973, um breyting á lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna nr. 64 1965.

(Lagt fyrir Alþingi á 96. löggjafarþingi, 1974.)

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins starfrækir og kostar rannsóknastofur utan Reykjavíkur samkvæmt ákvörðun ráðherra og að fengnum tillögum aðila fiskiðnaðarins. Leita skal samstarfs við fiskiðnað, aðra matvælaframleiðendur og sveitarfélög á viðkomandi svæði. Sömuleiðis skal athugað að nýta aðstöðu og samstarf við menntastofnanir á staðnum. — Rannsóknastofur þessar skulu veita fiskiðnaði og öðrum matvælaiðnaði á viðkomandi svæði þjónustu með rannsóknum, gæðaeftirliti og leiðbeiningum gegn greiðslu samkvæmt gjaldskrá Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 22 16. mars 1973 var gerð sú breyting á lögum nr. 64/1965 um rannsóknir í þágu atvinnuveganna að Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins var falið að starfrækja rannsóknastofur utan Reykjavíkur, samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra og að fengnum tillögum aðila fiskiðnaðarins. Leita skyldi samstarfs í því efni við fiskiðnað, aðra matvælaframleiðendur og sveitarfélög á viðkomandi stað og að þessir aðilar legðu fram helming stofnkostnaðar þessara útibúa.

Með frumvarpi þessu er lagt til að lögunum nr. 22 1973 verði breytt á þann veg að útibú þessi verði starfrækt og kostuð af ríkinu einu en niður falli það ákvæði að heimaaðilar greiði helming stofnkostnaðar þeirra.

Þó að starfræksla slíkra útibúa sé mikil framför og fagnaðarefni viðkomandi byggðarlaga þá hefur nokkurrar óánægju gætt með þá tilhögun að helming stofnkostnaðar skuli heimamönnum vera ætlað að bera.

Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins er rekin og kostuð af opinberu fé. Eins er þessu farið með aðrar rannsóknastofnanir í þágu atvinnuveganna og útibúa þeirra utan Reykjavíkur.

Hafrannsóknastofnunin er t. d. um þessar mundir að koma upp 3 útibúum úti á landsbyggðinni og kostar þau að öllu leyti. Rannsóknastofnun landbúnaðarins rekur sömuleiðis 6 tilraunastofnanir víðs vegar um land og eru þær reknar sem hluti aðalstofnunar og kostaðar af henni.

Fá rök virðast því liggja til þess að stofnkostnaður útibúa Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins einnar sé lagður að hálfu á viðkomandi byggðarlag.

Slík tilhögun á sér ekki hliðstæðu, hún er hvorki sanngjörn né eðlileg með tilliti til sameiginlegra hagsmuna allra landsmanna af öflugu rannsóknastarfi á sviði sjávarútvegs og mikilvægis þeirrar undirstöðuatvinnugreinar fyrir efnahag landsins.

## Nd. 156. Nefndarálit [111. mál]

um frv. til laga um Hitaveitu Suðurnesja.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur einróma til að það verði samþykkt. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja breytingartillögur eða fylgja þeim.

Fjarstaddir voru Ingvar Gíslason og Pétur Sigurðsson.

Alþingi, 16. des. 1974.

| | | |
|---|---|---|
| Ingólfur Jónsson, form. | Lárus Jónsson, fundaskr. | Magnús Kjartansson, frsm. |
| Benedikt Gröndal. | Þórarinn Þórarinsson. | |

## Nd. 157. Breytingartillaga [111. mál]

við frv. til laga um Hitaveitu Suðurnesja.

Frá Magnúsi Kjartanssyni.

14. gr. orðist svo:

Ríkið á allan rétt til umráða og hagnýtingar jarðhita í Svartsengi við Grindavík og uppleystra efna og gastegunda, sem háhitavatni og gufu fylgja. Ráðherra getur heimilað Hitaveitu Suðurnesja að taka eignarnámi lönd, mannvirki og önnur réttindi, sem nauðsynleg eru til framkvæmda samkvæmt lögum þessum. Um framkvæmd eignarnámsins fer eftir lögum nr. 11/1973.

## Nd. 158. Nefndarálit [36. mál]

um frv. til laga um virkjun Bessastaðaár í Fljótsdal.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin ræddi frumvarpið á þremur fundum. Á fund nefndarinnar komu fulltrúar frá Orkustofnun, Rafmagnsveitum ríkisins og Hönnun h/f. Komu skriflegar umsagnir frá þeim öllum. Einnig fékk nefndin umsögn frá Náttúruverndarráði.

Nefndin flytur breytingartillögu við 2. grein frv. á sérstöku þingskjali.
Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins, en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til þess að flytja breytingartillögur við frumvarpið og fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.
Fjarverandi voru Ingvar Gíslason og Pétur Sigurðsson.

Alþingi, 16. des. 1974.

| | | |
|---|---|---|
| Ingólfur Jónsson, form., frsm. | Lárus Jónsson, fundaskr. | Magnús Kjartansson, með fyrirvara. |
| Þórarinn Þórarinsson. | Benedikt Gröndal. | |

## Ed. 159. Nefndarálit [48. mál]

um frv. til l. um lántökur ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með því, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 16. des. 1974.

| | | |
|---|---|---|
| Halldór Ásgrímsson, form. | Jón Helgason, fundaskr. | Jón G. Sólnes, frsm. |
| Albert Guðmundsson. | Jón Árm. Héðinsson. | Ragnar Arnalds. |
| | Axel Jónsson. | |

## Ed. 160. Nefndarálit [49. mál]

um frv. til laga um eftirlit með ráðningu starfsmanna og húsnæðismálum ríkisstofnana.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með því, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 16. des. 1974.

| | | |
|---|---|---|
| Halldór Ásgrímsson, form., frsm. | Jón Helgason, fundaskr. | Jón G. Sólnes. |
| Albert Guðmundsson. | Jón Árm. Héðinsson. | Ragnar Arnalds. |
| | Axel Jónsson. | |

## Nd. 161. Breytingartillaga [36. mál]

við frumvarp til laga um virkjun Bessastaðaár í Fljótsdal.

Frá iðnaðarnefnd.

Við 2. gr. Aftan við greinina bætist ný mgr., svo hljóðandi:
Sem hluti af virkjuninni skulu gerðar ráðstafanir, er að höfðu samráði við Náttúruverndarráð og að dómi sérfræðinga teljast nauðsynlegar til að draga úr hugsanlegum áhrifum virkjunarinnar á lífríki umhverfisins svo sem frekast er kostur.

## Sþ. 162. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1975 og við brtt. á þskj. 143.

| | Þús. kr. |
|---|---|
| I. Frá *Lúðvík Jósepssyni.* | |
| 1. Við brtt. 143, 21. — Við 4. gr. 1 02 986 04 Til byggingar íþróttamannvirkja. | |
| Fyrir „53 932“ kemur | 54 082 |
| Við c-lið sundurliðunar bætast tveir nýir liðir: | |
| 32 Golfklúbbur Neskaupstaðar | 50 |
| 33 Til skíðamiðstöðvar í Oddsskarði | 100 |
| 2. Við brtt. 143, 34. — Við 4. gr. 1 05 202 Hafrannsóknastofnunin, Útibú á Höfn í Hornafirði. | |
| Fyrir „1 500“ kemur | 4 000 |
| 3. Við 4. gr. 1 05 202 Hafrannsóknastofnunin. Nýr liður: | |
| 17 Nýtt hafrannsóknaskip, undirbúningur og fyrsta framlag | 50 000 |
| 4. Við brtt. 143, 35. — Við 4. gr. 1 05 203 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins 05 Útibú. | |
| Fyrir „4 118“ kemur | 8 118 |
| II. Frá *Stefáni Jónssyni, Jóni Árm. Héðinssyni* og *Karvel Pálmasyni.* | |
| Við brtt. 143, 64. — Við 4. gr. 1 10 333 03 Hafnarmannvirki og lendingarbætur. | |
| Fyrir „584 610“ kemur | 596 010 |
| Í sundurliðun breytist 25. liður, Húsavík. | |
| Fyrir „12 600“ kemur | 24 000 |
| III. Frá *Helga F. Seljan.* | |
| Við 4. gr. 1 11 203 Rannsóknastofnun byggingaiðnaðarins. Nýr liður: | |
| Til steinefnaleitar á Austurlandi | 1 000 |

## Ed. 163. Nefndarálit [72. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 84/1970, um Háskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur kynnt sér frv. og fengið háskólarektor á sinn fund til viðræðna um það. Nefndin hefur einnig fengið umsögn hagsýslustjóra um frv.

Nefndin mælir með samþykkt frv.

Fjarverandi var Steingrímur Hermannsson. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum, ef fram kunna að koma.

Alþingi, 16. des. 1974.

Axel Jónsson, form., frsm. Steinþór Gestsson, fundaskr. Þorv. Garðar Kristjánsson.

Jón Árm. Héðinsson. Ragnar Arnalds. Ingi Tryggvason.

## Nd. 164. Nefndarálit [22. mál]

um frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við bætist í stafrófsröð:
Touvina, Sofia, húsmóðir í Reykjavík f. í Sovétríkjunum 16. nóv. 1897.

Alþingi, 13. des. 1974.

| | | |
|---|---|---|
| Ellert B. Schram, form., frsm. | Gunnlaugur Finnsson, fundaskr. | Ingólfur Jónsson. |
| Páll Pétursson. | Sighvatur Björgvinsson. | Friðjón Þórðarson. |
| | Kjartan Ólafsson. | |

## Sþ. 165. Tillaga til þingsályktunar [119. mál]

um lagningu byggðalínu fyrir árslok 1975.

Flm.: Ingi Tryggvason, Páll Pétursson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að vinna að því eftir fremsta megni að lokið verði lagningu byggðalínunnar svokölluðu frá samveitukerfi Landsvirkjunar norður í Varmahlíð í Skagafirði fyrir árslok 1975.

Jafnframt felur Alþingi ríkisstjórninni að afla nauðsynlegs fjármagns til að framkvæma verk þetta.

Greinargerð.

Á Norðurlandi öllu er nú tilfinnanlegur skortur á raforku. Vatnsaflsstöðvar á Norðurlandi utan Skeiðfossvirkjunar framleiða við venjulegar kringumstæður samtals 21—22 megavött og gufuaflsstöð í Bjarnarflagi framleiðir um 3 megavött. Við núverandi aðstæður er rafmagnsþörfin 30—35 megavött og er því mikil raforka framleidd með dísilvélum. Beri nokkuð út af með orkuframleiðslu vatnsaflsstöðvanna, þarf að skammta rafmagn, og hreint neyðarástand gæti skapast, ef orkuframleiðsla við Laxá truflaðist um langan tíma. Nú er í byggingu ný 7 megavatta dísilstöð á Akureyri, sem þó er ekki gert ráð fyrir að komi til gagns fyrr en þessi vetur er liðinn.

Viðunandi úrlausn á orkuvanda norðlendinga hefur dregist úr hömlu. Í undirbúningi er virkjun gufuafls í Kröflu, en augljóst er, að allangt líður þangað til rafmagn frá þeirri virkjun kemur til nytja. Hugsanlegt væri að kaupa litla gufuaflsstöð og setja hana niður á Kröflusvæðinu til bráðabirgða. Er nauðsynlegt að það mál verði athugað af gaumgæfni og tekin ákvörðun sem fyrst, ef athugun leiðir til jákvæðrar niðurstöðu. Undirbúningur að byggingu vatnsaflsstöðva á Norðurlandi mun ekki svo langt á veg kominn, að bygging vatnsaflsstöðvar leysti vandann fyrr en væntanleg Kröfluvirkjun.

Skjótasta lausnin á bráðum vanda norðlendinga í orkumálum mun vera bygging svokallaðrar byggðalínu norður að Varmahlíð í Skagafirði. Undirbúningur að því verki er þegar hafinn og allmikið hefur verið keypt af efni til línunnar. Ætti því lagning línunnar að geta hafist strax eftir áramót, ef stjórnvöld leggja þar áherslu á.

Líta verður á sjúkradagpeninga og elli- og örorkulífeyri sem laun til þeirra, er vegna aldurs og/eða sjúkdóma geta ekki aflað sér þeirra á hinum almenna launamarkaði. Laun þessi eru langt undir venjulegum vinnutekjum og ósanngjarnt að þau séu skert enn frekar komi til tímabundinnar vistunar á sjúkrahúsi. Sýnist slíkt ekki í anda þess tilgangs, er liggur að baki lögum um almannatryggingar. Á það ber einnig að líta, að sjúkratryggingar greiða að fulla tímabundna sjúkrahúsdvöl allra landsmanna og hafa aðrir en nefndir einstaklingar ýmist ráðningu, er tryggir þeim óskert eða lítt skert laun, þótt til tímabundinnar sjúkrahúsvistar komi, eða þá að aðrir hafa möguleika á tryggingum, er bæti þeim launamissi í tímabundnum veikindum.

## Ed. 185. Nefndarálit [111. mál]

um frv. til laga um Hitaveitu Suðurnesja.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur einróma til að það verði samþykkt. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja breytingartillögur eða fylgja þeim.
Fjarstaddur var Eggert G. Þorsteinsson.

Alþingi, 17. des. 1974.

| | | |
|---|---|---|
| Steingr. Hermannsson, form., frsm. | Ingi Tryggvason, fundaskr. | Albert Guðmundsson. |
| Stefán Jónsson. | Jón G. Sólnes. | Þorv. Garðar Kristjánsson. |

## Ed. 186. Nefndarálit [117. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán fyrir Rafveitu Ísafjarðar.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til að það verði samþykkt.
Fjarverandi afgreiðslu málsins var Jón Árm. Héðinsson.

Alþingi, 17. des. 1974.

| | | |
|---|---|---|
| Halldór Ásgrímsson, form., frsm. | Jón Helgason, fundaskr. | Albert Guðmundsson. |
| Ragnar Arnalds. | Jón G. Sólnes. | Axel Jónsson. |

## Ed. 187. Frumvarp til laga [126. mál]

um kvikmyndasjóð.

Flm.: Ragnar Arnalds, Axel Jónsson, Jón Árm. Héðinsson, Steingrímur Hermannsson.

**1. gr.**

1. gr. laga nr. 50 5. júlí 1957, um menningarsjóð og menntamálaráð, orðist svo:
Hlutverk menningarsjóðs og kvikmyndasjóðs er að styðja íslenska menningu með því að efla listir og vísindi.

**2. gr.**

2. gr. sömu laga orðist svo:
Menntamálaráð hefur á hendi yfirstjórn menningarsjóðs og kvikmyndasjóðs. Menntamálaráð gerir árlega áætlanir um tekjur og gjöld sjóðanna, og skulu þær bornar undir menntamálaráðherra til samþykktar. Tekjur sjóðanna og þeirra stofnana, sem reknar verða á vegum þeirra, má eingöngu verja í þágu sjóðanna.

3. gr.

A-liður 3. gr. sömu laga orðast svo:

Gjald af aðgöngumiðum að dansleikjum samkvæmt lögum um skemmtanaskatt.

4. gr.

D-liður 4. gr. sömu laga fellur niður.

5. gr.

Á eftir 5. gr. sömu laga komi ný grein svo hljóðandi:

Hlutverk kvikmyndasjóðs er:

a) Að styrkja og efla íslenska kvikmyndagerð með beinum fjárstyrkjum, lánum, ábyrgðum og verðlaunum.
b) Að koma á fót kvikmyndasögusafni, sem heimilt skal að sýna kvikmyndir sínar á sýningum, sem undanþegnar eru öllum opinberum gjöldum.
c) Að stuðla á annan hátt að bættri kvikmyndamenningu, m. a. með því að verðlauna kvikmyndahús, sem fram úr skara við val á góðum kvikmyndum og barnamyndum til sýninga.

Lán og ábyrgðir, sem veitt eru höfundum eða framleiðendum íslenskra kvikmynda, mega nema allt að 80% af kostnaði við gerð myndarinnar.

6. gr.

Á eftir nýrri grein í sömu lögum, sbr. 5. gr., komi önnur ný grein, svo hljóðandi:

Tekjur kvikmyndasjóðs eru þessar:

a) Stofnframlag úr ríkissjóði og árlegt framlag samkvæmt ákvæðum fjárlaga hverju sinni.
b) Gjald af aðgöngumiðum að kvikmyndasýningum samkvæmt lögum um skemmtanaskatt.
c) Vextir af innistæðufé sjóðsins og verðbréfum.

7. gr.

A-liður 7. gr. sömu laga orðist svo:

Að hafa með höndum yfirstjórn menningarsjóðs og kvikmyndasjóðs og ákvarða um árlega heildarskiptingu á tekjum sjóðanna. A. m. k. fimmta hluta af tekjum kvikmyndasjóðs skal varið til að koma upp kvikmyndasögusafni.

Úthlutun lána og styrkja eða veiting ábyrgða og verðlauna úr kvikmyndasjóði, sbr. 6. gr., fer fram á sérstökum fundum ráðsins, og skulu þá tilkvaddir fulltrúar frá samtökum kvikmyndahúsaeigenda, samtökum kvikmyndagerðarmanna, Bandalagi íslenskra listamanna og samtökum kvikmyndaklúbba með fullum atkvæðis- og tillögurétti.

E-liður sömu greinar fellur niður.

Á eftir 1. mgr. komi ný mgr., svo hljóðandi:

Nánari ákvæði um starfsemi kvikmyndasjóðs og kvikmyndasögusafnsins skulu sett með reglugerð, þ. á m. um sérstaka stjórn safnsins.

8. gr.

1. málsgr. 8. gr. sömu laga orðist svo:

Menntamálaráðherra skipar forstjóra menningarsjóðs að fengnum tillögum menntamálaráðs. Skal honum falið að annast daglega stjórn og fjárreiður sjóðsins, svo og kvikmyndasjóðs, og sjá um framkvæmdir á ákvörðunum menntamálaráðs.

**9. gr.**

Fyrirsögn I. kafla sömu laga verði: Um menningarsjóð og kvikmyndasjóð.

Þegar lögunum hefur verið svo breytt, skulu breytingarnar, ásamt ákvæðum laga nr. 35/1971, felldar inn í meginmál laganna og þau gefin út undir fyrirsögninni: Lög um menningarsjóðs, kvikmyndasjóð og menntamálaráð.

**10. gr.**

2. flokkur 2. gr. laga um skemmtanaskatt, nr. 58 12. maí 1970, orðist svo:

Kvikmynda- og skuggamyndasýningar.

Af skemmtunum, sem til þessa flokks teljast, greiðist 10% skattur af brúttóverði seldra aðgöngumiða.

**11. gr.**

5. flokkur 2. gr. sömu laga orðist svo:

Nú eru vínveitingar um hönd hafðar í veitinga- eða samkomuhúsi, án þess að skemmtanaskattur sé greiddur samkvæmt ákvæðum 1. eða 3. flokks, og skal þá greiða 24 kr. í skemmtanaskatt og 6 kr. í menningarsjóð fyrir hvern mann, er aðgang fær að húsinu að kvöldi á þeim tíma, er ákveðinn verður í reglugerð. Upphæðum þessum skal breytt í byrjun hvers árs í samræmi við breytingar, sem gerðar eru á verði íslensks brennivíns hjá útsölu Áfengisverslunar ríkisins.

**12. gr.**

8. gr. sömu laga orðist svo:

Leggja skal sérstakt gjald á alla selda aðgöngumiða samkvæmt 2. flokki 2. gr. og að danslekjum samkvæmt a-lið 3. flokks sömu greinar. Nemur gjald þetta 10% af brúttóverði seldra aðgöngumiða að kvikmyndahúsum, og rennur það í kvikmyndasjóð, og 3% af brúttóverði seldra aðgöngumiða að dansleikjum, og rennur það í menningarsjóð.

Um innheimtu gjaldsins gilda sömu reglur og um innheimtu annars skemmtanaskatts samkvæmt lögum þessum.

## Greinargerð.

Kvikmyndagerðarlist hefur verið meira vanrækt á Íslandi en nokkur önnur listgrein. Ástæðurnar eru í fyrsta lagi hinn mikli kostnaður, sem óhjákvæmilega fylgir gerð kvikmynda, en svo að dæmi séu nefnd er lágmarkskostnaður við gerð 100 mínútna leikinnar myndar nú talinn vera um 7 millj. kr. og einfaldasta heimildarkvikmynd, sem aðeins tekur 20 mínútur að sýna, kostar nú 1.5—2 millj. kr. Í öðru lagi er óneitanlega um að ræða útbreytt skilningsleysi á vandamálum íslenskrar kvikmyndagerðar. Á síðari árum hefur þó vaknað talsverður áhugi á því, að stofnaður yrði sérstakur sjóður, er veitti lán og styrki til kvikmyndagerðar, og á árinu 1972 safnaði menntamálaráðuneytið upplýsingum með milligöngu sendiráða Íslands í Vestur-Evrópu um opinbera fyrirgreiðslu við innlenda kvikmyndagerð í Evrópulöndum. Eftirfarandi upplýsingar eru byggðar á gögnum, sem menntamálaráðuneytið hefur látið flutningsmönnum frumvarpsins í té:

Í **Danmörku** hafa lengi verið í gildi lög um kvikmyndir og kvikmyndahús með ákvæðum um Dönsku kvikmyndastofnunina. Stofnunin rekur kvikmyndaskóla, leikmunasafn og lánar út kvikmyndir, en hefur jafnframt með höndum veitingu lána og ábyrgða til framleiðenda innlendra kvikmynda. Tekjur stofnunarinnar hafa verið 10% gjald, sem innheimt hefur verið með aðgangseyri að kvikmyndahúsum. Gjaldið er nú 7%, verður 4% á næsta ári og fellur alveg niður 1975.

Í **Noregi** hafa styrkir til kvikmyndagerðar verið greiddir úr ríkissjóði og numið 35% af brúttótekjum miðað við selda aðgöngumiða„ en fyrir 3 árum var stofnaður sérstakur kvikmyndasjóður.

Í **Svíþjóð** hefur Sænska kvikmyndastofnunin með höndum starfsemi til styrktar kvikmyndagerð og fær til þess gjald af kvikmyndasýningum. Stofnunin velti 15 milljónum sænskra króna rekstrarárið 1969—1970.

Í **Finnlandi** er 4% gjald innheimt við sölu aðgöngumiða að kvikmyndasýningum, og er 80% af gjaldinu varið til styrktar innlendri kvikmyndagerð.

Í flestum öðrum Evrópulöndum hafa verið sett lög um opinberan stuðning við kvikmyndagerð og þá víða með stofnun sérstaks sjóðs í þessu skyni.

Í frumvarpi þessu er ráð fyrir því gert, að stofnaður verði kvikmyndasjóður með 10 millj. kr. stofnframlagi úr ríkissjóði, en að öðru leyti fái sjóðurinn tekjur með 10% gjaldi, sem innheimt verði með aðgangseyri að kvikmyndahúsum. Sjóðurinn verði undir yfirstjórn menntamálaráðs og í umsjá og vörslu skrifstofu menningarsjóðs.

Skemmtanaskattur af kvikmyndasýningum er nú 15% og nemur ca. 20 millj. kr. Af þeirri upphæð renna 10% til Sinfóníuhljómsveitar Íslands og 90% í félagsheimilasjóð. Við þetta bætist 1.5% miðagjald, sem runnið hefur í menningarsjóð, og er því skemmtanaskatturinn í heild 16.5%.

Með þeirri breytingu, sem felst í frumvarpinu, greiða kvikmyndahúsagestir 3.5% hærra gjald en áður var, Sinfóníuhljómsveit og félagsheimilasjóður missa 5% skemmtanaskatt og menningarsjóður missir 1.5%, en samanlagt er þetta 10% af aðgöngumiðaverði kvikmyndahúsa og rennur, eins og áður segir, í kvikmyndasjóð. Til þess að bæta Sinfóníuhljómsveitinni, félagsheimilasjóði og menningarsjóði þennan tekjumissi, er gert ráð fyrir því í frumvarpinu, að svonefnt rúllugjald, sem greitt hefur verið fyrir aðgang að vínveitingahúsum, verði hækkað úr 10 kr. í 30 kr.

Ýmsir eru vaflaust andvígir því, að verð aðgöngumiða að kvikmyndahúsum hækki vegna tilkomu kvikmyndasjóðs, og halda því fram með miklum rétti, að skattlagning aðgöngumiða sé þegar orðin í mesta lagi. Áður en 16.5% skemmtanaskattur er lagður á verð aðgöngumiða, er búið að leggja 17% söluskatt á aðgangseyrinn, og þar að auki er a. m. k. í Reykjavík lagður 5% skattur á verð aðgöngumiða skv. l. nr. 78 4. febr. 1952 um gjald af kvikmyndasýningum, og rennur hann í borgarsjóð. Ef óaðgengilegt þykir, að skattlagning aðgöngumiða verði nú enn aukin um 3.5%, virðist liggja beinast við að lækka eða afnema með öllu skattinn skv. l. nr. 28. 4. febr. 1952, en þessi skattur er ætlaður sveitarstjórnum og virðist lítinn rétt eiga á sér, enda mun hann óvíða hafa verið innheimtur utan Reykjavíkur. Í frumvarpinu er þó ekki gerð tillaga um afnám þessa skatts að svo stöddu, en rétt er að skoða nánar þessa leið við meðferð málsins á Alþingi.

Í 5. og 7. gr. frumvarpsins eru ákvæði um stofnun kvikmyndasögusafns. Mikil nauðsyn er á því, að þess háttar stofnun sé komið upp, sem safni eintökum kvikmynda, er hafa kvikmyndasögulegt gildi eða sérstakt gildi fyrir sögu Íslands. Starfsemi þessa safns verður að sjálfsögðu allt annars eðlis en starf Fræðslumyndasafnsins, sem hefur svipað verksvið og skólabókasöfn, en kvikmyndasögusafn hefur aftur á móti hliðstæðu hlutverki að gegna og þjóðskjalasafn eða bókmenntadeild landsbókasafns. Stjórn þessa safns þarf því að vera skipuð sérmenntuðum mönnum um kvikmyndalist, og er því skv. 7. gr. gert ráð fyrir, að nánari ákvæði um starfsemi og aðsetur safnsins verði sett með reglugerð.

Þess má að lokum geta, að við meðferð frv. til l. um skemmtanaskatt á þinginu 1969—1970 komu málefni íslenskrar kvikmyndagerðar mjög til umræðu, og var því þá sérstaklega lýst yfir í nefndaráliti menntamálanefndar neðri deildar, að nauðsyn bæri til, að lög yrðu sett til stuðnings íslenskri kvikmyndagerð. Af því hefur þó ekki orðið, og er ekki seinna vænna, að Alþingi taki nú loks af skarið um stuðning við þessa vanræktu listgrein.

## Nd. 188. Frumvarp til laga [36. mál]

um virkjun Bessastaðaár í Fljótsdal.

(Eftir 2. umr. í Nd., 17. des.)

Samhljóða þskj. 39 með þessari breytingu:

2. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að taka fyrir hönd ríkissjóðs eða ábyrgjast lán, er virkjunaraðilinn tekur, allt að 2000 millj. kr. eða jafngildi þeirrar upphæðar í erlendri mynt, til greiðslu stofnkostnaðar þeirra mannvirkja, er um getur í 1. gr.

Sem hluti af virkjuninni skulu gerðar ráðstafanir, er að höfðu samráði við Náttúruverndarráð og að dómi sérfræðinga teljast nauðsynlegar til að draga úr hugsanlegum áhrifum virkjunarinnar á lífríki umhverfisins svo sem frekast er kostur.

## Nd. 189. Nefndarálit [4. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir í sjávarútvegi og um ráðstöfun gengishagnaðar.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur rætt frv. á nokkrum fundum sínum. Enn fremur hafa verið haldnir sameiginlegir fundir sjávarútvegsnefnda beggja deilda um málið.

Meiri hluti nefndarinnar hefur náð samkomulagi um breytingartillögur við frv., sem fluttar eru á sérstöku þingskjali, en mælir að öðru leyti með samþykkt frv.

Við meðferð málsins hefur náðst samkomulag við sjávarútvegsráðuneytið um meðferð ýmissa þátta og mun þess sérstaklega getið í framsögu.

Undirrituðum nefndarmönnum er ljós knýjandi nauðsyn þess, að mál þetta nái hið fyrsta fram að ganga, svo að hefja megi greiðslur gengishagnaðarins til útvegsins. Þess vegna mæla þeir eindregið með, að frv. nái lagagildi svo fljótt sem kostur er. Undirritaðir áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma.

Alþingi, 18. des. 1974.

Pétur Sigurðsson, form. Sverrir Hermannsson, fundaskr., frsm. Tómas Árnason.
Ragnheiður Sveinbjörnsdóttir. Guðlaugur Gíslason.

## Nd. 190. Breytingartillögur [4. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir í sjávarútvegi og um ráðstöfun gengishagnaðar.

Frá Pétri Sigurðssyni, Sverri Hermannssyni, Ragnheiði Sveinbjörnsdóttur, Tómasi Árnasyni og Guðlaugi Gíslasyni.

1. Við 4. gr. a-liður orðist svo:
   4% af fob-verði útfluttra sjávarafurða, annarra en saltfisks, skreiðar, lagmetis og þeirra afurða, sem koma frá hvalveiðum, selveiðum og hrognkelsaveiðum.

2. Á eftir 3. tölul. 5. gr. komi nýr liður, er hljóði svo:
   Í stað „kr. 500.00“ í niðurlagi 6. tl. 1. mgr. 2. gr. l. nr. 19/1973 komi: 1 300.00.
3. 9. gr. um ráðstöfun gengishagnaðarsjóðs frá og með a-lið orðist eins og hér greinir:
   a. Til þess að greiða hluta gengistaps vegna erlendra skulda eigenda fiskiskipa 600 millj. kr. Sjávarútvegsráðuneytinu er heimilt að ráðstafa allt að 400 millj. kr. af þessari fjárhæð til lánveitinga í sjávarútvegi til 2—3 ára til að bæta lausafjárstöðu fyrirtækja.
   b. Óafturkræft framlag til bátaflotans vegna rekstrarerfiðleiga á árinu 1974 til 15. september 250 millj. kr.
   c. Óafturkræft framlag til skuttogara til að bæta rekstrarafkomu þeirra 230 millj. kr.
   d. Til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins til greiðslu verðbóta vegna fiskmjöls annars en loðnumjöls, sem framleitt var á tímabilinu 1. janúar til 31. ágúst 1974, enda komi allt fiskmjöl til verðjöfnunar í deild fyrir afurðir síldar- og fiskimjölsverksmiðja 50 millj. kr.
   e. Til að verðbæta lífeyrisgreiðslur aldraðra, sem fá greiddan lífeyri úr lífeyrissjóði sjómanna 15 millj. kr.
   f. Til orlofshúsa sjómannasamtakanna 11 millj. kr.
   g. Eftirstöðvar til ráðstöfunar samkvæmt nánari ákvörðun sjávarútvegsráðuneytisins.

   Sjávarútvegsráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessarar greinar og greiðslutíma framlaga.
4. Á eftir ákvæði til bráðabirgða, sem verði merkt I., komi ákvæði til bráðabirgða II, er hljóði svo:
   Heimilt er að endurgreiða útflutningsgjald samkvæmt l. nr. 19/1973 af saltsíld og saltsíldarflökum, sem framleidd eru á árinu 1974.

## Nd. 191. Nefndarálit [33. mál]

við frv. til l. um samræmda vinnslu sjávarafla og veiða, sem háðar eru sérstökum leyfum.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Þau rök hafa m. a. verið færð fram fyrir þessu frv., að nauðsynlegt sé, að unnt verði að koma við nauðsynlegri verndun á stofnum rækju og skelfisks til þess að komið verði í veg fyrir ofveiði. Sjávarútvegsráðuneytið hefur nú þegar slíkar heimildir skv. lögum, því að veiðar á þessum afurðum eru háðar sérstökum leyfum ráðuneytisins og eru nú þegar í gildi ákveðnar reglur til takmörkunar bæði á afla og sókn. Þurfi frekari takmörkunar við hefur sjávarútvegsráðuneytið nú þegar lögum samkvæmt alla möguleika til þess að koma slíkum takmörkunum við og eykur frv. þetta á engan hátt möguleikana til þess að sporna við hugsanlegri ofveiði á rækju og skelfiski.

Tilgangur frv. er fyrst og fremst sá að samræma veiðiheimildirnar og vinnslu afurðanna í landi. Hér er ekki um verndunarsjónarmið að ræða hvað varðar veiðar á rækju og skelfiski, heldur skipulagningu á vinnslu aflans með það fyrir augum að fjárfestingin í rækju- og skelfiskvinnslustöðvum verði sem hagkvæmust, bæði hvað arðsemissjónarmið varðar og út frá sjónarmiði þeirra byggðarlaga, þar sem vinnsla á rækju- og skelfiski er mikilvægur þáttur í atvinnulífi.

Minni hl. sjútvn. Nd. telur eðlilegt, að skipulega verði unnið að fjárfestingu í rækju- og skelfiskvinnslustöðvum með almennum reglum, er þó tryggi jafnræði hagsmunaaðila innbyrðis. Minni hl. n. telur hins vegar, að frv., eins og það er, tryggi ekki

eðlilega framkvæmd slíkrar skipulagningar, og bendir m. a. á í því sambandi, að mjög varasamt er, að sjávarútvegsráðuneytið fái heimild eins og þá, sem um getur í 1. gr. frv., að geta ákveðið hvernig afla skuli skipt milli vinnslustöðva. Þá heimild gæti sjávarútvegsráðuneytið hugsanlega túlkað á þann veg, að það hefði rétt til þess að segja fyrir um, til hvaða vinnslustöðvar innan hvers vinnslusvæðis þessi eða hinn báturinn ætti að selja afla sinn, en minni hl. nefndarinnar telur með öllu fráleitt að sjávarútvegsráðuneytið fái slíka heimild skv. 1. gr. frv.

Þá telur minni hl. nefndarinnar það einnig vera óeðlilegt og óæskilegt, sem fram kemur í 2. gr. frv., að sjávarútvegsráðuneytið geti upp á eindæmi synjað eða heimilað byggingu nýrra vinnslustöðva eða aukningu á afkastagetu þeirra, sem fyrir eru, án þess að byggja í því efni á umsögnum aðila, svo sem opinberra fjárfestingarlánasjóða, sem meta eiga hagkvæmni og arðsemi slíkra framkvæmda, Hafrannsóknastofnunarinnar, sem fylgjast á með veiðum á svæðunum, svo og hagsmunaaðila í sjávarútvegi, svo sem Fiskifélags Íslands og LÍÚ. Vísar minni hl. n. sérstaklega til umsagna þriggja þessara aðila, sem ýmist hafa óskað eftir því, að sá háttur verði upp tekinn, eða lagt til, að frumvarpið í núverandi mynd þess sé fellt. Enginn umsagnaraðila hefur mælt með samþykkt frv. eins og það er, og segir það sína sögu um afstöðu þeirra, sem þar eiga hagsmuna að gæta. Minni hl. n. telur enda, að frv. þetta muni alls ekki ná tilgangi sínum verði það samþykkt óbreytt, þar eð afkoma vinnslustöðva fyrir rækju og skelfisk byggist á nákvæmlega sömu forsendum og afkoma annarra vinnslustöðva í sjávarútvegi — þ. e. a. s. á aflabrögðum, hagkvæmni í rekstri hvers fyrirtækis og markaðsástandi erlendis.

Í samræmi við framangreint álít minni hl. sjútvn. Nd. flytur hann breytingartillögur við frv. á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 18. des. 1974.

Sighvatur Björgvinsson.

## Nd. 192. Breytingartillögur [33. mál]

við frv. til l. um samræmda vinnslu sjávarafla og veiða, sem háðar eru sérstökum leyfum.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

1. gr. orðist svo:

Sjávarútvegsráðuneytið getur samkvæmt lögum þessum sett almennar og svæðisbundnar reglur, er stuðli að samræmingu milli veiðiheimilda samkvæmt sérstökum leyfum ráðuneytisins til rækju- og skelfiskveiða og vinnslugetu þessara greina fiskiðnaðarins.

2. gr. orðist svo:

Í þeim greinum veiða, sem háðar eru sérstökum leyfum samkvæmt 1. gr., skal leita leyfis sjávarútvegsráðuneytisins til þess að koma á fót vinnslustöðvum eða til aukningar á afkastagetu þeirra, sem fyrir eru. Við slíkar leyfisveitingar skal ráðuneytið styðjast við umsagnir Hafrannsóknastofnunarinnar, Framkvæmdastofnunar ríkisins, Fiskveiðasjóðs, Fiskifélags Íslands og Landssambands íslenskra útvegsmanna.

Opinberum fjárfestingarlánasjóðum skal tilkynnt um afgreiðslu ráðuneytisins á umsóknum um leyfisveitingar skv. þessari grein.

**Nd.** **193. Nefndarálit** [4. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir í sjávarútvegi og um ráðstöfun gengishagnaðar.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Frumvarp það, sem hér er lagt fram, er tvíþætt: annars vegar um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna afkomuerfiðleika, sem m. a. hafa skapast vegna gengisfellingar hægri stjórnarinnar, og um ráðstöfun gengishagnaðar.

Um fyrri atriðið — ráðstafanir í sjávarútvegi — er það að segja, að þær miðast einvörðungu við tilfærslur fjármagns innan atvinnugreinarinnar sjálfrar og þá fyrst og fremst frá launþegunum og yfir til atvinnurekendanna. Þannig er gert ráð fyrir því í 2. og 3. gr. frumvarpsins að hækka þann hlut, sem tekinn er af óskiptu, mjög verulega og ráðstafa honum til Stofnfjársjóðs fiskiskipa, þ. e. a. s. í þágu atvinnurekenda í útvegi. Með þessu er verið að rýra kjör sjómannastéttarinnar mjög verulega og skerða sjálfan grundvöll frjálsra kjarasamninga þeirra. Sjómannasamtökin hafa hraðlega mótmælt þessu gerræði hægri stjórnarinnar og talið það fullnægjandi ástæðu til þess að segja upp gildandi kjarasamningum.

Minni hl. sjútvn. Nd. lýsir sig samþykkan afstöðu sjómanna til þessara ráðstafana og leggur til að frumvarpsgreinarnar verði felldar.

Í 1. gr. frv. gerist það í fyrsta skipti, að ráðin eru tekin af Verðlagsráði sjávarútvegsins með því að heimila ekki nema óverulega fiskverðshækkun á sama tíma og reynt var að ná samkomulagi um fiskverðið í Verðlagsráðinu og áður en séð yrði hvort það myndi geta tekist. Þegar þetta gerðist hafði engin hækkun fengist fram á fiskverðinu frá áramótum 1973—74 og sjómenn því ekki fengið launahækkanir á tímabilinu til samræmis við aðra launþega. Þeim mun tilfinnanlegri hafði þessi seinkun á launabótum til sjómannastéttarinnar orðið þar sem afli hafði farið rýrnandi. Auk þess sem hér var um að ræða ráðstöfun, sem kom í veg fyrir það, að sjómenn gætu fengið launahækkanir til jafns við aðrar stéttir, er hér um hættulegt fordæmi að ræða, þ. e. a. s. það fordæmi að ríkisstjórn grípur með bráðabirgðalögum inn í atriði frjálsrar samningagerðar launastéttar á meðan sú samningagerð stendur yfir og ekkert bendir til annars en að hún hefði getað tekist án afskipta ríkisvaldsins.

Með 4. gr. frv. er kostnaði vegna verðhækkunar á olíu velt yfir á sjómenn að miklu leyti, vegna þess að þessar tilfærslur fjármuna innan atvinnugreinarinnar koma í veg fyrir hækkun fiskverðs, sem ella hefði getað orðið. Með þessari grein er sjávarútveginum í raun sjálfum gert að standa undir olíuverðshækkuninni og stór hluti þeirra byrða lagður á launþegana í atvinnugreininni — sjómennina.

Um 5., 6., 7. og 8. gr. frv. er ekki ágreiningur í sjútvn. Þó vill minni hl. nefndarinnar benda á nauðsyn þess, að vátryggingamál fiskiskipa verði tekin til gagngerðrar endurskoðunar.

Um síðari þátt frv. — ráðstöfun gengishagnaðar — er fjallað í 9. gr. frv.

Minni hl. nefndarinnar telur í hæsta máta óeðlilegt, að ráðherra verði falið að ráðstafa stórkostlegum upphæðum í lán og styrki að eigin geðþótta. Því leggjum við til á sérstöku þingskjali að fastákveðnar reglur verði markaðar í lögum um þessi efni og framkvæmdin falin þeim aðilum, sem eðlilegast er að um hana sjái. Einnig telur minni hlutinn eðlilegt og sjálfsagt að við úthlutun gengishagnaðar sé miðað við bæði vetrar- og sumarúthald og engar takmarkanir séu settar um stærð þeirra fiskibáta, sem fyrirgreiðslunnar geti notið.

Minni hl. sjávarútvegsnefndar bendir á, að sjómenn eigi tilkall til gengishagnaðarins ekkert síður en útvegsmenn og fiskverkendur. Ekkert tillit er tekið til þessa í frv., enda þar hvergi finnanleg ákvæði um að hluta gengishagnaðarins sé ráðstafað í þágu sjómannanna.

Meiri hl. nefndarinnar mun leggja fram tillögu um þetta efni. Þær tillögur eru hins vegar algerar sýndartillögur, því að aðeins er þar gert ráð fyrir að verja mjög óverulegum hluta gengishagnaðarins í þágu sjómannastéttarinnar. Minni hl. gerir það að tillögu sinni á sérstöku þingskjali, að upphæðirnar í þessum tillögum meiri hl. verði hækkaðar verulega, og bendir á, að þar er aðeins um sanngjarna og í fyllsta máta eðlilega lausn að ræða.

Meiri hl. n. mun leggja til, að 50 millj. kr. af gengishagnaðinum verði ráðstafað til verðbóta á fiskmjöli, öðru en loðnumjöli. Minni hl. n. sér engin rök mæla með þeirri afgreiðslu.

Alþingi, 18. des. 1974.

Garðar Sigurðsson, frsm. Sighvatur Björgvinsson.

## Nd. 194. Breytingartillögur [4. mál]

við frv. til laga um ráðstafanir í sjávarútvegi og um ráðstöfun gengishagnaðar.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar (GS, SighB).

1. 1. gr. falli niður.
2. 2. gr. falli niður.
3. 3. gr. falli niður.
4. 4. gr. falli niður.
5. Stafliðir 9. gr. orðist svo:
   a) Til þess að greiða hluta gengistaps vegna erlendra skulda eigenda fiskiskipa 600 millj. kr.
      Fiskveiðasjóði er heimilt að ráðstafa 300 millj. kr. af þessari fjárhæð, samkvæmt reglugerð er hann setur og ráðherra staðfestir, til lánveitinga í sjávarútvegi til 2—3 ára til að bæta lausafjárstöðu fyrirtækja, enda verði krafist öruggra trygginga fyrir lánum þessum.
   b) Styrkur til bátaflotans vegna rekstrarerfiðleika á tímabilinu frá 1. jan. til 1. sept. 1974 250 millj. kr.
      Styrkupphæðinni verði skipt þannig, að 40% hennar verði ráðstafað einvörðungu með tilliti til mannúthaldsdaga og 60% við reglur er Aflatryggingasjóður setur, þar sem tekið verði tillit m. a. til aflamagns og lágmarkstekna, sem skipið þarf að hafa til að geta greitt kauptryggingu, enda hafi kaupgreiðslur til sjómanna forgang.
      Allir fiskibátar, án tillits til stærðar, skulu hljóta styrk samkvæmt ákvæðum þessa stafliðs.
   c) Styrkur til skuttogara verði 230 millj. kr. og miðist við fjölda úthaldsdaga.
   d) Til lífeyrissjóðs sjómanna 80 millj. kr., m. a. til þess að verðbæta lífeyrisgreiðslur til aldraðra sjómanna og ekkna, samkv. reglum, er stjórn sjóðsins setur.
   e) 20 millj. kr. til sjómannasamtakanna, til byggingar orlofshúsa og annarra félagsmála, eftir nánari ákvörðun stjórnar samtakanna.
   f) Eftirstöðvum verði ráðstafað með sérstökum lögum af Alþingi síðar, þegar nákvæmari upplýsingar liggja fyrir um stöðu sjávarútvegs og fiskvinnslu.

## Nd. 195. Nefndarálit [33. mál]

um frv. til laga um samræmda vinnslu sjávarafla og veiða, sem háðar eru sérstökum leyfum.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Meiri hluti nefndarinnar mælir með samþykkt frv. með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 2. gr. Orðið „varanleg“ falli niður.
2. Við fyrirsögn. Í stað „veiða“ komi: veiðar.

Sighvatur Björgvinsson mun skila séráliti. Aðrir nm. tjá sig ekki um málið.

Alþingi, 18. des. 1974.

Pétur Sigurðsson, form., frsm.
Sverrir Hermannsson, fundaskr.
Tómas Árnason.
Garðar Sigurðsson.
Ragnheiður Sveinbjörnsdóttir.

## Ed. 196. Nefndarálit [36. mál]

um frv. til laga um virkjun Bessastaðaár í Fljótsdal.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 18. des. 1974.

Steingr. Hermannsson, form., frsm.
Ingi Tryggvason, fundaskr.
Þorv. Garðar Kristjánsson.
Stefán Jónsson.
Jón G. Sólnes.
Albert Guðmundsson.
Eggert G. Þorsteinsson.

## Ed. 197. Frumvarp til laga [106. mál]

um breyting á lögum nr. 97 27. des. 1973, um löndun á loðnu til bræðslu.

(Eftir 2. umr. í Ed., 18. des.)

Samhljóða þskj. 122 með þessum viðauka:

**Ákvæði til bráðabirgða:**

Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 33/1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi, skal m/s Ísafold, 800 lesta skipi frá Hirtshals í Danmörku, vera heimilt að veiða loðnu í landhelgi og landa henni á svæðinu frá Patreksfirði norður um til Seyðisfjarðar sem íslenskt skip í febrúar og mars 1975, enda hlíti það reglum er sjávarútvegsráðuneytið setur, sé rekið af íslenskum aðila og áhöfn þess sé íslensk.

## Ed. 198. Breytingartillaga [111. mál]

við frv. til laga um Hitaveitu Suðurnesja.

Frá Stefáni Jónssyni.

14. gr. orðist svo:

Ríkið á allan rétt til umráða og hagnýtingar jarðhita í Svartsengi við Grindavík og uppleystra efna og gastegunda, sem háhitavatni og gufu fylgja. Ráðherra getur heimilað Hitaveitu Suðurnesja að taka eignarnámi lönd, mannvirki og önnur réttindi, sem nauðsynleg eru til framkvæmda samkvæmt lögum þessum. Um framkvæmd eignarnámsins fer eftir lögum nr. 11/1973.

## Ed. 199. Lög [22. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Afgreidd frá Ed. 18. des.)

Samhljóða þskj. 179.

## Ed. 200. Lög [48. mál]

um lántökur ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja.

(Afgreidd frá Ed. 18. des.)

Samhljóða þskj. 51.

## Ed. 201. Lög [49. mál]

um eftirlit með ráðningu starfsmanna og húsnæðismálum ríkisstofnana.

(Afgreidd frá Nd. 18. des.)

Samhljóða þskj. 137 (sbr. 52).

## Ed. 202. Lög [117. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán fyrir Rafveitu Ísafjarðar.

(Afgreidd frá Ed. 18. des.)

Samhljóða þskj. 148.

## Ed. 203. Lög [111. mál]

um Hitaveitu Suðurnesja.

(Afgreidd frá Ed. 18. des.)

Samhljóða þskj. 132.

## Sþ. 204. Tillaga til þingsályktunar [127. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar.

Frá forsætisráðherra.

Alþingi ályktar að veita samþykki til þess, að fundum þingsins verði frestað frá 20. desember 1974 eða síðar, ef henta þykir, enda verði það kvatt saman á ný eigi síðar en 27. janúar 1975.

## Nd. 205. Frumvarp til laga [128. mál]

um breyting á lögum nr. 30 12. maí 1970 um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Flm.: Kjartan Ólafsson, Lúðvík Jósepsson.

1. gr.

4. málsgr. A-liðar 8. gr. laganna orðist svo:

Húsnæðismálastjórn er heimilt að verja allt að 10% af því fjármagni, sem hún hefur til útlána á ári hverju, til lánveitinga til kaupenda eldri íbúða og til meiri háttar endurbóta á eldri íbúðum, sem hagkvæmt þykir að endurbyggja, að mati *tæknideildar húsnæðismálastjórnar eða matsmanna, sem hún skipar.*

Öryrkjar skulu sitja fyrir við úthlutun viðgerðarlána.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um úthlutun, lánstíma og tryggingar slíkra lána að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar.

2. gr.

B-liður 8. gr. laganna orðist svo:

Lánsfjárhæðin má nema allt að kr. 1 700 000.00 á íbúð, þó ekki meira en ¾ hlutum verðmætis íbúðar samkvæmt mati trúnaðarmanna veðdeildar Landsbanka Íslands. Húsnæðismálastjórn getur, að fengnu samþykki ráðherra, breytt lánsfjárhæðinni árlega til samræmis við breytingar á byggingarvísitölu.

Heimilt er að veita lán til byggingar leiguíbúða á vegum sveitarfélaga er nemi allt að 80% af byggingarkostnaði, enda hafi viðkomandi sveitarfélag ekki byggt íbúðir samkv. 1. gr. laga nr. 97 frá 22. desember 1965 og íbúar þess ekki átt kost á íbúðum sem þar um ræðir.

Leiguíbúðir sveitarfélaga skulu fjármagnaðar á eftirfarandi hátt:

1. Viðkomandi sveitarfélag skal leggja fram 20% af byggingarkostnaði.
2. Húsnæðismálastjórn skal veita hámarkslán úr Byggingarsjóði ríkisins, eins og þau eru á hverjum tíma til nýrra íbúða, með almennum lánskjörum þess sjóðs.
3. Húsnæðismálastjórn veitir viðbótarlán úr byggingarsjóði þar til lán sjóðsins, að meðtöldu láni samkv. 2. tölulið þessarar greinar, nemur samtals 80% af byggingarkostnaði hverrar íbúðar.

Viðbótarlán þessi skulu vera til 42 ára með 2% vöxtum og greiðast með jöfnum ársgreiðslum vaxta og afborgana (annunitetslán). Auk þess skulu lántakendur greiða árlega ⅛% af lánsfjárhæðinni til greiðslu kostnaðar við starfrækslu byggingarsjóðs. Lán þessi skulu tryggð með 2. veðrétti í hlutaðeigandi íbúð næst á eftir láni byggingarsjóðs samkv. 2. lið. Lán þessi má ekki vísitölutryggja.

Verði íbúðir þær, sem um ræðir í 3. tölulið þessarar greinar, seldar, gilda um sölu þeirra og endursölu sömu reglur og nú gilda um verkamannabústaði í þeim efnum og má ekki aflétta þeim kvöðum nema viðbótarlánið sé að fullu greitt.

Á árunum 1974 til 1978 skal húsnæðismálastjórn veita lán til 1000 leiguíbúða á vegum sveitarfélaga ef fullgildar umsóknir berast.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um íbúðir þessar og lánveitingar til þeirra.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 58 30. apríl 1973.

Greinargerð.

Um mörg undanfarin ár hafa húsnæðismálin verið eitt erfiðasta viðfangsefnið, sem íslenskt þjóðfélag og einstaklingar hafa haft við að glíma.

Hér á landi búa flestir í eigin húsnæði eða keppa að því að eignast eigin íbúð og má segja, að fjárfesting í eigin íbúðarhúsnæði hafi um langt skeið verið helsta leið alls almennings til að tryggja verðgildi fjármuna sinna á verðbólgutímum.

Fátt ræður meiru um raunveruleg lífskjör hjá einni fjölskyldu en það, hvort hún hefur ráðið fram úr húsnæðismálum sínum og er komin yfir erfiðasta hjallann við að eignast íbúð eða ekki. Þarna er um að ræða bil, sem er miklu breiðara en skyldi og veldur alvarlegu misrétti, er bitnar ekki hvað síst á ungu fólki, sem nýlega hefur hafið búskap.

Með starfi Húsnæðismálastofnunar ríkisins heldur ríkisvaldið uppi umfangsmikilli starfsemi í því skyni að stuðla að byggingu íbúðarhúsnæðis.

Bygging íbúðarhúsnæðis samkvæmt lögum um verkamannabústaði og lögum um hinar svokölluðu Breiðholtsíbúðir á vegum Framkvæmdanefndar byggingaráætlunar hefur á undanförnum árum átt drýgstan þátt í að leysa húsnæðisvanda lágtekjufólks, sérstaklega hér á Stór-Reykjavíkursvæðinu.

Húsnæðisvandamálin hafa löngum verið hvað erfiðust úrlausnar hér í Reykjavík og nágrenni, en nú er í þeim efnum orðin breyting á.

Sú mikla atvinnuuppbygging, sem átt hefur sér stað úti um land á undanförnum 3—4 árum, hefur leitt til þess, að fólki fjölgar nú á ný í fjölmörgum bæjum og þorpum, þar sem íbúum fór áður fækkandi eða kyrrstaða ríkti.

Á mörgum slíkum stöðum hafði bygging nýs íbúðarhúsnæðis áður verið í algeru lágmarki um langt skeið og mjög verulegur hluti íbúðarhúsnæðis orðinn býsna gamall og oft úr sér genginn.

Því er það, að nú, þegar atvinnulífið stendur með blóma og þörf er á auknu vinnuafli, þá skortir íbúðarhúsnæði mjög tilfinnanlega. Ekki fer á milli mála, að á allra síðustu árum hefur skortur á íbúðarhúsnæði staðið í vegi fyrir enn frekari íbúafjölgun mjög víða úti um landið og húsnæðisskorturinn verið eitt alvarlegasta vandamál byggðarlaganna. Við hlið áframhaldandi atvinnuuppbyggingar og atvinnuöryggis má segja, að lausn húsnæðismálanna sé brýnasta hagsmunamál fjölmargra byggðarlaga.

Lögin, sem sett voru 17. apríl 1973 um byggingu leiguíbúða á vegum sveitarfélaga, höfðu bann tilgang að greiða nokkuð úr þessum vanda og veltur á miklu hvernig til tekst um framkvæmd þeirra.

Augljós er þörfin fyrir nokkurt framboð á leiguhúsnæði í þeim bæjum og þorpum úti um landið, sem með tilliti til atvinnulífs og annarra skilyrða geta vænst fólksfjölgunar, svo fremi að húsnæðisskortur ekki hamli.

Fólk, sem ræður sig í atvinnu á nýjum stað, hefur í fæstum tilvikum hug á að kaupa þar eigin íbúð í byrjun og þarf því að eiga kost á leiguhúsnæði fyrst um sinn, uns það hefur gert upp hug sinn um að setjast að til frambúðar og festir kaup á eigin íbúð.

Tilgangur þessa frumvarps er tvíþættur. Annars vegar er stefnt að því, að húsnæðismálastjórn verji stærri hluta af ráðstöfunarfé sínu en áður til lánveitinga vegna kaupa á eldri íbúðum og til endurbóta á eldra húsnæði. Sjá nánar athugasemdir við 1. gr. frumvarpsins.

Hins vegar er frumvarpinu ætlað að auðvelda sveitarfélögunum að ráðast í byggingu leiguíbúða með því að gera hagstæðari þau kjör, sem í þeim efnum eru í boði af hálfu ríkisins. Sjá nánar athugasemdir við 2. gr. frumvarpsins.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Með ákvæðum þessarar greinar er ráð fyrir því gert, að húsnæðismálastjórn fái heimild til að verja allt að 10% af því fjármagni, sem hún hefur til útlána á ári hverju, til lánveitinga vegna kaupa eldri íbúða og til meiri háttar endurbóta á eldri íbúðum.

Á þessu ári er varið 80 millj. króna til lána vegna kaupa á eldri íbúðum og nemur það aðeins 3—4% af heildarlánveitingum húsnæðismálastjórnar.

Þessi tala, 80 millj., er bundin í núgildandi lögum og mun hafa staðið óbreytt í þrjú ár. Ætla má, að ef frumvarp þetta verður að lögum hækki þessi tala á næsta ári úr 80 millj. í um 300 millj.

Það er nýmæli í þessu frumvarpi, að heimilt verði að veita lán frá húsnæðismálastjórn til meiri háttar endurbóta á eldri íbúðum.

Rökin fyrir því að lána meira en verið hefur til kaupa á eldri íbúðum og til meiri háttar endurbóta eru að dómi flutningsmanna þau, að slíkt húsnæði ætti í flestum tilvikum að geta verið ódýrara en nýbyggingar og því viðráðanlegra fyrir ungt fólk, sem er að byrja búskap, og aðra þá, sem takmörkuð fjárráð hafa.

Bæði í Reykjavík og þó enn frekar úti um land, er mikið um eldra íbúðarhúsnæði, sem með góðu viðhaldi er enn hægt að nýta um langa framtíð, og hlýtur slíkt reyndar að teljast þjóðhagslega hagkvæmara heldur en miða allt við nýbyggingar, en láta eldra húsnæði ganga úr sér án endurbóta.

Ákvæði þessarar greinar frumvarpsins miða að því að auðvelda kaup og sölu á eldra húsnæði og stuðla að betri nýtingu þess, með hagsmuni þeirra, sem lítið fjárráð hafa, í huga.

Um 2. gr.

Í fyrstu málsgrein þessarar greinar er kveðið á um lánsfjárupphæð og er þar gert ráð fyrir, að hún verði á næsta ári 1 700 þús. kr. Þessi upphæð er nú kr. 1 060 000.00 og mun láta nærri, að sú hækkun, sem hér er gert ráð fyrir, samsvari hækkun byggingarvísitölu, en á s. l. þremur árum hafa lánin hækkað í fullu samræmi við byggingarvísitölu.

Rétt þykir að setja nánari ákvæði um það, hvernig fjármagna skuli byggingu leiguíbúða á vegum sveitarfélaga, sem núgildandi lög gera ráð fyrir.

Í núgildandi lögum er gert ráð fyrir, að lánskjör til þessara íbúðabygginga skuli vera hin sömu og á almennum íbúðalánum. Hér er lögð til breyting hvað þetta varðar.

Þegar lán þessi til sveitarfélaganna nema 80% af kostnaðarverði hverrar íbúðar, en ætla má, að það samsvari 3—4 millj. kr., og eru auk þess að nokkru vísitölubundin, þá blasir við, að húsnæðiskostnaður þeirra, sem ætlað er að búa í þessum íbúðum og standa undir kostnaði af þeim, verður hærri en svo, að henti til að leysa vanda þeirra, sem lægstar hafa tekjur.

Því er lagt til í þessari grein frumvarpsins, að til þessara íbúða verði lánað venjulegt húsnæðismálalán, eins og þau eru á hverjum tíma, en **viðbótarlán** til þess að lánsfjárhæðin í heild nemi 80% af byggingarkostnaði.

**Viðbótarlánið verði veitt með sömu kjörum** og gilda um lán til verkamannabústaða. Breytingin á lánakjörunum, sem hér er gert ráð fyrir, felst í eftirfarandi atriðum:

1. Lánstíminn er nú 33 ár, en lengist samkvæmt ákvæðum þessa frumvarps í 42 ár, hvað viðbótarlánin varðar, eins og nú er um lán til verkamannabústaða.
2. Vextir á viðbótarlánunum, sem nú eru 5% (á almennum lánum), lækka í 2%.

3. Vísitölubinding sú, sem ákveðin var á s. l. sumri og nemur 3/10 af lánsupphæðinni, nái ekki til þessara íbúða. Til að skýra nánar, hvaða gildi þetta hefur, skal á það bent, að horfur eru á, að á því ári, sem nú er að ljúka, muni venjulegt húsnæðismálalán hækka um allt að 200 þús. kr. vegna þessarar vísitölubindingar og greiðslubyrði af láninu sem því nemur.

Augljóst er, að þar sem gert er ráð fyrir, að lánsupphæð nemi svo verulegum hluta af byggingarkostnaði eins og um er að ræða varðandi leiguíbúðirnar, þá verður slík greiðslubyrði óviðunandi fyrir fólk með lægri tekjur. Hvað svo sem menn segja um slíka vísitölubindingu á hluta almennra lána, þá á hún hér ekki við.

Í 2. gr. frv. er auk þessa, sem hér hefur verið rakið, kveðið á um að húsnæðismálastjórn sé skylt að veita lán til þeirra 1000 leiguíbúða, sem um ræðir, en í núgildandi lögum er aðeins um heimild að ræða, en eigi skyldu.

## Sþ. 206. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1975.

Frá fjárveitinganefnd.

| | | Þús. kr. |
|---|---|---|
| 1. | Við 4. gr. 1 00 201 09 Sérfræðileg aðstoð við þingflokka. | |
| | Fyrir „6 000“ kemur | 7 000 |
| 2. | Við 4. gr. 1 01 101. Nýr liður: | |
| | 09 Til Hrafnseyrar | 500 |
| 3. | Við 4. gr. 1 01 902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum 0 20 Önnur rekstrargjöld. | |
| | Fyrir „1542“ kemur | 2 542 |
| 4. | Við 4. gr. 1 02 101 02 Fræðsluskrifstofur. | |
| | Fyrir „17 297“ kemur | 18 797 |
| 5. | Við 4. gr. 1 02 101 07 Námsflokkar. | |
| | Fyrir „750“ kemur | 1 200 |
| 6. | Við 4. gr. 1 02 101. Nýr liður: | |
| | 15 Styrkur til hjúkrunarkennaranáms á Norðurlöndum | 400 |
| 7. | Við 4. gr. 1 02 201 Háskóli Íslands og Heimspekideild. | |
| | Fyrir „63 976“ kemur | 64 076 |
| 8. | Við 4. gr. 1 02 201 Háskóli Íslands. Nýir liðir: | |
| | a. 17 Stundakennsla | 10 000 |
| | b. 18 Námsbraut í hjúkrunarfræði | 3 000 |
| 9. | Við 4. gr. 1 02 205 Stofnun Árna Magnússonar 0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður. | |
| | Fyrir „6 100“ kemur | 11 100 |
| 10. | Við 4. gr. 1 02 304 Menntaskólinn við Hamrahlíð. Nýr liður: | |
| | 0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður | 2 000 |
| 11. | Við 4. gr. 1 02 516 Iðnskólar almennt. Nýr liður: | |
| | 0 27 Viðhald | 2 000 |
| 12. | Við 4. gr. 1 02 571 Sjómannaskólahúsið 0 27 Viðhald. | |
| | Fyrir „3 246“ kemur | 7 246 |
| 13. | Við 4. gr. 1 02 803 Dagvistunarheimili. | |
| | Fyrir „107 298“ kemur | 117 398 |

Sundurliðun framlags til byggingarframkvæmda kemur á sérstöku yfirliti á þessa leið:

Þús. kr.

**Dagvistunarheimili, framlag til byggingarframkvæmda (02 803).**

a. Dagheimili og leikskólar:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Akureyri | 375 |
| 2. | Borgarnes | 1 756 |
| 3. | Hafnarfjörður | 7 600 |
| 4. | Húsavík | 5 754 |
| 5. | Kópavogur | 2 210 |
| 6. | Ólafsvík | 1 692 |
| 7. | Byggingarsamvinnufélag atvinnubifreiðastjóra | 1 787 |
| 8. | Húsfélögin Æsufelli 2—4—6, Reykjavík | 1 300 |
| 9. | Reykjavík: | |
| | a. Ármúli 8A | 7 661 |
| | b. Dyngjuvegur | 719 |
| | c. Háaleitisbraut 70 | 5 893 |
| | d. Kaplaskjólsvegur | 195 |
| | e. Rjúpnafell | 1 138 |
| | f. Selásblettur 4 | 304 |
| | g. Völvufell | 2 176 |
| 10. | Sauðárkrókur | 1 395 |
| 11. | Seyðisfjörður | 2 281 |
| 12. | Siglufjörður | 151 |
| 13. | Vatnsleysustrandarhr. | 113 |
| | | 44 500 |

b. Nýjar dagvistunarstofnanir:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Akranes, leikskóli | 800 |
| 2. | Akranes, dagheimili | 100 |
| 3. | Akureyri | 2 000 |
| 4. | Garðahreppur | 1 500 |
| 5. | Keflavík | 100 |
| 6. | Reykjavík: | |
| | a. Breiðholt III, dh. | 2 000 |
| | b. Breiðholt III, leikskóli | 1 500 |
| | c. Breiðholt III, skd. | 100 |
| | d. Breiðholt II, dh. | 2 000 |
| | e. Breiðholt II, leiksk. | 100 |
| | f. Austurbær, skd. | 100 |
| | g. Borgarsjúkrahús | 1 500 |
| | h. Starfsmannafélag Skýrsluvéla | 100 |
| | i. Áhugafél. Hábær 28 | 100 |
| 7. | Skagaströnd | 900 |
| 8. | Vestmannaeyjar | 500 |
| 9. | Vestmannaeyjar, leiksk. | 100 |
| 10. | Bolungarvík | 1 000 |
| 11. | Bíldudalur | 1 000 |
| 12. | Selfoss | 100 |
| | | 15 600 |

14. Við 4. gr. 1 02 872 Lánasjóður íslenskra námsmanna.
Fyrir „606 000“ kemur ... 680 000

15. Við 4. gr. 1 02 881 09 Styrkur til útgáfustarfa.
Fyrir „5 750“ kemur ... 6 750

16. Við 4. gr. 1 02 907 Listasafn Íslands 0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður.
Fyrir „3 050“ kemur ... 8 050

| | | Þús. kr. |
|---|---|---|
| 17. | Við 4. gr. 1 02 982 12 Til listasafna. | |
| | Fyrir „900“ kemur | 1 200 |
| 18. | Við 4. gr. 1 02 982 13 Listkynning í skólum. | |
| | Fyrir „200“ kemur | 400 |
| 19. | Við 4. gr. 1 02 982 20 Til Bandalags íslenskra listamanna. | |
| | Fyrir „75“ kemur | 175 |
| 20. | Við 4. gr. 1 02 982. Nýr liður: | |
| | 28 Listdansflokkurinn | 2 000 |
| 21. | Við 4. gr. 1 02 988 02 Æskulýðsráð ríkisins. | |
| | Fyrir „2 200“ kemur | 2 400 |
| 22. | Við 4. gr. 1 02 988 05 Bandalag íslenskra skáta. | |
| | Fyrir „1 100“ kemur | 1 400 |
| 23. | Við 4. gr. 1 02 988 15 Íslenskir ungtemplarar. | |
| | Fyrir „50“ kemur | 250 |
| 24. | Við 4. gr. 1 02 989. Nýr liður: | |
| | 10 Til Ólympíunefndar | 1 000 |
| 25. | Við 4. gr. 1 02 999 59 Til minnisvarða um Jón Eiríksson konferensráð. | |
| | Fyrir „35“ kemur | 100 |
| 26. | Við 4. gr. 1 02 999 65 Sædýrasafnið í Hafnarfirði. | |
| | Fyrir „1 334“ kemur | 1 534 |
| 27. | Við 4. gr. 1 03 01 Aðstoð við þróunarlöndin. | |
| | Fyrir „5 000“ kemur | 10 000 |
| 28. | Við 4. gr. 1 04 286 03 Fyrirhleðslur. | |
| | Fyrir „16 300“ kemur | 24 110 |
| | Sundurliðun kemur á sérstöku yfirliti á þessa leið: | |
| | **Fyrirhleðslur (04 286 03).** | |
| | a. Til fyrirhleðslna: | |
| | 1. Rannsóknir á Kötlu ..... 1 000 | |
| | 2. Kaldaklifsá, Svaðbælisá og Laugará ..... 200 | |
| | 3. Þverá og Markarfljót ..... 3 000 | |
| | 4. Markarfljót við Seljaland ..... 300 | |
| | 5. Markarfljót við Merkurengjar ..... 100 | |
| | 6. Jökulsá á Dal ..... 3 000 | |
| | 7. Norðfjarðarár (efri hluti) ..... 100 | |
| | 8. Jökulsá í Lóni ..... 800 | |
| | 9. Landmannalaugar ..... 1 000 | |
| | 10. Kolgríma ..... 600 | |
| | | 10 100 |
| | b. Til fyrirhleðslna gegn ¼ kostnaðar annars staðar að: | |
| | Djúpós og Hólsárbakkar ..... 500 | |
| | | 500 |
| | c. Til fyrirhleðslna gegn ⅛ kostnaðar annars staðar að: | |
| | 1. Djúpá hjá Maríubakka ..... 460 | |
| | 2. Eldvatn hjá Hnausum ..... 50 | |
| | 3. Kúðafljót ..... 3 000 | |
| | 4. Klifandi (vatnafélag) ..... 600 | |
| | 5. Klifandi og Hafursá ..... 100 | |
| | 6. Kaldaklifsá, Bakkakotsá, Svaðbælisá, Miðskálaá og Írá ..... 800 | |
| | 7. Þjórsá hjá Þrándarholti ..... 800 | |
| | 8. Stóra-Laxá hjá Sólheimum ..... 50 | |
| | 9. Stóra-Laxá hjá Hólakoti ..... 100 | |
| | 10. Stóra-Laxá hjá Sóleyjarbakka ..... 300 | |

| | | Þús. kr. | |
|---|---|---|---|
| 11. | Litla-Laxá hjá Hvammi | 200 | |
| 12. | Hvítá hjá Auðsholti | 50 | |
| 13. | Ölfusá hjá Kaldaðarnesi | 200 | |
| 14. | Ölfusá hjá Eyrarbakka | 300 | |
| 15. | Tunguá hjá Mástungu | 40 | |
| 16. | Þjórsá í Skeiðahreppi | 150 | |
| 17. | Stóra-Laxá hjá Ásbrekku | 50 | |
| 18. | Brynjudalsá og Þverá | 50 | |
| 19. | Laxá hjá Vindási | 100 | |
| 20. | Laxá hjá Möðruvöllum | 80 | |
| 21. | Laxá hjá Hækingsdal | 50 | |
| 22. | Sandá í Kjós | 200 | |
| 23. | Þverá hjá Hrafnhólum | 40 | |
| 24. | Hvítá í Hvítársíðu | 100 | |
| 25. | Gljúfurá hjá Sauðhúsaskógi | 30 | |
| 26. | Kverná í Grundarfirði | 130 | |
| 27. | Hörðudalsá | 300 | |
| 28. | Reykjadalsá hjá Fellsenda | 150 | |
| 29. | Hundadalsá í Miðdölum | 200 | |
| 30. | Miðá hjá Breiðabólstað | 100 | |
| 31. | Miðfjarðará hjá Staðarbakka | 80 | |
| 32. | Núpsá hjá Efra-Núpi | 50 | |
| 33. | Víðidalsá hjá Víðidalstungu | 100 | |
| 34. | Fitjá hjá Fremrifitjum | 40 | |
| 35. | Vatnsdalsá, Grímstunga—Hof | 100 | |
| 36. | Vatnsdalsá, Bakki—Hvammur | 100 | |
| 37. | Tunguá hjá Þórormstungu | 40 | |
| 38. | Blanda, Hvammur, Geitaskarð | 340 | |
| 39. | Svartá hjá Finnstungu | 50 | |
| 40. | Þverá í Blönduhlíð | 140 | |
| 41. | Sæmundará hjá Reynistað | 2 200 | |
| 42. | Héraðsvötn hjá Úlfsstöðum | 2 200 | |
| 43. | Norðurá hjá Egilsá | 80 | |
| 44. | Deildardalsá hjá Eyrarl. og Skuggabj. | 60 | |
| 45. | Brúnastaðaá | 100 | |
| 46. | Hörgá í Hörgárdal | 130 | |
| 47. | Svartá hjá Svartárkoti | 100 | |
| 48. | Skálará | 60 | |
| 49. | Hofsá í Vopnafirði | 100 | |
| 50. | Selá hjá Refsstað | 150 | |
| 51. | Hjá Ljótstöðum í Vopnafirði | 150 | |
| 52. | Norðfjarðará (neðri hluti) | 400 | |
| 53. | Selá í Álftafirði | 100 | |
| | | | 13 510 |
| | | | 24 110 |

29. Við 4. gr. 1 06 301 10 Söngmálastjóri þjóðkirkjunnar.
Fyrir „1 499“ kemur ..... 1 999

30. Við 4. gr. 1 07 371 Framlag til Lánasjóðs sveitarfélaga.
Fyrir „8 000“ kemur ..... 45 000

31. Við 4. gr. 1 07 981 05 Jafnlaunaráð.
Fyrir „434“ kemur ..... 634

Þús. kr.

32. Við 4. gr. 1 07 981 06 Bygging orlofsheimila verkalýðssamtakanna.
Fyrir „5 500“ kemur ..... 7 000
33. Við 4. gr. 1 07 981 07 Til Alþýðusambands Íslands vegna Menningar- og fræðslusambands alþýðu.
Fyrir „2 500“ kemur ..... 3 000
34. Við 4. gr. 1 07 981. Nýr liður:
15 Kaupmannasamtökin, vegna hagræðingarstarfsemi ..... 3 000
35. Við 4. gr. 1 07 999 21 Neytendasamtökin.
Fyrir „250“ kemur ..... 450
36. Við 4. gr. 1 08 271 Tryggingastofnun ríkisins.
Fyrir „13 215 240“ kemur ..... 13 830 240
37. Við 4. gr. 1 08 481 05 Stórstúka Íslands.
Fyrir „1 300“ kemur ..... 1 800
38. Við 4. gr. 1 09 999 02 Orlofsheimili BSRB.
Fyrir „12 000“ kemur ..... 15 000
39. Við 4. gr. 1 11 Nýr liður:
**207 Til eftirmenntunar í rafiðnaði:**
0 10 Laun ..... 2 500
0 20 Önnur rekstrargjöld ..... 1 000
Gjöld samtals ..... 3 500
40. Við 4. gr. 1 11 203 Rannsóknastofnun byggingaiðnaðarins 0 20 Önnur rekstrargjöld.
Fyrir „10 021“ kemur ..... 11 021
41. Við 4. gr. 1 11 235 02 Útflutningsmiðstöð iðnaðarins.
Fyrir „10 000“ kemur ..... 12 000
42. Við 4. gr. 1 11 235. Nýr liður:
05 Iðnaðarbanki Íslands, hlutafjáraukning ..... 1 600
43. Við 4. gr. 1 11 299 07 Mótframlag vegna tækniaðstoðar S. þ.
Fyrir „600“ kemur ..... 1 600
44. Við 4. gr. 1 11 299 10 Stjórn iðnþróunaráætlunar.
Fyrir „3 000“ kemur ..... 4 500
45. Við 4. gr. 1 12 201 Niðurgreiðslur á vöruverði.
Fyrir „3 668 000“ kemur ..... 3 758 000
46. Við 6. gr. VI. Liðurinn orðast svo:
Að leyfa Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins að greiða Krabbameinsfélagi Íslands 75 aura af hverjum seldum vindlingapakka.
47. Við 6. gr. VII. Liðurinn orðast svo:
Að leyfa Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins að greiða allt að 1 kr. til Slysavarnafélags Íslands og Íþróttasambands Íslands af hverjum seldum vindlingapakka, og skiptist gjaldið til þeirra að jöfnu.
48. Við 6. gr. XXV. Liðurinn orðast svo:
Að endurgreiða þinglýsingargjöld af afsölum vegna b/v Skafta SK-3, b/v Karlsefnis, b/v Krossavíkur, m/s Akraborgar, b/v Framtíðarinnar, b/v Trausta og b/v Suðurness.
49. Við 6. gr. XXI. Nýir liðir:
a. Að fella niður aðflutningsgjöld og söluskatt af dísilrafstöð fyrir Rafveitu Ísafjarðar.
b. Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og söluskatt af efni, vélum og tækjum til stækkunar Skeiðfossvirkjunar.
c. Að fella niður sem eigið framlag ríkissjóðs til Áburðarverksmiðju ríkisins skuld verksmiðjunnar við ríkissjóð, að fjárhæð kr. 44 113 000, vegna ógreiddra aðflutningsgjalda.
d. Að hafa makaskipti á landspildu úr Helluvaðslandi í Rangárvallarhreppi til hagræðingar vegna uppsetningar landamerkjagirðinga.

50. Við 6. gr. XXXV. Nýir liðir:
    a. Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka allt að 35 m.kr. lán vegna hafnarframkvæmda við landshöfnina í Rifi:
    b. Fjármálaráðherra er heimilt að taka fyrir hönd ríkissjóðs allt að 50 m.kr. lán vegna hafnarframkvæmda við landshöfnina í Keflavík og Njarðvík.
    c. Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka allt að 200 m.kr. að láni hjá Seðlabanka Íslands til 5 ára og renni það sem óafturkræft framlag ríkissjóðs til Áburðarverksmiðju ríkisins.

## Nd. 207. Nefndarálit [106. mál]

um frv. til l. um breyting á lögum nr. 97 27. des. 1973, um löndun á loðnu til bræðslu.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Sjávarútvegsnefnd hefur haft til meðferðar frv. til l. um breyting á lögum nr. 97 27. desember 1973, um löndun á loðnu til bræðslu. Nefndin er öll sammála um að mæla með samþykkt þess að undanskildu ákvæði til bráðabirgða sbr. þskj. 183. Um afstöðu til þess klofnaði nefndin. Meiri hl. nefndarinnar leggur til, að ákvæðið verði fellt, þar sem hann telur að skapa mundi hættulegt fordæmi.

Alþingi, 18. des. 1974.

Sverrir Hermannsson, fundaskr., frsm. Tómas Árnason. Sighvatur Björgvinsson.

Ragnheiður Sveinbjörnsdóttir.

## Ed. 208. Breytingartillögur [64. mál]

við frv. til laga um framleiðslueftirlit sjávarafurða.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 2. gr. Í 2. málsgr., þar sem stendur „Stofnunin skal meta eða hafa eftirlit“ komi: Stofnunin skal meta og hafa eftirlit.
2. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   Framleiðslueftirlit sjávarafurða skiptist í eftirtaldar deildir:
   1. Hreinlætis- og búnaðardeild, sem einkum skal hafa eftirlit með hreinlæti og búnaði fiskiskipa, flutningatækja, vinnslustöðva og því er varðar heilnæmi við framleiðsluna.
   2. Ferskfiskdeild, sem einkum skal annast eftirlit og gæðamat á ferskum, nýjum eða ísuðum fiski, krabbadýrum og skeldýrum.
   3. Freðfiskdeild, sem einkum skal annast eftirlit og gæðaflokkun a framleiðslu frystra sjávarafurða, meðferð þeirra, geymslu og útflutningi.
   4. Saltfisk- og skreiðardeild, sem einkum skal annast eftirlit og gæðaflokkun á öllum söltuðum sjávarafurðum og skreið.
3. Við 6. gr. Aftan við greinina bætist:
   Við skipun í starfið skal ráðherra taka tillit til háskólaprófs í matvælafræðum eða annarrar sambærilegrar menntunar umsækjenda.
4. Við 9. gr. Aftan við greinina bætist:
   Nemendur, sem lokið hafa prófi frá Fiskvinnsluskólanum, skulu njóta forgangs við ráðningu matsmanna.
5. Við 13. gr. Í 1. mgr. í stað orðanna „hlutaðeigandi deildarstjóra eða yfirmatsmanni“ komi: skrifstofu stofnunarinnar.

**Ed.** **209. Frumvarp til laga** [4. mál]

um ráðstafanir í sjávarútvegi og um ráðstöfun gengishagnaðar.

(Eftir 3. umr. í Nd., 19. des.)

Samhljóða þskj. 4 með þessum breytingum:

4. gr. hljóðar svo:

Olíusjóður fiskiskipa skal starfræktur í þeim tilgangi að greiða niður verð á brennsluolíu til íslenskra fiskiskipa, samkvæmt reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur.

Tekjur sjóðsins skulu vera af sérstöku útflutningsgjaldi, sem hér segir:

a) 4% af fob-verði útfluttra sjávarafurða, annarra en saltfisks, skreiðar, lagmetis og þeirra afurða, sem koma frá hvalveiðum, selveiðum og hrognkelsaveiðum.
b) 5.5% útflutningsgjald af fob-verði útflutnings saltfisks og skreiðar.

Útflutningsgjaldið reiknast á sama hátt og annað útflutningsgjald af sömu vöru, og setur sjávarútvegsráðuneytið reglur um nánari framkvæmd á ákvæðum greinar þessarar.

5. gr. hljóðar svo:

1. til 3. tl. 2. gr. laga nr. 19/1973 um útflutningsgjald af sjávarafurðum, orðist svo:

1. kr. 2 400.00 á hvert útflutt tonn greiðist af frystum karfa- og ufsaflökum og þurrkuðum saltufsa.
2. kr. 4 200.00 á hvert útflutt tonn greiðist af saltfiski — öðrum en þurrkuðum ufsa — saltfiskflökum, söltuðum þunnildum, saltfiskbitum og söltuðum gellum.
3. kr. 4 750.00 á hvert útflutt tonn greiðist af freðfiskflökum — öðrum en karfa- og ufsaflökum — frystum hrognum, söltuðum hrognum ót. a., frystum gellum, skreið, hertum þorskhausum og niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum. — Nemi gjald samkvæmt töluliðum 1—3 meiru en svarar 4½% af fob-verðmæti útfluttrar sjávarvöru, er heimilt að fella niður þann hluta gjaldsins, sem er umfram þetta mark.
4. Í stað „kr. 500.00“ í niðurlagi 6. tl. 1. mgr. 2. gr. l. nr. 19/1973 komi: 1 300.00.

9. gr. hljóðar svo:

Fé það, sem kemur á reikning ríkissjóðs, skv. ákvæðum 2. gr. laga nr. 78/1974 um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu, umfram greiðslur skv. liðum a., b. og c. í þeirri lagagrein, skal lagt í sérstakan gengishagnaðarsjóð, sem varið skal í þágu sjávarútvegsins með eftirgreindum hætti:

a. Til þess að greiða hluta gengistaps vegna erlendra skulda eigenda fiskiskipa 600 millj. kr. Sjávarútvegsráðuneytinu er heimilt að ráðstafa allt að 400 millj. kr. af þessari fjárhæð til lánveitinga í sjávarútvegi til 2—3 ára til að bæta lausafjárstöðu fyrirtækja.
b. Óafturkræft framlag til bátaflotans vegna rekstrarerfiðleika á árinu 1974 til 15. september 250 millj. kr.
c. Óafturkræft framlag til skuttogara til að bæta rekstrarafkomu þeirra 230 millj. kr.
d. Til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins til greiðslu verðbóta vegna fiskmjöls annars en loðnumjöls, sem framleitt var á tímabilinu 1. janúar til 31. ágúst 1974, enda komi allt fiskmjöl til verðjöfnunar í deild fyrir afurðir síldar- og fiskimjölsverksmiðja 50 millj. kr.

e. Til að verðbæta lífeyrisgreiðslur aldraðra, sem fá greiddan lífeyri úr lífeyrissjóði sjómanna 15 millj. kr.
f. Til orlofshúsa sjómannasamtakanna 11 millj. kr.
g. Eftirstöðvar til ráðstöfunar samkvæmt nánari ákvörðun sjávarútvegsráðuneytisins.

Sjávarútvegsráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessarar greinar og greiðslutíma framlaga.

**Ákvæði til bráðabirgða hljóðar svo:**

I. Stjórn Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins er heimilt að inna af hendi greiðslur upp í verðbætur, sbr. 6. gr. laga nr. 72/1969, vegna óselds loðnumjöls af framleiðslu ársins 1974 samkvæmt reglum, sem sjóðsstjórnin setur að fengnu samþykki ráðherra.
II. Heimilt er að endurgreiða útflutningsgjald samkvæmt l. nr. 19/1973 af saltsíld og saltsíldarflökum, sem framleidd eru á árinu 1974.

## Ed. 210. Tillaga til þingsályktunar [129. mál]

um fisksölusamstarf við Belgíumenn.

Flm.: Oddur Ólafsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni eða þeim aðilum, er hún til þess kveður, að leita eftir samstarfi við Belgíumenn um neðangreind atriði:
1) um bætta löndunar- og geymsluaðstöðu á íslenskum fiski í Ostende,
2) um myndun fyrirtækis, er hafi það verkefni að dreifa og selja ferskan og frystan íslenskan fisk í hinum ýmsu Mið-Evrópulöndum,
3) um möguleika á flugflutningi á fiski milli Keflavíkur og Ostende með dreifingu þaðan um Mið-Evrópu í huga,
4) um hugsanlega lækkun sölu- og löndunarkostnaðar vegna aukinna umsvifa.

### Greinargerð.

Þrjár veigamiklar ástæður liggja til þess að okkur er nú nauðsynlegra en áður að leita aukinna markaðsmöguleika fyrir fiskafurðir okkar.

Í fyrsta lagi þá ríkir nú sölutregða og verðlagserfiðleikar á tveimur stærstu mörkuðum okkar fyrir frystar fiskafurðir, þ. e. í Bandaríkjunum og Sovétríkjunum.

Í öðru lagi hlýtur hin mikla aukning sem orðið hefur á togveiðiflota okkar nú síðustu árin, flota sem eingöngu er ætlaður til bolfiskveiða, að leiða til verulega aukins aflamagns á næstu árum.

Þessu auka aflamagni verður að tryggja örugga og dreifða markaði, svo að skyndilegt erfiðleikaástand á einum markaði valdi okkur ekki allt of miklum búsifjum.

Í þriðja lagi eiga þau ríki, er með útfærslu landhelgi okkar í 200 mílur hverfa af Íslandsmiðum, nokkurn siðferðilegan rétt á því að fá aðstöðu til þess að kaupa af okkur þessa nauðsynlegu fæðutegund.

Í hinum háþróuðu Mið-Evrópuríkjum með nær 200 milljónir íbúa er mikill lítt nýttur markaður fyrir fiskafurðir okkar. Á það bæði við um ferskan fisk og frystan.

Til þess að geta hagnýtt þennan markað er nauðsynlegt að hafa löndunarhöfn, sem tekur tillit til þarfa okkar fiskiskipa og veitir þeim skjóta, örugga og ódýra fyrirgreiðslu. Æskilegt er að þessi höfn sé miðsvæðis gagnvart mörkuðum og að þessu leyti virðist Ostende mjög hagkvæm. Þaðan er stutt til Parísar, Haag og Bonn og auðvelt að flytja þaðan ferskan fisk um alla Mið-Evrópu. Til þess þarf þó góða geymsluaðstöðu í Ostende og kæli- og frystivagna til flutninga. Líklegt er að Belgíu-

menn hefðu hug á samvinnu í þessum efnum einmitt nú, þegar efnahags- og atvinnuástand er erfitt á meginlandi Evrópu.

Flutningur á ferskum fiski til Mið-Evrópu hefur verið reyndur nokkrum sinnum. Framhald hefur þó ekki orðið á þeim flutningum, fyrst og fremst af tveim ástæðum: Í fyrsta lagi vegna öryggisleysis um hráefnisöflun hér og í öðru lagi vegna fjármagnsskorts aðila. Samvinna sendanda og móttakanda ásamt góðri skipulagningu í báðum löndunum ætti að geta tryggt grundvöll slíkra flutninga.

## Ed. 211. Nefndarálit [116. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 46 16. apríl 1971, um lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðarkaupstaðar, og um heimild fyrir Hafnarfjarðarkaupstað að taka eignarnámi landspildu í Hafnarfirði.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt óbreytt. Axel Jónsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 19. des. 1974.

| | | |
|---|---|---|
| Ingi Tryggvason, form. | Oddur Ólafsson, frsm. | Geir Gunnarsson. |
| Eggert G. Þorsteinsson. | Halldór Ásgrímsson. | Jón G. Sólnes. |

## Ed. 212. Nefndarálit [124. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd samþykkt um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, 1972.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþ. óbreytt. Axel Jónsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 19. des. 1974.

| | | |
|---|---|---|
| Ingi Tryggvason, form., frsm. | Oddur Ólafsson. | Eggert G. Þorsteinsson. |
| Jón G. Sólnes. | Geir Gunnarsson. | Halldór Ásgrímsson. |

## Ed. 213. Nefndarálit [118. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 22 1973, um breyt. á lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, nr. 64 1965.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 19. des. 1974.

| | | |
|---|---|---|
| Steingr. Hermannsson, form., frsm. | Halldór Ásgrímsson, fundaskr. | Oddur Ólafsson. |
| Stefán Jónsson. | Jón Árnason. | Jón G. Sólnes. |
| | Jón Árm. Héðinsson. | |

## Ed. 214. Lög [36. mál]

um virkjun Bessastaðaár í Fljótsdal.

(Afgreidd frá Ed. 19. des.)

Samhljóða þskj. 188 (sbr. 39).

## Ed. 215. Nefndarálit [4. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir í sjávarútvegi og ráðstöfun gengishagnaðar.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Frumvarp þetta er með þeim hættum að til einsdæma hlýtur að teljast í þingsögunni. Það hefur ekki skeð fyrr að einstökum ráðherra væru fengin hundruð milljóna til úthlutunar án þess að kveðið væri á um það, svo óyggjandi væri, á hvern hátt fénu væri ráðstafað að lögum. Þrátt fyrir óskýr fyrirheit af hálfu starfsmanna sjávarútvegsráðuneytisins, sem hníga þó í þá átt að leitað verði álits ýmissa stofnana, sem fyrir eru, um ráðstöfun þessa fjár, og enda þótt kveðið sé á um það að sumu leyti hvernig fénu skuli ráðstafað, þá liggur við að lesa megi milli línanna í lagafrumvarpi þessu að geðþótti ráðherra skuli ráða. Tekur minni hluti sjávarútvegsnefndar ekki gildar afsakanir um tímaskort við undirbúning frumvarpsins.

Frumvarp það, sem hér um ræðir, er tvíþætt og fjallar annars vegar um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna afkomuerfiðleika sem meðal annars stafa af gengisfellingu hægri stjórnarinnar, en á hinn bóginn fjallar það um ráðstöfun gengishagnaðar af völdum gengisfellingarinnar.

Ráðstafanir, sem gerðar eru vegna afkomuörðugleikanna, miðast einvörðungu við tilfærslur fjármagns innan sjálfrar atvinnugreinarinnar og þá fyrst og fremst frá launþegunum til atvinnurekendanna. Samkvæmt 2. og 3. gr. frumvarpsins skal þannig stækka þann hlut, sem tekinn er af óskiptum aflahlut, mjög svo verulega og ráðstafa honum til Stofnfjársjóðs fiskiskipa, þ. e. a. s. einvörðungu í þágu atvinnurekenda. Með þessu verða kjör sjómannastéttarinnar skert verulega og þar með vegið að sjálfum grundvellinum að frjálsum kjarasamningum þeirra. Sjómannasamtökin hafa mótmælt þessu gerræði ríkisstjórnarinnar harðlega og lýst yfir því að það eitt sé fullnægjandi ástæða til að segja upp gildandi kjarasamningum.

Minni hl. sjávarútvegsnefndar Ed. lýsir yfir samþykki við þessa afstöðu sjómanna og vekur jafnframt athygli á því, að þegar svo er að unnið í kjaramálum má teljast sennilegt, að ráðstafanir þessar, sem ætlaðar eru til þess að bæta úr afkomuerfiðleikum, verði raunar til þess að auka erfiðleikana að mun og stefna jafnvel til algjörrar stöðvunar fiskiskipaflotans, ef sjómenn verða neyddir til að leggja út í verkfallsbaráttu til að rétta hlut sinn.

Minni hl. nefndarinnar leggur til að frumvarpsgreinarnar verði felldar niður.

Í 1. gr. frv. gerist það í fyrsta skipti, að ráðin eru tekin af Verðlagsráði sjávarútvegsins með því að heimila ekki nema óverulega fiskverðshækkun á sama tíma og reynt var að ná samkomulagi um fiskverðið í Verðlagsráðinu og áður en séð yrði hvort það myndi geta tekist. Þegar þetta gerðist hafði engin hækkun fengist fram á fiskverðinu frá áramótum 1973—74 og sjómenn því ekki fengið launahækkanir á tímabilinu til samræmis við aðra launþega. Þeim mun tilfinnanlegri hafði þessi seinkun á launabótum til sjómannastéttarinnar orðið þar sem afli hafði farið rýrnandi. Auk þess sem hér var um að ræða ráðstöfun, sem kom í veg fyrir það, að sjómenn gætu fengið launahækkanir til jafns við aðrar stéttir, er hér um hættulegt fordæmi að ræða, þ. e. a. s. það fordæmi að ríkisstjórn grípur með bráða-

birgðalögum inn í atriði frjálsrar samningagerðar launastéttar á meðan sú samningagerð stendur yfir og ekkert bendir til annars en að hún hefði getað tekist án afskipta ríkisvaldsins.

Með 4. gr. frv. er kostnaði vegna verðhækkunar á olíu velt yfir á sjómenn að miklu leyti, vegna þess að þessar tilfærslur fjármuna innan atvinnugreinarinnar koma í veg fyrir hækkun fiskverðs, sem ella hefði getað orðið. Með þessari grein er sjávarútveginum í raun sjálfum gert að standa undir olíuverðhækkuninni og stór hluti þeirra byrða lagður á launþegana í atvinnugreininni — sjómennina.

Um 5., 6., 7. og 8. gr. frv. er ekki ágreiningur í sjútvn. Þó vill minni hl. nefndarinnar benda á nauðsyn þess, að vátryggingamál fiskiskipa verði tekin til gagngerðrar endurskoðunar.

Svo sem fyrr segir telur minni hl. nefndarinnar óeðlilegt að ráðherra verði falið að ráðstafa hundruðum milljóna króna í lán og styrki eftir svo óljósum reglum. Því leggjum við til á sérstöku þingskali, að ákveðnar reglur verði markaðar í lögum um þessi efni og framkvæmdin falin þeim aðilum, sem eðlilegt er að um hana fjalli.

Við teljum eðlilegt að úthlutun gengishagnaðar sé miðuð jafnt við sumar- sem vetrarúthald og fellum okkur ekki við að neins konar takmarkanir séu settar varðandi stærð þeirra báta, sem rétt hafi til síns hluta af gengishagnaðinum. Teljum við að hlutur smábátaútvegsins í verðmætasköpuninni sé miklu stærri en svo, að sjómenn þeir og útvegsmenn, sem við hann vinna, verði algjörlega sniðgengnir með nokkrum rétti. Teljum við fráleitt að vitna í rekstur smárra þilfarsbáta í þeim landshlutum þar sem hann er verstur, því til sönnunar, að ekki beri að úthluta einhverju af gengishagnaði til báta undir 20 lestum í þeim landshlutum og verstöðvum þar sem rekstur litlu bátanna og þjóðhagsleg þýðing þeirra skarar jafnvel fram úr því sem best gerist um stærstu fiskiskipin.

Alþingi, 19. des. 1974.

Stefán Jónsson, frsm. Jón Árm. Héðinsson.

## Ed. 216. Breytingartillögur [4. mál]

við frv. til laga um ráðstafanir í sjávarútvegi og um ráðstöfun gengishagnaðar.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar (StJ, JÁH).

1. 1. gr. falli niður.
2. 2. gr falli niður.
3. 3. gr. falli niður.
4. 4. gr. falli niður.
5. Stafliðir 9. gr. orðist svo:
   a) Til þess að greiða hluta gengistaps vegna erlendra skulda eigenda fiskiskipa 600 millj. kr.

      Fiskveiðasjóði er heimilt að ráðstafa 300 millj. kr. af þessari fjárhæð, samkvæmt reglugerð er hann setur og ráðherra staðfestir, til lánveitinga í sjávarútvegi til 2—3 ára til að bæta lausafjárstöðu fyrirtækja, enda verði krafist öruggra trygginga fyrir lánum þessum.
   b) Styrkur til bátaflotans vegna rekstrarerfiðleika á tímabilinu frá 1. jan. til 1. sept. 1974 250 millj. kr.

      Styrkupphæðinni verði skipt þannig, að 40% hennar verði ráðstafað einvörðungu með tilliti til mannúthaldsdaga og 60% í samræmi við reglur er Aflatryggingasjóður setur, þar sem tekið verði tillit m. a. til aflamangs og lág-

markstekna, sem skipið þarf að hafa til að geta greitt kauptryggingu, enda hafi kaupgreiðslur til sjómanna forgang.

Allir fiskibátar, án tillits til stærðar, skulu hljóta styrk samkvæmt ákvæðum þessa stafliðs.

c) Styrkur til skuttogara verði 230 millj. kr. og miðist við fjölda úthaldsdaga.
d) Til lífeyrissjóða sjómanna 80 millj. kr., m. a. til þess að verðbæta lífeyrisgreiðslur til aldraðra sjómanna og ekkna, samkv. reglum, er stjórnir sjóðanna setja.
e) 20 millj. kr. til sjómannasamtakanna, til byggingar orlofshúsa og annarra félagsmála, eftir nánari ákvörðun stjórnar samtakanna.
f) Eftirstöðvum verði ráðstafað með sérstökum lögum af Alþingi síðar, þegar nákvæmari upplýsingar liggja fyrir um stöðu sjávarútvegs og fiskvinnslu.

## Nd. 217. Breytingartillögur [33. mál]

við frv. til laga um samræmda vinnslu sjávarafla og veiða, sem háðar eru sérstökum leyfum.

Frá Lúðvík Jósepssyni.

1. Við 2. gr. Greinin orðist þannig:
   Í þeim greinum veiða, sem háðar eru sérstökum leyfum samkvæmt 1. gr., skal leita umsagnar sjávarútvegsráðuneytisins um veitingu stofnlána opinberra aðila til byggingar nýrra vinnslustöðva eða meiri háttar breytinga á slíkum vinnslustöðvum.
2. Fyrirsögn frv. verði:
   Frv. til l. um veiðar og vinnslu rækju og skelfisks.

## Nd. 218. Nefndarálit [106. mál]

um frv. til l. um breyting á lögum nr. 97 27. des. 1973, um löndun á loðnu til bræðslu.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Undirritaðir nefndarmenn mæla með samþykkt bráðabirgðaákvæðanna á þskj. 197.

Alþingi, 19. des. 1974.

Pétur Sigurðsson, form., frsm. Guðlaugur Gíslason.

## Sþ. 219. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1974.

| I. Frá *Garðari Sigurðssyni.* | Þús. kr. |
|---|---|
| Við 4. gr. 1 08 381 03 Bygging sjúkrahúsa o. fl. | |
| Fyrir „597 800“ kemur | 600 900 |
| Sundurliðun breytist þannig: | |
| 33 Kirkjubæjarklaustur. | |
| Fyrir „6 900“ kemur | 10 000 |
| II. Frá *samvinnunefnd samgöngumála.* | |
| Við 4. gr. 1 10 321 03 Flóabátar og vöruflutningar. | |
| Fyrir „39 530“ kemur | 71 090 |

## Ed. 220. Nefndarálit [64. mál]

um frv. til laga um Framleiðslueftirlit sjávarafurða.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Sjávarútvegsnefnd hefur athugað frv., og samþykkt einróma að mæla með samþykkt þess með breytingum á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 19. des. 1974.

Steingr. Hermannsson, form. Stefán Jónsson, frsm. Oddur Ólafsson.
Jón Árm. Héðinsson. Jón G. Sólnes.

## Sþ. 221. Nefndarálit [1. mál]

um framlög til flóabáta og fólks- og vöruflutninga.

Frá samvinnunefnd samgöngumála.

Samvinnunefnd samgöngumála hefur eins og áður unnið að undirbúningi og tillögugerð um framlög ríkisjóðs til flóabáta og fólks- og vöruflutninga. Hefur nefndin að venju haft samráð við forstjóra Skipaútgerðar ríkisins. Hann hefur gert grein fyrir athugunum sínum á rekstri og rekstraráætlunum ýmissa flóabáta. Telur hann, að sjaldan eða aldrei hafi verið erfiðara en nú að mynda sér ákveðna skoðun um rekstur hinna einstöku flóabáta vegna byltinga í kaupgjalds- og verðlagsmálum. Ljóst er, að útgerðarkostnaður bátanna hefur stóraukist. Hækkað olíuverð bitnar á þessum rekstri af fullum þunga. Þar er ekki um niðurgreiðslur að ræða. Önnur óhjákvæmileg rekstrarútgjöld hækka. Ekki er unnt að hækka flutnings- og fargjöld það mikið, að þau geti vegið á móti auknum útgjöldum. Á hinn bóginn er hér yfirleitt um svo mikilvæga þjónustu að ræða fyrir byggðir landsins, að hún má með engu móti niður falla.

Á undanförnum árum hafa nokkrir styrkir verið veittir til að halda uppi vetrarflutningum og nauðsynlegum ferðum í snjóþungum byggðarlögum. Koma þar einkum til greina styrkir til snjóbifreiða. Slík ökutæki verða að vera traust og öflug. Kaupverð þeirra er því hátt og rekstrarkostnaður mikill. Víða hagar svo til, að ekki verður hjá því komist að hafa slík samgöngutæki til öryggis, ef slys eða veikindi ber að höndum. Svo er t. d. um þau byggðarlög, sem ekki hafa haft héraðslækna að staðaldri að undanförnu. Nefndin hefur talið rétt og raunar skylt nú sem áður að stuðla að því, að haldið verði uppi nauðsynlegum samgöngum og öryggisþjónustu í byggðum landsins með framangreindum hætti.

Þó að framlög til flóabáta og vöru- og fólksflutninga hafi hækkað allmikið að krónutölu ár frá ári, hafa þau ekki nægt til að fullnægja fjárþörf viðkomandi aðila. Flestir þeirra berjast í bökkum og sumir þeirra eiga við alvarleg fjárhagsvandræði að glíma. Að athuguðu máli taldi nefndin óhjákvæmilegt að hækka styrki þessa verulega að þessu sinni. Munar þar mest um hækkun til fjögurra stærstu flóabátanna. Reynt hefur verið að vega og meta réttilega allar umsóknir, sem borist hafa, og ganga sem lengst til móts við sanngjarnar óskir umsækjenda með hagsmuni heildarinnar fyrir augum.

### Norðurlandssamgöngur.

Norðurlandsbáturinn Drangur heldur uppi ferðum um farsvæði sitt með líkum hætti og verið hefur. Hann annast mjólkurflutninga til Ólafsfjarðar og Siglufjarðar tvisvar í viku að vetrinum og flytur auk þess vörur og farþega eftir þörfum. Þá fer báturinn til Grímseyjar og Hríseyjar tvisvar í mánuði. Yfir miðsumarið eru farnar aukaferðir til Grímseyjar og Hríseyjar með lystifarþega og flutninga. Nefndin leggur til, að framlag til bátsins verði 12 millj. kr. á árinu 1975. Lagt er til, að framlag til Hríseyjarbáts verði 550 þús. kr. og 200 þús. kr. í stofnstyrk. Sá bátur gengur milli Dalvíkur og Hríseyjar. Þá er lagt til, að Grímseyjarflug fái styrk að fjárhæð 500 þús. kr. Veittur er styrkur til nokkurra snjóbifreiða í Norðlendingafjórðungi.

### Austfjarðasamgöngur.

Lagt er til, að styrkur til Mjóafjarðarbáts verði 800 þús. kr., auk 50 þús. kr. í stofnstyrk. Margar snjóbifreiðar á Austfjörðum fá rekstrarstyrki að tillögu nefndarinnar, enda eru þar víða snjóþungir og erfiðir fjallvegir. Þær eru taldar veita mikla og gagnlega þjónustu.

### Suðurlandssamgöngur.

Vöruflutningar til hinna hafnlausu byggða í Vestur-Skaftafellssýslu eru kostnaðarsamir. Hafa þeir verið greiddir nokkuð niður undanfarin ár. Nefndin leggur til, að 2 millj. kr. verði varið til að lækka kostnað við þessa vöruflutninga.

### Faxaflóasamgöngur.

Flóabáturinn Akraborg heldur uppi ferðum milli Akraness og Reykjavíkur. Tekjur eru einkum af farþegaflutningi, en einnig flutningi bíla og varnings. Hf. Skallagrímur, sem annast rekstur Akraborgar, skipti um skip á þessu ári. Keypt var norskt ferjuskip „Tungenes", sem nú ber nafnið Akraborg. Hefur það skip verið í ferðum þessum síðari hluta ársins. Ekki hefur full reynsla fengist af notagildi þess, m. a. af því, að hafnaraðstaða er ófullnægjandi bæði á Akranesi og Reykjavík hvað það snertir. Unnið er að endurbótum á báðum stöðum. Miðað er að því, að þeim umbótum verði lokið í vor. Breytist þá aðstaða öll mjög til batnaðar. Erfitt er að meta fjárþörfina á þessu stigi málsins, en að sjálfsögðu er hér um fjölfarna samgönguleið að ræða, sem veitir mikilvæga þjónustu. Flutningsgeta skipsins er mikil fyrir fólk, bifreiðar og varning. Nefndin leggur til, að styrkur til Hf. Skallagríms verði 15 millj. kr. á næsta ári.

### Breiðafjarðarsamgöngur.

Flóabáturinn Baldur í Stykkishólmi annast flutninga milli Reykjavíkur og Breiðafjarðabyggða. Hann heldur uppi ferðum og flutningum um Breiðafjörð, Gilsfjörð og Hvammsfjörð. Áætlunarferðir milli Brjánslækjar á Barðaströnd og Stykkishólms með viðkomu í Flatey í báðum leiðum urðu samtals 72 á þessu ári til 1. október. Auk þess hefur báturinn viðkomu í Hvallátrum, Svefneyjum og Firði í Múlasveit eftir atvikum. Hagur bátsins er erfiður. Stofnstyrkur er nú felldur niður, en nefndin leggur til, að rekstrarstyrkur hækki og verði 17 millj. kr.

### Vestfjarðasamgöngur.

Djúpbáturinn Fagranes heldur uppi ferðum um Ísafjarðardjúp og til kauptúna í Vestur-Ísafjarðarsýslu, m. a. vegna mjólkurflutninga. Báturinn á nú í erfiðleikum. Lagt er til, að hann fái 13 millj. kr. í rekstrarstyrk, auk 200 þús.

kr. vegna mjólkurflutninga úr Dýrafirði. — Veittir eru nokkrir styrkir til vetrarflutninga og snjóbifreiða í Vestfirðingafjórðungi, m. a. í Barðastrandarsýslu, á Botnsheiði og Hólmavík.

## Almenn ályktun.

Nefndin varð sammála um það, að æskilegt væri, að miklu nákvæmari gögn fylgdu fjárbeiðnum flóabátanna í framtíðinni og sjá þyrfti til þess, að komið yrði fastara skipulagi á þessi mál og nákvæmara eftirliti með rekstri bátanna. Jafnframt þyrfti að fylgja hverri fjárbeiðni til nefndarinnar glögg greinargerð um þörf og aðstöðu alla, þegar sótt er um styrki til snjóbifreiða og vetrarsamgangna.

Enn fremur er það skilyrði sett fyrir því, að styrkur verði veittur og greiddur, að rekstri flóabátanna og annarra aðila verði hagað þannig í samráði við viðkomandi ráðuneyti, að þjónustan við landsbyggðina verði í senn hagkvæm og örugg.

Samkvæmt framanrituðu leggur samvinnunefnd samgöngumála til, að heildarfjárveiting til flóabáta, snjóbifreiða, fólks- og vöruflutninga verði á árinu 1975 71 090 000 kr. og skiptist sú fjárhæð þannig:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 1. | Norðurlandsbáturinn Drangur | 12 000 | þús. | kr. |
| 2. | Til vetrarsamgangna í Árneshreppi | 180 | — | — |
| 3. | Hríseyjarbátur | 550 | — | — |
| | Sami, stofnkostnaður | 200 | — | — |
| 4. | Grímsey vegna flugferða | 500 | — | — |
| 5. | Til snjóbifreiða í Dalvíkurlæknishéraði | 200 | — | — |
| 6. | Miðafjarðarbátur | 800 | — | — |
| | Sami, stofnkostnaður | 50 | — | — |
| 7. | Snjóbifreið í Vopnafirði | 200 | — | — |
| 8. | Snjóbifreið á Fjarðarheiði | 1 000 | — | — |
| | Sami, stofnkostnaður | 500 | — | — |
| 9. | Snjóbifreið á Fagradal | 270 | — | — |
| 10. | Snjóbifreið á Oddsskarð | 800 | — | — |
| | Sami, stofnkostnaður | 200 | — | — |
| 11. | Snjóbifreið á Fljótdalshéraði | 170 | — | — |
| 12. | Snjóbifreið í Borgarfirði eystra | 200 | — | — |
| 13. | Snjóbifreið Stöðvarfjörður-Egilsstaðaflugvöllur | 250 | — | — |
| 14. | Til vöruflutninga á Suðurlandi | 2 000 | — | — |
| 15. | Vestmannaeyjar vegna mjólkurflutninga | 1 300 | — | — |
| 16. | Hf. Skallagrímur | 15 000 | — | — |
| 17. | Mýrabátur | 30 | — | — |
| 18. | Til vetrarflutninga í Breiðavíkurhreppi | 120 | — | — |
| 19. | Stykkishólmsbáturinn Baldur | 17 000 | — | — |
| 20. | Langeyjarnesbátur | 250 | — | — |
| | Sami, stofnstyrkur | 150 | — | — |
| 21. | Snjóbifreið í Austur-Barðastrandarsýslu | 180 | — | — |
| 22. | Til vetrarflutninga í Vestur-Barðastrandarsýslu | 550 | — | — |
| 23. | Dýrafjarðarbátur | 150 | — | — |
| 24. | Snjóbifreið um Botnsheiði | 370 | — | — |
| 25. | Djúpbáturinn h/f Fagranes | 13 000 | — | — |
| | Sami vegna mjólkurflutninga úr Dýrafirði | 200 | — | — |
| 26. | Snjóbifreið í Þórshafnarhéraði | 200 | — | — |
| 27. | Snjóbifreiðar á Akureyri | 300 | — | — |
| | Sami, stofnstyrkur | 300 | — | — |
| 28. | Til vetrarflutninga á Lónsheiði | 300 | — | — |
| 29. | Snjóbifreið, Axarfjörður-Kópasker | 300 | — | — |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 30. | Snjóbifreið á Hólmavík | 220 | — | — |
| | Sami, stofnstyrkur | 200 | — | — |
| 31. | Snjóbifreið í Hálshreppi, S.-Þing. | 220 | — | — |
| 32. | Vetrarflutningar, Skarðshreppi, Dölum | 80 | — | — |
| 33. | Vetrarsamgöngur í Reykhóla- og Gufudalshreppi | 300 | — | — |
| 34. | Snjóbifreið, A.-Hún. | 100 | — | — |
| 35. | Egilsstaðir-Seyðisfjörður, mjólkurflutningar | 200 | — | — |

Samtals 71 090 þús. kr.

Alþingi, 19. des. 1974.

Friðjón Þórðarson, form. Nd.-nefndar.
Jón Helgason, form. Ed.-nefndar.
Sverrir Hermannsson, fundaskr. Nd.-nefndar.
Halldór Ásgrímsson, fundaskr. Ed.-nefndar.
Garðar Sigurðsson, með fyrirvara.
Karvel Pálmason, með fyrirvara.
Stefán Valgeirsson.
Sigurlaug Bjarnadóttir.
Páll Pétursson.
Jón G. Sólnes.
Steinþór Gestsson.
Stefán Jónsson.
Jón Árnason.
Eggert G. Þorsteinsson.

## Ed. 222. Nefndarálit [4. mál]

um frv. til laga um ráðstafanir í sjávarútvegi og um ráðstöfun gengishagnaðar.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess með þeim breytingum sem orðið hafa við meðferð málsins í neðri deild.

Alþingi, 18. des. 1974.

Steingr. Hermannsson, form., frsm.
Halldór Ásgrímsson, fundaskr.
Jón G. Sólnes.
Jón Árnason.
Oddur Ólafsson.

## Ed. 223. Frumvarp til laga [64. mál]

um Framleiðslueftirlit sjávarafurða.

(Eftir 2. umr. í Ed., 19. des.)

Samhljóða þskj. 67 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:

Framleiðslueftirlit sjávarafurða heyrir undir sjávarútvegsráðherra. Stofnunin skal hafa eftirlit með eða meta allan fisk, krabbadýr og skeldýr, sem veidd eru úr sjó, svo og meðferð, flutningi, geymslu og vinnslu þeirra.

Stofnunin skal meta og hafa eftirlit með útflutningi ofangreindra sjávarafurða á öllum vinnslustigum. Undanþeginn er þó eigin afli er fiskiskip flytja á erlendan markað, enda hafi hann ekki verið lagður hér á land. Um slíkan útflutning má þó setja reglur.

Einnig skal stofnunin hafa eftirlit með búnaði og hreinlæti í fiskiskipum, flutningatækjum, geymslum, vinnslustöðvum sjávarafurða og næsta nágrennis þeirra. Framleiðslueftirlitið skal veita leiðbeiningar um fiskverkun og meðferð sjávarafurða, svo og um önnur þau atriði, er það fjallar um.

Ráðherra getur sett reglugerðir um framkvæmd laga þessara meðal annars um umbúðir, merkingu, vörustaðla, flutning, útskipun og hleðslu sjávarafurða.

Ráðherra getur og með reglugerð lagt bann við því, að verkaður sé fiskur, krabbadýr eða skeldýr undir tiltekinni lágmarksstærð eða, sem ástæða er til að ætla að geti verið gölluð vara, menguð eða óheppileg til vinnslu annarra ástæðna vegna. Skal Framleiðslueftirlitið í samráði við ráðuneytið hafa eftirlit með aflasamsetningu fiskiskipa eftir því sem þurfa þykir og ennfremur, að ekki séu heimildarlaust unnar ofangreindar sjávarafurðir, sem ekki ná lágmarksstærðum þeim, sem fyrir er mælt í lögum og reglum.

5. gr. hljóðar svo:

Framleiðslueftirlit sjávarafurða skiptist í eftirtaldar deildir:

1. Hreinlætis- og búnaðardeild, sem einkum skal hafa eftirlit með hreinlæti og búnaði fiskiskipa, flutningatækja, vinnslustöðva og því er varðar heilnæmi við framleiðsluna.
2. Ferskfiskdeild, sem einkum skal annast eftirlit og gæðaeftirlit á ferskum, nýjum eða ísuðum fiski, krabbadýrum og skeldýrum.
3. Freðfiskdeild, sem einkum skal annast eftirlit og gæðaflokkun á framleiðslu frystra sjávarafurða, meðferð þeirra, geymslu og útflutningi.
4. Saltfisk- og skreiðardeild, sem einkum skal annast eftirlit og gæðaflokkun á öllum söltuðum sjávarafurðum og skreið.

6. gr. hljóðar svo:

Ráðherra skipar forstjóra stofnunarinnar að fengnum umsóknum um starfið.

Forstjóri Framleiðslueftirlits sjávarafurða hefur á hendi stjórn stofnunarinnar og yfirumsjón með allri starfsemi hennar.

Við skipun í starfið skal ráðherra taka tillit til háskólaprófs í matvælafræðum eða annarrar sambærilegrar menntunar umsækjenda.

9. gr. hljóðar svo:

Matsmenn, er starfa á vegum Framleiðslueftirlits sjávarafurða, framkvæma undir umsjón yfirmatsmanna eftirlit það og mat, sem lög þessi gera ráð fyrir.

Lögreglustjóri löggildir matsmenn samkvæmt tilnefningu forstjóra Framleiðslueftirlits sjávarafurða og sér um að þeir riti undir eiðstaf um, að þeir vilji rækja með alúð og kostgæfni skyldur þær, sem á þeim hvíla í starfi þeirra. Nemendur, sem lokið hafa prófi frá Fiskvinnsluskólanum, skulu njóta forgangs við ráðningu matsmanna.

13. gr. hljóðar svo:

Hver sá, sem ætlar að flytja úr landi fisk eða sjávarafurðir, sem lög þessi taka til, skal tilkynna það skrifstofu stofnunarinnar með hæfilegum fyrirvara, enda fari hleðsla vörunnar í skip eða annað flutningatæki fram undir umsjón starfsmanna Framleiðslueftirlits sjávarafurða.

Þeir, sem flytja út farma af sjávarafurðum, skulu skyldir til að hafa hleðslustjóra með skipunum, ef þau taka farm í fleiri höfnum en einni.

Hleðslustjórar skulu hlíta fyrirmælum yfirmatsmanna um hleðslu skipa, að því er varðar mat, gæði, útlit og merkingu vörunnar.

Lögreglustjóri löggildir hleðslustjóra samkvæmt tilnefningu forstjóra og sér um, að þeir riti undir eiðstaf um, að þeir vilji rækja með alúð og kostgæfni skyldur þær, sem á þeim hvíla í starfi þeirra.

## Nd. 224. Nefndarálit [61. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 6/1971, um Hótel- og veitingaskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin er sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins breytingalaust.

Alþingi, 19. des. 1974.

| | | |
|---|---|---|
| Ingvar Gíslason, form., frsm. | Sigurlaug Bjarnadóttir, fundaskr. | Gunnlaugur Finnsson. |
| Magnús T. Ólafsson. | Kjartan Ólafsson. | Ellert B. Schram. |

## Nd. 225. Nefndarálit [118. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 22 1973, um breyt. á l. um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, nr. 64 1965.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin mælir með samþykkt frv.

Alþingi, 19. des. 1974.

| | | |
|---|---|---|
| Pétur Sigurðsson, form., frsm. | Sverrir Hermannsson, fundaskr. | Garðar Sigurðsson. |
| Tómas Árnason. | Sighvatur Björgvinsson. | Guðl. Gíslason. |
| | Ragnheiður Sveinbjörnsdóttir. | |

## Ed. 226. Lög [4. mál]

um ráðstafanir í sjávarútvegi og um ráðstöfun gengishagnaðar.

(Afgreidd frá Ed. 19. des.)

Samhljóða þskj. 209 (sbr. 4).

## Nd. 227. Nefndarálit [64. mál]

um frv. til l. um Framleiðslueftirlit sjávarafurða.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Þrátt fyrir mjög naumlegan tíma til athugunar málsins mælir nefndin með samþykkt frv. með þeim breytingum sem gerðar hafa verið á því í Ed.
SighB tekur ekki afstöðu til málsins.

Alþingi, 19. des. 1974.

| | | |
|---|---|---|
| Pétur Sigurðsson, form., frsm. | Sverrir Hermannsson, fundaskr. | Garðar Sigurðsson. |
| Tómas Árnason. | Ragnheiður Sveinbjörnsdóttir. | Guðl. Gíslason. |

**Sþ.** **228. Breytingartillögur** [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1975 og við brtt. á þskj. 206.

Frá fjárveitinganefnd.

| | | | Þús. kr. |
|---|---|---|---|
| 1. | Við 1. gr. 3 Lánahreyfingar út: Endurgreiðsla spariskírteina útgefinna 1964. | | |
| | Fyrir „500 000“ kemur | | 715 000 |
| 2. | Við 4. gr. 1 00 201 Sérfræðileg aðstoð fyrir þingflokka. | | |
| | Fyrir „6 000“ kemur | | 8 000 |
| 3. | Við 4. gr. 1 02 201 Háskóli Íslands. Nýr liður: | | |
| | 19 Námsbraut í sjúkraþjálfun | | 3 000 |
| 4. | Við 4. gr. 1 02 553 Húsmæðraskólar 0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður. | | |
| | Fyrir „5 000“ kemur | | 6 000 |
| | Sundurliðun kemur á sérstöku yfirliti á þessa leið: | | |
| | Húsmæðraskólar (02 553). | | |
| | 1. Varmaland | 1 000 | |
| | 2. Staðarfell | 100 | |
| | 3. Laugarvatn | 4 900 | |
| | | | 6 000 |
| 5. | Við 4. gr. 1 02 232. Nýr liður: | | |
| | Landgrunnsrannsóknir | | 3 000 |
| 6. | Við 5. gr. 2 02 872 Lánasjóður ísl. námsmanna. Nýr liður: | | |
| | 420 Tekin lán | | 100 |
| 7. | Við 4. gr. 1 02 902 Þjóðminjasafn 0 92 Til sveitarfélaga. | | |
| | Fyrir „3 500“ kemur | | 5 000 |
| 8. | Við 4. gr. 1 02 988. Nýr liður: | | |
| | 18 Æskulýðsnefnd Norður-Þingeyjarsýslu | | 50 |
| 9. | Við 4. gr. 1 02 989 02 Íþróttasamband Íslands. | | |
| | Fyrir „13 517“ kemur | | 16 697 |
| 10. | Við 4. gr. 1 02 999 04 Náttúrugripasafn Akureyrar. | | |
| | Fyrir „200“ kemur | | 400 |
| 11. | Við 4. gr. 1 02 999 05 Náttúrugripasafn Neskaupstaðar. | | |
| | Fyrir „100“ kemur | | 200 |
| 12. | Við 4. gr. 1 02 999 06 Náttúrugripasafn Vestmannaeyja. | | |
| | Fyrir „100“ kemur | | 200 |
| 13. | Við 4. gr. 1 02 999 08 Sædýrasafnið, Hafnarfirði. | | |
| | Fyrir „1 000“ kemur | | 1 200 |
| 14. | Við 4. gr. 1 02 999. Nýr liður: | | |
| | 54 Til safnahúss á Blönduósi | | 200 |
| 15. | Við 4. gr. 1 02 999 65 Sædýrasafnið í Hafnarfirði, vegna stofnkostn. | | |
| | Fyrir „1 334“ kemur | | 1 600 |
| 16. | Við 4. gr. 1 02 999. Nýr liður: | | |
| | 79 Til verndar arnarstofninum | | 60 |
| 17. | Við 4. gr. 1 04 241 Landnám ríkisins 0 70 Vextir. | | |
| | Fyrir „438“ kemur | | 1 000 |
| 18. | Við 4. gr. 1 04 241 07 Til grænfóðurverksmiðja. | | |
| | Fyrir „35 000“ kemur | | 40 000 |
| 19. | Við brtt. 206, 28. — Við 4. gr. 1 04 286 03 Fyrirhleðslur. | | |
| | Fyrir „24 110“ kemur | | 25 210 |
| | Í sundurliðun bætast: | | |
| | a. Á eftir a. 1: | | |
| | Varnargarður vegna Kötlugoss | | 1 000 |

| | | Þús. kr. |
|---|---|---|
| | b. Á eftir c. 22: | |
| | Bjarteyjarsandur | 100 |
| 20. | Við 4. gr. 1 04 241 03 Inn-Djúpsáætlun. | |
| | Fyrir „5 000“ kemur | 7 000 |
| 21. | Við 4. gr. 1 04 299 10 Til félags áhugamanna um fiskrækt. | |
| | Fyrir „25“ kemur | 125 |
| 22. | Við 4. gr. 1 04 299 Nýir liðir: | |
| | 18 Til Búnaðarsambands Norðurlands vegna kaupa á heykögglaverksmiðju | 2 000 |
| | 19 Til Búnaðarsambands Suðurlands vegna kaupa á heykögglaverksmiðju | 2 000 |
| 23. | Við 4. gr. 1 04 503 Garðyrkjuskólinn á Reykjum 0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður | |
| | Fyrir „500“ kemur | 5 500 |
| 24. | Við 4. gr. 1 05 299 10 Verðuppbætur á línufisk. | |
| | Fyrir „20 000“ kemur | 26 000 |
| 25. | Við 4. gr. 1 07 975 Styrktarsjóður fatlaðra. | |
| | Fyrir „3 300“ kemur | 4 000 |
| 26. | Við 4. gr. 1 07 999 13 Slysavarnafélag Íslands. | |
| | Fyrir „8 017“ kemur | 11 197 |
| 27. | Við 4. gr. 1 07 999. Nýr liður: | |
| | 35 Styrktarfélag vangefinna á Norðurlandi | 100 |
| | 36 Styrktarfélag vangefinna á Austurlandi | 100 |
| | 37 Foreldrafélag fjölfatlaðra barna | 300 |
| | 38 Til Heilsuhælis Náttúrulækningafélags Íslands vegna byggingarframkvæmda í Hveragerði | 3 000 |
| 28. | Við 4. gr. 1 08 101 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 0 10 Laun. | |
| | Fyrir „14 246“ kemur | 15 246 |
| 29. | Við 4. gr. 1 08 399 09 Krabbameinsfélag Íslands. | |
| | Fyrir „8 338“ kemur | 12 307 |
| 30. | Við 4. gr. 1 09 383 Styrktarfé og ýmis eftirlaun, embættismenn. | |
| | Fyrir „17 936“ kemur | 17 788 |
| | Niður fellur: | |
| | Ragnheiður Þorsteinsdóttir, fyrrv. yfirröntgenkona. | |
| 31. | Við 4. gr. 1 09 384 Styrktarfé og ýmis eftirlaun, ekkjur. | |
| | Fyrir „12 069“ kemur | 12 269 |
| | Við bætast í stafrófsröð: | |
| | a. Margrét Jónsdóttir | 100 |
| | b. Sigrún Eiríksdóttir | 100 |
| 32. | Við 4. gr. 1 10 211 Vegagerð. | |
| | a. Við 0 20 Viðhald. | |
| | Fyrir „700 000“ kemur | 750 000 |
| | b. Við 0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður. | |
| | Fyrir „1 679 519“ kemur | 1 909 619 |
| | c. Við 0 91 Til fyrirtækja í B-hluta. | |
| | Fyrir „31 300“ kemur | 38 000 |
| | d. Við 0 92 Til sveitarfélaga. | |
| | Fyrir „336 800“ kemur | 350 000 |
| | e. Við 0 94 Til einstaklinga, heimila og samtaka. | |
| | Fyrir „2 580“ kemur | 5 000 |
| 33. | Við 4. gr. 1 10 333 05 Landshafnir. | |
| | Fyrir „439 226“ kemur | 524 226 |
| 34. | Við 4. gr. 1 10 341 Siglingastofnun ríkisins 0 10 Laun. | |
| | Fyrir „30 739“ kemur | 32 739 |

| | | | Þús. kr. | |
|---|---|---|---|---|
| 35. | Við 4. gr. 1 10 342 Sjóslysanefnd 0 20 Önnur rekstrargjöld. | | | |
| | Fyrir „523“ kemur | | 2 523 | |
| 36. | Við 4. gr. 1 10 651 03 Ferðamálasjóður. | | | |
| | Fyrir „10 000“ kemur | | 15 000 | |
| 37. | Við 4. gr. 1 11 301 Orkustofnun 0 20 Önnur rekstrargjöld. | | | |
| | Fyrir „154 167“ kemur | | 156 167 | |
| 38. | Við 4. gr. 1 11 371 04 Lán til jarðhitaleitar. | | | |
| | Fyrir „9 000“ kemur | | 9 300 | |
| 39. | Við 5. gr. 2 10 101 Póstur og sími | | | |
| | Liðurinn orðast svo: | | | |
| | 101 **Póstur og sími:** | | | |
| | 0 10 Laun | 1 760 000 | | |
| | 0 20 Önnur rekstrargjöld | 996 000 | | |
| | 0 27 Viðhald | 194 000 | | |
| | 0 70 Vextir | 24 000 | | |
| | 0 80 Afskriftir | 792 000 | | |
| | Gjöld samtals | 3 766 000 | | |
| | 1 10 Seldar vörur og þjónusta | 3 778 000 | | |
| | 1 30 Vaxtatekjur | 3 000 | | |
| | 1 90 Annað | 141 000 | | |
| | Tekjur samtals | 3 922 000 | | |
| | Mismunur | | | 156 000 |
| | Fjármunahreyfingar: | | | |
| | Út: | | | |
| | 3 10 Afborgun lána | 182 000 | | |
| | 3 30 Fjárfestingar | 750 000 | | |
| | 3 90 Annað | 169 000 | | |
| | Inn: | | | |
| | 4 20 Tekin lán | 153 000 | | |
| | 4 40 Afskriftir | 792 000 | | |
| | 4 50 Ráðstöfun eigin fjár | 156 000 | | |
| | Sundurliðun fjárfestinga kemur á sérstöku yfirliti á þessa leið: | | | |
| | **Fjárfesting Pósts og síma 1975 (2 10 101 330).** | | | |
| | 1. **Sjálfvirkar símstöðvar.** | | | |
| | a. Nýjar stöðvar | 6 000 | | |
| | b. Stækkanir á eldri stöðvum | 94 000 | | |
| | 2. **Línukerfi fyrir símnotendur.** | | | |
| | a. Í bæjum | 110 000 | | |
| | b. Í sveitum | 70 000 | | |
| | 3. **Landsímasambönd.** | | | |
| | a. Jarðsíma- og loftlínuleiðir | 65 000 | | |
| | b. Radíóleiðir | 68 000 | | |
| | c. Fjölsímaleiðir | 47 000 | | |
| | 4. **Fjarritar.** | | | |
| | a. Tónritsímabúnaður | 17 000 | | |
| | b. Ritsímatæki | 9 000 | | |
| | 5. **Radíóstöðvar.** | | | |
| | a. Fastar stöðvar | 39 000 | | |
| | 6. **Einkasímastöðvar.** | | | |
| | a. Sjálfvirkar | 35 000 | | |
| | b. Handvirkar | 35 000 | | |
| | 7. **Símatalfæri** | 25 000 | | |

| | | Þús. kr. |
|---|---|---|
| 8. **Hús** | 75 000 | |
| 9. **Bifreiðar og vinnuvélar** | 20 000 | |
| 10. **Ófyrirséð** | 35 000 | |
| | | 750 000 |

**Fjárfestingaráætlun 1975, sundurliðun.**

| | | |
|---|---|---|
| 1. **Sjálfvirkar símstöðvar:** | | |
| **Nýjar stöðvar:** | | |
| a. Breiðholt | 2 000 | |
| b. Breiðamýri | 1 300 | |
| c. Reykjaskóli | 200 | |
| d. Laugarbakki | 300 | |
| e. Staðarhóll | 1 300 | |
| f. Varmahlíð | 300 | |
| g. Bólstaðarhlíð | 300 | |
| h. Víðihlíð | 300 | |
| | | 6 000 |
| **Stækkanir á eldri stöðvum:** | | |
| a. Akureyri | 26 000 | |
| b. Telexstöðin í Reykjavík | 8 000 | |
| c. Grindavík | 34 000 | |
| d. Egilsstaðir | 250 | |
| e. Höfn | 600 | |
| f. Eskifjörður | 250 | |
| g. Hjalteyri | 100 | |
| h. Húsavík | 700 | |
| i. Brúarland | 600 | |
| j. Keflavík | 1 500 | |
| k. Laugarvatn | 1 300 | |
| l. Selfoss | 400 | |
| m. Siglufjörður | 300 | |
| n. Bæjarsími Rvík | 20 000 | |
| | | 94 000 |
| | | 100 000 |
| 2. **Línukerfi fyrir símnotendur:** | | |
| **Í bæjum og kauptúnum:** | | |
| a. Reykjavíkursvæði | 4 000 | |
| b. Reykjanessvæði | 6 500 | |
| c. Vesturland | 5 500 | |
| d. Vestfirðir | 4 300 | |
| e. Norðurl. vestra | 5 500 | |
| f. Norðurl. eystra | 8 500 | |
| g. Austurland | 7 000 | |
| h. Vestmannaeyjar | 1 700 | |
| i. Suðurland | 7 000 | |
| j. Sandg., Gerðahr. (ófyrirséð) | 10 000 | |
| k. Bæjarsími Rvík | 50 000 | |
| | | 110 000 |
| **Í sveitum:** | | |
| a. Laugarás, Aratunga, Árn. | 8 000 | |
| b. Kaupvangssveit | 3 000 | |
| c. Sæmundarhlíð, Skag. | 3 000 | |
| d. Tjörnes, S-Þing. | 7 000 | |
| e. Svalbarðsströnd, S-Þing. | 8 000 | |

| | | Þús. kr. |
|---|---|---|
| f. Aðaldalur, S-Þing. | 3 000 | |
| g. Nesjahr., A-Skaft. | 9 000 | |
| h. Þingeyri—Núpur, V-Ís. | 5 000 | |
| i. Gaulverjabæjar- og Villingaholtshr., Árn. | 7 000 | |
| j. Ýmsar framkv. | 7 000 | |
| k. Ófyrirséð | 10 000 | |
| | | 70 000 |
| | | 180 000 |
| **3. Landsímasambönd:** | | |
| **Jarðsíma- og loftlínuleiðir:** | | |
| a. Selfoss, Aratunga | 17 000 | |
| b. Laugarvatn | 5 000 | |
| c. Selfoss, Hveragerði | 3 000 | |
| d. Húsavík, Máná | 9 000 | |
| e. Þingeyri, Önundarfj. | 8 000 | |
| f. Þingeyri, Bíldudalur | 13 000 | |
| g. Ófyrirséð | 10 000 | |
| | | 65 000 |
| **Radíóleiðir:** | | |
| a. Álftanes, Stykkishólmur, 960 rásir | 8 000 | |
| b. Gagnheiði, Vaðlaheiði, 300 rásir | 10 000 | |
| c. Björg, Vaðlaheiði, 300 rásir | 1 500 | |
| d. Raufarhöfn, Tjörnes, 60 rásir | 9 000 | |
| e. Gjögur, Blönduós, 1 rás | 1 500 | |
| f. Bráðabirgða, VHF sambönd | 3 000 | |
| g. Reykjavík, Hvolsvöllur/Vestm. 960/300 rásir | 35 000 | |
| | | 68 000 |
| **Fjölsímaleiðir:** | | |
| 1. Húsavík, Raufarhöfn, 24 rásir, Húsavík, Kópasker, 12 rásir | 12 000 | |
| 2. Rvík og Breiðholt, osc. statif, GK fitter og GDF statif | 10 000 | |
| 3. 12/24 rása fjölsímar fyrir ýmsar símstöðvar (ófyrirséð) | 10 000 | |
| 4. Reykjavík, Vestmannaeyjar, 120 rásir. Reykjavík, Hvolsvöllur, 1×60 grúppa. Vík, Hvolsvöllur, 60 rásir | 15 000 | |
| | | 47 000 |
| | | 180 000 |
| **4. Fjarritar:** | | |
| Tónritsímabúnaður | 17 400 | |
| Ritsímatæki | 8 600 | |
| | | 26 000 |
| | | 26 000 |
| **5. Radíóstöðvar:** | | |
| **Fastar stöðvar.** | | |
| a. Höfn: millibylgja á Stokksn. | 13 500 | |
| b. Reykjavík: millibylgja í Gróttu f. 2311 | 2 000 | |
| c. Reykjavík: millibylgja í Grindavík f. 2311 | 2 000 | |
| d. SSB viðtæki (fastst illt) (ófyrirséð) | 2 500 | |
| e. 5 VHF strandarstöðvar | 8 000 | |

| | | Þús. kr. |
|---|---|---|
| f. 8 VHF móðurstöðvar f. bifreiðar (ófyrirséð) .. | 6 000 | |
| g. Vestmannaeyjar: millibylgja í Klauf ..... | 3 000 | |
| h. Tæki f. radíóeftirlit (ófyrirséð) ..... | 2 000 | |
| | | 39 000 |
| 6. **Einkasímstöðvar:** | | 39 000 |
| **Sjálfvirkar:** | | |
| a. Símatæknideild ..... | 5 000 | |
| b. Bæjarsími Reykjavíkur ..... | 30 000 | |
| | | 35 000 |
| **Handvirkar:** | | |
| a. Símatæknideild ..... | 11 000 | |
| b. Bæjarsími Reykjavíkur ..... | 24 000 | |
| | | 35 000 |
| 7. **Símatalfæri:** | | 70 000 |
| a. Símatæknideild ..... | 9 000 | |
| b. Bæjarsími Reykjavíkur ..... | 16 000 | |
| | | 25 000 |
| 8. **Hús:** | | 25 000 |
| a. Stöðvarfjörður ..... | 7 000 | |
| b. Breiðdalsvík ..... | 7 000 | |
| c. Djúpivogur ..... | 7 000 | |
| d. Grindavík ..... | 3 000 | |
| e. Mývatn ..... | 1 000 | |
| f. Brúarland ..... | 6 000 | |
| g. Keflavík ..... | 3 000 | |
| h. Tengihús og önnur símahús (ófyrirséð) ..... | 18 000 | |
| i. Birgðast., Egilsst. ..... | 2 000 | |
| j. Birgðahús, Jörfa ..... | 3 000 | |
| k. Hellissandur ..... | 5 000 | |
| l. Bolungarvík ..... | 5 000 | |
| m. Hólmavík ..... | 5 000 | |
| **Strandarstöðvahús** ..... | 3 000 | |
| | | 75 000 |
| | | 75 000 |
| a. Póststofan í Reykjavík ..... | 3 000 | |
| b. Tæknideild ..... | 17 000 | |
| | | 20 000 |
| 40. Við 5. gr. 2 11 321 Rafmagnsveitur ríkisins. | | 20 000 |
| a. Við 3 30 Fjárfestingar, almennar. | | |
| Fyrir „680 000“ kemur ..... | | 1 017 000 |
| b. Við 4 20 Tekin lán. | | |
| Fyrir „910 000“ kemur ..... | | 1 247 000 |
| Á sérstöku yfirliti kemur sundurliðun fjárfestinga á þessa leið: | | |
| **Framkvæmdir Rafmagnsveitna ríkisins 1975 (2 11 321).** | | |
| **Virkjanir:** | | |
| 1. Lagarfossvirkjun ..... | 99 600 | |
| 2. Mjólká II ..... | 245 000 | |
| 3. Smyrlabjargaárvirkjun ..... | 10 000 | |
| | | 354 600 |

| | | Þús. kr. | |
|---|---|---|---|
| | **Stofnlínur:** | | |
| 1. | Bláfeldur — Vegamót | 13 500 | |
| 2. | Ólafsvík — Grundarfjörður | 6 900 | |
| 3. | Skógarstrandarlína | 17 500 | |
| 4. | Mjólkárvirkjun — Breiðdalur | 51 300 | |
| 5. | Skeiðfoss — Dalvík | 30 000 | |
| 6. | Lína til aðveitust., Akureyri | 7 000 | |
| 7. | Reyðarfjarðarlína | 30 000 | |
| 8. | Línubreyt., Fáskrúðsfj., — Breiðdv. | 14 000 | |
| 9. | Línur til aðvst. Eyvindarár | 8 000 | |
| 10. | Línur að sæstr. Berufirði | 8 000 | |
| 11. | Víkurlína, þéttir og spennust. | 6 000 | |
| | | | 192 200 |
| | **Aðveitustöðvar:** | | |
| 1. | Akranes, tenging við Andakíl | 4 400 | |
| 2. | Vegamót | 45 500 | |
| 3. | Snæfellsnes, aðveitustöðvar | 30 000 | |
| 4. | Patreksfj., færsla | 3 600 | |
| 5. | Ólafsfjörður | 20 000 | |
| 6. | Akureyri | 15 500 | |
| 7. | Húsavík | 3 600 | |
| 8. | Eyvindará v/Egilsstaða | 22 000 | |
| 9. | Reyðarfj. | 18 100 | |
| 10. | Fáskrúðsfj. | 2 700 | |
| 11. | Stöðvarfj. | 9 000 | |
| 12. | Breiðdalsvík | 9 000 | |
| 13. | Berufjarðarströnd | 9 000 | |
| 14. | Djúpivogur (½) | 9 000 | |
| 15. | Þorlákshöfn | 6 000 | |
| 16. | Korpa | 18 000 | |
| | | | 225 400 |
| | **Innanbæjarkerfi** | | 90 000 |
| | **Dísilstöðvar:** | | |
| 1. | Reykhólar | 14 900 | |
| 2. | Laxárvatn, lúkning | 28 000 | |
| 3. | Seyðisfjörður | 14 900 | |
| 4. | Hornafjörður | 54 000 | |
| 5. | Raufarhöfn, flutn. | 6 000 | |
| 6. | Hreyfanleg varast. í Norðurl. eystra | 12 000 | |
| | | | 129 800 |
| | **Vélar og tæki** | | 25 000 |
| | | Samtals | 1 017 000 |
| | | ÷ Heimtaugagjöld | 20 000 |
| | | Samtals | 997 000 |

41. Við 5. gr. 2 11 331 Jarðboranir ríkisins.
    a. Við 3 30 Fjárfestingar.
    Fyrir „313 000“ kemur ..... 333 000
    b. Við 4 20 Tekin lán.
    Fyrir „313 000“ kemur ..... 333 000

42. Við 6. gr. XXXI. Nýir liðir:
    a. Að ábyrgjast allt að 50 m. kr. lán fyrir Náttúrulækningafélag Íslands vegna byggingar heilsuhælis í Hveragerði, gegn tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar.
    b. Að hækka framlög skv. þingsályktun um landgræðslu- og gróðurverndaráætlun frá 28. júlí 1974 í samræmi við þá hækkun framkvæmdakostnaðar, sem kann að verða skv. útreikningi Hagstofu Íslands.
    c. Að fella niður aðflutningsgjöld og söluskatt af jarðbor, sem Jarðboranir ríkisins flytja inn frá Bandaríkjunum.
    d. Að fella niður aðflutningsgjöld og söluskatt af stjörnukíki, sem Valhúsaskóli fær að gjöf.
    e. Að festa kaup á Nesstofu, ásamt hæfilegri lóð.
    f. Að endurgreiða söluskatt og aðflutningsgjöld af sjúkrabifreið fyrir Hvammstangalæknishérað.
    g. Að taka lán allt að 100 m. kr. til kaupa á tækjum fyrir Landhelgisgæsluna.
    h. Að ábyrgjast allt að 80 m. kr. lán fyrir Sjómannadagsráð í Reykjavík og Hafnarfirði vegna nýbyggingar dvalarheimilis aldraðra í Hafnarfirði, gegn tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar.
    i. Að fella niður aðflutningsgjöld og söluskatt af merktum borðbúnaði spítala, hæla, elliheimila og annarra heilsugæslustöðva.
    j. Að taka lán allt að 50 m. kr. til að ljúka framkvæmdum við Fæðingadeild Landspítalans.
    k. Að taka lán allt að 20 m. kr. til að leggja varanlegt slitlag á flugvöllinn á Ísafirði. Lánið verði endurgreitt af framkvæmdafé til flugvalla á árinu 1976.
    l. Að ábyrgjast fyrir St. Jósepsspítala í Hafnarfirði allt að 15 m. kr. lán vegna viðbyggingar við spítalann gegn tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar.
    m. Að ábyrgjast lán allt að 15 m. kr. fyrir Bandalag starfsmanna ríkis og bæja til áframhaldandi uppbyggingar orlofsheimila að Munaðarnesi gegn tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar.
    n. Að heimila Hafnabótasjóði að taka lán allt að 40 m. kr. til að létta greiðslubyrði hafnarsjóða af lánum samkv. reglum sjóðsins. Ráðherra skal gera tillögu til fjárveitinganefndar um skiptingu fjárins, og skal við skiptinguna hafa hliðsjón af tekjum og gjöldum hafnarsjóðs, framlagi sveitarfélags til hafnarsjóðs, fólksfjölda og öðrum þeim atriðum, sem hafa áhrif á greiðslugetu hafnarsjóðsins.
    o. Að breyta inneign Ríkisábyrgðasjóðs hjá flóabátnum Baldri að upphæð allt að 10 m. kr. í hlutafjáreign ríkissjóðs í félaginu.
    p. Að taka lán allt að 350 m. kr. vegna stofnlínulagnar frá Andakílsárvirkjun að Laxárvatni í A.-Hún.
    r. Að taka lán allt að 150 m. kr. vegna undirbúningsframkvæmda Kröfluvirkjunar.
    s. Að taka lán allt að 150 m. kr. til undirbúningsframkvæmda vegna Bessastaðaárvirkjunar.
    t. Að fella niður aðflutningsgjöld og söluskatt af efni til stofnlínu frá Andakílsárvirkjun að Laxárvatni í A.-Hún.
    u. Að ábyrgjast fyrir Skúla Pálsson fiskræktarbónda allt að 15 m. kr. lán vegna byggingar fiskeldisstöðvar í landi jarðarinnar Þóroddsstaða II í Ölfushreppi gegn þeim tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar.

43. Við 6. gr. XXXV. Nýr liður:
    Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka allt að 657 m. kr. innlent lán, þar af 332 m. kr. vegna orkumála og 300 m. kr. vegna vegamála.

44. Við 7. gr. Greinin orðist svo:
    Skattvísitala árið 1975 skal vera 151 stig, miðað við 100 stig árið 1974.

**Sþ.** **229. Breytingartillögur** [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1975.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

| | Við 3. gr. | Þús. kr. |
|---|---|---|
| 1. | Við 1 11 02 Lífeyristryggingagjald atvinnurekenda. | |
| | Fyrir „754 200“ kemur | 803 800 |
| 2. | Við 1 11 11 Slysatryggingaiðgjöld atvinnurekenda o. fl. | |
| | Fyrir „369 300“ kemur | 479 000 |
| 3. | Við 1 12 01 Eignarskattur einstaklinga. | |
| | Fyrir „203 000“ kemur | 217 000 |
| 4. | Við 1 12 02 Byggingasjóðsgjald af eignarskatti einstaklinga. | |
| | Fyrir „2 030“ kemur | 2 170 |
| 5. | Við 1 12 03 Eignarskattur félaga. | |
| | Fyrir „212 000“ kemur | 226 000 |
| 6. | Við 1 12 04 Byggingasjóðsgjald af eignarskatti félaga. | |
| | Fyrir „2 120“ kemur | 2 260 |
| 7. | Við 1 13 01 Tekjuskattur einstaklinga. | |
| | Fyrir „6 381 000“ kemur | 6 415 000 |
| 8. | Við 1 13 01 Skattafsláttur. | |
| | Fyrir „600 000“ kemur | 625 000 |
| 9. | Við 1 13 02 Byggingasjóðsgjald af tekjuskatti einstaklinga. | |
| | Fyrir „63 810“ kemur | 64 150 |
| 10. | Við 1 13 03 Tekjuskattur félaga. | |
| | Fyrir „850 000“ kemur | 1 030 000 |
| 11. | Við 1 13 04 Byggingasjóðsgjald af tekjuskatti félaga. | |
| | Fyrir „8 500“ kemur | 10 300 |
| 12. | Við 1 15 01 Aðflutningsgjöld. | |
| | Fyrir „10 000 000“ kemur | 10 192 000 |
| 13. | Við 1 15 01 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga. | |
| | Fyrir „500 000“ kemur | 510 000 |
| 14. | Við 1 15 02 Aðflutningsgjöld af sjónvarpstækjum. | |
| | Fyrir „40 000“ kemur | 37 000 |
| 15. | Við 1 15 05 Byggingasjóðsgjald af innflutningi. | |
| | Fyrir „50 000“ kemur | 50 960 |
| 16. | Við 1 15 11 Innflutningsgjald af bensíni. | |
| | Fyrir „1 751 000“ kemur | 1 742 000 |
| 17. | Við 1 15 12 Gúmmígjald. | |
| | Fyrir „99 000“ kemur | 96 000 |
| 18. | Við 1 15 21 Innflutningsgjald af bifreiðum. | |
| | Fyrir „635 000“ kemur | 630 000 |
| 19. | Við 1 16 04 Álgjald. | |
| | Fyrir „337 000“ kemur | 320 000 |
| 20. | Við 1 17 01 Söluskattur. | |
| | Fyrir „16 877 000“ kemur | 17 870 000 |
| 21. | Við 1 17 01 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga. | |
| | Fyrir „1 033 000“ kemur | 1 080 000 |
| 22. | Við 1 17 21 Launaskattur. | |
| | Fyrir „2 212 000“ kemur | 2 400 000 |
| 23. | Við 1 17 31 Rekstrarhagnaður Á. T. V. R. | |
| | Fyrir „3 500 000“ kemur | 4 100 000 |
| 24. | Við 1 17 32 Gjald af seldum vindlingum. | |
| | Fyrir „32 972“ kemur | 43 301 |

Þús. kr.

25. Við 1 19 01 Stimpilgjald.
Fyrir „404 000“ kemur ..... 460 000
26. Við 1 19 02 Aukatekjur.
Fyrir „48 500“ kemur ..... 53 000
27. Við 1 19 03 Þinglýsingar.
Fyrir „178 000“ kemur ..... 200 000
28. Við 1 19 11 Bifreiðaskattur.
Fyrir „395 000“ kemur ..... 412 000
29. Við 1 19 13 Skrásetningargjald bifreiða.
Fyrir „12 000“ kemur ..... 9 800
30. Við 1 19 14 Skoðunargjald bifreiða.
Fyrir „17 000“ kemur ..... 16 800
31. Við 1 19 21 Lestagjald.
Fyrir „1 600“ kemur ..... 1 800
32. Við 1 19 23 Skipaskoðunargjald.
Fyrir „3 500“ kemur ..... 4 500
33. Við 1 19 32 Hluti af umboðsþóknun og gengismun gjaldeyrisbankanna.
Fyrir „398 000“ kemur ..... 393 000
34. Við 1 19 33 Leyfisgjald.
Fyrir „18 000“ kemur ..... 17 700
35. Við 1 19 98 Sérlyfjagjald.
Fyrir „800“ kemur ..... 1 300

## Nd. 230. Lög [106. mál]

um breyting á lögum nr. 97 27. des. 1973, um löndun á loðnu til bræðslu.

(Afgreidd frá Nd. 19. des.)

Samhljóða þskj. 197 (sbr. 122).

## Nd. 231. Lög [118. mál]

um breyting á lögum nr. 22 1973, um breyting á lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, nr. 64 1965.

(Afgreidd frá Nd. 19. des.)

Samhljóða þskj. 155.

## Nd. 232. Lög [64. mál]

um Framleiðslueftirlit sjávarafurða.

(Afgreidd frá Nd. 19. des.)

Samhljóða þskj. 223 (sbr. 67).

# Nd. 233. Frumvarp til laga [130. mál]

um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir.

(Lagt fyrir Alþingi á 96. löggjafarþingi, 1974.)

## I. KAFLI
### Ráðgjöf og fræðsla.

1. gr.

Gefa skal fólki kost á ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir.

Landlæknir hefur á höndum yfirumsjón með framkvæmd og uppbyggingu slíkrar ráðgjafar og fræðslu.

2. gr.

Aðstoð skal veita, eftir því sem við á, svo sem hér segir:

1. Fræðsla og ráðgjöf um notkun getnaðarvarnir og útvegun þeirra.
2. Ráðgjöf fyrir fólk, sem íhugar að fara fram á fóstureyðingu eða ófrjósemisaðgerð.
3. Kynlífsfræðsla og ráðgjöf og fræðsla um ábyrgð foreldrahlutverks.

3. gr.

Ráðgjafarþjónusta þessi skal veitt á heilsugæslustöðvum og sjúkrahúsum og má vera í starfstengslum við mæðranefnd, kvensjúkdómadeildir, geðvernd, fjölskylduráðgjöf og félagsráðgjafaþjónustu.

4. gr.

Að ráðgjafarþjónustunni skulu starfa læknar, félagsráðgjafar, ljósmæður, hjúkrunarfólk og kennarar, eftir því sem þörf krefur.

5. gr.

Allar viðurkenndar getnaðarvarnir skulu fást hjá ráðgjafarþjónustunni. Unnið skal að því að auðvelda almenningi útvegun getnaðarvarna, m. a. með því, að sjúkrasamlög taki þátt í kostnaði þeirra.

6. gr.

Ráðgjöf fyrir fólk, sem íhugar fóstureyðingu eða ófrjósemisaðgerð, tekur til þess, sem hér segir:

1. Læknishjálp.
2. Þungunarprófanir.
3. Ráðgjafar- og stuðningsviðtöl.
4. Félagsleg aðstoð.
5. Aðstoð við umsókn og tilvísun til sjúkrahúss.

7. gr.

Í samráði við fræðsluyfirvöld skal veita fræðslu um kynlíf og siðfræði kynlífsins á skyldunámsstigi í skólum landsins. Einnig skal veita fræðslu á öðrum námsstigum.

Skólayfirlæknir skal sjá um framkvæmd og uppbyggingu fræðslustarfs skv. þessari grein.

## II. KAFLI
## Um fóstureyðingar.

### 8. gr.

Fóstureyðing samkvæmt lögum þessum er læknisaðgerð, sem kona gengst undir í því skyni að binda endi á þungun, áður en fóstrið hefur náð lífvænlegum þroska.

### 9. gr.

Fóstureyðing er heimil:

1. **Félagslegar ástæður:**
   Þegar ætla má, að þungun og tilkoma barns verði konunni og hennar nánustu óbærileg vegna óviðráðanlegra félagslegra ástæðna. Við slíkar aðstæður skal tekið tillit til eftirfarandi:
   a) Hafi konan alið mörg börn með stuttu millibili og skammt er liðið frá síðasta barnsburði.
   b) Eigi konan við að búa bágar heimilisástæður vegna ómegðar, fátæktar eða alvarlegs heilsuleysis annarra á heimilinu.
   c) Þegar konan getur ekki vegna æsku og þroskaleysis annast barnið á fullnægjandi hátt.
   d) Annarra ástæðna, séu þær fyllilega sambærilegar við ofangreindar aðstæður.

2. **Læknisfræðilegar ástæður:**
   a) Þegar ætla má, að heilsu konu, líkamlegri eða andlegri, sé hætta búin af áframhaldandi meðgöngu og fæðingu.
   b) Þegar ætla má, að barn, sem kona gengur með, eigi á hættu að fæðast vanskapað eða haldið alvarlegum sjúkdómi vegna erfða eða sköddunar í fósturlífi.
   c) Þegar sjúkdómur, líkamlegur eða geðrænn, dregur alvarlega úr getu konu eða manns til að annast og ala upp barn.

3. Ef konu hefur verið nauðgað eða hún orðið þunguð sem afleiðing af öðru refsiverðu atferli.

### 10. gr.

Fóstureyðing skal framkvæmd eins fljótt og auðið er og helst fyrir lok 12. viku meðgöngutímans.

Fóstureyðing skal aldrei framkvæmd eftir 16. viku meðgöngutímans, nema fyrir hendi séu ótvíræðar læknisfræðilegar ástæður og líf og heilsu konunnar stefnt í því meiri hættu með lengri meðgöngu og/eða fæðingu. Einnig skal fóstureyðing leyfileg eftir 16 vikur, séu miklar líkur á vansköpun, erfðagöllum eða sköddun fósturs.

Slíkar undanþágur eru aðeins heimilar að fenginni skriflegri heimild nefndar, skv. 28. gr.

### 11. gr.

Áður en fóstureyðing má fara fram, verður að liggja fyrir skrifleg rökstudd greinargerð tveggja lækna eða læknis og félagsráðgjafa um nauðsyn aðgerðarinnar. Sé um læknisfræðilegar ástæður að ræða þá skal annar aðilinn vera starfandi sérfræðingur í almennum skurðlækningum eða í kvensjúkdómafræðum. Sé um að ræða félagslegar ástæður eingöngu, þá skal annar aðilinn vera félagsráðgjafi sé hann starfandi í viðkomandi heilsugæsluumdæmi.

Þar sem ástæða þykir til skal viðkomandi sérfræðingur styðjast við álitsgerð geðlæknis, sé um geðræna sjúkdóma að ræða.

12. gr.

Áður en fóstureyðing má fara fram, er skylt að konan, sem sækir um aðgerðina, hafi verið frædd um áhættu samfara aðgerðinni og hún hafi hlotið fræðslu um, hvaða félagsleg aðstoð henni stendur til boða í þjóðfélaginu. Öll ráðgjöf og fræðsla skal veitt á óhlutlægan hátt.

13. gr.

Umsókn, greinargerð og vottorð skulu rituð á þar til gerð eyðublöð, sem landlæknir gefur út.

Eftirfarandi atriða skal gætt.

1. Kona skal skrifa sjálf undir greinargerð og umsókn um fóstureyðingu.
2. Sé kona vegna geðsjúkdóms, mikils greindarskorts eða af öðrum ástæðum ófær um að gera sér grein fyrir nauðsyn aðgerðarinnar, þá er heimilt að veita leyfi til aðgerðarinnar skv. umsókn lögráðamanns.
3. Sé kona yngri en 16 ára eða svipt sjálfræði, skulu foreldrar eða lögráðamaður taka þátt í umsókn með henni nema sérstakar ástæður mæli gegn því.
4. Sé þess kostur, skal maðurinn taka þátt í umsókn konunnar, nema sérstakar ástæður mæli gegn því.
5. Hætti kona við aðgerð ber henni að staðfesta þann vilja sinn skriflega. Sé konu synjað um aðgerð, skal það tilkynnt hlutaðeigandi aðilum. Telji hlutaðeigandi aðilar að kona hafi verið misrétti beitt, þá ber þeim skylda til að vísa málinu til úrskurðar nefndar þeirrar, sem kveðið er á um í 28. gr.

   Hafi konu verið synjað um aðgerð í einu sjúkrahúsi, er ekki heimilt að framkvæma aðgerðina á öðru sjúkrahúsi nema leyfi nefndarinnar komi til.

14. gr.

Sjálfri aðgerðinni skal hagað eftir fyllstu viðurkenndum kröfum læknisfræðinnar til tryggingar því að konunni verði sem minnst um aðgerðina. Sama gildir og um allan aðbúnað konu er aðgerðin fer fram.

15. gr.

Einungis læknar mega framkvæma fóstureyðingar. Fóstureyðingu má einungis framkvæma í sjúkrahúsum, sem ráðherra viðurkennir í því skyni.

16. gr.

Áður en kona, sem gengist hefur undir fóstureyðingu, útskrifast af sjúkrahúsinu, skulu henni veittar leiðbeiningar um getnaðarvarnir. Ef konan er gift eða í sambúð, skal maðurinn, ef mögulegt er, einnig hljóta leiðbeiningar um getnaðarvarnir.

Einnig skal konunni gert að skyldu að koma í eftirrannsókn að ákveðnum tíma liðnum til læknisskoðunar og viðtals.

## III. KAFLI

## Um ófrjósemisaðgerðir.

17. gr.

Ófrjósemisaðgerð er samkvæmt lögum þessum, þegar sáðgöngum karla eða eggvegum kvenna er lokað og þannig komið í veg fyrir, að viðkomandi auki kyn sitt.

18. gr.

Ófrjósemisaðgerð er heimil samkvæmt þessum lögum:

1. **Að ósk viðkomandi,** ef hún/hann, sem er fullra 25 ára, óskar eindregið og að vel íhuguðu máli eftir því að komið verði í veg fyrir að hún/hann auki kyn sitt, og ef engar læknisfræðilegar ástæður eru til staðar, sem mæli gegn aðgerð.

II. **Sé viðkomandi ekki fullra 25 ára:**

1) ef ætla má að heilsu konu sé hætta búin af meðgöngu og fæðingu.
2) ef fæðing og forsjá barna yrði of mikið álag fyrir hana/hann með hliðsjón af lífskjörum fjölskyldunnar og af öðrum ástæðum.
3) ef sjúkdómur, líkamlegur eða geðrænn, dregur alvarlega úr getu hennar/hans til að annast og ala upp börn.
4) þegar ætla má að barn viðkomandi eigi á hættu að fæðast vanskapað eða haldið alvarlegum sjúkdómi, vegna erfða eða sköddunar á fósturstigi.

**19. gr.**

Ófrjósemisaðgerð er heimil skv. 18. gr. I. ef fyrir liggur umsókn viðkomandi, undirrituð sbr. 20. gr. á þar til gerðum eyðublöðum, sem landlæknir annast útgáfu á.

Ófrjósemisaðgerð er heimil skv. 18. gr. II. 1), 2), 3) og 4) þegar fyrir liggur umsókn viðkomandi sbr. 20. gr. og rökstudd skrifleg greinargerð tveggja lækna, eða læknis og félagsráðgjafa, sé eingöngu um að ræða félagslegar ástæður fyrir aðgerð. Annar þessara lækna skal vera sá sérfræðingur, sem aðgerðina framkvæmir. Sé ástæða umsóknar utan hans sérsviðs, ber honum að styðjast við álitsgerð sérfræðings í viðkomandi grein.

**20. gr.**

Umsókn skal fylgja yfirlýsing viðkomanda, undirrituð eigin hendi, að henni/honum sé ljóst í hverju aðgerðin sé fólgin, og að hún/hann fari fram á ófrjósemisaðgerð af frjálsum vilja. (samanber þó 22. gr.).

**21. gr.**

Áður en ófrjósemisaðgerð er heimiluð samkvæmt lögum þessum, skal viðkomanda skýrt frá því í hverju aðgerðin sé fólgin og að hún geti komið varanlega í veg fyrir, að viðkomandi geti aukið kyn sitt.

**22. gr.**

Ef ástæður til ófrjósemisaðgerðar svo sem segir í 18. gr. II. eru fyrir hendi eða ef viðkomandi er fullra 25 ára, en er vegna geðsjúkdóms, mikils greindarskorts eða annarra geðtruflana varanlega ófær um að gera sér grein fyrir afleiðingum aðgerðarinnar, er heimilt að veita leyfi til aðgerðar samkvæmt umsókn sérstaklega skipaðs lögráðamanns.

**23. gr.**

Einungis læknar með sérfræðiviðurkenningu í almennum skurðlækningum, kvensjúkdómum og þvagfæraskurðlækningum mega framkvæma ófrjósemisaðgerðir.

Ráðherra getur þó í samráði við landlækni heimilað sjúkrahúslækni framkvæmd slíkrar aðgerðar.

Aðgerðirnar má einungis framkvæma í sjúkrahúsum er til þess hafa hlotið viðurkenningu ráðherra.

## IV. KAFLI
## Almenn ákvæði.

**24. gr.**

Umsókn, læknisvottorð og greinargerð, sem um getur í 11. og 19. gr. laga þessara, skal leggja með sjúkraskrá sjúklingsins á sjúkrahúsinu.

Að aðgerð lokinni skal senda landlækni greinargerð um framkvæmd hennar á þar til gerðum eyðublöðum sem landlæknir lætur í té.

25. gr.

Synjanir umsókna um fóstureyðingu eða ófrjósemisaðgerð skulu tilkynntar landlækni og þess skal getið hvers vegna umsókn hafi verið synjað.

26. gr.

Heilbrigðisyfirvöldum ber að hafa eftirlit með framkvæmd laganna og ber að stuðla að samræmi í framkvæmd þeirra í öllum landshlutum. Þeim, sem starfa að framkvæmd laganna, skal veitt fræðsla og leiðbeiningar varðandi framkvæmd þeirra.

27. gr.

Allir þeir, sem starfa á einn eða annan hátt að framkvæmd laga þessara, eru bundnir þagnarskyldu um öll persónuleg málefni, sem þeir í því sambandi kunna að fá vitneskju um.

28. gr.

Risi ágreiningur um hvort framkvæma skuli fóstureyðingu eða ófrjósemisaðgerð, skal málinu tafarlaust vísað til landlæknis og skal hann þá leggja málið undir úrskurð nefndar, sem skipuð skal í þeim tilgangi að hafa eftirlit með framkvæmd laganna.

Í nefndinni skulu eiga sæti 3 menn, einn læknir, einn lögfræðingur og einn félagsráðgjafi og skulu þeir skipaðir af heilbrigðisráðherra til 4ra ára í senn. Nefndin skal úrskurða málið innan viku frá því að henni berst það í hendur.

Skal nefndinni búin starfsaðstaða og henni jafnframt tryggður aðgangur að þeirri sérfræðiþjónustu, sem þurfa þykir til að leysa þau verkefni sem nefndinni berast.

29. gr.

Sjúkratryggingar almannatrygginga greiði sjúkrakostnað vegna fóstureyðinga og ófrjósemisaðgerða.

Kostnaður vegna ráðgjafar og fræðslu á þessu sviði greiðist af almannafé.

30. gr.

Ákvæði þessara laga gilda ekki, ef um nauðsynlegar læknisaðgerðir á æxlunarfærum er að ræða vegna sjúkdóms í þeim, enda þótt fósturlát eða ófrjósemi hljótist af.

31. gr.

1. Læknir, sem framkvæmir fóstureyðingu eða ófrjósemisaðgerð, án þess að fullnægt sé skilyrðum 9., 10. eða 18. gr., skal sæta varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum, nema hærri refsing liggi við samkvæmt almennum hegningarlögum. Ef ríkar málsbætur eru fyrir hendi, má beita sektum. Hafi verkið verið framið án samþykkis konunnar, skal refsing vera fangelsi ekki skemur en 2 ár, og allt að 12 árum.
2. Læknir, sem framkvæmir fósturevðingu eða ófrjósemisaðgerð án þess að fullnægt sé skilyrðum 11., 12., 13., 19. eða 21. gr., skal sæta sektum, nema hærri refsing liggi við samkvæmt almennum hegningarlögum.
3. Læknir, sem framkvæmir fóstureyðingu eða ófrjósemisaðgerð án þess að fullnægt sé skilyrðum 15. eða 23. gr., skal sæta sektum.
4. Framkvæmi aðrir en læknar aðgerðir samkvæmt lögum þessum, skulu þeir sæta fangelsi allt að 4 árum, nema hærri refsing liggi við samkvæmt almennum hegningarlögum. Hafi verkið verið framið án samþykkis konunnar, skal refsing vera fangelsi ekki skemur en 2 ár, og allt að 12 árum.
5. Hlutdeildarmönnum skal refsað samkvæmt 1. og 4. tl. þessarar greinar. Gáleysisbrot eru refsilaus samkvæmt lögum þessum.

32. gr.

Ákveða skal með reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara.

33. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Við gildistöku þessara laga falla niður lög nr. 38/1935 um leiðbeiningar fyrir konur um varnir gegn því að verða barnshafandi og um fóstureyðingar og lög nr. 16/1938 um að heimila í viðeigandi tilfellum aðgerðir á fólki, er koma eiga í veg fyrir að það auki kyn sitt. Ákvæði l. nr. 16/1938 um afkynjanir halda þó gildi sínu.

Greinargerð.

I.

**Formáli.**

Hinn 19. nóvember 1973 fylgdi þáverandi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra Magnús Kjartansson, úr hlaði frumvarpi til laga um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir. Frumvarp þetta var samið af nefnd, sem upphaflega var skipuð 5. mars 1970 af þáverandi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra Eggerti G. Þorsteinssyni. Ekki skal starfsemi nefndar þessarar tíunduð hér, heldur vísast til rits heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins nr. 4 1973 um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir. Þar er að finna álit nefndarinnar, greinargerð og frumvarp það, er að ofan greinir frá. Að lokinni fyrstu umræðu um frumvarp þetta var því vísað til heilbrigðis- og tryggingamálanefndar.

Frumvarp þetta olli miklum deilum jafnt utan þings sem innan. Einkum var deilt um 9. gr. frumvarpsins, en þar var lagt til að fóstureyðing yrði heimiluð að ósk konu, væri hún búsett hérlendis eða ætti hún íslenskt ríkisfang, væri aðgerðin framkvæmd fyrir lok 12. viku meðgöngu og ef engar læknisfræðilegar ástæður mæltu gegn slíkri aðgerð. Var hér lagt til að svokallaðar frjálsar fóstureyðingar yrðu leiddar í lög. Margar skriflegar athugasemdir bárust til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins og til Alþingis. Voru þær allar á þá leið að óvarlegt væri að heimila algjörlega frjálsar fóstureyðingar hér á landi. Að öðru leyti voru athugasemdir lítt færðar fram og yfirleitt var lýst yfir stuðningi við aðrar greinar frumvarpsins og þær taldar til mikilla bóta.

Afdrif þessa frumvarps urðu þau, að aldrei kom til annarrar umræðu um það. Nefndarálit sá og aldrei dagsins ljós.

II.

**Endurframlagning.**

Hinn 1. nóvember 1974 skipaði heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra Matthías Bjarnason nefnd til þess að undirbúa endurframlagningu þessa frumvarps. Nefndinni var ætlað að kanna athugasemdir þær, sem fram hefðu komið við upphaflega gerð frumvarpsins og gera tillögur til ráðuneytisins um, hvort og að hve miklu leyti taka skyldi tillit til einstakra athugasemda. Nefndina skipuðu: Ingimar Sigurðsson, fulltrúi í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, Ellert B. Schram, alþingismaður og Halldór Ásgrímsson, alþingismaður.

Nefndin hélt 8 fundi. Nefndin viðaði að sér öllum skriflegum athugasemdum, sem borist höfðu ráðuneytinu og Alþingi. Haldnir voru fundir með landlækni og fengin voru gögn og upplýsingar frá embætti hans. Einnig hélt nefndin fundi með stjórn Læknafélags Íslands.

Tillögur nefndarinnar hafa mótast af því, að nauðsyn nýrrar löggjafar sé knýjandi og með hliðsjón af því þurfi að vera einhverjir möguleikar á því að frumvarpið geti orðið að lögum.

## III.

## Efni frumvarpsins og breytingar frá upphaflegri gerð frumvarpsins.

### I. KAFLI

### A. Ráðgjöf og fræðsla.

Nefndin leggur til að I. kafla hins upphaflega frumvarps um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir verði ekki breytt að öðru leyti en því, að kveðið verði á um yfirumsjónaraðila með uppbyggingu og framkvæmd slíkrar ráðgjafar og fræðslu. Leggur nefndin til, að landlækni verði falið þetta verkefni. Styðst þetta m. a. við það, að frá öndverðu hefur landlæknir mest haft með fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir að gera hér á landi. Viðbúið er að fjölga þurfi starfsmönnum við embætti landlæknis í þessum tilgangi. Þá er á það að benda, að í reglugerð nr. 411/1973 um landlækni og embætti hans, sem sett er með stoð í 3. gr. 3. tl. laga nr. 56/1973 um heilbrigðisþjónustu, er kveðið á um sérhæft starfslið við landlæknisembættið eftir ákvörðun ráðherra. Þannig eru þegar fyrir hendi heimildir fyrir ráðningu sérhæfðs starfsliðs til þess að sinna þessu verkefni.

Hvað snertir fræðslu og ráðgjöf í skólum, þá leggur nefndin til að skólayfirlækni verði falið að sjá um framkvæmd og fræðslustarf í því tilfelli.

Að öðru leyti vísast til greinargerðar með upphaflega frumvarpinu.

### II. KAFLI

### B. Um fóstureyðingar.

Annar kafli frumvarpsins fjallar um fóstureyðingar eins og í upphaflega frumvarpinu. Í 8. gr. frumvarpsins er skýrgreint, hvað átt sé við með fóstureyðingu skv. frumvarpi þessu. Er sú skýring sama efnis og í upphaflega frumvarpinu að öðru leyti en því, að nú er lagt til að bætt verði við orðunum „áður en fóstur hefur náð lífvænlegum þroska“.

Í 9. gr. frumvarpsins er fjallað um heimildir til fóstureyðingar. Lagt er til að fóstureyðingar verði heimilar vegna: 1) félagslegra ástæðna, 2) læknisfræðilegra ástæðna og 3) þungunar, sem átt hefur sér stað vegna nauðgunar eða sé hún afleiðing af öðru refsiverðu hátterni.

Í 9. gr. upphaflega frumvarpsins var gert ráð fyrir því, að fóstureyðing yrði heimil að ósk konu, ef þargreindum skilyrðum væri fullnægt. Nefndin leggur til að slíkt verði ekki heimilað. Hins vegar er nefndin sammála því, að fóstureyðing verði heimiluð vegna félagslegra ástæðna eingöngu. Í 9. gr. 2. d) upphaflega frumvarpsins var gert ráð fyrir því að fóstureyðing væri heimil vegna félagslegra ástæðna, þegar ætla mætti að þungun og tilkoma barns yrði konunni og hennar nánustu erfið vegna félagslegra ástæðna, sem ekki yrði ráðin bót á. Slík fóstureyðing átti að vera að læknisráði. Nú er hins vegar gert ráð fyrir því að fóstureyðing verði heimil vegna félagslegra ástæðna, þ. e. þegar ætla má, að þungun og tilkoma barns verði konunni og hennar nánustu óbærileg vegna óviðráðanlegra félagslegra ástæðna. Með hliðsjón af því að þungun og tilkoma barns hlýtur oftast að hafa í för með sér erfiðleika, sem síðan er hægt að deila um, hvort séu þannig að bót verði á ráðin eða ekki, getur nefndin ekki fallist á orðalag upphaflega frumvarpsins, þar sem það sé alltof óákveðið. Þess vegna mælir nefndin með því að reynt verði að hafa orðalag ákveðnara þ. e. að þungun verði að vera óbærileg. Mat á slíku hlýtur að vísu alltaf að vera huglægt en framhjá slíku verður ekki gengið. Nefndin álítur að oftast sé reynt að skýra orðalag á vægari veginn og einnig álítur nefndin að allar huglægar skýringar séu mjög háðar áliti almennings í landinu eins og það er á hverjum tíma. Hin mikla aukning fóstureyðinga og ófrjósemisaðgerða hin síðari árin hér á landi verður vart skýrð á annan hátt en þann, að þar endurspeglist vilji almennings til

meira frjálsræðis í þessum efnum. Að öðru leyti en hér að ofan greinir frá eru greinar frumvarpanna hliðstæðar.

Ákvæði 10. gr. frumvarpanna eru að efni til eins. Þó vill nefndin umrita greinina m. a. vegna þess að nefndin telur rökleysu að tala um fóstureyðingu eftir 16. viku meðgöngutíma, sé lífi fósturs stefnt í því meiri hættu eigi meðganga að halda áfram. Flestir munu sammála um það, að af fáu stafi fóstri meiri hætta en fóstureyðingu. Nefndin vill umrita greinina þannig að fóstureyðing verði heimil eftir 16. viku séu miklar líkur á vansköpun, erfðagöllum eða sköddun fósturs. Einnig leggur nefndin til, að um allar fóstureyðingar eftir 16. viku skuli gilda sú regla, að þær megi aðeins framkvæma að fenginni skriflegri heimild nefndar þeirrar, sem kveðið er á um í 28. gr. frumvarpsins.

Með hliðsjón af því, að nefndin hafnar fóstureyðingu að ósk konu breytist 11. gr. frumvarpsins miðað við það fyrra. Lagt er til, að haldið verði í tveggja læknagreinargerð eins og er skv. lögunum frá 1935. Þó er gert ráð fyrir því, að sé eingöngu um félagslegar ástæður að ræða, þá skuli annar aðilinn vera félagsráðgjafi, sé slíkur starfandi í viðkomandi heilsugæsluumdæmi. Til þess að af þessu geti orðið, þá þarf að löggilda starfsheiti félagsráðgjafa og gerir nefndin ráð fyrir því, að frumvarp það, er lagt var fram á ofanverðu þingi 1973—1974 um félagsráðgjöf, verði endurflutt.

Efni 12. gr. frumvarpsins svipar til 13. gr. upphaflega frumvarpsins. Í 12. gr. er mælt fyrir um það, að skylt sé að fræða konu um áhættu samfara aðgerðinni. Einnig er lagt til, að hún hafi hlotið fræðslu um hvaða félagsleg aðstoð henni standi til boða í þjóðfélaginu og er þá gert ráð fyrir, að þar sé einnig um að ræða fræðslu um aðstoð eftir barnsburð, en ekki eingöngu meðan á meðgöngu stendur og við barnsburð sbr. orðalag 9. gr. 1. tl. i. f. í upphaflega frumvarpinu.

Þar sem nefndin leggur til að fóstureyðing samkvæmt ósk konu verði ekki heimiluð, þá á ákvæði 13. gr. frumvarpsins sér ekki að öllu leyti hliðstæður miðað við upphaflega frumvarpið. Þó svipar 13. gr. frumvarpsins til 12. gr. upphaflega frumvarpsins. Í 13. gr. er lagt til að kona standi sjálf fyrir umsókn um fóstureyðingu. Hér er um að ræða hliðstæðu við 12. gr. upphaflega frumvarpsins. Samkvæmt 13. gr. frumvarpsins verður að fylgja með greinargerð sú, sem gert er ráð fyrir í 11. gr. frumvarpsins og verður kona einnig að undirrita hana. Þar með er ekki sagt að aðgerð verði heimiluð. Greinargerð samkv. 11. gr. getur skort nægilegan rökstuðning og einnig getur komið til þess að synjað verði um aðgerð á viðkomandi sjúkrahúsi. Komi til slíks þá er sleginn varnagli við því í 13. gr. 5. tl. 2. mgr. frumvarpsins.

Þá leggur nefndin til að bætt verði við 13. gr. einum tölulið, þ. e. 5. tl., þar sem mælt er fyrir um það, að hætti konan við aðgerðina, þá beri henni að staðfesta þann vilja sinn skriflega. Einnig álítur nefndin, að nauðsynlegt sé, með hliðsjón af breytingum þeim, sem hún gerir miðað við upphaflega frumvarpið, að réttur konunnar verði tryggður komi til þess að henni verði neitað um aðgerð í sjúkrahúsi þrátt fyrir rökstudda greinargerð sbr. 11. gr. frumvarpsins. Þá ber hlutaðeigandi aðilum, þ. e. þeim, sem greinargerð semja, skylda til að vísa málinu til úrskurðar nefndar þeirrar, sem kveðið er á um í 28. gr. frumvarpsins telji þeir að konan hafi verið misrétti beitt. Einnig getur konan sjálf lagt málið undir úrskurð nefndarinnar.

Til þess að gæta samræmis leggur nefndin til að hafi konu verið synjað um aðgerð í einu sjúkrahúsi, þá sé ekki heimilt að framkvæma hana á öðru sjúkrahúsi fyrr en úrskurður um að aðgerð skuli framkvæmd liggi fyrir.

Í 14. gr. frv. er að finna ákvæði, sem ekki var í upphaflegri gerð frumvarpsins. Nefndin telur rétt að kveðið sé á um það, að fóstureyðingaraðgerð skuli hagað eftir fyllstu viðurkenndum kröfum læknisfræðinnar til þess að tryggja það, að konu verði sem minnst um aðgerðina. Hið sama skal og gilda um aðbúnað konu, er aðgerð fer fram.

Ákvæði 15. gr. frumvarpsins er hliðstætt ákvæði 14. gr. upphaflega frumvarpsins. Þó leggur nefndin til að nægjanlegt sé, að aðgerðir séu framkvæmdar í sjúkra-

húsum, sem ráðherra viðurkennir í því skyni, þ. e. að ekki þurfi að vera starfandi þar sérfræðingur á sviði kvensjúkdóma eða í almennum skurðlækningum. Í þessu tilfelli ber að hafa í huga, að við mörg sjúkrahús úti á landi eru ekki starfandi slíkir sérfræðingar þótt starfræktar séu skurðstofur við sjúkrahúsin. Aðgerðir sem þessar eru yfirleitt lítið inngrip og á færi hvers læknis. Sé um að ræða fóstureyðingu vegna læknisfræðilegra ástæðna þarf hvort eð er annar læknirinn, er greinargerð semur, að vera starfandi sérfræðingur í almennum skurðlækningum eða kvensjúkdómafræðum.

Ákvæði 16. gr. eru nákvæmlega eins og ákvæði 15. gr. upphaflega frumvarpsins.

## III. KAFLI

### C. Um ófrjósemisaðgerðir.

Þessi kafli fjallar um ófrjósemisaðgerðir eins og III. kafli upphaflega frumvarpsins, og er að meginuppistöðu eins.

Ákvæði 17. gr. frumvarpsins eru eins og ákvæði 16. gr. upphaflega frumvarpsins. Nefndin leggur þó til, að fellt verði niður orðið **varanlega**. Er þetta gert með hliðsjón af því, að alls ekki er hægt að fullyrða að slík lokun sáðgangna eða eggvega verði varanleg, þar sem tekist hefur í mörgum tilfellum að tengja slíkt saman aftur og gera virkt. Verði orðið **varanlega** látið standa, þá er hægt að líta svo á, að frumvarpið taki aðeins til ófrjósemisaðgerða komi á daginn að tenging heppnist ekki. Slíkt er ekki ætlunin. Hafa ber í huga að nú eru slíkar aðgerðir framkvæmdar í miklum mæli án holskurðar og gerir það líkurnar á tengingu miklu mun meiri.

Í III. kafla upphaflega frumvarpsins var gert ráð fyrir svokölluðum frjálsum ófrjósemisaðgerðum, þ. e. eftir 18 ára aldur. Nefndin er fylgjandi ófrjósemisaðgerðum að ósk viðkomandi, en lítur svo á að aldursmarkið sé alltof lágt. Nefndin vill færa aldurslágmark upp í 25 ára aldur. Röksemdir fyrir því telur nefndin þær, að 18 ára unglingur mundi í mörgum tilfellum koma til með að iðrast slíks. Þegar við 25 ára aldur hafa margir átt börn og er því minni hætta á því að um eftirsjá verði að ræða. Hér má einnig benda á það, að fæstir hafa öðlast þá lífsreynslu og þann þroska í kynferðismálum fyrir 25 ára aldur, að þeir séu færir um að taka slíkar ákvarðanir. Má reyndar um það deila, hvort slíkt sé fyrir hendi þegar við 25 ára aldur.

Í 18. gr. frumvarpsins eru ákvæði um heimildir til ófrjósemisaðgerðar. Eru þær svipaðs efnis og í 17. gr. upphaflega frumvarpsins og 21. gr. 2. mgr. nema aldurslágmark er fært upp í 25 ára aldur. Uppsetning er að vísu ekki sú sama, en nefndin telur þessa uppsetningu skýrari, þ. e. að kveða á um heimildir í einni og sömu grein.

Í 19. gr. frv. eru ákvæði um hvaða formsatriða þurfi að gæta svo ófrjósemisaðgerð sé heimil. Ákvæði þetta er svipaðs efnis og ákvæði 18. gr. upphafl. frv. nema að nefndin telur ástæðulaust að heimila svokallaða frjálsa ófrjósemisaðgerð og gera það svo að skilyrði, að fyrir þurfi að liggja vottorð læknis. Þar sem gert er ráð fyrir því, að slíkar aðgerðir verði eingöngu framkvæmdar af sérfræðingum sbr. 23. gr. frv., ætti að vera nægileg trygging fyrir því að aðgerð verði ekki framkvæmd, mæli læknisfræðilegar ástæður gegn því.

Ákvæði 20. gr. frv. er nákvæmlega eins og ákvæði 20. gr. upphafl. frumvarpsins.

Ákvæði 21. gr. frv. er að öllu leyti eins og ákvæði 19. gr. upphaflega frumvarpsins nema að nefndin leggur til að viðkomandi verði skýrt frá því að aðgerð geti komið í veg fyrir að viðkomandi geti aukið kyn sitt. Hvað snertir röksemdir fyrir þessu, þá vísast til þess, sem segir um 17. gr. frv. hér að framan.

Ákvæði 22. gr. frv. eru efnislega eins og ákvæði 21. gr. 1. mgr. upphaflega frumvarpsins.

Í 23. gr. frv. eru ákvæði um það hverjir megi framkvæma ófrjósemisaðgerðir. Slíkar aðgerðir eru vandasamar og einungis á færi sérmenntaðra lækna. Þannig telur nefndin, að í slíkum tilfellum sé ekki nægilegt að fyrir liggi samþykki ráðherra hvað

snertir viðurkenningu á sjúkrahúsum til slíkra aðgerða. Nefndin er sammála aðstandendum upphaflega frumvarpsins um það, að almennir skurðlæknar framkvæmi slíkar aðgerðir. Hins vegar er nefndin ekki samþykk því að kvensjúkdómafræðingar séu færari um að framkvæma slíkar aðgerðir heldur en t. d. sérfræðingar í þvagfæraskurðlækningum. Þess vegna leggur nefndin til að þvagsjúkdómafræðingum verði einnig heimilaðar slíkar aðgerðir. Mundu þá kvensjúkdómafræðingar framkvæma slíkar aðgerðir á konum og þvagsjúkdómafræðingar á körlum. Jafnframt leggur nefndin til að ráðherra megi heimila sjúkrahúsalæknum slíkar aðgerðir. Ráðherra skal hafa samráð við landlækni um slíkar undanþágur. Þessi tillaga nefndarinnar byggist á nauðsyn þess að heimila læknum við sjúkrahús úti á landi slíkar aðgerðir. Þar getur aðstaða til skurðlækninga verið fyrsta flokks þótt ekki sé þar til að dreifa sérfræðingum þeim, er 1. mgr. 23. gr. telur upp. Nefndin telur ófært að það eitt geti alltaf komið í veg fyrir að slíkar aðgerðir séu framkvæmdar.

Að öðru leyti vísast til greinargerðar með upphaflega frumvarpinu.

## IV. KAFLI

### D. Almenn ákvæði.

Ákvæði IV. kafla, þ. e. hin almennu ákvæði, eru að flestu leyti eins og ákvæði IV. kafla hins upphaflega frumvarps. Nefndin leggur þó til að kveðið verði á um það, hver skuli sjá um útgáfu á eyðublöðum sem snerta framkvæmd frumvarps þessa, verði það að lögum. Sem fyrr leggur nefndin til að slíkt verði í verkahring landlæknis.

Í 28. gr. frv. eru ákvæði um þriggja manna nefnd, sem skipuð skal í þeim tilgangi að hafa eftirlit með framkvæmd laganna. Hér er um að ræða ákvæði efnislega samhljóða ákvæðum 27. gr. upphaflega frumvarpsins. Í stað þess að máli verði vísað til heilbrigðisyfirvalda án frekari skýringa um það við hvaða heilbrigðisyfirvöld sé átt, leggur nefndin til að málinu verði vísað til landlæknis og skuli hann þá þegar leggja málið undir úrskurð áðurgreindrar nefndar. Einnig sem mæli fyrir um starfsaðstöðu nefndarinnar og tryggingu nefndarmanna á sérfræðiþjónustu, sem þurfa þykir til þess að leysa þau verkefni, sem nefndinni berast, þar sem hún þarf að úrskurða þau á ekki lengri tíma heldur en viku.

Að öðru leyti vísast til greinargerðar með upphaflega frumvarpinu.

### *Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

#### Um 1. gr.

Í 1. gr. kemur fram nokkurs konar stefnuyfirlýsing, þar sem nefndin álítur, að ráðgjöf og leiðbeiningar um kynlíf, barneignir og takmörkun barneigna eigi að fá aukið rúm í löggjöfinni. Í greininni er því lýst yfir, að fólk skuli eiga kost á ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir. Ætlast er til, að reynt verði að ná með fræðslu og ráðgjöf jafnt til karla og kvenna, jafnt til ungs fólks sem eldra. Til þess að tryggja sem best framgang þessarar stefnuyfirlýsingu telur nefndin eðlilegast, að kveðið verði á um það, hvaða aðili skuli hafa með höndum yfirumsjón með framkvæmd og uppbyggingu slíkrar ráðgjafar og fræðslu. Heppilegast er að fela landlækni þetta verkefni, og vísast til þess sem um þetta segir hér að framan í greinargerð.

#### Um 2. gr.

Þessi grein er nýmæli og er nánari útfærsla á því í hverju ráðgjafaþjónustan er fólgin. Þar er tekið fram, að hjá ráðgjafarþjónustunni geti fólk fengið fræðslu og ráðgjöf um notkun getnaðarvarna og útvegun þeirra. Auk þess verður þar ráðgjöf fyrir fólk, sem fer fram á fóstureyðingu eða ófrjósemisaðgerð, sbr. nánar um

6. gr. Einnig er ætlast til, að ráðgjafarþjónustan veiti fræðslu og ráðgjöf um kynlíf og um ábyrgð foreldrahlutverks.

Nefndin leggur áherslu á, að miklu máli skipti um árangur ráðgjafaþjónustunnar, að sem hæfast starfsfólk ráðist þar til starfa. Sérstaklega er mikilvægt, að öll fræðsla og ráðgjöf sé veitt á óhlutdrægan hátt.

Um 3. gr.

Í þessari grein er ákvæði um það, hvar veita skuli ráðgjafarþjónustuna. Þykir heppilegast að hafa hana til húsa á heilsugæslustöðvum og sjúkrahúsum, og getur hún verið í starfstengslum við mæðravernd, kvensjúkdómadeildir, geðvernd, fjölskylduráðgjöf og félagsráðgjafaþjónustu. Ekki er þetta tæmandi upptalning, heldur getur heilbrigðisráðuneytið kveðið nánar á um þetta í reglugerð.

Um 4. gr.

Þessi grein fjallar um það, hverjir starfa skuli að ráðgjafarþjónustunni. Með henni er afnumið það ákvæði í 1. gr. laga nr. 38/1935, sem bannar öðrum en læknum að láta í té leiðbeiningar um takmörkun barneigna.

Nefndin telur nauðsynlegt að ná með fræðslu og ráðgjöf til sem allra flesta, og það verður gert með því að láta einnig aðra starfshópa en lækna taka þátt í leiðbeiningarstarfinu. Þeir starfshópar, sem undir þetta falla, eru auk lækna, t. d. hjúkrunarfólk, ljósmæður, félagsráðgjafar og kennarar.

Um 5. gr.

Hjá ráðgjafarþjónustunni skulu vera á boðstólum allar viðurkenndar getnaðarvarnir gegn hæfilegu gjaldi. Nefndin telur, að þungamiðjan í löggjöf þessari sé fyrirbyggjandi starf um ráðgjöf og fræðslu um getnaðarvarnir, og beri því að gera öllum kleift að nota getnaðarvarnir og eigi efnahagur fólks engu að skipta þar um.

Um 6. gr.

Greinin útskýrir nánar í hverju ráðgjöf fyrir fólk, sem íhugar fóstureyðingu eða ófrjósemisaðgerð, sé fólgin.

Meginákerslu skal leggja á ráðgjafa og stuðningsviðtöl.

Nefndin álítur, að fóstureyðing hljóti alltaf að vera neyðarúrræði fyrir hverja konu. Beri því að athuga gaumgæfilega möguleikana á því, að konan ali barn það, sem hún gengur með. Sérstaklega er nauðsynlegt að aftra því að konan leiðist út í fóstureyðingu vegna fjárhagsástæðna eða utanaðkomandi þvingunar. Ber því að veita konunni alla þá félagslegu aðstoð sem í boði er, til að hjálpa henni til að fæða barnið og annast það.

Um 7. gr.

Nefndin álítur nauðsynlegt að koma á fræðslu um kynlíf í skólum landsins í samráði við fræðsluyfirvöld. Eins og málum er háttað í dag er nánast engin fræðsla um kynlíf veitt á skyldunámsstiginu. Fræðslu þessa má tengja annari fræðslu samfélagslegs eðlis, svo sem foreldrafræðslu.

Hvað snertir þessa starfsemi sérstaklega, þá er eðlilegast að skólayfirlæknir annist hana.

Um 8. gr.

Með lífvænlegum þroska er átt við það atriði að fóstur sé farið að sýna lífseinkenni eins og hreyfingar. Eftir 16. viku meðgöngu er fóstur orðið 16 cm á lengd og er farið að sýna slík lífseinkenni. Af augljósum ástæðum vekur það andúð þeirra, sem framkvæma eiga slíka aðgerð að gera það svo seint á meðgöngutímanum nema brýna nauðsyn beri til. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa og skýrist reyndar best með hliðsjón af næstu greinum hér á eftir.

Um 9. gr.

Hér er um að ræða töluverðar breytingar á gildandi löggjöf um fóstureyðinu. Lagt er til að fóstureyðingar skuli heimilar af félagslegum ástæðum einum saman þ. e. ef ætla má að þungun og tilkoma barns verði konunni og hennar nánustu óbærileg vegna óviðráðanlegra félagslegra ástæðna. Til nánari skýringar eru síðan talin upp nokkur atriði sem taka skal tillit til við mat á aðstæðum. Er þar ekki um tæmandi talningu að ræða eins og glöggt má greina sbr. ákvæði d. liðs.

Í 2. tl. eru taldar upp í 3 liðum læknisfræðilegar ástæður sem heimila fóstureyðingu. Hér er um að ræða sömu ástæður og taldar eru upp í gildandi lögum (medicinsk, eugenisk, etisk).

Í 3. tl. er fjallað um nauðungarþungun eða þungun sem afleiðingu af öðru refsiverðu atferli t. d. við ýmis skírlífisbrot skv. alm. hgl. (medicinsksocial).

Um 10. gr.

Sjálfsagt er að hafa tímatakmörkun í löggjöfinni. Almennt er álitið, að með tilliti til heilsu móður, andlegrar og líkamlegrar, sé æskilegt, að fóstureyðing sé framkvæmd, áður en 12 vikur eru liðnar af meðgöngutíma. Nefndin álítur ekki rétt að hafa tvenns konar tímamörk eftir því, hvort um er að ræða félagslegar eða læknisfræðilegar ástæður.

Með því að taka mið af 12 vikunum er gert ráð fyrir því, að slíkum aðgerðum verði hraðað sem mest og helst framkvæmdar fyrir lok 12. viku.

Þannig ástæður geta þó verið fyrir hendi að þungun uppgötvist ekki fyrr en eftir þann tíma og er þess vegna gert ráð fyrir því, að framkvæma megi slíka aðgerð fyrir lok 16. viku. Aldrei má framkvæma fóstureyðingu eftir lok 16. viku nema ótvíræðar læknisfræðilegar ástæður mæli með því og að lífi og heilsu konu sé stefnt í því meiri hættu með lengri meðgöngu og/eða fæðingu. Séu og miklar líkur á vansköpun, erfðagöllum eða sköddun fósturs, þá er slíkt einnig heimilt. Til þess að koma í veg fyrir það, að slíkar undanþágur verði misnotaðar, þá verður nefnd sú, sem kveðið er á um í 28. gr., að hafa samþykkt slíkt skriflega.

Um 11. gr.

Þessi grein, sem fjallar um tveggja lækna greinargerð um nauðsyn aðgerðar eða greinargerð læknis og félagsráðgjafa, verður sérstaklega þýðingarmikil, þegar haft er í huga, að félagsfræðilegar ástæður eru í dag algengasta orsök umsóknar. Þannig ætti félagsráðgjafi að fara í heimsókn til konunnar og kynna sér aðstæður á heimili hennar. Hér vegur það mjög þungt, að kannað verði, hvort hægt sé að bæta úr þeim félagslega vanda, sem konan á við að búa. Sé um geðræna sjúkdóma að ræða sem orsök umsóknar er æskilegt, að geðlæknir rannsaki konuna.

Um 12. gr.

Hér er lögð sú skylda á herðar þeirra er undirrita greinargerð um nauðsyn aðgerðar, að þeir fræði konuna um áhættu samfara aðgerðinni. Einnig skal konan frædd um hvaða félagsleg aðstoð henni stendur til boða í þjóðfélaginu. Hér er átt við alla félagslega aðstoð meðan á þungun stendur, við fæðingu og eftir fæðingu.

Um 13. gr.

Þessi grein fjallar um umsókn um fóstureyðingu og greinargerð og vottorð hana varðandi. Landlæknir skal sjá um útgáfu sérstakra eyðublaða, er þetta snerta og annast afhendingu þeirra.

1. Hér kemur fram sú aðalregla, sú sama og er í gildandi löggjöf, að kona sjálf standi fyrir umsókn um fóstureyðingar. Einnig skal hún rita undir greinargerð þá er fylgja ber umsókn.
2. Ef konan er ófær um að gera sér grein fyrir nauðsyn aðgerðarinnar, er heimilt að veita leyfi til hennar samkvæmt umsókn lögráðamanns. Ef ekki er fyrir

hendi skipaður lögráðamaður, er skylt að skipa sérstakan lögráðamann til að standa að umsókninni. Tilmæli um skipun slíks lögráðamanns geta sett fram yfirmenn stofnunar, þar sem konan er vistuð, eða stofnunar, sem veitt hefur henni aðstoð, svo og nánustu aðstandendur.

3. Handhafi foreldravalds skal taka þátt í umsókn með konu, ef hún er yngri en 16 ára, nema sérstakar ástæður mæli því í gegn. Lögráðamaður konu, sem svipt er sjálfræði, skal á sama hátt taka þátt í umsókn með konu, nema sérstakar ástæður mæli því í gegn. Þau tilfelli gætu komið fyrir, þar sem eðlilegt er að leita ekki samþykkis foreldra eða lögráðamanns, og er það háð mati á aðstæðum hverju sinni, hvort slíks samþykkis sé leitað eða ekki.
4. Að því er varðar samþykki mannsins, þá er það sömuleiðis háð mati hverju sinni, hvort samþykkis verði leitað.
5. Hætti konan við aðgerð er nauðsynlegt að hún staðfesti þann vilja sinn skriflega. Með hlutaðeigandi aðilum er átt við þá er undir greinargerð rita og konuna sjálfa. Undir þennan lið koma ákvæði um skyldur læknis eða félagsráðgjafa að standa á rétti skjólstæðings síns, sé konunni synjað um aðgerð á sjúkrahúsi, að ástæðulausu að þeirra mati. Til þess að gæta samræmis er nauðsynlegt, að búið sé svo um hnútana, að hafi konu verið synjað um aðgerð á einu sjúkrahúsi, sé ekki heimilt að framkvæma aðgerðina á öðru sjúkrahúsi, nema til komi leyfi nefndar skv. 28. gr.

Um 14. og 15. gr.

Þessi ákvæði eru í núgildandi lögum. Ljóst er að sérhæfing leiðir til meira öryggis í sambandi við þessar aðgerðir sem og aðrar. Fóstureyðing á fyrstu vikum meðgöngunnar er að vísu lítið inngrip. Aftur á móti getur fóstureyðing í lok 16. viku verið hættuleg aðgerð, hvað þá sé hún framkvæmd síðar. Eigi að gæta fyllsta öryggis, þá verður að gera þá kröfu, að viðkomandi læknir hafi þekkingu og vald á þeim aðgerðum, sem til greina koma, ef slys ber að höndum við framkvæmd fóstureyðingar. Til þess að tryggja slíkt sem best, þá skal fóstureyðing einungis heimil á sjúkrahúsum, sem ráðherra viðurkennir í því skyni.

Um 16. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 17. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 18. gr.

Hér er um að ræða rýmkun frá því sem er í gildandi lögum. Ófrjósemisaðgerð verði heimiluð skv. I., þegar viðkomandi, 25 ára eða eldri, óskar eftir því að vel íhuguðu máli af þeim ástæðum, að hún/hann óskar ekki eftir því að auka kyn sitt. Sé viðkomandi ekki fullra 25 ára þá er ófrjósemisaðgerð heimil að þeim skilyrðum fullnægðum sem upp eru taldar í 18. gr. II.

Um 19. gr.

Þessi grein fjallar um umsókn um ófrjósemisaðgerð. Samkvæmt 19. gr. 1. mgr. er nægilegt að sá/sú, sem sækir um ófrjósemisaðgerð skv. 18. gr. I. undirriti einn/ein umsókn. Óskin skal vera eindregin og vel íhuguð og skal sérfræðingur sá, (almennur skurðlæknir eða sérfræðingur í kvensjúkdómum eða þvagfærasjúkdómum) er aðgerð framkvæmir, ganga úr skugga um það, að þessum skilyrðum sé fullnægt. Sé um að ræða ófrjósemisaðgerð skv. 18. gr. II., þarf að liggja fyrir umsókn viðkomandi og rökstudd skrifleg greinargerð tveggja lækna, eða læknis og félagsráðgjafa. Vegna þess hversu slíkar aðgerðir eru viðamiklar er nauðsynlegt að annar aðilinn sem undir greinargerð ritar sé sá sérfræðingur sem aðgerð framkvæmir. Sú skylda er lögð honum á herðar, sé ástæða umsóknar utan sérsviðs hans,

að þá beri honum að leita álits sérfræðings í viðkomandi grein t. d. séu ástæður af geðrænum toga spunnar þá ber að leita álits geðlæknis.

Um 20. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 21. gr.

Skylt er að skýra viðkomandi frá því í hverju aðgerðin sé fólgin, og að hún geti komið varanlega í veg fyrir, að hún/hann geti aukið kyn sitt.

Mikilvægt er, að gengið sé úr skugga um, að viðkomandi sé ekki þvingaður til að gangast undir aðgerðina.

Um 22. gr.

Þessi grein er svipaðs efnis og 2. tl. 13. gr. um fóstureyðingar. Samkvæmt þessari grein er heimilt að veita leyfi til aðgerðar samkvæmt umsókn lögráðamanns, ef viðkomandi getur ekki gert sér grein fyrir nauðsyn aðgerðarinnar. Ef ekki er fyrir hendi skipaður lögráðamaður, er skylt að skipa sérstakan lögráðamann til að standa að umsókninni.

Um 23. gr.

Ófrjósemisaðgerðir má aðeins framkvæma í sjúkrahúsum sem ráðherra viðurkennir til slíks. Einungis sérfræðingar í almennum skurðlækningum mega framkvæma slíkar aðgerðir. Þó mega sérfræðingar í kvensjúkdómum framkvæma slíkar aðgerðir og sérfræðingar í þvagfærasjúkdómum.

Nefndin telur þó nauðsynlegt að slíkar aðgerðir verði hægt að heimila á sjúkrahúsum, þótt ekki sé þar fyrir að fara áðurgreindum sérfræðingum.

Um 24. gr.

Samkvæmt þessari grein hvílir sú skylda á þeim, sem framkvæma aðgerðir skv. lögum þessum, að senda heilbrigðisyfirvöldum skýrslu um aðgerðina strax að henni lokinni. Sú skýrsla skal vera á eyðublöðum, útbúnum sérstaklega í því skyni.

Um 25. gr.

Skylt er einnig að tilkynna heilbrigðisyfirvöldum synjanir umsókna um fóstureyðingu og ófrjósemisaðgerð, og ber að geta þess á hvaða forsendum umsókn hafi verið synjað.

Um 26. gr.

Samkvæmt þessari grein ber heilbrigðisyfirvöldum að hafa eftirlit með framkvæmd laganna og stuðla að samræmi í framkvæmd þeirra.

Fram til þessa hefur öðrum en læknum verið bannað að láta í té leiðbeiningar um þungunarvarnir, en með þessum lögum er öðrum starfshópum, svo sem ljósmæðrum, hjúkrunarfólki, félagsráðgjöfum og kennurum, heimilað að taka þátt í ráðgjafarþjónustunni.

Nauðsynlegt er að veita þeim, sem starfa að framkvæmd laganna, fræðslu og leiðbeiningar, því að nokkuð kann að skorta á menntun þeirra til þessa starfs.

Um 27. gr.

Allir, sem vinna að framkvæmd þessara laga, eru bundnir þagnarskyldu, og er ákaflega þýðingarmikið í svo litlu þjóðfélagi, sem hér er, að þagnarskyldan sé haldin.

Um 28. gr.

Heilbrigðismálaráðherra skal skipa nefnd 3ja manna til 4 ára í senn, einn lækni, einn lögfræðing og einn félagsráðgjafa, til að hafa eftirlit með framkvæmd laga þessara, og úrskurðar hún um ágreining, sem rísa kann út af því, hvort framkvæma skuli fóstureyðingu eða ófrjósemisaðgerð. Mikilvægt er, að nefndin hraði

störfum sínum sem mest, og skal hún úrskurða mál innan viku frá því henni berst það í hendur.

Lagt er til að nefndinni verði búin starfsaðstaða. Sú aðstaða gæti t. d. verið við það sjúkrahús eða þá sjúkradeild, sem öðru fremur sér um framkvæmd fóstureyðinga og ófrjósemisaðgerða á landinu þ. e. eins og málum er háttað, Fæðingardeild Landsspítalans.

Nefndinni á að vera tiltæk öll sú sérfræðiþjónusta, sem þurfa þykir til úrlausnar hinna einstöku verkefna, sem nefndinni berast.

Um 29. gr.

Nefndin leggur til, að öll útgjöld í sambandi við fóstureyðingu og ófrjósemisaðgerð verði greidd af sjúkratryggingum, þannig að það sé ekki háð efnahag hvers einstaklings, hvort hann geti látið framkvæma aðgerðina.

Einnig leggur nefndin til, að allur kostnaður vegna ráðgjafar og fræðslu skv. lögunum, verði greiddur af opinberu fé.

Um 30. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 31. gr.

1. Hér er mælt fyrir um refsingu til handa lækni, sem framkvæmir aðgerð samkvæmt lögunum, án þess að fullnægt sé mikilvægum skilyrðum 9., 10. og 18. gr. laganna. Ekki þykir nægilegt tilefni til að hafa hærri refsiramma, þegar um mikla sök er að ræða, sbr. 2. mgr. 216. gr. alm. hgl., svo sem ef verknaðurinn er framinn í ávinningaskyni eða hefur haft í för með sér dauða eða stórfellt heilsutjón móður. Þetta útilokar ekki, að unnt er að dæma í hærri refsingu, ef til þess er heimild í alm. hgl., t. d. 215. eða 219. gr. þeirra.

Ef aðgerðin hefur verið framkvæmd án samþykkis móðurinnar eða samþykki hennar er þýðingarlaust, þá er mælt með þyngri refsingu.

2. Mælt er með lægri refsiramma, ef læknir framkvæmir aðgerð, án þess að skilyrðum 11., 12., 13., 19. eða 21. gr. sé fullnægt. Hérna er átt við það, að læknir hafi framkvæmt aðgerð, án þess að formskilyrðum ofangreindra greina hafi verið fullnægt, en ætla má, að skilyrði til aðgerðarinnar skv. 9., 10. eða 18. gr. hafi verið fyrir hendi.

3. Læknir skal sæta sektum, ef hann framkvæmir aðgerð skv. lögum þessum, án þess að fara eftir fyrirmælum 15. eða 23. gr. laganna.

4. Hér er mælt með allt að 4 ára fangelsi, ef aðrir en læknar framkvæma aðgerðir samkvæmt lögum þessum. Mælt er með hærri refsiramma, ef verkið er framið án samþykkis móður. Unnt er að dæma í hærri refsingu en 4 ára fangelsi skv. þessari grein, ef til þess er heimild í alm. hgl., t. d. 215. gr. þeirra.

Um 32. gr.

Heilbrigðismálaráðherra skal gefa út reglugerð um alla nánari framkvæmd laganna.

Um 33. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

## Fylgiskjal.

### Núgildandi íslensk löggjöf um fóstureyðingar, afkynjanir og vananir.

Lög nr. 38/1935 um leiðbeiningar fyrir konur um varnir gegn því að verða barnshafandi og um fóstureyðingar og lög nr. 16/1938 um að heimila í viðeigandi tilfellum aðgerðir á fólki, er koma í veg fyrir, að það auki kyn sitt.

**Aðdragandi setningar laga nr. 38/1935.**

| Ingibjörg Högnadóttir | 40 323 | |
| Ingibjörg Þ. Jónsdóttir | 120 982 | |
| Ingibjörg Karlsdóttir | 167 072 | |
| Ingunn Hlíðar | 64 103 | |
| Ingveldur Ólafsdóttir | 40 323 | |
| Jakobína Thorarensen | 67 211 | |
| Jóhanna Vigfúsdóttir | 40 323 | |
| Jónasína E. Hallgrímsdóttir | 73 502 | |
| Jónína Ásmundsdóttir | 39 181 | |
| Jónína Gissurardóttir | 97 870 | |
| Jónína Kristjánsdóttir | 100 821 | |
| Jórunn Guðjónsdóttir | 98 678 | |
| Karen Louise Jónsson | 100 821 | |
| Katrín Ingibergsdóttir | 97 469 | |
| Kristín Guðmundsdóttir, vitavarðarekkja | 40 323 | |
| Kristín Í. Guðmundsdóttir | 63 704 | |
| Kristín Helgadóttir | 39 181 | |
| Kristín Pálmadóttir | 80 654 | |
| Kristín Pálsdóttir | 67 211 | |
| Kristjana Káradóttir | 104 393 | |
| Kristjana Þorvarðardóttir | 48 734 | |
| Lára Bjarnadóttir, ekkja Jóns Gíslasonar | 53 766 | |
| Lára Svansdóttir | 40 323 | |
| Lára M. Vigfúsdóttir | 134 422 | |
| Lelia Stefánsson | 201 637 | |
| Lilja H. Arndal | 134 422 | |
| Lilja Jörundsdóttir | 80 654 | |
| Lilja Steinsen | 235 232 | |
| Lydia Einarsson | 168 029 | |
| Mabel Sigurjónsson | 134 422 | |
| Magdalena Ásgeirsdóttir | 40 323 | |
| Magnea Magnúsdóttir | 82 644 | |
| Margrét Árnadóttir | 100 821 | |
| Margrét Björnsdóttir | 51 284 | |
| Margrét Eyjólfsdóttir | 80 654 | |
| Margrét Guðbrandsdóttir | 120 982 | |
| Margrét Jónasdóttir | 168 029 | |
| Margrét Jónsdóttir | 100 000 | |

| | Kr. | Kr. |
|---|---|---|
| Margrét Jónsdóttir frá Hrauni | 163 245 | |
| Margrét L. Lárusdóttir | 40 323 | |
| Marta Oddsdóttir | 40 323 | |
| Málfríður Bjarnadóttir | 40 323 | |
| Melitta Urbancic | 64 103 | |
| Nanna Guðmundsdóttir | 72 495 | |
| Olga E. Jónsson | 76 082 | |
| Ólafía Finnbogadóttir | 40 323 | |
| Ólöf Bjarnadóttir | 106 518 | |
| Ragnheiður Konráðsdóttir | 67 211 | |
| Rannveig Gunnarsdóttir | 86 994 | |
| Rósa Guðnadóttir | 98 678 | |
| Sesselja Benediktsdóttir | 77 975 | |
| Sigríður Árnadóttir | 241 959 | |
| Sigríður Árnadóttir | 98 678 | |
| Sigríður Gísladóttir | 40 323 | |
| Sigríður Jónsdóttir frá Vífilsstöðum | 129 788 | |
| Sigríður Stefánsdóttir | 57 996 | |
| Sigrún Eiríksdóttir | 100 000 | |
| Sigrún Guðmundsdóttir | 155 951 | |
| Sigrún Thorarensen | 53 766 | |
| Sigurbjörg Jónsdóttir | 40 649 | |
| Sigurlaug Jónsdóttir | 100 821 | |
| Sigurlaug Þórey Þorsteinsdóttir | 76 041 | |
| Soffía Touvina | 67 211 | |
| Steinunn P. Eyjólfsson | 45 356 | |
| Steinunn Tómasdóttir | 67 211 | |
| Steinþóra Einarsdóttir | 97 469 | |
| Svanborg Jónsdóttir | 39 239 | |
| Sveinbjörg Kristinsdóttir | 67 211 | |
| Sveindís Hansdóttir | 40 323 | |
| Tove Engilberts | 218 412 | |
| Valgerður Helgadóttir | 67 307 | |
| Valgerður Ólafsdóttir | 60 873 | |
| Vigdís Guðmundsdóttir | 80 654 | |
| Þorbjörg Kjartansdóttir | 100 821 | |
| Þorbjörg Leifs | 80 654 | |
| Þorbjörg Sigurjónsdóttir | 60 489 | |
| Þóra Magnúsdóttir | 53 766 | |
| Þóra Sigfúsdóttir | 40 323 | |
| Þóra Vigfúsdóttir | 130 491 | |
| Þórhildur Sveinsdóttir | 40 323 | |
| Þórunn Jónsdóttir | 82 404 | |
| Samtals | | 12 269 179 |

| 11. Hafnarmannvirki og lendingarbætur (10 333 03). | Þús kr. | Þús. kr. |
|---|---|---|
| 1. Akranes | 36 000 | |
| 2. Borgarnes | 750 | |
| 3. Arnarstapi | 6 950 | |
| 4. Ólafsvík | 25 560 | |
| 5. Grundarfjörður | 14 000 | |
| 6. Patreksfjörður | 2 200 | |

| | Þús kr. | Þús. kr. |
|---|---|---|
| 7. Bíldudalur | 5 200 | |
| 8. Þingeyri | 11 800 | |
| 9. Flateyri | 9 750 | |
| 10. Suðureyri | 6 000 | |
| 11. Bolungarvík | 9 200 | |
| 12. Ísafjörður | 13 400 | |
| 13. Drangsnes | 6 100 | |
| 14. Hvammstangi | 12 600 | |
| 15. Blönduós | 2 700 | |
| 16. Skagaströnd | 25 200 | |
| 17. Sauðárkrókur | 39 400 | |
| 18. Hofsós | 7 500 | |
| 19. Siglufjörður | 16 300 | |
| 20. Ólafsfjörður | 13 500 | |
| 21. Dalvík | 9 500 | |
| 22. Hauganes | 3 000 | |
| 23. Árskógssandur | 400 | |
| 24. Akureyri | 51 200 | |
| 25. Húsavík | 12 600 | |
| 26. Raufarhöfn | 5 000 | |
| 27. Þórshöfn | 800 | |
| 28. Bakkafjörður | 100 | |
| 29. Borgarfjörður eystri | 16 000 | |
| 30. Seyðisfjörður | 900 | |
| 31. Neskaupstaður | 6 600 | |
| 32. Eskifjörður | 2 900 | |
| 33. Reyðarfjörður | 16 750 | |
| 34. Fáskrúðsfjörður | 7 600 | |
| 35. Stöðvarfjörður | 13 500 | |
| 36. Breiðdalsvík | 15 000 | |
| 37. Djúpivogur | 5 000 | |
| 38. Hornafjörður | 34 900 | |
| 39. Vestmannaeyjar | 12 800 | |
| 40. Stokkseyri | 11 500 | |
| 41. Eyrarbakki | 7 800 | |
| 42. Hafnir | 4 000 | |
| 43. Sandgerði | 36 100 | |
| 44. Vogar | 1 600 | |
| 45. Hafnarfjörður | 44 950 | |
| | | 584 610 |
| **12. Ferjubryggjur (10 333 04).** | | |
| 1. Brjánslækur | 200 | |
| 2. Múlanes | 1 000 | |
| 3. Gemlufall | 2 000 | |
| 4. Vigur | 5 000 | |
| 5. Svefneyjar | 1 000 | |
| 6. Viðhald | 800 | |
| | | 10 000 |
| **13. Sjóvarnargarðar (10 333 08).** | | |
| 1. Akranes | 300 | |
| 2. Álftanes | 300 | |
| 3. Bessastaðatjörn | 300 | |
| 4. Eyrarbakki | 300 | |

| | Þús kr. | Þús. kr. |
|---|---|---|
| 5. Flateyri | 200 | |
| 6. Garðskagi | 300 | |
| 7. Garður | 200 | |
| 8. Grótta | 200 | |
| 9. Höfn í Hornafirði | 200 | |
| 10. Innri-Akraneshreppur | 50 | |
| 11. Melar í Melasveit | 50 | |
| 12. Miðneshreppur | 300 | |
| 13. Sauðárkrókur | 200 | |
| 14. Seltjarnarnes | 300 | |
| 15. Vestmannaeyjar | 300 | |
| | | 3 500 |

14. **Fjárfesting Pósts og síma 1975 (2 10 101 330).**

| | | |
|---|---|---|
| 1. Sjálfvirkar símstöðvar. | | |
| a. Nýjar stöðvar | 6 000 | |
| b. Stækkanir á eldri stöðvum | 94 000 | |
| 2. Línukerfi fyrir símnotendur. | | |
| a. Í bæjum | 110 000 | |
| b. Í sveitum | 70 000 | |
| 3. Landsímasambönd. | | |
| a. Jarðsíma- og loftlínuleiðir | 65 000 | |
| b. Radíóleiðir | 68 000 | |
| c. Fjölsímaleiðir | 47 000 | |
| 4. Fjarritar. | | |
| a. Tónritsímabúnaður | 17 000 | |
| b. Ritsímatæki | 9 000 | |
| 5. Radíóstöðvar. | | |
| a. Fastar stöðvar | 39 000 | |
| 6. Einkasímastöðvar. | | |
| a. Sjálfvirkar | 35 000 | |
| b. Handvirkar | 35 000 | |
| 7. Símatalfæri | 25 000 | |
| 8. Hús | 75 000 | |
| 9. Bifreiðar og vinnuvélar | 20 000 | |
| 10. Ófyrirséð | 35 000 | |
| | | 750 000 |

**Fjárfestingaráætlun 1975, sundurliðun.**

| | | |
|---|---|---|
| 1. Sjálfvirkar símstöðvar: | | |
| Nýjar stöðvar: | | |
| a. Breiðholt | 2 000 | |
| b. Breiðamýri | 1 300 | |
| c. Reykjaskóli | 200 | |
| d. Laugarbakki | 300 | |
| e. Staðarhóll | 1 300 | |
| f. Varmahlíð | 300 | |
| g. Bólstaðarhlíð | 300 | |
| h. Víðihlíð | 300 | |
| | | 6 000 |
| Stækkanir á eldri stöðvum: | | |
| a. Akureyri | 26 000 | |
| b. Telexstöðin í Reykjavík | 8 000 | |
| c. Grindavík | 34 000 | |

| | Þús. kr. | Þús. kr. |
|---|---|---|
| d. Egilsstaðir | 250 | |
| e. Höfn | 600 | |
| f. Eskifjörður | 250 | |
| g. Hjalteyri | 100 | |
| h. Húsavík | 700 | |
| i. Brúarland | 600 | |
| j. Keflavík | 1 500 | |
| k. Laugarvatn | 1 300 | |
| l. Selfoss | 400 | |
| m. Siglufjörður | 300 | |
| n. Bæjarsími Rvík | 20 000 | |
| | | 94 000 |
| | | 100 000 |
| 2. Línukerfi fyrir símnotendur: | | |
| Í bæjum og kauptúnum: | | |
| a. Reykjavíkursvæði | 4 000 | |
| b. Reykjanessvæði | 6 500 | |
| c. Vesturland | 5 500 | |
| d. Vestfirðir | 4 300 | |
| e. Norðurland vestra | 5 500 | |
| f. Norðurland eystra | 8 500 | |
| g. Austurland | 7 000 | |
| h. Vestmannaeyjar | 1 700 | |
| i. Suðurland | 7 000 | |
| j. Sandgerði, Gerðahreppur (ófyrirséð) | 10 000 | |
| k. Bæjarsími Rvík | 50 000 | |
| | | 110 000 |
| Í sveitum: | | |
| a. Laugarás, Aratunga, Árn. | 8 000 | |
| b. Kaupvangssveit | 3 000 | |
| c. Sæmundarhlíð, Skag. | 3 000 | |
| d. Tjörnes, S-Þing. | 7 000 | |
| e. Svalbarðsströnd, S-Þing. | 8 000 | |
| f. Aðaldalur, S-Þing. | 3 000 | |
| g. Nesjahreppur, A-Skaft. | 9 000 | |
| h. Þingeyri—Núpur, V-Ís. | 5 000 | |
| i. Gaulverjabæjar- og Villingaholtshr., Árn. | 7 000 | |
| j. Ýmsar framkvæmdir | 7 000 | |
| k. Ófyrirséð | 10 000 | |
| | | 70 000 |
| | | 180 000 |
| 3. Landssímasambönd: | | |
| Jarðsíma- og loftlínuleiðir: | | |
| a. Selfoss, Aratunga | 17 000 | |
| b. Laugarvatn | 5 000 | |
| c. Selfoss, Hveragerði | 3 000 | |
| d. Húsavík, Máná | 9 000 | |
| e. Þingeyri, Önundarfjörður | 8 000 | |
| f. Þingeyri, Bíldudalur | 13 000 | |
| g. Ófyrirséð | 10 000 | |
| | | 65 000 |

| | Þús. kr. | Þús. kr. |
|---|---|---|
| Radíóleiðir: | | |
| a. Álftanes, Stykkishólmur, 960 rásir | 8 000 | |
| b. Gagnheiði, Vaðlaheiði, 300 rásir | 10 000 | |
| c. Björg, Vaðlaheiði, 300 rásir | 1 500 | |
| d. Raufarhöfn, Tjörnes, 60 rásir | 9 000 | |
| e. Gjögur, Blönduós, 1 rás | 1 500 | |
| f. Bráðabirgða, VHF sambönd | 3 000 | |
| g. Reykjavík, Hvolsvöllur/Vestm. 960/300 rásir | 35 000 | |
| | | 68 000 |
| Fjölsímaleiðir: | | |
| 1. Húsavík, Raufarhöfn, 24 rásir, Húsavík, Kópasker, 12 rásir | 12 000 | |
| 2. Rvík og Breiðholt, osc statif, GK fitter og GDF statif | 10 000 | |
| 3. 12/24 rása fjölsímar fyrir ýmsar símstöðvar (ófyrirséð) | 10 000 | |
| 4. Reykjavík, Vestmannaeyjar, 120 rásir. Reykjavík, Hvolsvöllur 1×60 grúppa. Vík, Hvolsvöllur 60 rásir | 15 000 | |
| | | 47 000 |
| | | 180 000 |
| 4. Fjarritar: | | |
| Tónritsímabúnaður | 17 400 | |
| Ritsímatæki | 8 600 | |
| | | 26 000 |
| | | 26 000 |
| 5. Radíóstöðvar: | | |
| Fastar stöðvar. | | |
| a. Höfn: millibylgja á Stokksn. | 13 500 | |
| b. Reykjavík: millibylgja í Gróttu f. 2311 | 2 000 | |
| c. Reykjavík: millibylgja í Grindavík f. 2311 | 2 000 | |
| d. SSB viðtæki (faststillt) (ófyrirséð) | 2 500 | |
| e. 5 VHF strandarstöðvar | 8 000 | |
| f. 8 VHF móðurstöðvar f. bifreiðar (ófyrirséð) | 6 000 | |
| g. Vestmannaeyjar: millibylgja í Klauf | 3 000 | |
| h. Tæki f. radíóeftirlit (ófyrirséð) | 2 000 | |
| | | 39 000 |
| | | 39 000 |
| 6. Einkasímastöðvar: | | |
| Sjálfvirkar: | | |
| a. Símatæknideild | 5 000 | |
| b. Bæjarsími Reykjavíkur | 30 000 | |
| | | 35 000 |
| Handvirkar: | | |
| a. Símatæknideild | 11 000 | |
| b. Bæjarsími Reykjavíkur | 24 000 | |
| | | 35 000 |
| | | 70 000 |

| | Þús. kr. | Þús. kr. |
|---|---|---|
| 7. Símatalfæri: | | |
| a. Símatæknideild | 9 000 | |
| b. Bæjarsími Reykjavíkur | 16 000 | |
| | | 25 000 |
| | | 25 000 |
| 8. Hús: | | |
| a. Stöðvarfjörður | 7 000 | |
| b. Breiðdalsvík | 7 000 | |
| c. Djúpivogur | 7 000 | |
| d. Grindavík | 3 000 | |
| e. Mývatn | 1 000 | |
| f. Brúarland | 6 000 | |
| g. Keflavík | 3 000 | |
| h. Tengihús og önnur símahús (ófyrirséð) | 18 000 | |
| i. Birgðastöð, Egilsstöðum | 2 000 | |
| j. Birgðahús, Jörfa | 3 000 | |
| k. Hellissandur | 5 000 | |
| l. Bolungarvík | 5 000 | |
| m. Hólmavík | 5 000 | |
| n. Strandarstöðvahús | 3 000 | |
| | | 75 000 |
| | | 75 000 |
| 9. Bifreiðar og vinnuvélar: | | |
| a. Póststofan í Reykjavík | 3 000 | |
| b. Tæknideild | 17 000 | |
| | | 20 000 |
| | | 20 000 |
| **15. Fjárfestingar í flugmálum (2 10 471 330).** | | |
| 1. Reykjavík, malbikun, endurnýjun tækja o. fl. | 30 000 | |
| 2. Súgandafjörður, framhald flugvallargerðar | 5 000 | |
| 3. Blönduós | 2 000 | |
| 4. Sauðárkrókur, tenging flugbrautar, flugstöðvarbygging (undirbún.), aðflugskerfi o. fl. | 39 500 | |
| 5. Ólafsfjörður | 6 000 | |
| 6. Grímsey | 8 000 | |
| 7. Vopnafjörður | 4 000 | |
| 8. Egilsstaðir | 30 000 | |
| 9. Hornafjörður, flugstöðvarbygging (undirbún.) | 9 000 | |
| 10. Vestmannaeyjar, ljósabúnaður og flugstöðvarbygging (undirbún.) | 15 000 | |
| 11. Sjúkraflugvellir | 12 000 | |
| 12. Fjarlægðarmælitæki fyrir fjölstefnuvita | 10 000 | |
| 13. Tækjabúnaður flugvalla | 20 000 | |
| 14. Mælitæki og búnaður radíóverkstæða | 3 500 | |
| 15. Óráðstafað | 8 000 | |
| | | 202 000 |
| **16. Framkvæmdir Rafmagnsveitna ríkisins 1975 (2 11 321).** | | |
| Virkjanir: | | |
| 1. Lagarfossvirkjun | 99 600 | |
| 2. Mjólká II | 245 000 | |
| 3. Smyrlabjargaárvirkjun | 10 000 | |
| | | 354 600 |

| | Þús. kr. | Þús. kr. |
|---|---|---|
| Stofnlínur: | | |
| 1. Bláfeldur—Vegamót | 13 500 | |
| 2. Ólafsvík—Grundarfjörður | 6 900 | |
| 3. Skógarstrandarlína | 17 500 | |
| 4. Mjólkárvirkjun—Breiðdalur | 51 300 | |
| 5. Skeiðfoss—Dalvík | 30 000 | |
| 6. Lína til aðveitust., Akureyri | 7 000 | |
| 7. Þórshöfn—Bakkafjörður | 10 000 | |
| 8. Reyðarfjarðarlína | 30 000 | |
| 9. Línubreyt., Fáskrúðsfj.—Breiðdalsvík | 14 000 | |
| 10. Línur til aðveitust. Eyvindarár | 8 000 | |
| 11. Línur að sæstreng, Berufirði | 8 000 | |
| 12. Víkurlína, þéttir og spennustöð | 6 000 | |
| | | 202 200 |
| Aðveitustöðvar: | | |
| 1. Akranes, tenging við Andakíl | 4 400 | |
| 2. Vegamót | 45 500 | |
| 3. Snæfellsnes, aðveitustöðvar | 30 000 | |
| 4. Patreksfjörður, færsla | 3 600 | |
| 5. Ólafsfjörður | 20 000 | |
| 6. Akureyri | 15 500 | |
| 7. Húsavík | 3 600 | |
| 8. Eyvindará vegna Egilsstaða | 22 000 | |
| 9. Reyðarfjörður | 18 100 | |
| 10. Fáskrúðsfjörður | 2 700 | |
| 11. Stöðvarfjörður | 9 000 | |
| 12. Breiðdalsvík | 9 000 | |
| 13. Berufjarðarströnd | 9 000 | |
| 14. Djúpivogur (½) | 9 000 | |
| 15. Þorlákshöfn | 6 000 | |
| 16. Korpa | 18 000 | |
| | | 225 400 |
| Innanbæjarkerfi | | 90 000 |
| Dísilstöðvar: | | |
| 1. Reykhólar | 14 900 | |
| 2. Laxárvatn, lúkning | 28 000 | |
| 3. Seyðisfjörður | 14 900 | |
| 4. Hornafjörður | 54 000 | |
| 5. Raufarhöfn, flutn. | 6 000 | |
| 6. Hreyfanleg varast. í Norðurl. eystra | 12 000 | |
| | | 129 800 |
| Vélar og tæki | | 25 000 |
| Samtals | | 1 027 000 |
| ÷ Heimtaugagjöld | | 20 000 |
| Samtals | | 1 007 000 |

**Sþ.** **247. Tillaga til þingsályktunar** [131. mál]

um rannsóknir á snjóflóðum og skriðuföllum.

Flm.: Tómas Árnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram athugun og rannsóknir á snjóflóðum og skriðuföllum.

Áhersla verði lögð á gagnasöfnun og rannsóknir á þessum náttúrufyrirbærum, eðli þeirra og orsökum, enn fremur hvort unnt sé að sjá fyrir og hindra snjóflóð og skriðuföll og hvaða vörnum og viðvörunum verði við komið.

Ríkisstjórnin leggi fyrir Alþingi niðurstöður þessara athugana ásamt tillögum til úrbóta.

Greinargerð.

Snjóflóð og skriðuhlaup eru mjög algeng náttúrufyrirbæri hérlendis, enda hafa skriður átt drjúgan þátt í mótun landsins. Frá upphafi byggðar hafa þessar náttúruhamfarir öðru hvoru gert usla í lífi og starfi þjóðarinnar og valdið stórfelldu manntjóni og eignatjóni.

Snjóflóðin í Norðfirði og víðar nú í vetur hafa enn minnt harkalega á það að hefja verður skipulegar og hagnýtar snjóflóðarannsóknir á Íslandi. En jafnframt þurfa einnig að koma til rannsóknir á skriðuföllum.

Ýmsir íslendingar hafa unnið merkileg störf að gagnasöfnun í þessum fræðum. Ólafur Jónsson hefur t. d. skrifað mikið og gagnmerkt ritverk um skriðuföll og snjóflóð.

Almannavarnanefnd ríkisins hefur nokkuð hafist handa í þessum málum, m. a. með því að skrifa bæjaryfirvöldum í þeim kaupstöðum í landinu, þar sem snjóflóð gætu fallið, og óskað eftir kortlagningu hættusvæða. Enn fremur hefur nefndin beðið um álit á því hvaða vörnum væri hugsanlegt að koma við til varnar gegn snjóflóðum.

Erlendis hafa rannsóknir á snjóflóðum, fjallhruni og jarðskriðum verið gerðar um alllanga hríð. Í Sviss, Noregi, Bandaríkjunum og eflaust víðar er þessi starfsemi talsvert öflug í formi rannsóknar- og athugunarstöðva. Ein merkasta rannsóknarstöð um snjóflóð er í Davos í Sviss og er markmið hennar að vinna að vörnum gegn snjóflóðum og gera svonefndar snjóflóðaspár til viðvörunar. Þá er einnig unnið skipulega að björgunarstörfum, m. a. með hjálp hunda og rafbylgjutækja. Einnig fer fram fræðslustarf um snjóflóð, bæði með fyrirlestrum og útgáfustarfi.

Safna þarf öllum upplýsingum um snjóflóð og skriðuföll og kortleggja hættusvæðin. Þá þarf vísindalegar rannsóknir á þessum náttúrufyrirbærum, orsökum þeirra og eðli. Er t. d. unnt að sjá snjóflóð fyrir, þannig að ráðrúm gefist til viðvörunar?

Sjálfsagt er að leita til þeirra stofnana erlendis, sem hafa á að skipa reyndum sérfræðingum í vörnum gegn snjóflóðum og skriðuföllum. Sérstaklega virðist áríðandi að hraða aðgerðum í öllu er lýtur að snjóflóðunum.

Að athugun lokinni þykir rétt, að ríkisstjórnin leggi fyrir Alþingi niðurstöður og tillögur um tilhögun þessara mála.

## Nd. 248. Frumvarp til laga [132. mál]

um breyting á lögum nr. 31 frá 1970, um dýralækna.

Flm.: Tómas Árnason, Sverrir Hermannsson, Lúðvík Jósepsson.

1. gr.

Í stað 16. og 17. tölulíða 2. gr. laganna (sbr. 1. gr. laga nr. 38/1972) komi þrír töluliðir, er hljóði svo, og breytast töluliðir greinarinnar samkv. því:

16. Austurlandsumdæmi nyrðra: Norður-Múlasýsla að undanteknum Skeggjastaðahreppi og Vopnafjarðarhreppi, Seyðisfjörður, Neskaupstaður, Eskifjarðarkaupstaður og Suður-Múlasýsla að mörkum milli Skriðdalshrepps og Breiðdalshrepps og mörkum milli Reyðarfjarðarhrepps og Fáskrúðsfjarðarhrepps.
17. Austurlandsumdæmi syðra: Suður-Múlasýsla frá mörkum Reyðarfjarðarhrepps og Fáskrúðsfjarðarhrepps við ströndina og Skriðdalshrepps og Breiðdalshrepps inn á landinu annnars vegar að mörkum milli Suður-Múlasýslu og Austur-Skaftafellssýslu hins vegar.
18. Austur-Skaftafellssýsluumdæmi: Austur-Skaftafellssýsla.

Greinargerð.

Austurlandsumdæmi er mjög víðáttumikið dýralæknisumdæmi. Það tekur yfir Fljótsdalshérað, Borgarfjörð, Víkur og Loðmundarfjörð, sem nú er að vísu í eyði, Seyðisfjarðarhrepp, Seyðisfjarðarkaupstað, Neskaupstað, Eskifjarðarkaupstað og alla hreppa Suður-Múlasýslu suður að Beruneshreppi. Eins og kunnugt er eru samgöngur, sérstaklega að vetrarlagi, erfiðar milli margra byggðarlaga á þessu svæði, enda er það víðáttumikið. Það er því mjög miklum vandkvæðum bundið fyrir einn dýralækni að þjóna öllu þessu svæði.

Svipað má segja um Austur-Skaftafellssýsluumdæmi. Vegalengdin frá Skaftafelli austur á Berufjarðarströnd að Streitishorni er samtals um 300 km (294). Lónsheiði er mikill farartálmi á vetrum og samgöngur að öðru leyti um svæðið oft á tíðum erfiðar.

Ástæða er til að ætla að meiri möguleikar verði á að fá fleiri dýralækna til starfa en verið hefur hingað til.

Það þykir því rétt að lögfesta nýja umdæmaskiptingu dýralækna í Austurlandskjördæmi og er frumvarp þetta flutt að ósk heimamanna og að höfðum samráðum við dýralækna í Austurlandskjördæmi.

## Nd. 249. Frumvarp til laga [133. mál]

um breyting á lögum nr. 30 frá 1941, um fjarskipti.

Flm.: Magnús Kjartansson.

1. gr.

Aftan við 12. gr. laganna bætist:

Í reglugerð má ákveða, að þeir, sem hljóta uppbót á elli- og örorkulífeyri samkvæmt 19. gr. laga um almannatryggingar frá 1971, verði undanþegnir afnotagjöldum fyrir síma.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þegar ný útvarpslög voru samþykkt 1971 hlutaðist Alþingi til um þá breytingu á frumvarpinu að upp var tekin heimild til þess að þeir, sem hljóta uppbót á elli- og örorkulífeyri samkvæmt almannatryggingalögum, væru undanþegnir afnotagjöldum. Þessi heimild hefur að sjálfsögðu verið hagnýtt, en þó að næsta takmörkuðu leyti. Munu undanþágur frá afnotagjöldum útvarps vera bundnar við þá eina sem njóta uppbótar á elli- og örorkulífeyri eins og hún var skilgreind í lögum 1963. Þeirri skilgreiningu hefur síðar verið gerbreytt með ákvæðum um tekjutryggingu, og er þess að vænta að menntamálaráðherra breyti reglunum um undanþágur frá afnotagjöldum útvarps í samræmi við almannatryggingalög eins og þau eru nú.

Tilgangur Alþingis með þessari breytingu á lögunum um útvarp var að gera öldruðu fólki og öryrkjum með afar lágar tekjur kost á að njóta útvarpssendinga sér til fróðleiks og dægrastyttingar. Hitt er ekki síður nauðsynlegt, að aldrað fólk og öryrkjar, sem eins er ástatt um, eigi þess kost að hafa síma. Á undanförnum árum hefur það færst mjög í vöxt að aldrað fólk búi eitt á heimilum sínum, oft fjarri ættingjum sínum og vinum. Það er brýnt fyrir þessa þjóðfélagsþegna og getur stundum verið lífsnauðsyn að hafa síma á heimilum sínum. Eina fyrirgreiðslan, sem Landssíminn veitir á þessu sviði, mun vera sú að Öryrkjabandalagið hefur fengið að úthluta 50 símum til öryrkja sem búa einir og verða af heilsufarsástæðum að eiga þess kost að nota síma tafarlaust.

Rauntekjur aldraðs fólks og öryrkja hafa lækkað mjög á undanförnum mánuðum vegna mikilla verðhækkana sem ekki hafa verið bættar nema að óverulegu leyti. M. a. hafa afnotagjöld fyrir síma hækkað mjög stórlega. Hætta er á að afleiðingin verði sú að aldrað fólk og öryrkjar með lágar tekjur verði að segja upp símum sínum og bjóða heim vaxandi einmanaleik og öryggisskorti. Til þess að koma í veg fyrir að sú verði raunin er þetta frumvarp flutt.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að undanþágan verði í heimildarformi og framkvæmdin ákveðin með reglugerð. Með samþykkt á slíkri heimild væri Alþingi að sjálfsögðu að lýsa vilja sínum og hver ráðherra mundi telja sér skylt að hlíta honum. Hins vegar þurfa reglugerðarákvæðin að tryggja að undanþágan verði ekki notuð af öðrum en þeim sem henni er ætlað að þjóna.

## Sþ. 250. Nefndarálit [97. mál]

um till. til þál. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að fullgilda samninginn um alþjóðastofnun fjarskipta um gervihnetti (INTELSAT).

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin fjallaði um till. þessa á fundi sínum 27. janúar 1975 og varð sammála um að mæla með samþykkt hennar.

Alþingi, 27. jan. 1975.

| | | |
|---|---|---|
| Þórarinn Þórarinsson, form., frsm. | Friðjón Þórðarson, fundaskr. | Gils Guðmundsson. |
| Gylfi Þ. Gíslason. | Guðm. H. Garðarsson. | Tómas Árnason. |
| | Ragnhildur Helgadóttir. | |

**Ed.** **251. Frumvarp til laga** [134. mál]

um launasjóð rithöfunda.

(Lagt fyrir Alþingi á 96. löggjafarþingi, 1974—75.)

1. gr.

Stofna skal launasjóð íslenskra rithöfunda. Stofnfé sjóðsins skal vera 21.7 milljónir króna og greiðast úr ríkissjóði.

2. gr.

Fjárveiting samkvæmt 1. gr. skal í fyrsta sinn veitt í fjárlögum fyrir árið 1976. Í fjárlögum ár hvert skal sjóðnum síðan ætluð fjárveiting, er nemi eigi lægri fjárhæð en að ofan greinir.

Fjárhæðin skal endurskoðuð ár hvert við undirbúning fjárlaga með tilliti til breytinga á byrjunarlaunum menntaskólakennara.

3. gr.

Rétt til greiðslu úr sjóðnum hafa íslenskir rithöfundar og höfundar fræðirita. Heimilt er og að greiða úr sjóðnum fyrir þýðingar á íslensku.

4. gr.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um framkvæmd laga þessara, að höfðu samráði við félagssamtök rithöfunda, þar sem m. a. skal kveðið á um stjórn sjóðsins, vörslu hans og greiðslur úr honum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samhljóða frv. var lagt fyrir 94. löggjafarþing að öðru leyti en því að ártalinu 1975 í 2. gr. er breytt í 1976. Frv. fylgdi svofelld greinargerð:

„Frumvarp þetta er samið af nefnd, er menntamálaráðherra skipaði 16. janúar 1973 og fylgdi því eftirfarandi greinargerð:

„Hinn 18. maí 1972 samþykkti Alþingi svofellda þingsályktun: „Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leggja fyrir næsta þing tillögur um, að fjárhæð, er nemi sem næst andvirði söluskatts af bókum, renni til rithöfunda og höfunda fræðirita, sem viðbótarritlaun eftir reglum, er samdar verði í samráði við Rithöfundasamband Íslands og félög rithöfunda."

Fjármálaráðuneytið skipaði hinn 14. nóvember 1972 nefnd til þess að kanna, hve söluskattur af bókum næmi hárri upphæð ár hvert. Í nefndinni áttu sæti: Bergur Guðnason, formaður, Svava Jakobsdóttir, Knútur Hallsson og Örlygur Hálfdánarson. Niðurstaða nefndarinnar var sú, að söluskattur af bókum íslenskra höfunda næmi sem næst 21.7 millj. kr. árið 1972, en að viðbættum þýðingum sem næst 38.3 millj. kr. Tölur þessar voru byggðar á upplýsingum frá hagrannsóknadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins.

Menntamálaráðuneytið skipaði síðan hinn 16. jan. 1973 nefnd til þess að semja reglur samkvæmt þingsályktuninni. Í nefndina voru skipuð: Svava Jakobsdóttir, skv. tilnefningu Rithöfundasambands Íslands, Einar Bragi, skv. tilnefningu Rithöfundafélags Íslands, dr. Gunnar Thoroddsen, skv. tilnefningu Félags ísl. rithöfunda, Bergur Guðnason, skv. tilnefningu fjármálaráðuneytisins og Knútur Hallsson án tilnefningar, og var hann jafnframt skipaður formaður nefndarinnar. Nefndin hefur samið bráðabirgðareglur um úthlutun viðbótarritlauna (nr. 307/1973), er miðast eingöngu við 12 millj. kr. fjárveitingu í fjárlögum 1973. Jafnframt hefur nefndin unnið

og vinnur enn að því að semja varanlegri reglur um þetta efni, og hefur verið reynt að kanna til nokkurrar hlítar ýmsar leiðir, þar á meðal svonefnt ritlaunatryggingakerfi samhliða greiðslu viðbótarritlauna fyrir útgefin verk næstliðið ár. Eins og áður getur byggjast störf nefndarinnar á framangreindri þingsályktun og ákvæði í fjárlögum 1973. Hins vegar mun ekki fara milli mála, að skipan þeirri, sem þingsályktunin gerir ráð fyrir, var ekki ætlað að gilda aðeins eitt ár eða annan takmarkaðan tíma, heldur var vilji Alþingis, að réttarbót þessi til handa rithöfundum skyldi vera til frambúðar, enda voru enn í fjárlögum 1974 veittar 12 millj. kr. í hinu sama skyni. Eftir viðræður nefndarinnar um þetta efni við menntamálaráðherra, Magnús T. Ólafsson, fól ráðherra henni með bréfi dags. 23. mars 1973 „að semja frumvarp til laga um efni þingsályktunar frá 18. maí 1972.“ í samræmi við það hefur nefndin samið frumvarp þetta, er hér liggur fyrir, ásamt greinargerð og athugasemdum við einstakar greinar þess.

Þótt hugmyndir um endurgreiðslu til rithöfunda á söluskatti af íslenskum bókum hafi upphaflega hrundið máli þessu af stað, telur nefndin ekki heppilegt, að fjárveiting verði til frambúðar bundin söluskatti. Skattur af þessu tagi kann að verða lagður niður, breyta um nafn með einum eða öðrum hætti eða felldur inn í aðra skatta. Þá hefur og sýnst nokkrum örðugleikum bundið að staðreyna með nákvæmni, hversu hárri upphæð þessi hluti söluskattsins kynni að nema og fylgjast með breytingum á honum frá ári til árs. Með tilliti til þingsályktunarinnar taldi nefndin æskilegt, að með sérstakri könnun yrði gengið nákvæmlega úr skugga um, hve hárri upphæð þessi hluti söluskattsins hefði numið á árinu 1972, og fór menntamálaráðuneytið að beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 26. mars 1973 þess á leit við fjármálaráðuneytið, að þessi könnun færi fram. Niðurstaða lá ekki fyrir, þegar frumvarp þetta var samið.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Fjárhæð sú, sem við er miðað í greininni (21,7 millj. kr.), byggist á upplýsingum frá hagrannsóknadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins á sínum tíma um áætlaðan söluskatt af íslenskum bókum á árinu 1972. Séu þýddar bækur taldar með, nemur hin áætlaða tala 38.3 millj. kr. Í frumvarpinu er miðað við lægri töluna, en ýmislegt mælir með, að hún verði allmiklu hærri, þar eð söluskattur af íslenskum bókum hefur efalaust hækkað verulega frá 1972 og lagafrumvarpið heimilar þar að auki einnig greiðslur úr sjóðnum fyrir þýðingar (sbr. 3. grein).

Um 2. gr.

Þar sem búið er að taka í fjárlagafrumvarpið fyrir árið 1974 fjárveitingu til rithöfunda og höfunda fræðirita að fjárhæð 12 millj. kr., er fyrsta fjárveiting samkvæmt þessum lögum miðuð við fjárlög fyrir árið 1975.

Viðmiðunin við byrjunarlaun menntaskólakennara er sú sama og í reglum nr. 165/1969 um starfslaun listamanna. Þykir sú viðmiðun hafa gefið góða raun og reynst sanngjörn eftir atvikum.

Um 3. gr.

Rétt þykir, að fram komi, hverjir notið geti greiðslna úr sjóðnum, þar á meðal að þýðendur komi einnig til álita. Ákvæðið telst ekki ná til höfunda, er gefa fræðirit út á kostnað annarra opinberra sjóða eða stofnana, né heldur, ef útgáfan telst þáttur í kennsluskyldu eða annarri starfskvöð. Ekki koma aðrar þýðingar til greina en þær, er hafa bókmenntalegt gildi. Heimilt er í reglugerð að ákveða lægri greiðslur fyrir þýðingar en frumsamin verk.

Um 4. gr.

Nú eru starfandi þessi rithöfundasamtök: Rithöfundasamband Íslands, Rithöfundafélag Íslands og Félag íslenskra rithöfunda. Með orðalaginu „félagssamtök

rithöfunda“ er átt við framangreind samtök eða þau, er í þeirra stað kunna að koma. Meginákvæði reglugerðarinnar hljóta að lúta að því, hvernig hátta skuli greiðslum úr launasjóði. Ekki mun verða komist hjá, að þær verði að einhverju leyti háðar mati, þannig að ekki geti allir, er semja og fá birtar bækur í landinu, vænst fjár eða átt einstaklingsbundna kröfu til fjár úr sjóðnum. Höfuðhlutverk sjóðsins er að auðvelda starfandi höfundum að sinna ritstörfum án meiri fjárhagslegrar áhyggju almennt en aðrar starfsstéttir í þjóðfélaginu.

Ekki þykir heppilegt að svo stöddu að setja fastar ýtarlegar reglur í frumvarpið um framkvæmd laganna í einstökum atriðum, heldur verði fyrst um sinn settar um þau efni stjórnvaldsreglur í nánu samráði við rithöfunda sjálfa. Hljóta þessir aðilar að hafa allfrjálsar hendur um, hvernig reglunum verður háttað að þessu sinni, en þegar nægileg reynsla er fengin af framkvæmd þeirra, verður væntanlega tímabært að lögfesta slíkar reglur í meginatriðum.

Ef samkomulag verður um það milli ráðuneytis og rithöfunda, mætti fela nefnd skipaðri 16. jan. 1973 að semja reglugerðina í framhaldi af öðrum störfum hennar að þessum málum.

Um 5. gr.

Þarfnast ekki skýringa.“

## Sþ. 252. Tillaga til þingsályktunar [135. mál]

um athugun á bifreiðatryggingum.

Flm.: Benedikt Gröndal, Eggert G. Þorsteinsson, Sighvatur Björgvinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fram fara sérfræðilega rannsókn á því, hvort unnt sé að gera bifreiðatryggingar þjóðinni ódýrari og hagkvæmari, og verði í því sambandi sérstaklega athuguð þau nýju tryggingakerfi, sem nú breiðast ört út í Bandaríkjunum og Kanada.

### Greinargerð.

Bifreiðaeign íslendinga hefur farið ört vaxandi á síðustu árum, og jafnframt hefur kostnaður við bifreiðatryggingar aukist að sama skapi. Ýmislegt veldur því, að tjón á farþegum, ökumönnum og bifreiðum er hér mikið, og kemur það eðlilega fram í miklum tryggingakostnaði. Er því til mikils að vinna, ef unnt reyndist að draga úr þessum kostnaði eða gera bifreiðatryggingar á annan hátt hagkvæmari en þær hafa verið.

Sams konar vandamál hafa í öðrum löndum leitt til þess, að fram hafa komið hugmyndir um veigamiklar breytingar á tryggingakerfi bifreiða, og hafa þær sérstaklega verið reyndar í Bandaríkjunum og Kanada.

Í Bandaríkjunum ber mest á svokölluðum “no fault” bifreiðatryggingum, sem fyrst voru teknar upp í fylkinu Massachusetts árið 1971. Síðan hafa fjölmörg fylki tekið upp slík kerfi í mismunandi myndum, og fram hafa komið á þinginu í Washington tillögur um að skylda öll fylkin til þess.

Sameiginlegt þessum kerfum er, að greiðslur tjóna eru án tillits til sakar og fara fram innan tiltekins tíma, sem er allt niður í 30 daga. Sparast við þetta mikil málaferli, enda lögfræðingar andvígir kerfinu, en tryggingafélög yfirleitt hlynnt því. Þá er það talin mikil framför, að bótamál fást afgreidd á mun skemmri tíma en áður. Þar að auki hefur reynslan orðið sú, að iðgjöld hafa lækkað. Sem dæmi má nefna, að hjá hinu gagnkvæma tryggingafélagi Allstate lækkaði iðgjald tiltekinna bifreiðatrygginga í New York úr $ 134 í $ 85, en hjá öðrum félögum nokkru minna.

Sem dæmi um Kanada má nefna fylkið Manitoba, sem hefur tekið upp "no fault" kerfi bifreiðatrygginga, sem nær jöfnum höndum til slysa á fólki og skemmda af völdum bifreiða. Kerfið gengur undir nafninu "Autopak" og er í höndum eins opinbers aðila, The Manitoba Public Insurance Corporation. Kerfið tók til starfa seint á árinu 1971 og hefur þótt gefast mjög vel. Tryggingaiðgjöld eru annars vegar af ökutækjum og fylgja þá árlegri skráningu þeirra, en hins vegar af ökumönnum, en sá hluti er mishár eftir aldri og kyni, en auk þess eru hækkandi iðgjöld ef ökumaður hefur lent í óhöppum, og fer það eftir sérstökum skala.

Hér er ekki unnt að gera ítarlegri grein fyrir þessum nýjungum, en þær gefa ástæðu til þess, að þeim sé gaumur gefinn, enda þótt aðstæður séu um margt ólíkar á Íslandi og í þeim löndum, sem nefnd hafa verið. Því er þessi tillaga flutt um að ríkisstjórnin láti fram fara sérfræðilega athugun þessara mála.

## Sþ. 253. Tillaga til þingsályktunar [97. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að fullgilda samninginn um alþjóðastofnun fjarskipta um gervihnetti (INTELSAT).

(Afgreidd frá Sþ. 27. jan.)

Samhljóða þskj. 109.

## Nd. 254. Nefndarálit [84. mál]

um frv. til l. um breyt. á útvarpslögum, nr. 19/1971.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Meiri hl. menntamálanefndar leggur til að frv. verði samþ. óbreytt.

Minni hl. nefndarinnar, Kjartan Ólafsson og Magnús T. Ólafsson, mun skila séráliti.

Fjarverandi afgreiðslu málsins var Ingvar Gíslason.

Alþingi, 28. jan. 1975.

Ellert B. Schram, varaform. Sigurlaug Bjarnadóttir, fundaskr. Ey. Kon. Jónsson, frsm.

Gunnlaugur Finnsson.

## Nd. 255. Nefndarálit [124. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd samþykkt um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, 1972.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþ.

Fjarstaddir afgreiðslu málsins voru Páll Pétursson og Sighvatur Björgvinsson.

Alþingi, 28. jan. 1975.

Ellert B. Schram, form. Gunnlaugur Finnsson, fundaskr. Friðjón Þórðarson, frsm.

Kjartan Ólafsson. Ingólfur Jónsson.

## Nd. 256. Nefndarálit [72. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 84/1970, um Háskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og mælir með samþykkt þess eins og það liggur fyrir. — Fjarverandi var Ingvar Gíslason.

Alþingi, 28. jan. 1975.

| | | |
|---|---|---|
| Ellert B. Schram, varaform. | Sigurlaug Bjarnadóttir, fundaskr., frsm. | Gunnlaugur Finnsson. |
| Kjartan Ólafsson. | Ey. Kon. Jónsson. | Magnús T. Ólafsson. |

## Sþ. 257. Fyrirspurn [136. mál]

til iðnaðarráðherra um stöðu lánasjóða iðnaðarins og hugsanlega sameiningu þeirra eða samræmingu starfa þeirra.

Frá Heimi Hannessyni.

1. Hvernig hefur verið háttað ráðstöfun fjármagns þessara sjóða á s. l. tveimur árum, annars vegar gagnvart útflutningsiðnaði og hins vegar iðnaði fyrir heimamarkað?
2. Hvert er hlutfall lána og/eða styrkja þessara sjóða, annars vegar að því er varðar fjárfestingu tengda iðnrekstri og hins vegar í beinu sambandi við útflutnings- og markaðsmál?
3. Er ekki tímabært að sameina alla eða hluta þessara sjóða og efla starfsemi þeirra með samræmdum aðgerðum?

## Nd. 258. Frumvarp til laga [137. mál]

um breyting á bráðabirgðalögum um launajöfnunarbætur, bætur almannatrygginga og verðlagsmál, nr. 88 24. sept. 1974.

Flm.: Magnús Kjartansson, Bjarnfríður Leósdóttir.

1. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Við 1. málsgrein 19. gr. laga nr. 67/1971 með áorðnum breytingum, sbr. lög nr. 96/1971 og lög nr. 62/1974, bætist:

Upphæðir þessar skulu breytast ársfjórðungslega í samræmi við vísitölu framfærslukostnaðar frá 1. október 1974 að telja.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til að svonefnd tekjutrygging — þ. e. a. s. viðbótarlífeyrir til aldraðs fólks og öryrkja sem hefur engar eða sáralitlar aðrar tekjur

en greiðslur almannatrygginga sér til lífsframfæris — breytist í samræmi við breytingar á vísitölu framfærslukostnaðar.

Með bráðabirgðalögum ríkisstjórnarinnar frá 24. sept. 1974 og þeim hrikalegu verðhækkunum, sem síðan hafa dunið yfir, voru bætur almannatrygginga skertar mjög tilfinnanlega. Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1975 var þess freistað að draga nokkuð úr þessari skerðingu að því er lífeyrisgreiðslur varðar. Við 2. umræðu fjárlaga var lagt til að 800 milljónum króna yrði varið til þess að tryggja kaupmátt þessara greiðslna, en sú tillaga var felld. Við 3. umræðu fjárlaga var felld tillaga um 500 milljónir króna í sama skyni. Þá var einnig felld tillaga um að ríkisstjórninni væri **heimilt** að greiða uppbætur á tekjutryggingu í samræmi við breytingar á framfærsluvísitölu! Sú afgreiðsla virtist fremur bera vott um kergju en raunsætt mat. Því er þess enn freistað að afla fylgis þingmanna við þá hugmynd að þyrma því fólki sem býr við erfiðust kjör í þjóðfélaginu. Viðbótargreiðsla til fólks, sem nýtur tekjutryggingar, er nú rúmar 8000 kr. á mánuði sem hámark. Enda þótt við erfiðleika sé að etja í efnahagsmálum verða vart færð rök að því að afkoma þjóðarheildarinnar sé slík að nauðsynlegt sé að skerða kaupmátt þeirra lágu tekna.

Rauntekjur manna hafa lækkað mjög ört undanfarna mánuði. Vísitölur gefa mjög grófgerða hugmynd um þá þróun, því að þjóðfélagshópar eru misjafnlega settir. Engir hafa orðið fyrir jafntilfinnanlegri tekjuskerðingu og láglaunafólk sem notar mjög verulegan hluta tekna sinna til að kaupa matvæli, því að það hefur einkennt þróunina að matvæli hafa hækkað meira en nokkrir aðrir vöruflokkar. Tekjulægstu hóparnir eru það fólk sem hefur lífsviðurværi sitt af bótum almannatrygginga. Almennur elli- og örorkulífeyrir nemur nú 13 339 kr. á mánuði. Þegar við bætist tekjutrygging hjá þeim sem engar aðrar tekjur hafa nemur bótaupphæðin 21 398 kr. á mánuði.

Við þriðju umræðu fjárlaga gerði Geir Gunnarsson, fulltrúi Alþýðubandalagsins í fjárveitinganefnd, grein fyrir því hversu mjög kaupmáttur þessara tekna hefði verið skertur frá því að núverandi stjórn tók við völdum í ágúst í fyrra, á aðeins fjórum mánuðum. Hann gerði m. a. grein fyrir þessum dæmum um það hve mikið vörumagn hægt var að kaupa fyrir mánaðartekjurnar:

**Almennur mánaðarlífeyrir í ágúst 1974.**

Rúgbrauð 200 stk.
Franskbrauð 254 stk.
Kartöflur 773 kg.
Strásykur 81.4 kg.
Kaffi 32.7 kg.
Mjólk 522 lítrar.
Skyr 229.6 kg.
Súpukjöt 51.3 kg.
Smjörlíki 71.4 kg.
Haframjöl 147.2 kg.
Hveiti 162.9 kg.
Smjör 49.9 kg.

**Almennur mánaðarlífeyrir í des. 1974.**

Rúgbrauð 173 stk.
Franskbrauð 222 stk.
Kartöflur 319 kg.
Strásykur 48.5 kg.
Kaffi 27.7 kg.
Mjólk 430 lítrar.
Skyr 146.6 kg.
Súpukjöt 40.5 kg.
Smjörlíki 62.3 kg.
Haframjöl 116 kg.
Hveiti 148.2 kg.
Smjör 28.8 kg.

Sé tekinn almennur lífeyrir að viðbættri tekjutryggingu líta dæmin þannig út:

**Í ágúst 1974.**

Rúgbrauð 310 stk.
Franskbrauð 393 stk.
Kartöflur 1195 kg.
Strásykur 125.9 kg.
Kaffi 50.5 kg.
Mjólk 807 lítrar.

**Í desember 1974.**

Skyr 354.9 kg.
Súpukjöt 79.3 kg.
Smjörlíki 110.4 kg.
Haframjöl 227.5 kg.
Hveiti 251.8 kg.
Smjör 77.1 kg.

| | |
|---|---|
| Rúgbrauð 278 stk. | Skyr 235.1 kg. |
| Franskbrauð 356 stk. | Súpukjöt 65 kg. |
| Kartöflur 512 kg. | Smjörlíki 100 kg. |
| Strásykur 77.6 kg. | Haframjöl 186.1 kg. |
| Kaffi 44.4 kg. | Hveiti 237.8 kg. |
| Mjólk 690 lítrar. | Smjör 46.2 kg. |

Skerðing kaupmáttar gagnvart þessum vörutegundum er veruleg og kemst í einu dæminu yfir 50%. Þær breytingar einar hafa orðið síðan í desember að sumar þessar vörur hafa enn hækkað.

Haldi þessi þróun áfram verða á skömmum tíma teknar aftur þær bætur á kjörum lífeyrisþega sem framkvæmdar voru á árunum 1971—1974. Vinstri stjórnin átti frumkvæði að þeim umskiptum öllum, en lagabreytingarnar voru ævinlega samþykktar mótatkvæðalaust á þingi. Það er mikil hugafarsbreyting ef meiri hluti alþingismanna er nú orðinn gersamlega fráhverfur því að halda uppi almannatryggingakerfi til jafns við aðrar þjóðir með hliðstæðan efnahag.

## Nd. 259. Frumvarp til laga [138. mál]

um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67 frá 20. apríl 1971.

Flm.: Magnús Kjartansson, Bjarnfríður Leósdóttir.

1. gr.

78. gr. laga nr. 67/1971 með áorðnum breytingum, sbr. lög nr. 96/1971, orðist svo:

Nú verður breyting á vikukaupi í almennri verkamannavinnu, og skal ráðherra þá innan mánaðar breyta upphæðum bóta samkvæmt lögum þessum og greiðslum samkvæmt 73. gr. í samræmi við það. Upphæðir þær, sem tilgreindar eru í 19. gr., skulu einnig breytast ársfjórðungslega í samræmi við vísitölu framfærslukostnaðar. Fjölskyldubætur eru undanþegnar þessu ákvæði, en um breytingu þeirra bóta fer eftir ákvörðun Alþingis hverju sinni.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1975.

Greinargerð.

Í gildandi lögum um almannatryggingar er svo fyrir mælt að ráðherra skuli innan sex mánaða ákveða breytingar á greiðslu samkvæmt lögunum í samræmi við breytingar á vikukaupi í almennri verkamannavinnu. Í tíð fyrrverandi ríkisstjórnar var þessi breyting ævinlega ákveðin innan mánaðar, og er hér lagt til að sú framkvæmt verði lögfest. Fyrir því eru engin rök að viðskiptavinir almannatrygginga verði að bíða í allt að því hálft ár eftir því að greiðslur til þeirra hækki í samræmi við þær breytingar sem verða á almennum vinnumarkaði.

Í annan stað er hér lagt til að greiðslur samkvæmt 19. gr. laganna — svonefnd tekjutrygging — breytist ársfjórðungslega í samræmi við vísitölu framfærslukostnaðar, jafnvel þótt annar háttur kunni að vera á hafður um almennar kaupgreiðslur.

Haldið er því fyrra ákvæði að fjölskyldubætur verði undanþegnar þessum reglum, þar sem þær bætur hafa fyrst og fremst verið notaðar af stjórnarvöldum sem hagstjórnartæki, en ekki í samræmi við tryggingarsjónarmið. Hins vegar er hér lagt til að Alþingi fjalli um slíkar breytingar, þar sem um hagstjórnarmál er að ræða, en samkvæmt gildandi lögum er það vald í höndum ríkisstjórnar hverju sinni, og hafa þær bætur oft verið lækkaðar að geðþótta fjármálaráðherra.

Lagt er til að lög þessi taki gildi 1. júní n. k., en þá falla niður ákvæði gildandi bráðabirgðalaga um launajöfnunarbætur, bætur almannatrygginga og verðlagsmál. Í öðru frumvarpi leggja flutningsmenn til að þeim bráðabirgðalögum verði breytt þannig að tekjutrygging aldraðs fólks og öryrkja hækki í samræmi við vísitölu framfærslukostnaðar frá 1. október 1974.

## Nd. 260. Breytingartillaga [124. mál]

við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd samþykkt um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, 1972.

Frá allsherjarnefnd.

Á eftir 4. gr. komi ný grein, sem orðist svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Sþ. 261. Fyrirspurnir. [139. mál]

I. Til forsætisráðherra um lánveitingar úr Byggðasjóði.

Frá Jóni Skaftasyni.

a. Hverjar voru heildarlánveitingar úr Byggðasjóði árin 1972, 1973 og 1974?
b. Hvernig skiptust þær á kjördæmi?

II. Til samgönguráðherra um bættar vetrarsamgöngur.

Frá Lárusi Jónssyni.

Hvað líður framkvæmd þingsályktunar frá 26. mars 1974 um bættar vetrarsamgöngur í snjóþungum byggðarlögum og könnun á hagkvæmri og stórvirkri snjóruðningstækni?

III. Til samgönguráðherra um vetrarsamgöngur á Austurlandi.

Frá Helga F. Seljan.

1. Hvernig hyggst Vegagerð ríkisins bæta úr því ástandi, sem nú ríkir í samgöngumálum austfirðinga?
2. Hefur Vegagerð ríkisins uppi áform um nýjar vinnuaðferðir, þegar erfiðleikar eru mestir, svo sem rekstur fullkominna snjóbíla?
3. Á hvern hátt hyggst Vegagerð ríkisins í framtíðinni mæta erfiðleikum, svo sem þeim er nú hafa skapast á Austurlandi og víðar? Er einhver áætlanagerð þar að lútandi í gangi hjá stofnuninni?
4. Hefur samgönguráðuneytið kannað möguleika á betri samgöngum á sjó milli hafna á Austurlandi, þegar svo er ástatt sem nú?

IV. Til menntamálaráðherra um sjónvarpsmál á Austurlandi.

Frá Lúðvík Jósepssyni.

1. Hvað hugsar ráðherra sér að gera til að ráða bót á því ófremdarástandi, sem ríkjandi er í sjónvarpsmálum á Austurlandi?
2. Verða ekki gerðar ráðstafanir til að auka öryggi í rekstri endurvarpsstöðvarinnar á Gagnheiði? Hvenær má búast við slíkum umbótum?
3. Hvað er ráðgert að gera til þess að auka myndgæði í útsendingu á Austurlandi? Hvenær verða slíkar framkvæmdir gerðar?

## Nd. 262. Frumvarp til laga [140. mál]

um breyting á lögum nr. 51 frá 16. maí 1974, um gatnagerðargjöld.

Frá félagsmálanefnd.

1. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Gjald skv. 3. gr. má innheimta af öllum fasteignum við þær götur, sem bundið slitlag hefur verið sett á og þar sem gangstéttir hafa verið lagðar. Má gjaldið nema allt að meðalkostnaði við þessar framkvæmdir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Hinn 16. maí s. l. voru staðfest lög um gatnagerðargjöld, nr. 51/1974. 4. gr. laganna er svo hljóðandi: „Gjöld skv. 3. gr. má innheimta af öllum fasteignum við þær götur, sem bundið slitlag er sett á og þar sem gangstéttir eru lagðar. Má gjaldið nema allt að áætluðum meðalkostnaði við þessar framkvæmdir.“

Þegar fyrstu samþykktir á grundvelli laga þessara bárust félagsmálaráðuneytinu til staðfestingar, taldi ráðuneytið það orka tvímælis, hvort orðun 4. gr. laganna heimilaði innheimtu gjalda skv. 3. gr. vegna framkvæmda við bundið slitlag á götur og gangstéttir, sem þegar höfðu verið lagðar fyrir gildistöku laganna. Er frv. þetta flutt til að taka af öll tvímæli í þessu efni.

Það er álit margra sveitarstjórna, að heimild til álagningar sérstaks gjalds skv. 3. gr. laganna komi ekki nema að takmörkuðu gagni, nema unnt verði að leggja slík gjöld á fasteignir við götur, þar sem búið er að setja bundið slitlag á.

Félagsmálanefnd flytur frumvarp þetta að beiðni stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga. Einstakir nefndarmenn áskilja sér þó rétt til að fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma, eða flytja breytingartillögur.

## Nd. 263. Frumvarp til laga [124. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd samþykkt um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, 1972.

(Eftir 2. umr. í Nd., 30. jan.)

Samhljóða þskj. 178 með þessari breytingu:

5. gr. hljóðar svo:

**Lög þessi öðlast þegar gildi.**

## Nd. 264. Nefndarálit [84. mál]

um frv. til l. um breyt. á útvarpslögum, nr. 19/1971.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Með frumvarpi þessu er í veigamiklu atriði horfið frá þeirri stefnu sem mörkuð er í gildandi lögum, að Ríkisútvarpið skuli vera sjálfstæð stofnun og óháð fyrirmælum stjórnvalda um dagskrárgerð og efnismeðferð. Útvarpslögin, sem þessa stefnu mörkuðu, voru samþykkt einróma á Alþingi fyrir fáum árum, og í ítarlegum umræðum bar enginn brigður á að kjör útvarpsráðs til fastákveðins tíma væri snar þáttur þeirrar stefnumörkunar. Engin málefnaleg rök hafa verið færð fyrir því að þörf sé á að skerða starfsaðstöðu Ríkisútvarpsins sem sjálfstæðrar stofnunar á þann hátt sem ráð er fyrir gert í frv. Aftur á móti gefur auga leið, að slík breyting hlýtur að torvelda mótun og framkvæmd samfelldrar stefnu í dagskrárgerð. Útvarpsráð, sem á vísa setu ákveðið kjörtímabil, hefur í því efni allt aðra og betri aðstöðu en ráð sem á allt í óvissu um starfstíma og jafnvel getur skipt um oftar en einu sinni á ári, eins og dæmi sanna.

Flutningur þessa frumvarps verður því að skoðast ofríkisverk valdhafa, sem ekki vilja una öðru en geta ráðið dagskrárgerð Ríkisútvarpsins þá fáu mánuði sem eftir eru af kjörtímabili útvarpsráðsins, sem nú situr, og skirrast ekki við að fórna í því skyni sjálfstæði stofnunarinnar og kippa grundvellinum undan festu, samhengi og skipulegum vinnubrögðum í starfi hennar. Við leggjum því til að frumvarp þetta verði fellt.

Jafnframt berum við fram tillögu um að upp í útvarpslög verði tekið ákvæði til að tryggja sjálfstæði Ríkisútvarpsins vendilegar en nú er gert með því að girða fyrir að í útvarpsráð veljist menn sem starfs síns vegna gætu lent í hagsmunaárekstrum, ættu þeir að fjalla um þau verkefni sem útvarpsráði eru falin.

Alþingi, 3. febr. 1975.

Kjartan Ólafsson, frsm. Magnús T. Ólafsson.

## Nd. 265. Breytingartillaga [84. mál]

við frv. til l. um breyt. á útvarpslögum, nr. 19/1971.

Frá minni hl. menntamálanefndar (KÓ, MÓ).

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Á eftir 1. málsgr. 5. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Enginn fastur starfsmaður Ríkisútvarpsins er kjörgengur í útvarpsráð, ekki heldur þeir sem vegna starfs við aðra fjölmiðla fullnægja inntökuskilyrðum Blaðamannafélags Íslands né heldur nokkur sá sem hefur atvinnu af að annast kynningarstarfsemi eða upplýsingamiðlun fyrir fyrirtæki, samtök eða stofnun. Sama gildir um íslenska starfsmenn erlendra sendiráða eða fjölþjóðasamtaka er njóta friðinda gagnvart íslenskum lögum vegna starfsins.

**Sþ.** **266. Fyrirspurnir.** [141. mál]

I. Til menntamálaráðherra um innheimtu afnotagjalda hljóðvarps og sjónvarps.

Frá Heimi Hannessyni.

Vill menntamálaráðherra beita sér fyrir því, að eðlilegt tillit verði tekið til alvarlegra truflana á útsendingu hljóðvarps og sjónvarps, þegar afnotagjöld fyrir þá þjónustu verða innheimt, gagnvart þeim aðilum, er fyrir slíkum truflunum verða og hafa orðið?

II. Til sjávarútvegsráðherra um vanskil á stofnlánum hjá Fiskveiðasjóði Íslands og Byggðasjóði.

Frá Jóni Árm. Héðinssyni.

a. Hver voru vanskil togara við Fiskveiðasjóð Íslands og Byggðasjóð 1. jan. 1975?
b. Hvernig skiptast vanskilin eftir kjördæmum?

**Nd.** **267. Tillaga til þingsályktunar** [142. mál]

um sameiginlegan lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn.

Flm.: Bjarnfríður Leósdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta semja og leggja fram á Alþingi fyrir árslok 1975 frumvarp til laga um sameiginlegan lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn. Við samningu þess frumvarps skal m. a. miða að því, að í slíkum lífeyrissjóði geti allir átt aðild, bæði þeir, sem nú standa utan lífeyrissjóða, og sjóðfélagar annarra lífeyrissjóða. Enn fremur skal á það lögð áhersla, að lífeyrisgreiðslur slíks sjóðs séu verðtryggðar og allir lífeyrisþegar njóti sömu réttinda án tillits til kyns eða atvinnustéttar.

Greinargerð.

Að undanförnu hefur lífeyrissjóðakerfi landsmanna verið talsvert til umræðu. Í þeim umræðum hefur m. a. komið fram, að 90—95% launþega, 20 ára og eldri, eru innan lífeyrissjóðakerfisins, en að fjöldi lífeyrissjóða muni vera á milli 90 og 100. Það, sem hefur hins vegar komið af stað umræðum um mál þessi, er sá vandi sem fylgir margbrotnu og mismunandi kerfi lífeyrissjóða. Þar njóta sumir lífeyris sem er verðtryggður, þannig að lífeyrisþegar njóta bóta sem eru ákveðið hlutfall atvinnutekna eins og þær eru á hverjum tíma. Sumir verða hins vegar að sætta sig við óverðtryggðar lífeyrisgreiðslur og verða þannig fyrir barðinu á verðbólgunni, þar til þær eru orðnar að engu og réttindin gagnslaus. Enn aðrir eiga ekki aðgang að neinum lífeyrissjóði.

Með tillögu þessari er lagt til, að ríkisstjórninni verði falið að bæta úr í þessum efnum og leggja frumvarp til laga um sameiginlegan lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn fram á Alþingi fyrir árslok 1975. Verði frumvarpið þannig úr garði gert, að með því sé öllum tryggður aðgangur að slíkum lífeyrissjóði. Þar sem nú á að fara fram endurskoðun á löggjöf almannatrygginga, er hugsanlegt að þessi sjóður yrði í beinum tengslum þar við. Lífeyrisgreiðslur yrðu verðtryggðar og öllum tryggð sömu réttindi, konum sem körlum.

## Nd. 268. Tillaga til þingsályktunar [143. mál]

um fæðingarorlof kvenna og fæðingarstyrk.

Flm.: Bjarnfríður Leósdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera þær breytingar á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, að þar verði konum tryggt 3ja mánaða fæðingarorlof á fullum launum, enn fremur að fæðingarstyrkur verði greiddur hverri konu, en dvöl á fæðingarstofnunum verði ókeypis.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er, færist það stöðugt í vöxt að konur stundi atvinnu utan heimilanna. Atvinnuvegirnir hafa þurft á þessu vinnuafli að halda og sótt í það í auknum mæli og nægir í því sambandi að minna á að sú mikilvæga atvinnugrein landsmanna, fiskiðnaðurinn, er að verulegu leyti borin uppi af vinnu kvenna.

En aukin þátttaka kvenna í atvinnulífinu kallar á ýmsar félagslegar aðgerðir til að mæta þörfum þeirra. Þessum þörfum hefur ekki verið sinnt nægilega til þessa.

Mikið vantar t. d. á að hægt sé að bjóða börnum jafnan rétt til dvalar á dagvistunarheimilum eða að nægilegt tillit sé tekið til þess almennt, að aukin útivinna foreldra útheimtir stofnanir sem sinnt geta uppeldi barna og tekið við hlutverki því sem móðir gegnir á heimili.

Eitt af því, sem veldur talsverðri mismunun milli kynja og gerir bæði afkomu og atvinnu konunnar ótryggari en karlmanna, er að við barnsburð nýtur kona allajafna ekki launa nema í mjög skamman tíma, eða 10—14 daga, sem augljóslega er allt of skammur tími. Frá þessu er þó veigamikil undantekning, því að þær konur, sem starfa hjá ríki og bæjarfélögum, njóta 3ja mánaða barnsburðarfría eða orlofs á fullum launum.

Með tillögu þessari er lagt til að eitt verði yfir allar konur látið ganga í þessum efnum og ríkisstjórninni verði falið að gera þær breytingar á lögum um almannatryggingar, að þar verði konum tryggð þessi sjálfsögðu réttindi.

Þá er lagt til að fæðingarstyrkur skv. 16. gr. laga um almannatryggingar verði látinn ganga til konunnar, til þess að létta undir þeim kostnaði sem óneitanlega hlýtur að vera samfara barnsburði, en að dvöl á fæðingarheimilum verði ókeypis eins og hver önnur sjúkrahúsvist.

## Sþ. 269. Tillaga til þingsályktunar [144. mál]

um lækkun á byggingarkostnaði.

Flm.: Ragnhildur Helgadóttir.

Í þeim tilgangi að draga úr húsnæðiskostnaði ályktar Alþingi að fela ríkisstjórninni að láta gera nákvæma skýrslu um þann hluta byggingarkostnaðar, sem fólginn er í ýmiss konar gjöldum til ríkisins. Á grundvelli þeirrar skýrslu láti ríkisstjórnin gera tillögur um niðurfellingu eða verulega lækkun þeirra gjalda.

Greinargerð.

Fyrir ári var flutt sams konar þingsályktunartillaga. Henni fylgdi þá svo hljóðandi greinargerð:

Húsnæðiskostnaður reynist mörgum miklu þyngri byrði en eðlilegt getur talist, miðað við annan framfærslukostnað. Sérstaklega á þetta við um ungt fólk og barn-

margar fjölskyldur. Kostnaðarbyrðin er þung, hvort heldur byggt er eigin húsnæði eða búið í leiguhúsnæði.

Lækkun byggingarkostnaðarins er sjálfsögð leið til að draga úr útgjöldum húsbyggjenda og leigjenda. Auk þess er lækkun byggingarkostnaðar þjóðhagslega æskileg til að draga úr spennu í efnahagsmálum. Eru þetta alkunnar staðreyndir.

Augljóst er, að hinn hái húsnæðiskostnaður veldur ríkinu margvíslegum vanda. Þegar byggingarkostnaður hækkar, aukast skyldur ríkisins til að leggja fé til húsnæðismála, að ótöldum hugsanlegum aðgerðum vegna áhrifa húsnæðiskostnaðar á vísitölu. Það má því kallast mótsagnakennt, að ríkið sjálft skuli með ýmsum hætti verða til þess að halda þessum kostnaði uppi, með opinberum álögum á byggingarefni og nokkra aðra þætti byggingarkostnaðar. Má þar nefna aðflutningsgjöld, söluskatt, launaskatt o. fl.

Það virðist liggja beint við að leggja til, að ríkið dragi sjálft úr aðgerðum, sem hækka húsnæðiskostnað. Það er meginhugsun bak við þessa tillögu, að hvort tveggja gerist í senn, að ríkið felli niður eða lækki álögur á húsbyggjendur og geti hlutfallslega dregið úr skuldbindingum, sem það ella yrði að taka á sig um fjárútvegun til húsbyggingalána. Samþykkt tillögu þessarar þýðir því ekki raunverulegt tap fyrir ríkissjóð. Hér er öllu fremur um að ræða millifærslu, reikningslega hagræðingu, sem ein saman getur lækkað húsnæðiskostnað í landinu um 11—15%.

Hér fylgir lausleg ágiskun um skiptingu byggingarkostnaðar í verðþætti íbúðarhúsa í Reykjavík.

| | % | Á þessu bili |
|---|---|---|
| Laun á byggingarstað (útseld vinna) | 41 | 35—45 |
| Cif-verð innfl. | 16 | 12—20 |
| Aðflutningsgjöld | 6 | 5—7 |
| Söluskattur | 6 | 5½—6½ |
| Borgargjöld | 4 | 2—8 |
| Teikningar | 4 | 3—5 |
| Annað (laun utan byggingarstaða, innl. efni, álagning á vöru, vélavinna o. fl., o. fl.) | 23 | 20—28 |
| | 100 | |

Opinberar álögur eru 15—20% af byggingarkostnaði, til ríkis 11—15% (tollur, söluskattur, launaskattur, skipulagsgjald, gatnagerðargjald o. fl., o. fl.).

Af þessu yfirliti má marka, að sá hluti byggingarkostnaðar, sem ríkið leggur á, nemur verulegum fjárhæðum. Þessar fjárhæðir verða svo m. a. til þess að auka kröfur á hendur ríkinu. Lækkun þeirra fjárhæða gæti dregið úr spennu, ríki og almenningi til hagsbóta.

## Sþ. 270. Tillaga til þingsályktunar [145. mál]

um endurskoðun laga um iðju og iðnað.

Flm.: Gunnar J. Friðriksson, Friðjón Þórðarson, Jón Árnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta endurskoða lög um iðju og iðnað, nr. 79 15. ágúst 1971, og leggja frumvarp til nýrra iðnaðarlaga fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Til þess að vinna þetta verk skal ríkisstjórnin skipa fimm manna nefnd. Skulu fjórir nefndarmanna skipaðir samkvæmt tilnefningu eftirtalinna aðila: Félags ísl. iðnrekenda, Landssambands iðnaðarmanna, Landssambands iðnverkafólks og samtaka iðnsveina. Einn nefndarmanna skal skipaður án tilnefningar.

Greinargerð.

Núgildandi iðnaðarlöggjöf er að meginstofni frá árinu 1927 (lög nr. 18 1927 með nokkrum breytingum, aðallega frá árinu 1936), en síðast var lögunum breytt árið 1970 (lög nr. 8 1970), sem síðan voru felld inn í gömlu lögin og endurútgefin sem lög nr. 79 1971.

Lögin frá 1927 voru fyrsta löggjöf um þetta efni á Íslandi og munu að ýmsu leyti hafa byggst á norskum lögum frá 1913 (lögum frá 25. júlí 1913). Snemma árs 1950 skipaði þáverandi iðnaðarráðherra nefnd til að endurskoða lögin frá 1927. Varð nefndin sammála um „frumvarp til iðnaðarlaga“, sem lagt var fram á Alþingi 1952 sem stjórnarfrumvarp, með nokkrum breytingum af hálfu iðnaðarráðuneytisins. Þrátt fyrir samstöðu í nefndinni, sem samdi frumvarpið, milli fulltrúa iðnaðarmanna og iðnrekenda voru iðnaðarmenn óánægðir með ýmis ákvæði þess og einnig komu verkfræðingar og opinberir aðilar (Póstur og sími) fram með sérsjónarmið. Er iðnaðarnefnd neðri deildar varð ljós þessi ágreiningur, lagði hún til, að málið væri afgreitt með rökstuddri dagskrá og ríkisstjórninni falið að reyna að ná samkomulagi við þá aðila, sem málið varðaði sérstaklega. Var rökstudda dagskráin samþykkt og síðan hefur ekkert gerst í máli þessu.

Það gefur auga leið, að nær fimmtíu ára gömul löggjöf um svo mikilvæga atvinnustarfsemi sem iðnaðurinn í heild er, hlýtur að vera í mörgu úrelt og óraunhæf. Í því sambandi má geta þess, að hin Norðurlöndin hafa öll samræmt sín lög um iðnað breyttum aðstæðum vegna hinnar öru þróunar í iðnaði þessara landa. Er það skoðun flutningsmanna, og þar einnig stuðst við skoðun forustumanna iðnaðar, að brýn þörf sé á endurskoðun hinna úreltu laga um „iðju og iðnað“.

## Ed. 271. Frumvarp til laga [146. mál]

um breyting á lögum nr. 108 31. des. 1974, um Framleiðslueftirlit sjávarafurða.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

4. gr. laganna orðist þannig:

Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins framkvæmir, í samráði við Framleiðslueftirlit sjávarafurða, þær rannsóknir sem nauðsynlegar eru vegna þeirrar stofnunar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Við afgreiðslu frv. í sjávarútvegsnefnd Ed. í des. s. l. féll niður ofangreind breyt. á frv., en hún telst nauðsynleg til þess að ugglaus sé verkaskipting milli Framleiðslueftirlitsins og Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins.

## Sþ. 272. Tillaga til þingsályktunar [147. mál]

um sparnað í notkun eldsneytis.

Flm.: Steingrímur Hermannsson, Þórarinn Þórarinsson, Halldór Ásgrímsson, Jón Helgason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd sérfróðra manna, sem geri hið fyrsta tillögur til ríkisstjórnarinnar um aðgerðir til þess að draga úr notkun á eldsneyti, einkum á olíu og bensíni.

Greinargerð.

Þegar olíukreppan svonefnda skall á haustið 1973, gerðu flestar þjóðir ráðstafanir til þess að draga úr notkun á olíu og bensíni. Þótt einstakir ráðamenn hafi vakið athygli á nauðsyn þess sama hér á landi, hefur það með réttu verið gagnrýnt, að engar markvissar ráðstafanir hafa verið gerðar.

Með þessum orðum er ekki verið að draga úr mikilvægi þess að nýta innlenda orkugjafa í stað þeirra erlendu. Á það ber vitanlega að leggja höfuðáherslu. Hins vegar er það staðreynd, að á fjölmörgum sviðum má spara verulega í notkun olíu, m. a. á sviðum þar sem slíkt eldsneyti mun verða notað um langa framtíð.

Skýrsla nefndar, sem skipuð var til þess að athuga notkun svartolíu í stað dísilolíu í togurum, hefur vakið verðskuldaða athygli. Í ljós hefur komið, að með þessari breytingu má spara mjög mikið fjármagn. Ekki hefur hins vegar verið athugað, hvaða ganghraði togara og annarra skipa og báta er hagkvæmastur, m. a. með tilliti til olíusparnaðar. Staðreyndin er sú, að ótrúlegt magn eldsneytis má spara með réttum ganghraða vélanna.

Við íslendingar hitum enn þá u. þ. b. helming af húsnæði okkar með olíu. Þótt markvisst sé unnið að því að nýta innlenda orkugjafa í stað hinna erlendu, mun olíunotkun á næstu árum verða mikil á þessu sviði. Þá er það jafnframt staðreynd, að við íslendingar hitum hús okkar mikið, t. d. yfirleitt meira en tíðkast á Norðurlöndum. Viðbótarhitastigið í hitun húsnæðis krefst ótrúlega mikils eldsneytis. Í þessu sambandi er einnig mikilvægt að athuga einangrun húsa.

Fjölmörg dæmi fleiri mætti nefna um eldsneytissóun. Það er t. d. athyglisvert, að í hinum nýju togurum eru vistarverur yfirleitt hitaðar með rafmagni, þrátt fyrir þá staðreynd að mikill afgangshiti er ónýttur frá vélum skipanna. Raforkan er hins vegar framleidd með olíu. Vafalaust má finna mörg fleiri slík dæmi um lélega nýtingu orkunnar.

Þótt með þessari tillögu sé fyrst og fremst lögð áhersla á að draga úr notkun á olíu og bensíni, er að sjálfsögðu mjög mikilvægt að fara einnig vel með innlenda orku. Hún er takmörkuð. Athuganir á þessu sviði geta haft verulega þýðingu í sambandi við almenna orkunýtingu. Sjálfsagt er að hafa það einnig í huga.

Eðlilegast er að fela sérfróðum mönnum þetta verkefni. Er ríkisstjórninni í sjálfsvald sett hvernig hún velur þá menn. Hins vegar er nauðsynlegt, að nefndin sé skipuð án tafar og áhersla lögð á að hún geri tillögur sem fyrst.

## Nd. 273. Lög [72. mál]

um breyting á lögum nr. 84/1970, um Háskóla Íslands.

(Afgreidd frá Nd. 5. febr.)

Samhljóða þskj. 76.

## Sþ. 274. Fyrirspurn [148. mál]

til iðnaðarráðherra um orkumál Norðurlands.

Frá Oddi Ólafssyni.

1. Er það rétt að íbúar Norðurlandskjördæmis eystra eigi í heimabyggð niðursetta rafmagnsframleiðsluvél, er gæti fullnægt orkuþörf kjördæmisins næstu árin ef hún væri fullnýtt, og að til fullnýtingar þurfi aðeins nokkurra metra háan

stíflugarð í Laxá, stíflugarð er reisa mætti á fáum mánuðum og mundi ekki kosta meira en olían á dísilvélar svæðisins næsta ár?

2. Sé svo, er þá ekki hugsanlegt að hið breytta viðhorf í orkumálum ásamt margvíslegum örðugleikum íbúa svæðisins vegna orkuskortsins hafi skapað grundvöll fyrir endurskoðun samninga um stíflubyggingu, jafnvel stíflu er væri opin að nokkru eða öllu leyti frá vori til hausts, eða stíflu er skyldi rifin niður er hinni heilsuspillandi orkukreppu Norðurlands lýkur með rekstri Kröfluvirkjunar?

## Ed. 275. Frumvarp til laga [149. mál]

um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði.

(Lagt fyrir Alþingi á 96. löggjafarþingi, 1974—75.)

1. gr.

Ríkisstjórnin skal beita sér fyrir stofnun hlutafélags, er reisi og reki verksmiðju að Grundartanga í Hvalfirði til framleiðslu á 75% ferrosilikoni og hafi með höndum þá framleiðslu og skyldan atvinnurekstur.

2. gr.

Til samvinnu um stofnun eða starfsemi hlutafélags samkvæmt 1. gr. skal ríkisstjórninni heimilt að kveðja hlutafélagið Union Carbide Corporation, New York, N. Y., Bandaríkjunum, og dótturfélög þess fyrirtækis, svo og eftir atvikum aðra aðila, sem áhuga hafa á málinu. Þó skal ekki minna en 51% af hlutafé félagsins jafnan vera í eigu ríkisins og stjórn þess skipuð fulltrúum ríkisins að meirihluta, nema samþykki Alþingis komi til.

3. gr.

Í sambandi við hlutafélag samkv. 1. gr. er ríkisstjórninni heimilt:

1. Að leggja fram allt að 1575 milljónum króna (eða jafnvirði 13.2 milljóna Bandaríkjadollara), til að eignast 55% af hlutafé í félaginu. Einnig er henni heimilt að taka lán í sama skyni.

2. Að kaupa eða láta kaupa jarðnæði við Grundartanga í Hvalfirði, er leigt verði félaginu, eftir því sem þarfir verksmiðju þess krefjast, sbr. 10. gr.

3. Að láta byggja og reka höfn við Grundartanga í Hvalfirði, sem félagið hafi aðgang að, og kaupa eða láta kaupa nauðsynleg landsréttindi höfninni til handa, sbr. 10. gr.

4. Að sjá um að leggja veg að hinu fyrirhugaða verksmiðju- og hafnarsvæði við Grundartanga.

5. Að láta leggja raflínu að hinu fyrirhugaða verksmiðju- og hafnarsvæði við Grundartanga, til flutnings á rafmagni til byggingar verksmiðju félagsins og hafnarinnar og til almennra nota þar á staðnum.

4. gr.

Íslenska ríkið og þeir aðilar, sem kvaddir eru til samstarfs samkv. 2. gr., skulu vera fullgildir stofnendur hlutafélagsins, án tillits til ákvæðis 2. málsliðar 2. málsgr. 4. gr. laga nr. 77/1921 um hlutafélög. Tala stofnenda skal og óháð ákvæðum 1. málsliðs sömu málsgreinar. Rétt er að skrásetja félagið þegar er það hefur verið stofnað, án tillits til þess, hvernig þá stendur á um innborgun lofaðs hlutafjár.

Tala hluthafa í félaginu skal óháð takmörkunum í almennum hlutafélagalögum, svo og réttur hluthafa til að neyta atkvæðisréttar fyrir allt atkvæðisbært hlutafé sitt.

Hlutabréf í félaginu skulu hljóða á nafn. Hlutabréfin skulu undanþegin stimpilgjöldum.

5. gr.

Fulltrúar í stjórn hlutafélagsins skulu skipaðir eða kjörnir á aðalfundi til árs í senn, svo og varamenn þeirra.

Fulltrúar í stjórn félagsins mega vera erlendir ríkisborgarar og búsettir erlendis, þó ekki sá meirihluti, sem áskilinn er í 2. gr. að framan.

Stjórnarmenn þurfa ekki að eiga sjálfir hlut í félaginu.

6. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að gera samninga innan ramma þessara laga við þá aðila, sem kvaddir eru til samstarfs samkv. 2. gr. að framan, og að kveða þar á um þær skuldbindingar af hálfu ríkisins og aðilanna, sem taldar eru nauðsynlegar og viðeigandi í sambandi við samvinnu þeirra um hlutafélagið og starfsemi þess, skal vera eftir því sem ríkisstjórnin ákveður, og ekki skemmri en gildistími þeirra samninga, sem gerðir eru við aðilana við stofnun hlutafélagsins.

Samningar þeir, sem ríkisstjórnin gerir samkvæmt þessari grein, skulu birtir í B-deild Stjórnartíðinda.

7. gr.

Hlutafélagi samkv. 1. gr. ber að greiða tekjuskatt og eignarskatt og önnur opinber gjöld, sem almennt eru á lögð hér á landi, eftir þeim reglum, sem um þau gilda samkvæmt lögum á hverjum tíma, nema að því leyti, sem mælt er á annan veg í lögum þessum.

Verði lagareglum um tekjuskatt og eignarskatt eða önnur opinber gjöld breytt frá því, sem nú er, skal hlutafélagið jafnan eiga sama rétt og aðrir íslenskir aðilar, sem hafa hliðstætt rekstrarform eða stunda hliðstæða starfsemi, þ. e. framleiðsluiðnað fyrir erlendan markað, til að njóta þeirra hlunninda, sem um er að ræða eftir hinum breyttu reglum, og því ekki íþyngt með álögum umfram þessa aðila.

Eftirfarandi reglur skulu gilda gagnvart hlutafélaginu að því er varðar skatta á nettótekjur og aðra skatta, sem að neðan greinir, án tillits til breytinga, sem verða kunna á almennum lögum um þá skatta:

1. Félaginu skal jafnan heimilt að halda varasjóð myndaðan af skattfrjálsum framlögum að því marki, sem um ræðir í 2. málsgr. 17. gr. gildandi laga um tekjuskatt og eignarskatt (nr. 68/1971, sbr. lög nr. 7/1972), og eftir þeim reglum, er gilda um slíkan varasjóð samkvæmt þeim lögum.
2. Félaginu skal jafnan heimilt að draga frá hreinum tekjum sínum á ári hverju sem svarar allt að 10% af nafnverði hlutafjár þess með sama hætti og um getur í 1. málsgr. 17. gr. gildandi tekjuskattslaga. Má sá frádráttur vera fyrir fjárhæðum, er félagið borgar út jafnóðum sem arð á því ári og/eða fjárhæðum, er félagið leggur til hliðar á árinu í sjóð til fjárfestingar og rekstursþarfa. Úr sjóði þeim, sem lagður er til hliðar samkvæmt ákvæði þessu, má síðar úthluta arði og greiða hann, án þess að slíkt skerði rétt félagsins til frádráttar vegna útborgaðs arðs á því ári, er greiðsla fer fram.
3. Félaginu skal jafnan heimilt að auka hlutafé sitt með útgáfu jöfnunarhlutabréfa án þess að nafnverð þeirra teljist til skattskyldra tekna hjá hluthöfum þess, innan þeirra marka, sem um ræðir í 2. málsgr. D-liðs 1. málsgr. 7. gr. gildandi tekjuskattslaga.
4. Félagið skal greiða árlegt landsútsvar, er nemi 0.5% hið mesta af rekstrarútgjöldum þess næstliðið almanaksár samkvæmt ákvæðum skattalaga (þar með taldar fyrningar og vöru- og efnisnotkun), þó ekki af hærri upphæð en sem nemi bráttótekjum félagsins á árinu. Verður landsútsvarið lagt á atvinnurekstur félagsins sem heild og kemur í stað aðstöðugjalds á þann rekstur samkv. V. kafla laga nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga og annarra gjalda, er leysa kynnu aðstöðugjaldið af hólmi.

8. gr.

Um skattskyldu erlendra aðila, sem kvaddir eru til samvinnu samkv. 2. gr. laganna og eiga hlut í félaginu eða láta því í té tæknilega aðstoð eða aðstoð við sölu á afurðum þess, skal fara eftir ákvæðum þeirra tvísköttunarsamninga, sem í gildi eru milli Íslands og heimaríkja þessara aðila. Meðan slíkir tvísköttunarsamningar hafa ekki verið gerðir, skal ríkisstjórnin beita í þessu efni hinum sameiginlegu drögum að tvísköttunarsamningi milli Íslands og Bandaríkjanna, sem samninganefndir ríkjanna gengu frá hinn 16. maí 1973, eða síðari drögum að þeim samningi. Í samræmi við framanritað skulu eftirfarandi reglur gilda gagnvart þessum aðilum, án tillits til breytinga á íslenskum skattalögum:

1. Tekjuskattur erlendra hluthafa í félaginu vegna arðs af hlutareign þeirra, sem skattskyldur er samkvæmt gildandi tekjuskattslögum eða síðari lögum um tekjuskatt, skal vera 5% — fimm af hundraði, nema lög eða milliríkjasamningar kveði á um lægra gjald, enda eigi viðkomandi hluthafi ekki minna en sem svarar 10% af útistandandi hlutafé félagsins. Ber félaginu að halda skatti þessum eftir við útborgun arðsins og skila honum til hlutaðeigandi yfirvalda á greiðsluárinu. Í þessu sambandi ber að meðhöndla úthlutun á verðmætum til hluthafa við slit á félaginu eða sölu á hlutabréfum sem innlausn á hlutabréfum, og skal ágóði til hluthafanna, sem um er að ræða, metinn sem tekjur af innlausninni og skattlagður sem arður.
2. Þeir erlendu aðilar, sem að ofan greinir, skulu ekki taldir hafa fasta starfsstöð á Íslandi vegna umgetinna tengsla sinna við félagið, og greiðslur til þeirra í formi þjónustugjalda, sölulauna, umboðslauna, leyfisgjalda og vaxta skulu ekki háð sköttun á Íslandi.

9. gr.

Innflutningur af hálfu hlutafélagsins á byggingarefni, vélum og búnaði og öðrum fjárfestingarvörum og varahlutum til verksmiðju félagsins og reksturs hennar og tengdra mannvirkja skal undanþeginn aðflutningsgjöldum og söluskatti á innflutning.

Innflutningur af hálfu hlutafélagsins á hráefnum og rekstrarvörum, sem beinlínis eru notaðar í framleiðslu á útflutningsvörum frá verksmiðjunni, skal undanþeginn tollum á innflutning og útflutning og söluskatti á Íslandi, svo og sala til útlanda á framleiðsluvörum félagsins.

10. gr.

Höfn við verksmiðjusvæðið að Grundartanga, sbr. 3. tölul. 3. gr., skal vera í eigu sérstaks hafnarsjóðs, sem sveitarfélög í nágrenninu stofna til samkvæmt ákvæðum hafnalaga, og tryggi hafnarsjóðurinn hlutafélaginu viðeigandi afnot hafnarinnar með kjörum, sem ríkisstjórnin samþykkir.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að hafnarsjóðurinn verði eigandi að jarðnæði verksmiðjunnar við Grundartanga, sbr. 4. tölul. 3. gr., og leigi það hlutafélaginu með kjörum, sem ríkisstjórnin samþykkir.

11. gr.

Hlutafélaginu ber að gera varúðarráðstafanir til að varna tjóni á umhverfi verksmiðjunnar við Grundartanga af hennar völdum, og skulu hönnun verksmiðjunnar, bygging og rekstur í öllu vera í samræmi við núgildandi og síðari lög og reglugerðir hér á landi varðandi mengunarvarnir og öryggi, heilbrigði og hreinlæti á vinnustað og þá staðla, sem settir eru samkvæmt þeim.

12. gr.

Iðnaðarráðherra fer með mál, sem snerta eignaraðild ríkisins í hlutafélaginu.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er ráðgert að afla ríkisstjórninni nauðsynlegra lagaheimilda til að koma á fót iðjuveri í nýrri grein útflutningsiðnaðar, járnblendivinnslu, er nýti til vinnslunnar raforku frá Sigölduvirkjun og öðrum orkuverum Landsvirkjunar. Fyrirhugað er, að iðjuver þetta verði reist að Grundartanga við Hvalfjörð, þar sem komið verði upp hafnaraðstöðu fyrir það. Má ætla, að það geti orðið fullbyggt á árinu 1977, skömmu eftir að Sigölduvirkjun tekur til starfa, og byrjað reglubundna starfsemi á því ári. Framleiðsluvara þess verður 75% ferrosilikon, sem unnið er úr kvartsi, járni, kolum og tréspæni við rafgreiningu í stórum bræðsluofnum. Er þetta efni aðallega ætlað til nota við stálframleiðslu, og verður flutt út til sölu í verksmiðjur í þeirri grein, fyrst og fremst á Evrópumarkaði:

Stefnt er að því að ráðast í þetta fyrirtæki í samvinnu við bandaríska fyrirtækið Union Carbide Corporation, sem á að baki umfangsmikla starfsemi í þessari framleiðsiugrein og nýtur góðrar aðstöðu á mörkuðum fyrir efnið, sem það hefur til þessa flutt til Evrópu frá verksmiðjum vestanhafs. Fyrir hendi eru nú drög að samningum við þetta fyrirtæki, þar sem byggt er á því, að hið fyrirhugaða iðjuver verði í eigu íslensks hlutafélags, sem ríkisstjórnin og Union Carbide Corporation stofni í sameiningu á grundvelli heimilda frumvarpsins. Verður hlutur íslendinga í félaginu 55%, en Union Carbide 45%. Hlutafélagið muni gera samning við Landsvirkjun um orkukaup til langs tíma, og muni fá tæknilega aðstoð við rekstur verksmiðju sinnar og aðstoð við markaðsöflun frá Union Carbide samkvæmt samningum um þau efni.

Mál þetta á sér alllangan aðdraganda og hefur sætt vandlegum undirbúningi af íslendinga hálfu í höndum stjórnskipaðrar nefndar og ráðunauta hennar. Hér á eftir fylgir til skýringar stutt greinargerð frá nefndinni, til yfirlits um störf hennar og helstu atriði málsins. Í því sambandi er þess að geta, að málið var fullunnið að mestu í höndum nefndarinnar snemma á liðnu ári, en hefur verið endurskoðað á síðustu mánuðum í ljósi breyttra aðstæðna heima og erlendis, og þá undir leiðsögn iðnaðarráðherra.

Á eftir hinni almennu yfirlitsgreinargerð verður fjallað um einstakar greinar frumvarpsins, en jafnframt fylgja henni eftirtalin skjöl, sem prentuð eru þar á eftir:

1. Skýrsla viðræðunefndar um orkufrekan iðnað til ríkisstjórnarinnar um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði, dags. 23. nóvember 1974.
2. Drög að aðalsamningi milli ríkisstjórnarinnar og Union Carbide Corporation.
3. Greinargerð frá Landsvirkjun um uppkast að raforkusölusamningi við járnblendiverksmiðju í Hvalfirði, dags. 3. desember 1974.

**Aðdragandi málsins.**

Viðræður þær, sem fram hafa farið við fyrirtæki í orkufrekum iðnaði um hagnýtingu orku frá Sigöldu, hófust snemma árs 1971. Í skýrslu Jóhannesar Nordals frá því í maí 1971 til þáverandi iðnaðarráðherra, Jóhanns Hafstein, er skýrt frá viðræðum, sem þá höfðu nýlega farið fram við Union Carbide og fleiri fyrirtæki. Um svipað leyti og eignaraðilar Landsvirkjunar tóku ákvörðun um virkjun Sigöldu, haustið 1971, skipaði iðnaðarráðherra Magnús Kjartansson nefnd með bréfi dags. 28. september 1971 til þess að „vera til ráðuneytis um viðræður við erlenda aðila, sem áhuga hafa á þátttöku í orkufrekum iðnaði ásamt Íslendingum.“ Í nefndina voru skipaðir dr. Jóhannes Nordal, seðlabankastjóri, sem skipaður var formaður, Ingi R. Helgason, hrl., Ragnar Ólafsson, hrl. og Steingrímur Hermannsson, framkvæmdastjóri. Garðar Ingvarsson, hagfræðingur, hefur frá öndverðu verið ritari nefndarinnar og aðstoðarmaður ásamt Jóni Steingrímssyni, vélaverkfræðingi. Sérstaka aðstoð hefur nefndin fengið frá Hirti Torfasyni, hrl., og verkfræðingunum

dr. Gunnari Sigurðssyni og Svavari Jónatanssyni, auk þess sem leitað hefur verið til erlendra ráðunauta, þeirra dr. Alberts Muller og Johns D. Heffernan.

Viðræðunefndin átti sinn fyrsta fund með fulltrúum Union Carbide Corporation í Reykjavík í október 1971. Var unnið að gagnasöfnun og ýmsum athugunum á árinu 1972, og í janúar 1973 lagði Union Carbide fram ákveðið tilboð um samvinnu við ríkisstjórn Íslands um byggingu og rekstur ferrosilikonbræðslu á Íslandi. Á grundvelli þessa tilboðs var störfum fram haldið, og m. a. leitað umsagnar Náttúruverndarráðs um fyrirhugaða byggingu málmblendiverksmiðju á Grundartanga við Hvalfjörð. Í júlí 1973 undirrituðu aðilar viljayfirlýsingu um samningsgrundvöll fyrir stofnun sameiginlegs fyrirtækis til rekstrar ferrosilikonbræðslu á Íslandi, og var yfirlýsingin staðfest af iðnaðarráðherra með bréfi dags. 8. ágúst 1973. Var síðan unnið að endanlegri gerð samningsuppkasta og þau lögð fyrir ríkisstjórnina ásamt heimildarlagafrumvarpi og öðrum gögnum, með skýrslu nefndarinnar dags. 20. febrúar 1974.

Til þess að stytta þann tíma, sem Alþingi þyrfti til að fjalla um þetta mál, hafði þegar haustið 1973 verið skipuð þingmannanefnd, sem kynna skyldi sér öll gögn málsins. Í nefndinni áttu sæti alþingismennirnir Bjarni Guðnason, Hannibal Valdimarsson, Ingólfur Jónsson, Pétur Pétursson, Ragnar Arnalds og Steingrímur Hermannsson, sem var formaður nefndarinnar.

Frumvarp til heimildarlaga um málmblendiverksmiðjuna var ekki lagt fyrir Alþingi fyrir þingslit vorið 1974, en iðnaðarráðherra ritaði Union Carbide bréf í maí 1974, þar sem lýst er miklum og áframhaldandi áhuga á því, að verksmiðjan megi verða að veruleika hið fyrsta. Voru viðræður hafnar að nýju fljótlega eftir myndun núverandi ríkisstjórnar, og bættist þá Ingólfur Jónsson, alþingismaður, í hóp nefndarmanna. Strax varð ljóst, að breytingar höfðu orðið miklar frá því að febrúarskýrslan var samin, og hafa störf nefndarinnar að undanförnu að mestu verið fólgin í endurskoðun fyrri samningsuppkasta, eins og fram kemur í skýrslu nefndarinnar til ríkisstjórnarinnar hinn 23. nóvember s. l., en hún fylgir hér með. Áður en að henni kemur er rétt að rekja nokkur atriði varðandi hinn almenna undirbúning málsins, einkum þau rök, er hnigu að vali þeirrar greinar orkufreks iðnaðar, er best var talin henta hér á landi. Er hér að mestu stuðst við skýrslu nefndarinnar frá 20. febrúar 1974.

### Val á orkukaupanda.

Eitt meginverkefni viðræðunefndarinnar var að kanna, hvaða nýr orkufrekur iðnaður gæti komið til greina, sem gæti nýtt orku frá Sigölduvirkjun og tryggt henni fjárhagslegan grundvöll.

Sigölduvirkjun mun fullgerð verða 150 MW að afli, og áætlað er, að hún auki orkuframleiðslugetu Landsvirkjunar um 800 millj. kWst á ári af forgangsorku. Gert var á þeim tíma ráð fyrir því, að selja mætti til orkufreks iðnaðar í mesta lagi helming þessarar framleiðslu, eða 300—400 millj. kWst á ári, eftir því hve ört markaður fyrir raforku til húshitunar myndi aukast. Þetta var talið samsvara orkufrekum iðnaði, sem tæki 50—60 MW af stöðugri orku, en síðan mætti væntanlega bæta um við það bil 30 MW af afgangsorku, sem hefði tiltölulega háan nýtingartíma.

Athuganir nefndarinnar bentu eindregið til þess, að um tvenns konar orkufrekan iðnað gæti orðið að ræða, annars vegar áliðnað og hins vegar járnblendiiðnað. Nefndin átti viðræður við ýmis fyrirtæki í báðum þessum iðngreinum, auk aðila í efnaiðnaði, sem byggir á rafgreiningu, en raunhæfir möguleikar virðast þar varla fyrir hendi á þessu stigi. Viðræður nefndarinnar og athuganir leiddu til þeirrar niðurstöðu, að járnblendiiðnaður mundi henta betur sem kaupandi á orku frá Sig-

öldu en áliðnaður. Verður hér fjallað um þau rök, sem réðu vali á milli iðngreina, en áður er rétt að gera grein fyrir þeim grundvallarsjónarmiðum, sem nefndin gekk út frá í viðræðum við hina erlendu aðila.

### Grundvallarsjónarmið.

Í samræmi við fyrirmæli ríkisstjórnarinnar lagði nefndin frá upphafi áherslu á nokkur megin samningsatriði í viðræðum við hina erlendu aðila:

1. **Eignaraðild.** Það skilyrði var sett, að hugsanlegt framleiðslufyrirtæki yrði að meirihluta í íslenskri eign.
2. **Skattar og tollar.** Æskilegt var talið, að hugsanlegt framleiðslufyrirtæki nyti ekki sérstöðu að því er varðar skattlagningu, heldur yrði farið eftir íslenskum lögum á hverjum tíma. Að því er varðar tolla þótti eðlilegt, að það nyti sömu kjara og önnur fyrirtæki, sem eingöngu framleiða fyrir útflutning, þ. e. a. s. að tollur og söluskattur í tolli yrði felldur niður af fjárfestingu fyrirtækisins, svo og að ekki yrði innheimtur tollur af hráefnum og rekstrarvörum.
3. **Lögsaga.** Það skilyrði var sett, að starfsemi hins væntanlega fyrirtækis og túlkun samninga þar að lútandi yrðu eingöngu háð íslenskum lögum. Sama var og um úrskurð deilumála. Í því efni var lögð áhersla á, að deilur milli aðila yrðu meðhöndlaðar eftir almennum lagareglum, en ekki gert ráð fyrir sérstökum gerðardómi.
4. **Orkuverð.** Auk hagstæðs orkuverðs var lögð áhersla á, að orkuverðið yrði haft breytilegt á samningstímanum, þannig að það mundi fylgja verðþróun á öðrum orkumörkuðum. Í því sambandi var stefnt að því að miða við orkusölusamninga til stóriðju erlendis, einkum í Noregi, en þar er að finna helstu keppinauta íslendinga á orkumarkaði. Einnig var stefnt að því að selja afgangsorku, sem ekki hefur verið nýtanleg fram að þessu.
5. **Mengunarvarnir.** Gengið var út frá ströngustu kröfum um allar mengunarvarnir. Var tekið skýrt fram, að ekki yrðu leyfðar neinar undanþágur frá reglum, sem settar hefðu verið eða settar kynnu að verða í þessu efni.

Núverandi ríkisstjórn hefur í engu breytt ofangreindum meginatriðum að því er varðar samningaviðræðurnar við Union Carbide Corporation.

Segja má að flestir þeir aðilar, sem viðræðunefndin hefur átt fundi með, hafi sýnt þessum grundvallarsjónarmiðum skilning og fallist á þau í öllum aðalatriðum. Má fullyrða, að í þeim samningsdrögum, sem nú hafa verið gerð við fyrirtækið Union Carbide Corporation, sé tekið fullt tillit til allra þessara sjónarmiða.

### Val á milli iðngreina.

**Áliðnaður.** Álbræðsla er sá hluti orkufreks iðnaðar, sem verið hefur í örustum vexti hvarvetna í heiminum á síðasta áratug. Ýmis fyrirtæki í þessari grein hafa verið og eru í sambandi við íslendinga. Nefndin hefur kynnt sér öll gögn þar að lútandi og átt viðræður við ýmsa aðila.

Meginástæðan fyrir því, að nefndin taldi nýjan áliðnað ekki koma til álita nú, er hin mikla lágmarksstærð áliðjuvera. Fyrirtæki, sem rætt hefur verið við, t. d. Amax (American Metal Climax) og Alcoa (Aluminium Company of America) eru þeirrar skoðunar, að algjör lágmarksstærð álbræðslu við núverandi aðstæður sé 100 þús. tonn miðað við ársframleiðslu. Bræðsla af slíkri stærð þyrfti meira en helmingi meiri orku en fáanleg er frá Sigöldu. Áliðjufyrirtæki í Evrópu hafa að

vísu talið unnt að reka smærri álbræðslur en tíðkast í Bandaríkjunum, og má þar nefna, að Norsk Hydro hefur talið hugsanlegt að byggja álbræðslu með 60 þús. tonna ársafköstum. Jafnvel bræðsla af slíkri stærð þyrfti að fá til ráðstöfunar alla orkuframleiðslu Sigölduvirkjunar og meira til. Þannig má telja útilokað, að hægt sé að selja raforku frá Sigölduvirkjun til nýrrar álbræðslu, nema um leið væri hægt að lofa verulegri orku frá nýrri virkjun eftir skamman tíma. Þetta er hins vegar miklum vandkvæðum bundið með tilliti til orkuverðs og annarra mikilvægra samningsatriða.

Eini möguleikinn í áliðnaði er því á þessu stigi fólginn í því, sem fengist gæti með aukinni sölu raforku til álbræðslunnar í Straumsvík. Augljóst er, að hagkvæmt er að stækka álbræðslu Ísals að minnsta kosti um þau 20 MW, sem vantar á, að síðari kerskálinn verði byggður að fullri lengd. Nokkrar viðræður hafa farið fram við Alusuisse bæði um stækkun síðari kerskálans og um frekari stækkun, en þessar viðræður hafa ennþá ekki leitt til neinnar niðurstöðu.

**Járnblendiiðnaður.** Til eru margar tegundir af járnblendi, svo að hér er ekki um að ræða eina framleiðslugrein heldur margar, sem þó eru tæknilega líkar. Helstu tegundir járnblendis eru ferrosilikon, ferromangan og ferrokróm. Öll framleiðsla járnblendis er orkufrek, en þó mismunandi orkufrek, og fer hún fram í stórum ofnum. Ofnstærðir eru nokkuð breytilegar, en hafa farið stækkandi. Þeir ofnar, sem byggðir eru um þessar mundir, eru yfirleitt af stærðinni 20—40 MW. Hagkvæm framleiðslueining í þessum greinum er mun smærri en í áliðnaði. Verksmiðja með tvo ofna af þeirri stærð, sem hér um ræðir, er yfirleitt talin hagkvæm, þó að í minna lagi sé, og hún mundi einmitt henta tiltölulega vel sem kaupandi að þeirri orku, sem æskilegt er að selja frá Sigölduvirkjun til stóriðju. Þess ber einnig að geta, að auðvelt er að stækka verksmiðjur sem þessar, stig af stigi, með því að bæta við einum ofni í senn, þannig að viðráðanlegt sé bæði með tilliti til orkusölu og stofnkostnaðar. Einnig er hægt að framleiða fleiri en eina tegund járnblendis í sömu verksmiðju. Þróunin er samt sú, að framleiðsla þessara verksmiðja verður æ sérhæfðari.

Aðalnotkun járnblendis er í sambandi við stálframleiðslu, og liggur því í augum uppi að eftirspurn eftir járnblendi fylgir mjög þróun þeirrar framleiðslu. Eins og kunnugt er, hefur stálframleiðsla stöðugt farið vaxandi í heiminum á undanförnum áratugum, að vísu með nokkrum sveiflum. Talið er að stálframleiðsla árið 1974 verði meiri en nokkru sinni. Eftirspurn frá þróunarlöndunum er einnig mjög vaxandi, en sú eftirspurn hefur, ef svo má segja, sett allar fyrri áætlanir úr skorðum. Á sama hátt hefur eftirspurn eftir járnblendi farið vaxandi, en verið nokkuð sveiflukennd, og hefur það þá komið fram í verðbreytingum. Verulegur áhugi er nú fyrir aukningu framleiðslugetu, að vísu mismunandi eftir tegund. Liggja þar einkum þrjár ástæður að baki.

Í fyrsta lagi er þörf á aukinni framleiðslu til að mæta aukinni eftirspurn. Þessi þörf hefur reyndar þegar komið fram á þessu ári, því að mikill skortur hefur verið á ýmsum tegundum járnblendis á árinu 1974, sem orðið hefur til þess að verðlag hefur hækkað mjög mikið.

Í öðru lagi eru nú margar járnblendiverksmiðjur orðnar mjög gamlar og úreltar tæknilega séð. Kemur þar fyrst til að ofnar hafa stöðugt orðið stærri. Einnig eru margar af þessum gömlu verksmiðjum illa staðsettar miðað við hráefnis- og orkuöflun, þar sem þær hafa upphaflega verið byggðar við stáliðjuverin, sem staðsett eru á hinum gömlu kolanámusvæðum, eins og t. d. í Ruhrhéraði í Þýskalandi. Staðsetningarhagkvæmni slíkra verksmiðja hefur breyst mjög til hins verra á síðustu áratugum, m. a. vegna hækkandi orkuverðs og nýrra hráefnalinda.

Í þriðja lagi er fyrirsjáanlegt, að margar gamlar verksmiðjur þarf að leggja niður vegna mengunar. Á þetta við um verksmiðjur, sem byggðar voru án nokkurra

mengunarvarna, en erfitt er að koma þeim við á hagkvæman hátt í slíkum verksmiðjum og kostnaðurinn við breytingarnar svo hár, að hann er ekki réttlætanlegur. Er þá hagkvæmara að reisa alveg nýja verksmiðju, þar sem gert er ráð fyrir nútíma mengunarvörnum strax frá upphafi, og flytja framleiðsluna til um leið í samræmi við breytta staðsetningarhagkvæmni. Um kostnað við breytingar, sem hér um ræðir, má nefna dæmi frá járnblendiráðstefnu í Lillehammer í Noregi í október s. l. Þar var upplýst af hálfu sambands járnblendiframleiðenda í Noregi, að lögfesting nýrra reglna um mengunarvarnir, sem á döfinni eru í Noregi, mundi kosta norska járnblendiiðnaðinn 400 millj. norskra í fjárfestingu. Samsvarar þetta um 8,5 milljörðum íslenskra króna.

Tvær aðrar ástæður réðu því einnig, að járnblendiiðnaður varð fyrir valinu sem næsti áfangi í uppbyggingu orkufreks iðnaðar hér á landi.

Í fyrsta lagi er þjóðhagslega æskilegt að auka fjölbreytni í orkufrekum iðnaði íslendinga, þannig að ekki sé eingöngu byggt á álframleiðslu.

Í öðru lagi eru orkueftirspurnarkröfur járnblendiiðnaðar ekki eins strangar og áliðnaðar, þannig að hann getur að talsverðu leyti nýtt afgangsorku, sem fyrir hendi er í orkuveitukerfinu, en það getur áliðnaður ekki nema að mjög litlu leyti. Er því hagstætt fyrir raforkukerfið að geta selt samhliða orku til beggja þessara framleiðslugreina.

Nefndin hefur átt viðræður við ýmis fyrirtæki, sem áhuga hafa sýnt á því að setja upp járnblendiiðnað hér á landi. Þessi fyrirtæki framleiða ýmsar tegundir járnblendis, svo sem ferrosilikon, ferromangan, ferrokróm og silikonmangan. Ekki er þörf á að rekja hér viðræður við þessi fyrirtæki, en niðurstaðan varð sú, að nefndin taldi hagkvæmast á þessu stigi, að byggð yrði verksmiðja til framleiðslu á ferrosilikon í samvinnu við Union Carbide Corporation og með eignarhlutdeild þess.

## Ferrosilikon.

Ferrosilikon er, eins og áður var getið, notað við stálframleiðslu. Einnig er ferrosilikon mikið notað af járnsteypum. Notkun silikons við stálframleiðslu er tvenns konar. Annars vegar er það notað sem íblöndunarefni í stálplötur, sem notaðar eru í segulrásum með riðstraum svo sem í spennum og rafhreyflum. Silikonið eykur viðnám stálsins gegn flökkustraumum og dregur stórlega úr segultregðu þess, en notkunin takmarkast helst af því að stálið verður stökkt. Hins vegar, og sú er aðalnotkun ferrosilikons, er það notað sem hreinsunarefni í málminn. Silikonið bindst auðveldlega súrefni svo og ýmsum óæskilegum óhreinindum í stáli. Það myndar frauð, sem flýtur upp, en eftir verður hreinna stál. Notkun silikons í járnsteypu kemur í veg fyrir, að steypujárnshlutirnir verði stökkir í kælingu.

Ekki eru til nákvæmar tölur um heimsframleiðsluna, en áætlað er, að ferrosilikonnotkun í heiminum hafi verið um 3 milljónir tonna árið 1972 og hafi aukist síðan. Ferrosilikon er framleitt í ýmsum gæðaflokkum, eftir því til hvers á að nota það, og í mismunandi blöndunarhlutföllum milli járns og silikons. Til dæmis er nær eingöngu notað 50% ferrosilikon við stálframleiðslu í Bandaríkjunum, en aftur á móti 75% ferrosilikon í Evrópu. Gert er ráð fyrir, að aðalmarkaður hinnar íslensku verksmiðju verði í Evrópu. Varlega áætlað er talið, að notkun á 75% ferrosilikoni við stálframleiðslu og járnsteypu í Vestur-Evrópu hafi numið um 470 þús. tonnum árið 1973. Gert er ráð fyrir, að notkun í stálframleiðslu vaxi um rúm 5% á ári á meginlandinu, en heldur minna í Bretlandi. Notkun í járnsteypum er talin vaxa um 2% á meginlandinu, en 1% í Bretlandi. Þannig er gert ráð fyrir, að árið 1977, sem yrði fyrsta starfsár hinnar íslensku verksmiðju, verði markaðurinn í Vestur-Evrópu um 542 þús. tonn. Verð á ferrosilikoni hefur nokkuð sveiflast til á undanförnum árum eins og eðlilegt er með vöru, sem háð er stálframleiðslu. Síðan 1970 hefur verðið verið á uppleið. Á árunum 1971 og 1972 var það stöðugt og þá nokkru

hærra en verðið 1970, en hækkaði síðan verulega á árinu 1973. Á árinu 1974 hækkaði verðið enn til mikilla muna, enda hefur verið mikill skortur á ferrosilikon í heiminum, en þó alveg sérstaklega í Vestur-Evrópu. Þess má geta hér, að frést hefur af sölum á því ári, þar sem verð á tonn var meira en 1650 dollarar, en það er rúmlega þrefalt það verð, sem gert er ráð fyrir í hagkvæmnisathugun verksmiðjunnar við Grundartanga. Þetta er að vísu undantekning, en sýnir það ástand, sem verið hefur á markaðnum. Á hinn bóginn er ljóst, að ferrosilikon er í flokki þeirra vara, sem væntanlega munu haldast í háu verði vegna þess, hve framleiðslukostnaður þeirra er háður hinu hækkandi orkuverði og auknum tilkostnaði, sem leiðir af því, að verksmiðjur í starfrækslu í Evrópu verða að taka upp fullkomnar mengunarvarnir.

### Union Carbide Corporation og viðræður við það.

Union Carbide Corporation var stofnað í Bandaríkjunum 1917 með samruna fimm fyrirtækja, sem framleiddu hinar ólíkustu vörur, en voru nátengd um markaði og rannsóknir. Voru þau hvert um sig brautryðjendur á sínu sviði. Tvö þessara fyrirtækja hófu starfsemi sína fyrir aldamót og var hið elsta þeirra stofnað árið 1886. Öll voru fyrirtækin stofnuð til að nýta nýjar uppfinningar á sviði efna- og málmiðnaðar, og má t. d. nefna, að árið 1890 framleiddi eitt fyrirtækjanna fyrstu þurrrafhlöðu í heiminum. Æ síðan hefur fyrirtækið varið miklu fé til rannsókna og þróunar uppgötvana á markaðshæft stig. Fyrirtækið hefur oft fengið viðurkenningar og verðlaun fyrir vísindalegt gildi uppgötvana og uppfinninga, sem gerðar hafa verið á rannsóknastofum þess. Árið 1973 varði fyrirtækið tæplega 77 millj. dollara til rannsókna og þróunar eða sem samsvarar tæplega 2% af sölutekjum.

Í dag rekur fyrirtækið um 500 verksmiðjur, námur, sölufyrirtæki og rannsóknastofur í yfir 30 löndum. Hluthafar eru um það bil 189 þúsund talsins og hlutabréf eru skráð víða utan Bandaríkjanna. Aðalstöðvar eru í New York í Bandaríkjunum, en Union Carbide Europe Inc. hefur aðsetur sitt í Genf í Sviss.

Mikilvægustu greinar starfseminnar eru efnaiðnaður, plast, málmblendi og málmar, gastegundir til iðnaðarnota, málmsuðu og -skurðar, kolefni og grafít og geislavirk efni. Auk þess framleiðir fyrirtækið og selur ýmsar neytendavörur undir sérstökum vörumerkjum, svo sem Prestone frostlög, Eveready rafhlöður og Sevin skordýraeitur.

Árið 1973 nam heildarsala Union Carbide um það bil 4 milljörðum dala, sem skiptist þannig í grófum dráttum:

| | | |
|---|---|---|
| Efnaiðnaður og plast ..... | U.S.$ 1 674 | milljónir |
| Málmar, kolefni, iðnaðargas o. fl. ..... | U.S.$ 1 424 | milljónir |
| Ýmsar neytendavörur ..... | U.S.$ 841 | milljón |
| Samtals | U.S.$ 3 939 | milljónir |

Hreinar tekjur fyrirtækisins námu U.S.$ 290.9 milljónum árið 1973, og greiddur var arður, sem nam U.S.$ 126.1 milljón. Á sama ári var fjárfest fyrir U.S.$ 308 milljónir og þar af U.S.$ 19 milljónir í fyrirtækjum, þar sem eignarhluti Union Carbide er 50% eða minna.

Fjöldi starfsmanna var í árslok 1973 um það bil 110 þúsund manns. Þar af störfuðu 55 þúsund í Bandaríkjunum og 55 þúsund í öðrum löndum. Þar fyrir utan störfuðu 14 þúsund starfsmenn við kjarnorkuver, sem Union Carbide rekur fyrir hönd Bandaríkjastjórnar og 6 þúsund í fyrirtækjum, sem Union Carbide á að hálfu leyti eða minna.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Með grein þessari er heimilað að stofna hlutafélag með þátttöku ríkisins í þeim tilgangi, sem um getur. Tvímælalaust þykir, að þetta félagsform sé heppilegast um það fyrirtæki, sem félaginu er ætlað að reka, með hliðsjón af fyrirhugaðri erlendri hlutdeild að fyrirtækinu og aðstöðu þess yfirleitt.

Tilgangur félagsins verður að stunda framleiðslu og sölu á 75% ferrosilikoni og skyldan atvinnurekstur frá verksmiðju, er það reisir og rekur að Grundartanga í Hvalfirði.

Um 2. gr.

Fyrir liggur, að dómi ríkisstjórnarinnar, að grundvöllur sé til samvinnu um stofnun og starfsemi hins fyrirhugaða hlutafélags við fyrirtækið Union Carbide Corporation og dótturfélög þess. Er 2. og 6. gr. frv. ætlað að staðfesta heimild til handa ríkisstjórninni um að ganga til slíkrar samvinnu við þennan aðila á grundvelli aðalsamnings þess, sem fylgir með frumvarpi þessu, og annarra skjala, sem kynnt verða fyrir Alþingi. Iðjuver hlutafélagsins verður að teljast æskilegt fyrirtæki almennt séð, eftir þeim athugunum, sem fram hafa farið á arðsemi þess og þjóðhagslegu gildi. Má því segja, að heimildin þurfi ekki að vera einhliða bundin við þessa samvinnu, þótt hún sé tvímælalaust sá kostur, sem stefna ber að. Auk þess geta breytingar orðið á aðild að félaginu, þegar fram í sækir. Eru ákvæði 2. gr. orðuð í samræmi við þessi sjónarmið.

Í síðari málslið 2. gr. er jafnframt kveðið svo á, að ríkissjóður skuli jafnan eiga meirihluta hlutafjár í félaginu og hafa meirihlutaaðstöðu í stjórn þess, nema samþykki Alþingis komi til. Í samningum ríkisstjórnarinnar við Union Carbide Corporation er miðað við, að ríkið leggi fram 55% af stofnhlutafé félagsins, sbr. 3. gr., og njóti aðstöðu í stjórn félagsins í hlutfalli við það framlag.

Um 3. gr.

Gert er ráð fyrir, að hlutafé félagsins verði alls um kr. 2860 millj., eða jafnvirði 24 millj. Bandaríkjadollara. Er heimild 1. tölul. fyrir hlutafjárframlagi ríkissjóðs ákveðin í samræmi við þetta. Hlutaféð verður endanlega ákveðið í íslenskum krónum, en hins vegar kemur til álita, að ógreidd hlutafjárloforð verði háð gengisákvæðum, m. a. með tilliti til erlends kostnaðar við byggingu verksmiðju félagsins.

Með ákvæðum 2.—5. tölul. eru ríkisstjórninni veittar heimildir til þess að tryggja, að hlutafélagið eigi kost á þeirri aðstöðu um jarðnæði, höfn og annað, sem á þarf að halda vegna verksmiðju þess. Miðað er við, að heimildir til fjáröflunar vegna framkvæmda í þessum efnum verði afgreiddar síðar af hálfu Alþingis, eftir því sem nauðsyn krefur, og fjáröflun í hverju tilviki hagað með tilliti til þess, sem venjulegt er á hverju sviði.

Um 4. gr.

Eðlilegt þykir með tilliti til aðildar ríkisins að hlutafélaginu og annarra aðstæðna, að ekki séu lagðar hömlur á tölu stofnenda eða hluthafa í félaginu, né heldur á rétt hluthafa til að neyta atkvæðisréttar fyrir allt hlutafé sitt. Á sama hátt er eðlilegt að heimila frávik frá þeim ákvæðum hlutafélagalaga, er fjalla um persónu stofnenda og þjóðerni.

Vegna aðildar ríkissjóðs og hinnar miklu fjárþarfar hlutafélagsins þykir einnig eðlilegt, að ekki verði greidd stimpilgjöld af hlutabréfum þess.

Um 5. gr.

Ákvæði 1. málsgr. um skipan stjórnar hlutafélagsins eru í samræmi við það, sem almennt tíðkast í hlutafélögum hér á landi. Ákvæði 2. og 3. málsgr. eru ætluð til að heimila eðlilega skipun fulltrúa í stjórn félagsins af hendi þeirra ópersónulegu aðila, ríkissjóðs og annarra, sem hlut eiga í félaginu.

Um 6. gr.

Með grein þessari er ríkisstjórninni heimilað að gera sérstaka samninga innan ramma laganna við þá aðila, sem hún kveður til samstarfs um hlutafélagið samkvæmt 2. gr., og er þá fyrst og fremst átt við Union Carbide Corporation og dótturfélög þess, sem fyrr segir. Má þar kveða á um þær skuldbindingar af hálfu ríkisins og aðilanna, sem hin fyrirhugaða samvinna gefur tilefni til, og þá einnig um framkvæmd ákvæða 7.—9. gr. frv., eftir því sem á þarf að halda, en þau lúta að stöðu hlutafélagsins og erlendra samstarfsaðila í skattalegu tilliti og tollamálum járnblendiverksmiðjunnar. Jafnframt er ríkisstjórninni falið að ákveða gildistíma þessara síðastnefndu ákvæða gagnvart hlutaðeigandi aðilum. Er við það miðað, að hann verði ekki skemmri en gildistími þeirra samninga, sem gerðir eru við samstarfsaðila ríkisstjórnarinnar við stofnun hlutafélagsins í öndverðu. Í því sambandi er þess að geta, að hinum fyrirhuguðu samningum við Union Carbide um tækniþjónustu í þágu járnblendiverksmiðjunnar og söluumboð fyrir hlutafélagið er ætlað að gilda í 15 ár frá því, er verksmiðjan byrjar reglubundna framleiðslu, sbr. 4. málsgr. 18. gr. í hinum framlögðu drögum að aðalsamningi.

Þær skuldbindingar, sem ráðgerðar eru varðandi samvinnuna við Union Carbide, koma fram í meginatriðum í meðfylgjandi drögum að aðalsamningi milli ríkisstjórnarinnar og fyrirtækisins. Í drögunum er við það miðað, að ákvæði 7.—9. gr. frv. verði lögfest eins og þau liggja fyrir og þarfnist ekki sérstakrar skýringar. Verði þau ekki tekin upp í samninginn eða skýrð þar frekar að svo komnu. Samkvæmt 2. málsgr. 6. gr. yrði aðalsamningurinn birtur með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda að undirskrift lokinni.

Í 1. málsgr. 18. gr. aðalsamningsins eru taldir þeir aðrir samningar, sem frá þarf að ganga til að koma hlutafélaginu og starfsemi þess á fót. Eru það þeir samningar, sem félagið mun gera um orkukaup, hafnaraðstöðu og lóð, tækniþjónustu og markaðsöflun, við aðila þá, sem hlut eiga að máli í hverju tilviki, og verða þeir háðir samþykki ríkisstjórnarinnar, sbr. 4. gr. aðalsamningsins. Jafnframt er um að ræða stofnsamning hlutafélagsins og samþykktir fyrir það. Er undirstöðuatriðum þessara gagna lýst í 2. og 3. gr. aðalsamningsins.

Um 7. gr.

Samkvæmt þessari grein verður það aðalreglan um hið fyrirhugaða verksmiðjufélag, að það greiði alla almenna skatta og skyldur hér á landi, eftir þeim reglum, sem um þær gilda samkvæmt lögum á hverjum tíma, eins og nánar segir í 1. málsgr. Eru önnur ákvæði greinarinnar miðuð við þetta undirstöðuatriði.

Í 2. málsgr. felst nánari áréttíng gagnvart félaginu á efni 1. málsgr., þ. e. í formi fyrirheits þess efnis, að félaginu verði ekki mismunað í skattalegu tilliti miðað við önnur íslensk fyrirtæki, sem hliðstæð mega teljast. Skuli það hafa sama rétt og þessir aðilar við framtíðarbreytingar á skattareglum í landinu, þannig að því verði ekki synjað um hagræði, sem þeir njóta, né íþyngt með álögum, sem þeir eru lausir við. Þetta fyrirheit skapar félaginu ekki sérstök forréttindi meðal fyrirtækja hér á landi, þar sem það er að jafnaði talið til grundvallaratriða um lögmæti skattareglna yfirleitt, að þær gangi jafnt yfir alla, sem sambærilega aðstöðu hafa.

Í 3. málsgr. er síðan að finna bein ákvæði um tilhögun á skattlagningu hlutafélagsins í nokkrum afmörkuðum efnum. Er þar aðallega um að ræða lögfestingu gagnvart félaginu á því fyrirkomulagi, sem nú gildir almennt á viðkomandi sviðum, fremur en raunveruleg frávik frá gildandi lögum. Er ákvæðunum ætlað að gilda án tillits til breytinga, sem verða kunna á almennum lögum um þessi efni á gildistíma þeirra. Heimildir þær, sem málsgreinin nær til, eru settar fram í 1.–4. tölulið, og eru þessar:

1. Félaginu verður tryggð heimild til að halda skattfrjálsan varasjóð eftir þeim reglum, sem nú gilda í því tilliti, þ. e. að leggja til hliðar allt að ¼ hluta af hreinum tekjum sínum á ári hverju sem frádráttarbært varasjóðsframlag. Þessi

frádráttarregla hefur verið hér í lögum svo áratugum skiptir, sem almenn heimild fyrir öll hlutafélög og fleiri aðila. Er ekki ástæða til að ætla, að hún verði felld niður í náinni framtíð. Ef heimildin yrði rýmkuð í framtíðinni, mundi félagið eiga að geta notið góðs af því, sbr. 2. málsgr.

2. Félaginu verður tryggð heimild til að draga frá hreinum tekjum sínum á ári hverju útborgaðan arð sem svarar allt að 10% af nafnverði hlutafjár þess á þeim tíma, þ. e. sama heimild og nú gildir fyrir öll hlutafélög samkvæmt tekjuskattslögum. Þessi heimild hefur verið í lögum sem almenn regla frá árinu 1962, og er þess ekki að vænta, að hún verði felld niður í náinni framtíð. Gagnvart verksmiðjufélaginu er hin almenna regla rýmkuð þannig, að því er heimilað að njóta frádráttarins allt að nefndum 10%, þótt hin umræddi hluti af tekjum þess sé ekki borgaður út sem arður á sama ári, heldur lagður til hliðar í sjóð til síðari arðsúthlutunar (arðsvarasjóð eða arðjöfnunarsjóð), er á meðan megi nota til fjárfestingar og rekstursþarfa almennt. Ljóst er, að það mun oft verða félaginu til verulegra hagsbóta, ef hluthafar þess eru reiðubúnir til að láta það halda tekjuafgangi sínum kyrrum í stað þess að krefjast viðstöðulausrar útborgunar hans. Á þessi rýmkun frádráttarreglunnar að stuðla að því, að svo geti orðið, og gera þennan kost aðgengilegri fyrir hluthafana. Er það þeim mun meira sanngirnismál fyrir þá sök, að við útborgun á tekjunum mundi mikill hluti þeirra ekki aðeins hverfa úr höndum félagsins, heldur væntanlega einnig út úr landinu.
3. Félaginu verður tryggð heimild til útgáfu jöfnunarhlutabréfa án skattskyldu fyrir hluthafa eftir þeim reglum, sem nú gilda um það efni. Þessar reglur hafa verið í gildi frá 1962 að undirstöðu til og munu eflaust haldast, enda til þess ætlaðar að draga úr misræmi í sköttun milli hlutafélaga og annarra eignarforma. Er ekki ástæða til að ætla, að þessi heimild muni skapa hlutafélaginu neina sérstöðu.
4. Eðlilegt þykir, að hlutafélagið greiði landsútsvar fremur en venjulegt aðstöðugjald, með tilliti til atvinnu þess og eignaraðildar og aðstæðna á fyrirhuguðu verksmiðjustæði. Eru ákvæði þess efnis í 4. tölulið, sem jafnframt kveður á um gjaldstofn landsútsvarsins og hámarksgjaldhæð. Verður gjaldstofninn hinn sami og núverandi gjaldstofn aðstöðugjalds.

Um 8. gr.

Hér er fjallað um skattskyldu erlendra aðila, sem ríkisstjórnin kveður til samvinnu um verksmiðjufélagið og eiga hlut í því eða láta því í té tæknilega aðstoð við sölu á afurðum þess. Hinir fyrirhuguðu samningar við Union Carbide Corporation gera ráð fyrir því, að það félag eignist hlut í verksmiðjufélaginu og veiti því jafnframt reglubundna tæknilega aðstoð samkvæmt sérstökum samningi þar um, gegn fastri árlegri þóknun. Jafnframt hafi dótturfélög þess í Evrópu, eitt eða fleiri, milligöngu um sölu á framleiðsluvöru verksmiðjufélagsins sem einkaumboðsmenn, einnig samkvæmt sérstökum samningi og gegn umboðslaunum, sem þar eru tiltekin. Eðlilegt þykir að láta skattalega meðferð þessara aðila og tekna þeirra af umræddri aðild að starfsemi verksmiðjufélagsins ráðast eftir venjulegum tvísköttunarákvæðum af því tagi, sem íslendingar hafa samið um við aðrar þjóðir og jafngilda þannig íslenskum lögum á því sviði, sem viðkomandi samningar ná til. Eru aðilarnir reiðubúnir til að fallast á þetta fyrir sitt leyti.

Þeir tvísköttunarsamningar, sem Íslendingar hafa gert til þessa og nú eru í gildi, eru við Norðurlöndin og V-Þýskaland. Fullkomin drög að samningi við Bandaríkin liggja fyrir frá árinu 1973, og eru líkur til, að sá samningur muni fást staðfestur af hálfu Bandaríkjaþings á þessu ári. Samningur við Sviss er í undirbúningi, en líklegt er, að gerð hans taki nokkurn tíma. Drög að samningi við Bretland eru til frá fyrri tíð, en óvíst er, hvort eða hvenær hreyfing muni komast á um að ljúka

þeirri samningsgerð. Miðað við það, sem gerst hefur í þessum efnum í nágrannalöndum okkar á undanförnum áratugum, má búast við, að tvísköttunarsamningum okkar fari mjög fjölgandi á komandi árum, ef við erum reiðubúnir til slíkrar samningsgerðar. Væri sú þróun til þess fallin að stuðla að sjálfkrafa úrlausn þeirra málefna, sem um ræðir í þessari grein frv.

Í upphafsákvæðum 8. gr. er svo fyrir mælt, að farið skuli hér eftir ofangreindum drögum að tvísköttunarsamningi við Bandaríkin. Í 1. og 2. tölul. er síðan gerð nánari grein fyrir því, sem felast mun í þeirri tilhögun, og slegið föstum nokkrum atriðum, sem valkvæð eru í samningsdrögunum. Þannig segir í upphafi 1. tölul., að tekjuskattur af arði hinna erlendu hluthafa í verksmiðjufélaginu skuli vera 5%, en í bandarískra samningnum er þessi tala tilgreind sem hámark. Gerir frv. ráð fyrir því, að þessi hundraðstala gildi, nema lög eða milliríkjasamningar kveði á um lægra gjald. Á þetta síðasttalda mundi t. d. geta reynt, ef fyrirtæki frá Danmörku eða Svíþjóð eignaðist hlut í félaginu, þar sem arður til þess ætti að vera skattlaus á Íslandi samkv. ákvæðum núverandi tvísköttunarsamninga við þau lönd.

Í niðurlagi 1. tölul. er síðan áréttað til skýringar, að skattreglan um útborgaðan arð eigi einnig við um greiðslur í öðru formi út á hlutabréfin. Er það í samræmi við eðli málsins og meginstefnu skattalaga hér á landi.

Loks er því slegið föstu í 2. tölul., að hinir erlendu hluthafar og þjónustuaðilar skuli ekki taldir hafa fasta starfsstöð á Íslandi vegna tengsla sinna við hlutafélagið. Er þetta í samræmi við eðli málsins og til áréttingar ákvæðum tvísköttunarsamningsins um sama efni. Jafnframt segir, að greiðslur til aðilanna í formi þjónustugjalda o. s. frv. skuli ekki háðar sköttun á Íslandi. Leiðir það af hinu fyrra samkv. ákvæðum tvísköttunarsamningsins.

## Um 9. gr.

Þar sem verksmiðjufélaginu er ætlað að stunda útflutningsframleiðslu, sem byggð er á hagnýtingu raforku úr fallvötnum landsins, þykir eðlilegt að láta fyrirtækið njóta svipaðrar aðstöðu varðandi aðflutningsgjöld, tolla og söluskatt og þau fyrirtæki, sem stofnuð hafa verið á hliðstæðum grundvelli til frumvinnslu náttúruauðæfa, s. s. virkjanir, kísilgúrverksmiðja og þörungavinnsla, sbr. og hinar almennu heimildir tollskrárlaga varðandi útflutningsframleiðslu í sjávarútvegi. Fjalla ákvæði 9. gr. um þetta efni. Er við það miðað í 1. málsgr., að felld verði niður aðflutningsgjöld á byggingarefni, vélum og búnaði og öðrum fjárfestingarvörum til járnblendiverksmiðjunnar, og muni það m. a. taka til sérhæfðra vinnuvéla, sem á þarf að halda við byggingu hennar og rekstur. Í 2. málsgr. eru síðan ákvæði um hráefni og aðrar framleiðslunauðsynjar verksmiðjunnar, svo og framleiðsluvöru hennar, sem ekki væri háð neinum gjöldum af þessu tagi eftir gildandi lögum.

## Um 10. gr.

Hér ræðir nánar um höfnina við Grundartanga, sem byggja þarf við tilkomu járnblendiverksmiðjunnar. Er lagt til, að hún verði í eigu sérstaks hafnarsjóðs, sem sveitarfélög í nágrenninu stofni til á grundvelli hafnalaga. Með þessu er stefnt í svipaða átt og á var bent í tillögum nefndar þeirrar, er samgönguráðuneytið skipaði á árinu 1973 til að kanna hafnarmálið.

Í sambandi við höfnina verður það undirstöðuatriði, að aðilar þeir, er hana byggja, takist á hendur að gera það svo tímanlega, að hún verði tiltæk fyrir verksmiðjuna, þegar framleiðslustarfsemi hefst, og jafnframt að tryggja verksmiðjufélaginu frambúðarafnot af höfninni með viðunandi kjörum. Í viðræðum við Union Carbide Corporation og rekstraráætlun fyrir verksmiðjuna hefur verið við það miðað, að greitt yrði fyrir afnotin með venjulegum hafnargjöldum, er séu ekki hærri en um yrði að ræða í Reykjavíkurhöfn.

Í 4. tölul. 3. gr. frv. felst heimild handa ríkissjóði til að kaupa og eiga jarðnæði það, sem á þarf að halda fyrir járnblendiverksmiðjuna. Með 2. málsgr. 10. gr. er ríkisstjórninni heimilað að ákveða í þess stað, að hinn fyrirhugaði hafnarsjóður verði jafnframt eigandi að verksmiðjulóðinni, ef henta þykir.

Um 11. gr.

Stefnt er að því að vernda umhverfi járnblendiverksmiðjunnar fyrir röskun af hennar völdum, eins og fram kemur í þessari grein frv. Eru hér og í aðalsamningnum við Union Carbide sett skýr ákvæði þess efnis, að hönnun verksmiðjunnar, bygging og rekstur skuli í öllu vera í samræmi við núgildandi og síðari lög og reglugerðir á Íslandi varðandi mengunarvarnir og öryggi, heilbrigði og hreinlæti á vinnustað, og þá staðla, sem settir eru samkvæmt þessum lögum og reglugerðum.

Um 12. og 13. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

**Fylgiskjal I.**

**Viðræðunefnd um orkufrekan iðnað:**

**Skýrsla til ríkisstjórnarinnar um jarnblendiverksmiðju í Hvalfirði.**

23. nóvember 1974.

## I. INNGANGUR

Viðræðunefnd um orkufrekan iðnað hefur síðan 1971 haft með höndum viðræður og samningagerð við erlenda aðila um þátttöku í uppbyggingu orkufreks iðnaðar.

Með skýrslu dags. 20. febrúar s. l. sendi viðræðunefndin þáverandi ríkisstjórn til endanlegrar meðferðar og ákvörðunar um frekari framgang, lokadrög að öllum helstu samningum, sem vörðuðu byggingu ferrosilikonbræðslu í Hvalfirði, í samvinnu við Union Carbide Corporation í New York. Einnig fylgdu skýrslunni drög að heimildarlöggjöf, sem setja hefði þurft um byggingu verksmiðjunnar hér á landi, sem samin höfðu verið í samræmi við þá meginstefnu, sem þáverandi ríkisstjórn hafði markað í máli þessu. Ennfremur hafði málið á undirbúningsstigi verið kynnt þingmannanefnd, sem í áttu sæti fulltrúar frá öllum þingflokkum á Alþingi og var ofangreind skýrsla einnig send þingflokkunum.

Eins og kunnugt er, urðu ýmsar ástæður því valdandi, að málið fékk ekki fullnaðarmeðferð fyrr á þessu ári. Undanfarið hafa farið fram viðræður á ný við fulltrúa Union Carbide, þar sem teknar hafa verið til athugunar ýmsar breytingar á ofangreindum samningsdrögum, sem nauðsynlegar hafa orðið vegna verðlagshækkana og annarra breyttra viðhorfa.

Hér á eftir vill viðræðunefndin, í stuttu máli, gera grein fyrir helstu atriðum málsins, eins og þau nú standa og um leið er getið breytinga, sem orðið hafa á samningsdrögum frá því að nefndin sendi skýrslu sína í febrúar s. l.

## II. VERKSMIÐJAN

### a. Stofnkostnaður.

Stofnkostnaður verksmiðjunnar hefur verið áætlaður að nýju af Union Carbide og ráðunautum þeirra, Canadian Bechtel and Company í Montreal. Áætlunin stendur nú í $ 68 milljónum og sundurliðast þannig:

| | |
|---|---|
| Efni | $ 26 367 000 |
| Vinna | 13 095 000 |
| Frumkostnaður | $ 39 462 000 |
| Vátrygging og flutningur | 1 500 000 |
| Vinnubúðir og fæðiskostnaður | 2 804 000 |
| Byggingareftirlit | 1 727 000 |
| Verðhækkanir á byggingartíma | 7 300 000 |
| Verkfræðiþjónusta | 8 707 000 |
| Ófyrirséð | 6 500 000 |
| Byggingarkostnaður | $ 68 000 000 |

Við þetta bætist tækniþóknun í formi hlutabréfa að verðmæti $ 3.2 millj. og greiddir vextir á byggingartíma um $ 8.2 milljónir.

Rétt er að benda á, að verkfræðiþjónustan er áætluð af Bechtel á grundvelli, sem er allfrábrugðinn þeim, sem tíðkast á Íslandi, og telja verkfræðilegir ráðunautar nefndarinnar tölur óeðlilega háar. Hinsvegar þótti ekki ráðlegt að áætla hana lægri á þessu stigi málsins, á meðan ekki væri vitað, hver veitti þessa þjónustu.

Áætlunin er í grundvallaratriðum varkár og líkur til að hún lækki, þegar endanleg hönnun hefur verið gerð, en hækki ekki. Frumkostnaður er nú liðlega tvöfalt hærri en áætlað var miðað við verðlag vorið og sumarið 1973, og er það ekki ólíkt verðhækkun á stáli á þessu tímabili. Byggingarkostnaðurinn í heild hefur hinsvegar hækkað um tæp 150%, og er það svipuð hlutfallshækkun og orðið hefur á söluverði framleiðslunnar.

Tækniþóknunin, sem að ofan greinir, er greiðsla til Union Carbide fyrir víðtæka þekkingu, sem m. a. nær yfir alla almenna og sérstaka þekkingu og reynslu Union Carbide ásamt rétti til hagnýtingar einkaleyfa við byggingu verksmiðjunnar og framleiðslu ferrosilikons, þar með talin hönnun bræðsluofna og rafskauta, tölvustýring og önnur tækni, sem eykur bæði nýtni verksmiðjunnar og gæði framleiðslunnar, svo og þjálfun starfsmanna.

**Helstu einkennistölur og hönnunarforsendur fyrirhugaðrar verksmiðju.**

| | |
|---|---|
| Ofnstærð, hvor ofn | 30 MW mest |
| Meðalálag í starfi | 26.5 MW hvor ofn |
| Önnur verksmiðjunotkun | 8 MW |
| Árlegur starfstími ofna | 8000 stundir |
| Orkuþörf á hvert tonn framleiðslu | 8835 kwh |
| + hjálparnotkun | 1500 — |
| Ársframleiðsla tveggja ofna | 47000 tonn |

**Hráefnaþörf á hvert tonn framleiðslu.**

| | |
|---|---|
| Kvarts | 1.69 tonn |
| Brotajárn | 0.275 — |
| Kol | 1.077 — |
| Spænir | 0.255 — |
| Rafskaut | 0.083 — |
| Samtals | 3.38 tonn |

| | | |
|---|---|---|
| Flutningsþörf að og frá | | 206000 tonn/ár |
| Fjárfesting án vaxta á byggingartíma | | $ 71 200 000 |
| Rekstursfé | | $ 6 800 000 |
| Eigið fjármagn (hlutafé) | | $ 24 000 000 |
| Hlutur Íslands | 55% = | $ 13 200 000 |
| Hlutur Union Carbide | 45% = | $ 10 800 000 |
| Starfsmannafjöldi | | 114 |
| þar af í verksmiðju | | 87 |
| og á skrifstofu | | 27 |
| Árlegur kostnaður | | $ 1 645 000 |

**b. Rekstur.**

Rekstrar- og greiðsluáætlun ásamt áætluðum efnahagsreikningum fyrstu 16 ára hefur verið gerð og eru niðurstöður meðalára þriggja tímabila þessarar í þúsundum dala:

| | 1978—82 | 1983—87 | 1988—93 |
|---|---|---|---|
| Söluverðmæti | 28 711 | 29 284 | 29 284 |
| Verksmiðjukostnaður | 13 213 | 13 328 | 13 328 |
| Þjónustugjöld | 1 938 | 1 981 | 1 981 |
| Ýmsir skattar og útsvör | 257 | 293 | 215 |
| Hafnar- og lóðagjöld | 93 | 94 | 94 |
| Framleiðslukostnaður samtals | 15 501 | 15 696 | 15 618 |
| Rekstrartekjur | 13 210 | 13 588 | 13 666 |
| Afskriftir | 4 763 | 4 763 | 3 970 |
| Vaxtagjöld | 4 987 | 2 683 | 610 |
| Hagnaður fyrir tekjuskatt | 3 460 | 6 142 | 9 086 |
| Tekjuskattur | 426 | 1 503 | 2 685 |
| Hreinn hagnaður | 3 034 | 4 639 | 6 401 |
| Arður til útborgunar | 2 769 | 3 704 | 4 730 |
| 55% Ísland | 1 523 | 2 037 | 2 602 |
| 45% Union Carbide | 1 246 | 1 667 | 2 183 |

Meðalarðsemi fjárfestingarinnar fyrir skatta[1]) verður samkvæmt þessu 17.4% en þá er ekki tekið tillit til áhrifa sjóðsmyndunar og vaxtatekna á arðsemina. Áætlað er að sjóðseign fyrirtækisins verði rúmlega 47 milljónir dala í árslok 1993. Sjóðsmyndunin byggist annarsvegar á myndun varasjóðs skv. hlutafjárlögum, en jafnframt er ógreiddur tekjuskattur og arður síðasta árs. Vaxtatekjur af sjóði eru

1) Meðaltal hagnaðar fyrir tekjuskatt og vexti sem hlutfall af meðalbókfærðum fasta- og rekstursfjármunum í ársbyrjun.

áætlaðar 1 080 þúsund dalir á ári að meðaltali. Ekki hefur verið tekið tillit til þeirra í töflunni hér að ofan, en þær hafa áhrif til hækkunar hagnaðar og tekjuskatts, sérstaklega á seinni árum áætlunarinnar.

Sambærileg meðalarðsemi var 10.3% í áætlun þeirri, sem lá til grundvallar skýrslu nefndarinnar í febrúar s. l., þannig að hér er um verulega hækkun á meðalarðsemi að ræða. Á hinn bóginn er rétt að geta þess, að á þeim tíma, sem liðið hefur síðan fyrri áætlun var gerð, hafa rekstrar- og greiðsluáætlanir verið endurskoðaðar og forsendum breytt, þannig að hér er ekki í reynd um hliðstæðar tölur að ræða.

Við gerð hinnar nýju rekstrar- og greiðsluáætlunar var, auk þess að tekið var tillit til verðbreytinga, sem orðið hafa á tímanum, breytt verulega grundvelli áætlana að því leyti, að nú eru áætlanirnar byggðar á áætluðu verðlagi ársins 1977 á sama hátt og stofnkostnaður. Verðgrundvöllur kostnaðarins er verðlag í október 1974, en reiknað er með eftirtöldum hækkunum á ári fram til ársins 1977:

Efnisliðir hækka um 7% á ári.
Launaliðir hækka um 10% á ári.
Aðrir liðir hækka um 8.5% á ári.

Áætluð hækkun söluverðs er 7% á ári, en þess ber að geta, að grunnverðlag það sem miðað er við er mun lægra en raunverulegt verðlag í dag.

Rétt er að vekja athygli á breytingu eins liðar, sem rennur til Íslands, en það er tekjuskattur. Í fyrri áætlun var gert ráð fyrir, að meðaltekjuskattsgreiðsla á ári yrði um 300 þús. dalir. Eins og fram kemur hér að ofan er nú áætlað, að meðaltekjuskattsgreiðsla hvers árs verði frá 426 þús. til 2 685 þús. dalir eftir rekstrartímabilum. Ef einnig er tekið tillit til vaxtatekna, þá verður meðaltekjuskattsgreiðsla hvers árs 2 058 þús. dalir, þannig að hér er um mjög veigamikla breytingu að ræða, sem einnig endurspeglar þá breyttu afkomu, sem núverandi rekstrar- og greiðsluáætlun sýnir, en það er mat nefndarinnar og annarra, sem um hafa fjallað, að núverandi áætlun sé mun áreiðanlegri en sú fyrri.

Reiknuð hefur verið innri arðgjöf (afkastavextir) fjárfestingarinnar[1]) miðað við ofangreinda rekstrar- og greiðsluáætlun og reyndist hún vera 13.6%. Samskonar útreikningur hefur verið framkvæmdur miðað við 10% hærra grunnsöluverð, sem þó er nokkru lægra en gildandi markaðsverð er í dag, og reyndist innri arðgjöf fjárfestingarinnar þá vera 17.2%.

Ofangreindar niðurstöður sýna, að arðgjöf fjárfestingarinnar virðist liggja á því bili, sem nefndin taldi líklegast í fyrri skýrslu sinni, eða á milli 14 og 20%.

Verður þessi arðgjöf að teljast vel viðunandi, sérstaklega þegar haft er í huga, að hér er um að ræða fjárfestingu, þar sem tæknileg áhætta er svo til engin og sala framleiðslunnar virðist eins vel tryggð og frekast er unnt í þessari framleiðslugrein.

### c. Umhverfismál.

Frá upphafi viðræðnanna hefur verið lögð rík áhersla á, að mengun frá verksmiðjunni yrði í algeru lágmarki. Hefur því ætíð verið heitið, og er ljóst, að hugur fylgir þar máli. Hefur rykhreinsun úr reyknum batnað frá því sem áður var talið viðunandi,, úr 95 í 99 hundraðshluta ryksins. Jafnframt eru hafnar tilraunir, sem miða að því að ná því ryki, sem sleppur, þegar ofnar eru opnaðir til tæmingar.

Reykurinn frá ofnunum er kældur og síðan dreginn í gegn um pokasíur, sem ná 99 hundraðshlutum ryksins. Sá hluti, sem sleppur, mun tæpast sýnilegur hér, þrátt fyrir hið hreina loft. Hann er hættulaus dýrum og gróðri.

1) Innri arðgjöf sýnir þá vexti, sem fást af ákveðinni fjárfestingu í tiltekinn tíma (áætlunartímabilið), en það svarar til þeirra vaxta, sem fyrirtækið getur greitt, ef tekið er lán fyrir allri fjárfestingunni.

Vitað er, að frá verksmiðjunni koma nálægt 2500 tonn á ári af föstum úrgangsefnum, sem í eru einkum eldfastur steinn, kolabrot, gjall og óhreinn málmur, en ekki er vitað til þess, að í þeim séu hættuleg snefilefni. Komi í ljós, að svo sé, er gengið út frá því, að þau skuli gerð óskaðleg með öllu. Þessi föstu úrgangsefni eru vel nýtanleg sem fyllingarefni, t. d. til vegagerðar.

Mikil áhersla er lögð á öryggi á vinnustað, sem lýsir sér e. t. v. best í því hve langt er gengið í því að gera sem flesta verkþætti vélræna og fjarstýrða.

Viðræðunefndin hefur leitað umsagnar Náttúruverndarráðs um staðarval verksmiðjunnar. Umsögn þess er dagsett 4. júlí 1973, og koma þar ekki fram aðrar athugasemdir en þær, sem sjálfsagðar eru og lúta að frágangi og útliti. Varðandi mengunarmál vísar ráðið til Heilbrigðiseftirlits ríkisins, og fór Baldur Johnsen, forstöðumaður þess, í stutta kynnisför til Bandaríkjanna til þess að kynna sér þessi mál. Í viðtali við nefndina taldi Baldur ljóst, að Union Carbide gerði mjög miklar kröfur að því er varðar öryggis- og mengunarvarnamál.

### d. Um þjóðhagsleg áhrif.

Ekki hefur enn verið gerð heildarskýrsla um þjóðhagsleg áhrif af rekstri járnblendiverksmiðjunnar. Hinsvegar þykir rétt að gefa til kynna helstu stærðir, sem þar koma til álita. Hér að neðan er gengið út frá niðurstöðutölum meðalára, eins og þær birtast hér að framan.

Árlegar vergar gjaldeyristekjur af verksmiðjunni eru söluverðmætið, sem er 29.1 millj. dala. Til að fá út hreinar gjaldeyristekjur þarf að draga frá, annarsvegar beinan erlendan framleiðslukostnað, sem er áætlaður u. þ. b. 9.5 milljónir dala, og erlenda hlutdeild í afskriftum og vaxtagjöldum. Ef gengið er út frá því, að erlenda fjármögnunin kosti samtals 7.1 milljón dala á ári, sem nemur öllum afskriftum og vaxtagjöldum, þá fæst erlendur aðfangakostnaður, sem nemur u. þ. b. 16.6 millj. dala, þannig að eftir standa af vergum gjaldeyristekjum u. þ. b. 12.5 milljónir dala. Frá þessari upphæð þarf síðan að draga hluta Union Carbide af arði, sem er, ef ekki er tekið tillit til vaxtatekna, u. þ. b. 1.7 milljón dala.

Út frá ofangreindu fást hreinar gjaldeyristekjur á meðalári, sem nemur 10.8 milljónum dala. Þessar tekjur skiptast í grófum dráttum á eftirtalda 4 liði:

1) Orkukaup frá Landsvirkjun.
2) Vinnulaun, tekjur skipafélaga og tekjur annarra innlendra þjónustuaðila.
3) Tekjuskattur, opinber gjöld, þar með talin lóðar- og hafnargjöld.
4) Arður eigenda.

Skiptingin er nokkurn veginn jöfn á ofangreinda 4 höfuðflokka, ef allt tímabilið er skoðað sem heild, en nokkuð mismunandi eftir árum. Þannig vega gjaldeyristekjur af orkukaupum og vinnulaunum/þjónustu mun þyngra fyrstu árin, en hlutdeild tekjuskatts og arðs hækkar eftir því sem líður á tímabilið.

Á sama hátt eru hreinar gjaldeyristekjur mismunandi eftir árum og fara hækkandi eftir því sem líður á tímabilið. Lauslega áætlað verða hreinar gjaldeyristekjur áranna 1978—82 sem næst 8.6 milljónir dala á ári að meðaltali, áranna 1983—87 10.5 milljónir dala, en áranna 1988—1993 12.8 milljónir dala.

Til merkis um þjóðhaglegt mikilvægi fjárfestingar eru gjarnan reiknaðar út einingartölur um gjaldeyristekjur. Hér skal tveggja slíkra talna getið. Ef hreinar gjaldeyristekjur eru umreiknaðar á hvern starfsmann þá fæst hreinn gjaldeyrishagnaður, sem nemur rúmlega 93 þús. dala, eða u. þ. b. 11 milljónum íslenskra króna miðað við núverandi gengi.

Í þessu sambandi verður að benda á, að hér er um verulega fjárfrekan iðnað að ræða, þannig að samanburður við aðra útflutningsatvinnuvegi landsins verður að gerast með mikilli varúð. Á sama hátt fást hreinar gjaldeyristekjur að upphæð u. þ. b. krónur 2.60 á hverja kwst, sem Landsvirkjun mun selja verksmiðjunni og

sýna báðar þessar einingartölur, að hér er um verulega þjóðhagslega hagkvæmt fyrirtæki að ræða.

Í ofangreindum tölum hefur verið horft framhjá vaxtatekjum, sem áætlaðar eru í meðalári að upphæð tæplega 1.1 milljón dala, enda erfitt að segja um, hvort hér yrði um innlendar eða erlendar tekjur að ræða. Sömuleiðis hefur ekki verið reynt að meta þau þjóðhagslegu áhrif, sem bygging verksmiðjunnar hefur, en ljóst er, að talsverður hluti byggingarkostnaðarins mun verða af innlendum toga spunninn, bæði vinnulaun, hagnaður verktaka, skipafélaga og annarra, þannig að þar einnig myndast verulegar gjaldeyristekjur.

## III. STAÐSETNING

Á vegum viðræðunefndarinnar hafa verið gerðar athuganir á ýmsum stöðum á landinu, þar sem hagkvæmt gæti verið að staðsetja stóriðju af því tagi, sem einkum hefur verið hugsað um. Upphaflega voru athugaðir 7 staðir víðsvegar á landinu, en fljótlega var ljóst, að járnblendiverksmiðja, sem fá ætti raforku frá Sigölduvirkjun, hlyti að verða staðsett suð-vestanlands. Á grundvelli samanburðarathugana, sem Verkfræðiþjónusta dr. Gunnars Sigurðssonar framkvæmdi á 4 stöðum, var komist að þeirri niðurstöðu, að hagkvæmasta staðsetning fyrir bræðsluna yrði við Grundartanga í landi Klafastaða, norðanvert við Hvalfjörð. Í samræmi við niðurstöður ofangreindrar athugunar, sem m. a. fól í sér landmælingar, vatnamælingar, jarðvegskönnun, fyrstu könnun botnlaga á hafnarstæði og byrjunar jarðfræðiathugun, skipaði samgönguráðuneytið 13. september 1973 5 manna nefnd til að vera viðræðunefndinni til ráðuneytis og aðstoðar um eftirfarandi:

a) Lokarannsóknir og hönnun á hafnarmannvirkjum og um eignarhald þeirra.
b) Athuganir varðandi kaup á landi og vatnsréttindum.
c) Skipulag og staðsetningu iðnaðarsvæðis.
d) Hugsanlegar aðrar framkvæmdir, sem samkvæmt eðli máls snerta verksvið sveitarstjórna beint eða óbeint.
e) Undirbúning löggjafar, er nauðsynlegt reyndist að setja ef samningar næst, svo sem hugsanlega um stjórn hafnar, ef um landshöfn yrði að ræða eða hlutverk svæðisstofnunar (stjórnar), ef til hennar yrði stofnað í samráði við viðkomandi sveitarfélag og aðila að rekstri fyrirtækisins.

Í samráði við nefndina var haldið áfram frekari rannsóknum við Grundartanga, m. a. lokið við sjómælingar, unnið að landmælingum og tilraunaborunum og jafnframt var Verkfræðiþjónustu dr. Gunnars Sigurðssonar falið að vinna að frumhönnun Grundartangahafnar. Frumhönnun er lokið og skilaði Verkfræðiþjónustan skýrslu í apríl s. l., þar sem gerðar eru mismunandi tillögur um fyrirkomulag hafnarmannvirkja og sundurliðaðir kostnaðarútreikningar eru fyrir 3 tilvik. Ekki hefur verið endanlega ákveðið um stærð hafnarmannvirkja en allt eftir því hvaða leið valin verður, má búast við, að kostnaðurinn verði á bilinu 200—300 millj. króna á verðlagi í mars s. l.

Ofangreind nefnd ritaði viðræðunefndinni bréf dags. hinn 30. jan. s. l., þar sem fram kom, að mat nefndarinnar væri, að höfnin og iðnaðarsvæðið skyldi eign sveitarfélags eða hugsanlega nærliggjandi sveitarfélaga. Þó er í tillögu nefndarinnar gert ráð fyrir, að ekki verði um hreina sveitarfélagahöfn að ræða, heldur komi ríkið að nokkru leyti inn í og jafnframt er lögð áhersla á, að höfnin verði til afnota fyrir aðra umferð heldur en járnblendiverksmiðjuna, svo sem hugsanlegan perlusteinsútflutning og fleira sem til greina kæmi. Afstaða hefur ekki verið tekin til tillagna nefndarinnar.

Það er skoðun viðræðunefndarinnar, að bygging járnblendiverksmiðju á þessum stað, ásamt góðri höfn, muni hafa mikla þýðingu til eflingar byggðar- og atvinnuþróunar í sunnanverðu vesturlandskjördæmi. Verksmiðjustæðið er aðeins 15

km frá Akranesi, svo að verksmiðjan á að geta fengið þaðan bæði vinnuafl og þjónustu, en búast má við þéttbýlismyndun nálægt verksmiðjunni með tímanum. Ljóst er að hafnarskilyrði eru mjög góð og stækkunarmöguleikar hafnar miklir. Mikið landrými er þarna fyrir hendi og góð skilyrði fyrir myndun þéttbýliskjarna, auk þess sem staðurinn liggur í þjóðbraut, ekki einungis innan vegakerfisins, heldur einnig orkukerfisins, ef af lagningu byggðalínu til Norðurlands verður. Samt er staðurinn utan áhrifasvæðis Reykjavíkur, en þó ekki fjarlægari en svo að þangað má sækja nauðsynlega sérhæfða þjónustu, án þess að höfuðborgarsvæðið hafi verulega dagleg áhrif.

Eins og fram kom hér að ofan hafa verið gerðar frumkostnaðaráætlanir fyrir byggingu hafnar við Grundartanga. Í drögum að aðalsamningi við Union Carbide er gert ráð fyrir, að verksmiðjan muni greiða hafnargjöld, sem séu sambærileg við hliðstæð hafnargjöld í Reykjavíkurhöfn. Búast má við því, að tekjur frá verksmiðjunni muni ekki nægja fyrstu árin til að standa undir stofnkostnaði hafnarinnar. Á hinn bóginn má búast við, að tekjur hafnar við Grundartanga aukist verulega í framtíðinni, bæði vegna stækkunar málmblendiverksmiðjunnar og annarrar starfsemi, sem væntanlega myndi leita þangað.

## IV. SKIPULAG

Gert er ráð fyrir, að sérstakur aðalsamningur milli ríkisstjórnar Íslands og Union Carbide Corporation kveði á um samstarf þessara aðila um byggingu og rekstur járnblendiverksmiðjunnar. Síðan er gert ráð fyrir, að verksmiðjufélagið geri samning um orkukaup við Landsvirkjun, samninga um verksmiðjulóð og hafnarafnot við eigendur hafnarinnar og samninga um tækniaðstoð og söluframleiðslu við Union Carbide Corporation eða dótturfyrirtæki þess. Drög hafa verið samin að öllum þessum samningum nema að hafnar- og lóðarsamning. Hér að neðan er gerð nokkur nánari grein fyrir einstökum atriðum, sem lúta að skipulagi fyrirtækisins.

Gildistími hinna einstöku samninga er nokkuð misjafn. Rafmagnssamningurinn hefur 20 ára gildistíma, frá því að verksmiðjan tekur til starfa, sölu- og tæknisamningarnir 15 ára, en aðalsamningurinn gildir á meðan nokkur hinna er í gildi.

### a. Eignaraðild.

Samkvæmt aðalsamningnum verður járnblendiverksmiðjan rekin sem hlutafélag. Eftir viðræður undanfarna daga er gert ráð fyrir, að eignaraðildin skiptist þannig, að Ísland eigi 55% hlutafjárins en Union Carbide Corporation 45%. Í fyrri samningsdrögum hafði verið gert ráð fyrir, að íslenska hlutdeildin væri 65%, en hlutdeild Union Carbide 35%. Með tilliti til hærri stofnkostnaðar þótt heppilegt að auka hlutdeild Union Carbide í fyrirtækinu, enda haldi Íslendingar áfram öruggum meirihluta í því. (Það skal hér tekið fram, að Ingi R. Helgason taldi eðlilegt að halda upphaflegum eignarhlutföllum óbreyttum). Gert er ráð fyrir, að hlutafé verði 24 millj. dala og að Union Carbide greiði hluta af sínu framlagi með afhendingu á allri tækniþekkingu sinni á sviði ferrosilikonframleiðslu. Í fyrri samningsdrögum var umrædd afhending á tækniþekkingu metin á 2.3 millj. dala og var það, að mati hinna erlendu sérfræðinga nefndarinnar, lágt mat, en með tilliti til kostnaðarhækkana, ekki síst að því er lýtur að rannsóknum og tilraunastarfsemi, hefur mat á tækniþekkingunni nú verið hækkað. Er matið nú 3.2 millj. dala, sem verður hluti af hlutafjárframlagi Union Carbide.

Ákveði er um það í aðalsamningi, að Union Carbide geti krafist þess, að ríkisstjórnin kaupi hlut sinn í fyrirtækinu eftir 10 ár og fer um kaupverð eftir mati, ef samkomulag næst ekki. Einnig hafi Union Carbide forkaupsrétt, ef ríkisstjórnin vill selja hlut sinn í fyrirtækinu.

**b. Fjármögnun.**

Í öllum viðræðum hefur verið gengið út frá því, að lánsfjármögnun verksmiðjunnar myndi byggjast á erlendum lánum, sem tekin yrðu án ábyrgðar eignaraðila. Því hefur verið nauðsynlegt, að hlutafé, þ. e. a. s. eigið framlag eigenda, væri verulegur þáttur í fjármögnuninni.

Heildarfjármagnsþörf verksmiðjunnar í upphafi vegna stofnkostnaðar og rekstursfjár er áætluð 86.2 millj. dala. Af því verður hlutafé 24 millj. dala, en áætlað er að langtímalán, er greiðist á fyrstu 12 rekstrarárum verksmiðjunnar nemi 58.2 millj. dala og skammtímalán 4.0 millj. dala.

Þegar hafa verið hafnar viðræður við banka um lánveitingar til fyrirtækisins og er gert ráð fyrir, að niðurstöður þeirra viðræðna muni liggja fyrir, áður en samningar verða undirritaðir milli eignaraðila.

**c. Lögsaga.**

Samkvæmt aðalsamningsdrögunum mun verksmiðjufyrirtækið lúta í einu og öllu íslenskum lögum. Aðalsamningur og aðrir samningar varðandi byggingu hennar og rekstur munu túlkast eftir íslenskum lögum. Ágreiningsmál skulu koma fyrir íslenska dómstóla og ekki er gert ráð fyrir neinum sérstökum gerðardómsákvæðum.

## V. RAFORKUSALA

Gengið hefur verið í öllum meginatriðum frá drögum að orkusölusamningi milli verksmiðjunnar og Landsvirkjunar. Þar er gert ráð fyrir, að mesta aflþörf verksmiðjunnar verði 68 MW og mesta ársorkunotkun 550 GWh. Af þeim eru 244 GWh forgangsorka en 306 GWh afgangsorka. Í meðalári er afgangsorkan þó minni, 244 GWh, og í versta ári er hún aðeins 153 GWh.

Orkuverð fer hækkandi á samningstímanum. Fyrstu tvö árin verður það 9.5 bandarísk mill (1.12 kr) á hverja kílowattstund forgangsorku, 0.5 mill (6 aurar) fyrir afgangsorkuna og 5 mill (59 aurar) að meðaltali, en í byrjun þriðja árs hækkar það í 10 mill (1.18 kr) fyrir forgangsorku, 1.4 mill (16.5 aura) fyrir afgangsorku og 5.7 mill (67 aurar) að meðaltali. Síðan verður forgangsorkan óbreytt, en afgangsorkan hækkar aftur á fimmta ári í 1.8 mill (21 eyri), og loks í byrjun sjöunda árs hækkar afgangsorkuverðið í 2.4 mill (28 aura) og meðalverðið í 6.2 mill (73 aura), nema endurskoðun orkuverðs leiði til hækkunar frá þessum tölum strax í byrjun fimmta árs. Orkuverð skal endurskoða á fjögurra ára fresti, og skal það hækka hlutfallslega jafnt og orkuverð norsku ríkisrafveitnanna til norsks iðnaðar. Norska verðið á forgangsorku er nú 4.6 mill/kWh í samningum, sem gerðir hafa verið eftir 1962, og er búist við, að í nýjum samningum verði það 7.7 mill/kWh við stöðvarvegg og 8.9 mill/kWh hjá notanda 100 km frá orkuveri.

Landsvirkjun er nú að ganga frá skýrslu um hagkvæmni þessa samnings, og má vænta hennar næstu daga.

Orkuverðið, sem að framan er greint, er talsvert hærra en áður var gert ráð fyrir. Er hækkunin einkum af tvennum toga: annarsvegar hækkað meðalverð yfir samningstímann, um 35%, og hinsvegar minni forgangsorkusala, 244 GWh í stað 264 GWh áður, þrátt fyrir óbreytta heildarorkusölu í meðalári, 488 GWh. Þær 20 GWh, sem hér sparast, eru að jafnaði $ 170 000 virði á ári yfir samningstímann, og verður heildar hækkunin, þegar tillit er tekið til þessa, um 43%. Veldur þessi hækkun, svo og aðrar minni breytingar, því, að samningurinn í heild er nú hagstæðari Landsvirkjun en áður var. Er forgangsorkuverðið mun hærra en orkufrekur iðnaður greiðir nú almennt bæði í Noregi og Bandaríkjunum.

## VI. TÆKNI

Gerð hafa verið drög að tveimur samningum, sem veita verksmiðjunni aðgang að allri reynslu og þekkingu Union Carbide á sviði ferrosilikonvinnslu, bæði þeirri,

sem fyrirtækið býr nú yfir, og þeirri, sem það kann að eignast síðar. Gildir einu, hvort sú tækni er eða verður bundin einkaleyfum eða ekki.

Annar samningurinn, sá um afsal á tæknikunnáttu, gerir ráð fyrir, að verksmiðjan greiði Union Carbide $ 3.2 milljónir í formi hlutabréfa í eitt skipti fyrir öll.

Hinn samningurinn er um tækniaðstoð í rekstri, sem tryggir verksmiðjunni aðgang að hverskonar tæknilegri aðstoð og þjónustu, sem Union Carbide getur veitt. Fyrir þetta greiðir verksmiðjan Union Carbide 3% af söluverðmæti verksmiðjunnar, og er sú hlutfallstala óbreytt frá því sem áður var.

Með þessum samningum á að vera þannig um hnútana búið, að verksmiðjan verði í upphafi eins vel úr garði gerð og unnt er og jafnframt, að allar nýjungar og endurbætur í þessum iðnaði komi henni strax til góða. Með tilliti til stöðu Union Carbide í málmblendiiðnaðinum má ætla, að verksmiðjan muni ætíð búa við þá bestu tækni, sem völ verður á í heiminum.

## VII. SALA

Ferrosilikon er nær eingöngu notað í stálframleiðslu og járnsteypum, og er markaðurinn því eðlilega háður sveiflum í þessum framleiðslugreinum. Eins og kunnugt er, hefur stálframleiðsla stöðugt farið vaxandi í heiminum á undanförnum árum, en að vísu með nokkrum sveiflum. Gert er ráð fyrir, að árið 1974 verði framleitt meira stál, heldur en nokkru sinni fyrr í sögunni, og að því er best verður séð, er búist við áframhaldandi eftirspurnaraukningu. Rétt er að benda á, að jafnvel þó að kæmi til einhver samdráttur í notkun stáls í Vestur-Evrópu eða Bandaríkjunum þá er gert ráð fyrir, að eftirspurnin frá þróunarlöndunum muni gera meira en að vega það upp, en einmitt sú eftirspurn hefur, að því að talið er, gert eldri framleiðsluspár úreltar. Nú er gert ráð fyrir áframhaldandi eftirspurnaraukningu eftir ferrosilikoni, ekki einungis vegna mikillar aukningar í stálframleiðslu, en áætluð aukning á yfirstandandi ári í Vestur-Evrópu er um 5% á ári, heldur einnig vegna þess að ýmsar járnblendiverksmiðjur eru orðnar gamlar og tæknilega úreltar og þannig staðsettar, að þær verða ekki endurbyggðar á ný.

Ekki eru til nákvæmar tölur um heimsframleiðsluna alla, en áætla má, að ferrosilikonnotkun í heiminum hafi verið um 3 millj. tonna árið 1972 og hafi aukist verulega síðan. Gert er ráð fyrir, að markaðurinn í Vestur-Evrópu, sem einkum er áætlað að selja til, verði um 540 þús. tonn árið 1977, sem verður fyrsta starfsár hinnar íslensku verksmiðju.

Í samræmi við aðra hráefnismarkaði, sem háðir eru sveiflum, hefur verð á ferrosilikoni einnig verið breytilegt. Síðan 1970 hefur verðið þó verið á uppleið og á árinu 1973 og það sem af er árinu 1974 hefur verð hækkað stórkostlega, enda hefur verið mikill skortur á ferrosilikoni í heiminum, en þó alveg sérstaklega í Vestur-Evrópu. Þess má geta, að frést hefur af sölum á þessu ári, þar sem verð á hvert tonn hefur farið upp í 1650 dollara samanborið við 500 dollara verðið, sem lagt er til grundvallar í hagkvæmnisathugun verksmiðjunnar. Þetta verð er að vísu undantekning, en sýnir það ástand, sem nú ríkir Á hinn bóginn er ljóst, að ferrosilikon er í flokki þeirra hráefna og hálfunnina iðnaðarvara, sem hækkað hafa mest í verði á undanförnum árum og almennt er talið, að verð á því muni ekki lækka aftur, þar sem framleiðslukostnaður er svo mjög háður orkuverði, en auk þess munu auknar mengunarvarnir stórhækka framleiðslukostnað í eldri verksmiðjum.

Union Carbide hefur verið brautryðjandi í því að reyna að gera markaðinn stöðugri og öruggari með því að veita meiri þjónustu í tækni- og sölustarfi, en aðrir framleiðendur. Það er enginn vafi á því, að ekkert fyrirtæki í heiminum er jafnsterkt á öllum sviðum málmblendiframleiðslu og sölu, og því er samvinna við fyrirtækið mikilvæg trygging fyrir því, að öruggir markaðir fáist fyrir það ferro-

silikon, sem hér yrði framleitt. Union Carbide hefur yfir mörkuðum að ráða í Evrópu, sem ekki er lengur hagkvæmt að selja til frá Norður-Ameríku, vegna tollmúra Efnahagsbandalagsins og hefur því þegar tryggan markað fyrir framleiðslu hins íslenska fyrirtækis strax og það getur hafið starfsemi. Raunar leggur Union Carbide áherslu á mikilvægi þess, að það verði sem allra fyrst.

Í frumvarpi að sölusamningi er gert ráð fyrir því, að dótturfyrirtæki Union Carbide í Evrópu taki að sér einkaumboð á sölu á framleiðslu járnblendiverksmiðjunnar gegn stighækkandi sölulaunum, svo sem hér segir:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Fyrstu | 10 000 | tonn | 3.0% söluþóknun. |
| Næstu | 10 000 | tonn | 3.5% söluþóknun. |
| Næstu | 10 000 | tonn | 4.0% söluþóknun. |
| Umfram | 30 000 | tonn | 5.0% söluþóknun. |

Ofangreind söluþóknun miðast við fob verð í íslenskri höfn að undanskilinni sölu á köggluðum salla, sem engin umboðslaun eru greidd af, en þar er um u. þ. b. 4000 tonn á ári að ræða. Ofangreind stighækkandi söluþóknun samsvarar 3.9% meðalsölulaunum.

Í samningsdrögum frá því í febrúar s. l. var gert ráð fyrir, að söluþóknun Union Carbide yrði 3.0% fyrir alla sölu, að undanskilinni sölu á köggluðum salla og einnig þar var miðað við fob verð í íslenskri höfn. Á hækkun frá þessu var fallist með hliðsjón af hækkun orkuverðs, en mismunandi mat þessara hluta kom fram í nefndinni. Breytingin er auk þess rökstudd með hækkandi sölukostnaði erlendis, en á það skal bent, að erlendir sérfræðingar viðræðunefndarinnar töldu að 3% söluþóknun væri óvenju lág, enda væru venjuleg umboðslaun t. d. í Bandaríkjunum 5% af söluverðmæti. Sölulaunin eins og þau eru áætluð í fyrirliggjandi drögum eru því enn verulega fyrir neðan það sem almennt gerist. Sérstaklega er ástæða til að benda á, að Union Carbide hefur á undanförnum 20 árum byggt upp mjög sterkt sérhæft sölukerfi, sem einkum byggist á því að veita viðskiptavinum sem mesta þjónustu, bæði um gæði og tæknilegar leiðbeiningar. Þetta sérhæfða sölukerfi tryggir mun öruggari markað og að jafnaði hærra verð heldur en fæst, ef selt er á hinum almenna markaði. Ennfremur er þess að gæta, að 75% ferrosilikon er einungis einn hluti þeirra vara og þjónustu, sem Union Carbide býður viðskiptavinum sínum í stáliðnaði og járnsteypum. Með stighækkandi sölulaunum er stefnt að því að tengja söluþóknunina því, hve mikið af framleiðslunni tekst að selja á hverju ári.

## VIII. TOLLAR OG SKATTAR

Gert er ráð fyrir, að verksmiðjan njóti sömu kjara og annar hliðstæður útflutningsiðnaður að því er varðar aðflutningsgjöld og söluskatt á innflutning, bæði hvað snertir stofnkostnað og rekstur. Sama gildir um útflutning. Verða framleiðsluvörur verksmiðjunnar ekki söluskattsskyldar á Íslandi, nema sala fari fram til innlendra aðila.

Skattlagningu verksmiðjufélagsins verður í öllum meginatriðum háttað samkvæmt íslenskum skattalögum, eins og þau verða á hverjum tíma, en nokkur sérákvæði er þó að finna um þessi efni í frumvarpi til heimildarlaga. Félaginu skal meðal annars ávallt heimilt að nota núgildandi heimildir um varasjóðstillag og útgáfu jöfnunarhlutabréfa, þó svo að lögum þar að lútandi kunni að verða breytt. Mikilvægasta sérákvæðið kveður svo á, að frádráttarheimild vegna arðgreiðslu, sem svarar allt að 10% af nafnverði hlutafjár, sbr. 1. mgr. 17. gr. gildandi tekjuskattslaga, skal einnig gilda þó að arðurinn sé ekki greiddur út á viðkomandi ári. Þetta ákvæði hefur tvo kosti í för með sér. Annars vegar gerir það fyrirtækinu kleift að byggja upp meiri varasjóð en ella væri, og þannig gera það lánshæfara gagnvart erlendum bönkum. Hinsvegar felst í þessu ákvæði, ef því verður beitt, frestun á greiðslu arðs úr landi, sem aftur hefur hagstæð áhrif á greiðslujöfnuð.

Ekki er gert ráð fyrir, að verksmiðjufélagið muni greiða aðstöðugjald, heldur er gert ráð fyrir, að lagt verði á árlegt landsútsvar, sem komi í stað þess og nemi 0.5%.

Að því er varðar skattlagningu erlendra aðila, sem kvaddir eru til samvinnu og eiga hlut í félaginu eða láta í té tæknilega aðstoð eða aðstoð við sölu á afurðum, eru ákvæði um að farið skuli eftir tvísköttunarsamningum, sem í gildi eru milli Íslands og heimaríkja þessara aðila. Á meðan ekki hefur verið gerður tvísköttunarsamningur milli Íslands og Bandaríkjanna er gert ráð fyrir, að hin sameiginlegu drög að tvísköttunarsamningi, sem samninganefndir ríkjanna gengu frá hinn 16. maí 1973, skuli gilda.

**Fylgiskjal II.**

# AÐALSAMNINGUR

milli

RÍKISSTJÓRNAR ÍSLANDS

og

UNION CARBIDE CORPORATION

SAMNINGUR gerður hinn dag 197 milli

RÍKISSTJÓRNAR ÍSLANDS (hér á eftir nefnd „ríkisstjórnin“)

og

UNION CARBIDE CORPORATION (hér á eftir nefnt „Union Carbide“), sem er hlutafélag stofnað eftir lögum New York-ríkis og hefur aðalaðsetur sitt að 270 Park Avenue, New York, New York 10017, Bandaríkjum Norður-Ameríku.

MEÐ ÞVÍ að ríkisstjórnin óskar að koma á fót iðjuveri á Íslandi til framleiðslu á 75% ferrosilikoni og skyldum vörum, þar sem notað verði rafmagn frá íslenzkum orkuverum á grundvelli samninga til langs tíma;

MEÐ ÞVÍ að Alþingi hefur með lögum nr. 197 , um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði (heimildarlögunum), falið ríkisstjórninni að hefjast handa um stofnun hlutafélags, er hafi að markmiði að reisa og reka slíkt iðjuver, í samvinnu við aðra aðila, er áhuga hafi á því fyrirtæki, og hefur sett tilteknar reglur og veitt tilteknar heimildir varðandi skipulag og starfsemi hlutafélagsins;

MEÐ ÞVÍ að Union Carbide, sem leggur stund á framleiðslu og sölu á járnblendiefnum um allan heim ásamt dótturfélögum sínum, hefur hug á að taka þátt í umræddu hlutafélagi með ríkisstjórninni og er í aðstöðu til að láta í té víðtæka tæknikunnáttu og markaðsþekkingu í þágu hlutafélagsins;

MEÐ ÞVÍ að ríkisstjórnin og Union Carbide telja fært að eiga samvinnu um ofangreint fyrirtæki og eru reiðubúin til að gera það á þeim grundvelli, sem lagður er með heimildarlögunum, og eftir því sem á er kveðið í samningi þessum;

GERA ríkisstjórnin og Union Carbide hér með eftirfarandi samning:

## I. KAFLI
## INNGANGUR

### 1. gr.
### Orðskýringar.

Eftirtalin orð skulu hafa þá merkingu, sem að neðan greinir, þar sem þau koma fyrir í samningi þessum:

1) „Ríkisstjórnin“ merkir ríkisstjórn Íslands.
2) „Íslenska ríkið“ merkir lýðveldið Ísland.
3) „Union Carbide“ merkir Union Carbide Corporation, sem er hlutafélag stofnað að lögum New York-ríkis og hefur aðalaðsetur að 270 Park Avenue, New York, New York 10017, Bandaríkjum Norður-Ameríku.
4) „Dótturfélag Union Carbide“ merkir sérhvert hlutafélag, þar sem meira en 50% hlutabréfa með venjulegum atkvæðisrétti eru í eigu Union Carbide.
5) „Járnblendifélagið“ merkir hið íslenska hlutafélag, sem nefnt verði íslenska Járnblendifélagið hf. og framleiði 75% ferrosilikon á Íslandi.
6) „Landsvirkjun“ merkir Landsvirkjun, sem er sjálfstætt fyrirtæki í sameign íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar og hefur aðalaðsetur að Suðurlandsbraut 14, Reykjavík.
7) „Verksmiðjulóðin“ merkir jarðnæði það, sem leigja ber Járnblendifélaginu við Grundartanga í Skilmannahreppi í Borgarfjarðarsýslu, þar sem byggja á verksmiðju Járnblendifélagsins.
8) „Lóðarleigusamningurinn“ merkir leigusamning þann, sem gera ber um leigu á verksmiðjulóðinni til Járnblendifélagsins.
9) „Verksmiðjan“ merkir þau mannvirki Járnblendifélagsins, sem það mun reisa á verksmiðjulóðinni.
10) „Hafnarsamningurinn“ merkir samning þann, er heimili Járnblendifélaginu afnot af aðliggjandi höfn við verksmiðjulóðina.
11) „Tækniaðstoðarsamningurinn“ merkir samning þann milli Járnblendifélagsins og Union Carbide, sem fjalli um tæknilega aðstoð við Járnblendifélagið af hálfu Union Carbide.
12) „Tæknigjaldið“ merkir gjald það, sem Járnblendifélaginu ber að greiða Union Carbide fyrir tæknilegar leiðbeiningar og aðstoð.
13) „Tæknikunnáttuafsalið“ merkir samning þann milli Járnblendifélagsins og Union Carbide, sem fjallar um framsal frá Union Carbide til Járnblendifélagsins á tæknikunnáttu varðandi hönnun, verkfræðilega umsjón og rekstur fyrir verksmiðjuna.
14) „Umboðssölusamningurinn“ merkir samning þann milli Járnblendifélagsins og eins eða fleiri dótturfélaga Union Carbide, sem fjalli um sölu á framleiðsluvöru Járnblendifélagsins.
15) „Rafmagnssamningurinn“ merkir samning þann milli Landsvirkjunar og Járnblendifélagsins, sem fjalli um afhendingu Landsvirkjunar á raforku til reksturs verksmiðjunnar.
16) „Stofnendur Járnblendifélagsins“ merkir ríkisstjórnina og Union Carbide.
17) „Heimildarlögin“ merkir lög þau frá Alþingi, er heimila stofnun Járnblendifélagsins og vísað er til í inngangi samnings þessa.

## II. KAFLI
## JÁRNBLENDIFÉLAGIÐ

### 2. gr.
### Stofnun.

1) Ríkisstjórnin og Union Carbide skulu stofna Járnblendifélagið sem íslenskt hlutafélag skráð í Skilmannahreppi í Borgarfjarðarsýslu. Járnblendifélagið skal

stofnað með stofnsamningi og samþykktum í því formi, sem báðir stofnendur verða ásáttir um.

2) Járnblendifélagið skal hafa þann tilgang einan að a) byggja, eiga og reka verksmiðjuna, b) framleiða 75% ferrosilikon og skyldar vörur í verksmiðjunni, og c) selja þessar framleiðsluvörur eins og fyrir er mælt í samningi þessum og umboðssölusamningnum.

3) Um eignarhald, stofnun, rekstur og stjórn Járnblendifélagsins skal fara að íslenskum lögum, heimildarlögunum, samningi þessum og samningum þeim og öðrum skjölum, sem honum eru til fullnustu.

4) Stjórn Járnblendifélagsins skal skipuð sjö mönnum, er hluthafar kjósa hlutfallskosningu á aðalfundi til árs í senn, að tiltölu við hlutafjáreign sína, ásamt jafnmörgum varamönnum.

### 3. gr.
### Fjármögnun.

1) Stofna skal Járnblendifélagið með upphaflegu hlutafé í íslenskum krónum, sem nemur jafnvirði tuttugu og fjögurra milljóna Bandaríkjadala ($ 24 000 000) samkvæmt miðgenginu milli krónu og Bandaríkjadals á þeim degi, er samningur þessi er undirritaður, og skulu gefin út fyrir því hlutabréf í einum flokki með almennum atkvæðisrétti, svo mörg og með því nafnverði eða verðum, sem stofnendur Járnblendifélagsins ákveða sameiginlega. Ríkisstjórnin skal skrifa sig fyrir og greiða að fullu fimmtíu og fimm af hundraði (55%) af hlutabréfunum og Union Carbide skal skrifa sig fyrir og greiða að fullu fjörutíu og fimm af hundraði (45%) af hlutabréfunum, eins og á er kveðið í 2. málsgrein þessarar greinar.

2) Með tæknikunnáttuafsalinu mun Union Carbide framselja til Járnblendifélagsins nauðsynlega tæknikunnáttu varðandi hönnun, verkfræðilega umsjón og rekstur í skiptum fyrir hlutabréf í Járnblendifélaginu, er séu jafnvirði þriggja milljóna og tvö hundruð þúsund Bandaríkjadala ($ 3 200 000) að samanlögðu nafnverði (samkvæmt gengi á útgáfudegi tæknikunnáttuafsalsins). Union Carbide greiðir í krónum fyrir eftirstöðvarnar af 45% hlut sínum í Járnblendifélaginu, og skulu þær krónur vera jafnvirði sjö milljóna og sex hundruð þúsund Bandaríkjadala ($ 7 600 000). Ríkisstjórnin greiðir í krónum fyrir áðurnefndan 55% hlut sinn í Járnblendifélaginu, og skulu þær krónur vera jafnvirði þrettán milljóna og tvö hundruð þúsund Bandaríkjadala ($ 13 200 000). Jafnvirði nefndra fjárhæða í krónum ber að miða við þann dag, sem þær voru yfirfærðar til Járnblendifélagsins, eða gjalddaga kröfunnar um greiðslu þeirra, hvort sem fyrr ber að.

3) Framangreind almenn hlutabréf Járnblendifélagsins skulu vera nafnbréf, skráð og útgefin á nöfn viðkomandi hluthafa, og skulu veita hverjum hluthafa forkaupsrétt í hlutfalli við hlutafjáreign sína að öllum og sérhverjum síðari auknингarhlutum Járnblendifélagsins, hvort sem er af sama eða öðrum flokki eða nafnverði.

4) Að því áskildu, sem mælt er í 5. og 6. málsgrein þessarar greinar, skulu hlutabréf í Járnblendifélaginu eigi framseljanleg án undanfarandi samþykkis allrar stjórnar félagsins, nema hvað framselja má hlutabréf í eigu Union Carbide til dótturfélaga Union Carbide og þeirra á meðal, og úr hendi þeirra til Union Carbide, en þó með því skilyrði, að sérhver framsalshafi afhendi stjórn Járnblendifélagsins skriflegt samþykki sitt við ákvæðum og skilmálum samnings þessa, umboðssölusamningsins og tækniaðstoðarsamningsins, og við því að vera bundinn af þeim, eftir því sem við getur átt.

5) Ef svo fer eftir að meira en fimmtán ár eru liðin frá stofndegi Járnblendifélagsins, að Union Carbide óskar að selja hlutareign sína í Járnblendifélaginu, alla eða að hluta, þar með talin hlutabréf í eigu dótturfélaga Union Carbide, mun ríkis-

stjórnin kaupa hlut þann, sem Union Carbide býður fram, á verði, sem löggiltu endurskoðendafirma, er stofnendurnir verða skriflega ásáttir um, er falið að ákveða. Ríkisstjórnin skal eiga kost á að greiða andvirði hlutarins með jöfnum árlegum afborgunum yfir fimm ára tímabil með þeim vöxtum, sem almennt gilda um venjulega viðskiptavíxla samkvæmt opinberri ákvörðun Seðlabanka Íslands.

6) Ef svo fer eftir að meira en fimmtán ár eru liðin frá stofndegi Járnblendifélagsins, að ríkisstjórnin óskar að selja hlutareign sína í Járnblendifélaginu þriðja aðila, alla eða að hluta, á Union Carbide forkaupsrétt að þeim hlut. Skal Union Carbide í því tilviki hafa níutíu daga frest til að velja um að kaupa þau hlutabréf ríkisins, sem um er að ræða, frá því að Union Carbide fær í hendur skriflega tilkynningu frá ríkisstjórninni þess efnis, að hún hafi áhuga á raunhæfu tilboði í hlutabréfin. Ber að segja greinargóð skil á efni tilboðsins og jafnframt að geta um nafn og heimili tilboðsgjafans. Ef Union Carbide lætur hjá líða að póstleggja til ríkisstjórnarinnar á nefndum níutíu daga fresti tilkynningu um, að Union Carbide neyti forkaupsréttar síns samkvæmt þessu ákvæði, skal ríkisstjórninni frjálst að selja umræddan hluta hlutabréfa sinna hinum umgetna þriðja aðila, og þá einungis með þeim kjörum og skilmálum, sem lýst var í tilkynningu ríkisstjórnarinar til Union Carbide.

7) Óheimilt skal að veðsetja nokkur hlutabréf Járnblendifélagsins án undanfarandi samþykkis allrar stjórnar félagsins. Áritun á þessa leið skal gerð á hvert hlutabréf.

2) It is understood and agreed, however, that for the purposes of this Agreement all actions of the Icelandic State and the various agencies thereof shall be deemed to be within the control of the Government.

**Article 21.**
**Assignment.**

1) This Agreement may not be assigned voluntarily or by operation of law by either party without the prior written consent of the other party given as an amendment of this Agreement under the provisions of Clause 1 of Article 19 of this Agreement.

2) Clause 1 of this Article 21 shall not and shall not be construed to prohibit Union Carbide from assigning this Agreement in whole or in any part or parts at any time or times to any Union Carbide Affiliate; provided that Union Carbide shall first unconditionally undertake to and for the benefit of the Government to use its best efforts to cause the full and faithful performance by any such assignee.

**Article 22.**
**Notices.**

1) Any notice required or permitted to be given herunder shall be in writing, and shall, unless some other mode of giving the notice is accepted by the party to whom it is given, be given by telegram or cable confirmed by registered air

mail letter or by being delivered in person to the party at the address set out in relation thereto:

| | |
|---|---|
| The Government | The Minister of Industry,<br>Arnarhvoll, Reykjavík, Iceland. |
| Union Carbide | Union Carbide Corporation,<br>270 Park Avenue,<br>New York, New York 10017,<br>United States of America.<br>Attention: Secretary. |

2) Each party named above may at any time give notice in writing to the other party named above of a change of address for the purpose of this Article 22.

Article 23.
**Miscellaneous.**

1) The various titles to or captions of the various Parts, Articles and Clauses of this Agreement are for convenience of reference only and shall not affect the construction or interpretation of this Agreement.

IN WITNESS WHEREOF, this Agreement has been signed on behalf of the Government and of Union Carbide as of the date first above written.

THE GOVERNMENT OF ICELAND
Minister of Industry

UNION CARBIDE CORPORATION
Vice President

Fylgiskjal III.

3.12.1974.

**Landsvirkjun:**

**Uppkast að raforkusölusamningi við járnblendiverksmiðju í Hvalfirði.**

Samkvæmt beiðni iðnaðarráðuneytisins sendist hjálagt umsögn verkfræðideildar Landsvirkjunar dags. 19. nóv. 1974 um ofangreint efni.

Samandregið eru niðurstöður þessar:

### 1. Rafmagnsafhending.

Helstu atriði í þessum kafla samningsdraganna er skilgreining á því, hversu mikið Landsvirkjun ber að láta af hendi af rafmagni á tryggðum og ótryggðum grundvelli. Enn fremur eru í þessum kafla ákvæði um afhendingarstað og ýmis tæknileg atriði, svo sem um afhendingarspennu, -straum og fleira.

Helstu niðurstöður verkfræðideildar um þennan kafla eru þessar:

Orkuafhendingarkvöðin er innan þeirra marka, sem hæfileg geta talist og er þá tekið tillit til þess að fullnægjandi svigrúm sé til aukinnar orkusölu til annarra innlendra aðila fram yfir það sem nú er áætlað. Vísast í þessu sambandi í töflu 2, í greinargerðinni.

Hvað viðvíkur áðurnefndum tæknilegum atriðum í sambandi við afhendingu á spennu, -straums o. fl., eru þessi atriði rædd í umsögn verkfræðideildar. Þar er talið, að samningsdrögin gefi fullnægjandi tryggingu fyrir því, að rekstur verksmiðjunnar hafi ekki aukna áhættu í för með sér fyrir rekstur rafkerfis Landsvirkjunar.

### 2. Mæling á afhentu rafmagni.

Þessi kafli fjallar eingöngu um tæknileg atriði, svo sem hvernig rafmagnssalan til verksmiðjunnar skuli mæld o. fl. Að dómi verkfræðideildar virðast ákvæði þessa kafla vera sjálfsögð og eðlileg.

### 3. Rafmagnsverð og greiðsluskilmálar.

Aðalatriði í þessum kafla er raforkuverðið. Tafla 3, í umsögn verkfræðideildar sýnir raforkuverðið eins og það nú er sett fram í samningsdrögunum. Um þetta atriði kemst verkfræðideild að eftirfarandi niðurstöðu:

a) Verðið, sem nú er sett fram, er verulega hærra en það, sem fram var sett í samningsdrögum frá því í febrúar s. l. Þetta er nauðsynlegt m. a. vegna þess, að nú liggur fyrir, að verksmiðjan muni ekki taka til starfa fyrr en í lok árs 1977, en áður var reiknað með að hún mundi taka til starfa fyrir mitt ár 1976. Þannig tapar Landsvirkjun næstum 1½ árs sölu til verksmiðjunnar samanborið við fyrri áætlanir. Þá kemur einnig til hækkaður stofnkostnaður virkjana og ennfremur hækkaður fjármagnskostnaður. Það verð, sem nú er sett fram, er þó hlutfallslega betra en áður.

b) Ef reiknað er með, að allar forsendur útreikninga standist, kemur í ljós, að Landsvirkjun fær um 700 milljón krónur meira að núgildi í sinn hlut yfir samningstímabilið, ef gengið er til samninga við járnblendiverksmiðjuna samanborið við það að selja eingöngu á núverandi markað, og er í því dæmi reiknað með 9.5% vöxtum af því fé, sem til virkjunarframkvæmda gengur. Hér kemur svo til viðbótar, að eignir Landsvirkjunar verða meiri með samningnum um sem svarar 220 kV háspennulínu frá Reykjavík að járnblendiverksmiðjunni í Hvalfirði. Þar sem verksmiðjan tekur ekki nema hluta af flutningsgetu þessarar línu, mun hún nýtast að öðru leyti til orkuflutnings til almennings á Vestur-

landi og til orkuflutnings norður, þegar tenging við Norðurland er orðin að veruleika.

c) Samningsdrögin við verksmiðjuna hafa verðhækkunarákvæði sem er þannig, að rafmagnsverð til verksmiðjunnar skal hækka á fjögurra ára fresti í takt við verðhækkanir, sem verða kunna á rafmagni ríkisrafveitnanna í Noregi til orkufreks iðnaðar. Þetta atriði er talið hagstætt fyrir Landsvirkjun, með tilliti til þess hversu lágt þetta verð er í dag. Þá er einnig þess að geta, að samningsdrögin gera ráð fyrir að hægt sé að krefjast endurskoðunar á samningnum, ef óeðlilega hallar á annan hvorn aðilann.

d) Kauptrygging verksmiðjunnar samsvarar um 81% af því raforkumagni, sem samið er um að hún muni fá afhent að meðaltali yfir samningstímabilið. Þetta er viðunandi, og benda má á, að mestar líkur eru til þess að verksmiðjan kaupi alla umsamda orku vegna þess að arðsemi þess fyrirtækis hraðminnkar með minnkuðum orkukaupum.

e) Þá er þess að geta, að verksmiðjan tryggir kaup á 25% af umsömdum lágmarkskaupum á raforku enda þótt kaupandi verði að loka starfsemi bræðslunnar um tíma vegna óviðráðanlegra orsaka (Force Majeure). Þetta er hagstæðara en í samningunum við Ísal, en þar er gert ráð fyrir að álverksmiðjan sé laus allra skuldbindinga á raforku í slíku tilviki.

## Almennt.

Þessi kafli fjallar um eftirfarandi atriði:

16. gr. Rétt kaupanda til notkunar rafmagns.
17. — Viðgerðir og viðhald.
18. — Neyðarástand.
19. — Ábyrgð.
20. — Óviðráðanleg öfl (Force Majeure).
21. — Samningstími.
22. — Lög þau, sem fara skal eftir og deilumál.
23. — Breytingar á samningi.
24. — Framsal réttinda og skuldbindinga.
25. — Tungumál.
26. — Ákvæði í aðalsamningi.

Öll þessi atriði eru að mestu lögfræðilegs eðlis og er ekki um þau fjallað af verkfræðideild nema að mjög takmörkuðu leyti.

Um kaflann Óviðráðanleg öfl (Force Majeure) er bent á þá staðreynd, að þurrkar og ísar eru þar upp taldir sem óviðráðanleg öfl, og virðist verkfræðideild það vera til hagsbóta fyrir Landsvirkjun, þar sem skilgreining á þessum atriðum hlýtur þá að vera að mestu undir Landsvirkjun komið.

Ég hef tekið þátt í samningsumleitun Union Carbide Corp. og viðræðunefndar um orkufrekan iðnað um uppkastið að raforkusölusamningnum og hefi ég með hliðsjón af umsögn verkfræðideildar mælt með því við stjórn Landsvirkjunar, að gengið verði til samninga við járnblendiverksmiðjuna í samræmi við uppkastið.

Stjórn Landsvirkjunar hefur nú um nokkurt skeið haft mál þetta til athugunar, og á fundi sínum 21. nóvember s. l. var samþykkt, að ríkisstjórninni yrði tilkynnt, að afstaða stjórnar Landsvirkjunar til umrædds uppkasts væri jákvæð og að uppkastið væri viðunandi samningsgrundvöllur. Hins vegar taldi stjórn Landsvirkjunar rétt að fresta formlegri afgreiðslu málsins þar til endanleg afstaða ríkisstjórnarinnar lægi fyrir.

Virðingarfyllst,

**E. Briem,**
framkvæmdastjóri.

LANDSVIRKJUN

19.11.1974.

Til: Framkvæmdastjóra.

Frá: Verkfræðideild.

Varðar: Uppkast að raforkusölusamningi við málmblendiverksmiðju í Hvalfirði.

Verkfræðideild hefur að undanförnu verið að athuga ýmis atriði varðandi orkusölu til væntanlegrar málmblendiverksmiðju í Hvalfirði.

Nú liggur fyrir uppkast að raforkusölusamningi við þetta fyrirtæki og fer hér á eftir umsögn verkfræðideildar um það.

Raforkusölusamningurinn skiptist í fjóra þætti og er hér valið að taka hvern þátt fyrir sig til umsagnar í sömu röð og þeir hafa verið settir í samningsuppkastið.

Meginþættir samningsins eru þessir:

1. Rafmagnsafhending.
2. Mæling á afhentu rafmagni.
3. Rafmagnsverð og greiðsluskilmálar.
4. Almennt.

## I. Rafmagnsafhending.

Helstu atriði í þessum kafla samningsdraganna er skilgreining á því, hversu mikið Landsvirkjun ber að láta af hendi af rafmagni á tryggðum og ótryggðum grundvelli og sýnt er hér í töflu 1.

**Tafla 1.**

| Afl | Tryggður grundvöllur | Ótryggður grundvöllur | Samtals |
|---|---|---|---|
| Meðaltal á klst. ..... | 31 MW | 37 MW | 68 MW |
| Augnabliksgildi ..... | 35 MW | 41 MW | 76 MW |
| Orka á almanaksári ..... | 244 GWst. | 306 GWst. | 550 GWst. |

Orkan á ótryggða grundvellinum á að afhendast þannig, að á engu einstöku ári má orkuafhending fara niður fyrir 153 GWh eða 50% af því hámarki (306 GWh/ári), sem verksmiðjan getur tekið af slíkri orku. Ennfremur er tiltekið að afgangsorkusalan megi ekki á neinu samfelldu fjögurra ára tímabili fara niður fyrir 734 GWh, sem jafngildi árlegu meðaltali um 60% af áðurnefndu hámarki og að síðustu er tekið fram, að orkuafhendingin fari ekki niður fyrir 80% að meðaltali yfir samningstímabilið, sem er 20 ár.

Um þessa skilmála má segja það, að þeir eru innan þeirra marka, sem Landsvirkjunarkerfið með Sigöldu getur annað, þó að miðað sé við að öll forgangsorka sé seld í kerfinu. Þetta á þó ekki við um 50% trygginguna í einstöku ári, en á því eru 5% líkur samkvæmt útreikningum, að ekki sé hægt að standa við hana, ef miðað er við fullnýtt kerfi. Hér kemur hinsvegar á móti, að meirihluta tímans er einhver óseld forgangsorka til í kerfinu, og má líta á slíka orku sem afgangsorku. Einnig eru þurrkar og ísar taldir til óviðráðanlegra afla og er Landsvirkjun í slíku tilfelli heimilt að skerða forgangsorkusöluna líka.

Það er látið hjá líða, að skilgreina þurrk og ísa í samningsdrögum þessum og verður það að teljast Landsvirkjun í hag, þar sem að með því móti virðist Landsvirkjun hafa skilgreiningu þessa töluvert mikið á eigin hendi. Af framansögðu er því ljóst, að óhætt virðist vera fyrir Landsvirkjun að gera ofangreindan samning um afgangsorkusöluna, hvað öryggi afhendingarinnar snertir.

Þegar litið er á orkuafhendinguna í heild vaknar sú spurning, hvort Landsvirkjun muni hafa nægilegt svigrúm til þess að selja öðrum aðilum, og er þá sér-

staklega átt við innlenda aðila, rafmagn á markað, sem ekki hefur verið gert ráð fyrir í orkuspám Landsvirkjunar. Til þess að athuga þetta hefur tafla 2 hér á eftir verið gerð. Taflan skýrir sig sjálf, en augljóst er af henni, að svigrúm til þess að anna töluverðum viðbótarmarkaði er fyrir hendi fram að þeim tíma, sem Hrauneyjafossvirkjun gæti verið fullbúin, en nú er óhætt að reikna með því að það gæti orðið á árinu 1979. Þá er þess að geta, að komi virkjun norðanlands, t. d. við Kröflu, sem annað getur þeim markaði, sem þar er, eykst að sama skapi orkusölugeta Landsvirkjunar til annarra. Þannig yrði svipað svigrúm fyrir orkusölu til annarra fyrir hendi, þó virkjun við Hrauneyjafoss dragist upp undir ár frá því sem sýnt er í töflu 2. Einnig er rétt að taka fram, að aðrir virkjunarmöguleikar en við Hrauneyjafoss geta komið til greina í þessu sambandi, t. d. virkjun við Sultartanga eða jarðgufuvirkjun á orkuveitusvæði Landsvirkjunar.

Heildarniðurstaða um orkuafhendingarkafla samningsdraganna er því sú að dómi verkfræðideildar, að orkuafhendingarkvöðin sé innan marka, sem hæfileg getur talist.

**Tafla 2.**

| | | Orka GWh í stöð | | | | Afl MW í stöð | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Skýringar | | 1977 | 1978 | 1979 | 1980 | 1977 | 1978 | 1979 | 1980 |
| Almenningsmarkaður | | 760 | 807 | 858 | 912 | 152 | 161 | 171 | 182 |
| Viðbótarhúshitun | | 75 | 112 | 150 | 187 | 19 | 28 | 37 | 47 |
| ÍSAL + Áburður | | 1 470 | 1 470 | 1 470 | 1 470 | 170 | 170 | 170 | 170 |
| Málmblendiverksmiðja | | 40 | 261 | 261 | 261 | 73 | 73 | 73 | 73 |
| **ÞÖRF Í STÖÐ ALLS** | | **2 345** | **2 650** | **2 739** | **2 830** | **414** | **432** | **451** | **472** |
| GETA: Núverandi kerfi + Sigalda[1]) | | 2 900 | 2 900 | 2 900 | 2 900 | 534 | 534 | 534 | 534 |
| Hrauneyjafoss getur verið fullbúinn á árinu 1979 ef þörf krefur | | | | 500 | 900 | | | 140 | 210 |
| **GETA ALLS** | | **2 900** | **2 900** | **3 400** | **3 800** | **534** | **534** | **674** | **744** |
| **ÓNOTAÐ** | I | **555** | **250** | **661** | **970** | **120** | **102** | **223** | **272** |
| Orkuþörf ef ÍSAL er stækkað um 20 MW | | 90 | 90 | 90 | 90 | 11 | 11 | 11 | 11 |
| **ÓNOTAÐ[2])** | II | **465** | **160** | **571** | **880** | **109** | **91** | **212** | **261** |
| NORÐURLAND áætluð hámarksorkuþörf | | 237 | 273 | 313 | 358 | 52 | 61 | 71 | 81 |
| Eigin geta í vatns- og jarðgufustöðvum | | 195 | 195 | 195 | 195 | 28 | 28 | 28 | 28 |
| **ALLS ÞÖRF NORÐUR** | | **42** | **82** | **118** | **163** | **24** | **33** | **43** | **53** |
| **ÓNOTAÐ[3])** | III | **423** | **78** | **453** | **717** | **85** | **58** | **169** | **208** |
| Varmaorkuver á Norðurlandi | | | | | | 22 | 22 | 22 | 22 |
| **ÓNOTAÐ AFL** | | | | | | **107** | **80** | **191** | **230** |

1) 54 MW í varmaorku innifalin.
2) Ef Norðurland verður ekki tengt við Landsvirkjunarkerfið.
3) Ef Norðurland verður tengt við Landsvirkjunarkerfið.

**Athugasemd:** Nú er í undirbúningi jarðgufuvirkjun norðanlands, en það svigrúm til aukinnar orkusölu, sem hún skapar, er ekki með í þessari töflu.

## II. Mæling á afhentu rafmagni.

Þessi kafli samningsins fjallar um það, hvernig rafmagnssalan til verksmiðjunnar skuli mæld. Hvernig mælar skuli prófaðir og hvernig raforkuverð skuli leiðrétt, ef upp kæmist um skakkar mælingar á raforkunotkun. Verkfræðideild, að höfðu samráði við rekstrardeld, sér ekki neitt athugavert við þennan kafla.

## III. Rafmagnsverð og greiðsluskilmálar.

Samningsdrögin gera ráð fyrir því verði á raforku, sem tilgreint er í töflu 3.

**Tafla 3.**

| | Forgangs-orkuverð Bandarísk mill/kWh | Afgangs-orkuverð Bandarísk mill/kWh | Meðalverð Bandarísk mill/kWh |
|---|---|---|---|
| Frá afhendingardegi rafmagns til loka annars starfsárs bræðslunnar | 9.5 | 0.5 | 5.0 |
| Á þriðja og fjórða starfsári bræðslunnar | 10.0 | 1.4 | 5.7 |
| Á fimmta og sjötta starfsári bræðslunnar | 10.0 | 1.9 | 5.9 |
| Á sjöunda og áttunda starfsári bræðslunnar | 10.0 | 2.4 | 6.2 |

Þetta verð er verulega hærra en talað var um í vor og talið fullnægjandi þá. Ein helsta ástæða þess, að verðið á raforkunni til málmblendiverksmiðjunnar verður að vera hærra nú, en gert var ráð fyrir í vor, er sú, að nú liggur fyrir, að verksmiðjan muni taka til starfa hálfu öðru ári seinna eða í lok árs 1977 í stað miðs árs 1976 áður. Þetta veldur hálfs annars árs sölutapi til verksmiðjunnar, en allar líkur eru á því, að 1. vél í Sigöldu geti verið komin í gagnið á árinu 1976 og sala til verksmiðjunnar hefði því getað hafist á miðju því ári hvað viðvíkur orkusölugetu Landsvirkjunar. Þá er þess einnig að geta, að byggingarkostnaður Sigöldu ásamt háspennulínubyggingum er áætlaður hærri nú en áður, og síðast en ekki síst, er nú reiknað með hærri vöxtum á lánum en áður. Þetta orkuverð, sem sýnt er í töflu 3 er þó hlutfallslega betra en það sem fram var sett í vor, kemur þar einnig til, að nú hefur hlutfallinu milli afgangsorku og forgangsorku verið breytt til hagræðis fyrir Landsvirkjun.

Verkfræðideild hefur gert ýmsa útreikninga á því, hvernig útkoma fyrirtækisins verður miðað við þau orkuverð, sem sett eru fram í töflu 3 og eru niðurstöður þeirra greindar hér á eftir.

Hægt er að skilgreina lágmarksverð, sem krafist er í lögum um Landsvirkjun þannig, að það sé það verð, sem setja verður á orku til ákveðins notanda til þess að orkusala til hans borgi einungis kostnaðinn við fjárfestingarflýtinguna í orkukerfi Landsvirkjunar, sem orsakast af þeim aukna markaði sem notandinn skapar. Ef samið væri um slíkt orkuverð, mundi Landsvirkjun hvorki græða né tapa á orkusölunni, en þá væri ekkert svigrúm til þess að mæta hugsanlegum neikvæðum áhrifum af breytingum á grunnforsendum, sem inn í dæmið ganga. Verkfræðideild hefur reiknað lágmarksverð til málmblendiverksmiðjunnar út á þennan hátt með þeim áætlunum um stofnkostnað virkjana við Sigöldu og Hrauneyjafoss ásamt tilheyrandi háspennuvirkjum, sem nú liggja fyrir. Niðurstöður þessa útreiknings er sýndur á línuriti 1 hér fyrir aftan. Eins og sjá má á línuritinu, er lágmarksverðið nokkuð langt fyrir neðan það verð, sem gert er ráð fyrir í samningsdrögum þeim sem hér eru til umræðu.

Þá hefur verkfræðideild reiknað út svokallað kostnaðarverð á raforku frá Sigöldu og Hrauneyjafossi. Sé reiknað með 40 ára annuitet og 9.1% reiknivöxtum og jafnframt gert ráð fyrir því, að rekstrarkostnaðurinn sé 0.5% og vextir á byggingartíma 12% af stofnkostnaði, kemur út verðið 9.4 mills/kWh á forgangsork-


LANDSVIRKJUN
THE NATIONAL POWER COMPANY, ICELAND
T. Á. P
M.
H. Y. 5.
Nr
LÍNURIT 1
19. nóv. 1974 / J.M.M. E.B.E.
ATHUGUN Á VERÐLAGNINGU RAFORKU TIL MÁLMBLENDIVERKSMIÐJU.
LÁGMARKSVERÐ
Ath.
1) Sigalda m.línu til Búrfells kosta 66,5 M.$. Án vaxta á byggingartíma.
2) Hrauneyjafoss kostar 64,0 M.$. án vaxta á byggingartíma.
3) Lína Hrauneyjafoss - Reykjavík kostar 12,0 M.$.
4) Lína Reykjavík - Hvalfjörður kostar 4 M.$.
5) Flýta verður byggingu Hrauneyjafoss um 2,7 ár vegna sölu til málmblendiverksmiðjunnar.
6) Kostnaðarverð afgangsorku er sett 0,5 mill/kWh.
7) Flýtingarkostnaður af Hrauneyjafossi og næstu virkjun þar á eftir skal vera að fullu greiddur árið 1991.
Forgangsorkusala 244 GWh/ár
Afgangsorkusala 244 GWh/ár að meðaltali
US MILLS
6.0
5.0
4.0
MEÐALVERÐ
8%
9%
10%
11%
12%
VEXTIR

unni. Í samningsdrögunum eins og þau liggja fyrir þýðir þetta kostnaðarverð sem jafngildir 4.95 mills/kWh, ef gert er ráð fyrir, að kostnaðarverð afgangsorkunnar sé 0.5 mills/kWh. Ef þetta verð er borið saman við verðin í töflu 3, sést að einnig þetta verð er fyrir neðan þau sem þar eru sýnd, þó munar ekki miklu fyrstu tvö starfsár verksmiðjunnar.

Verkfræðideild hefur reiknað afkomu Landsvirkjunar með og án samnings við málmblendiverksmiðjuna með verðum þeim, sem tilgreind eru í töflu 3. Ef gert ráð fyrir, að verðhækkunarákvæði í samningsuppkastinu vegi upp á móti hugsanlegum verðhækkunum á stofnkostnaði Hrauneyjafossvirkjunar, þá kemur í ljós, að Landsvirkjun fær um 700 milljón kr. meira í sinn hlut að núgildi 1974 með samningnum, reiknað yfir samningstímabilið samanborið við það hvað Landsvirkjun fengi ef eingöngu væri selt til almennings og er þá reiknað með 9.5% vöxtum. Auk þess er rétt að taka fram, að eignir Landsvirkjunar í dæminu með samningnum eru meiri sem svarar háspennulínu frá Reykjavík upp í Hvalfjörð.

Þar sem forsendur, sem verkfræðideild hefur gefið sér við útreikningana geta breyst, hafa verið gerðar ýmsar athuganir, þar sem forsendum hefur verið breytt í óhagstæða átt fyrir Landsvirkjun. Í því sambandi má nefna, að núverandi samningsdrög gera ráð fyrir, að verksmiðjan tryggi kaup sem svarar því lágmarki, sem Landsvirkjun tryggir á hverju einstöku ári (sjá kaflann um raforkuafhendingu). Ef dæmið er reiknað í gegn með því að verksmiðjan kaupi aldrei meira magn en það, sem hún tryggir kaup á, er ennþá gróði af raforkusölunni, sem nemur um 300 milljón kr. að núgildi (9.5% vextir) 1974 reiknað yfir samningstímabilið. Þar að auki kemur svo háspennulínan upp í Hvalfjörð.

Verðbólga hefur áhrif á útkomu dæmisins og hefur verkfræðideild reynt að gera sér grein fyrir því atriði líka. Benda má á, að fyrstu fjögur starfsár verksmiðjunnar fær hún raforkuna á verði sem er fast samkvæmt samningnum. Því höfum við gert athugun á því, hvernig dæmið liti út, ef tilkostnaður Landsvirkjunar og orkuverð til almennings hækkaði í takt við mismunandi mikla verðbólgu í dollurum fram að þeim tíma (árið 1982) sem verðhækkunarákvæðin í samningsdrögunum eiga að taka gildi, en síðan gert ráð fyrir, að verðhækkunarákvæðin héldu í horfinu við verðbólguna.

Niðurstaðan af þessari athugun er sú, að enda þótt verðbólgan í dollurum væri 10% á ári, þá væri ennþá 300 milljón kr. gróði að núgildi 1974 (9.5% vextir) ef samið yrði við verksmiðjuna. En tæki verksmiðjan aldrei nema það magn, sem hún tryggir kaup á, en slíkt verður að teljast mjög óraunhæft, yrði um smávægilegt tap að ræða ef verðbólgan væri 10%.

Í öllum útreikningum um hagkvæmni samningsins, sem hér hafa verið ræddir hefur allsstaðar verið gert ráð fyrir því, að Hrauneyjafossvirkjun kosti það sama og Sigalda eins og sýnt er á línuriti 1. Þetta verður að teljast varlegt miðað við þær upplýsingar, sem fyrir liggja hjá ráðunautum Landsvirkjunar. Þegar á heildina er litið, er það skoðun verkfræðideildar að verð þau sem sýnd eru í töflu 3, séu viðunandi og allgott svigrúm fyrir hendi til þess að mæta ófyrirséðum breytingum á grunnforsendum hagkvæmni-útreikninga.

Um verðhækkunarákvæðið eins og það er nú sett fram í samningnum er þetta að segja. Tvennt hefur breyst frá því í vor. Í fyrsta lagi hefur viðmiðunarverðið hækkað frá 1.2 x meðalverð í Noregi í júlí 1972 upp í 1.25 x meðalverðið. Þetta hefur áhrif til lækkunar fyrir Landsvirkjun, en tekið skal fram að þetta jafngildir sem næst því, að samið sé um að verðhækkanirnar verði miðaðar við hækkanir á rafmagni í Noregi eins og þær eru nú orðnar. Í öðru lagi hefur komið inn í samninginn ákvæði um, að meðalverð þau sem sýnd eru í töflu 3 verði aldrei hærri hverju sinni, en meðalverð norsku ríkisrafveitnanna til orkufreks iðnaðar í samningum gerðum eftir 1962. Miðað er við uppspennt forgangs rafmagns með viðeigandi álagi vegna flutningskostnaðar. Verkfræðideild hefur gert athuganir á því, hvort þetta þakákvæði gæti verið hættulegt fyrir Landsvirkjun. Það er ein af

| LANDSVIRKJUN<br>THE NATIONAL POWER COMPANY, ICELAND | ORKUVERÐ<br>SKV. SAMNINGSUPPKASTI EFTIR FUND I<br>11. OG 12. NÓV. 1974. |
|---|---|
| T. 14.11.'74, J.St. M. ——— | |
| H. Y. 5. Nr | |

LÍNURIT 2

Forsendur:

Norsk vísitala 137 1972, 149 1973, 181 1974, síðan 5% hækkun á ári.

Norskt meðalorkuverð á forgangsorku:

Samningar gerðir fyrir 1972: 4,6 mill/kWh 1972, hækkun á 5 ára fresti um 60% af vísitöluhækkun.

Samningar gerðir eftir 1972: 8,9 mill/kWh 1975, hækkun árlega um 60% af vísitöluhækkun.

Blöndun samninga: 1975 - 1977 95% gamlir og 5% nýir samningar.
1978 - 1980 90% " " 10% " "
1981 - 1983 85% " " 15% " "
1984 og síðan 80% " " 20% " "



þeim athugunum sem gerðar hafa verið og sýnd er á línuriti 2. Línuritið gerir ráð fyrir 5% árlegri verðbólgu á rafmagni í Noregi og að eitthvað komi inn af nýjum samningum. Eins og sést á línuritinu, skiptir þakákvæðið ekki máli af því að verðhækkanir Landsvirkjunar samkvæmt samningsuppkastinu koma ekki til með að rekast upp undir áðurnefnt þak. Enn meiri verðbólga en sýnd er á línuritinu gefur sömu niðurstöður. Ef hinsvegar einhverra hluta vegna áðurnefnt meðalverð í Noregi kemur ekki til með að hækka frá því sem nú er, en slíkt verður að teljast afar ólíklegt, er tryggt að aldrei verður greitt minna fyrir raforkuna en sýnt er í töflu 3 samkvæmt niðurlagsákvæði 11. gr. (3) í kaflanum um rafmagnsverðið.

Um verðhækkunarákvæðið í heild má segja, að vandfundinn sé raunhæfur grundvöllur sem í hvívetna mundi verða sanngjarn bæði gagnvart seljanda og kaupanda orkunnar. Það er ekki hægt að segja, að gagnvart Landsvirkjun sé verðhækkunarákvæðið óhagstætt sérstaklega þegar þess er gætt hversu hið norska viðmiðunarverð er lágt. Ennfremur er rétt að benda á að samkvæmt 21. gr. (2) í almenna kaflanum er hægt að krefjast endurskoðunar á samningnum ef óeðlilega hallar á annan hvorn aðilann.

Í kaflanum um rafmagnsverð og greiðsluskilmála er tekið fram, að málmblendiverksmiðjan þurfi ekki að tryggja kaup á meiru en 25% af því rafmagni sem hún getur ekki notfært sér af óviðráðanlegum öflum (Force Majeure). Þetta virðist hagstæðara en í Ísal samningnum, en þar er gert ráð fyrir, að álverksmiðjan sé laus allra kaupskuldbindinga á raforku í slíku tilviki.

## IV. Almennt.

Þessi kafli fjallar um þessi atriði:

16. gr. Rétt kaupanda til notkunar rafmagns.
17. — Viðgerðir og viðhald.
18. — Neyðarástand.
19. — Ábyrgð.
20. — Óviðráðanleg öfl (Force Majeure).
21. — Samningstími.
22. — Lög þau sem fara skal eftir og deilumál.
23. — Breytingar á samningi.
24. — Framsal réttinda og skuldbindinga.
25. — Tungumál.
26. — Ákvæði í aðalsamningi.

Öll þessi atriði eru að mestu lögfræðilegs eðlis og sér verkfræðideild ekki ástæðu til að fjalla sérstaklega um þau.

Að lokum skal tekið fram, að enn er ekki fullljóst hvaða tæknileg áhrif tíðni og spennisveiflur vegna álagsbreytinga hjá verksmiðjunni kunna að hafa á rekstur rafkerfis Landsvirkjunar. Landsvirkjun hefur leitað álits á þessu atriði hjá Elektricitetsforsyningens Forskningsinstitutt (EFI) í Þrándheimi, en það álit hefur ekki borist enn.

Í kaflanum um Rafmagnsafhendingu í samningsdrögunum er tekið fram, að kaupanda sé skylt innan hæfilegra kostnaðarmarka að setja upp hjá sér viðunandi búnað til þess að draga úr tíðni og spennusveiflum vegna álagsbreytinga. Hér er það, sem kallað er hæfileg kostnaðarmörk ekki skilgreint og virðist augljóst, að deilur kunni að rísa út af þessu máli. Á þessu stigi getur verkfræðideild ekki fyrir sitt leyti skilgreint það sem kalla mætti hæfileg kostnaðarmörk, en hugsanlegt er, að það yrði hægt þegar ofangreint álit hefur borist. Í þessu sambandi skal þó tekið fram, að í Almenna kafla samningsdraganna, 19. gr., sem fjallar um ábyrgð, er sleginn varnagli í þágu Landsvirkjunar um ofangreint atriði, sem að öðru jöfnu ætti að duga til þess að verksmiðjan geti ekki verið rekin þannig, að tíðni og

spennusveiflur sem hún orsakar gætu haft í för með sér áhættu fyrir rekstur mannvirkja Landsvirkjunar eða afhendingu hennar á rafmagni til annarra notenda.

Að lokum skal á það bent, að síðustu athuganir á núverandi kerfi Landsvirkjunar benda til þess að þörf kunni að vera á framleiðslu launafls á Faxaflóasvæðinu. Hár fasvikstuðull (cos fi) nýrra notenda er því þýðingarmikill, en ekki getur talist raunhæft að krefjast hærri stuðuls en 0.9 eins og uppkastið gerir ráð fyrir og er það sama gildi og samið var um við Ísal. Til samanburðar má geta þess, að krafan í Husnes-álverinu í Noregi er 0.86.

## Ed. 276. Frumvarp til laga [150. mál]

um breyting á útvarpslögum, nr. 19 1971.

Flm.: Helgi F. Seljan.

1. gr.

Við 15. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Einnig skal ráðherra heimilt að ákveða, að tekið skuli tillit til þess við innheimtu afnotagjalda hljóðvarps og sjónvarps, ef útsendingar til einstakra landshluta eða byggðarlaga eru ófullkomnar eða gæði þeirra ekki sambærileg við það sem eðlilegt má teljast.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Vitað er, að mjög víða býr fólk við alls ófullnægjandi skilyrði til að njóta útsendinga íslenska sjónvarpsins og sums staðar heyrist illa í hljóðvarpi enn þá.

Á svæði Gagnheiðarstöðvarinnar mun ástandið hvað verst. Þar hafa fallið út fleiri og færri dagar ár hvert og móttökuskilyrði sjónvarps víða afleit.

Austfirðingar hafa ætíð greitt fullt gjald fyrir þessa meingölluðu þjónustu.

Í vetur hefur keyrt um þverbak. Á Reyðarfirði mun sjónvarp t. d. hafa sést 5—6 daga á tímabilinu frá 10. des.—10. jan., þ. e. svo að eitthvert lag væri á.

Afleiðingar þessa eru þær, að nú hyggjast menn þar og víðar á Austurlandi neita að greiða afnotagjald á næsta gjalddaga. Svör frá forráðamönnum sjónvarpsins hafa verið á þá lund, að nánast hefur verið fullyrt, að menn gætu sjálfum sér um kennt að hafa yfirleitt keypt sér sjónvarpstæki þar eystra.

Vegna þessara atburða og svara þykir rétt, að ráðherra fái heimild til þess að taka af skarið, ef honum þykir einsýnt að veita verði afslátt af afnotagjaldi vegna óhæfra skilyrða.

Til þessa skortir skýra lagaheimild og því er lagafrumvarp þetta flutt.

Greinar frv. er óþarft að skýra frekar.

## Nd. 277. Nefndarálit [7. mál]

um frv. til laga um Framkvæmdasjóð Suðurnesja.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og sendi það til umsagnar Samtaka sveitarfélaga í Reykjanesumdæmi, Samstarfsnefndar sveitarfélaga á Suðurnesjum og Fram-

kvæmdastofnunar ríkisins. Umsögn barst aðeins frá Framkvæmdastofnuninni, sem leggst gegn frumvarpinu.

Nefndin treystir sér ekki til að mæla með frumvarpinu, en telur eftir atvikum rétt að leggja til að því verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Fjarverandi afgreiðslu málsins var Gylfi Þ. Gíslason.

Alþingi, 6. febr. 1975.

| | | |
|---|---|---|
| Ólafur G. Einarsson, form., frsm. | Lárus Jónsson, fundaskr. | Lúðvík Jósepsson. |
| Þórarinn Þórarinsson. | Ey. Kon. Jónsson. | Tómas Árnason. |

## Ed. 278. Frumvarp til laga [51. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Lagt fyrir Alþingi á 96. löggjafarþingi, 1974—75.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Bang, Birgit, afgreiðslustúlka á Sauðárkróki, f. í Danmörku 13. maí 1936.
2. Bang, Edda Marianne, gæslustúlka á Sauðárkróki, f. á Íslandi 4. júní 1950.
3. Bang, Inge Vibeke, húsmóðir á Sauðárkróki, f. á Íslandi 26. september 1939.
4. Behrens, Peter Otto Heinrich, tamningamaður á Stokkseyri, f. í Þýskalandi 6. september 1937.
5. Didriksen, Odd, menntaskólakennari í Kópavogi, f. í Noregi 16. ágúst 1927.
6. Gook, Irene Florence, húsmóðir á Akureyri, f. í Englandi 11. ágúst 1909.
7. Hansen, Matthías Páll, sjómaður á Akureyri, f. á Íslandi 8. desember 1950.
8. Hentze, Amy Evarda, húsmóðir á Skagaströnd, f. í Færeyjum 5. febrúar 1939.
9. Jacobsen, Inger (f. Mauniche), bókari á Selfossi, f. í Danmörku 9. september 1923.
10. Karcher, Heinrich, trúboði í Hafnarfirði, f. í Þýskalandi 28. september 1929.
11. Karcher, Katherine Noomi (f. Schröeder), trúboði í Hafnarfirði, f. í Bandaríkjunum 20. febrúar 1923.
12. Lindtveit, Olav Einar, nemandi í Hafnarfirði, f. í Noregi 16. júlí 1956.
13. Nielsen, Esther Helene, húsmóðir í Borgarfirði eystra, f. í Færeyjum 4. janúar 1933.
14. Olesen, Halldór Friðrik, vélstjóri í Kópavogi, f. á Íslandi 8. júlí 1945.
15. Pedersen, Poul Heine, gluggahreinsunarmaður í Reykjavík, f. í Danmörku 18. júní 1937.
16. Rasmussen, Arne Juul, matsveinn í Grundarfirði, f. í Danmörku 9. júlí 1948.
17. Sand, Ólavur Edvinsson, sjómaður í Þorlákshöfn, f. í Færeyjum 17. september 1934.
18. Sander, Antonie Marta Carola, hjúkrunarkona í Reykjavík, f. í Þýskalandi 1. febrúar 1935.
19. Seidl, Renate Monika, skjalaþýðandi í Reykjavík, f. í Þýskalandi 25. júlí 1941.
20. Skýlindal, Páll, símvirki í Reykjavík, f. í Færeyjum 17. september 1929.

2. gr.

Nú fær maður, sem heitir erlendu nafni, íslenskt ríkisfang með lögum, og skal hann þá taka sér íslenskt fornafn. Börn hans skulu taka sér íslensk nöfn samkvæmt lögum um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Umsækjendur þeir, sem teknir hafa verið á lagafrumvarp þetta, fullnægja allir skilyrðum, sem sett hafa verið af allsherjarnefndum beggja þingdeilda, sbr. nefndarálit á þskj. nr. 889 á 94. löggjafarþingi 7. maí 1974.

## Ed. 279. Frumvarp til laga [152. mál]

um breyting á lögum nr. 8 1972, um tekjustofna sveitarfélaga.

Flm.: Geir Gunnarsson.

1. gr.

26. gr. laganna orðist svo:

Útsvar skv. 25. gr. hjá hjónum og einstæðum foreldrum, sem hafa fyrir heimili að sjá, skal lækka um 19 000 kr. og útsvar einstaklinga um 13 500 kr. Fyrir hvert barn innan 16 ára, sem gjaldandi hefur á framfæri sínu, skal lækka útsvar hans um 2 700 kr. Hafi gjaldandi fleiri en 3 börn innan 16 ára aldurs á framfæri sínu skal enn fremur lækka útsvar hans um 5 400 kr. fyrir hvert barn umfram þrjú.

Fella skal niður útsvör, sem eru 3 000 kr. og lægri.

Útsvar skal lagt á í heilum hundruðum króna, þannig að lægri fjárhæðum en 100 kr. skal sleppt.

Skylt er að hækka eða lækka persónufrádrætti samkvæmt þessari grein í samræmi við breytingar á skattvísitölu frá því sem hún er ákveðin í fjárlögum fyrir árið 1975.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu útsvara á árinu 1975.

Greinargerð.

Í lögum um tekjustofna sveitarfélaga er persónufrádráttur við álagningu útsvara fastbundinn að krónutölu. Útsvör, sem eru ákveðinn hluti af tekjum næstliðins árs, skal lækka um 7 000 kr. hjá hjónum og einstæðum foreldrum, sem hafa fyrir heimili að sjá, og útsvör einhleypinga um 5 000 kr. Fyrir hvert barn, sem gjaldandi hefur á framfæri sínu, skal lækka útsvar hans um 1 000 kr. Hafi gjaldandi fleiri en 3 börn innan 16 ára aldurs á framfæri sínu skal enn fremur lækka útsvar hans um 2 000 kr. fyrir hvert barn umfram þrjú.

Núgildandi lög um útsvarsálagningu giltu fyrst við álagningu árið 1972. Þrátt fyrir að meðalbrúttótekjur einstaklinga hafi hækkað um nálægt 170% samanlagt á árunum 1972, 1973 og 1974 gilda enn sömu krónutölur persónufrádráttar við útsvarsálagningu. Gildi persónufrádráttar til jöfnunar milli gjaldenda vegna mismunandi framfærslubyrðar hefur því rýrnað verulega að því er varðar útsvarsálagningu.

Laun munu almennt hafa hækkað um 37% á árinu 1973, en heildarupphæð álagðra útsvara í landinu hækkaði á árinu 1974 um 47%. Gera má ráð fyrir, að brúttótekjur til útsvarsálagningar á þessu ári (tekjur 1974) nemi um 88 000 millj. kr. og hækki um 31 000 millj. kr. á einu ári, en lækkun útsvara vegna persónuafsláttar nam í fyrra um 600 millj. kr. Sú upphæð mun haldast nánast óbreytt á þessu ári, ef ekki kemur til breyting á ákvæðum laga. Á sama tíma má gera ráð fyrir að heildarupphæð útsvara aukist um a. m. k. 3 000 millj. kr.

Sérstök aukning útsvara af völdum hækkunar á krónutölu launa verður gjaldendum sérlega þungbær nú, þegar verðbætur á laun eru stöðvaðar, kaupmáttur

launa fer dagminnkandi vegna verðhækkana og veruleg hætta er á að samdráttur í atvinnulífi valdi lækkun krónutölu tekna á gjaldárinu. Er því með frumvarpi þessu lagt til að persónufrádráttur við útsvarsálagningu verði aukinn svo, að miðað við breytingar á krónutölu launa s. l. 3 ár verði hann jafngildur og þegar lögin voru sett. Jafnframt er lagt til, að persónufrádrættir við álagningu útsvara verði eftirleiðis háðar breytingum á skattvísitölu.

## Ed. 280. Frumvarp til laga [153. mál]

um menntunarleyfi launþega.

Flm.: Jón Baldvin Hannibalsson, Benedikt Gröndal.

1. gr.

Sérhver launþegi á til þess rétt að fá á hverjum tveimur árum tveggja vikna leyfi á fullum launum til náms að eigin vali.

2. gr.

Sérhver launþegi, sem unnið hefur á sama stað s. l. sex mánuði, eða a. m. k. 12 mánuði á s. l. tveimur árum, á rétt til leyfis frá störfum til náms. Sé um að ræða námskeið, er launþegi vill sækja á vegum stéttarsamtaka sinna og miðar að aukinni þekkingu hans á málefnum vinnumarkaðarins, eða nám er ætla megi að geri hann hæfari til að gegna starfi sínu, falla þó fyrrgreindar takmarkanir niður.

3. gr.

Við tímasetningu og lengd leyfis skal taka sanngjarnt tillit til óska launþega og að ekki valdi verulegri truflun á rekstri fyrirtækis vinnuveitanda.

4. gr.

Óski vinnuveitandi að fresta umbeðnu leyfi launþega, skal hann tilkynna það þegar í stað. Fresti hann byrjun menntunarleyfis lengur en 6 mánuði frá því honum barst beiðni launþega, verður hann að leita samþykkis viðkomandi stéttarfélags og færa fram ástæður sínar. Ef umbeðið leyfi er aðeins til 40 stunda eða skemur, eða ef umbeðið námskeið er um verkalýðsfræðslu á vegum stéttarsamtaka, verður vinnuveitandi að fá samþykki stéttarfélags launþega, ef frestunin er lengri en um tvær vikur. Ef menntunarleyfi hefur verið frestað af vinnuveitanda í meira en tvö ár, án samþykkis launþega, má fara með málið fyrir félagsdóm.

5. gr.

Launþegar er taka menntunarleyfi skv. öðrum greinum laga þessara en 1. gr., skulu ekki missa annarra fríðinda, sem af atvinnu þeirra leiðir, en þeir mundu venjulega gera við fjarvistir frá vinnu.

6. gr.

Samningsaðilar vinnumarkaðarins geta sett um menntunarleyfi nánari reglur innan ramma laga þessara.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1976.

Greinargerð.

Á síðustu tveimur ársþingum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar — ILO — urðu miklar umræður um menntunarleyfi launþega á launum og var þar gerð samþykkt og tilmæli til stjórnvalda varðandi það efni.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir um þetta mál, gerir ráð fyrir tvenns konar rétti launþega til að auka við menntun sína og nám.

Annars vegar að á tveggja ára fresti eigi launþegi rétt til hálfs mánaðar náms án þess að missa nokkurs í launum; hins vegar eigi hann rétt til náms launalaust, en án þess að missa rétt til fríðinda er atvinnu fylgja, svo sem sumarleyfis, atvinnuleysisbóta o. s. frv., innan þeirra takmarka er rammalög þessi setja. Ekki er hér gert ráð fyrir hvernig fjármagna skuli slíkt nám, þannig að aðgengilegt verði fyrir sem flesta, enda væntanleg á næstunni löggjöf um símenntun eða fullorðinsnám, er hlýtur að setja reglur um það efni.

Lög, er ganga í svipaða átt, hafa ýmist verið samþykkt eða liggja fyrir löggjafarþingum ýmissa landa Vestur-Evrópu. Hvergi er þó þörfin á föstum reglum um þetta efni viðlíka og hér, þar sem langur vinnudagur hindrar fólk í að nýta möguleika á kvöldskólum og jafnvel helganámskeiðum. Vinnutap og mögulegur missir starfs eru fólki fjötur um fót að hagnýta sér þau tilboð, sem þó eru fram boðin um námskeið, er geti aukið þekkingu þeirra og starfshæfni, víkkað sjóndeildarhringinn og gert það hæfari og betri þjóðfélagsþegna.

Hér er því um sjálfsagt réttlætismál að ræða og áfanga að því marki, að nám sé ekki sérstök forréttindi ungs fólks, er ekki hefur enn haslað sér völl á vinnumarkaðinum.

## Sþ. 281. Nefndarálit [57. mál]

um stækkun Áburðarverksmiðju ríkisins.

Frá atvinnumálanefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna á fundum sínum og höfðu umsagnir um málið borist frá Búnaðarfélagi Íslands og Stéttarsambandi bænda. Báðir aðilar mæla með samþykkt tillögunar.

Nefndin mælir með því, að tillagan verði samþykkt.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Sverrir Hermannsson og Jón Baldvin Hannibalsson.

Alþingi, 10. febr. 1975.

Páll Pétursson, form., frsm. Jón G. Sólnes, fundaskr. Steingr. Hermannsson.
Guðm. H. Garðarsson. Gils Guðmundsson.

## Nd. 282. Nefndarálit [21. mál]

um frv. til laga um trúfélög.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt. Kjartan Ólafsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 11. febr. 1975.

Ellert B. Schram, form., frsm. Ólafur Þ. Þórðarson. Sighv. Björgvinsson.
Friðjón Þórðarson. Ingólfur Jónsson. Páll Pétursson.

**Sþ.** **283. Tillaga til þingsályktunar** [154. mál]

um umhverfismál.

Flm.: Heimir Hannesson, Jón Baldvin Hannibalsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta semja hið fyrsta heildarlöggjöf um umhverfismál.

Greinargerð.

Tillaga þessi var áður flutt á haustþinginu 1973 og fylgdi henni þá eftirfarandi greinargerð:

Alkunna er, að hugmyndir manna, bæði um nánasta umhverfi sitt í byggð, svo og um náttúruvernd, hafa breyst mikið, jafnt hér á landi sem erlendis. Er mönnum að verða æ ljósari sú staðreynd, að beita þarf öllum tiltækum ráðum til að forða frá mengun og náttúruspjöllum. Kemur sá skilningur fram nú þegar í íslenskum lögum og þá einkum lögum um náttúruvernd og lögum um olíumengun í sjó, svo og í heilbrigðislöggjöfinni.

Sú þróun er enn fremur hröð, þó að til þessa hafi hennar e. t. v. ekki gætt í jafnríkum mæli hér sem víða í nágrannaríkjum okkar, að ekki þarf síður að hafa öflugar gætur á umhverfisvernd í byggð — hinu næsta umhverfi mannsins mestan hluta ársins, jafnt við heimili og vinnustaði. Því miður hefur þessum málum ekki verið almennt sinnt sem skyldi. Það er skoðun flutningsmanna, að hugtakið fagurt land beri ekki eingöngu að skoða í ljósi hinnar sjálfsögðu varðveislu náttúruverðmæta, heldur líka í varðveislu og sköpun fagurs umhverfis jafnt í þéttbýli sem dreifbýli. Flutningsmenn telja t. d., að of algengt sé, að við byggingarframkvæmdir hér á landi sé ekki nægilega hirt um sjálfsögð umhverfissjónarmið, eins og frágang lóða, málun húsa og almenna snyrtilega umgengni. Eins sé það of algengt, að bæjar- og sveitarfélög láti undir höfuð leggjast að fylgja eftir ákvæðum byggingarsamþykkta um ýmiss konar frágang, er snertir umhverfismál. Með nýrri heildarlöggjöf um umhverfismál þurfi að ýta undir og örva áhuga og viðleitni opinberra aðila og einkaaðila að láta umhverfissjónarmið, sem oft geta verið í formi listrænnar tjáningar, koma fram við hönnun og alla framkvæmd ýmissa verklegra framkvæmda, m. a. í byggingarframkvæmdum. Á þetta sérstaklega við skipulagningu nýrra hverfa, opinberar byggingar, söfn o. fl., auk fjölmargra annarra atriða.

Flutningsmenn þessarar þingsályktunartillögu vilja leggja sérstaka áherslu á nauðsyn þess, að löggjafarvaldið flýti fyrir þessari jákvæðu þróun með lagasetningu, sem sameinaði þá löggjöf, sem þegar er fyrir hendi, og þau sjónarmið, sem hér er lýst. Á þann hátt væri komið til móts við vaxandi áhuga landsmanna á umhverfisvernd í byggð jafnt sem utan byggðar og um leið studd vaxandi viðleitni ýmissa áhugamannafélaga um þessi mál, m. a. náttúruverndarfélaga og fegrunarfélaga. Slík lagasetning yrði að stefnumörkun til nátengd þeirri stefnu, er þegar kemur fram í náttúruverndarlögunum, en næði mun lengra. Sjálfsagt er að kanna löggjöf Norðurlandaþjóðanna um þessi efni.

Telja flutningsmenn aldrei of oft á það minnt, að landsmenn allir ættu með sameiginlegu átaki að varðveita og fegra þá náttúruperlu, sem Ísland er, og á mörgum sviðum þurfi aðeins lítið átak, til að miklar breytingar verði. Jafnframt verði menn að hafa í huga, að Ísland er fyrst og fremst matvælaframleiðsluland, þar sem sýna verður fullkomið hreinlæti og góða umgengni úti sem inni — jafnt í hinum daglegu störfum í byggð sem í samskiptum við náttúruna. Flutningsmenn telja þó, að árangurs sé ekki að vænta með valdboðum, heldur miklu frekar lagasetningu, er styddi að því, sem að framan er sagt, á margvíslegan hátt í samvinnu hins opinbera aðila við alla þá, sem þessi viðtæku mál skipta, og með þeim reynt að styrkja það

almenningsálit og þá umgengnishætti, er fegruðu landið. Hér er áreiðanlega þörf á stóraukinni fræðslustarfsemi í skólum og í fjölmiðlum. Núverandi löggjöf er ekki fullnægjandi sem heildarlöggjöf í þessu sambandi, og ný löggjöf þyrfti að marka hin nýju viðhorf, er rutt hafa sér til rúms á síðustu árum — að lífsgæðin væru ekki síst í því fólgin að njóta ánægjulegra samskipta við umhverfið, hvort sem það er á vinnustað, við heimilin eða í ferðalögum um landið.

## Nd. 284. Frumvarp til laga [155. mál]

um Ríkisforlag.

Flm.: Jón Baldvin Hannibalsson, Magnús T. Ólafsson.

1. gr.

Komið skal á fót stofnun er nefnist Ríkisforlagið.

2. gr.

Hlutverk Ríkisforlagsins er að hafa yfirsýn yfir útgáfu allra rita, gagna, bóka, blaða og bæklinga og annars prentaðs máls er fram fer í upplýsingaskyni á vegum ríkisins og stofnana þess og hafa til sölu og dreifingar á einum stað og að annast sjálft útgáfu rita á vegum ráðuneyta og ríkisstofnana, eftir því sem starfssvið og starfshættir stofnunarinnar verða nánar ákvarðaðir í reglugerð. Ríkisforlagið skal hafa náið samstarf og samráð við Ríkisprentsmiðjuna Gutenberg og jafnan leitast við að ná hagstæðustu samningum um prentun og útgáfu rita sinna. Ríkisforlagið skal og leita samráðs við landssamtök um upplag þeirra rita, svo sem laga og reglugerða, er sérstaklega varða málefni meðlima þeirra.

3. gr.

Við stofnun Ríkisforlagsins skal hagnýta starfskrafta þeirra, er þegar vinna við útgáfustörf á vegum ríkisins og stofnana þess, þannig að fyllsta vinnuhagræðing náist og sparnaðar sé gætt.

4. gr.

Ríkisforlagið heyrir undir félagsmálaráðuneytið. Laun starfsfólks þess skulu ákveðin skv. kjarasamningum opinberra starfsmanna.

5. gr.

Jafnan skal verðleggja útgefin rit Ríkisforlagsins sem næst kostnaðarverði. Einstökum ráðherrum er þó heimilt að veita undanþágu frá þessari reglu, ef um er að ræða opinber skjöl, sem varða þykja hagsmuni svo mikils fjölda þegnanna, að þeim beri að dreifa ókeypis.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Allir þeir, sem afskipti hafa af opinberum málum, munu fyrr eða síðar hafa orðið þess varir hve handahófskennd virðist útgáfa hvers konar opinberra skjala. Þau liggja á víð og dreif um höfuðborgina, upplög eru oft af svo skornum skammti, að nær ógerningur getur reynst að fá eintök af þýðingarmiklum lögum, er allan almenning varða, skömmu eftir setningu þeirra, engin regla virðist gilda um endurprentun laga og verða þau ófáanleg árum og áratugum saman, ef löggjafinn hefur

ekki við þeim hróflað. Fjöldi manna í hinum margvíslegustu stofnunum er að fást við útgáfu og dreifingu á skjölum, ritum, bókum og tímaritum án nokkurrar heildaryfirsýnar eða markaðrar stefnu með þessari útgáfu. Birgðir safnast upp innan einstakra stofnana, og þess munu jafnvel dæmi að þær týnist og gleymist um árabil. Engar reglur virðast til um endurnýjun nauðsynlegra gagna og raunar ærið handahófskennt mat á því hvað skuli gefið út, hvenær og hvernig. Mál þetta hefur því snertiflöt við almenna upplýsingaskyldu stjórnvalda, þar eð ákvarðanir — eða skortur á þeim — í þessu efni hljóta að ráða miklu um, hvað kemur fyrir almenningssjónir og hvað ekki.

Allar þessar ástæður gera það knýjandi, að útgáfu og dreifingu gagna hins opinbera sé komið á einn stað.

Það skal tekið fram, að ekki er gert ráð fyrir að skólabókaútgáfa á vegum ríkisins (Ríkisútgáfa námsbóka) og almenn bókaútgáfa (Bókaútgáfa Menningarsjóðs) eða sérfræðileg útgáfa (eins og t. d. handritaútgáfa Stofnunar Árna Magnússonar) falli undir ákvæði þessara laga.

Að öðru leyti skal nánar kveðið á um starfssvið stofnunarinnar í reglugerð, sbr. 4. gr.

Ef sæmilega er á málum haldið við stofnun þessa forlags hlýtur það og að leiða til mikils sparnaðar og vinnuhagræðingar frá því, sem nú er, a. m. k. er að því augljóst hagræði, að með þessu fengist í fyrsta sinn yfirlit yfir það fé, sem ráðuneyti og hvers kyns opinberar stofnanir verja til þessarar starfsemi og hversu gagnlega og skynsamlega því fé er varið.

## Nd. 285. Frumvarp til laga [156. mál]

um breyting á lögum nr. 80 11. júní 1938, um stéttarfélög og vinnudeilur.

Flm.: Jón Baldvin Hannibalsson, Benedikt Gröndal.

1. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Á hverri vinnustöð, þar sem a. m. k. 5 menn vinna, skulu starfsmenn hafa til þess rétt og skyldu að kjósa úr sínum hópi einn trúnaðarmann fyrir hverja 30 starfsmenn, tvo fyrir hverja 60 o. s. frv. Trúnaðarmann skal kjósa árlega og er heimilt að endurkjósa hann allt að fimm sinnum. Nýr trúnaðarmaður skal þó kjörinn til tveggja ára.

Nú starfa við sama fyrirtæki starfshópar, er tilheyra mismunandi stéttarfélögum. Skal þá hverjum starfshópi heimilt að kjósa sér trúnaðarmann, en þó skulu allir starfsmenn sameiginlega kjósa einn aðaltrúnaðarmann.

Trúnaðarmaður skal gæta þess að gerðir vinnusamningar séu haldnir af atvinnurekanda og fulltrúum hans, og réttur verkafólks skv. lögum í hvívetna virtur, sérstaklega lög og reglugerðir um vinnuvernd, orlof, öryggiseftirlit og hollustuhætti.

Trúnaðarmanni skal jafnan heimilt að sinna þeim umkvörtunum, er fram kunna að koma, í vinnutíma og einskis missa í launum þess vegna. Einnig skal trúnaðarmanni heimilt að kalla til fundar á vinnustað með samstarfsmönnum sínum og honum látin í té sú aðstaða sem til þess er nauðsynleg. Samningsaðilar á vinnumarkaði setja um þetta nánari reglur.

Sjálfstæð vinnustöð telst í þessu sambandi sérhvert atvinnufyrirtæki, þar sem hópur manna vinnur undir stjórn sérstaks verkstjóra eða flokksstjóra, svo sem verksmiðjur, fiskverkunarstöðvar, skipaafgreiðslur, skip, bifreiðastöðvar o. fl.

Verði ágreiningur milli stéttarfélaga um, hvert þeirra skuli skipa trúnaðarmann, úrskurðar Alþýðusamband Íslands ágreininginn.

2. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

**Samningsréttur og samningsskylda:**

1. Þar sem samningar eru í gildi, skal vinnustöðvun ekki beitt til að knýja fram lausn ágreiningsmála.
   Komi til ágreinings um skilning samningsákvæða eða krafna, sem byggðar eru á samningsákvæðum, skal málið úrskurðað af Félagsdómi, svo fremi aðilar hafi ekki náð samkomulagi skv. 2.—4. lið hér á eftir.
2. Ágreining milli fyrirtækis og starfsfólks þess skal fyrst reyna að leysa með samningum milli fyrirtækis og trúnaðarmanns eða trúnaðarmanna. Á slíkum fundum skal færa fundargerð, sem í sé skráð ágreiningsefni, sameiginlegar niðurstöður eða stutt skilgreining afstöðu hvors aðila, ef lausn fæst ekki. Fundargerðir skulu kynntar báðum málsaðilum.
3. Náist ekki samkomulag eftir lið 2, geta báðir samningsaðilar, eða heildarsamtök þeirra, komið sér saman um að halda áfram samkomulagsumleitunum, eftir að ábyrgur fulltrúi frá hvorum samtökum hefur verið til kvaddur.
   Heildarsamtökunum eða aðildarfélögum þeirra er óheimilt að setja sig í beint samband við meðlimi hins aðilans varðandi kjaramál og vinnutilhögun án samráðs og samþykkis hans.
4. Náist ekki samkomulag við samningsumleitanir skv. lið 2 og 3, eða ef slíkar samkomulagsumleitanir eiga sér ekki stað, eða um er að ræða ágreining milli samtakanna, er hvor aðili um sig skyldur til að taka ágreininginn upp í viðkomandi félagi eða sambandi, eða í Alþýðusambandi Íslands og Vinnuveitendasambandi Íslands eða þeim aðildarsamtökum þeirra, sem þau vísa til.
5. Samningafund skal halda í síðasta lagi 8 dögum eftir að annar hvor aðilinn hefur sett fram skriflega kröfu þar um.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Síðan núgildandi vinnulöggjöf var sett — lögin um stéttarfélög og vinnudeilur 1938 — eru nú senn liðin 37 ár. Samt sem áður hefur lítið sem ekkert verið hróflað við þessum lögum og hafa þó ekki í annan tíma gerst stórfelldari þjóðfélagsbreytingar í landi voru og jafnframt gerbylting í viðhorfum manna til þessara mála.

Hér er þó ekki farið út í allsherjarendurskoðun þessarar löggjafar — sem ekki væri þó vanþörf á — heldur aðeins gerð tillaga um breytingu á tveimur greinum, er varða stöðu trúnaðarmannsins á vinnustað.

Til þess, að þessi kostur er valinn, liggja þær ástæður er nú skal greina:

Á síðustu árum hefur kröfum um vaxandi lýðræðislega hlutdeild fólksins í efnahags- og atvinnulífi sífellt vaxið ásmegin. Hér á háttvirtu Alþingi hafa komið fram ýmsar tillögur um atvinnulýðræði — einhvers konar hlutdeild verkafólks í stjórn fyrirtækjanna — misjafnlega ítarlegar og vel úr garði gerðar. En allar góðar dyggðir byrja heima og svo er einnig með lýðræðið.

Í næstu nágrannalöndum okkar er kerfi trúnaðarmanna á vinnustað sú beinagrind, sem ber verkalýðshreyfinguna uppi. Það er í senn skóli og uppeldismiðstöð hreyfingarinnar. Þar hljóta oftast fyrstu þjálfun sína þeir, er seinna rísa til áhrifa og forustu í hreyfingunni. Hér hefur þetta kerfi ekki skotið jafnföstum rótum í þjóðlífinu, og verða orsakir til þess ekki raktar hér, en geta má sér til, að ein ástæðan sé þau óeðlilegu afskipti, sem núverandi löggjöf veitir vinnuveitandanum um val trúnaðarmanns. Það ákvæði hefur jafnan verið ögrun, en má nú telja hreina móðgun við verkalýðshreyfinguna. Starf trúnaðarmannsins er mikilvægt. Einungis með góðu

trúnaðarmannakerfi er unnt að virkja fjöldann í verkalýðshreyfingunni og tryggja, að almennir félagsmenn hafi eðlileg áhrif á gang mála sinna, og með því forðast að fámennir hópar dragi til sín of mikil völd og áhrif um stefnumótun hreyfingarinnar.

Virkt trúnaðarmannakerfi hlýtur líka að vera sjálfsagður undanfari kröfunnar um atvinnulýðræði. Þar þjálfast menn í meðferð vandamála á vinnustað, og þar byggist upp vísir til þeirra lýðræðislegu vinnubragða, sem síðan er sjálfsagt að færa út til stjórnunarhlutdeildar í fyrirtækjunum. Fullyrða má, að sú tiltölulega góða reynsla, sem fengist hefur af framkvæmd atvinnulýðræðis á Norðurlöndum, hefði verið óhugsandi án þeirrar lýðræðislegu hefðar, sem vel virkt kerfi trúnaðarmanna á vinnustað hefur skapað.

Kröfum manna til vinnustaðarins hefur fleygt fram á síðustu árum, ekki hvað síst varðandi öryggi og hollustuhætti á vinnustað, og hafa þessar kröfur endurspeglast í löggjöf um þessi efni. Opinbert heilbrigðis- og öryggiseftirlit hrekkur þó skammt til að leysa þann vanda, sem við er að etja. Einungis árvekni verkafólksins sjálfs gefur viðhlítandi árangur. Eykur þetta enn á mikilvægi stöðu trúnaðarmanns á vinnustað og gerir það nauðsynlegt, að eigi sé aðeins heimilt, heldur og skylt að hafa trúnaðarmann á hverjum vinnustað, og verður þá að telja allt annað óeðlilegt en að verkafólkið kjósi hann **sjálft úr sínum hópi.**

10. gr. núgildandi laga er allt of almenns eðlis og lauslega orðuð. Þótti því rétt að setja nánari reglur um meðferð kvörtunarefna og deilumála, svo að þau týnist ekki milli Heródesar og Pílatusar, þar sem einn vísar af sér á annan. Hefur við samningu þeirrar greinar verið seilst til fanga til þeirra reglna, er norska Alþýðusambandið og Vinnuveitendasambandið hafa orðið ásátt um í samskiptareglum sínum.

Við samningu 9. gr. hefur hins vegar verið höfð hliðsjón af niðurstöðum fræðsluhóps MFA, er nýlega fjallaði um þessi mál (sbr. tímaritið Vinnan, 4. tbl. 1974). Má því fullyrða, að í frumvarpi þessu endurspeglist sú umræða, er nú fer fram innan verkalýðshreyfingarinnar um trúnaðarmanninn á vinnustað, stöðu hans og starf.

## Ed. 286. Frumvarp til laga [157. mál]

um Hitaveitu Siglufjarðar.

Flm.: Hannes Baldvinsson.

1. gr.

Ríkissjóður Íslands og Siglufjarðarkaupstaður skulu setja á stofn hitaveitufyrirtæki, er nefnist Hitaveita Siglufjarðar.

Tilgangur fyrirtækisins skal vera að virkja jarðhita í Skútudal eða annars staðar í Siglufirði, ef hagkvæmt þykir, leggja aðveituæð og dreifikerfi um kaupstaðinn og annast sölu á heitu vatni til notenda. Hitaveita Siglufjarðar skal reisa kyndistöð og miðlunargeymi til að tryggja rekstraröryggi og annast frekari boranir eftir heitu vatni, teljist slíkt nauðsynlegt.

Fyrirtækið er sjálfstæður réttaraðili og hefur sjálfstæðan fjárhag og reikningshald.

Heimili þess og varnarþing er í Siglufirði.

2. gr.

Hitaveita Siglufjarðar er sameignarfyrirtæki ríkisins og Siglufjarðarkaupstaðar.
Eignarhluti ríkissjóðs skal vera 40%.
Eignarhluti Siglufjarðarkaupstaðar skal vera 60%.

Sameigendur beri einfalda óskipta ábyrgð á skuldbindingum Hitaveitu Siglufjarðar gagnvart kröfuhöfum. Innbyrðis skiptist ábyrgð samkvæt eignarhlutföll-

um. Verði síðar ákveðið að krefja viðbótarframlags frá eigendum, skulu þeir leggja það fram í samræmi við eignarhlutfall. Eignarhlutföllum verður ekki breytt, og hvorugum sameignaraðila er heimilt að ganga úr fyrirtækinu án samþykkis hins.

3. gr.

Starfsemi Hitaveitu Siglufjarðar skal beinast að öflun heits vatns fyrir bæjarfélagið og rannsókn á jarðhitasvæðum í Siglufirði.

Verkefni Hitaveitu Siglufjarðar skulu nánar tilgreind í reglugerð.

4. gr.

Siglufjarðarkaupstaður skal afhenda Hitaveitu Siglufjarðar öll mannvirki sín í Skútudal, þar á meðal borholur fyrir heitt vatn, veg að virkjunarstað og allar áætlanir og undirbúningsframkvæmdir vegna virkjunar í Skútudal. Náist eigi samkomulag um mat á verðmætum þessum, skal gerðardómur þriggja manna, sem bæjarfógetinn í Siglufirði dómkveður, skera úr. Sama gildir um mannvirki og önnur verðmæti er eignaraðilar afhenda.

5. gr.

Sameignaraðilar að Hitaveitu Siglufjarðar leggja fram stofnframlag, 20 milljónir kr., sem skiptist milli aðila í hlutföllum þeim, er um getur í 2. gr. Í framlagi eignaraðila skulu talin verðmæti þau, sem um ræðir í 4. gr.

6. gr.

Iðnaðarráðherra veitir Hitaveitu Siglufjarðar einkaleyfi til starfrækslu hitaveitu innan bæjarmarka Siglufjarðarkaupstaðar.

7. gr.

Stjórn Hitaveitu Siglufjarðar skal skipuð fimm mönnum. Iðnaðarráðherra og fjármálaráðherra skipa hvor einn fulltrúa í stjórnina og einn til vara. Bæjarstjórn Siglufjarðar skipar þrjá stjórnarmenn og jafnmarga til vara. Stjórnarmenn skulu skipaðir til þriggja ára í senn. Stjórnin skiptir með sér verkum. Undirskrift meiri hluta stjórnar bindur fyrirtækið.

8. gr.

Stjórn Hitaveitu Siglufjarðar hefur á hendi yfirstjórn á framkvæmdum fyrirtækisins og rekstri þess.

Stjórn Hitaveitu Siglufjarðar ræður framkvæmdastjóra, er veitir fyrirtækinu forstöðu. Framkvæmdastjóri skal annast allan daglegan rekstur fyrirtækisins. Skal hann eiga sæti á stjórnarfundum og hafa þar málfrelsi og tillögurétt, en eigi atkvæðisrétt.

Nánari ákvæði um starfssvið stjórnar og framkvæmdastjóra skulu sett í reglugerð.

9. gr.

Aðalfund skal halda fyrir 1. apríl ár hvert. Stjórnin boðar til aðalfundar með dagskrá og með a. m. k. viku fyrirvara. Á aðalfundi eiga sæti bæjarfulltrúar í bæjarstjórn Siglufjarðar og 6 fulltrúar frá ríkissjóði. Fulltrúa ríkissjóðs skipa iðnaðarráðherra og fjármálaráðherra, þrjá hvor.

Á aðalfundi skal fjalla um eftirgreind mál:

1. Skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra.
2. Lagðir skulu fram endurskoðaðir reikningar félagsins.
3. Kosinn skal einn endurskoðandi til eins árs, en fjármálaráðherra skal tilnefna annan.
4. Eignaraðilar skulu tilkynna tilnefningu nýrra manna í stjórn.
5. Önnur mál.

10. gr.

Stjórn Hitaveitu Siglufjarðar setur gjaldskrá um verð á heitu vatni til notenda.

Gætt skal almennra arðsemissjónarmiða við setningu gjaldskrár.

Gjaldskrá öðlast eigi gildi fyrr en hún hefur verið staðfest af iðnaðarráðherra og birt í Stjórnartíðindum.

11. gr.

Heimilt er stjórn Hitaveitu Siglufjarðar að taka lán til þarfa fyrirtækisins og taka ábyrgð á greiðslum og öðrum skuldbindingum í sama skyni. Stjórnin getur ekki skuldbundið eignaraðila að því er varðar greiðsluskuldbindingar og ábyrgð á lánum til framkvæmda og breytinga á mannvirkjum, nema að fengnu samþykki beggja eignaraðila. Þó þarf stjórnin ekki að leita slíks samþykkis, ef samanlagðar skuldbindingar og ábyrgðir, sem gengist er undir á hverju ári, eru minna en 10% af brúttótekjum fyrirtækisins á næstliðnu ári.

12. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að takast á hendur ábyrgð á lánum, er Hitaveita Siglufjarðar tekur til hitaveituframkvæmda, að fjárhæð allt að 200 milljónum kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

Ábyrgðin skal vera með þeim kjörum og skilmálum, er ríkisstjórnin ákveður og tekur hún jafnt til greiðslu afborgana, vaxta og annars kostnaðar.

Ríkisstjórninni er einnig heimilt að taka lán, er kæmi að hluta eða öllu leyti í stað ábyrgðar skv. 1. mgr. Lánið endurlánar hún Hitaveitu Siglufjarðar með þeim kjörum og skilmálum, sem ríkisstjórnin ákveður.

13. gr.

Um skyldu Hitaveitu Siglufjarðar til greiðslu opinberra gjalda til ríkis og sveitarsjóðs fer á sama hátt sem um skyldu sveitarfélaga, er slíkan rekstur hafa með höndum. Hitaveita Siglufjarðar skal undanþegin stimpilgjöldum.

14. gr.

Siglufjarðarkaupstaður skal, án endurgjalds, leggja til lóðir og lóðarréttindi, sem eru í eigu kaupstaðarins og nauðsynlegar eru undir byggingar, miðlunargeymi, aðveituæð og önnur mannvirki, sem reist verða á vegum Hitaveitu Siglufjarðar.

15. gr.

Ráðherra getur heimilað Hitaveitu Siglufjarðar að taka eignarnámi jarðhitaréttindi, vatnsréttindi, lönd, mannvirki og önnur réttindi, sem nauðsynleg eru til framkvæmda samkvæmt lögum þessum. Um framkvæmd eignarnámsins fer eftir lögum nr. 11/1973.

16. gr.

Þegar eftir gildistöku laga þessara skal stjórn fyrirtækisins skipuð og sameignarsamningur gerður milli aðila. Skal hvoru tveggja lokið fyrir 15. apríl 1975.

Iðnaðarráðherra setur reglugerð, þar sem nánar skal kveðið á um framkvæmd þessara laga og starfsemi Hitaveitu Siglufjarðar. Skal stjórn Hitaveitu Siglufjarðar undirbúa reglugerðina í samráði við eignaraðila.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Greinargerð.

Hinn 18. des. s. l. voru samþ. hér á Alþingi lög um Hitaveitu Suðurnesja, en þar er ákveðið, að ríkissjóður og sveitarfélög á Suðurnesjum sameinist um byggingu og rekstur hitaveitu fyrir sveitarfélögin þar. Frumvarp það, sem hér er lagt

fram, er svo til samhljóða lögunum um Hitaveitu Suðurnesja og efnisatriðum í engu breytt, nema þar sem aðrar kringumstæður en lögin miðast við krefjast breytinga.

Í Skútudal í Siglufirði hefur um nokkurt árabil farið fram leit að heitu vatni til notkunar fyrir hitaveitu í kaupstaðnum. Hafa í því skyni verið boraðar nokkrar holur í námunda við heitar lindir, sem þarna eru. Árangur hefur því miður ekki reynst eins góður og vonir stóðu til, en tilraunir hafa þó leitt í ljós, að þarna má, með niðurdráttardælingu, fá um það bil 21 sekúndulítra af 67 gráða heitu vatni og er það vatnsmagn talið duga til upphitunar á ⅔ hlutum bæjarins.

Frumhönnun á hitaveitu fyrir Siglufjörð á grundvelli þessarar niðurstöðu hefur leitt í ljós, að hagkvæmt er talið að virkja þetta vatnsmagn. Er áætlað að leggja lokað kerfi um hluta bæjarins og reisa kyndistöð, sem notar svartolíu og/eða rafmagn til upphitunar á því vatnsmagni, sem á skortir til að fullnægja hitaþörfinni. Bæjarstjórn Siglufjarðar hefur samþ. að ráðast í framkvæmdir á grundvelli þeirra upplýsinga, sem fyrir hendi eru, og er fullnaðarhönnun verksins þegar hafin og stefnt að því að ljúka lagningu hitaveitunnar á árinu 1976.

Með frumvarpi þessu, ef að lögum verður, er gert ráð fyrir, að ríkissjóður verði aðili að framkvæmdum og rekstri á hitaveitu í Siglufirði, á sama hátt og þegar hefur verið ákveðið með lögum um Hitaveitu Suðurnesja.

Áætlað er að leggja fram nokkra fjárupphæð til að staðfesta eignaraðildina, og heimildin í 12. gr. frumvarpsins til að ábyrgjast lántöku eða taka að láni fé til framkvæmda ætti að tryggja, að unnt verði að ljúka verkinu á áætluðum tíma.

## Sþ. 287. Fyrirspurnir. [158. mál]

I. Til heilbrigðismálaráðherra um framkvæmd laga um heilbrigðisþjónustu.

Frá Sigurlaugu Bjarnadóttur.

1. Hvað líður gerð áætlunar þeirrar, sem gert er ráð fyrir í 42. gr. laga nr. 56/1973, um heilbrigðisþjónustu, að heilbrigðisráðuneytið geri í samráði við vegamálastjóra, landhelgisgæslu, flugmálastjóra og landlækni um hvernig best og öruggast verði séð um, að læknar komist frá heilsugæslustöðvum til móttökustaða innan starfssvæðis, svo og um almennt sjúkraflug og neyðarþjónustu?
2. Hefur ráðuneytið leitað samninga við flugfélög um slíkar ferðir eða gerst aðili að rekstri flugvélar eða þyrlu til þessara nota?
3. Hefur ráðuneytið, í samráði við póst- og símamálastjórn, þegar hafið eða undirbúið áætlun um fjarskipta- og símaþjónustu í héruðum landsins, svo að tryggt sé að landsmenn geti náð til læknis án tafar?
4. Hve mikið vantar í dag upp á tilskilinn læknafjölda, samkv. tilvitnuðum lögum, í heilsugæsluumdæmum landsins?

II. Til menntamálaráðherra um Kennaraháskóla Íslands.

Frá Jóni Baldvini Hannibalssyni.

1. Hver er, að mati menntamálaráðuneytisins, árleg kennaraþörf grunnskólans næsta áratug?
2. Hvað er áætlað að Kennaraháskóli Íslands útskrifi marga kennara frá vori 1974 og næstu 4 ár?
3. Hversu margir er ætlað að komi til starfa á grunnskólastigi?

4. Hvað líður störfum nefndar, sem skipuð hefur verið til að endurskoða lög um Kennaraháskóla Íslands frá 16. apríl 1971, nr. 38, 25. gr.? (Þar segir: „Lög þessi skulu endurskoðuð eigi síðar en að tveimur árum liðnum frá gildistöku þeirra.“)
5. Hver er framtíðarstefna yfirstjórnar menntamála að því er varðar kennaramenntun í landinu?

III. Til félagsmálaráðherra um heildarlöggjöf um vinnuvernd.

Frá Jóni Baldvini Hannibalssyni.

Hvað líður samningu heildarlöggjafar þeirrar um vinnuvernd, er fyrrv. félagsmálaráðherra, Björn Jónsson, beitti sér fyrir og hæstv. forsrh. lýsti yfir í stefnuræðu sinni s. l. haust að yrði væntanlega lögð fram á þessu þingi?

IV. Til samgönguráðherra um lagningu vetrarvegar um Breiðadalsheiði og tengingu Djúpvegar við þjóðvegakerfi landsins.

Frá Jóni Baldvini Hannibalssyni.

1. Hvenær má búast við niðurstöðum frá Vegagerð ríkisins um tilhögun framkvæmda og kostnaðaráætlun vegna lagningar vegar um Breiðadalsheiði, er tryggt gæti greiðar samgöngur að vetrarlagi milli byggðarlaga við Djúp og vestan heiðar?
2. Hvað líður rannsókn Vegagerðarinnar á vegarstæði er tengi Djúpveg við alþjóðarvegakerfi landsins?

V. Til menntamálaráðherra um málfrelsi opinberra starfsmanna og ritskoðunarrétt ráðuneyta á rannsóknarniðurstöðum sérfræðinga.

Frá Jóni Baldvini Hannibalssyni.

1. Er fyrirvaralaus brottvikning dr. Braga Jósepssonar úr starfi á vegum menntamálaráðuneytisins yfirlýsing af hálfu ráðherra og ríkisstjórnar um, að framvegis skuli í gildi tilteknar takmarkanir á málfrelsi opinberra starfsmanna, og þá hverjar?
2. Þar sem dr. Braga Jósepssyni er m. a. gefið að sök að hafa dreift skýrslu dr. Arnórs Hannibalssonar um „hjálparkennslu í skyldunámsskólum“ til skólastjóra, ber að skilja það svo, að ráðherra, ráðuneyti og ríkisstjórn áskilji sér framvegis rétt til að ritskoða rannsóknarniðurstöður sérfræðinga, sem taka að sér einstök sérfræðileg verkefni í þágu hins opinbera?

VI. Til fjármálaráðherra um yfirvinnu og aukagreiðslur í opinberum rekstri.

Frá Oddi Ólafssyni.

Hve hárri upphæð námu yfirvinnugreiðslur á árinu 1974:

a) hjá fjármálaráðuneyti og stofnunum þess,
b) hjá menntamálaráðuneyti og stofnunum þess,
c) hjá samgönguráðuneyti og stofnunum þess,
d) hjá iðnaðarráðuneyti og stofnunum þess,
e) hjá heilbrigðis- og tryggingaráðuneyti og stofnunum þess?

Hverjar voru heildaryfirvinnugreiðslur ríkissjóðs á árinu 1973?

**Nd.** **288. Frumvarp til laga** [159. mál]

um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu.

(Lagt fyrir Alþingi á 96. löggjafarþingi, 1974—75.)

1. gr.

Hafi innflytjandi vöru afhent skjöl til tollmeðferðar fyrir 12. febrúar 1975, sem eru að öllu leyti fullnægjandi til þess að hægt sé að tollafgreiða vöruna þegar í stað, sbr. 15., 16., 18. og 19. gr. tollskrárlaga nr. 6/1974, þá skal miða gjöld af henni við það gengi, sem í gildi var, er bankar lokuðu hinn 11. febrúar 1975, en þó því aðeins, að tollafgreiðslu sé lokið fyrir 1. mars 1975.

Tollafgreiða skal vöru, sem afhent hefur verið innflytjanda með leyfi tollyfirvalda gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda, sbr. m. a. 21. gr. tollskrárlaga, á grundvelli gamla gengisins, enda eigi fullnaðartollafgreiðsla sér stað fyrir lok apríl 1975.

2. gr.

Þá er skilað er til banka gjaldeyri fyrir útfluttar sjávarafurðir skal hann greiddur útflytjanda á því kaupgengi, sem í gildi er, þegar skjölin eru afgreidd í banka við gjaldeyrisskil að frádregnum gengismun, sem hér segir:

a) Fyrir afurðir framleiddar fyrir 1. september 1974 skal frádráttur nema 34%.
b) Fyrir afurðir framleiddar á tímabilinu 1. september 1974 til 15. febrúar 1975 skal frádráttur nema 20%. Undanþegnar eru þó afurðir þorskveiða, sem framleiddar eru frá og með 1. janúar 1975.

Ríkisstjórnin kveður nánar á um, til hvaða afurða þetta ákvæði skuli taka og eru ákvarðanir hennar þar að lútandi fullnaðarúrskurðir.

Gengismunur, sem myndast skv. ákvæðum 1. málsgr., skal færður á sérstakan reikning á nafni ríkissjóðs í Seðlabankanum. Fé, sem á reikninginn kemur, skal ráðstafað með sérstökum lögum í þágu sjávarútvegsins og sjóða hans, sbr. þó ákvæði 2. gr. laga nr. 78 frá 30. ágúst 1974 og ákvæði 3. málsgr.

Áður en umræddu fé er ráðstafað skal greiða af því hækkanir á flutningskostnaði og öðrum sambærilegum kostnaði við útflutning vegna þeirra afurða, sem framleiddar hafa verið fyrir 15. febrúar 1975 en fluttar út eftir gengisbreytinguna.

3. gr.

Sjávarútvegsráðuneytinu er heimilt að ákveða hækkun á magngjaldi af útfluttum sjávarafurðum, sem ákveðið var með 5. gr. laga nr. 106 31. desember 1974, í samræmi við gengisbreytinguna og gildir frá og með 12. febrúar 1975 fyrir þær afurðir, sem framleiddar eru frá og með 1. janúar 1975.

4. gr.

Á gengisbreytingarreikning við Seðlabankann, sem stofnaður var skv. 5. gr. laga nr. 69 frá 25. nóvember 1967, skal færa þann gengismun, er verður vegna gengisbreytingarinnar hjá einstökum bönkum á grundvelli gengismunar milli gamla gengisins og þess gengis, er skráð verður, er bankar opna á ný eftir gengisbreytinguna. Við útreikning á þessum gengismun skal taka tillit til allra eigna og skulda viðkomandi banka í erlendum gjaldeyri, þá er hið nýja gengi tekur gildi. Færslur þær, sem af þessum ástæðum þurfa að eiga sér stað milli Seðlabankans og bankanna, skulu jafnast með verðbréfakaupum eða öðrum eignatilfærslum, eftir því sem nánar verður um samið milli þessara aðila. Innstæður og skuldir í krónum á nafni erlendra aðila, sem gengistryggðar eru með sérstökum samningi, þar með taldir skuldareikningar ríkissjóðs gagnvart alþjóðastofnunum, teljast erlendur gjald-

eyrir í þessu sambandi, og sama gildir um gulleign Seðlabankans, sérstök dráttarréttindi og mótvirði þeirra.

Nú hefur bankaábyrgð til handa erlendum aðila verið greidd erlendis, en ekki greidd í íslenskum banka fyrr en eftir að hið nýja gengi tekur gildi og skal hún þá gerð upp á hinu nýja gengi. Ákvæði þetta gildir ekki um gjaldfallnar greiðslufrestsábyrgðir, þegar skjöl hafa verið afhent innflytjanda fyrir gengisbreytinguna. Gengismunur, er til verður vegna ákvæðis þessarar málsgreinar, skal færður á gengisbreytingarreikning, sbr. 1. málsgr.

5. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að setja með reglugerð eða á annan hátt nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 12. febrúar 1975 ákvað Seðlabankinn, að höfðu samráði við ríkisstjórnina 20% lækkun á markaðsgengi krónunnar gagnvart Bandaríkjadollar.

Gengisbreyting þessi er liður í margþættum efnahagsaðgerðum, sem ríkisstjórnin mun beita sér fyrir í því skyni að mæta þeim miklu breytingum til hins verra, sem orðið hafa í ytri skilyrðum þjóðarbúskaparins síðustu mánuði einkum vegna ört versnandi viðskiptakjara og tregari sölu á íslenskum útflutningsafurðum. Vegna gengisbreytingarinnar er nauðsynlegt að setja í lög ákvæði svipuð þeim, sem áður hefur verið gert í sambandi við gengisbreytingar svo sem um tollmeðferð á innflutningi, meðferð gengismunar hjá einstökum bönkum og loks ráðstöfun á gengismun, sem fram kemur vegna birgða útflutningsafurða sjávarútvegsins.

### Um 1. gr.

Í greininni eru settir frestir, svo sem venja hefur verið við fyrri gengisbreytingar. Að öðru leyti gilda almenn ákvæði tollskrárlaga um tollmeðferð skjala, eftir að hið nýja gengi tekur gildi.

### Um 2. gr.

Samkvæmt þessari grein er gert ráð fyrir að taka gengismun af útfluttum sjávarafurðum og leggja í sérstakan sjóð. Eins og oft áður er afkoma hinna ýmsu greina sjávarútvegsins nokkuð misjöfn og getur það verið breytilegt, svo sem reynslan hefur sýnt. Er því ekki óeðlilegt að nota þann gengismun, sem verður við skil gjaldeyris fyrir afurðir, sem framleiddar hafa verið fyrir gengisbreytinguna en ekki greiddar fyrr en eftir hana, í þágu hinna ýmsu greina sjávarútvegsins og sjóða hans til þess á þann hátt að jafna að nokkru mismunandi afkomu. Er gert ráð fyrir sérstöku frv. síðar, þar sem kveðið yrði á um ráðstöfun gengismunar. Við ákvörðun þess gengismunar, sem ákveðið er að greiða skuli er miðað við þá breytingu á gengi íslenskrar krónu, sem ákveðin var 12. febrúar 1975. Hafa verður þó í huga, að enn hafa ekki verið fluttar út allar birgðir sjávarafurða, sem til voru 1. september 1974, er gengislækkun var framkvæmd, en í 2. gr. laga nr. 78 1974 er ákvæði um gengismun af þeim birgðum og ráðstöfun á honum. Það ákvæði heldur gildi sínu þar til allar birgðir hafa verið fluttar út og gjaldeyrisskil gerð. Greiðsluhlutfall af útflutningsverðmæti þessara birgða, samkvæmt a. lið þessarar gr. verður því 34% og skiptist þannig að 20% koma af gengislækkuninni nú en 14% greiðast af birgðum fyrir 1. september 1974. Þeim viðbótarhluta verður ráðstafað með sérstökum lögum ásamt þeim gengismun, 20%, sem kemur af afurðum, sem framleiddar eru eftir 1. september 1974 en ekki greiddar fyrr en eftir 13.

febrúar 1975, svo sem segir í b. lið þessarar greinar. Undanþegnar eru þó þær afurðir þorskveiða, sem framleiddar eru frá og með 1. janúar 1975, þar sem gengisbreytingin og þær ráðstafanir, sem henni fylgja miðast í rauninni við að tryggja grundvöll framleiðslunnar frá upphafi framleiðslutímabilsins, og það fiskverð, sem ákveðið verður fyrir þessar greinar, gildir frá 1. janúar 1975 og byggist á hinu nýja gengi. Því er út frá því gengið, að þessar afurðir verði greiddar með nýja genginu.

Gert er ráð fyrir því, að ríkisstjórnin geti ákveðið til hvaða afurða ákvæðið um gengismun skuli taka. Er þá sérstaklega haft í huga að undanþiggja vissar afurðir, svo sem t. d. niðurlagðar og niðursoðnar sjávarafurðir.

Svo sem segir í þessari grein er gert ráð fyrir, að gengismun verði ráðstafað með sérstökum lögum, sem sett yrðu síðar eftir nánari athugun. Nauðsynlegt þykir þó að tiltaka þegar í þessum lögum, að fé af gengishagnaði skuli varið til að greiða hækkun útflutningskostnaðar, sem verður óhjákvæmilega vegna gengislækkunarinnar og, þar sem útflytjendur fá greitt fyrir gjaldeyrinn miðað við gengið fyrir breytinguna er ekki eðlilegt, að þeir beri þann kostnaðarauka.

Um 3. gr.

Með því að gengisbreytingin miðast í rauninni við að leiðrétta rekstrargrundvöll fiskvinnslunnar frá 1. janúar 1975 og gert er ráð fyrir, að framleiðsla afurða þorskveiðanna frá þeim tíma og fram til þess, að gengisbreytingin var ákveðin, muni verða greidd á hinu nýja gengi, er eðlilegt að breyta því magngjaldi af útfluttum afurðum í þessum flokki, sem ákveðið var eftir gengisbreytinguna 30. ágúst 1974, í samræmi við gengisbreytinguna nú. Því er hér gert ráð fyrir því, að sjávarútvegsráðuneytinu sé heimilað að framkvæma þessa breytingu og taki hún gildi um leið og gengisbreytingin kemur til framkvæmda og nái til þeirra afurða, sem framleiddar eru frá og með 1. janúar 1975.

Um 4. gr.

Ákvæði hliðstæðs efnis er að finna í 5. gr. laga nr. 69 frá 25. nóvember 1967, 5. gr. laga nr. 74 frá 12. nóvember 1968, og 4. gr. laga nr. 97 frá 20. desember 1972, og er hér gert ráð fyrir alveg sömu framkvæmd um meðferð gengismunar við gjaldeyrisbankana þrjá (Seðlabanka, Landsbanka og Útvegsbanka). Þykir þessi háttur eðlilegur, þar sem um verulegt tap verður að ræða hjá gjaldeyrisbönkum í heild.

## Sþ. 289. Fyrirspurn [160. mál]

til menntamálaráðherra um almenningsbókasöfn.

Frá Gils Guðmundssyni.

1. Hvað tefur flutning frumvarps um almenningsbókasöfn?
2. Er þess að vænta að ríkisstjórnin beiti sér fyrir því að slíkt frumvarp verði að lögum á yfirstandandi þingi?

## Ed. 290. Lög [124. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd samþykkt um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, 1972.

(Afgreidd frá Ed. 12. febr.)

Samhljóða þskj. 263 (sbr. 178).

## Nd. 291. Nefndarálit [159. mál]

um frv. til laga um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur rætt frv. á fundi sínum í dag, og var það sameiginlegur fundur fjárhags- og viðskiptanefnda beggja þingdeilda.

Bankastjórar Seðlabankans og forstjóri Þjóðhagsstofnunar mættu á fundinum, svöruðu fyrirspurnum og veittu nefndarmönnum ýmsar upplýsingar.

Nefndarmenn urðu ekki sammála um afgreiðslu málsins.

Meiri hlutinn leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Minni hlutinn skilar sérálitum.

Alþingi, 13. febr. 1975.

Ólafur G. Einarsson, form., frsm. Lárus Jónsson, fundaskr. Ey. Kon. Jónsson.

Tómas Árnason. Þórarinn Þórarinsson.

## Nd. 292. Nefndarálit [159. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingar á gengi íslenskrar krónu.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, er venjulegt fylgifrumvarp með gengislækkun. Það fjallar fyrst og fremst um tæknileg efni í sambandi við nýja skráningu gengisins, en er jafnframt staðfesting gengislækkunarinnar í formi laga.

Alþýðubandalagið er andvígt þeirri gengislækkun, sem ríkisstjórnin nú hefur beitt sér fyrir, og telur hana rangláta og auk þess ekki líklega til að leysa þann vanda sem við er að fást í efnahagsmálum. Fyrir rúmu ári, eða 1. janúar 1974, var kaupgengi ísl. krónu miðað við Bandaríkjadollar skráð kr. 84.50, nú verður skráð kaupgengi miðað við dollar kr. 149.20. Hér er um verðsveiflu að ræða á rúmu ári, sem nemur 76.5%.

Núverandi ríkisstjórn felldi gengið um 17% 2. september á s. l. ári og hafa því liðið aðeins 5 mánuðir og 10 dagar á milli gengislækkunar sem hún ákveður.

Þegar gengið var fellt í septembermánuði var því haldið fram, að með þeirri breytingu væri vandi sjávarútvegsins leystur og að staðan í gjaldeyrismálum ætti að fara batnandi. Um miðjan desembermánuð, þegar fjárlög voru afgreidd, var enn talið, að efnahagsástandið mundi fara batnandi, og tekjur á nýjum fjárlögum miðaðar við það.

Í lok janúarmánaðar tilkynnti ríkisstjórnin að gjaldeyrisvarasjóðurinn væri þurrausinn og hrikalegur vandi væri framundan í málum sjávarútvegsins.

Þannig hafði tvennt gerst á örfáum mánuðum, að ljóst var að gengislækkunin í september hafði engan vanda leyst og að ríkisstjórnin var gjörsamlega ráðvillt og sá ekki einn mánuð fram í tímann.

Ný gengislækkun mun engan vanda leysa. Í kjölfar hennar hækkar verð á öllum innfluttum vörum um 25% — jafnt á brýnustu nauðsynjavörum og lítið þörfum eða algjörlega óþörfum vörum. Telja má alveg víst, miðað við þá reynslu,

sem fengist hefur af gengislækkunum, að almennt hækki allt verðlag í landinu á nokkrum mánuðum um 10—15%. Alþýðubandalagið hefur í allítarlegum tillögum gert grein fyrir því, hvernig það vill bregðast við þeim vanda sem við er að fást í efnahagsmálum. Þær tillögur miðast við það, að tryggð verði full atvinna og full nýting allra framleiðslutækja þjóðarinnar og að kaupmáttur láglauna verði ekki skertur. Þær tillögur miða að því að stöðva óþarfa gjaldeyriseyðslu, rétta hlut sjávarútvegs, m. a. með því að létta ýmsum útgjöldum af framleiðslunni og leggja áherslu á betri nýtingu og sparnað í rekstri, og á verulegan sparnað í rekstrarútgjöldum ríkis og ríkisstofnana.

Þar sem Alþýðubandalagið er andvígt gengislækkun þeirri, sem ríkisstjórnin hefur ákveðið, legg ég til að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 13. febr. 1975.

Lúðvík Jósepsson.

## Nd. 293. Nefndarálit [159. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Þingflokkur Alþýðuflokksins telur, að gengisbreyting sú, sem tilkynnt var um í gær, sé ekki lausn á þeim efnahagsvanda, sem við er að etja.

Ríkisstjórnin hefur ekki mótað neina heildarstefnu, sem tryggi fulla atvinnu til frambúðar, heilbrigðan rekstur atvinnuveganna og taki réttmætt tillit til hagsmuna launastétta og þá sérstaklega láglaunafólks.

Þótt ákvæði þessa frv. séu í sjálfu sér tæknilegs eðlis í framhaldi af ákvörðun um gengisbreytingu, sem búið er að taka, lýsir þingflokkur Alþýðuflokksins andstöðu sinni við stefnu ríkisstjórnarinnar með því að greiða atkvæði gegn frumvarpinu.

Alþingi, 13. febr. 1975.

Gylfi Þ. Gíslason.

## Nd. 294. Breytingartillaga [84. mál]

við frv. til l. um breyt. á útvarpslögum, nr. 19/1971.

Frá Magnúsi Kjartanssyni.

Á eftir 1. málsgr. 1. gr. komi ný setning:

Ekki eru kjörgengir í útvarpsráð ráðnir starfsmenn erlendra eða fjölþjóðlegra stofnana.

## Ed. 295. Nefndarálit [159. mál]

um frv. til laga um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á fundum sínum í dag. Var sameiginlegur fundur með fjárhags- og viðskiptanefnd neðri deildar.

Bankastjórar (2) Seðlabankans og forstjóri Þjóðhagsstofnunar mættu á fundi, svöruðu fyrirspurnum og veittu nefndarmönnum ýmsar upplýsingar.

Nefndarmenn urðu ekki sammála um afgreiðslu málsins.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt, en minni hlutinn skilar sérálitum.

Alþingi, 13. febr. 1975.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm.
Jón Helgason, fundaskr.
Albert Guðmundsson.
Axel Jónsson.

## Ed. 296. Nefndarálit [159. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir til afgreiðslu, er eins konar staðfesting í formi laga á gengisfellingunni, sem nú er komin til framkvæmda.

Þar sem Alþýðubandalagið er andvígt þessari gengisfellingu, legg ég til að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 13. febr. 1975.

Hannes Baldvinsson.

## Ed. 297. Nefndarálit [159. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Þingflokkur Alþýðuflokksins telur, að gengisbreyting sú, sem tilkynnt var um í gær, sé ekki lausn á þeim efnahagsvanda, sem við er að etja.

Ríkisstjórnin hefur ekki mótað neina heildarstefnu, sem tryggi fulla atvinnu til frambúðar, heilbrigðan rekstur atvinnuveganna og taki réttmætt tillit til hagsmuna launastétta og þá sérstaklega láglaunafólks.

Þótt ákvæði þessa frumvarps séu í sjálfu sér tæknilegs eðlis í framhaldi af ákvörðun um gengisbreytingu, sem búið er að taka, lýsir þingflokkur Alþýðuflokksins andstöðu sinni við stefnu ríkisstjórnarinnar með því að greiða atkvæði gegn frumvarpinu.

Alþingi, 13. febr. 1975.

Jón Árm. Héðinsson.

**Ed.** **298. Lög** [159. mál]

um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu.

(Afgreidd frá Ed. 13. febr.)

Samhljóða þskj. 288.

**Sþ.** **299. Tillaga til þingsályktunar** [161. mál]

um breytingu á reglugerð um skipan gjaldeyris- og innflutningsmála o. fl., dags. 27. maí 1960.

Flm.: Jón G. Sólnes.

Alþingi ályktar að fela viðskiptaráðherra að gera breytingar á reglugerð um skipan gjaldeyris- og innflutningsmála o. fl., sem nú er í gildi. Verði breytingin við það miðuð, að öll gjaldeyris- og innflutningsviðskipti verði auðveldari í framkvæmd en nú er, t. d. með því að minnka verulega eyðublaðanotkun, skýrslugerðir og þá umfangsmiklu skriffinsku, sem nú er samfara afgreiðslu slíkra mála. Áhersla verði lögð á það, að ákvæði um vegferð fjármagns að og frá landinu verði gerð mun auðveldari en nú er. Bent er á sem áfanga í þessu máli, að við væntanlegar breytingar á umræddri reglugerð sé við það miðað, að ákvæði um skipan gjaldeyris- og innflutningsmála o. fl. verði hér á landi með svipuðum hætti og gerist í nágrannalöndum okkar, t. d. í Danmörku. Stefnt verði að því, að væntanlegar breytingar á fyrrgreindri reglugerð taki gildi hið allra fyrsta og eigi síðar en 1. júlí 1975.

Greinargerð.

Þegar núgildandi reglugerð um skipan gjaldeyris- og innflutningsmála o. fl. var gefin út hinn 27. maí 1960, var stórt spor stigið í þá átt að gera öll mál varðandi gjaldeyris-, innflutnings- og fjárfestingarmál auðveldari í framkvæmd en verið hafði. Þjóðin hafði um áratugi búið við margs konar kerfi hafta og takmarkana í sambandi við þessi mál, sem á margvíslegan hátt hafði beinlínis verið dragbítur á alla athafnasemi, framkvæmdamöguleika og fjármagnssköpun einstaklinga og fyrirtækja og um leið eðlilegs hagvaxtar þjóðarinnar í heild. Tilkoma fyrrgreindrar reglugerðar var því vissulega mikil úrbót á því vandræðaástandi, sem ríkt hafði í þessum málum til þess tíma, að hún tók gildi.

Á þeim hálfum öðrum áratug, sem liðinn er frá því, að fyrrgreind reglugerð var gefin út, hafa hins vegar orðið svo örar breytingar í heiminum á sviði viðskipta og þá sérstaklega fjármagnsflutnings almennt, að nú er svo komið að dómi flm. þessarar tillögu, að mörg ákvæði núgildandi reglugerðar eru orðin algerlega úrelt og standa beinlínis í vegi fyrir eðlilegum hagvexti þjóðarinnar í heild.

Hvort sem okkur líkar það betur eða verr, þá er högum okkar þann veg farið nú, að við erum frá því að vera einangruð þjóð komnir í miðja þjóðbraut að því er snertir samskipti þjóðanna, og er þátttaka okkar í hinum mörgu alþjóðastofnunum, sem við höfum gerst aðilar að, glöggt dæmi þessum staðhæfingum til sönnunar.

Staðreyndirnar blasa því við okkur á þann hátt, að ef við ætlum okkur ekki að dragast aftur úr á sviði viðskipta- og fjármagnssköpunar, þjóðinni til ómetanlegs tjóns, verðum við að haga athöfnum okkar á viðskipta- og fjármálasviðinu á þann veg, að þær samrýmist alþjóðlegum leikreglum.

Flm. telur því, að brýnasta nauðsynin til úrbóta í þessum málum og um leið sú auðveldasta sé að gera hið fyrsta breytingar á reglugerð þeirri, sem rætt er um í þingsályktunartillögu þessari. Alveg sérstaka áherslu leggur flm. á nauðsyn þess,

að gerðar verði ráðstafanir til þess að gera vegferð fjármagns að og frá landinu greiðari en nú er. Flm. vill benda á þá kosti, sem að hans áliti eru fólgnir í því, að hægt er á mjög svo auðveldan hátt að lagfæra með reglugerðarbreytingu helstu annmarkana, sem hann telur vera á þessum málum, í stað þess að þurfa að samþykkja lagabreytingu, sem þarfnast mundi mikillar undirbúningsvinnu og margs konar athugana, sem að sjálfsögðu tækju langan tíma og frestuðu um of þeim aðgerðum, sem flm. telur, að þurfi að koma til framkvæmda hið allra fyrsta.

## Ed. 300. Frumvarp til laga [162. mál]

**um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnaði íbúða o. fl.**

(Lagt fyrir Alþingi á 96. löggjafarþingi, 1974—75.)

1. gr.

Til að draga úr áhrifum verðhækkunar á olíu til hitunar íbúðarhúsnæðis skal á tímabilinu 1. mars 1975 til 29. febrúar 1976 leggja 1% gjald á söluskattsstofn allra sömu aðila og lög nr. 10/1960, um söluskatt, taka til. Gilda ákvæði laga nr. 10/1960, um söluskatt, með áorðnum breytingum, svo og ákvæði reglugerða settra samkvæmt þeim að fullu um álagningu og innheimtu þessa gjalds svo og um aðra framkvæmd. Hækkun sú á útsöluverði vöru og þjónustu, sem hlýst af álagningu þessa gjalds, skal ekki valda hækkun á kaupgreiðsluvísitölu. Kauplagsnefnd skal meta hverju sinni, hve miklu þessi hækkun nemur.

2. gr.

Tekjum af gjaldi því, sem um ræðir í 1. gr., skal varið:

a) Til að styrkja þá aðila, sem nota olíu til hitunar íbúða sinna, og greiðist á hvern íbúa, sem býr við olíuupphitun, kr. 7 200 á því tímabili, sem um ræðir í 1. gr. Þó skulu lífeyrisþegar, sem njóta bóta samkv. 19. gr. laga um almannatryggingar, og aðrir lífeyrisþegar, sem hafa svipaðar heildartekjur, fá greiddan styrk, sem nemur 1½ styrk einstaklings. Olíustyrkur greiðist hverjum framteljanda til skatts og einnig vegna maka og barna, sem eru á framfæri hans og eigi eru sjálfstæðir framteljendur. Skal hann ekki talinn til tekna við álagningu tekjuskatts og útsvars. Styrkur þessi skal eigi greiddur til þeirra, sem fá íbúðarhúsnæði sitt tengt við hitaveitu fyrir 29. febrúar 1976.
b) Til að styrkja rafveitur að því marki, sem þær nota olíu sem orkugjafa til framleiðslu rafmagns til hitunar íbúða á sölusvæði sínu.
c) Til orkusjóðs til jarðhitarannsókna og hitaveitufranikvæmda.

3. gr.

Þeim hluta tekna af gjaldi því, sem innheimt er samkvæmt lögum þessum og ráðstafað er til einstaklinga, sbr. a)-lið 2. gr., skal úthlutað fyrir milligöngu bæjar- og sveitarfélaga.

4. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. mars 1975. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 5 28. febrúar 1974, um álagningu sérstaks gjalds til þess að draga úr áhrifum olíuverðhækkana, og lög nr. 47 14. maí 1974, um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða.

## Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 5 frá 28. febrúar 1974, um álagningu sérstaks gjalds til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana, var ákveðið að leggja 1% gjald á söluskattsstofn allra sömu aðila og lög nr. 10/1960 um söluskatt taka til. Gjald þetta skyldi koma í stað hálfs viðlagagjalds, sbr. 1) lið 1. mgr. 8. gr. l. nr. 4/1973 um neyðarráðstafanir vegna jarðelda á Heimaey.

Með lögum nr. 47 frá 14. maí 1974, um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða, var kveðið á um, hvernig tekjum af gjaldi því, er lagt var á með lögum nr. 5/1974, skyldi varið. Annars vegar skyldi því varið til að styrkja þá aðila, sem nota olíu til hitunar íbúða sinna. Hins vegar skyldi því varið til að styrkja rafveitur að því marki, sem þær nota olíu sem orkugjafa til framleiðslu rafmagns til hitunar íbúða á sölusvæði sínu.

Með heimild í 4. gr. laga nr. 47/1974, um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða, setti viðskiptaráðherra reglugerð nr. 174, 30. maí 1974, um úthlutun olíustyrks, þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd laganna.

Láta mun nærri, að 95 000 einstaklingar hafi notið olíustyrks og heildarfjárhæð til þeirra á tímabilinu 1. mars 1974 til 28. febrúar 1975 verði kr. 650 — 700 milljónir. Gera má ráð fyrir, að greiðsla til rafveitna á sama tímabili nemi um 50 milljónum króna. Greiðsla til hvers einstaklings, sem býr við olíuupphitun íbúðarhúsnæðis síns, hefur numið kr. 1 800 á þriggja mánaða tímabili eða kr. 7 200 á ári. Greiðslum til einstaklinga hefur verið úthlutað fyrir milligöngu sveitarfélaga og á grundvelli skýrslna frá þeim.

Eins og kunnugt er voru framangreind lög sett vegna hinna gífurlegu olíuverðhækkana til að draga úr aðstöðumun landsmanna eftir því við hvaða hitagjafa þeir búa og létta þannig byrði þeirra, sem búa við olíukyndingu.

Vegna hins háa olíuverðs sýnist full ástæða til að halda þessum greiðslum áfram. Með frumvarpi þessu er því gert ráð fyrir, að meginatriði framangreindra laga verði framlengd um eitt ár. Mikilvægt nýmæli er þó að finna í c) lið 2. gr. frumvarpsins, þar sem gert er ráð fyrir, að hluti teknanna gangi til orkusjóðs og verði varið til framkvæmda í orkumálum, sem gætu dregið úr olíunotkun.

## *Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

### Um 1. gr.

Grein þessi er efnislega samhljóða 1. gr. laga nr. 5, 1974.

Gert er ráð fyrir, að tekjur af gjaldinu nemi á tímabilinu 1. mars 1975 til 29. febrúar 1976 960 milljónum króna eða 80 milljónum króna á mánuði.

Eins og áður er svo mælt fyrir, að hækkun sú á útsöluverði vöru og þjónustu, sem hlýst af álagningu þessa gjalds, skuli ekki valda hækkun á kaupgreiðsluvísitölu.

### Um 2. gr.

Í 2. gr. laga nr. 47, 14. maí 1974, um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða er fjallað um ráðstöfun tekna af gjaldinu.

Í þessari grein frumvarpsins er gert ráð fyrir nokkrum breytingum frá því, sem var. Styrkupphæðin til hvers einstaklings er ákveðin kr. 7 200 fyrir tímabilið eða sú sama og orðið hefur í framkvæmd.

Nýmæli er, að olíustyrkur skuli eigi greiddur þeim, er fá íbúðarhúsnæði sitt tengt við hitaveitu fyrir 29. febrúar 1976. Svo sem kunnugt er, er þar aðallega um að ræða Kópavog, Garðahrepp og Hafnarfjörð.

Gert er ráð fyrir því, að áfram verði haldið þeirri reglu að greiða lífeyrisþegum, sem njóta bóta skv. 19. gr. laga um almannatryggingar og öðrum þeim

lífeyrisþegum, er hafa svipaðar tekjur, 1½ styrk einstaklings eða kr. 10 800 fyrir tímabilið.

Í c) lið greinarinnar er nýmæli, svo sem áður getur, um að hluta teknanna skuli varið til rannsókna og framkvæmda í hitaveitumálum. Með þessu ákvæði er stefnt að því að afla fjármagns til þeirra framkvæmda í orkumálum, sem dregið geta úr olíunotkun til upphitunar á íbúðarhúsnæði.

Um 3. og 4. gr.

Greinar þessar eru óbreyttar frá gildandi lögum og þarfnast ekki nánari skýringar.

## Nd. 301. Frumvarp til laga [163. mál]

um breyting á lögum nr. 8/1972, um tekjustofna sveitarfélaga.

Flm.: Ellert B. Schram.

1. gr.

Við a-lið 3. gr. laganna bætist nýr málsliður, svo hljóðandi:

Enn fremur hús, sem eru reist og notuð einvörðungu fyrir viðurkennda tómstundaiðju, sem fram fer á vegum félags- og æskulýðssamtaka eða í tengslum við þau.

2. gr.

Lög þessi öðlast nú þegar gildi.

Greinargerð.

Á síðari árum hefur þátttaka í hvers konar útilífs- og tómstundaiðju farið mjög vaxandi. Þar með má telja hestamennsku, en hún á auknum vinsældum að fagna, einkum meðal ungs fólks. Í Reykjavík hefur mikill fjöldi hestamanna byggt eigin hesthús, en auk þess hefur Hestamannafélagið Fákur byggt yfir tæplega 500 hesta.

Öll eru þessi hús byggð með samþykki og skv. skipulagi borgarinnar. Eigendum þessara húsa hefur verið gert að greiða 1½% fasteignaskatt, auk þess sem Hestamannafélagið Fákur og reyndar önnur hestamannafélög eru krafin um 1½% fasteignagjald af félagsheimilum sínum.

Um langan aldur hafa stjórnvöld sýnt almennri íþróttastarfsemi þann skilning að undanþiggja fasteignir, sem notaðar eru til íþróttaiðkunar, fasteignagjöldum. Þessi undanþága hefur að sjálfsögðu komið almennri íþróttastarfsemi í landinu mjög vel og er enda viðurkenning á þeirri starfsemi og þeim fjárhagserfiðleikum sem frjáls íþróttastarfsemi á við að etja.

Hestamennska hefur enn ekki formlega verið viðurkennd sem íþróttagrein, en er þó löngu viðurkennd sem æskileg og holl tómstunda- og útilífsiðja. Áhugamenn og forustumenn hestamannafélaga, einkum í Reykjavík, hafa því á undanförnum árum óskað þess, að fasteignir (hesthús og félagsheimili), sem þessari útilífsiðju tilheyra, falli undir þessi undanþáguákvæði. Viðkomandi yfirvöld hafa haft skilning á þessum óskum, en ekki talið sér fært að verða við þeim vegna skýrra lagaákvæða um álagningu fasteignagjalda.

Því er þetta frumvarp flutt, að umrædd tómstundaiðja njóti að einhverju leyti sömu hlunninda og önnur íþróttastarfsemi, líkt og gilt hefur um árabil. Er þó ekki gengið svo langt, að hesthús eða félagsheimili hestamannafélaga verði með öllu undanþegin fasteignaskatti, heldur gerir frumvarpið ráð fyrir, að skatturinn verði færður úr 1½% í ½% eins og gildir um útihús bænda.

Undanþáguákvæðið er ekki bundið við hesthús einvörðungu, heldur er gert ráð fyrir að ákvæðið nái yfir hús, sem reist eru og notuð einvörðungu fyrir viðurkennda tómstundaiðju, skv. nánari skilgreiningu ráðuneytis, sem kveðið verður á um í reglugerð. Það er hins vegar vilji flm. að frumvarpið verði túlkað mjög þröngt og strangt farið eftir því, að slíkt húsnæði verði ekki notað til annarrar iðju en húsið er reist fyrir og viðurkennd er.

Ef frumvarp þetta verður samþykkt hefur það eitt skeð, að útilífsiðja, sem farið hefur ört vaxandi um land allt, situr að nokkru leyti við sama borð og önnur íþróttastarfsemi. Slíkt hlýtur að teljast réttlætismál og þess að vænta að alþingismenn ljái máls á þeirri sanngirniskröfu.

## Nd. 302. Breytingartillaga [21. mál]

við frv. til l. um trúfélög.

Frá allsherjarnefnd.

22. gr. hljóði svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1975, og falla þá jafnframt úr gildi lög um utanþjóðkirkjumenn, nr. 4 1886, og lög nr. 6 1904, um breyting á þeim lögum.

## Sþ. 303. Tillaga til þingsályktunar [164. mál]

um viðbrögð gegn hugsanlegum hafískomum að Norðurlandi.

Flm.: Lárus Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta kanna afleiðingar truflana á vöruflutningum til byggðarlaga á Norðurlandi, ef hafís kynni að leggjast þar að landi, og gera áætlun um hvernig bregðast skuli við slíkum vanda. Jafnframt er ríkisstjórninni falið að kanna á hvern hátt unnt er að bregðast við hafískomum, ef stórfyrirtækjum yrði valinn staður á Norðurlandi.

### Greinargerð.

Hafískomur að Norðurlandi hafa sem betur fer verið fátíðar á þessari öld og siglingar til norðlenskra byggðarlaga því lítið truflast af þessum sökum. Engu að síður er það skoðun flm., að til þurfi að vera áætlun um hvernig bregðast skuli við slíkum vanda, ef svo vildi til að hafís legðist að Norðurlandi og truflaði samgöngur. Fyrir nokkrum árum starfaði stjórnskipuð nefnd að athugunum á þessu máli og má vafalítið styðjast allverulega við skýrslur hennar á þessu sviði.

Síðari hluti tillögunnar er fram kominn af því marggefna tilefni, að embættis- og stjórnmálamenn, sem fjalla um staðarval stórfyrirtækja, t. d. orkufrekra stóriðjufyrirtækja, virðast flestir hverjir haldnir þeirri skoðun að staðarval slíkra fyrirtækja sé útilokað á Norðurlandi sökum hafíshættu. Flm. telur að hér sé um vanhugsun og vanþekkingu að ræða og vill freista þess með þessum tillöguflutningi að fá því framgengt að umsögnum kunnáttumanna á þessu sviði verði safnað saman og opinber grein gerð fyrir líkum á hafískomum við Norðurland, svo og margvíslegum möguleikum á því að bregðast við slíku þannig að ekki komi til truflana á rekstri stórfyrirtækja, sem þar kynni að vera valinn staður.

Viðreisnarstjórnin skipaði á sínum tíma nefnd í samræmi við ákvæði samnings ríkisstjórnarinnar og Alusuisse, sem skyldi kanna kosti þess að velja álveri

stað á Norðurlandi. Þessi nefnd skilaði áliti árið 1972. Hún komst að þeirri niðurstöðu að engin tæknileg hindrun fælist í staðarvali slíks fyrirtækis við Eyjafjörð sökum hafíshættu. Nefndin rökstuddi þetta álit sitt í stórum dráttum eins og hér segir, sbr. fylgiskjal I hér á eftir:

1. Unnt er að gefa út hafísspár í nóvember ár hvert, sem gilda fram í september á næsta ári. Þessar spár er unnt að leiðrétta mánaðarlega í samræmi við ríkjandi vindátt.
2. Myndir frá gervihnöttum er ný og áhrifarík aðferð til þess að fylgjast með hreyfingu hafíss.
3. Jafnvel þótt hafís leggist að landi er hann yfirleitt ekki svo þéttur að sérstaklega útbúin skip geti ekki komist leiðar sinnar í gegnum hann með eða án aðstoðar flugvéla.

Á fylgiskjali II er sýnt hversu fá ár hefur sést til hafíss á þessari öld í hólfum, sem ná á haf út frá Vestfjörðum, fyrir Norðurlandi og suður með Austfjörðum. Nítjánda öldin er mesta hafísöld í sögu þjóðarinnar og er glöggt að síðustu áratugi hefur reynslan orðið gjörólík, þannig að segja má að síðan 1910 hafi ekki komið hafís við Norðurland, sem hugsanlegt er að trufli siglingar, nema árið 1968. Á því ári urðu þó engar truflanir á siglingu gæsluskipa við Norðurland að sögn forráðamanna Landhelgisgæslunnar.

Vilji menn samt sem áður tryggja sig gegn náttúrufyrirbrigðum eins og hafís, sem hindrað gæti siglingar með sérstökum skipum, sem sjálfsagt væri að grípa til fyrir stórfyrirtæki á Norðurlandi í hafísárum, er enn fremur ljóst að unnt er að gera ráð fyrir því að birgja sig vel upp með hráefni, þegar hætta er talin á hafís, skv. spám sérfræðinga. Fullyrða má að slíkar öryggisráðstafanir geta tæpast ráðið úrslitum um rekstur stórfyrirtækja, sem hugsanlega yrði valinn staður á Norðurlandi.

## Fylgiskjal I.

**Úr skýrslu nefndar ríkisstjórnarinnar og Alusuisse, Rvík/Zürich 1972.**

### 4.6.3 By Sea

Akureyri is regularly served by vessels of Eimskip and Ríkisskip. All vessels belonging to these companies are especially strengthened for sailing in land-ice in accordance with the most severe stipulations of Lloyds. Shipping along the North Coast of Iceland can, however, at times be temporarily affected by drift ice from Greenland.

The subject of drift ice off the North Coast of Iceland was dealt with in considerable detail during a Symposium on Drift Ice and Climate, held in Reykjavík 27 January through 7 February 1969 under the auspices of the Geoscience Society, the Glaciological Society, the Oceanographic Department, and the Meteorological Office of Iceland. The 30 lectures and discussions presented at the Symposium were published in book form in Icelandic (HAFÍSINN — „The drift ice" — Dec. 1969 pp. 1-552. Almenna Bókafélagið, Reykjavík). An abridged version of most of the lectures in an English translation were published in the journal of the Iceland Glaciological Society „JÖKULL", volume 19, Reykjavík 1970. Most of the information contained in this chapter is obtained from these sources.

The occurrence of ice around Iceland during the last 170 years will be found on the diagram appearing on the next page.

The diagram shows the occurrence of ice around Iceland from 1800 through 1968 with the aid of an „ice index" i. e. the product of the number of weeks with ice per

year, and the number of coastal areas near which the ice was observed. There are altogether 10 observation areas in Iceland, even distributed along the entire coast line.

Since the beginning of this century occurrence of ice has created some problem in sailings to the North Coast in three years only, i.e. in 1965, 1968 and 1969. For a period of approximately one month in these years ordinary cargo ship encountered difficulties in sailing in these waters. The 19th century was much worse in this respect than the present one and was in fact by far the worst in all Iceland's history according to annals.

Currently the ice incidence is defined as the sum of all days when drift ice is sighted within 12 nautical miles from the Icelandic coast. It should, however, be born in mind that the annual ice incidence defined in this manner is evidently more prolonged than the actual periods of heavy ice, obstructing navigation („JÖKULL", page 46).

Nowadays the possibilities to avoid navigational problems due to drift ice encountered in the waters off the Northern Coast of Iceland are much better than a few decades back.

— Firstly it is possible to issue at the end of November each year an ice forecast for Iceland valid until the end of September in the next year. During this period the forecast made one year in advance for each month may at any time be amended according to the east wind component north of Northwest-Iceland during the last weeks („JÖKULL", page 44).
— Secondly observations of sea ice conditions by weather satellites is a new and valuable aid in mapping and following the movement of the ice edge („JÖKULL", page 62). The same is true about by ice reconnaissance flights.
— Thirdly even if the waters are completely covered with drift ice it is practically always very scattered because of current and waves (see cover picture of „JÖKULL"). In case of emergency ships equipped for the purpose of sailing through ice can easily get through to Northern Iceland with or without aid from aircrafts.

Nevertheless, since there definitely are some probabilities of ice in the Northern Icelandic waters, several precautions would be advisable in the case of locating an aluminium plant in that area:

— The plant should have 4 month's storage facilities for raw materials. Then only 4 to 5 shipments a year would be needed and, if made at the right time of the year, any disturbances because of ice should be out of the question. The same applies to other supplies or auxiliary equipment needed.
— Still further precautions could be used, if necessary, such as renting specially equipped ships for serving the plant in case they would have to go through ice, which most of the time is penetrable because of cracks forming „straits and islands" caused by movements of the oceanic waves.

These precautions and possibly a longer storage period of aluminium at times would of course cost money. However, bearing in mind the above mentioned knowledge about the movements of the drift ice in these waters, the available measures regarding sailings in case of emergency, and the past experience of sailings there, e. g. in 1965, 1968 and 1969, there is no doubt that the possibility of ice in the waters off the North Coast does not represent any technical hindrance for locating an aluminium reduction plant in this part of Iceland.

**Fylgiskjal II.**




FIGURE 3
Showing the occurrence of ice around Iceland from 1800 - 1968
( Source : Lauge Koch and the Meteorological Office of Iceland. )

## Sþ. 304. Fyrirspurn [165. mál]

til iðnaðarráðherra um hitaveitufranikvæmdir.

Frá Jóni Árm. Héðinssyni.

1. Hvað má áætla að kostnaður sé mikill við þær framkvæmdir við hitaveitu í Kópavogi, Garðahreppi og Hafnarfirði, er nú er talað um að stöðva um óákveðinn tíma?
2. Hvernig var fjármögnun þessara framkvæmda fyrirhuguð?
3. Hvað má reikna með miklum oliukostnaði miðað við ársnotkun hjá íbúum á því svæði, sem þessar framkvæmdir í hitaveitu áttu að ná til?
4. Hvers vegna er ekki hafist handa um framkvæmdir við Hitaveitu Suðurnesja og hvað líður lánsútvegun vegna hitaveitunnar?

## Sþ. 305. Fyrirspurn [166. mál]

til sjávarútvegsráðherra um stofnfjársjóð fiskiskipa.

Frá Geir Gunnarssyni.

Óskað er skriflegs svars við eftirfarandi spurningum:

1. Hve miklu er áætlað að afborganir og vextir af stofnlánum fiskiskipa nemi á árinu 1975:
   1. af togurum,
   2. af öðrum fiskiskipum?
2. Hve miklu er talið að greiðslur úr Stofnfjársjóði fiskiskipa muni nema á árinu 1975 samkvæmt áætlunum, sem Þjóðhagsstofnun hefur gert um rekstrarafkomu fiskiskipa:
   1. til togara,
   2. til annarra fiskiskipa?
3. Hve mikið er áætlað að renni í Stofnfjársjóð fiskiskipa á árinu 1975 af óskiptu aflaverðmæti:
   1. af hlut útgerðarinnar:
      a) vegna togara,
      b) vegna annarra fiskiskipa;
   2. af hlut sjómanna:
      a) vegna togara,
      b) vegna annarra fiskiskipa?

## Nd. 306. Frumvarp til laga [167. mál]

um breyting á lögum nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt.

Flm.: Magnús Kjartansson, Eðvarð Sigurðsson.

1. gr.

2. töluliður 6. gr. laga nr. 10/1960 orðist svo:

Matvæli, kaffi og te. Ráðherra skal með reglugerð kveða á um mörkin milli matvæla og annarrar vöru, t. a. m. sælgætis.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Greinargerð.

Með frv. þessu er lagt til að hætt verði að innheimta söluskatt af öllum matvælum, kaffi og te.

Í gildandi lögum um söluskatt eru í 6. gr. ákvæði um lögskipaðar undanþágur frá þessari skattheimtu. Þar er að finna ákvæði um að nýmjólk skuli undanþegin söluskatti, og nær sú undanþága einnig til súrmjólkur og undanrennu. Einnig er þar ákveðið að ekki skuli leggja slíkan skatt á sölu á neysluvatni.

Þá kveða lögin svo á að ráðherra sé heimilt að undanþiggja ákveðnar tegundir vöru og þjónustu söluskatti. Hefur sú heimild verið notuð í allmörgum tilvikum; einkum gerðist það þegar vinstri stjórnin tók við störfum 1971. Af þessum undanþágum má nefna neyslufisk, notkun á heitu vatni frá sameiginlegum kyndistöðvum, fæðissölu mötuneyta, mjólkurvörur sem ekki voru áður undanþegnar, svo sem smjör, rjóma, skyr og osta, heitt vatn frá hitaveitum, olíu til húshitunar, rafmagn til húshitunar og fargjöld með strætisvögnum.

Eins og áður er sagt gerir frumvarp þetta ráð fyrir að allar matvörur verði undanþegnar söluskatti, enn fremur kaffi og te. Ástæðan fyrir flutningi þess er að sjálfsögðu óðaverðbólga sú sem dunið hefur á þjóðinni að undanförnu og á sér engar hliðstæður í fyrri sögu íslendinga. Engar vörur hafa hækkað jafnmikið og matvæli, en meðalhækkun þeirra hefur orðið um 42.1% í tíð núverandi ríkisstjórnar. Á næstu vikum munu svo dynja yfir nýjar stórhækkanir af völdum síðustu gengislækkunar og af ýmsum öðrum ástæðum. Á sama tíma er bannað með lögum að greiða vísitölubætur á kaup, og þær láglaunabætur, sem greiddar eru, jafngilda aðeins litlu broti af verðhækkununum. Ástæða er til þess að vekja sérstaka athygli á því að stórfelld hækkun á matvælum bitnar hlutfallslega þyngst á láglaunafólki, barnmörgum fjölskyldum, öldruðu fólki og öryrkjum, sem nota mestan hluta launa sinna til matarkaupa, og því hefur sú þróun, sem orðið hefur að undanförnu, magnað stórlega þjóðfélagslegt ranglæti hérlendis.

Með því að lögbinda að matvæli skuli undanþegin söluskatti mundi einnig falla niður hliðstæð innheimta á þeim söluskattsstigum sem ekki hafa áhrif á framfærsluvísitölu, enn fremur viðlagagjald af matvælum. Lækkunin mundi því jafngilda 19 hundraðshlutum. Miðað við heildarsölu á matvælum á síðasta ári má áætla að söluskattur af þeim vörum hafi numið 1.3—1.4 milljörðum króna. Miðað við það verðlag, sem nú er á matvælum og fyrirsjáanlegt er af völdum gengislækkunarinnar, mundi niðurfelling á söluskatti af matvælum, trúlega jafngilda um 2 000 milljónum króna. Slík niðurfelling á söluskatti í fyrra hefði lækkað vísitöluna um tæp 4%, en hagsbótin hefði að sjálfsögðu orðið margfalt meiri fyrir það fólk sem notar meginhluta tekna sinna til matarkaupa.

Sú tilhögun að undanþiggja matvæli söluskatti eða hafa mun lægri söluskatt (eða virðisaukaskatt) á þeim tíðkast víða í grannlöndum okkar og þykir sjálfsögð til þess að jafna kjör manna. Embættismenn hérlendis hafa einatt haft uppi þær röksemdir gegn slíkri tilhögun að hún auðveldi kaupsýslumönnum undandrátt á söluskatti. Matvæli eru hins vegar svo samfelldur vöruflokkur að auðvelt ætti að vera að fella niður söluskatt af þeim án þess að skattsvik aukist, enda eru þau yfirleitt seld í sérstökum verslunum. Af þessum ástæðum er ekki heldur farið inn á þá braut í frumvarpinu að greina í sundur þörf matvæli og miður þörf. Þá aðgreiningu gætu stjórnarvöld hins vegar framkvæmt, meðan innflutningur þjóðarinnar er háður neyslulánum, á þann hátt að hætta um skeið að flytja inn erlent fiskmeti fyrir hundruð milljóna króna á ári, kex, tertubotna, vínarbrauð, öl og erlent vatn soðið niður í dósir, svo að örfá dæmi séu nefnd.

Að undanförnu hafa kjaramál mjög verið til umræðu milli fulltrúa verkafólks og ríkisstjórnar. Í þeim umræðum hafa fulltrúar Alþýðusambands Íslands að sjálfsögðu sagt að þeir muni meta félagslegar aðgerðir til jafns við kauphækkanir, þar á meðal skattalækkanir. Þær skattalækkanir, sem koma láglaunafólki að

mestu gagni, eru lækkanir á söluskatti og útsvari. Útsvör eru nú orðin mjög þungbær fyrir láglaunafólk, og hefur Geir Gunnarsson nýlega flutt frumvarp um leiðréttingar á því kerfi. Það frumvarp, sem hér er flutt um afnám á söluskatti af matvælum, hefur hliðstæðan tilgang og mundi fyrst og fremst koma að gagni því fólki sem býr við erfiðust kjör í þjóðfélaginu.

Í þessu frumvarpi er ekki fjallað um tekjuöflun handa ríkissjóði til þess að vega upp lækkun tekna af söluskatti. Ástæðan er sú að gengislækkunin mun hafa veruleg áhrif á afkomu ríkissjóðs, og hingað til hafa gengislækkanir ævinlega aukið ríkistekjurnar. Í annan stað hafa ráðherrar að undanförnu lýst áformum sínum að lækka útgjöld ríkisins verulega. Því er ekki tímabært fyrir óbreytta þingmenn að fjalla um afkomu ríkissjóðs, eins og nú standa sakir, en komi í ljós að afnám söluskatts á matvælum geri aðra tekjuöflun óhjákvæmilega eru flutningsmenn að sjálfsögðu reiðubúnir til þess að gera tillögur um það, hvernig jafna megi þau met án þess að íþyngja afkomu lágtekjufólks.

## Nd. 307. Frumvarp til laga [168. mál]

um ráðstafanir vegna snjóflóða í Norðfirði og fjáröflun til Viðlagasjóðs.

(Lagt fyrir Alþingi á 96. löggjafarþingi, 1974—75.)

1. gr.

Stofna skal til bráðabirgða sérstaka deild við Viðlagasjóð vegna snjóflóðanna, er féllu í Norðfirði 20. desember 1974.

Deildin hefur sjálfstæðan fjárhag og nefnist Norðfjarðardeild.

2. gr.

Hlutverk Norðfjarðardeildar er:

1. Að bæta tjón af völdum snjóflóðanna í Norðfirði.
2. Að greiða kostnað við björgun verðmæta og hreinsun rústa og athafnasvæða.
3. Að stuðla að endurbyggingu atvinnufyrirtækja, sem eyðilögðust eða skemmdust í snjóflóðunum.

3. gr.

Norðfjarðardeild Viðlagasjóðs lýtur sömu stjórn og Viðlagasjóður og hefur sömu skrifstofu og starfslið.

Að því er snertir framkvæmd þessara laga skal stjórn Viðlagasjóðs hafa náið samráð við bæjarstjórn Neskaupstaðar og aðra opinbera aðila, sem um málefni Norðfirðinga fjalla.

4. gr.

Ákvæði 6. og 7. gr. laga nr. 4/1973 gilda einnig um Norðfjarðardeild.

5. gr.

Á tímabilinu 1. mars 1975 til 31. desember 1975 skal leggja 2% viðlagagjald á söluskattsstofn allra sömu aðila og lög nr. 10/1960, um söluskatt, taka til. Gilda ákvæði laga nr. 10/1960, um söluskatt, með áorðnum breytingum, svo og ákvæði reglugerða settra samkvæmt þeim að fullu um álagningu og innheimtu þessa gjalds, svo og um aðra framkvæmd. Hækkun á útsöluverði vöru og þjónustu, sem hlýst af viðlagagjaldi á söluskattsstofn samkvæmt þessari grein, skal ekki valda hækkun á kaupgreiðsluvísitölu. Kauplagsnefnd skal meta hverju sinni, hve miklu þessi hækkun nemur.

Tekjur þessar skiptast þannig, að 32% renna til Norðfjarðardeildar, en 68% til að mæta skuldbindingum Viðlagasjóðs vegna eldgossins í Vestmannaeyjum.

Heimilt er Viðlagasjóði að taka bráðabirgðalán í því skyni að standa undir nauðsynlegum greiðslum, þar til tekjur berast sjóðnum.

6. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt í samráði við Síldarverksmiðjur ríkisins, að selja Síldarvinnslunni á Norðfirði vélar og tæki úr þeim verksmiðjum Síldarverksmiðja ríkisins, sem ekki er fyrirsjáanleg þörf fyrir á næstunni, með mjög hagstæðum greiðslukjörum. Ríkisstjórnin ákveður verð og greiðsluskilmála.

7. gr.

Forsætisráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með bréfi forsætisráðherra til Viðlagasjóðs, dags. 30. desember 1974, fól ríkisstjórnin sjóðnum til bráðabirgða að koma fram gagnvart yfirvöldum í Neskaupstað við endurreisnina þar í kjölfar snjóflóðsins. Verkefni Viðlagasjóðs yrði í því fólgið að gera úttekt á tjóninu, bæta það, að svo miklu leyti sem það kemur í hlut annarra en venjulegra bótagreiðsluaðila og aðstoða yfirvöld í Neskaupstað að öðru leyti við endurreisnarstarfið.

Verkfræðingar og matsmenn sjóðsins hafa gert áætlun um útgjöld sjóðsins af þessu verkefni og telja þau nema 500 millj. kr. Áætlunin fylgir sem fylgiskjal nr. 1.

Þá fylgir hér sem fylgiskjal nr. 2 greiðsluáætlun Viðlagasjóðs vegna fyrri verkefna sjóðsins. Er sú áætlun gerð af framkvæmdastjóra sjóðsins með aðstoð hagfræðings Seðlabankans. Sýnir hún, að enn skortir 1 100 millj. kr. til að sjóðurinn geti komist sómasamlega frá verkefnum sínum vegna eldgossins í Vestmannaeyjum. Áætlun þessari fylgja ýtarlegar skýringar.

Í frv. þessu felst annars vegar víkkun á hlutverki Viðlagasjóðs, sem samkvæmt gildandi lögum takmarkast við eldgosið í Vestmannaeyjum og afleiðingar þess og hins vegar öflun þeirra 1 600 millj. kr., sem sjóðinn skortir til að ljúka verkefnum sínum.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Gert er ráð fyrir að stofna sérstaka deild við Viðlagasjóð vegna verkefnanna á Norðfirði með sjálfstæðan fjárhag. Þó er gert ráð fyrir að sú deildaskipting yrði aðeins til bráðabirgða, þar sem ætlunin er að leggja fram síðar á þessu þingi frv. að varanlegri löggjöf fyrir Viðlagasjóð og má þá ætla að deildaskipting félli niður.

Um 2. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 3. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Þessi grein vísar til þeirra ákvæða að opinberum aðilum sé skylt að veita stjórn Viðlagasjóðs aðstoð og upplýsingar og að Seðlabanki annist bókhald sjóðsins og ríkisendurskoðunin reikninga hans.

Um 5. gr.

Gert er ráð fyrir að afla sjóðnum 1 600 milljóna króna með tveim prósentustigum á söluskattsstofn í 10 mánuði. Upphæðin skiptist niður á deildir sjóðsins í hlutfalli við áætlanirnar 68% og 32%.

Um 6. gr.

Stærsta einstaka tjón á Norðfirði er eyðilegging síldarverksmiðjunnar. Er endurbygging hennar nauðsynleg, en ekki hægt að gera ráð fyrir að bætur fyrir gömlu verksmiðjuna nægi fyrir byggingarkostnaði nýrrar. Til þess að fjármagna þennan mismun gerir grein þessi ráð fyrir að ríkisstjórnin geti í samráði við Síldarverksmiðjur ríkisins selt Síldarvinnslunni á Norðfirði vélar og tæki, sem fyrirsjáanlega er ekki þörf fyrir á næstunni með hagkvæmum kjörum. Auk þess verður að gera ráð fyrir að Byggðasjóður og Atvinnuleysistryggingasjóður hjálpi verulega til að fjármagna þennan mismun.

Um 7. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 8. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

**Fylgiskjal 1.**

**Lausleg áætlun Viðlagasjóðs um útgjöld vegna Norðfjarðar.**

| | | |
|---|---|---|
| Björgun og hreinsun | | 50 millj. kr. |
| Tjónabætur: | | |
| Fasteignir | 135 millj. kr. | |
| Vélar, tæki og lausafé | 225 — — | |
| | | 360 — — |
| Aðrar bætur | | 40 — — |
| Viðbótarlán | | 0 — — |
| Kostnaður Viðlagasjóðs | | 10 — — |
| Ýmislegt ófyrirséð | | 40 — — |
| | Samtals | 500 millj. kr. |

Þessi áætlun miðast við að síldarverksmiðja sé ekki endurreist á sama stað, og að fallist verði á, að bæta yfirgefin verðmæti.

Með fyrirvara um mikla óvissu um ástand véla í rústum síldarverksmiðju.

25. janúar 1975.

**Fylgiskjal 2.**

**Skýringar við áætlun um tekjur og gjöld Viðlagasjóðs.**

Tekjuliðir:

**Frá sveitarfélögum.**

**Álögð viðlagagjöld frá árinu 1973 af útsvarsstofni og stofni aðstöðugjalds námu** 675 millj. kr. Skv. áliti ráðuneytis er sjóðnum ekki heimilt að innheimta hærra

hlutfall af gjaldinu en raunveruleg innheimta segir til um. 1. desember 1974 var búið að innheimta um 80% af gjaldinu. Um áramót höfðu innheimst 588 millj. kr. Óvarlegt er að áætla, að meira greiðist af eftirstöðvum en 30 millj. kr., er þá miðað við að innheimt verði 91% af álögðum viðlagagjöldum.

**Frá ríki og Atvinnuleysistryggingasjóði.**

Framlög þeirra eru að fullu greidd.

Hinn 1. mars n. k. falla niður tekjur Viðlagasjóðs af söluskatti, sem numið hafa andvirði eins söluskattsstigs s. l. ár, en var áður tvö stig. Er þá gert ráð fyrir að heildartekjur af söluskatti frá upphafi muni nema 2 200 millj. króna.

Þrátt fyrir þessar miklu tekjur jókst yfirdráttarskuld sjóðsins við Seðlabanka um 717 m. kr. á árinu og verður þá heildaryfirdráttarskuld 1 547 m. kr. Þetta er skiljanlegt, þar sem sjóðurinn verður að svara til allra skuldbindinga sinna í reiðufé og stuttum skuldabréfum, en tekjur hans m. a. af húsasölu koma mjög hægt inn.

Í fylgiskjali I eru ekki áætlaðar frekari tekjur af söluskatti, en í fylgiskjali II er gert ráð fyrir þeim möguleika að Alþingi framlengi tekjustofn þennan um 10 mánuði, eða til ársloka 1975, og nemi þá tveimur söluskattsstigum á mánuði.

Þar af renni 68% til Vestmannaeyja, en 32% til Neskaupstaðar. Áætlað er, að eitt söluskattsstig gefi af sér 80 m. kr. á mánuði.

**Gjafafé Norðurlanda.**

Gjafafé Norðurlanda hefur þegar verið ráðstafað, en það nam upphaflega 100 m. D. kr. (sjá þó skýringu með gjaldalið: Húsbyggingar).

**Annað gjafafé.**

Alls hafa borist 208 m. kr. frá öðrum aðilum. Ekki er gert ráð fyrir frekari gjöfum.

**Afborganir lána og vaxtatekjur.**

Á sínum tíma voru greiðslur vegna ónýtra og skemmdra húsa reiknaðar að fullu sem skaðabætur. Tók sjóðurinn að sér að greiða áfallnar afborganir og vexti af áhvílandi lánum. Við endanlegt tjónauppgjör hafa greiðslur þessar komið til frádráttar og því eru þær færðar hér sem tekjur.

Skuld Útvegsbanka Íslands, Vestmannaeyjum, 86 m. kr. er umsamin og greiðist á næstu 4 árum.

Skuldabréfalán, aðallega til sveitarfélaga, munu greiðast á næstu fimm árum.

**Sala véla.**

Heildar vélakaup sjóðsins hafa numið 78 m. kr. Seldar hafa verið vélar fyrir 17 m. kr. og er áætlað að véla- og tækjaeign sjóðsins sé um 5 m. kr., sem seldar verða á árinu. Afföll af vélaeign sjóðsins nema því 61 m. kr. Rýrnunina má aðallega rekja til mikils álags tækja við þær aðstæður, sem ríktu í Vestmannaeyjum á sínum tíma. Þannig er t. d. kostnaður v/dæla 24 m. kr., sem reyndust óseljanlegar og voru afhentar Almannavörnum.

**Sala innfluttra húsa og leigutekjur.**

Um áramót höfðu verið seld 350 hús, auk 60 bráðabirgðahúsa, til Vestmannaeyja. Tekjur af húsasölu til áramóta námu 250 m. kr. auk 26 m. kr. í leigutekjur.

Áætlað er, að allar húseignir sjóðsins, sem eftir eru, seljist á árinu. Húsin voru 494 innflutt varanleg hús, 60 innflutt bráðabirgðahús auk 7 húsa, sem ýmist hafa verið keypt eða byggð.

Á árinu er áætlað að inn komi fyrir húsasölu 650 m. kr., þ. m. t. leigutekjur. Eftir standa þá 1 450 m. kr., sem gert er ráð fyrir að komi inn á næstu 11 árum að meðaltali.

**Sala íbúða í Breiðholti.**

Vísast til 1. gr. 2. tl. í athugasemdum um útgjöld.

Gjaldaliðir:

**Húsbyggingar.**

Húsbyggingar Viðlagasjóðs voru tvenns konar. Annars vegar hin svokölluðu Viðlagasjóðshús og hins vegar íbúðarblokk í Breiðholti, sem Viðlagasjóður byggði í samvinnu við Rauða krossinn, Hjálparstofnun kirkjunnar og Vestmannaeyjakaupstað. Auk þess voru byggð eða keypt nokkur hús.

1. Um áramót kostuðu viðlagasjóðshúsin 2,4 milljarða kr. Þar af hefur Viðlagasjóður greitt í peningum 2 192 m. kr., en auk þess koma til viðbótar ógreiddir tollar, ca. 380 m. kr.
2. Íbúðarblokk í Breiðholti hefur verið seld, en féð endurlánað B.Á.V. til 3ja ára, 46 m. kr. auk vaxta.

**Ýmsar framkvæmdir.**

Í árslok 1974 hafði sjóðurinn varið 1 090 m. kr. til ýmissa framkvæmda. Kostnaður við rekstur sjóðsins, viðhald, varðveislu og viðgerð fasteigna, heimflutning Vestmannaeyinga, hreinsun gosefna, matsgerðir o. fl.

Á árinu 1975 er áætlað að verja 75 m. kr. til svipaðra þarfa og áður getur.

**Vélakaup.**

Í árslok 1973 hafði sjóðurinn varið 78 m. kr. til vélakaupa. Um frekari vélakaup hefur ekki verið að ræða.

**Lánveitingar.**

Í árslok 1974 hafði sjóðurinn lánað 487 m. kr. Á s. l. ári bættust við lán að fjárhæð 113 m. kr., sem notuð hafa verið til endurbóta og uppbyggingar íbúðarhúsnæðis í Vestmannaeyjum. Ekki er gert ráð fyrir frekari lánveitingum á þessu ári.

**Skaðabætur.**

Um s. l. áramót voru greiddar og bókfærðar bætur samtals 2 460 m. kr.
Bæturnar skiptast þannig:

| | 31. 12. '74 | | 31. 12. '73 |
|---|---|---|---|
| Ónýt íbúðarhús | 1 144.0 | m. kr. | (201.0) |
| Skemmd íbúðarhús | 251.0 | — | ( 22.0) |
| Bifreiðar | 35.0 | — | ( 32.2) |
| Fyrirtæki | 388.0 | — | ( 80.6) |
| Lausafé | 227.0 | — | (175.6) |
| Vestmannaeyjakaupstaður | 407.0 | — | ( 78.0) |
| Tekjubætur | 8.0 | — | ( 3.2) |
| | 2 460.0 | m. kr. | |

Áætlað er að ógreiddar séu 1 035 m. kr., sem skiptast þannig, að á þessu ári greiðist 555 m. kr., og standi þá eftir 480 m. kr. Stærsti ógreiddi liðurinn er bætur til

Vestmannaeyjakaupstaðar og er áætlað að greiða 400 m. kr. á árinu. Auk þess er óuppgert við Póst og síma. Aðrar ógreiddar bætur eru fyrst og fremst fasteignabætur til fyrirtækja og einstaklinga, sem greiddar hafa verið með skuldabréfum, sem sjóðurinn verður að innleysa eftir því sem uppbyggingu miðar áfram eða við gjaldfall bréfanna. Auk þess er gert ráð fyrir 100 m. kr. í bætur vegna rekstrartjóns fyrirtækja.

**Tollgreiðslur.**

Sjóðurinn fékk frest á greiðslu tolla og söluskatts viðlagasjóðshúsa, að fjárhæð 486 m. kr. fram að þeim tíma, er hafnarframkvæmdir hæfust í Þorlákshöfn. Nú hefur verið samið við fjármálaráðuneyti um að dreifa greiðslum þessum fram eftir næsta ári. Látið hefur verið að því liggja, að vextir verði reiknaðir á skuld þessa, og er gert ráð fyrir að þeir verði gerðir upp að höfuðstóli greiddum og eru þeir áætlaðir 75 m. kr.

**Vaxtagjöld.**

Vaxtagjöld af yfirdrætti í Seðlabanka urðu 160 m. kr. á s. l. ári og önnur vaxtagjöld 15 m. kr.

**Ýmislegt og ófyrirséð.**

Áætlunin gerði ráð fyrir 85 m. kr. í ófyrirséð á árinu 1975. Óvarlegt verður að telja að gera ekki ráð fyrir slíkum lið í gjaldaáætlun, sem nemur samtals 1 261 m. kr., en matsatriði er hversu há upphæðin á að vera.

**Fylgiskjal I.**

**Tekjur og gjöld Viðlagasjóðs.**

(Miðað við óbreyttan tekjustofn).

(Í millj. kr.).

| | Tekjur: | 1974 Staðan 31.12.'74 | 1975 I. | 1975 II. | 1975 III. | 1975 IV. | 1975 Á árinu | 1975 Staðan 31.12.'75 | Eftirstöðvar |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. | Frá sveitarfélögum ..... | 588 | 20 | 8 | — | — | 28 | 616 | — |
| 2. | Frá ríki og atvinnutrsj. .... | 2201 | 240 | 80 | — | — | 320 | 2521 | — |
| 3. | Gjafafé Norðurlanda ..... | 1456 | — | — | — | — | — | 1456 | — |
| 4. | Annað gjafafé ..... | 208 | — | — | — | — | — | 208 | — |
| 5. | Afborganir lána og vaxtat. .. | 67 | 40 | 72 | — | 81 | 193 | 260 | 396 |
| 5.1 | Endurgr. yfirtekin lán ..... | 65 | 10 | 10 | — | — | 20 | 85 | — |
| 5.2 | Vegna Útvegsbanka ..... | — | — | 22 | — | — | 22 | 22 | 76 |
| 5.3 | Skuldabréf/lán ..... | 2 | 30 | 40 | — | 81 | 151 | 153 | 320 |
| 6. | Sala véla ..... | 17 | — | — | — | 5 | 5 | 22 | — |
| 7. | Sala innfl. húsa og leigutekjur | 250 | 125 | 125 | 200 | 200 | 650 | 900 | 1450 |
| 8. | Sala íbúða í Breiðholti ..... | — | — | — | — | — | — | — | 61 |
| | Samtals | 4787 | 425 | 285 | 200 | 286 | 1196 | 5983 | 1907 |
| | Afgangur/halli (—) ..... | | +9 | +39 | —26 | —87 | —65 | | |
| | Staða v. Seðlabankann ..... | —1547 | —1538 | —1499 | —1525 | —1612 | —1612 | | |

**Viðlagasjóður. — Áætlun.**
**(Í millj. kr.).**

| Útgjöld: | 1974 Staðan 31.12.'74 | 1975 I. | 1975 II. | 1975 III. | 1975 IV. | 1975 Á árinu | 1975 Staðan 31.12.'75 | Eftirstöðvar |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. Húsbyggingar | 2092 | — | — | — | — | — | 2092 | — |
| 2. Ýmsar framkvæmdir | 1089 | 40 | 20 | 10 | 5 | 75 | 1164 | — |
| 3. Vélakaup | 78 | — | — | — | — | — | 78 | — |
| 4. Lánveitingar | 487 | — | — | — | — | — | 487 | — |
| 4.1 Yfirtekin lán | 89 | — | — | — | — | — | 89 | — |
| 4.2 Lán v/Útvegsbanka | 86 | — | — | — | — | — | 86 | — |
| 4.3 Skuldabr./lán | 277 | — | — | — | — | — | 277 | — |
| 4.4 Vegna endurb. íbúðarhúsn. | 35 | — | — | — | — | — | 35 | — |
| 5. Skaðabætur | 2264 | 250 | 100 | 100 | 105 | 555 | 2819 | 480 |
| 5.1 Skaðabætur v/rekstrartjóns | — | 100 | — | — | — | — | 100 | — |
| 6. Tollgreiðslur | 100 | 96 | 96 | 96 | 98 | 386 | 486 | 75 |
| 7. Vaxtagjöld | 214 | — | — | — | 160 | 160 | 374 | — |
| 8. Ýmislegt og ófyrirséð | 10 | 30 | 30 | 20 | 5 | 85 | 95 | — |
| Samtals | 6334 | 416 | 246 | 226 | 373 | 1261 | 7595 | 555 |

**Fylgiskjal II.**

**Áætlun um tekjur og gjöld Viðlagasjóðs.**
(Miðað við 68% af tveimur söluskattsstigum frá 1. mars 1975 til ársloka 1975).
(Í millj. kr.).

| Tekjur: | 1974 Staðan 31.12.'74 | 1975 I. | 1975 II. | 1975 III. | 1975 IV. | 1975 Á árinu | 1975 Staðan 31.12.'75 | Eftirstöðvar |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. Frá sveitarfélögum | 588 | 20 | 8 | — | — | 28 | 616 | — |
| 2. Frá ríki og atvinnutrsj. | 2201 | 240 | 298 | 327 | 327 | 1192 | 3393 | 218 |
| 3. Gjafafé Norðurlanda | 1456 | — | — | — | — | — | 1456 | — |
| 4. Annað gjafafé | 208 | — | — | — | — | — | 208 | — |
| 5. Afborganir lána og vaxtat. | 67 | 40 | 72 | — | 81 | 193 | 260 | 396 |
| 5.1 Endurgr. yfirtekin lán | 65 | 10 | 10 | — | — | 20 | 85 | — |
| 5.2 Vegna Útvegsbanka | — | — | 22 | — | — | 22 | 22 | 76 |
| 5.3 Skuldabréf/lán | 2 | 30 | 40 | — | 81 | 151 | 153 | 320 |
| 6. Sala véla | 17 | — | — | — | 5 | 5 | 22 | — |
| 7. Sala innfl. húsa og leigutekjur | 250 | 125 | 125 | 200 | 200 | 650 | 900 | 1450 |
| 8. Sala íbúða í Breiðholti | — | — | — | — | — | — | — | 61 |
| Samtals | 4787 | 425 | 503 | 527 | 613 | 2068 | 6855 | 2125 |
| Afgangur/halli (—) | | +9 | +257 | +301 | +240 | +807 | | |
| Staða v. Seðlabankann | —1547 | —1538 | —1281 | —980 | —740 | —740 | | |

**Sþ.** **308. Tillaga til þingsályktunar** [169. mál]

um nýtingu á áveitu- og flæðiengjum landsins.

Flm.: Þórarinn Sigurjónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fram fara athugun á því, hvort ekki sé unnt og tímabært að nýta betur en nú er gert áveitu- og flæðiengi landsins til fóðurframleiðslu.

Greinargerð.

Á nokkrum stöðum á landinu eru víðáttumiklar engjar, sem ekki eru lengur nýttar til heyöflunar eða að mjög litlu leyti.

Væri ekki óeðlilegt, að fram færi athugun á því, hve stórt það land er, sem hægt væri að nytja til fóðuröflunar, og hvað mikið fóður mætti fá af því landi, sem hér um ræðir. Telja má víst, að hér fari forgörðum mikil verðmæti, sem hægt væri að nýta, þar sem öll tækni við heyöflun á blautum engjum hefur gjörbreyst frá því sem áður var og alltaf eru að koma til landsins ný og betri tæki til fóðuröflunar. Tel ég því eðlilegt að láta fara fram athugun á betri nýtingu þessa lands en nú er.

Af áveitu- og flæðiengjum hafa bændur landsins um langan aldur tekið mikið fóður fyrir búpening sinn, sem reynst hefur bæði gott og í flestum tilfellum ódýrasta fóður, sem hægt var að fá. En oft hefur verið mikil og erfið vinna við að afla þessa fóðurs, meðal annars vegna þess að vegir voru ýmist engir eða mjög ófullkomnir um þessi lönd og að og frá þeim. Skurðir til þurrkunar landsins voru víðast hvar engir, og var því sums staðar ekki hægt að þurrka störina á því landi sem hún var slegin, heldur varð að flytja hana á þurrara land til þurrkunar.

Fyrir nokkrum árum voru fluttar til landsins vélar til hraðþurrkunar á nýslegnu grasi, sem eru framleiddar í Taarup-verksmiðjunum í Danmörku og þurrka gras og pressa í heykökur. Auðvelt er að færa þessar vélar til, þar sem þær eru á hjólum, og væri því unnt að koma þeim fyrir nálægt þeim löndum þar sem sláttur fer fram. Er því hægt að athuga, hvort hraðþurrkun á þann hátt á við.

Einnig gæti komið til athugunar, hvort ekki ætti að staðsetja heykögglaverksmiðjur nærri þeim stöðum þar sem stór gulstararengi eru.

Rannsaka þarf fóðurgildi og efnainnihald fóðurs af því landi, sem hér um ræðir, og ef svo reynist, að um gott, efnaauðugt fóður sé að ræða, sem ekki er of dýrt í framleiðslu, er það þjóðhagslega eðlilegt að nýta betur til fóðurframleiðslu þau engjalönd, sem nú eru lítið eða ekkert notuð til beitar eða heyskapar.

Þá er ekki óeðlilegt, að þessi athugun fari fram með hliðsjón af því, að tilbúinn áburður hefur hækkað mjög mikið í verði á undanförnum árum og er búist við, að hann muni hækka yfir 100% á þessu ári. Verður því að teljast æskilegt að kannaður sé sem allra fyrst sá möguleiki að afla fóðurs af því landi, þar sem ekki þarf að nota tilbúinn áburð.

Í Ölfusi eru t. d. 1300 ha. lands, sem veitt hefur verið á og er nú ekki nýtt nema að litlu leyti, en er mjög vel fallið til athugunar, þar sem stutt er á það land frá aðalstöðvum Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, sem sennilega mundi fá það verkefni að athuga um efnainnihald og fóðurgildi fóðurs af þessum engjalöndum og þá væntanlega byrja þessa athugun mjög langt í burtu.

**Nd.** **309. Breytingartillaga** [84. mál]

við frv. til l. um breyt. á útvarpslögum, nr. 19/1971.

Frá Magnúsi Kjartanssyni.

Við 1. gr. Á eftir 1. mgr. 5. gr. laganna (1. gr. frv.) komi ný setning:

Ekki eru kjörgengir í útvarpsráð ráðnir starfsmenn erlendra eða fjölþjóðlegra stofnana.

**Sþ.** **310. Tillaga til þingsályktunar** [170. mál]

um afnám flýtifyrningar og skatt á verðbólgugróða.

Flm.: Ragnar Arnalds.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta undirbúa frumvarp til laga um breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt með það fyrir augum að koma í veg fyrir að arðvænleg fyrirtæki geti skotið sér undan að greiða tekjuskatt með ýmiss konar bókhaldsaðferðum. Stefnt skal að því, að ákvæði um svonefnda flýtifyrningu verði afnumin.

Jafnframt fari fram sérstök rannsókn á bókhaldi, birgðasöfnun og eignaaukningu þeirra hundraða fyrirtækja, sem höfðu meira en 5 milljónir króna í ársveltu á árinu 1973, en fengu þó engan tekjuskatt samkvæmt skattskrá ársins 1974. Á grundvelli þessarar rannsóknar verði undirbúin löggjöf um almennan skatt á verðbólgugróða fyrirtækja.

Greinargerð.

Við lauslega athugun á skattskrá Reykjavíkur 1974 kemur í ljós, að um 240 félög með samanlagða ársveltu yfir 10 þúsund milljónir króna greiða engan tekjuskatt, og eru þá hvorki meðtalin fyrirtæki, sem rekin eru í nafni einstaklinga, né smáfélög með minna en einnar milljón kr. ársveltu og aðeins félög í höfuðborginni.

Margar skýringar eru á því, að hundruð arðvænlegra fyrirtækja sleppa við að greiða tekjuskatt, en ein sú helsta er ákvæði skattalaga um flýtifyrningu, sem fyrst var sett í lög vorið 1971 að frumkvæði ríkisstjórnar Jóhanns Hafsteins. Til viðbótar almennri fyrningu, sem er allt að 15% á ári, heimilast fyrirtækjum að draga frá tekjum sínum allt að 6% flýtifyrningu. Á fjórum árum geta því fyrirtækin sloppið við að greiða skatt af tekjum, sem nema 84% af andvirði fyrnanlegra eigna, og er því engin furða þótt mörg þeirra sleppi vel. Með stöðugri fjárfestingu geta fyrirtækin komist hjá því að greiða tekjuskatt um mjög langt skeið, og það furðulegasta er, að þegar eignin er fullfyrnd, þarf fyrirtækið aðeins að selja hana og festa sér í staðinn aðra eign til þess að geta byrjað að afskrifa á nýjan leik af fullum krafti. Er þá oft um að ræða, að eignirnar, sem koma í staðinn fyrir þær seldu, hafa áður verið að fullu afskrifaðar hjá fyrri eigenda, og getur því sama eignin orðið til þess að spara nýjum og nýjum eigenda tekjuskattsgreiðslur, sem nema milljónum króna.

Kjarni málsins er sá, að með því að heimila, að eignir, sem almennt nýtast í áratug og ýmsar í marga áratugi, séu afskrifaðar á 4—6 árum, er verið að gera mönnum kleift að skjóta tekjum, sem nema þúsundum milljóna króna, undan skatti. Með tillögu þessari er að því stefnt, að þessum fáránlegu fyrningarreglum verði breytt í grundvallaratriðum og m. a. verði flýtifyrningin afnumin með öllu.

Þessa breytingu á skattalögum má undirbúa með stuttum fyrirvara og þarf að gera strax.

Önnur ákvæði tillögunnar krefjast lengri tíma til undirbúnings og framkvæmda. Eðlilegt virðist, að fram fari sérstök rannsókn á bókhaldi, birgðasöfnun og eignaaukningu þeirra fyrirtækja, sem engan tekjuskatt fengu samkvæmt skattskrá ársins 1974, en til einföldunar er hér lagt til, að rannsóknin beinist fyrst og fremst að þeim hluta þessara fyrirtækja, sem höfðu meira en 5 milljónir króna í ársveltu. Rannsókn þessi hefur tvíþættan tilgang:

I fyrsta lagi að kanna til fulls, hvaða aðrar ástæður en fyrningarreglur valda því, að fyrirtækin borga ekki skatt. Reynist vera um ólöglegar aðferðir að ræða, verður málinu að sjálfsögðu vísað til saksóknara ríkisins til frekari meðferðar.

Í öðru lagi þarf rannsóknin að varpa ljósi á þá eignaaukningu, sem almennt hefur átt sér stað í krafti afskriftareglna, og skuldasöfnunar á verðbólgutímum, og yrði niðurstaðan höfð til hliðsjónar við samningu frumvarps um verðbólguskatt.

Fyrirkomulag á álagningu og innheimtu verðbólguskatts getur verið með ýmsum hætti og þarf að undirbúa vandlega, en eðlilegt virðist, að álagningin næði nokkur ár aftur í tímann.

Með afnámi flýtifyrningar og með því að skattleggja nokkurn hluta af þeim mikla verðbólgugróða, sem nú myndast á ári hverju, oftast með tilstyrk ríkisbanka og opinberra fjárfestingarsjóða, mætti vafalaust draga verulega úr skattaálögum á alþýðu manna, og kemur þá sérstaklega til álita að fella niður söluskatt á ýmsum nauðsynjavörum og draga þannig úr verðbólgu.

## Sþ. 311. Fyrirspurnir. [171. mál]

I. Til menntamálaráðherra um fiskvinnsluskóla.

Frá Lúðvík Jósepssyni.

Í lögum um fiskvinnsluskóla segir, að á árunum 1972—1975 skuli undirbúa stofnun fiskvinnsluskóla 1. og 2. stigs á Suðurnesjum, Akranesi og í stærstu fiskiðnaðarstöðum í öðrum landshlutum. Hvað hefur menntamálaráðuneytið gert til undirbúnings þessum skólum?

II. Til samgönguráðherra um símaafgreiðslu vegna brunavarna, læknisþjónustu og löggæslu.

Frá Ragnari Arnalds.

Vill ekki hæstvirtur ráðherra póst- og símamála beita sér fyrir því af augljósum ástæðum, að í kaupstöðum og kauptúnum, þar sem eru miðstöðvar brunavarna, læknisþjónustu og löggæslu fyrir nærliggjandi sveitir, verði framvegis opin símstöð allan sólarhringinn?

III. Til forsætisráðherra um bætur vegna snjóflóðs í Siglufirði.

Frá Ragnari Arnalds.

Þar eð fyrir liggur, að Brunabótafélag Íslands vill ekki bæta það tjón, er varð í Siglufirði 19. desember s. l., er tvö hús eyðilögðust í snjóflóði, og þar sem Viðlagasjóður hefur vísað frá sér vanda þeirra, sem þarna misstu heimili sín, en fjárhagsaðstoð frá Bjargráðasjóði yrði alls ófullnægjandi miðað við núverandi reglur hans, hlýtur þá ekki ríkisstjórnin að gera ráðstafanir til að tryggja þessu fólki viðunandi bætur?

## Ed. 312. Nefndarálit [95. mál]

um frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 80 10. júlí 1973.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið á nokkrum fundum. Vegamálastjóri og ráðuneytisstjóri samgöngumálaráðuneytis mættu á fundi hjá nefndinni og voru einstakar greinar frv. ræddar ítarlega. Nefndin var sammála um að mæla með samþykkt frv. með nokkrum breytingum, sem hún flytur á sérstöku þingskjali. Einstakir nefndarmenn áskilja sér þó rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum.

Alþingi, 26. febr. 1975.

Jón Helgason, form., frsm.
Jón G. Sólnes, fundaskr.
Halldór Ásgrímsson.
Jón Árnason.
Steinþór Gestsson.
Stefán Jónsson.
Eggert G. Þorsteinsson.

## Ed. 313. Breytingartillögur [95. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 80 10. júlí 1973.

Frá samgöngunefnd.

1. Við 2. gr.
   a. Í stað orðanna „2. mgr. 11. gr. orðist þannig“ komi: Í stað 2. mgr. 11. gr. komi tvær mgr., sem orðist svo:
   b. Eftir texta greinarinnar bætist ný mgr., svo hljóðandi:
   Hálfum hundraðshluta af tekjum samkvæmt lögum um fjáröflun til vegagerðar, nr. 79/1974, skal varið til rannsókna og tilrauna við vega- og gatnagerð undir stjórn vegamálastjóra.
2. Við 4. gr. 2. mgr. orðist svo:
   Í stað orðanna „og bryggjum“ í d-lið komi: bryggjum, sjúkraflugvöllum og skipbrotsmannaskýlum.
3. Við 8. gr. Í stað 1. mgr. komi:
   1. mgr. 28. gr. orðist svo:
   Af tekjum vegamála samkv. lögum um fjáröflun til vegagerða skal árlega veita til sýsluvega upphæð, sem sé eigi lægri en tvöföld heildarupphæð innheimtra sýsluvegasjóðsgjalda um allt land næsta ár á undan því ári, sem fjárlög eru samin. Frá því dregst þó mótframlag ríkissjóðs, sem þegar hefur verið greitt samkv. síðustu málsgr. þessarar greinar.
4. Við 10. gr. Aftan við greinina komi:
   Síðasti málsl. 1. mgr. („Ráðherra er þó heimilt að undanskilja tekjur vegamála, sem varið er til framkvæmda við hraðbrautir“), falli niður.
5. Við 11. gr. Aftan við greinina komi:
   Heimilt er að láta þetta ákvæði einnig ná til þéttbýlis með 100—200 íbúa.
6. Á eftir 13. gr. komi ný grein, sem orðist svo: Aftan við 59. gr. bætist ný mgr.:
   Vegagerðin skal leitast við að rykbinda þjóðvegi, þar sem þeir liggja um hlöð eða næsta nágrenni íbúðarhúsa, eftir því sem fé er veitt til á vegáætlun.
7. Við 15. gr. Fyrri mgr. orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.

8. Á eftir 15. gr. komi svofellt ákvæði til bráðabirgða:
Á árinu 1975 skulu dagsetningar í 2. mgr. 21. gr. breytast þannig, að í stað 15. febrúar komi 15. apríl og í stað 1. mars komi 1. maí.

## Nd. 314. Nefndarálit [168. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir vegna snjóflóða í Norðfirði og fjáröflun til Viðlagasjóðs.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Fjárhags- og viðskiptanefnd hefur rætt málið á tveimur fundum, en annar fundurinn var sameiginlegur með fjárhags- og viðskiptanefnd efri deildar.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins.

Meiri hlutinn, undirritaðir nefndarmenn, leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem getur á sérstöku þingskjali.

Lúðvík Jósepsson er efnislega samþykkur frumvarpinu, en gerir grein fyrir afstöðu sinni í sérstöku nefndaráliti.

Alþingi, 27. febr. 1975.

Ólafur G. Einarsson, form. Lárus Jónsson, fundaskr. Tómas Árnason, frsm.
Þórarinn Þórarinsson. Ey. Kon. Jónsson.

## Nd. 315. Breytingartillögur [168. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir vegna snjóflóða í Norðfirði og fjáröflun til Viðlagasjóðs.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

1. Á eftir 5. gr. komi ný grein, sem verði 6. grein:
Stjórn Viðlagasjóðs er heimilt í samráði við stjórn Bjargráðasjóðs að bæta tjón, sem orðið hafa af náttúruhamförum eða verða annars staðar á landinu.
2. Við 6. gr. Greinin falli niður.

## Nd. 316. Nefndarálit [168. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir vegna snjóflóða í Norðfirði og fjáröflun til Viðlagasjóðs.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Fjárhags- og viðskiptanefndir beggja þingdeilda ræddu málið á sameiginlegum fundi í gærdag, miðvikudaginn 26. febrúar. Á þeim fundi gerði ég grein fyrir tillögum mínum um aðra fjáröflun til Viðlagasjóðs en gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

Tillögur mínar voru þær, að söluskattur yrði ekki hækkaður frá því sem nú er, en í þess stað yrði það söluskattsstig, sem nú rennur til Viðlagasjóðs, framlengt til lengri tíma en gert er ráð fyrir í frumvarpinu, og að auk þess komi til nokkur bein greiðsla úr ríkissjóði á þessu ári. Benti ég á, að á þann hátt mætti tryggja Viðlagasjóði jafnmiklar tekjur og frumvarpið gerir ráð fyrir til þess að standa við gefin loforð gagnvart vestmanneyingum og norðfirðingum.

Tillögur mínar fengu mjög góðar undirtektir á fundunum og var síðan ákveðið að leita eftir samkomulagi um þær í þingflokkunum.

Þrátt fyrir góðar undirtektir þingmanna úr öllum flokkum við tillögur mínar varð niðurstaðan sú, að fulltrúar ríkisstjórnarinnar í fjárhags- og viðskiptanefnd Nd. tilkynntu á fundi nefndarinnar í morgun, að ekki gæti orðið samkomulag um að breyta tekjuöflunartillögum frumvarpsins.

Ljóst er, að fjárhagsvandamál Viðlagasjóðs vegna tjónsins í Vestmannaeyjum er enn mikið. Áætlað er að útgjöld sjóðsins vegna þess verði rúmar 1100 milljónir króna í ár. Tjónið í Neskaupstað eykur enn við fjárhagsvandann um a. m. k. 500 milljónir kr. og þó sennilega um allmiklu meiri fjárhæð þegar allt verður fram komið. Þennan fjárhagsvanda verður að leysa, ef standa á við þau fyrirheit, sem gefin hafa verið. Samkomulag verður að takast um hvernig vandann skuli leysa. Það leysir ekki vandamál þeirra, sem fyrir tjóni hafa orðið í Vestmannaeyjum og Neskaupstað, að endalaust sé þrætt um fjáröflunarleiðir til að leysa vandann.

Ég harma að ríkisstjórnin skuli ekki hafa fengist til að fallast á hyggilegri leiðir til fjáröflunar fyrir Viðlagasjóð en raun er á, en tel hins vegar algjörlega ábyrgðarlaust að taka þá afstöðu til afgreiðslu málsins sem Alþýðuflokkurinn hefur tekið og augljóslega mundi koma í veg fyrir að staðið yrði við þau fyrirheit, sem vestmanneyingum og norðfirðingum hafa verið gefin.

Ég vil enn freista þess að ná samkomulagi um aðra tekjuöflun til Viðlagasjóðs en hækkun söluskatts og flyt því tillögu um það á sérstöku þingskjali.

Afstaða mín til málsins er að öðru leyti sú, sem ég hef áður lýst, að nái tillögur mínar ekki fram að ganga og aðrar leiðir séu ekki fyrir hendi til meirihluta samþykktar á Alþingi, til þess að hægt verði að standa við lofaðar greiðslur til vestmanneyinga og norðfirðinga, en að samþykkja frumvarpið óbreytt, þá mun ég greiða frumvarpinu atkvæði.

Alþingi, 27. febr. 1975.

Lúðvík Jósepsson.

## Nd. 317. Breytingartillögur [168. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir vegna snjóflóða í Norðfirði og fjáröflun til Viðlagasjóðs.

Frá Lúðvík Jósepssyni.

1. Við 5. gr.
   a) Fyrsti málsliður 5. gr. orðist þannig:
      Á tímabilinu 1. mars 1975 til 30. júní 1976 skal leggja 1% viðlagagjald á söluskattsstofn allra sömu aðila og lög nr. 10/1960, um söluskatt, taka til.
   b) Við 1. málsgr. 5. gr. bætist:
      Ríkissjóður skal á árinu 1975 greiða Viðlagasjóði 400 milljónir króna.

## Ed. 318. Nefndarálit [162. mál]

um frv. til laga um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða o. fl.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Fjárhags- og viðskiptanefnd hefur rætt frv. á tveimur nefndarfundum og áhrif þess til að draga úr kostnaði fyrir þá, er verða að kynda upp húsnæði sitt með olíu. Á fundi nefndarinnar komu ráðuneytisstjóri og skrifstofustjóri viðskipta-

ráðuneytisins og einnig hagrannsóknastjóri, ásamt fulltrúa frá Þjóðhagsstofnun. Þessir aðilar gerðu grein fyrir framkvæmd gildandi laga og kostnaði við olíu-, jarðvarma- og rafmagnsupphitun í landinu. Samkvæmt því kom í ljós, að meðalverð á olíu til húshitunar fyrir árið 1974 reyndist vera kr. 12.53, en er nú kr. 20.20. Hér er því um hækkun að ræða, er nemur 61.2%, og enn má reikna með að olía hækki nokkuð. Augljóst er því, að þeir, sem nota olíu til húshitunar, munu enn fá á sig aukin útgjöld vegna þessarar verðþróunar.

Í 1. gr. frv. segir, að leggja skuli 1% söluskatt á til þess að draga úr áhrifum verðhækkunar á olíu til hitunar íbúðarhúsnæðis. Eftir því sem næst verður komist munu notendur olíu til hitunar húsnæðis síns vera um 95 þús. manns og miðað við núgildandi verðlag yrði kostnaður á mann reiknað á 95 $m^3$ rými á hvern mann samtals 23 028 kr. Tilsvarandi kostnaður reiknað á sama hátt fyrir þá, er njóta jarðvarma með verðlagi 32 kr. pr. tonn af heitu vatni, yrði 6 536 kr. Augljóst er því, að þeir, sem njóta hitaveitu nú þegar, búa við verulega betri lífskjör, er nemur mörgum tugum þúsunda hjá hverri fjölskyldu á árstímabili. Það er talið réttlætanlegt að leggja á 1% söluskatt, er síðan sé jafnaður út til þeirra, er verða að kynda hús sín með olíu.

Undirritaðir telja, að þessi styrkur geti ekki verið minni vegna verðþróunar þeim í óhag, er nota olíu, en 10 000 kr. á ári á mann. Gert er ráð fyrir, að eitt söluskattsstig muni gefa um 960 millj. kr. alls á yfirstandandi ári og ekki verður annað séð en hér sé varlega áætlað. Það er því augljóst mál, að þótt styrkurinn sé hækkaður upp í 10 000 kr. á hvern mann á ári mun enn verða eftir talsverð upphæð, sem getur komið til ráðstöfunar samkv. liðum b og c í breytingartillögu okkar, einkum þegar það er haft í huga, að á næstu mánuðum mun tenging hitaveitu við íbúðarhúsnæði eiga sér stað í Kópavogi, Garðahreppi og Hafnarfirði. Þess er að vænta, að framkvæmdum í þessu skyni seinki ekki, svo að fleiri geti notið kosta hitaveitu.

Við undirritaðir teljum, að ekki geti með rökum verið um lægri upphæðir til jöfnunar á hitunaraðstöðu að ræða á hvern íbúa en 10 000 kr. miðað við ársgreiðslu. Því berum við fram á sérstöku þingskjali tillögu um þessa greiðslu og einnig að þeir, sem noti rafmagn til upphitunar húsa sinna, þurfi ekki að sæta hærri hitunarkostnaði á húsnæði sínu en olíuupphitun hefur í för með sér.

Alþingi, 27. febr. 1975.

Jón Árm. Héðinsson, frsm. Ragnar Arnalds.

## Ed. 319. Breytingartillaga [162. mál]

**við frv. til laga um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnaði íbúða o. fl.**

Frá Jóni Árm. Héðinssyni og Ragnari Arnalds.

2. gr. orðist svo:

Tekjum af gjaldi því, sem um ræðir í 1. gr., skal varið:

a) Til að styrkja þá aðila, sem nota olíu til hitunar íbúða sinna, og greiðist á hvern íbúa, sem býr við olíuupphitun, 10 000.00 kr. á því tímabili, sem um ræðir í 1. gr. Þó skulu lífeyrisþegar, sem njóta bóta samkv. 19. gr. laga um almannatryggingar, og aðrir lífeyrisþegar, sem hafa svipaðar heildartekjur, fá greiddan styrk sem nemur 1½ styrk einstaklings. Olíustyrkur greiðist hverjum framteljanda til skatts og einnig vegna maka og barna, sem eru á

framfæri hans og eigi eru sjálfstæðir framteljendur. Skal hann ekki talinn til tekna við álagningu tekjuskatts og útsvars.

Þegar svo háttar til, að styrkþegi á von á hitaveitu til upphitunar íbúðar sinnar, skal hann njóta styrks fram til þess mánaðar er tenging fer fram.

b) Til að styrkja rafveitur að því marki sem þær nota olíu sem orkugjafa til framleiðslu rafmagns til hitunar íbúða á sölusvæði sínu, þannig að upphitun með rafmagni verði ekki dýrari en olíukynding.

c) Til orkusjóðs til jarðhitarannsókna og hitaveituframkvæmda.

## Ed. 320. Nefndarálit [162. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða o. fl.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur rætt málið á tveim fundum. Starfsmenn viðskiptaráðuneytisins og Þjóðhagsstofnunar komu á sameiginlegan fund nefnda beggja deilda og gáfu ýmsar upplýsingar.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum, sem koma fram á sérstöku þingskjali.

Minni hlutinn skilar séráliti.

Alþingi, 27. febr. 1975.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm.
Jón Helgason, fundaskr.
Jón G. Sólnes.
Axel Jónsson.

## Ed. 321. Breytingartillögur [162. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða o. fl.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

1. Við 2. gr.
   a. Í stað „kr. 7 200“ í a-lið komi: kr. 8 200.
   b. Síðasti málsliður a-liðar orðist svo:
      Styrkur þessi skal ekki greiddur til þeirra, sem eiga kost á að tengja íbúðir sínar við hitaveitu á þeim ársfjórðungi, sem styrkur kemur til greiðslu.
   c. b-liður orðist svo:
      Til að styrkja rafveitur að því marki, sem þær nota olíu sem orkugjafa til framleiðslu rafmagns til hitunar íbúða á sölusvæði sínu, þannig að upphitun með rafmagni verði ekki að jafnaði óhagkvæmari en olíukynding.
   d. c-liður orðist svo:
      Til Orkusjóðs til að hraða hitaveitu- og raforkuframkvæmdum vegna hitunar íbúða, að því leyti sem tekjunum er ekki ráðstafað samkv. a- og b-lið þessarar greinar.
2. Við fyrirsögn. Í stað orðsins „hitunarkostnaði“ komi: hitunarkostnað.

**Nd.** **322. Nefndarálit** [168. mál]

um frv. til laga um ráðstafanir vegna snjóflóða í Norðfirði og fjáröflun til Viðlagasjóðs.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin er sammála um, að sjálfsagt sé að halda áfram fjáröflun til Viðlagasjóðs svo lengi sem þörf er á til þess að hann geti staðið við þær skuldbindingar, sem hann hefur tekist á hendur vegna náttúruhamfaranna í Vestmannaeyjum. Nefndin er einnig sammála um, að jafnsjálfsagt sé að afla nauðsynlegs fjár til þess að bæta það tjón, sem varð vegna snjóflóðanna í Norðfirði, svo og vegna tjóns, sem orðið hefur eða verða kann vegna slíkra náttúruhamfara annars staðar á landinu.

Nefndin hefur hins vegar ekki orðið sammála um, hvernig fjár í þessu skyni skuli aflað. Í þessu frv. er gert ráð fyrir því að framlengja gildandi lagaákvæði um 1% viðlagagjald í þessu skyni til ársloka 1975 og bæta við það öðru söluskattsstigi, þannig að söluskattur hækki í 20% frá 1. mars n. k. Í nefndinni hefur frv. hlotið stuðning fulltrúa stjórnarflokkanna og Alþýðubandalagsins.

Þingflokkur Alþýðuflokksins telur hækkun söluskatts um eitt stig óþarfa í þessu sambandi. Hinn 11. desember s. l. gerði stjórn Viðlagasjóðs eftirfarandi tillögu um tekjuöflun til Viðlagasjóðs:

„Það er því tillaga stjórnar sjóðsins, að núverandi tekjustofn verði framlengdur í 12 mánuði, þ. e. til febrúarloka 1976 ..... Í árslokin 1975 yrði skuldin við Seðlabankann 827 millj. kr. Þá væri óinnkomið söluskattsstig seinustu 4 mánaðanna, sem áætlast 332 millj. kr., og mundi lækka þessa skuld á fyrstu mánuðum ársins 1976 í 495 millj. kr. Á móti væru eignir sjóðsins skuldabréf til langs tíma umfram skuldbindingar við aðra en bankann, 1 350 millj. kr..... Afborganir af þessum skuldabréfum mundu þá greiða skuldina við Seðlabankann á nokkrum árum."

Samkvæmt þessu er það skoðun stjórnar Viðlagasjóðs, að fyllilega væri séð fyrir fjárþörf sjóðsins vegna Vestmannaeyjavandans með því að framlengja gildandi fjáröflunarákvæði til febrúarloka 1976. Þingflokkur Alþýðuflokksins lýsti því þegar yfir, að hann væri reiðubúinn til þess að styðja slíka fjáröflun, og er það enn.

Tjón vegna snjóflóðanna í Norðfirði hefur verið metið á 500 millj. kr. Þegar lög um neyðarráðstafanir vegna jarðelda á Heimaey voru upphaflega sett 7. febrúar 1973, var talið eðlilegt, að ríkissjóður legði fram nokkurt fé til sjóðsins og drægi úr útgjöldum sínum sem því svaraði, þannig að byrðarnar dreifðust ekki aðeins á almenning og fyrirtæki, heldur einnig á opinbera aðila. Í lögunum sagði því m. a.:

„Ríkissjóður skal leggja til Viðlagasjóðs 160 millj. kr., og er ríkisstjórninni heimilt að draga úr útgjöldum ríkisins sem þessari fjárhæð nemur."

Eðlilegt er, að ríkissjóður taki áfram þátt í greiðslu bóta vegna náttúruhamfara í landinu með því að draga úr útgjöldum sínum. Með hliðsjón af því, hversu fjárlög yfirstandandi árs eru miklu hærri en fjárlög ársins 1973, verður það síður en svo talin ofætlun gagnvart ríkissjóði, að hann leggi nú 500 millj. kr. til Viðlagasjóðs með því að draga úr útgjöldum sínum, en þá hefði sjóðurinn nægilegt fé til þess að bæta tjónið vegna snjóflóðanna í Norðfirði. Þess vegna er það skoðun þingflokks Alþýðuflokksins, að til viðbótar framlengingu á gildandi tekjustofnum Viðlagasjóðs í tólf mánuði eigi að koma 500 millj. kr. framlag úr ríkissjóði. Með því móti yrði sjóðnum kleift að standa við allar þær skuldbindingar, sem þingheimur er á einu máli um að sjálfsagt sé að gera.

Þingflokkur Samtaka frjálslyndra og vinstri manna á ekki fulltrúa í fjárhags- og viðskiptanefnd deildarinnar. Þegar í ljós kom við 1. umræðu málsins, að málsvari

flokksins var einnig andvígur hækkun söluskattsins og hafði svipaða afstöðu til málsins í heild og hér hefur verið lýst, höfðu þingflokkarnir samráð um meðferð málsins í nefndinni. Í framhaldi af því flytja formenn þingflokkanna tillögu á sérstöku þingskjali um, að gildandi ákvæði um fjáröflun til Viðlagasjóðs skuli framlengd um tólf mánuði og að ríkissjóður skuli leggja sjóðnum 500 millj. kr., en sé heimilt að draga úr útgjöldum ríkisins sem þessari fjárhæð nemur.

Í þessu sambandi er rétt að vekja sérstaka athygli á, að miðstjórn og samninganefnd Alþýðusambands Íslands hefur ritað nefndinni bréf, þar sem hækkun söluskatts nú er talin algerlega óþörf í sambandi við nauðsynlegar bætur vegna tjónanna í Vestmannaeyjum og í Norðfirði og henni harðlega mótmælt, enda hafi kjör launþega undanfarið rýrnað svo mjög, að ókleift sé að bera frekari byrðar. Verði hækkun söluskatts í 20% samþykkt nú, munu launþegasamtök skoða það sem beina árás á lífskjör almennings, og mun það auka mjög á þann vanda, sem við er að etja í samningum launþega og vinnuveitenda. Við núverandi aðstæður er varla unnt að hugsa sér óhyggilegri ráðstöfun af hálfu stjórnvalda en að magna enn verðbólgubálið með ónauðsynlegri hækkun á söluskatti og þar með nær öllu verðlagi, samtímis því sem kaupgjald er bundið með lögum. Þeir þingmenn, sem segjast vera andstæðingar ríkisstjórnarinnar, en taka þátt í þessari árás hennar á lífskjör almennings, taka mikla ábyrgð á herðar sér og munu hljóta þungan dóm.

Alþingi, 27. febr. 1975.

Gylfi Þ. Gíslason.

## Nd. 323. Breytingartillögur [168. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir vegna snjóflóða í Norðfirði og fjáröflun til Viðlagasjóðs.

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni og Karvel Pálmasyni.

Við 5. gr.

a) 1. málsgr. orðist svo:

Á tímabilinu 1. mars 1975 til 29. febrúar 1976 skal leggja 1% viðlagagjald á söluskattsstofn allra sömu aðila og lög nr. 10/1960, um söluskatt, taka til.

b) Við gr. bætist:

Ríkissjóður skal leggja til Viðlagasjóðs 500 millj. króna, og er ríkisstjórninni heimilt að draga úr útgjöldum ríkisins sem þessari fjárhæð nemur.

## Nd. 324. Fyrirspurn [172. mál]

til utanríkisráðherra um endurskipulagningu utanríkisþjónustunnar.

Frá Magnúsi Kjartanssyni.

**Hvenær má** vænta efnda á marggefnum fyrirheitum um endurskipulagningu utanríkisþjónustunnar? Hver verða meginatriði þeirrar endurskipulagningar?

**Fyrirspurninni** óskast svarað með skýrslu í neðri deild Alþingis skv. 32. gr. þingskapa.

## Nd. 325. Fyrirspurn [173. mál]

til iðnaðarráðherra um nýtingu innlendra orkugjafa í stað olíu.

Frá Magnúsi Kjartanssyni.

1. **Hvernig eru áætlanir ríkisstjórnarinnar um hitaveituframkvæmdir um allt land? Hverjir verða árlegir áfangar? Hver verður árlegur kostnaður og hvernig verður** hann fjármagnaður?
2. **Hverjar eru áætlanir ríkisstjórnarinnar um rafhitun húsa um land allt þar sem jarðvarmi er ekki tiltækur? Hverjir verða árlegir áfangar? Hver verður árlegur kostnaður og hvernig verður hann fjármagnaður?**

**Fyrirspurninni óskast svarað með skýrslu í neðri deild Alþingis skv. 32. gr.** þingskapa.

## Nd. 326. Lög [84. mál]

um breyting á útvarpslögum, nr. 19/1971.

(Afgreidd frá Nd. 27. febr.)

Samhljóða þskj. 92.

## Nd. 327. Frumvarp til laga [21. mál]

um trúfélög.

(Eftir 2. umr. í Nd., 27. febr.)

Samhljóða þskj. 24 með þessari breytingu:

22. gr. hljóðar svo:

**Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1975, og falla þá jafnframt úr gildi lög um utan-þjóðkirkjumenn, nr. 4 1886, og lög nr. 6 1904, um breyting á þeim lögum.**

## Ed. 328. Frumvarp til laga [162. mál]

**um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða** o. fl.

(Eftir 2. umr. í Ed., 27. febr.)

Samhljóða þskj. 300 með þessari breytingu:

2. gr. **hljóðar svo:**

**Tekjum af gjaldi því, sem um ræðir í 1. gr., skal varið:**

a) **Til að styrkja þá aðila, sem nota olíu til hitunar íbúða sinna, og greiðist á hvern íbúa, sem býr við olíuupphitun, kr. 8 200 á því tímabili, sem um ræðir í 1. gr. Þó skulu lífeyrisþegar, sem njóta bóta samkv. 19. gr. laga um almanna-tryggingar, og aðrir lífeyrisþegar, sem hafa svipaðar heildartekjur, fá greiddan styrk, sem nemur 1½ styrk einstaklings. Olíustyrkur greiðist hverjum framteljanda til skatts og einnig vegna maka og barna, sem eru á framfæri hans og eigi eru sjálfstæðir framteljendur. Skal hann ekki talinn til tekna við álagningu**

tekjuskatts og útsvars. Styrkur þessi skal ekki greiddur til þeirra, sem eiga kost á að tengja íbúðir sínar við hitaveitu á þeim ársfjórðungi, sem styrkur kemur til greiðslu.

b) Til að styrkja rafveitur að því marki, sem þær nota olíu sem orkugjafa til framleiðslu rafmagns til hitunar íbúða á sölusvæði sínu, þannig að upphitun með rafmagni verði ekki að jafnaði óhagkvæmari en olíukynding.

c) Til Orkusjóðs til að hraða hitaveitu- og raforkuframkvæmdum vegna hitunar íbúða, að því leyti sem tekjunum er ekki ráðstafað samkv. a- og b-lið þessarar greinar.

## Nd. 329. Frumvarp til laga [168. mál]

um ráðstafanir vegna snjóflóða í Norðfirði og fjáröflun til Viðlagasjóðs.

(Eftir 2. umr. í Nd., 27. febr.)

Samhljóða þskj. 307 með þessari breytingu:

6. gr. hljóðar svo:

Stjórn Viðlagasjóðs er heimilt í samráði við stjórn Bjargráðasjóðs að bæta tjón, sem orðið hafa af náttúruhamförum eða verða annars staðar á landinu.

## Nd. 330. Breytingartillögur [162. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða o. fl.

Frá Karvel Pálmasyni.

1. Við 1. gr. Á eftir orðunum „svo og um aðra framkvæmd“ bætist: Einnig skal á tímabilinu 1. mars 1975 til 29. febrúar 1976 leggja 20% aukagjald á gjaldskrár hitaveitna og skal því á sama hátt varið til að draga úr áhrifum verðhækkunar á olíu til hitunar íbúðarhúsnæðis.
2. Við 2. gr.
   a. Niður falli í a-lið „kr. 8 200“.
   b. Í stað orðanna „sem nemur 1½ styrk einstaklings“ í a-lið komi: sem nemur tvöföldum styrk einstaklings.
   c. c-liður falli niður.

## Nd. 331. Breytingartillaga [162. mál]

við frv. til laga um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða o. fl.

Frá Gunnlaugi Finnssyni.

Við 2. gr. C-liður orðist svo:

Til Orkusjóðs til að hraða raforkuframkvæmdum vegna hitunar íbúða, að því leyti sem tekjunum er ekki ráðstafað samkv. a- og b-lið þessarar greinar.

## Nd. 332. Nefndarálit [162. mál]

**um frv. til laga um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða o. fl.**

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt málið á tveim fundum sínum og var hinn fyrri sameiginlegur með fjárhags- og viðskiptanefnd Ed. Á þeim fundi voru mættir starfsmenn viðskiptaráðuneytisins og Þjóðhagsstofnunar og gáfu þeir ýmsar upplýsingar.

Nefndin mælir með frv. eins og það er komið frá Ed. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja breytingartillögur eða fylgja þeim.

Alþingi, 27. febr. 1975.

| | | |
|---|---|---|
| Ólafur G. Einarsson, form., frsm. | Lárus Jónsson, fundaskr. | Þórarinn Þórarinsson. |
| Gylfi Þ. Gíslason. | Lúðvík Jósepsson. | Ey. Kon. Jónsson. |
| | Tómas Árnason. | |

## Ed. 333. Nefndarálit [168. mál]

**um frv. til l. um ráðstafanir vegna snjóflóða í Norðfirði og fjáröflun til Viðlagasjóðs.**

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Fjárhags- og viðskiptanefndir beggja þingdeilda ræddu þetta mál í fyrsta sinn á sameiginlegum fundi miðvikudaginn 26. febrúar, og þá þegar gerðum við Alþýðubandalagsmenn tillögu um aðra fjáröflun til Viðlagasjóðs en gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

Tillögur okkar voru þær, að söluskattur yrði ekki hækkaður frá því sem nú er, en í þess stað yrði það söluskattsstig, sem nú rennur til Viðlagasjóðs, framlengt til lengri tíma en gert er ráð fyrir í frumvarpinu, og að auk þess komi til nokkur bein greiðsla úr ríkissjóði á þessu ári. Bentum við á, að á þann hátt mætti tryggja Viðlagasjóði jafnmiklar tekjur og frumvarpið gerir ráð fyrir til þess að standa við gefin loforð gagnvart vestmanneyingum og norðfirðingum.

Á þessar tillögur hefur þó ekki verið fallist, og í neðri deild var síðan samþykkt að leggja á 1% söluskatt til viðbótar, sem rynni til Viðlagasjóðs.

Í fjárhags- og viðskiptanefnd efri deildar hef ég enn freistað þess að ná samkomulagi um aðra tekjuöflun til Viðlagasjóðs en hækkun söluskattsins en án árangurs, og flyt ég því slíka tillögu á sérstöku þingskjali ásamt Jóni Ármanni Héðinssyni.

Ég ítreka, að hækkun söluskatts er óskynsamleg leið til lausnar á þessum vanda, en þar sem aðalatriði málsins er að staðið sé við þau fyrirheit, sem gefin hafa verið um fjárhagsstuðning við norðfirðinga til að bæta hið gífurlega tjón, sem þar hefur orðið, mun ég greiða frumvarpinu atkvæði, ef fyrrnefnd breytingartillaga okkar verður felld.

Alþingi, 27. febr. 1975.

Ragnar Arnalds.

## Ed. 334. Breytingartillögur [168. mál]

**við frv. til l. um ráðstafanir vegna snjóflóða í Norðfirði og fjáröflun til Viðlagasjóðs.**

Frá Ragnari Arnalds og Jóni Árm. Héðinssyni.

1. Við 5. gr.
   a) Fyrsti málsliður 5. gr. orðist þannig:
   **Á tímabilinu 1. mars 1975 til 30. júní 1976 skal leggja 1% viðlagagjald á söluskattsstofn allra sömu aðila og lög nr. 10/1960, um söluskatt, taka til.**
   b) Við 1. málsgr. 5. gr. bætist:
   **Ríkissjóður skal á árinu 1975 greiða Viðlagasjóði 400 milljónir króna.**

## Ed. 335. Nefndarálit [168. mál]

**um frv. til l. um ráðstafanir vegna snjóflóða í Norðfirði og fjáröflun til Viðlagasjóðs.**

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

**Fjárhags-** og viðskiptanefnd hefur rætt málið á tveimur fundum, en annar fundurinn var sameiginlegur með fjárhags- og viðskiptanefnd neðri deildar.

**Nefndin** varð ekki sammála um afgreiðslu **málsins.**

**Meiri hlutinn,** undirritaðir nefndarmenn, leggur til að frumvarpið verði samþykkt **óbreytt.**

Minni hlutinn skilar séráliti.

Alþingi, 27. febr. 1975.

| | | |
|---|---|---|
| **Halldór Ásgrímsson,** form. | **Jón Helgason,** fundaskr. | **Jón G. Sólnes,** frsm. |
| Axel Jónsson. | Albert Guðmundsson. | |

## Ed. 336. Nefndarálit [168. mál]

um frv. til laga um ráðstafanir vegna snjóflóða í Norðfirði og fjáröflun til Viðlagasjóðs.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin er sammála um, að sjálfsagt sé að halda áfram fjáröflun til Viðlagasjóðs svo lengi sem þörf er á til þess að hann geti staðið við þær skuldbindingar, sem hann hefur tekist á hendur vegna náttúruhamfaranna í Vestmannaeyjum. Nefndin er einnig sammála um, að jafnsjálfsagt sé að afla nauðsynlegs fjár til þess að bæta það tjón, sem varð vegna snjóflóðanna í Norðfirði, svo og vegna tjóns, sem orðið hefur eða verða kann vegna slíkra náttúruhamfara annars staðar á landinu.

Nefndin hefur hins vegar ekki orðið sammála um, hvernig fjár í þessu skyni skuli aflað. Í þessu frv. er gert ráð fyrir því að framlengja gildandi lagaákvæði um 1% viðlagagjald í þessu skyni til ársloka 1975 og bæta við það öðru söluskattsstigi, þannig að söluskattur hækki í 20% frá 1. mars n. k. Í nefndinni hefur frv. hlotið stuðning fulltrúa stjórnarflokkanna og Alþýðubandalagsins.

Þingflokkur Alþýðuflokksins telur hækkun söluskatts um eitt stig óþarfa í þessu sambandi. Hinn 11. desember s. l. gerði stjórn Viðlagasjóðs eftirfarandi tillögu um tekjuöflun til Viðlagasjóðs:

„Það er því tillaga stjórnar sjóðsins, að núverandi tekjustofn verði framlengdur í 12 mánuði, þ. e. til febrúarloka 1976 ..... Í árslokin 1975 yrði skuldin við Seðlabankann 827 millj. kr. Þá væri óinnkomið söluskattsstig seinustu 4 mánaðanna, sem áætlast 332 millj. kr., og mundi lækka þessa skuld á fyrstu mánuðum ársins 1976 í 495 millj. kr. Á móti væru eignir sjóðsins skuldabréf til langs tíma umfram skuldbindingar við aðra en bankann, 1 350 millj. kr..... Afborganir af þessum skuldabréfum mundu þá greiða skuldina við Seðlabankann á nokkrum árum."

Samkvæmt þessu er það skoðun stjórnar Viðlagasjóðs, að fyllilega væri séð fyrir fjárþörf sjóðsins vegna Vestmannaeyjavandans með því að framlengja gildandi fjáröflunarákvæði til febrúarloka 1976. Þingflokkur Alþýðuflokksins lýsti því þegar yfir, að hann væri reiðubúinn til þess að styðja slíka fjáröflun, og er það enn.

Tjón vegna snjóflóðanna í Norðfirði hefur verið metið á 500 millj. kr. Þegar lög um neyðarráðstafanir vegna jarðelda á Heimaey voru upphaflega sett 7. febrúar 1973, var talið eðlilegt, að ríkissjóður legði fram nokkurt fé til sjóðsins og drægi úr útgjöldum sínum sem því svaraði, þannig að byrðarnar dreifðust ekki aðeins á almenning og fyrirtæki, heldur einnig á opinbera aðila. Í lögunum sagði því m. a.:

„Ríkissjóður skal leggja til Viðlagasjóðs 160 millj. kr., og er ríkisstjórninni heimilt að draga úr útgjöldum ríkisins sem þessari fjárhæð nemur."

Eðlilegt er, að ríkissjóður taki áfram þátt í greiðslu bóta vegna náttúruhamfara í landinu með því að draga úr útgjöldum sínum. Með hliðsjón af því, hversu fjárlög yfirstandandi árs eru miklu hærri en fjárlög ársins 1973, verður það síður en svo talin ofætlun gagnvart ríkissjóði, að hann leggi nú 500 millj. kr. til Viðlagasjóðs með því að draga úr útgjöldum sínum, en þá hefði sjóðurinn nægilegt fé til þess að bæta tjónið vegna snjóflóðanna í Norðfirði. Þess vegna er það skoðun þingflokks Alþýðuflokksins, að til viðbótar framlengingu á gildandi tekjustofnum Viðlagasjóðs í tólf mánuði eigi að koma 500 millj. kr. framlag úr ríkissjóði. Með því móti yrði sjóðnum kleift að standa við allar þær skuldbindingar, sem þingheimur er á einu máli um að sjálfsagt sé að gera.

Í þessu sambandi er rétt að vekja sérstaka athygli á, að miðstjórn og samninganefnd Alþýðusambands Íslands hefur ritað nefndinni bréf, þar sem hækkun söluskatts nú er talin algerlega óþörf í sambandi við nauðsynlegar bætur vegna tjónanna í Vestmannaeyjum og í Norðfirði og henni harðlega mótmælt, enda hafi kjör launþega undanfarið rýrnað svo mjög, að ókleift sé að bera frekari byrðar. Verði hækkun söluskatts í 20% samþykkt nú, munu launþegasamtök skoða það sem beina árás á lífskjör almennings, og mun það auka mjög á þann vanda, sem við er að etja í samningum launþega og vinnuveitenda. Við núverandi aðstæður er varla unnt að hugsa sér óhyggilegri ráðstöfun af hálfu stjórnvalda en að magna enn verðbólgubálið með ónauðsynlegri hækkun á söluskatti og þar með nær öllu verðlagi, samtímis því sem kaupgjald er bundið með lögum. Þeir þingmenn, sem segjast vera andstæðingar ríkisstjórnarinnar, en taka þátt í þessari árás hennar á lífskjör almennings, taka mikla ábyrgð á herðar sér og munu hljóta þungan dóm. Undirritaður stendur að breytingartillögu ásamt fulltrúa Alþýðubandalagsins í fjárhags- og viðskiptanefnd. Þar er bent á raunhæfustu leiðina, eins og ástatt er nú hjá þjóðinni með efnahagsmálin.

Alþingi, 28. febr. 1975.

Jón Árm. Héðinsson.

## Nd. 337. Breytingartillaga [162. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða o. fl.

Frá Lúðvík Jósepssyni og Gylfa Þ. Gíslasyni.

Við 2. gr. Í stað „kr. 8200“ í a-lið komi: kr. 10 000.

## Nd. 338. Breytingartillaga [162. mál]

við frv. til laga um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnaði íbúða o. fl.

Frá Gunnlaugi Finnssyni.

Á eftir orðunum „svo og um aðra framkvæmd“ í 1. gr. bætist: Einnig skal á tímabilinu 1. mars 1975 til 29. febr. 1976 leggja 20% aukagjald á gjaldskrár hitaveitna og skal því á sama hátt varið til að draga úr áhrifum verðhækkunar á olíu til hitunar íbúðarhúsnæðis, þar til jöfnuði er náð miðað við rafhitun. Afganginum skal ráðstafað samkvæmt c-lið 2. greinar. Gjald þetta skal undanskilið við útreikning á kaupgjaldsvísitölu.

## Ed. 339. Breytingartillaga [168. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir vegna snjóflóða í Norðfirði og fjáröflun til Viðlagasjóðs.

Frá Steingrími Hermannssyni.

Við 5. gr. Fyrsti málsliður orðist þannig:

Á tímabilinu 1. mars 1975 til 31. des. 1976 skal leggja 1% viðlagagjald á söluskattsstofn allra sömu aðila og lög nr. 10/1960, um söluskatt, taka til.

## Nd. 340. Breytingartillaga [162. mál]

við frv. til laga um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða o. fl.

Frá Magnúsi Kjartanssyni.

Við 2. gr. C-liður orðist svo:

Til þess að fullgera framkvæmda- og fjármögnunaráætlun um nýtingu innlendra orkugjafa í stað innfluttrar olíu. Verði áætlunin við það miðuð, að lokið verði við jarðvarmaveitur, þar sem þær eru hagkvæmar, á árinu 1977 og að fyrir lok þessa áratugs eigi landsmenn kost á nægri raforku til húshitunar og annarra þarfa. Í áætluninni verði ákveðnar virkjanir, samtenging allra orkuveitusvæða landsins og breyting á dreifikerfum til að ná þessu marki, enn fremur árleg fjármögnun með innlendum sparnaði og erlendum lántökum.

**Ed.** **341. Lög** [168. mál]

um ráðstafanir vegna snjóflóða í Norðfirði og fjáröflun til Viðlagasjóðs.

(Afgreidd frá Ed. 28. febr.)

Samhljóða þskj. 329 (sbr 307).

**Nd.** **342. Lög** [162. mál]

um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða o. fl.

(Afgreidd frá Nd. 28. febr.)

Samhljóða þskj. 328 (sbr. 300).

**Ed.** **343. Tillaga til þingsályktunar** [174. mál]

um áburðarverksmiðju á Norðausturlandi í sambandi við Kröfluvirkjun.

Flm.: Stefán Jónsson.

*Alþingi ályktar að láta nú þegar hefja undirbúning að gerð verksmiðju er nýti orku frá fyrirhugaðri Kröfluvirkjun til framleiðslu á tilbúnum áburði. Verði verksmiðjan reist í Norður-Þingeyjarsýslu, annað tveggja á Kópaskeri eða við Fjallahöfn, eftir því hvor staðurinn þykir heppilegri með tilliti til hafskipahafnar.*

Greinargerð.

Nú eru góðar horfur á því, að takast muni að leysa úr brýnustu þörf norðlendinga fyrir raforku til húshitunar og annars heimilishalds með því að flýta Kröfluvirkjun og þá fyrst með því að fá til afnota þegar á næsta sumri lítinn hverfil, er nýti orku úr tilraunaborholu, sem þegar hefur verið gerð, en síðan, þegar á árinu 1976, að virkja nýjar borholur fyrir 30 megavatta gufuhverfil, og svo loks á árinu 1977 að tengja annan 30 megavatta hverfil við gufuaflið. Líkur benda til þess, að þá sé enn ónytjað mjög mikið gufuafl á Kröflusvæðinu, og að taka megi með sama hætti og tiltölulega litlum tilkostnaði tuga megavatta orku, þannig að unnt verði að nytja raforku á þessu svæði til iðnaðarframleiðslu.

Nú er svo komið, að mikið vantar á að Áburðarverksmiðja ríkisins í Gufunesi anni áburðarþörf landsmanna. Tilbúinn áburður hefur hækkað svo mikið í verði á síðustu missirum, að til stórvandræða horfir, og raunar sýnt að fjöldi bænda stendur nú þegar ráðþrota gagnvart þessu vandamáli. Líkur benda til þess að áburðarkostnaður á hvert kílógramm af þurrkuðu heyi verði 11—12 krónur á sumri komanda. Ljóst er að raforku verður ekki varið til hagkvæmari nota, svo að sæmilegt sé, en til áburðarframleiðslu, hvort heldur miðað er við innlendan markað eða útflutning, þar eð hér er um að ræða undirstöðuvöru til matvælaframleiðslu í sveltandi heimi. Það er einnig sýnt, að með skynsamlegri stefnu í virkjunarmálum ættum við að geta orðið aflögufærir um raforku í þessu skyni í sívaxandi mæli á næstu árum.

Enn fremur má telja það auðsætt af áætlunum, sem gerðar hafa verið um hafnargerð við Grundartanga í Hvalfirði, að okkur á að vera tiltækt lánsfé til

hafnargerðar á Kópaskeri eða við Fjallahöfn í Norður-Þingeyjarsýslu. Þangað er skammt að leiða rafmagn frá Kröflusvæðinu, og brýn þörf fyrir höfn í þágu þjóðlegra atvinnuvega sýslubúa. Yrði hafnargerð á þeim slóðum hin mesta lyftistöng fyrir dreifbýlið, andstætt því sem yrði um hafnargerð við Grundartanga.

## Ed. 344. Nefndarálit [11. mál]

um frv. til l. um launajöfnunarbætur, bætur almannatrygginga og verðlagsmál.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Fráfarandi vinstri stjórn reyndi með mjög misjöfnum árangri undir forustu Framsóknarflokksins að hamla á móti verðbólgunni hér á landi. En eins og öllum er vel kunnugt tókst ekki betur en svo til, að hér á landi ríkti á 12 seinustu mánuðum hennar meiri verðbólga en í öllum öðrum löndum Evrópu og var mæld um 44%. Margt stuðlaði að þessari þróun, en þó langmest stjórnleysi á efnahagsmálum hér heima. Sett voru lög um viðnám gegn verðbólgu, en þau gerðu takmarkað gagn og sífellt gengissig og gengisfellingar eyddu jákvæðum ákvæðum áhrifum laganna.

Núverandi ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins og Framsóknar ákvað að setja nýja löggjöf, er tímabil áðurnefndra laga rynni út, og skyldi sú löggjöf tryggja nægjanlegt svigrúm, eins og það var orðað, fyrir ríkisstjórnina að móta nýja stefnu í efnahagsmálum þjóðarinnar, með fyrirheiti um að í árslok 1975 yrði verðbólga hér á landi um 15%. Á þeim tíma, sem liðinn er frá setningu bráðabirgðalaga í þessu skyni með bindingu á kaupgjaldsvísitölu til 1. júní 1975, bendir bókstaflega ekkert til þess að þessu marki verði náð. Þvert á móti mun seinasta gengisfelling og svo nú óþarfahækkun á söluskatti úr 19 í 20% valda vaxandi verðbólgu hér innanlands og skapa nýtt verðþenslutímabil. Varla líður sá dagur að ekki komi tilkynning um margvíslegar verðhækkanir á brýnustu lífsnauðsynjum, er orsakast af gengisfellingunni. Landbúnaðarvörur voru hækkaðar um 12—20% 1. des. s. l. og væntanlegt er nýtt verð á þeim nú í marsbyrjun og mun sú hækkun verða veruleg, þar sem engin leið er að auka niðurgreiðslur, þvert á móti kann svo að reynast að þær verði verulega minni er á árið líður.

Þótt lögin geri ráð fyrir launauppbót hiá þeim, sem minnst hafa, er sú upphæð bundin við hámark, 3 500 kr. á mánuði. Þessi upphæð hverfur því sem dögg fyrir sólu í verðbólgubálinu og láglaunafólkið er verr sett en áður og munu kjör þess ekki vera betri en á árinu 1971. Hér er því um umtalsverða kjararýrnun að ræða. Þessari kjaraskerðingarstefnu núverandi íhaldsstjórnar hefur verkalýðshreyfingin mjög ákveðið mótmælt.

Í 3. gr. frumvarpsins eru ákvæði um láglaunabætur til bænda. Vissulega munu margir bændur vel komnir að því að fá kjör sín bætt, en fullkomlega ósanngjarnt er að verðleggja landbúnaðarvörur með þessu álagi í útsölu til neytenda og leggja svo söluskatt á láglaunabæturnar. Þessi vinnubrögð eru að mati undirritaðs með öllu óverjandi og hrein háðung fyrir þá er að þeim standa. Þetta sérálag gerir nú kr. 7.55 í verðmyndun kindakjöts við seinustu verðákvörðun, og svo er settur söluskattur til viðbótar er nemur kr. 1.43. Samtals verður þetta því kr. 8.98 í verðinu til neytenda. Með slíkri verðlagningu eru kjör láglaunafólksins beinlínis rýrð verulega. Ríkisstjórnin hefur hugsað sér að greiða þetta niður, en til þess þarf auðvitað auknar tekjur, sem afla verður með einu eða öðru móti. Talið er að heildarupphæð niðurgreiðslna muni nema um 3 600 milljónum króna á yfirstandandi ári, og auk þess gera fjárlög ráð fyrir uppbótum á útfluttar landbúnaðarafurðir um 720 millj. kr. Þrátt fyrir þetta heyrast nú raddir í þá átt, að hækka þurfi útflutningsuppbætur um 500—600 milljónir eða alls upp í um 1300 milljónir

króna á yfirstandandi ári. Þessari þróun vill undirritaður alvarlega mótmæla. Svo virðist, að öllum lögum megi breyta, er snerta kjör hins almenna launþega, en það er talin árás ef ýjað er að því að endurskoða lög um uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir. Allir sanngjarnir menn hljóta þó að sjá nauðsyn á því að taka til endurskoðunar löggjöfina um verðlagningu landbúnaðarvara og bætur á umframframleiðslu, sem flytja verður út úr landinu.

Forsvarsmenn launþegasamtakanna hafa undanfarnar vikur átt viðræður við hæstvirta ríkisstjórn um úrbætur í kjaramálum og þó fyrst og fremst leitast við að finna möguleika á bótum til þeirra, er lægri laun hafa en 60 000 kr. á mánuði. Ríkisstjórnin talar nú um að mæta nýjustu hækkunum vegna gengisfellingarinnar og hækkun á söluskatti með nýjum verðlagsuppbótum eða láglaunagreiðslum, og er talað um allt að 3 600 kr. á lægstu launaviðmiðun, á daglaunin. Þetta á að lögbjóða. En því miður hrekkur þetta alls ekki til á móti þeim hækkunum, sem orsakast af aðgerðum ríkisstjórnarinnar vegna gengisfellingar og hækkunar söluskatts.

Það er því staðreynd, að hvernig sem talsmenn ríkisstjórnarinnar reyna að setja þessar tölur sem hlutfall á laun og fá með því út sem hæsta prósentutölu, eru verk ráðherranna þau ein, að þeir taka meira frá þessu fólki en þeir stuðla að því að það fái til baka. Alþýðuflokkurinn mótmælir harðlega þessari lífskjarastefnu ríkisstjórnarinnar. Við minnum enn einu sinni á hinn stóra hóp öryrkja og aldraðs fólks, er með engu móti getur bætt sér upp rýrnandi lífskjör og voru þau ekki of góð.

Alþýðuflokkurinn krefst þess að ríkisstjórnin komi fram með raunhæfar tillögur til umræðna til þess að draga úr útgjöldum ríkissjóðs og fullt samstarf sé haft við stjórnarandstöðuna í þessum málum. Það er sýndarmennska ein að slá fram, að ríkisstjórnin ætli sér að draga úr ríkisútgjöldum allt að 3.5 milljörðum, án þess að byrja að ræða það við þingmenn eða samtök sveitarfélaga, og fullyrða á sama tíma að markmiðið sé óbreytt að full atvinna verði tryggð.

Alþingi, 28. febr. 1975.

Jón Árm. Héðinsson.

## Sþ. 345. Tillaga til þingsályktunar [175. mál]

um skipunartíma opinberra starfsmanna.

Flm.: Ellert B. Schram.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að taka upp þá reglu við skipun háttsettra opinberra starfsmanna, að skipunartími þeirra verði miðaður við 4—6 ár í senn. Ríkisstjórnin beiti sér fyrir nauðsynlegum lagabreytingum í samræmi við þessa ákvörðun.

### Greinargerð.

Þegar opinberir starfsmenn eru skipaðir er það meginregla hér eins og annars staðar, að skipun þeirra sé óuppsegjanleg. Frávik frá þeirri reglu eru þau, að starfsmaður brjóti af sér, starfið sé lagt niður eða fullnægi ekki almennum skilyrðum, sbr. lög nr. 38/1954. Að öðrum kosti halda þeir starfi sínu þar til þeir ná hámarksaldri. Í þessu er fólgið mikið öryggi fyrir viðkomandi starfsmenn og skapar um leið nokkra festu í opinberri stjórnsýslu. Með löngu starfi öðlast menn reynslu og þekkingu, sem getur reynst ómetanleg.

Á hinn bóginn hefur verið bent á, að starfsmenn gerist værukærir og vanabundnir á löngum starfsaldri og að embætti og starfsemi þeirra staðni, þegar sömu starfsmennirnir séu ráðandi þar um langan aldur.

Ljóst er, að ekki er fært né rétt að breyta þeirri meginreglu, að opinber störf séu óuppsegjanleg, enda felast í þeirri reglu ein mikilvægustu réttindi opinberra starfsmanna. Sú regla þarf þó ekki að ná til allra opinberra starfsmanna, og er þá átt við æðstu embættismennina, ráðuneytisstjóra, forstjóra stofnana, deildarstjóra og önnur umfangsmikil embætti. Öll eru þessi embætti vel launuð og eftirsóknarverð sem slík, og líklegt má telja, að menn sækist ekki eftir þeim vegna æviráðningarinnar, heldur vegna mannaforráðanna, starfsins sjálfs og þeirrar stöðu, sem embættið skapar viðkomandi. Ef menn standa sig í starfi, má gera ráð fyrir að þeim gefist kostur á endurráðningu að skipunartímanum liðnum, ef hann er takmarkaður, en ella hafi þeir skapað sér slíkt álit, að engum vandkvæðum væri bundið að ganga inn í önnur jafnvel launuð störf. Takmarkaður skipunartími væri hins vegar frekara aðhald um að rækja starf sitt af kostgæfni, sem aftur kæmi stofnuninni til góða.

Mikilsvert er, að hæfir menn gegni æðstu embættum stjórnkerfisins. Þeir móta stofnun og embætti meir en flestir aðrir, ráða vinnubrögðum og þeirri þjónustu, sem stofnun þeirra veitir. Þess eru mörg dæmi, að embættismenn hafi gerst svo áhrifamiklir, að litlu hafi skipt, hvaða ráðherrar hafi verið yfirmenn þeirra frá einum tíma til annars.

M. a. af þessum ástæðum hefur sú skoðun fengið byr undir báða vængi, að háttsettir og áhrifamiklir embættismenn eigi að vera undir einhverju aðhaldi. Flestir munu sennilega viðurkenna, að það sé óæskilegt og óviðunandi að stofnun sitji uppi með forstjóra, sem reynist ófær til starfsins eða er dragbítur á framgang mála vegna íhaldssemi eða skilningsleysis á hlutverki sínu.

Það skal tekið fram, að þetta er ekki sagt að neinu gefnu tilefni. Yfirleitt eru embættismenn hér á landi hæfir menn. Og það er ekki vilji flutningsmanns, að sú stefna, sem tillagan felur í sér, taki til þeirra, sem nú eru í starfi, hún verði hins vegar tekin upp smám saman við ráðningar nýrra manna í slík embætti.

## Sþ. 346. Tillaga til þingsályktunar [176. mál]

um endurskoðun á opinberri þjónustustarfsemi.

Flm.: Ellert B. Schram.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hefja þegar í stað skipulega endurskoðun á opinberri þjónustustarfsemi með það fyrir augum að fela einstaklingum, félögum eða fyrirtækjum ýmsa þjónustu eða verkefni, sem hið opinbera hefur nú með höndum.

### Greinargerð.

Í stjórnmálum hefur löngum verið ágreiningur um, hversu opinber þjónustustarfsemi eigi að vera umfangsmikil. Í því sambandi verður að gera greinarmun á félagslegri þjónustu, svo sem tryggingum, skólafræðslu, heilsugæslu o. s. frv., og svo hins vegar sérstakri þjónustustarfsemi, svo sem flutningum, viðgerðum, viðskiptum hvers konar o. s. frv.

Hvað hina almennu félagslegu þjónustu snertir er ekki deilt um tilveru hennar eða að hún skuli vera í höndum hins opinbera. Má enginn skilja þessa tillögu svo, að verið sé að leggja til að slík þjónusta verði lögð niður eða falin öðrum. Hins vegar beinist athyglin að tilhögun og rekstri þeirrar samfélagslegu þjónustustarf-

semi, sem veitt er af hinum ýmsu ríkisstofnunum. Enginn vafi er á því, að með aukinni samvinnu við einstaklinga, félög eða fyrirtæki, sem gætu tekið að sér einstök verkefni, vissa afmarkaða þætti starfseminnar, mætti mjög bæta þjónustuna og koma á sparnaði og hagræðingu.

Þess er skemmst að minnast, að rekstur Tryggingastofnunar ríkisins var endurskoðaður með hagræðingu fyrir augum og skilað skýrslu þar að lútandi í febr. 1973. Niðurstöður þeirrar athugunar voru m. a. þær, að með samvinnu við banka og skýrsluvinnslufyrirtæki mætti breyta fyrirkomulagi þjónustunnar til hagræðis fyrir viðskiptavini stofnunarinnar og sparnaðar fyrir hana sjálfa.

Annar meginþáttur þessarar tillögu beinist að hinni sérstöku þjónustustarfsemi, sem flokkast getur undir atvinnurekstur með einum eða öðrum hætti. Slík starfsemi á vegum hins opinbera hefur mjög færst í aukana á síðari árum. Minnt skal á, að fjárlög hafa á einum áratug hækkað úr 3 milljörðum kr. í 47 milljarða kr. Vitaskuld á verðbólgan stærsta þáttinn í þessari hækkun fjárlaganna, en vaxandi umsvif ríkisins hafa og haft sín áhrif.

Almenningur, stjórnmálaflokkar og hagsmunasamtök hafa tamið sér þann sið að gera kröfur á hendur ríkisvaldinu um hina margvíslegustu hluti, jafnt framkvæmdir sem þjónustu. Alþingismenn hafa gengið fremst í þessum hópi kröfugerðarmanna og verið ólatir við að flytja inn í þingið hvers konar kröfur, sem fram eru bornar.

Nú skal ekki gert lítið úr þeim þörfum, sem standa að baki slíkri kröfugerð. En það er auðvitað víðs fjarri að öll slík þjónustustarfsemi sem um er beðið þurfi að vera starfrækt af ríkisvaldinu. Flutningsmaður þessarar tillögu er þeirrar skoðunar, að það sé að jafnaði farsælla að einföld og viðráðanleg þjónustustarfsemi sé rekin á vegum sjálfstæðra fyrirtækja. Skal ekki farið út í rökstuðning fyrir því sjónarmiði, enda eru þær röksemdir margræddar og skýrðar.

Telja verður, að ríkisvaldið hafi nú þegar á sínum vegum margvíslega starfsemi og þjónustu, sem kanna verður, hvort ekki verði falin öðrum aðilum í þjóðfélaginu með jafngóðum eða betri árangri. Þar má m. a. nefna prentsmiðjurekstur, verksmiðjur, verkstæði, mötuneyti, skipaútgerð, ferðaskrifstofu, flutningastarfsemi, bókaútgáfu, innflutning o. s. frv., o. s. frv. Alla slíka opinbera þjónustustarfsemi skal nú endurskoða með ofangreint markmið í huga.

## Nd. 347. Tillaga til þingsályktunar [177. mál]

um beizlun orku og orkusölu á Austurlandi.

Flm.: Sverrir Hermannsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um:

1. að lokið verði hið fyrsta rannsókn á byggingu Fljótsdalsvirkjunar (1. áfanga Austurlandsvirkjunar),
2. að leitað verði eftir kaupanda að raforku með stóriðju staðsetta í Reyðarfirði fyrir augum.

### Greinargerð.

Í aðalatriðum er till. þessi endurflutt, en hún var áður flutt s. l. vetur.

Fyrri till. fylgdi svo hljóðandi grg., sem aðeins er stytt, samræmis vegna:

„Ástandið í orkumálum heimsins er nú með þeim hætti, að telja má fullvíst, að orkuverð tvöfaldist a. m. k., ef ekki meira, og eftirspurn eftir raforku til stóriðju vaxi mjög.

Ber því brýna nauðsyn til að hraða öllum rannsóknum á orkulindum okkar og möguleikum þeirra, ekki hvað sízt þeim, sem líklegastir eru til að gefa okkur kost á stórfelldri og hagkvæmri stóriðju hér á landi.

Í áætlun Orkustofnunar um forrannsóknir á vatnsorku Íslands frá því í ágúst 1969 er reiknað með því, að unnt sé að byggja orkuver austur í Fljótsdal með framleiðslugetu um 8000 Gwh/ári (8000 millj. kwh/ári) með því að veita þar saman vötnum, og við það mætti einnig auka orkuframleiðslugetu Lagarfoss upp í 390 Gwh/ári, en þetta samsvarar rúmlega helmingi orkuframleiðslugetu allra stóránna á Suðurlandi, þeirri sem hagkvæm getur talizt (15 750 Gwh/ári).

Vatnsorka annarra landshluta er ekki nema brot af þessu.

Í áætlun um stofnkostnað stórvirkjana á Suðurlandi og Austurlandi, sem Orkustofnun lét gera í jan. 1971, kemur í ljós, að verðmismunurinn er hvergi marktækur miðað við þær rannsóknir, sem þá lágu fyrir, og Austurlandsvirkjun sízt dýrari en Suðurlandsvirkjanir.

Fyrsti áfangi Austurlandsvirkjunar yrði Jökulsá í Fljótsdal með vatnsmiðlun á Eyjabökkum, þar sem Kelduá o. fl. smáám væri veitt í þá miðlun. Samkvæmt áætlun Orkustofnunar frá því í des. 1971 væri hagkvæmasta stærð þeirrar virkjunar um 230—240 MW.

Fyrst eftir að áætlun um Austurlandsvirkjun var lögð fram, komst verulegur skriður á rannsóknir á þeim stöðum, en nú virðist sem mikið hafi verið dregið úr þeim og rannsóknirnar færzt yfir á aðra landshluta, sem er mjög óæskileg þróun.

Kostir Austurlandsvirkjunar eru mjög margir og því mikilsvert, að undirbúningsrannsóknum þar verði hraðað eftir föngum.

Austurlandsvirkjun er í rauninni eini stórvirkjanamöguleikinn sambærilegur við Suðurland og er einnig mikilsverð til að skapa aukið jafnvægi í byggð landsins. Óheppilegt væri að nota suðvesturlandsorkuna að mestu til stóriðju, þar sem hennar mun fyrr en seinna þörf til almennra nota á mestu þéttbýlissvæðum landsins.

Auðvelt er að tengja Austurlandsvirkjun við raforkukerfi Suðvesturlands með byggðalínu um suðurströndina. Með tilliti til jarðfræði og náttúruhamfara er hún vel í sveit sett og gæti því aukið á orkuöryggi landsins.

Veðrátta Austurlands er allt önnur en á Suðurlandi, þannig að sjaldgæft er, að lélegt vatnsár sé á báðum stöðum, svo að með slíkri samtengingu gætu virkjanir bætt hvor aðra upp.

Jarðlög til mannvirkjagerðar við virkjun Jökulsár í Fljótsdal eru talin vel traust, og stöðvarhússtæði liggur í miðri sveit með hagstæðum samgöngumöguleikum við Egilsstaðaflugvöll og Reyðarfjörð sem höfn, en það er meira en hægt er að segja um virkjunarstæði inni á hálendi landsins.

Ísavandamál eru þar í lágmarki miðað við íslenzkar aðstæður.

Stækkunarmöguleikar eru þar mjög miklir, og af samanburðarkostnaðaráætlunum má sjá, að stofnkostnaður hvers áfanga er mjög hliðstæður, svo að fyrir fram fjárfestingar eru þar litlar sem engar.

Vatnsmiðlun Fljótsdalsvirkjunar gerir Lagarfossvirkjun örugga með vatn allan ársins hring, einnig þó að annar áfangi hennar væri byggður, svo að nýting og rekstur hennar væri í hámarki.

Fiskræktarskilyrði í Lagarfljóti mundu batna vegna hins jafna rennslis, minni jökulaurs og minni flóðahættu, vegna þess að miðlunarlónin draga mjög úr flóðum.

Landspjöll af völdum slíkrar stórvirkjunar eru í lágmarki. Að vísu mundi nokkuð af góðum sumarafréttarlöndum Fljótsdælinga fara undir vatn í Eyjabakkalóni. Slíkt þyrfti auðvitað að bæta með uppgræðslu eða á annan hátt. Aftur á móti mundi rennsli Lagarfljóts jafnast, og jafnvel þó að hinum stóránum yrði veitt yfir í Fljótsdal, er auðvelt að ganga þannig frá því, að rennsli Lagarfljóts yrði ekki öllu meira en meðal-ágústrennsli þess, svo að landspjöll af þess völdum yrðu hverfandi lítil.

Viðvíkjandi staðsetningu stóriðju, sem nýtti þessa orku, virðist varla nokkur annar staður en Reyðarfjörður koma til greina. Ber þar margt til, og skal hér tilfært nokkuð það helzta.

Reyðarfjörður er sá eini af Austfjörðum, sem er í góðu vegasambandi við Fljótsdalshérað og þar með Egilsstaðaflugvöll. Héraðið er mjög góður landbúnaðarbakhjarl fyrir það þéttbýli, sem skapaðist í kringum slíka stóriðju. Nýi hringvegurinn kemur til með að tryggja nokkuð öruggar vetrarsamgöngur við þéttbýli Suðvesturlands. Hafnarskilyrði við Reyðarfjörð eru ákjósanleg, hafíshætta lítil sem engin. Frá sjónarmiði samgangna er því Reyðarfjörður með Egilsstaði og Fljótsdalshérað í bakgrunni mjög vel settur.

Landrými er meira í Reyðarfirði en víðast hvar annars staðar á Austfjörðum, en slíkt er nauðsynlegt fyrir þéttbýlismyndunina. Einnig mundi háspennulínulögn frá Fljótsdal til Reyðarfjarðar vera ein sú stytzta, sem völ er á. Aðeins Breiðdalsvík og Vopnafjörður geta keppt við Reyðarfjörð um landrými, en flestar aðrar aðstæður á hinn bóginn Reyðarfirði í vil.

Hin nýju viðhorf í orkumálum heimsins hafa gerbreytt viðhorfunum íslenzku vatnsafli í vil. Var þó enginn í vafa um áður, að í því fælist mikill fjársjóður. Sterkar líkur benda til, að orkukaupendur séu nú auðfundnir erlendis. Þegar þeir koma til skjalanna, virðist engin áhætta því samfara að stofna til skulda erlendis og afla þann veg fjár til stórvirkjana.“

## Ed. 348. Breytingartillaga [95. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 80 10. júlí 1973.

Frá Ragnari Arnalds.

Við 11. gr. Aftan við greinina komi:
Heimilt er að láta þetta ákvæði einnig ná til þéttbýlis með 50—200 íbúa.

## Ed. 349. Frumvarp til laga [95. mál]

um breyting á vegalögum, nr. 80 10. júlí 1973.

(Eftir 2. umr. í Ed., 3. mars.)

1. gr.

1. mgr. 10. gr. orðist svo:
Vegamálastjóri semur tillögur að vegáætlun fyrir þjóðvegi, aðalfjallvegi, aðra fjallvegi, þjóðgarðavegi og vegi að fjölsóttum ferðamannastöðum til fjögurra ára í senn til leiðbeiningar um skiptingu þess fjár, sem til ráðstöfunar er hverju sinni til vegagerðar. Skal áætlunin annars vegar gera grein fyrir þeim framkvæmdum, sem fyrirhugaðar eru á tímabilinu, en hins vegar þeirri fjáröflun, sem gert er ráð fyrir vegna þeirra.

2. gr.

Í stað 2. mgr. 11. gr. komi tvær mgr., sem orðist svo:
Í vegáætlun um nýbyggingar skal vera sundurliðun um heildarkostnað hvers mannvirkis þrjú fyrstu ár áætlunartímabilsins.

Hálfum hundraðshluta af tekjum samkvæmt lögum um fjáröflun til vegagerðar, nr. 79/1974, skal varið til rannsókna og tilrauna við vega- og gatnagerð undir stjórn vegamálastjóra.

3. gr.

Við 12. gr. bætist:

.... eða að orkuveri.

Heimilt er að taka í tölu landsbrauta vegi að flugvöllum utan kaupstaða, þar sem reglubundið áætlunarflug hefur verið starfrækt samkvæmt leyfi samgönguráðuneytisins í eitt ár eða lengur. Enn fremur er heimilt að taka í tölu landsbrauta vegi að skólastöðum og öðrum hliðstæðum stöðum, þar sem vísir að þorpi hefur myndast vegna þeirrar starfsemi, sem þar fer fram.

4. gr.

Í stað orðanna „300 íbúum“ í c-lið 19. gr. komi: 200 íbúum.

Í stað orðanna „og bryggjum“ í d-lið komi: bryggjum, sjúkraflugvöllum og skipbrotsmannaskýlum.

3. mgr. orðist svo:

Sýsluvegur samkvæmt a-lið þessarar greinar skal aldrei teljast ná nær býli en 50 m, ef hann endar þar.

5. gr.

Við 20. gr. bætist:

Heimilt er að styrkja af fé sýsluvegasjóðs lagningu og viðhald vega að sumarbústaðahverfum, enda náist samkomulag um mótframlag af hálfu eigenda og um afnot vegarins.

6. gr.

21. gr. orðist svo:

Hvert hreppsfélag greiðir árlega í sýsluvegasjóð sem samsvarar a. m. k. andvirði þriggja dagvinnustunda fyrir hvern íbúa, miðað við kaupgjald í almennri verkamannavinnu hjá Vegagerð ríkisins 1. desember hið næsta ár, áður en gjaldið er lagt á.

Hreppsfélag getur ákveðið að greiða til sýsluvegasjóðs allt að tvöfalt hærri upphæð en getur í 1. mgr., og skal sú ákvörðun tilkynnt sýslumanni fyrir 15. febrúar. Síðan ákveður sýslumaður gjald hvers hrepps og tilkynnir oddvita fyrir 1. mars. Skal það greitt í einu lagi úr sveitarsjóði, eigi síðar en á næsta manntalsþingi.

7. gr.

2. mgr. 23. gr. orðist svo:

Vegaskattur skal nema 2.0 af þúsundi af fasteignamatsverði mannvirkja, en 3.0 af þúsundi af fasteignamatsverði landa og lóða.

8. gr.

1. mgr. 28. gr. orðist svo:

Af tekjum vegamála samkv. lögum um fjáröflun til vegagerða skal árlega veita til sýsluvega upphæð, sem sé eigi lægri en tvöföld heildarupphæð innheimtra sýsluvegasjóðsgjalda um allt land næsta ár á undan því ári, sem fjárlög eru samin. Frá því dregst þó mótframlag ríkissjóðs, sem þegar hefur verið greitt samkv. síðustu málsgr. þessarar greinar.

Við 28. gr. bætist:

Framlag, sem hreppur kann að hafa greitt umfram lágmark samkvæmt 21. gr., skal, ásamt mótframlagi ríkissjóðs, sem heimilt er að greiða á sama ári og framlag hrepps er innheimt, renna óskipt til sýsluvega í viðkomandi hreppi, án tillits til 2. mgr. 28. gr.

9. gr.

Í stað orðanna „300 íbúa“ í 30. gr. komi: 200 íbúa.

10. gr.

Í stað orðanna „300 íbúa“ í 32. gr. komi: 200 íbúa.

Í stað orðanna „samkv. XIV. kafla laga þessara“ komi: samkv. lögum um fjáröflun til vegagerðar.

Síðasti málsl. 1. mgr. („Ráðherra er þó heimilt að undanskilja tekjur vegamála, sem varið er til framkvæmda við hraðbrautir“) falli niður.

11. gr.

34. gr. laganna orðist þannig:

Af heildarframlagi því, sem veitt er til lagningar þjóðvega í kaupstöðum og kauptúnum samkv. 32. gr., skal árlega halda eftir 25 af hundraði, og skal því fé ráðstafað eftir tillögu vegamálastjóra, að fenginni umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga, til að flýta framkvæmdum þar sem sérstök ástæða þykir til að ljúka ákveðnum áfanga, eða til að stuðla að hagkvæmari vinnubrögðum.

12. gr.

2. mgr. 44. gr. orðist svo:

Fjallvegir, sem tengja saman landshluta, nefnast aðalfjallvegir. Skulu þeir, þjóðgarðavegir og vegir að fjölsóttum ferðamannastöðum, taldir sérstaklega í vegáætlun samkv. 10. gr.

13. gr.

4. tl. 52. gr. orðist þannig:

Kostnaður við viðhald brúa á sýsluvegum greiðist í sömu hlutföllum og stofnkostnaður.

14. gr.

Aftan við 59. gr. bætist ný mgr.:

Vegagerðin skal leitast við að rykbinda þjóðvegi, þar sem þeir liggja um hlöð eða næsta nágrenni íbúðarhúsa, eftir því sem fé er veitt til á vegáætlun.

15. gr.

60. gr. orðist svo:

Bætur fyrir eignarnám, jarðrask og átroðning þann, er nýr vegur kann að hafa í för með sér, má ákveða eftir samkomulagi milli landeigenda og umboðsmanns þeirra, sem bætur eiga að greiða. Nú næst ekki samkomulag, og skal þá ákveða bætur með mati samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi, skal fella meginmál þeirra inn í vegalög nr. 80, 10. júlí 1973, og gefa þau út svo breytt.

**Ákvæði til bráðabirgða:**

Á árinu 1975 skulu dagsetningar í 2. mgr. 21. gr. breytast þannig, að í stað 15. febrúar komi 15. apríl og í stað 1. mars komi 1. maí.

## Sþ. 350. Fyrirspurnir. [178. mál]

I. Til fjármálaráðherra um skattfrjáls framlög í varasjóði.

Frá Geir Gunnarssyni.

Hve háa fjárhæð hafa fyrirtæki fengið dregna frá tekjum við álagningu skatta vegna ráðstöfunar hluta tekjuafgangs í varasjóði s. l. 7 ár?

II. Til landbúnaðarráðherra um hitaveitu á Hólastað og í nágrannasveitarfélögum.

Frá Páli Péturssyni.

Er ekki hæstvirtur landbúnaðarráðherra fús til þess að beita sér fyrir því að gerð verði könnun á því, hvort ekki sé á Reykjum í Hjaltadal nægur jarðhiti til þess að ráðlegt sé að koma upp hitaveitu fyrir skólasetrið á Hólum, enda náist samkomulag um undirbúning að gerð hitaveitu þessarar við eigandа Reykja og við Hólahrepp og ef til vill Hofshrepp og Hofsós?

## Nd. 351. Frumvarp til laga [179. mál]

um breyting á sveitarstjórnarlögum, nr. 58 frá 29. mars 1961.

Flm.: Lárus Jónsson, Gunnlaugur Finnsson, Karvel Pálmason, Sighvatur Björgvinsson, Ólafur G. Einarsson.

**1. gr.**

Á eftir 109. gr. laganna komi nýr kafli, V. kafli, er orðist svo:

**Um landshlutasamtök sveitarfélaga.**

110. gr.

Ákvæði kafla þessa gilda um landshlutasamtök sveitarfélaga, þ. e. Samtök sveitarfélaga í Reykjaneskjördæmi, Samtök sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi, Fjórðungssamband Vestfirðinga, Fjórðungssamband Norðlendinga, Samband sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi og Samtök sveitarfélaga í Suðurlandskjördæmi.

Ákvæði þessa kafla gilda um Reykjavíkurborg, eftir því sem við á, sbr. einkum b-lið 112. gr., en ákvæði kaflans hagga ekki gildandi reglum um stjórn borgarinnar.

111. gr.

Sérhvert sveitarfélag á aðild að samtökum sveitarfélaga í sínum landshluta.

Samtökunum er heimilt að veita sýslufélögunum aðild að landshlutasamtökunum.

112. gr.

Hlutverk landshlutasamtakanna er:

a. að vinna að sameiginlegum hagsmunum sveitarfélaga og héraða í umdæmi sínu og landshlutans alls,
b. að vinna að áætlanagerð varðandi landshlutana í samráði við Framkvæmdastofnun ríkisins,
c. að vinna að öðrum verkefnum samkvæmt lögum,
d. að vinna að framkvæmdum á samþykktum aðalfunda samtakanna og annast almennt ráðgjafastarf í þeirra þágu.

113. gr.

Hver sveitarstjórn kýs fulltrúa og varafulltrúa á aðalfund samtakanna eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar eða oftar, sé það ákveðið í samþykktum samtakanna. Kjörgengir eru aðalfulltrúar og varafulltrúar í sveitarstjórn og framkvæmdastjórar sveitarfélaga.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Sveitarfélag | með | 300 íbúa eða | færri | kýs | einn aðalfulltrúa |
| — | — | 301— 700 | íbúa | — | tvo — |
| — | — | 701— 1500 | — | — | þrjá — |
| — | — | 1501— 2500 | — | — | fjóra — |
| — | — | 2501— 5000 | — | — | fimm — |
| — | — | 5001—10000 | — | — | sex — |
| — | — | 10001 o. fl. | — | — | sjö — |

Heimilt er einstökum landshlutasamtökum að ákveða fulltrúafjölda með öðrum hætti en greint er í 2. mgr., enda sé ákvæði um það í samþykktum samtakanna, sem ráðherra staðfesti.

Eigi sýslufélag aðild að landshlutasamtökunum, sbr. 111. gr., skal sýslunefnd kjósa einn fulltrúa og varafulltrúa úr sínum hópi, sbr. 1. mgr.

114. gr.

Æðsta vald í málefnum landshlutasamtakanna er í höndum aðalfunda þeirra, sem haldnir skulu ár hvert.

Á aðalfundi skal kosin stjórn samtakanna, 5—11 menn, eftir því sem nánar er ákveðið í samþykktum, og jafnmargir varamenn. Formaður er kosinn sérstaklega. Séu stjórnarmenn fleiri en 7, er þeim heimilt að kjósa þriggja manna framkvæmdaráð, eftir því sem nánar er kveðið á í samþykktum.

Stjórnin fer með yfirstjórn samtakanna milli aðalfunda og hefur umsjón með störfum samtakanna og fjárreiðum.

Stjórnin ræður framkvæmdastjóra og annað starfslið samtakanna.

115. gr.

Tekjur samtakanna eru:

a. Árgjöld aðildarsveitarfélaganna, skv. samþykktum aðalfundar.
b. Framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, skv. lögum um tekjustofna sveitarfélaga.
c. Aðrar tekjur.

Ákvæði þessarar greinar taka ekki til Reykjavíkurborgar.

116. gr.

Nánar skal kveðið á um skipulag og stjórn einstakra landshlutasamtaka í samþykktum þeirra, sem staðfestar skulu af ráðherra og birtar í B-deild Stjórnartíðinda. Í samþykktum skal enn fremur kveðið á um gerð fjárhagsáætlunar og ársreikninga samtakanna, starfssvið framkvæmdastjóra o. fl.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Landshlutasamtök sveitarfélaga skulu hafa sent ráðherra samþykktir sínar til staðfestingar fyrir árslok 1975.

Sveitarfélögum, sem ekki áttu beina aðild að landshlutasamtökum sveitarfélaga við gildistöku þessara laga, er heimilt að fela fulltrúa sýslunefndar, sbr. 2. mgr. 111. gr., umboð gagnvart landshlutasamtökunum til loka kjörtímabils sveitarstjórna 1978.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á síðustu tveim þingum að beiðni stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, en varð ekki útrætt. Frv. er endurflutt vegna ítrekaðra óska sveitarstjórnarmanna. Það hefur verið til athugunar hjá milliþinganefnd í byggðamálum. Nefndin hefur gert forsætisráðherra grein fyrir afstöðu sinni til lagasetningar um landshlutasamtökin. Í þeirri skýrslu segir svo orðrétt um þetta efni: „Eins og yður hefur áður verið gerð grein fyrir bréflega, telur nefndin mikla nauðsyn á því, að lög verði sett um landshlutasamtökin. Nefndinni er jafnframt að sjálfsögðu kunnugt um þá almennu endurskoðun, sem fram fer á sveitarstjórnarlögum. Hins vegar virðist ástæða til að óttast, að sú yfirgripsmikla endurskoðun taki langan tíma og verði a. m. k. ekki lokið fyrir það þing, sem nú situr. Nefndin hefur því orðið sammála um að leggja til, að rammalög verði sett um landshlutasamtökin, sem síðar verði

felld inn í hina almennu endurskoðun. Sýnist nefndinni rétt, að frv. það, sem lagt var fram á síðasta þingi, verði lagt fram óbreytt.“

Svo hljóðandi greinargerð fylgdi frv. frá hálfu stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga, þegar það var flutt á síðasta þingi:

Forustumenn landshlutasamtaka sveitarfélaga hafa eindregið óskað þess, að Samband íslenskra sveitarfélaga hlutaðist til um, að meðfylgjandi frumvarp fengist flutt og afgreitt á yfirstandandi þingi.

Landshlutasamtök sveitarfélaga hafa verið stofnuð og hafa starfað í nokkur ár í öllum landshlutum utan Reykjavíkur. Þykir þeim og Sambandi íslenskra sveitarfélaga tími til kominn, að tilvera þeirra verði staðfest í lögum og að í sveitarstjórnarlögum séu ákvæði um þau.

Að formi til felur frv. í sér viðauka við sveitarstjórnarlögin, nr. 58 frá 29. mars 1961, en efnislega hefur frv. að geyma ákvæði um landshlutasamtök sveitarfélaga: hver þau séu, um aðild að þeim, um hlutverk þeirra, um kosningu á aðalfundi þeirra og um tekjur þeirra.

Ákvæði frv. hagga í engu ákvæðum gildandi laga um einstök sveitarfélög og sýslufélög.

Um 110. gr.

Í 1. mgr. þessarar gr. eru landshlutasamtökin talin upp. Umdæmi þeirra eru einstök kjördæmi nema á Norðurlandi, þar sem Fjórðungssamband Norðlendinga nær yfir bæði kjördæmin.

Reykjavíkurborg er utan við landshlutasamtökin, enda eina sveitarfélagið, sem er sérstakt kjördæmi, en rétt þótti, að kveðið væri á um, að ákvæði frv. giltu um Reykjavíkurborg, eftir því sem við ætti. Sýnist þar einkum koma til greina ákvæði b-liðs 112. gr. frv. um áætlanagerð.

Um 111. gr.

Í 1. mgr. gr. felst, að öllum sveitarfélögum sé skylt að eiga aðild að landshlutasamtökum. Reyndar er það svo, að langflest sveitarfélög eru þegar orðin aðilar að samtökunum og í sumum umdæmum öll sveitarfélög. Samkvæmt lögum er öllum sveitarfélögum skylt að eiga aðild að sýslufélögum, og sýnist ekki síðri ástæða vera til, að sama regla gildi um aðild að landshlutasamtökunum.

Í 2. mgr. 111. gr. er ákvæði um heimild til að veita sýslufélögum aðild að landshlutasamtökunum. Rétt þótti að hafa slíka heimild í frv. til samræmis við gildandi ákvæði laga sumra landshlutasamtakanna, sbr. og 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða og 4. mgr. 113. gr. um kosningu fulltrúa sýslufélaga.

Um 112. gr.

Í gr. þessari eru hlutverk landshlutasamtakanna talin í fjórum stafliðum. Er það í samræmi við gildandi lög og samþykktir landshlutasamtakanna, sbr. og 10. gr. laga nr. 93/1971, um Framkvæmdastofnun ríkisins.

Um 113. gr.

Í þessari gr. eru ákvæði um, hvernig háttað skuli kosningu á fulltrúum sveitarfélaganna á aðalfundi landshlutasamtakanna, svo og á fulltrúum sýslufélaga, þar sem þau eiga aðild.

Í 3. mgr. gr. er einstökum sveitarfélögum heimilað að ákveða fulltrúafjölda með öðrum hætti en skv. aðalreglunni í 2. mgr., enda staðfesti ráðherra ákvæði í samþykktum þar um. Er þetta talið nauðsynlegt, til þess að unnt verði að taka tillit til breytilegra aðstæðna í landshlutunum.

Um 114. gr.

Í þessari gr. eru ákvæði um yfirstjórn samtakanna, stjórn þeirra og kosningu stjórnar. Vegna mismunandi aðstæðna í landshlutunum þykir ekki rétt að fastákveða fjölda stjórnarmanna. Gert er ráð fyrir, að hann verði ákveðinn í samþykktum einstakra landshlutasamtaka.

Um 115. gr.

Grein þessi þarfnast ekki skýringa.

Um 116. gr.

Þar eð í frv. felast aðeins meginákvæði um landshlutasamtök sveitarfélaga, er í þessari grein ákvæði um, að einstök landshlutasamtök setji sér samþykktir (lög), þar sem nánar verði kveðið á um skipulag og stjórn hverra landshlutasamtaka. Enn fremur verði í samþykktum kveðið á um gerð fjárhagsáætlana og ársreikninga samtakanna, endurskoðun reikninga þeirra, starfssvið framkvæmdastjóra og önnur atriði, er þurfa þykir. Í greininni eru ákvæði um, að ráðherra staðfesti samþykktir hinna einstöku landshlutasamtaka til að tryggja, að þær séu í samræmi við lögin og að sem mest samræmi verði milli samþykkta einstakra landshlutasamtaka. Þá verði samþykktir birtar í Stjórnartíðindum.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Rétt þykir að setja landshlutasamtökunum frest til endurskoðunar samþykkta (laga) sinna til samræmis við ákvæði frv., ef að lögum verður, og þykir hann hæfilegur til ársloka 1975.

Í 111. gr. 1. mgr. er gert ráð fyrir skylduaðild einstakra sveitarfélaga að landshlutasamtökunum. Rétt þykir þó, sbr. 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða, að veita þeim sveitarfélögum, sem standa utan við landshlutasamtökin við gildistöku laga þessara, frest til aðildar, enda sé þeim þá heimilt að fela fulltrúa sýslunefndar, sbr. 2. mgr. 111. gr., að fara með umboð sitt á aðalfundum landshlutasamtakanna til loka kjörtímabils sveitarstjórna 1978, þ. e. til vors 1978.

## Sþ. 352. Tillaga til þingsályktunar [180. mál]

um ráðstafanir til sparnaðar á gjaldeyri og eflingu útflutningsstarfsemi.

Flm.: Lárus Jónsson, Sverrir Hermannsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni, í samráði við samtök iðnaðarmanna, iðnrekenda og iðnverkafólks, að kanna leiðir til þess að hvetja almenning, m. a. í ríkisfjölmiðlum, til aukinna kaupa og neyslu á vörum, sem framleiddar eru í landinu, og jafnframt að leita leiða til þess að auka sölu á íslenskum afurðum erlendis með því að endurskipuleggja utanríkisþjónustuna, samræma og efla starfsemi þeirra aðila, sem fást við sölu íslenskra afurða erlendis.

Greinargerð.

Mesta rýrnun á viðskiptakjörum, sem orðið hefur frá stríðslokum, skall yfir þjóðina á árinu 1974. Vísitala viðskiptakjara, sem var í ársbyrjun um það bil 123 stig miðað við 100 að meðaltali á árinu 1972, fór niður undir 90 stig á síðasta ársfjórðungi 1974. Þetta er viðskiptakjararýrnun á einu ári sem nemur yfir 30%. Svo að nefnd séu dæmi varð olíuhækkunin slík, að sama magn, sem Íslendingar

keyptu af sovétmönnum af olíu á árinu 1973 og kostaði þá um það bil 1600 millj. kr., kostaði á árinu 1974 nálægt 4400 millj. kr. Stórfelld verðlækkun varð á sjávarafurðum erlendis samtímis og hélt auk heldur áfram eftir 1. jan. 1975, svo að talið er jafngildi 8—10% verðlækkunar frá áramótum.

Flestir munu sammála um, að alvarlegasta hlið þessa vanda, þegar kjör allrar þjóðarinnar versna með svo skjótum og stórfelldum hætti, sé sú staðreynd, að sáralítill gjaldeyrisvarasjóður var til þegar áföllin skullu yfir, þrátt fyrir nýafstaðin góðæri til lands og sjávar, sem eru þau hagstæðustu að því er varðar uppskeru, afla og verð á sjávarafurðum, er þjóðin hefur lifað. Gjaldeyrissjóðurinn er nú þorrinn og horfur eru mjög tvísýnar vegna viðskiptakjararýrnunar, að greiðslujöfnuður við útlönd náist á yfirstandandi ári, þrátt fyrir nýafstaðna gengisbreytingu og fyrirhugaðar erlendar lántökur til framkvæmda, sem spara eða auka gjaldeyriseign þjóðarinnar. Þegar svo er komið er augljóst, að efnahagslegu sjálfstæði þjóðarinnar er hætt, breyti hún ekki lífnaðarháttum sínum um sinn og aðhalds og sparnaðar verði gætt, bæði í opinberum rekstri og hjá einstaklingum.

Þegar þannig er ástatt, er einsýnt að finna þarf leiðir til þess að spara gjaldeyri og efla útflutningsstarfsemi. Rétt gengisskráning er grundvallarforsenda fyrir því að slíkt megi takast. Á hinn bóginn er unnt og raunar nauðsynlegt að fylgja áhrifum gengisbreytingarinnar eftir í þessu efni, þ. e. a. s. með gjaldeyrissparandi aðgerðum og aukinni sölustarfsemi á íslenskum afurðum erlendis.

Ýmsir eru þeirrar skoðunar, að spara eigi gjaldeyri með því að banna innflutning á svonefndum ónauðsynlegum varningi, þ. e. a. s. með innflutningshöftum. Slíkar hugmyndir koma allajafna meira á dagskrá, þegar svo er ástatt í gjaldeyrismálum eins og nú er. Hér er í raun um að ræða oftrú á því, að stjórnvöld eigi í einu og öllu að hafa vit fyrir hinum almenna borgara, og vantrú á því, að hann geti sjálfur best dæmt um, hvað honum finnst þarft eða óþarft. Reynsla okkar íslendinga af slíkri haftastefnu er auk heldur mjög neikvæð. Höftin og bönnin verða lífseig, ef þeim er á annað borð komið á, því að erfiðara reynist að kveða þá drauga niður en vekja upp. Þegar fram í sækir kemur slík haftastefna óumflýjanlega niður á uppbyggingu atvinnulífsins, auk þess sem hún hefur ómæld áhrif til kjaraskerðingar. Staðreyndin er sú, að við íslendingar urðum að búa árum og jafnvel áratugum saman lengur við innflutningshöft og aðra skömmtun eftir styrjöldina en aðrar þjóðir Vestur-Evrópu, og átti það sinn þátt í því hvað okkur gekk illa að koma á efnahagslegum framförum hér á landi á sínum tíma.

Fleiri aðgerðir eru tiltækar til þess að spara gjaldeyri en innflutningshöft. Ein er sú, sem hér er lagt til, að hvetja fólk til þess að sneiða hjá því að kaupa innfluttar vörur, en velja þess í stað íslenskar vörur, ef unnt er. Hér er um að ræða aðferð til sparnaðar á gjaldeyri, sem höfðar til sjálfsforræðis fólks, skynsemi og þjóðhollustu, þegar svo alvarlega horfir í gjaldeyrismálum sem raun ber vitni. Ef vel tekst til að vekja þjóðina til meðvitundar um hvað hér er í húfi, er líklegt að íslendingar muni kunna betur að meta það sem íslenskt er miklu lengur en yfirstandandi þrengingar vara, því að staðreynd er, að íslensk iðnaðarvara er fyllilega samkeppnishæf við erlendar vörur á mörgum sviðum. Hér er því um að ræða jákvæða leið, sem eflir íslenskt atvinnulíf í bráð og lengd, gagnstætt því sem uppi er á teningnum um höft og bönn.

Þær aðgerðir, sem koma helst til greina, eru, að stjórnvöld hafi forgöngu um samstarf milli íslenskra iðnrekenda, iðnaðarmanna og iðnverkafólks og rétti þessum aðilum örvandi hönd um að efla almenna upplýsingastarfsemi um íslenskar iðnaðarvörur og hvetja fólk til þess að kaupa íslenskar framleiðsluvörur á slíkum alvörutímum, þegar völ er á íslenskum vörum í stað erlendra. Fyrirgreiðsla hins opinbera gæti að verulegu leyti falist í því, að opinberir fjölmiðlar tækju að sér slíka upplýsinga- og auglýsingastarfsemi gegn vægu gjaldi. Skylt er að geta þess, að iðnverkafólk hefur þegar sýnt lofsverða viðleitni á þessu sviði með auglýsingastarfsemi. Þetta sýnir, að áhugi iðnverkafólks er vakinn, og rétt og skylt fyrir

ríkisvaldið að taka hér undir. Stjórnvöld hafa margoft lýst því meginmarkmiði, að þrátt fyrir þessi stórfelldu áföll sé stefnt að því að allir vinnufærir menn haldi fullri atvinnu, eftir því sem tök eru á. Með framangreindum aðgerðum er í raun ekki einvörðungu hvatt til sparnaðar á dýrmætum gjaldeyri, heldur er örvuð sú atvinnustarfsemi, sem veitir miklum hluta starfandi fólks í landinu atvinnu. Þessar aðgerðir hafa því sitt að segja til þess að halda uppi fullri atvinnu, þrátt fyrir fyrrgreind utanaðkomandi áföll.

Að því er varðar síðari lið þessarar tillögu, þá er auðvitað nauðsynlegt við slíkar aðstæður sem hér hefur verið lýst í gjaldeyrismálum að gera ráðstafanir, sem hvetja til aukins útflutnings og sölustarfsemi á íslenskum afurðum á erlendum mörkuðum. Í því sambandi kemur mjög til greina að endurskipuleggja utanríkisþjónustuna í því skyni að hún verði betur í stakk búin til þess að aðstoða við sölustarfsemi erlendis en nú er. Rétt er að benda á, að nú munu liggja fyrir í utanríkisráðuneytinu tillögur um þetta atriði, þ. e. a. s. starfsemi viðskiptafulltrúa á þeim svæðum, þar sem við höfum mestra hagsmuna að gæta. Margir aðilar vinna nú að sölustarfsemi á erlendum mörkuðum. Nauðsynlegt er að samræma og samhæfa sölustarfsemi þeirra aðila, um leið og slík skipulagsbreyting yrði gerð á utanríkisþjónustunni og hér er minnst á, jafnframt því sem starfsemi þessara útflutningsstofnana sé efld eftir því sem tök eru á.

## Nd. 353. Fyrirspurn [181. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um áætlun um heilbrigðisstofnanir.

Frá Magnúsi Kjartanssyni.

Hvað líður gerð 10 ára áætlunar um heilbrigðisstofnanir samkv. 35. gr. laga um heilbrigðisþjónustu frá 27. apríl 1973? Má vænta þess að unnt verði að hafa þessa áætlun til hliðsjónar við gerð næstu fjárlaga?

Fyrirspurninni óskast svarað með skýrslu í neðri deild samkv. 54. gr. stjórnarskrár.

## Sþ. 354. Fyrirspurn [182. mál]

til menntamálaráðherra um breytingar á íslenskum rithætti.

Frá Heimi Hannessyni.

Vill menntamálaráðherra taka til endurskoðunar þær breytingar á íslenskum rithætti, er menntamálaráðuneytið hefur nýlega sett reglugerð um?

## Ed. 355. Tillaga til þingsályktunar [183. mál]

um skólaskipan á framhaldsskólastigi.

Flm.: Helgi Seljan, Ragnar Arnalds.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta semja og leggja fyrir næsta reglulegt Alþing frumvarp að löggjöf um skólaskipan á framhaldsskólastigi. Megin-

tilgangur frumvarpsins verði að leggja grundvöll að samræmdum framhaldsskóla, þar sem kveðið sé skýrt á um verkaskiptingu og tengsl hinna ýmsu skóla og námsbrauta. Jafnframt þarf frumvarpið að vera stefnumótandi um hlutdeild ríkis og hugsanlegra mótaðila í stofnkostnaði, rekstri og stjórnun framhaldsskólanna.

## Greinargerð.

Með tillögu þessari er lagt til að undirbúið verði frumvarp að löggjöf um meginskipulag náms á framhaldsskólastigi og verkaskiptingu skólanna með tilliti til námsþátta og námsbrauta. Þá er og gert ráð fyrir að frumvarpið kveði á um verkaskiptingu ríkisins og þeirra aðila í fræðsluumdæmunum, sem fara með málefni framhaldsskólanna.

Með lögum um skólakerfi (nr. 55 21. maí 1974) er kveðið á um skiptingu frumfræðslunnar í þrjú skólastig: 1) skyldunámsstig, 2) framhaldsskólastig og 3) háskólastig. Með setningu grunnskólalaganna hefur þegar verið mörkuð stefna varðandi æskilega þróun fræðslunnar á skyldunámsstigi og er nú unnið að umfangsmiklum breytingum á námsefni og kennslutilhögun á þessu skólastigi. Grunnskólalögin hafa í för með sér verulegar breytingar á stöðu og hlutverki framhaldsskólanna og rökrétt framhald af setningu þeirra er því endurskipulagning og endurskoðun á skólaskipan og skólastarfi á framhaldsskólastigi. Enda þótt þegar sé hafinn undirbúningur að tilteknum breytingum á framhaldsskólakerfinu skortir enn nauðsynlega stefnumótun um heildarskipulag skólastarfsins. Meðan svo er háttað er þeirri hættu boðið heim að breytingar á starfsháttum einstakra skóla og námsbrauta verði meira og minna tilviljanakenndar og kunni fremur að torvelda en stuðla að mótun samræmds skólakerfis.

Þýðingarmikið atriði grunnskólalaganna er lenging skólaskyldunnar um eitt ár, en það á m. a. að tryggja skýr tengsl grunnmenntunar og framhaldsnáms. Rökrétt framhald þeirrar þróunar, sem taka mun allmörg ár að hrinda í framkvæmd, er að opna framhaldsskólana, þannig að sem flestir geti leitað þangað almennrar menntunar og starfsmenntunar eftir því sem hæfileikar og áhugasvið segja til um og með hliðsjón af atvinnuþróun í landinu.

Sú einhliða rækt, sem lögð hefur verið við undirbúning langskólanáms innan framhaldsskóla, einkum innan ramma laga um menntaskóla, er að mati flutningsmanna mjög óheillavænleg og hvorki þjóðarheild né einstaklingum til góðs, er til lengdar lætur. Í stað þess er nauðsynlegt að breikka grunn framhaldsmenntunar og jafna á alla lund þann aðstöðumun, sem nú ríkir milli menntaskóla annars vegar og iðnskóla og annarra sérskóla hins vegar.

Þess þarf vel að gæta að koma í veg fyrir blindgötur innan framhaldsskólastigsins, þannig að allir eigi þess kost að auka við menntun sína og starfsréttindi og leggja hindrunarlaust inn á nýjar námsbrautir síðar á ævinni í reglulegu skólanámi eða með stuðningi af fullorðinsfræðslu í öðru formi. Að slíkum sveigjanleika skólakerfis er nú unnið víða í grannlöndum okkar, og eflaust má margt læra af þeirri reynslu sem þar er fengin.

Þær áætlanir, sem þegar hafa verið gerðar um samræmt fjölbrautanám á nokkrum svæðum á landinu, eru að áliti flutningsmanna vísir að mótun þess heildarskipulags náms á framhaldsskólastigi sem hér um ræðir. Þar er m. a. gert ráð fyrir, að námsskrá skólastigsins verði samræmd af fræðsluyfirvöldum og námið byggt upp í formi eininga, þar sem ein taki við af annarri og unnt er að raða námseiningum saman á skilgreindum námsbrautum, sem nemandinn getur valið sér í samræmi við áhugasvið og getu. Veigamikill kostur slíks námsskipulags er sveigjanleiki, sem m. a. gerir nemendum kleift að ljúka námi með nokkrum réttindum eftir stutta skólagöngu, t. d. eitt til tvö ár, og auka síðar við án þess að byrja frá grunni. Slík skipan á í senn að geta lyft verkmenntun í landinu til meiri vegs en nú er til hagsbóta fyrir atvinnuþróun, og einstaklingarnir fá um leið

tækifæri til að reyna sig í starfi, áður en þeir lokast inni í mjög sérhæfðu eða löngu námi.

Þeirri endurskipan sem hér um ræðir er þó ekki stefnt gegn þeim sérskólum, sem fyrir eru í landinu, því að allir munu þeir geta gegnt mikilvægu hlutverki í tengslum við samræmt fjölbrautarnám, hver á sínu sviði og betur en nú er, þar sem þeir þurfa, auk sérkennslunnar, að sinna margháttaðri almennri undirstöðufræðslu.

Brýnt er, einnig vegna byggðasjónarmiða, að framhaldsnám eflist í landshlutunum, svo að jafnað verði það bil, sem óðum fer breikkandi milli þeirra og höfuðborgarsvæðisins varðandi námskosti og fjölbreytni í námsvali. Það er sjónarmið flutningsmanna, að endurskoðun sú, sem tillagan gerir ráð fyrir, sé ekki síst mikilvæg fyrir þróun framhaldsnáms úti um land og um leið atvinnuþróun landsbyggðarinnar. Einnig þar á samræmt fjölbrautarnám undir forustu „kjarnaskóla“ að geta orðið vegvísir, sem tryggi landsbyggðinni betri stöðu til að halda til jafns við höfuðborgarsvæðið um menntunarkosti, enda njóti slík uppbygging jafnræðis og helst forgangs um fjármögnun.

Að því ber að stefna, að allt nám á framhaldsskólastigi sitji við sama borð varðandi fjármögnun hins opinbera, ekki síður þær greinar er varða verkmenntun en bóknámið, enda er hefðbundin skipting í þá átt í senn óraunsæ og úrelt.

Eins og bent er á í tillögugreininni er óhjákvæmilegt að frumvarpið kveði skýrt á um, hver á að vera hlutur ríkisins og aðila í fræðsluumdæmunum í stofnkostnaði, rekstri og stjórnun framhaldsskólanna. Flutningsmenn telja, að sú kostnaðarskipting, sem bundin er í heimildarlöggjöfinni um fjölbrautaskóla, sé óraunhæf og þarfnist endurskoðunar.

## Sþ. 356. Tillaga til þingsályktunar [184. mál]

um ráðstöfun fjár vegna óinnleystra orlofsmerkja og vaxta í því sambandi til byggingar orlofsheimila verkalýðssamtakanna.

Flm.: Gylfi Þ. Gíslason, Benedikt Gröndal, Eggert G. Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera hið fyrsta, með öflun lagaheimilda, ef þörf er á, ráðstafanir til þess að verkalýðssamtökunum verði afhent fé það, sem liggur inni hjá Pósti og síma vegna óinnleystra orlofsmerkja og kröfuréttur einstaklinga hefur fyrnst gagnvart. Sami háttur verði á hafður varðandi það fé, sem liggur inni hjá sömu stofnun vegna vaxtahagnaðar hennar af vörslu orlofsfjár og er umfram kostnað stofnunarinnar af starfsemi þeirri, sem Póstgíróstofan rekur í þágu orlofskerfisins. Verði fé þessu öllu varið til byggingar orlofsheimila verkalýðssamtakanna.

### Greinargerð.

Í lögum þeim um orlofsmerki, sem sett voru 1943 (l. nr. 16/1943), er í 2. mgr. 13. gr. kveðið svo á, að sé orlofsbók fyrir næsta ár á undan ekki lögð fram í póststöð til innlausnar fyrir 15. september, falli andvirði orlofsmerkjanna til ríkissjóðs. Þó getur ráðherra, þegar sérstaklega stendur á, veitt frest í þessu efni til loka yfirstandandi orlofsárs.

Allir frestir samkvæmt fyrrnefndum lögum runnu út 1. maí 1974. Engu að síður er stöðugt verið að greiða glötuð orlofsmerki, sem fram koma. Væri hins vegar eðlilegt, að gefin væri út tilkynning um innköllunarfrest á orlofsbókum, t. d. þriggja mánaða frest. En um síðustu áramót munu eftirstöðvar frá gamla orlofskerfinu hafa numið rúmum 20 millj. kr.

Efni tillögu þessarar er að skora á ríkisstjórnina að gera ráðstafanir, með öflun lagaheimilda, ef þörf er á, til þess að verkalýðssamtökunum verði afhent fé það, sem Póstur og sími hefur í vörslu sinni vegna óinnleystra orlofsmerkja, sem kröfuréttur einstaklinga hefur fyrnst gagnvart. Verði fé þessu síðan varið til byggingar orlofsheimila verkalýðssamtakanna, enda skyldi það frá upphafi vera tilgangur með greiðslu orlofsfjár að auðvelda launafólki að njóta orlofs. Gert er ráð fyrir, að hið sama gildi um vaxtahagnað Pósts og síma vegna varðveislu orlofsfjárins, að svo miklu leyti sem þær tekjur eru umfram kostnað stofnunarinnar í þessu sambandi.

Gildandi orlofslög og reglugerð munu vera í endurskoðun, og er full þörf á því. En hér er um að ræða mál, sem ekki þolir bið lengur, og þess vegna er þessi tillaga flutt.

## Ed. 357. Breytingartillögur [95. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 80 10. júlí 1973.

Frá samgöngunefnd.

11. gr. orðist svo:

34. gr. orðist þannig:

Af heildarframlagi því, sem veitt er til lagningar þjóðvega í kaupstöðum og kauptúnum samkv. 32. gr., skal árlega halda eftir 25 af hundraði, og skal því fé ráðstafað af fjárveitinganefnd Alþingis að fengnum tillögum vegamálastjóra til að flýta gerð vega og gatna með bundnu slitlagi, þar sem sérstök ástæða þykir til að ljúka ákveðnum áfanga eða til að stuðla að hagkvæmari vinnubrögðum. Heimilt er að láta þetta ákvæði einnig ná til þéttbýlis með færri en 200 íbúa.

## Sþ. 358. Fyrirspurnir. [185. mál]

I. Til félagsmálaráðherra um framkvæmd þingsályktunar um vinnutíma sjómanna.

Frá Karvel Pálmasyni.

1. Hefur nefnd sú, sem þingsályktun sem samþykkt var á Alþingi 16. maí 1972, um vinnutíma sjómanna, gerði ráð fyrir að skipa, starfað?
2. Ef svo er, hvenær má þá vænta niðurstöðu af störfum hennar?

II. Til iðnaðarráðherra um rekstrarlán iðnfyrirtækja.

Frá Þórarni Þórarinssyni.

Hafa verið gerðar af opinberri hálfu ráðstafanir til að tryggja iðnfyrirtækjum næg rekstrarlán með tilliti til sívaxandi rekstrarkostnaðar þeirra að undanförnu?

III. Til menntamálaráðherra um nýskipan iðnfræðslu og tæknimenntunar.

Frá Þórarni Þórarinssyni.

Hvað líður störfum nefnda þeirra, sem voru skipaðar 1973 til að vinna að nýskipan iðnfræðslu og tæknimenntunar?

IV. Til menntamálaráðherra um framhaldsnám hjúkrunarkvenna.

Frá Þórarni Þórarinssyni.

Hvenær má vænta ráðstafana til að tryggja hjúkrunarkonum rétt til framhaldsnáms við Háskóla Íslands í hjúkrunarfræðum?

## Ed. 359. Frumvarp til laga [186. mál]

um lántökuheimild fyrir ríkissjóð.

(Lagt fyrir Alþingi á 96. löggjafarþingi 1974—75)

1. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að taka lán í Danmörku að upphæð allt að 25.5 millj. danskar krónur, vegna smíða á varðskipi fyrir Landhelgisgæsluna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með þingsályktun hinn 16. desember 1972 var ríkisstjórninni heimilað að stofna til byggingar eða kaupa á nýju varðskipi fyrir Landhelgisgæsluna. Eftir að athugun hafði farið fram og leitað hafði verið tilboða, var að lokum samningur gerður við Århus Flydedok A/S í Danmörku um smíði á varðskipinu. Smíðaverð skipsins er samkvæmt samningi d.kr. 29 642 000.00, og skyldi seljandi útvega lán fyrir 80% andvirðisins hjá Danmarks Skibskreditfond til 8 ára. Við þann hluta, sem lán er veitt til, bætist ennfremur kostnaður vegna viðbótarverka, sem ákveðin voru eftir samningsgerðina, aðallega ýmiss konar búnaður. Verður sá hluti smíðaverðsins, sem lán verður veitt fyrir alls að upphæð eitthvað yfir 25 millj. og 300 þús. danskar krónur. Varðskipið verður afhent um mánaðamótin febrúar—mars 1975, en að því búnu ber að ganga frá lántökunni. Er því leitað lántökuheimildar, svo sem í lagafrumvarpi þessu greinir.

## Ed. 360. Breytingartillaga [95. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 80 10. júlí 1973.

Frá Albert Guðmundssyni.

11. gr. orðist svo:

34. gr. orðist þannig:

Af heildarframlagi því, sem veitt er til lagningar þjóðvega í kaupstöðum og kauptúnum samkv. 32. gr., skal árlega halda eftir 10 af hundraði, og skal því fé ráðstafað af fjárveitinganefnd Alþingis að fengnum tillögum vegamálastjóra til að flýta gerð vega og gatna með bundnu slitlagi, þar sem sérstök ástæða þykir til að ljúka ákveðnum áfanga eða til að stuðla að hagkvæmari vinnubrögðum.

## Nd. 361. Frumvarp til laga [95. mál]

um breyting á vegalögum, nr. 80 10. júlí 1973.

(Eftir 3. umr. í Ed., 10. mars.)

Samhljóða þskj. 349 með þessari breytingu:

11. gr. hljóðar svo:
34. gr. orðist þannig:
Af heildarframlagi því, sem veitt er til lagningar þjóðvega í kaupstöðum og kauptúnum samkv. 32. gr., skal árlega halda eftir 25 af hundraði, og skal því fé ráðstafað af fjárveitinganefnd Alþingis að fengnum tillögum vegamálastjóra til að flýta gerð vega og gatna með bundnu slitlagi, þar sem sérstök ástæða þykir til að ljúka ákveðnum áfanga eða til að stuðla að hagkvæmari vinnubrögðum. Heimilt er að láta þetta ákvæði einnig ná til þéttbýlis með færri en 200 íbúa.

## Ed. 362. Tillaga til þingsályktunar [187. mál]

um fjölbrautaskóla á Norðurlandi vestra.

Flm.: Ragnar Arnalds.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa frumvarp um stofnun framhaldsskóla á Norðurlandi vestra með fjölbrautasniði. Skólastarfið verði byggt upp í þremur fjölmennustu þéttbýlisstöðum kjördæmisins, í Siglufirði, á Sauðárkróki og á Blönduósi, og skal stefnt að því, að sem flestar námsbrautir framhaldsskólastigsins, sem annars staðar er að finna í menntaskólum, iðnskólum, vélskóla, tónlistarskólum eða öðrum sérskólum, verði stundaðar á a. m. k. einum af þessum þremur stöðum.

Samræmt fjölbrautanám á Norðurlandi vestra með nauðsynlegri verkaskiptingu milli skólastaða miðist við eftirtalin meginsvið:

I. Á tveimur skólastöðum sé starfrækt **bóknámsbraut**, á öðrum til tveggja ára og á hinum til fjögurra ára, er samsvari menntun til stúdentsprófs, og skiptist í nokkrar námsbrautir, eftir því sem aðstæður leyfa, t. d. tungumáladeild, raungreina- og náttúrufræðideild.

II. **Iðn- og tæknibraut** skiptist milli skólastaða, eftir því sem hagkvæmast þykir, t. d. þannig að sjómennska, matvælatækni, vélstjóranám og annað það iðn- og tækninám, sem tengdast er siglfirsku atvinnulífi, hafi aðsetur þar, en flestir aðrir þættir iðnfræðslunnar verði á Sauðárkróki, eins og þegar hefur verið ákveðið.

III. Á einum skólastaðnum verði **viðskipta- og verslunarbraut** sem samsvari fjögurra ára námi, en á öðrum verði um að ræða tveggja ára nám.

IV. Á öllum skólastöðunum geti nemendur stundað bóknámsþætti **námsbrauta í heimilisfræðum, hússtjórn og búfræði**, en að öðru leyti fari námið fram í búnaðar- og hússtjórnarskólum að Hólum í Hjaltadal, Löngumýri og á Blönduósi. Skal við það miðað, að þessar námsbrautir verði ekki lengur sem einangraðar blindgötur í skólakerfinu, heldur verði séð til þess, að nemendur geti haldið námi áfram á framhaldsskólastiginu að þessum áfanga loknum.

V. **Námsbrautir á sviði lista** skiptist milli skólastaðanna, eftir því sem aðstæður leyfa, og kemur þar einkum til greina tónmennt, myndlist og önnur handmennt.

Vegna fámennis og margbreytileika námsins verði skólastarfið skipulagt í áfangakerfi, sem sameini námshópa úr ýmsum námsbrautum án tillits til hefðbund-

innar bekkjaskiptingar og geri framkvæmanlegt að fá sérmenntaða kennara til að fara milli skólanna og standa fyrir námskeiðum.

Um kostnað við stofnun og rekstur fjölbrautaskóla á Norðurlandi vestra skal fylgt þeim ákvæðum, sem gilda um stofnun og rekstur menntaskóla, og greiðist kostnaðurinn úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum.

Skólaráð skal fara með stjórn fjölbrautaskólans á Norðurlandi vestra í samvinnu við skólastjóra og undir yfirstjórn menntamálaráðuneytisins. Skólaráð skal skipað eftir tilnefningu fræðsluráðsins á Norðurlandi vestra. Jafnframt skulu nemendur árlega tilnefna fulltrúa í skólaráð.

## Greinargerð.

Í tillögu þessari felst veruleg breyting frá núverandi skipulagi á framhaldsskólafræðslu í anda þeirrar stefnu, sem kennd hefur verið við fjölbrautanám. Fordæmi er fengið með lögunum um fjölbrautaskóla, sem fyrst og fremst eru miðuð við stofnun tilraunaskóla í Reykjavík. Hins vegar hefur þessi nýja skipan skólamála ekki enn verið útfærð á landsmælikvarða. Ljóst er, að meðan það hefur enn ekki verið gert, er lítil von til þess, að skólamál í einu af minni kjördæmum landsins verði skipulögð á þennan veg. Meðal annars þess vegna flyt ég ásamt Helga F. Seljan tillögu til þingsályktunar um skólaskipan á framhaldsskólastigi, þar sem ríkisstjórninni er falið að undirbúa frumvarp, er leggi grundvöll að samræmdum framhaldsskóla. En ástæðurnar til þess, að ég flyt sérstaka tillögu um skólamál á Norðurlandi vestra, eru þessar:

Ég vil minna á, að enda þótt enn sé ekki unnt að stunda nám, er leiði til stúdentsprófs, á Norðurlandi vestra, er full ástæða til þess að svo verði í framtíðinni. Ég vil vekja athygli skólayfirvalda og heimamanna á nauðsyn þess, að unnið sé að þessu markmiði á skipulegan hátt, og ég tel sérstaka þörf á því, þar sem Norðurland vestra á í hlut, því að í engu öðru kjördæmi landsins er uppbyggingarstarf fræðslumála á framhaldsskólastigi jafnskammt á veg komið. Má nefna því til sönnunar, að í öllum öðrum kjördæmum er menntaskólanám ýmist stundað eða a. m. k. í undirbúningi, og á fjárlögum er fé veitt til iðnskólabygginga í öllum kjördæmum öðrum en á Norðurlandi vestra. Ég tel, að skólastarf á framhaldsskólastigi eigi að færast heim í héruðin í miklu ríkara mæli en nú er, og fyrir Norðurland vestra, þar sem hvort eð er þarf að byrja svo að segja frá grunni, liggur beinast við, að ekki verði um að ræða menntaskólanám með hefðbundnu sniði, heldur verði nú stefnt að alhliða fjölbrautanámi, sem skipulagt verði á svæðinu öllu sem einni heild.

Ef til vill spyr einhver, hvort Norðurland vestra sé ekki of fámennt til að standa undir menntaskólanámi — hvað þá enn margbreytilegra námi fjölbrautaskólans. Því er til að svara, að aldursárgangar barna á Norðurlandi vestra eru svipaðir að stærð og á Vestfjörðum og Austurlandi, en í báðum þessum kjördæmum verða menntaskólar starfandi samkvæmt ákvörðun Alþingis. Með því hefur Alþingi viðurkennt í reynd, að sífelld samþjöppun framhaldsnáms á höfuðborgarsvæðinu sé óæskileg og í þess stað verði að byggja upp menntunaraðstöðu á framhaldsskólastigi í öllum kjördæmum landsins.

Óneitanlega fylgir því nokkur sparnaður að hafa skólana mjög fáa og að sama skapi stóra. En þar á móti kemur, að þá þarf að byggja þeim mun fleiri heimavistir, sem eru mjög dýrar bæði í stofnkostnaði og rekstri. Uppeldisfræðilegir og félagslegir ókostir þess að safna saman mestöllu framhaldsskólanámi á örfáa staði á landinu eru augljósir. Frá sjónarmiði byggðastefnu er einmitt mjög mikilvægt að reyna að halda unga fólkinu sem lengst í grennd við heimahéruð, því að reynslan sýnir, að því yngri sem unglingar neyðast til að hverfa að heiman til náms í öðrum landshlutum, þeim mun meiri eru líkurnar á því, að þeir aðlagist endanlega nýju umhverfi og slitni úr tengslum við heimabyggð sína.

Að sjálfsögðu eru ákveðin takmörk fyrir því, hve mikið má dreifa skólastarfinu. Skólastaðir mega ekki verða fleiri en svo, að unnt sé að byggja upp nægilega stórar skólaeiningar. Í tillögu þessari er gert ráð fyrir því, að miðstöðvar fjölbrautaskólans á Norðurlandi vestra verði á þremur stöðum, m. a. í þeim tilgangi að viðhalda tengslum nemenda við heimaslóðir eins lengi og unnt er, með því að gera sem flestum nemendum fært að sækja framhaldsskóla, gangandi eða akandi að heiman. Skal nú vikið nánar að nemendafjöldanum.

Á s. l. skólaári voru að meðaltali um 218 börn í hverjum aldursárgangi barnaskólanna á Norðurlandi vestra. Sett hefur verið fram spá um skólasókn unglinga að loknum grunnskóla og er þar um að ræða hámarksspá, sem vafalaust verður ekki að veruleika úti um land fyrr en að nokkrum árum liðnum. Miðað við þessa spá yrði nemendafjöldi á Norðurlandi vestra á hverju skólaári framhaldsskólastigsins sem hér segir:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. ár framhaldsskóla | 85% | árgangs | 185 nemendur |
| 2. ár — | 75% | — | 164 — |
| 3. ár — | 60% | — | 131 — |
| 4. ár — | 35% | — | 76 — |
| | | Samtals á framhaldsskólastigi | 556 nemendur |

Þessi fjöldi nemenda, 556, er rétt um 64% af fjórum aldursárgöngum á barnaskólastigi kjördæmisins. Til þess að átta sig betur á því, hvort fyrrnefnd spá er raunhæf, má geta þess, að á seinasta skólaári voru á öllu landinu 11550 nemendur í skólum, sem samsvara munu væntanlegu framhaldsskólastigi, þegar grunnskólalögin eru komin í framkvæmd, og eru það tæp 64% af fjórum aldursárgöngum barnaskólanna. Ef frá er talið nám, sem ekki getur orðið í fjölbrautaskólum úti um land, t. d. kennaranám, hjúkrunarnám eða efri bekkir tækniskóla, er samsvarandi hlutfall tæp 57%. Það virðist því alls ekki óraunhæft, að með auknu framhaldsskólastarfi heima í héruðum muni 64% af 16—19 ára unglingum sækja þar skóla.

Miðað við fjóra aldursárganga barnaskólanna sækir rúmlega fjórðungur nemenda (26%) skóla á Norðurlandi vestra á hliðstæðu stigi og væntanlegur framhaldsskóli verður. Stærsti hópurinn er í 4. bekk gagnfræðaskólanna, 80 manns, í Iðnskólanum á Sauðárkróki eru um 70, í deild Vélskólans á Siglufirði eru 15, í Húsmæðraskólanum á Löngumýri og á Blönduósi um 25 og í Bændaskólanum á Hólum 36 nemendur eða alls 226 nemendur. Þess má geta, að fyrir tveimur árum samþykkti Alþingi þingsályktun um stofnun fiskvinnsluskóla í Siglufirði, en hún hefur þó ekki enn komið til framkvæmda af einhverjum ástæðum.

Með verkaskiptingu og góðri skipulagningu virðist fullkomlega raunhæft að skipta námi 500—600 nemenda væntanlegs fjölbrautaskóla á þrjá aðalskólastaði, Siglufjörð, Sauðárkrók og Blönduós, en af þeim yrðu 50—60 við verklegt nám á Hólum og að Löngumýri. Í tillögunni er þó á það minnt, að því aðeins er þessi dreifing á marga skólastaði möguleg, að kennslan verði ekki bundin í viðjar hefðbundinnar bekkjaskiptingar, heldur verði námstilhögun eins sveigjanleg og kostur er og byggð á áfangakerfi og stuttum námskeiðum.

Að lokum má geta þess til samanburðar, að nemendafjöldi á Vestfjörðum í hverjum árgangi barnaskólanna er mjög svipaður og á Norðurlandi vestra, þ. e. 225 nemendur. Nemendur Menntaskólans á Ísafirði eru nú 150, í Iðnskólanum þar voru 56 nemendur skólaárið 1973—1974, í deild Vélskólans voru 22, í deild Tækniskólans 9, í 4. bekk Húsmæðraskólans 27 eða samtals 311 nemendur.

Á Austfjörðum er í undirbúningi menntaskóli á Egilsstöðum, sem væntanlega verður hluti af fjölbrautaskóla á Austurlandi. Á s. l. skólaári voru að meðaltali 263 nemendur í hverjum árgangi barnaskólanna á Austurlandi. Áætlun um skipulag skólastarfsins miðast þó við 250 nemendur í aldursárgangi, og miðað

við fyrrnefnda spá um skólasókn er reiknað með, að nemendafjöldinn verði alls 638, þar af 390 í Neskaupstað og 248 á Egilsstöðum.

Gert er ráð fyrir, að 63 nemendur fari bóknámsbraut í væntanlegum fjölbrautaskóla, þ. e. 25% af aldursárgangi, þar af verði 54 á Egilsstöðum og 9 á Neskaupstað fyrstu tvö árin, en síðari tvö árin verði allir nemendur bóknámsbrautar á Egilsstöðum.

**Fylgiskjal.**

| **Nemendafjöldi á Norðurlandi vestra:** | | Nemendafjöldi í 1.—6. bekk | Að meðaltali í hverjum árgangi |
|---|---|---|---|
| **Vestur-Húnav.s.** | | 214 | 36 |
| Staðarhreppur | 24 | | |
| Laugarbakki | 125 | | |
| Hvammstangi | 51 | | |
| Þverárhr. | 14 | | |
| **Austur-Húnav.s.** | | 296 | 49 |
| Húnavallaskóli | 119 | | |
| Blönduós | 88 | | |
| Skagaströnd | 83 | | |
| Skagahreppur | 6 | | |

| **Nemendafjöldi á Norðurlandi vestra:** | | Nemendafjöldi í 1.—6. bekk | Að meðaltali í hverjum árgangi |
|---|---|---|---|
| **Skagafjarðarsýsla** | | 330 | 55 |
| Skefilsst.hr. | 5 | | |
| Staðarhr. | 21 | | |
| Varmahlíð | 45 | | |
| Steinsstaðir | 36 | | |
| Akrahr. | 45 | | |
| Rípurhr. | 19 | | |
| Hólar | 44 | | |
| Hofsós | 85 | | |
| Barð í Fljótum | 30 | | |
| Sauðárkrókur | | 211 | 35 |
| Siglufjörður | | 256 | 43 |
| | | 1 307 | 218 |

**Nemendur í menntaskólanámi skólaárið 1973—1974.**

| | |
|---|---|
| Menntaskólinn í Reykjavík | 883 |
| — — við Tjörnina | 666 |
| — — við Hamrahlíð | 1 249 |
| — — á Akureyri | 487 |
| — — á Laugarvatni | 172 |
| — — á Ísafirði | 150 |
| — — í Kópavogi | 109 |
| Flensborgarskóli í Hafnarfirði | 123 |
| Gagnfræðaskóli Keflavíkur | 21 |
| — — Akraness | 21 |
| — — Austurbæjar (Rvík) | 55 |
| Kennaraháskóli Íslands | 115 |
| Samtals | 4 051 |

**Nemendur í framhaldsskólum skólaárið 1973—74 með hliðsjón af grunnskólalögum.**

| | |
|---|---|
| 4. bekkir gagnfræðadeildar | 2 303 |
| Iðnskólar | 1 635 |
| Vélskóli Íslands | 347 |
| Húsmæðraskólar | 771 |
| Bænda- og garðyrkjuskólar | 147 |
| Sjómanna- og fiskvinnsluskólar | 221 |
| Verslunarskólar | 717 |
| Tækniskóli, 1.—2. bekkur | 120 |
| Menntaskólanám | 4 051 |

**Nokkrir sérskólar.**

| | |
|---|---|
| Kennaraskólar | 477 |
| Tækniskóli, 3.—4. bekkur | 120 |
| Skólar heilbrigðisstétta | 524 |
| Hótel- og veitingaskóli | 117 |
| Samtals | 1 238 |

**Nemendur í barnaskólum skólaárið 1973—1974.**

| | |
|---|---|
| 1.—6. bekkur | 27 331 |
| Að meðaltali í árg. | 4 555 |

## Ed. 363. Nefndarálit [149. mál]

um frv. til laga um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Iðnaðarnefnd efri deildar Alþingis hefur í um það bil mánuð haft til meðferðar frumvarp til laga um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði. Nefndin hefur haldið samtals 12 fundi um málið. Hafa nokkrir þessara funda verið sameiginlegir með iðnaðarnefnd neðri deildar.

Á fundum nefndarinnar hafa mætt allir oddvitar sveitarfélaga við norðanverðan Hvalfjörð, sunnan Skarðsheiðar, og bæjarstjórinn á Akranesi, Jóhannes Nordal seðlabankastjóri og formaður viðræðunefndar um orkufrekan iðnað, ásamt ritara nefndarinnar, orkumálastjóri, ásamt starfsmönnum frá Landsvirkjun og Verkfræðistofu Sigurðar Toroddsen, formaður Náttúruverndarráðs, ásamt tveimur öðrum ráðsmönnum og ritara ráðsins, landlæknir og forstöðumaður Heilbrigðiseftirlits ríkisins, ásamt starfsmanni, prófessor Agnar Ingólfsson frá líffræðiskor Háskóla Íslands, Halldór E. Sigurðsson samgönguráðherra ásamt skrifstofustjóra samgönguráðuneytisins og Gunnari Sigurðssyni verkfræðingi, forstjóri Þjóðhagsstofnunar, ásamt starfsmanni, og Hjörtur Torfason hæstaréttarlögmaður, sem hefur verið lögfræðilegur ráðunautur viðræðunefndar um orkufrekan iðnað.

Að beiðni nefndarinnar fengust jafnframt skriflegar umsagnir fyrrnefndra sveitarfélaga og verkalýðsfélags Akraness að undanskildu einu, og Landsvirkjun og Verkfræðistofa Sigurðar Toroddsen gerðu sérstakar athuganir á orkuverði og orkuþörf. Einnig fékk nefndin skýrslu Heilbrigðiseftirlits ríkisins um málið og umsögn Þjóðhagsstofnunar, sem gerð var að beiðni viðræðunefndar um orkufrekan iðnað.

Málið hefur þannig fengið ítarlega meðferð í höndum iðnaðarnefndar. Að þeirri athugun lokinni mælir meiri hl. nefndarinnar með því, að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum, sem fram koma á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 10. mars 1975.

Steingr. Hermannsson, form., frsm. Ingi Tryggvason, fundaskr. Þorv. Garðar Kristjánsson.
Albert Guðmundsson. Eggert G. Þorsteinsson.

## Ed. 364. Breytingartillögur [149. mál]

við frv. til laga um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

1. Við 1. gr. Í stað „skyldan atvinnurekstur“ komi: tengdan atvinnurekstur.
2. Við 3. gr., 1. lið. Í stað „1575 milljónum króna“ komi: 1980 milljónum króna.
3. Við 4. gr., síðustu málsgr. Orðin „Hlutabréfin skulu undanþegin stimpilgjöldum“ falli niður.
4. Við 7. gr., 2. málsgr. orðist svo: Verði lagareglum um tekjuskatt og eignarskatt eða önnur opinber gjöld breytt frá því, sem nú er, skal hlutafélagið jafnan eiga sama rétt og aðrir íslenskir aðilar, sem hafa hliðstætt rekstrarform og stunda hliðstæða starfsemi, til að njóta þeirra hlunninda, sem um er að ræða eftir hinum breyttu reglum, og því ekki íþyngt með álögum umfram þessa aðila.
5. Við 11. gr. Greinin orðist svo:
   Hlutafélaginu ber að gera varúðarráðstafanir til að varna tjóni á umhverfi verksmiðjunnar við Grundartanga af hennar völdum, og skulu hönnun verksmiðjunnar, bygging og rekstur í öllu vera í samræmi við núgildandi og síðari lög og reglugerðir hér á landi varðandi mengunarvarnir og öryggi, náttúruvernd, heilbrigði og hreinlæti á vinnustað og þá staðla, sem settir eru samkvæmt þeim.
   Áður en framleiðsla hefst skal á kostnað fyrirtækisins og samkvæmt tillögum Náttúruverndarráðs gerð líffræðileg athugun á umhverfi verksmiðjunnar, þannig að fylgjast megi með áhrifum hennar á lífríkið.
6. Á eftir 11. gr. komi ný grein:
   Við járnblendiverksmiðjuna starfi samstarfsnefnd skipuð þremur fulltrúum frá hvorum, stjórn verksmiðjunnar og starfsliði hennar, ásamt jafnmörgum varamönnum. Hlutverk samstarfsnefndar er að efla samvinnu fyrirtækisins og starfsliðs þess, vera báðum til ráðuneytis og gera tillögur um bættan aðbúnað, heilbrigði og öryggi starfsliðs og hagkvæmni í rekstri fyrirtækisins.

## Ed. 365. Nefndarálit [149. mál]

um frv. til laga um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Mál það, er hér liggur fyrir háttv. Alþingi í frumvarpsformi, hefur ekki verið búið til flutnings með þeim hætti að sýnt sé að hagsmunir íslenska ríkisins hafi setið í fyrirrúmi við undirbúning þess. Umfjöllun málsins í iðnaðarnefnd Ed. hefur

verið yfirborðsleg og flaustursleg í senn, og hvergi nærri verið ætlaður nægur tími til þess að afla hlutlægra upplýsinga um hin þýðingarmestu atriði svo að sannprófa mætti fullyrðingar þess aðila, sem meginábyrgðina ber á þessu frumvarpi, þar sem er viðræðunefnd um orkufrekan iðnað.

Sem dæmi um þessi óhæfu vinnubrögð má nefna það, að synjað hefur verið í iðnaðarnefnd um fimm vikna frest til þess að líffræðistofnun Háskóla Íslands geti gengið úr skugga um mengunarhættu af völdum fyrirhugaðrar verksmiðju, en aðeins með slíkri athugun yrði háttv. alþingismönnum gert kleift að mynda sér rökstudda skoðun á því hvort hér sé stefnt í voða lífríki Hvalfjarðar og nærsveita. Tími sá og starfslið, sem Þjóðhagsstofnun hefur verið ætlað til að kanna málið, var með þeim hætti að stofnuninni hefur ekki gefist kostur á því að semja neins konar álitsgerð um áhrif fyrirhugaðrar stóriðju á atvinnuvegi landsins né byggðaform. Aðeins er vikið lauslega að samanburði á hagkvæmni fyrirhugaðrar stóriðju og sjávarútvegs, sem sýnir að vísu stórkostlega yfirburði sjávarútvegsins hvað arðkvæmi snertir. Engin úttekt hefur verið gerð í þessu sambandi á stöðu landbúnaðarins, né heldur athugaðir neinir þeir kostir, sem völ kynni að vera á um notkun raforku til áburðarvinnslu, ylræktar eða heykögglaframleiðslu.

Upplýsingar, sem iðnaðarnefnd hafa verið veittar varðandi hagkvæmni á notkun raforku til húsahitunar í því skyni að leysa olíuna af hólmi, hafa verið byggðar að verulegu leyti á ágiskunum, og það komið fram í viðræðum við fulltrúa orkumálastjórnar, Landsvirkjunar og Seðlabanka, að alls engar ráðstafanir hafa verið gerðar til beinnar könnunar í því máli.

Við athugun á skjölum og í viðræðum við búningsmenn málsins hefur komið í ljós að óhæfilegur trúnaður hefur verið lagður á einhliða upplýsingar viðsemjanda viðræðunefndar, Union Carbide, um þýðingarmikil efnisatriði, og það svo að í sjálfri greinargerðinni með frumvarpi þessu eru borin fram helber ósannindi um atriði, sem heill og hamingja þjóðar eru undir komin, svo sem staðhæfingin um skaðleysi þess ryks, er berast mun frá fyrirhugaðri verksmiðju, og síðan fylgt eftir með afkáralegum fullyrðingum um trúverðugheit Union Carbide í mengunarmálum, enda þótt fyrir liggi upplýsingar um að auðhringur þessi sé einn af skaðvænlegustu mengunarvöldum í heimi.

Sem dæmi um óhæfilegt sinnuleysi um hagsmuni lands og þjóðar í þessu sambandi má geta þess, að staðfest hefur verið í iðnaðarnefnd að ætlunin er að löggilda hér bandarískа mengunarstaðla í sambandi við þetta mál. Bandarísku mengunarstaðlarnir miða að því að draga úr iðnaðarmengun í Bandaríkjunum að því marki að lífi fólks, dýra og gróðurs þar í landi verði ekki lengur hætta búin — jafnframt því sem tekið verði tillit til hagsmuna mengunariðnaðarins þar í landi, sem rís að verulegu leyti undir efnahag risaveldisins. Verði þeir mengunarstaðlar lögfestir hér á landi, þá þýðir það í raun að auka mætti iðnaðarmengun á Íslandi upp að því marki, sem lífvænleg þykir í Bandaríkjunum.

Loks er þess að geta að mál þetta er sniðið með þeim hætti í hendur háttv. alþingismanna, að ljóst er að háttv. Alþingi er ekki ætlað að fjalla um það með þingræðislegum hætti, heldur aðeins að afgreiða, að forminu til, mál, sem sérfræðingaklíkur embættismannakerfisins hafa þegar leyft sér að taka endanlega ákvörðun um.

Af þessum sökum legg ég til að frumvarpið verði fellt. — En til vara, ef vera mætti að unnt reyndist að draga úr hættum þeim, sem felast í lagasetningu af þessu tæi, leyfi ég mér að bera fram nokkrar breytingartillögur við frumvarpið, og verða þær prentaðar á sérstöku þingskjali.

Stefán Jónsson.

## Ed. 366. Nefndarálit [146. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 108 31. des. 1974, um Framleiðslueftirlit sjávarafurða.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin mælir með samþykkt frv.

Alþingi, 11. mars 1975.

Steingr. Hermannsson, form., frsm. Halldór Ásgrímsson, fundaskr. Jón Árm. Héðinsson.
Jón Árnason. Oddur Ólafsson. Jón G. Sólnes.
Stefán Jónsson.

## Nd. 367. Frumvarp til laga [188. mál]

um breyting á lögum nr. 59/1969, um tollheimtu og tolleftirlit.

Flm.: Ingvar Gíslason, Lárus Jónsson, Heimir Hannesson.

1. gr.

4. mgr. 7. gr. laganna orðist svo:

Auk aðaltollhafna eru í eftirtöldum kaupstöðum og kauptúnum tollhafnir samkvæmt lögum þessum:

1. Borgarnes
2. Ólafsvík
3. Stykkishólmur
4. Patreksfjörður
5. Þingeyri
6. Flateyri
7. Suðureyri
8. Bolungarvík
9. Hólmavík
10. Hvammstangi
11. Blönduós
12. Sauðárkrókur
13. Ólafsfjörður
14. Dalvík
15. Raufarhöfn
16. Vopnafjörður
17. Reyðarfjörður
18. Fáskrúðsfjörður
19. Djúpavogur
20. Höfn í Hornafirði
21. Þorlákshöfn

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt sérstakri beiðni bæjarstjórnar Dalvíkurkaupstaðar í samráði við þá alþingismenn Norðurlandskjördæmis eystra, sem sæti eiga í efri deild, þ. e. Jón G. Sólnes, Stefán Jónsson og Inga Tryggvason.

Frumvarpið gerir ráð fyrir þeirri breytingu einni, að Dalvíkurkaupstaður verði tekinn í tölu tollhafna þeirra, sem getur í 4. mgr. 7. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit. Sýnist sú skipan eðlileg eins og á stendur. Er augljóst hagræði að því fyrir dalvíkinga að eiga þess kost að fá tollafgreidd skip á Dalvík, og mundi það yfirleitt spara útgerð skipa þaðan fé og fyrirhöfn. Hins vegar verður ekki séð, að samþykkt þessa frv. leggi sérstakar fjárhagsbyrðar á ríkissjóð, því að ekki er af flm. hálfu gert ráð fyrir ráðningu tollgæslumanns í þessu sambandi, heldur yrði um að ræða þjónustu starfandi tollgæslumanna í nágrenni, t. a. m. á Akureyri, ellegar að lögreglumenn staðarins ræktu þetta starf, sem virðist vel mögulegt, ef rétt er að verið.

## Sþ. 368. Fyrirspurnir. [189. mál]

I. Til menntamálaráðherra um menntun í hjúkrunarfræðum.

Frá Helga F. Seljan.

1. Hvað hafa margir nemendur innritast í Nýja hjúkrunarskólann: a) 1972, b) 1973, c) 1974?
2. Hvernig er áætlað, að starfsemi skólans verði háttað næsta skólaár?
3. Fullnægir Hjúkrunarskóli Íslands eftirspurn um hjúkrunarnám og ef svo er ekki, er Nýi hjúkrunarskólinn nýttur sem skyldi?

II. Til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um endurskoðun laga um ljósmæðranám.

Frá Helga F. Seljan.

1. Hvenær má vænta niðurstaðna frá nefnd þeirri, er skipuð var til að endurskoða lög um Ljósmæðraskóla Íslands?
2. Getur ráðherra upplýst nokkuð á þessu stigi um störf og niðurstöður nefndar þessarar?

## Sþ. 369. Tillaga til þingsályktunar [190. mál]

um endurskoðun laga nr. 84 19. júní 1933, um varnir gegn óréttmætum verslunarháttum.

Flm.: Helgi F. Seljan.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta sem fyrst fara fram endurskoðun á lögum nr. 84 19. júní 1933, um varnir gegn óréttmætum verslunarháttum, í því skyni að endurnýja og gera ítarlegri öll ákvæði er varða almennar verslunarauglýsingar. Skal höfuðáhersla lögð á að gera lögin þannig úr garði, að þau feli í sér aukna vernd gegn háþróuðum auglýsingaiðnaði nútímans, með því m. a. að gera ákveðnar kröfur til heiðarleika, siðgæðis, sanninda og látleysis auglýsinga.

### Greinargerð.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að á síðari árum hafa orðið miklar breytingar á viðskiptaháttum hér á landi. Hið dæmigerða neysluþjóðfélag blasir við okkur, hvert sem litið er. Þróun þessi hefur verið með ólíkindum hröð hérlendis, jafnvel svo, að þeir sem nú eru á miðjum aldri muna þjóðfélag fátæktar og skorts.

Þó að syrti að um sinn hjá launafólki yfirleitt, er mikil kaupgeta enn áberandi hjá stórum þjóðfélagshópum. Verslun og viðskipti hafa tekið meiri stakkaskiptum á fáum árum heldur en aðrar atvinnugreinar landsmanna.

Flóð auglýsinga vöru og þjónustu er eitt einkenni nútíma viðskiptahátta. Blöð og tímarit, útvarp og sjónvarp flytja viðskiptavinum sínum daglega fjölda þessara auglýsinga í miklu úrvali. Sjónvarp hefur þó algera sérstöðu á þessu sviði sem nýr og einhver áhrifamesti fjölmiðill sem enn er fundinn upp. Framleiðendur, heildsalar og smásalar reyna með þessum hætti að ná athygli almennings, hver í kapp við annan, gylla vöru sína með öllum ráðum.

Auðvitað má segja sem svo, að í þjóðfélagi sem okkar gegni auglýsingar þýðingarmiklu hlutverki, bæði fyrir seljanda og neytanda, en innan hæfilegra marka

þó. Auglýsingaflaumur allsnægtaþjóðfélagsins er kominn út fyrir gagnsemismörkin; hann grundvallast á þeirri staðreynd, að þörfum margra er fullnægt og meira en það. Þess vegna þarf að búa til þarfir, einkum þeim til handa, sem best hafa kjörin og mesta kaupgetu. Auglýsingar eru því reknar sem háþróuð vísindi, sálfræði, sem hefur það viðfangsefni að vekja hjá manninum löngun, sem hann fann ekki fyrir áður. Gamlar kennisetningar um lögmál framboðs og eftirspurnar eru fyrir löngu orðnar marklausar að þessu leyti varðandi fjölda fólks. Maðurinn er ekki lengur sjálfráður um þarfir sínar, aðrir búa þær til. Og það á við um sorglega marga.

Lögin um varnir gegn óréttmætum verslunarháttum eru frá árinu 1933 og hafa að geyma gildandi lagafyrirmæli um auglýsingar. Samkvæmt þessum 42 ára gömlu lögum gilda eftirfarandi reglur um þessi mál, samkvæmt 1. gr.:

a) Hverjum þeim sem selur vöru eða hefur hana á boðstólum er óheimilt að gefa út villandi upplýsingar um vöruna til að hafa áhrif á eftirspurn hennar eða sölu. Um allar auglýsingar, hvort sem þær eru birtar í blöðum, tímaritum, útvarpi eða annars staðar, skal þess gætt, að þær séu látlaust orðaðar, lausar við skrum og hæpnar fullyrðingar, en segi það eitt, sem satt er og rétt í öllum greinum.

b) Enn fremur er sérstaklega bannað að setja villandi auðkenni á vöruna sjálfa, umbúðir hennar eða einkennismiða, á auglýsingaspjöld, reikninga, vöruskrár eða önnur verslunarskjöl. En hvað sé villandi í skilningi laganna er síðan talið upp undir þrem stafliðum, ítarlega og tæmandi.

Samkvæmt 2. gr. laganna er það talið til sérstaks sakarauka, ef þessi villandi auðkenni, sem talin eru upp í 1. gr., eða upplýsingar um þau eru breiddar út í blaðatilkynningum (auglýsingum), með fregnmiðum eða á auglýsingarspjöldum, sem mikið ber á.

Að viðbættum nokkrum ákvæðum öðrum í lögunum frá 1933 eru með þessu taldar reglur íslensks réttar um auglýsingar, — ákvæði sem vissulega standa fyrir sínu enn í dag og eru sjálfsögð og eðlileg, en eru á hinn bóginn langt frá nógu ítarleg.

Það gefur auga leið, að auglýsingar þurfa síður en svo að vera „villandi upplýsingar“ eða með skrumi og hæpnum fullyrðingum, þótt þær séu allt að einu óábyggilegar, skaðlegar eða óæskilegar. Eins og áður er sagt hafa auglýsingar tekið æ meira rúm í viðskiptaháttum síðari tíma og auglýsingatækni fleygt svo fram, að brýna nauðsyn ber til að lögfesta ýmis nýmæli í þessum efnum.

Auglýsingar gegna ákveðnu hlutverki, þær njóta viðurkenningar og fyrirgreiðslu þjóðfélagsins, þess vegna hvílir á þeim mikil þjóðfélagsleg ábyrgð. Gildi þeirra byggist á tiltrú neytenda, áhrif þeirra eru mikil og þess vegna nauðsynlegt að vanda til þeirra og koma í veg fyrir allar skaðlegar verkanir og óæskilegan boðskap.

Auglýsingar, hverju nafni sem nefnast, verða að vera heiðarlegar, sannar og ábyggilegar. Þær verða að vera þannig, að þær brjóti aldrei gegn almennu siðgæði. En auk þess skal bent á nokkur atriði til viðbótar.

— Auglýsingar eiga aldrei að vera þess eðlis, að þær færi sér í nyt reynsluleysi eða kunnáttuleysi þeirra, sem þeim er beint til.
— Auglýsingar eiga aldrei að höfða til hjátrúar og því síður til ótta.
— Auglýsingar eiga aldrei að bera með sér staðhæfingar, sem eru til þess fallnar að villa um fyrir fólki eða vekja upp hugboð, sem er villandi um ástand eða eiginleika.
— Auglýsingar ættu aldrei að sýna eða lýsa atvikum, sem brjóta almennar varúðarreglur eða gætu ýtt undir vanrækslu í þeim efnum. T. d. hvað viðvíkur meðferð á rafmagni, vatni eða eldi, eða umferðarreglum og fyrirmælum stjórnvalda.
— Auglýsingum ætti aldrei að beina til barna eða unglinga. Og ekki ættu þær að bera með sér staðhæfingar eða myndir, sem gætu reynst börnum og

unglingum skaðlegar sálrænt og siðferðilega eða hefðu skaðleg áhrif á uppeldi þeirra og afstöðu til uppalenda þeirra.
— Aldrei ættu auglýsingar að færa sér í nyt eðlilega trúgirni barna eða reynsluleysi.
— Auglýsingar ættu aldrei að færa sér í nyt vonir þeirra, sem haldnir eru sjúkdómum eða færa sér í nyt dómgreindarleysi sjúkra og þjáðra með loforðum um lækningu. Varast ætti allar auglýsingar, sem eru til þess fallnar að hafa áhrif á þá, sem haldnir eru spila- eða veðmálafíkn.

Auðvitað eru atriði þessi ekki tæmandi, heldur tekin af handahófi. Þau ættu á hinn bóginn að vera nokkur vísbending um þau sjónarmið, sem flutningsmaður þessarar tillögu hefur í huga, og til leiðbeiningar fyrir þá sem til endurskoðunarinnar verða valdir, samþykki Alþingi tillöguna.

Segja má, að hver velji og hafni eftir viti og þörfum, því sé öll frekari takmörkun óþörf. En hér er ekki öll sagan sögð. Auk þess bendir margt til þess í auglýsingum okkar, að þær séu blátt áfram forheimskandi og til viðbótar við gróðasjónarmið, án allra takmarkana og siðgæðis, ætti það að nægja til þess að taka málið í heild fastari tökum.

## Ed. 370. Breytingartillaga [149. mál]

við frv. til laga um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar (StJ).

Við 11. gr. Aftan við greinina bætist:

Á vegum Náttúruverndarráðs og líffræðistofnunar Háskóla Íslands verði gerð ítarleg líffræðileg könnun á Hvalfirði og umhverfi fyrirhugaðs verksmiðjustaðar, áður en nokkrar framkvæmdir hefjast þar.

## Nd. 371. Frumvarp til laga [33. mál]

um samræmda vinnslu sjávarafla og veiðar, sem háðar eru sérstökum leyfum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 12. mars.)

**1. gr.**

Sjávarútvegsráðuneytið getur samkvæmt lögum þessum sett almennar og svæðisbundnar reglur, er stuðli að samræmingu milli veiðiheimilda samkvæmt sérstökum leyfum ráðuneytisins til rækju- og skelfiskveiða og vinnslugetu þessara greina fiskiðnaðarins, meðal annars með skiptingu afla milli vinnslustöðva og/eða þeirra báta, sem veiðileyfi hljóta.

**2. gr.**

Í þeim greinum veiða, sem háðar eru sérstökum leyfum samkvæmt 1. gr., skal leita leyfis sjávarútvegsráðuneytisins til að koma á fót vinnslustöðvum eða til aukningar á afkastagetu þeirra sem fyrir eru. Ráðuneytið getur synjað um slík leyfi, ef ekki er fyrirsjáanleg aflaaukning á viðkomandi svæði né samdráttur í starfsemi annarra vinnslustöðva á svæðinu.

Opinberum fjárfestingarlánasjóðum skal tilkynnt um synjun slíkra leyfa.

**3. gr.**

Ráðherra getur sett nánari fyrirmæli um framkvæmd þessara laga.

4. gr.

Hver sá, er sekur gerist um brot á lögum þessum eða fyrirmælum samkvæmt þeim, skal sæta sektum, nema þyngri viðurlögum varði samkvæmt öðrum lögum. Sektir renni í ríkissjóð. Um mál út af brotum á lögum þessum eða fyrirmælum settum samkvæmt þeim, skal fara að hætti opinberra mála.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Ed. 372. Nefndarálit [186. mál]

um frv. til l. um lántökuheimild fyrir ríkissjóð.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Albert Guðmundsson, Jón Árm. Héðinsson og Axel Jónsson.

Alþingi, 12. mars 1975.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm. Jón Helgason, fundaskr. Jón G. Sólnes.

Ragnar Arnalds.

## Nd. 373. Nefndarálit [186. mál]

um frv. til l. um lántökuheimild fyrir ríkissjóð.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin mælir með að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 13. mars 1975.

Ólafur G. Einarsson, form., frsm. Lárus Jónsson, fundaskr. Þórarinn Þórarinsson.

Lúðvík Jósepsson. Tómas Árnason. Gylfi Þ. Gíslason.

Sigríður Guðvarðsdóttir.

## Nd. 374. Nefndarálit [82. mál]

um frv. til laga um breyt. á orkulögum, nr. 58 29. apríl 1967.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Undirritaðir nefndarmenn leggja til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 13. mars 1975.

Magnús Kjartansson, frsm. Þórarinn Þórarinsson. Benedikt Gröndal.

## Nd. 375. Nefndarálit [82. mál]

um frv. til l. um breyt. á orkulögum, nr. 58 29. apríl 1967.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Nefndin hefir rætt frumvarpið en varð ekki sammála um afgreiðslu þess. Meiri hluti nefndarinnar (IngJ, LárJ, IG, GHB) leggur til að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.** Minni hluti nefndarinnar (MK, ÞÞ og BGr) vill samþykkja frumvarpið.

Alþingi, 13. mars 1975.

Ingólfur Jónsson, form., frsm. Lárus Jónsson, fundaskr. Ingvar Gíslason.

Geirþrúður Hildur Bernhöft.

## Ed. 376. Frumvarp til laga [149. mál]

um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði.

(Eftir 2. umr. í Ed., 13. mars.)

1. gr.

Ríkisstjórnin skal beita sér fyrir stofnun hlutafélags, er reisi og reki verksmiðju að Grundartanga í Hvalfirði til framleiðslu á 75% ferrosilikoni og hafi með höndum þá framleiðslu og tengdan atvinnurekstur.

2. gr.

Til samvinnu um stofnun eða starfsemi hlutafélags samkvæmt 1. gr. skal ríkisstjórninni heimilt að kveðja hlutafélagið Union Carbide Corporation, New York, N. Y., Bandaríkjunum, og dótturfélög þess fyrirtækis, svo og eftir atvikum aðra aðila, sem áhuga hafa á málinu. Þó skal ekki minna en 51% af hlutafé félagsins jafnan vera í eigu ríkisins og stjórn þess skipuð fulltrúum ríkisins að meirihluta, nema samþykki Alþingis komi til.

3. gr.

Í sambandi við hlutafélag samkv. 1. gr. er ríkisstjórninni heimilt:

1. Að leggja fram allt að 1980 milljónum króna (eða jafnvirði 13.2 milljóna Bandaríkjadollara), til að eignast 55% af hlutafé í félaginu. Einnig er henni heimilt að taka lán í sama skyni.

2. Að kaupa eða láta kaupa jarðnæði við Grundartanga í Hvalfirði, er leigt verði félaginu, eftir því sem þarfir verksmiðju þess krefjast, sbr. 10. gr.

3. Að láta byggja og reka höfn við Grundartanga í Hvalfirði, sem félagið hafi aðgang að, og kaupa eða láta kaupa nauðsynleg landsréttindi höfninni til handa, sbr. 10. gr.

4. Að sjá um að leggja veg að hinu fyrirhugaða verksmiðju- og hafnarsvæði við Grundartanga.

5. Að láta leggja raflínu að hinu fyrirhugaða verksmiðju- og hafnarsvæði við Grundartanga, til flutnings á rafmagni til byggingar verksmiðju félagsins og hafnarinnar og til almennra nota þar á staðnum.

4. gr.

Íslenska ríkið og þeir aðilar, sem kvaddir eru til samstarfs samkv. 2. gr., skulu vera fullgildir stofnendur hlutafélagsins, án tillits til ákvæðis 2. málsliðar 2. málsgr. 4. gr. laga nr. 77/1921, um hlutafélög. Tala stofnenda skal og óháð ákvæðum 1. málsliðs sömu málsgreinar. Rétt er að skrásetja félagið þegar er það hefur verið stofnað, án tillits til þess, hvernig þá stendur á um innborgun lofaðs hlutafjár.

Tala hluthafa í félaginu skal óháð takmörkunum í almennum hlutafélagalögum, svo og réttur hluthafa til að neyta atkvæðisréttar fyrir allt atkvæðisbært hlutafé sitt.

Hlutabréf í félaginu skulu hljóða á nafn.

5. gr.

Fulltrúar í stjórn hlutafélagsins skulu skipaðir eða kjörnir á aðalfundi til árs í senn, svo og varamenn þeirra.

Fulltrúar í stjórn félagsins mega vera erlendir ríkisborgarar og búsettir erlendis, þó ekki sá meirihluti, sem áskilinn er í 2. gr. að framan.

Stjórnarmenn þurfa ekki að eiga sjálfir hlut í félaginu.

6. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að gera samninga innan ramma þessara laga við þá aðila, sem kvaddir eru til samstarfs samkv. 2. gr. að framan, og að kveða þar á um þær skuldbindingar af hálfu ríkisins og aðilanna, sem taldar eru nauðsynlegar og viðeigandi í sambandi við samvinnu þeirra um hlutafélagið og starfsemi þess, skal vera eftir því sem ríkisstjórnin ákveður, og ekki skemmri en gildistími þeirra samninga, sem gerðir eru við aðilana við stofnun hlutafélagsins.

Samningar þeir, sem ríkisstjórnin gerir samkvæmt þessari grein, skulu birtir í B-deild Stjórnartíðinda.

7. gr.

Hlutafélagi samkv. 1. gr. ber að greiða tekjuskatt og eignarskatt og önnur opinber gjöld, sem almennt eru á lögð hér á landi, eftir þeim reglum, sem um þau gilda samkvæmt lögum á hverjum tíma, nema að því leyti, sem mælt er á annan veg í lögum þessum.

Verði lagareglum um tekjuskatt og eignarskatt eða önnur opinber gjöld breytt frá því, sem nú er, skal hlutafélagið jafnan eiga sama rétt og aðrir íslenskir aðilar, sem hafa hliðstætt rekstrarform og stunda hliðstæða starfsemi, til að njóta þeirra hlunninda, sem um er að ræða eftir hinum breyttu reglum, og því ekki íþyngt með álögum umfram þessa aðila.

Eftirfarandi reglur skulu gilda gagnvart hlutafélaginu að því er varðar skatta á nettótekjur og aðra skatta, sem að neðan greinir, án tillits til breytinga, sem verða kunna á almennum lögum um þá skatta:

1. Félaginu skal jafnan heimilt að halda varasjóð myndaðan af skattfrjálsum framlögum að því marki, sem um ræðir í 2. málsgr. 17. gr. gildandi laga um tekjuskatt og eignarskatt (nr. 68/1971, sbr. lög nr. 7/1972), og eftir þeim reglum, er gilda um slíkan varasjóð samkvæmt þeim lögum.
2. Félaginu skal jafnan heimilt að draga frá hreinum tekjum sínum á ári hverju sem svarar allt að 10% af nafnverði hlutafjár þess með sama hætti og um getur í 1. málsgr. 17. gr. gildandi tekjuskattslaga. Má sá frádráttur vera fyrir fjárhæðum, er félagið borgar út jafnóðum sem arð á því ári, og/eða fjárhæðum, er félagið leggur til hliðar á árinu í sjóð til fjárfestingar og rekstursþarfa. Úr sjóði þeim, sem lagður er til hliðar samkvæmt ákvæði þessu, má síðar úthluta arði og greiða hann, án þess að slíkt skerði rétt félagsins til frádráttar vegna útborgaðs arðs á því ári, er greiðsla fer fram.

3. Félaginu skal jafnan heimilt að auka hlutafé sitt með útgáfu jöfnunarhlutabréfa án þess að nafnverð þeirra teljist til skattskyldra tekna hjá hluthöfum þess, innan þeirra marka, sem um ræðir í 2. málsgr. D-liðs 1. málsgr. 7. gr. gildandi tekjuskattslaga.
4. Félagið skal greiða árlegt landsútsvar, er nemi 0.5% hið mesta af rekstrarútgjöldum þess næstliðið almanaksár samkvæmt ákvæðum skattalaga (þar með taldar fyrningar og vöru- og efnisnotkun), þó ekki af hærri upphæð en sem nemi bráttótekjum félagsins á árinu. Verður landsútsvarið lagt á atvinnurekstur félagsins sem heild og kemur í stað aðstöðugjalds á þann rekstur samkv. V. kafla laga nr. 8/1972, um tekjustofna sveitarfélaga, og annarra gjalda, er leysa kynnu aðstöðugjaldið af hólmi.

8. gr.

Um skattskyldu erlendra aðila, sem kvaddir eru til samvinnu samkv. 2. gr. laganna og eiga hlut í félaginu eða láta því í té tæknilega aðstoð eða aðstoð við sölu á afurðum þess, skal fara eftir ákvæðum þeirra tvísköttunarsamninga, sem í gildi eru milli Íslands og heimaríkja þessara aðila. Meðan slíkir tvísköttunarsamningar hafa ekki verið gerðir, skal ríkisstjórnin beita í þessu efni hinum sameiginlegu drögum að tvísköttunarsamningi milli Íslands og Bandaríkjanna, sem samninganefndir ríkjanna gengu frá hinn 16. maí 1973, eða síðari drögum að þeim samningi. Í samræmi við framanritað skulu eftirfarandi reglur gilda gagnvart þessum aðilum, án tillits til breytinga á íslenskum skattalögum:

1. Tekjuskattur erlendra hluthafa í félaginu vegna arðs af hlutareign þeirra, sem skattskyldur er samkvæmt gildandi tekjuskattslögum eða síðari lögum um tekjuskatt, skal vera 5% — fimm af hundraði, nema lög eða milliríkjasamningar kveði á um lægra gjald, enda eigi viðkomandi hluthafi ekki minna en sem svarar 10% af útistandandi hlutafé félagsins. Ber félaginu að halda skatti þessum eftir við útborgun arðsins og skila honum til hlutaðeigandi yfirvalda á greiðsluárinu. Í þessu sambandi ber að meðhöndla úthlutun á verðmætum til hluthafa við slit á félaginu eða sölu á hlutabréfum sem innlausn á hlutabréfum, og skal ágóði til hluthafanna, sem um er að ræða, metinn sem tekjur af innlausninni og skattlagður sem arður.
2. Þeir erlendu aðilar, sem að ofan greinir, skulu ekki taldir hafa fasta starfsstöð á Íslandi vegna umgetinna tengsla sinna við félagið, og greiðslur til þeirra í formi þjónustugjalda, sölulauna, umboðslauna, leyfisgjalda og vaxta skulu ekki háð sköttun á Íslandi.

9. gr.

Innflutningur af hálfu hlutafélagsins á byggingarefni, vélum og búnaði og öðrum fjárfestingarvörum og varahlutum til verksmiðju félagsins og reksturs hennar og tengdra mannvirkja skal undanþeginn aðflutningsgjöldum og söluskatti á innflutning.

Innflutningur af hálfu hlutafélagsins á hráefnum og rekstrarvörum, sem beinlínis eru notaðar í framleiðslu á útflutningsvörum frá verksmiðjunni, skal undanþeginn tollum á innflutning og útflutning og söluskatti á Íslandi, svo og sala til útlanda á framleiðsluvörum félagsins.

10. gr.

Höfn við verksmiðjusvæðið að Grundartanga, sbr. 3. tölul. 3. gr., skal vera í eigu sérstaks hafnarsjóðs, sem sveitarfélög í nágrenninu stofna til samkvæmt ákvæðum hafnalaga, og tryggi hafnarsjóðurinn hlutafélaginu viðeigandi afnot hafnarinnar með kjörum, sem ríkisstjórnin samþykkir.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að hafnarsjóðurinn verði eigandi að jarðnæði verksmiðjunnar við Grundartanga, sbr. 4. tölul. 3. gr., og leigi það hlutafélaginu með kjörum, sem ríkisstjórnin samþykkir.

11. gr.

Hlutafélaginu ber að gera varúðarráðstafanir til að varna tjóni á umhverfi verksmiðjunnar við Grundartanga af hennar völdum, og skulu hönnun verksmiðjunnar, bygging og rekstur í öllu vera í samræmi við núgildandi og síðari lög og reglugerðir hér á landi varðandi mengunarvarnir og öryggi, náttúruvernd, heilbrigði og hreinlæti á vinnustað og þá staðla, sem settir eru samkvæmt þeim.

Áður en framleiðsla hefst skal á kostnað fyrirtækisins og samkvæmt tillögum Náttúruverndarráðs gerð líffræðileg athugun á umhverfi verksmiðjunnar, þannig að fylgjast megi með áhrifum hennar á lífríkið.

12. gr.

Við járnblendiverksmiðjuna starfi samstarfsnefnd skipuð þremur fulltrúum frá hvorum, stjórn verksmiðjunnar og starfsliði hennar, ásamt jafnmörgum varamönnum. Hlutverk samstarfsnefndar er að efla samvinnu fyrirtækisins og starfsliðs þess, vera báðum til ráðuneytis og gera tillögur um bættan aðbúnað, heilbrigði og öryggi starfsliðs og hagkvæmni í rekstri fyrirtækisins.

13. gr.

Iðnaðarráðherra fer með mál, sem snerta eignaraðild ríkisins í hlutafélaginu.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Nd. 377. Lög [186. mál]

um lántökuheimild fyrir ríkissjóð.

(Afgreidd frá Nd. 13. mars.)

Samhljóða þskj. 359.

## Ed. 378. Breytingartillaga [149. mál]

við frv. til l. um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði.

Frá Þorv. Garðari Kristjánssyni.

Við 6. gr. Á eftir orðunum „og starfsemi þess“ í fyrri málsgr. bætist: þar á meðal varðandi framkvæmd 7.—9. gr. að neðan. Gildistími ákvæða 7.—9. gr.

## Nd. 379. Nefndarálit [179. mál]

um frv. til l. um breyt. á sveitarstjórnarlögum, nr. 58 frá 23. mars 1961.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin fjallaði um frumvarpið að lokinni 1. umræðu og leggur til að það verði samþykkt. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja öðrum breytingartillögum. Fjarverandi voru Eðvarð Sigurðsson og Jóhann Hafstein.

Alþingi, 17. mars 1975.

Gunnlaugur Finnsson, form., frsm. Ellert B. Schram, fundaskr. Heimir Hannesson.

Ólafur G. Einarsson. Magnús T. Ólafsson.

## Sþ. 380. Fyrirspurn [191. mál]

til iðnaðarráðherra um jarðhitarannsóknir við Varmahlíð í Skagafirði.

Frá Pálma Jónssyni.

a) Hvaða rannsóknir hafa verið gerðar á jarðhitasvæðinu við Varmahlíð í Skagafirði?
b) Er vitað hvort þar er um að ræða fullnægjandi varmaorku fyrir nærliggjandi umhverfi, þar á meðal grænfóðurverksmiðju, sem ákveðin hefur verið í Vallhólmi?

## Sþ. 381. Tillaga til þingsályktunar [192. mál]

um heilsuræktar- og útivistarmiðstöð á Norðurlandi.

Flm.: Heimir Hannesson, Ingvar Gíslason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að vinna að því að koma á fót heilsuræktar- og útivistarmiðstöð á Norðurlandi. Haft verði náið samráð við landshlutasamtök norðlendinga og bæjar- og sveitarfélög á Norðurlandi.

Jafnframt felur Alþingi ríkisstjórninni að kanna hið fyrsta leiðir til að afla fjármagns til nauðsynlegra framkvæmda samhliða sérfræðilegri athugun málsins.

### Greinargerð.

Samhliða vaxandi önnum hins daglega lífs og hraða og streitu nútímalífsins hefur sífellt aukist skilningur hérlendis sem erlendis á nauðsyn þess, að sem flestir geti átt þess kost að njóta hvíldar og heilsuræktar. Á þetta jafnt við um þá sem vilja viðhalda fullri heilsu með líkamsrækt og ýmiss konar útivist þar sem slík aðstaða er fyrir hendi, en ekki síður þá sem þarfnast endurhæfingar og heilsubótar. Brýna nauðsyn ber til, að á hverjum tíma sé fyrir hendi næg og fullkomin aðstaða í báðum þessum tilvikum. Í hinu fyrra tilviki er um fyrirbyggjandi starfsemi að ræða, sem reynst getur hin mikilvægasta fyrir hvert þjóðfélag og alla einstaklinga þess, en í hinu síðara er um það að ræða, að fullkomin aðstaða sé fyrir þá sem ekki þurfa beinlínis á sjúkrahúsvist að halda, en þurfa að geta haft aðgang að margvíslegri heilsuræktar- og útivistaraðstöðu í endurhæfingarskyni eftir heilsufarsleg áföll í einhverri mynd. Í báðum tilvikum gæti slík aðstaða tengst ýmiss konar ferðaþjónustu beint og óbeint fyrir innlenda og erlenda ferðamenn, þó að hún þurfi ekki að gera það, og ræðst nokkuð af því hversu víðtæk og alhliða slík aðstaða yrði, sbr. það sem segir síðar í greinargerð þessari.

Hér á landi er mjög brýn þörf á stórauknum átökum í þessum málum. Alkunna er, að aðstaða sú, er áhugamannasamtök hafa komið á fót í Hveragerði og Reykjalundi, annar engan veginn vaxandi eftirspurn og af ýmsum ástæðum, ekki síst vegna fjárskorts, skortir enn mjög á að þar sé jafnfullkomin aðstaða fyrir hendi og þyrfti að vera miðað við þarfir og kröfur tímans, þrátt fyrir mikinn vilja og áhuga forráðamanna þessara stofnana. Á takmarkaðan hátt hefur verið bætt úr þessari þörf á höfuðborgarsvæðinu með fjölgandi heilsuræktarstofum í smáum stíl, en þar er ekki um samræmdar aðgerðir að ræða og þjónar sú virðingarverða starfsemi fyrst og fremst íbúum höfuðborgarinnar eins og eðlilegt er.

Samkvæmt því, sem að framan segir, er því hvergi umtalsverð heilsuræktaraðstaða utan höfuðborgarsvæðisins. En í nokkur ár hefur að því verið unnið af félagsdeildum Náttúrulækningafélags Íslands á Akureyri með nokkrum stuðningi

heildarsamtakanna að koma á fót heilsuhæli fyrir Norðurland við Akureyri og hefur þessari starfsemi nýlega verið úthlutað lóð við Skjaldarvík skammt fyrir norðan Akureyri. Þrátt fyrir ríkan áhuga og ötula fjársöfnun þessa litla, en ötula áhugamannahóps er þessi framkvæmd mjög skammt á veg komin, en fyrirhugað er að verklegar framkvæmdir við heilsuhælið hefjist á þessu ári.

Að undanförnu hafa erlendir sérfræðingar á vegum Sameinuðu þjóðanna og opinberra aðila unnið að þróunaráætlun um ferðamál á Íslandi, og voru eftirtalin þróunarsvið valin af ríkisstjórn Íslands til sérstakrar athugunar skv. skýrslu þessara sérfræðinga útg. í ágúst 1973 af samgönguráðuneytinu:

Skíðasvæði.
Vötn, ár og sjór til fiskveiða.
Ráðstefnu- og fundaaðstaða.
Jarðhiti til heilsuræktar.

Í skýrslu þessari og öðrum skýringum hinna erlendu sérfræðinga var lögð áhersla á þá stefnumörkun, að öll hugsanleg fjárfesting í sambandi við ofangreind þróunarsvið yrði við það miðuð, að þær þjónuðu ekki síður íslendingum sjálfum um leið og þær styrktu stoðir innlendrar ferðaþjónustu. Ekki síst með þetta að leiðarljósi sameina þeir í einni framkvæmd tvö ofangreind þróunarsvið sem reifuð eru í fyrrnefndri skýrslu ráðuneytisins. Þar er reifuð allítarlega hugmynd sérfræðinganna um „ferðamannamiðstöð", sem svo er nefnd, er „tengdi Ísland við náttúruauðlindir sínar", og þar sem fram gæti farið margvísleg starfsemi, m. a. „í einangruðu samfélagi yfirbyggðra garða og húsa, sem byggðust á nýtingu jarðhita". I slíkri miðstöð er gert ráð fyrir „aðstöðu fyrir fólk, sem áhuga hefur fyrir einum eða öllum þáttum starfseminnar, skíðaiðkunum, fiskveiðum, ráðstefnum eða heilsurækt". Reksturinn byggðist á því, að heilsuræktaraðstaðan sé rekin allt árið, íslendingar noti skíðaaðstöðuna að vetrinum, ráðstefnur séu vor og haust og almennir ferðamenn, væntanlega innlendir sem erlendir, yfir sumarmánuðina. Ekki er gerð nein endanleg tillaga um staðarval, en í þessari greinargerð reifuð hugmynd um staðarval við Botnssúlur, sem skv. síðari reifun málsins hefur flust að Kleifarvatni, m. a. vegna nábýlisins við Reykjavík og Keflavík.

Þó að flm. séu ósammála hinum lauslegu hugmyndum hinna erlendu sérfræðinga um staðarval, enda ekki um neina endanlega tillögu þeirra að ræða, auk þess sem endanlegar ákvarðanir eru að sjálfsögðu í höndum íslendinga sjálfra, telja flm., að hér sé hreyft athyglisverðum hugmyndum, sem kanna þurfi nánar. Það er skoðun flm., að bæði frá sjónarmiði byggðastefnu og að ýmsu leyti af hagkvæmniástæðum, m. a. vegna hinnar brýnu þarfar á heilsuræktaraðstöðu utan þéttbýlissvæðisins á Suðvesturlandi, þurfi að kanna vandlega, hvort ekki sé grundvöllur fyrir því að koma á fót heilsuræktar- og útivistaraðstöðu á Norðurlandi, sem í senn bætti úr mjög brýnni þörf fyrir norðlendinga og raunar landsmenn alla í vaxandi mæli með bættum samgöngum, auk þess sem slík framkvæmd gæti verið mikilvægur liður í framtíðarþróun íslenskra ferðamála, sem hvort tveggja í senn þjónaði íslendingum sjálfum og þeim gestum erlendum er sækja vilja landið heim af ýmsum ástæðum.

Ekki eru að þessu sinni gerðar neinar endanlegar tillögur um staðarval á Norðurlandi, enda er það skoðun flm., að áður en slík ákvörðun væri tekin þyrfti að fara fram sérfræðileg athugun á aðstæðum á þeim stöðum, er helst koma til greina. Þó virðist við fyrstu sýn að á Akureyri eða í nágrenni Akureyrar séu fyrir hendi mörg þau skilyrði, er uppfylla þarf, og aðstaða að mörgu leyti hin ákjósanlegasta. Má í þessu sambandi minna á, sbr. það sem að framan er sagt, að Náttúrulækningafélag Akureyrar, sem er deild í landssamtökum N.L.F.Í., vinnur nú að því að koma upp heilsuhælisbyggingu í landi Akureyrarbæjar að Skjaldarvík og samningar þegar gerðir um ýmis réttindi þar að lútandi, m. a. samningar á lokastigi um hitavatnsréttindi. Fjármagn er enn mjög af skornum skammti og því víst að

framkvæmdir dragast mjög á langinn, ef ekki tekst að finna nýjan fjárhagsgrundvöll.

Eins og kunnugt er, er Akureyri miðstöð vetraríþrótta og umrædda heilsuræktar- og útivistarmiðstöð mætti á auðveldan hátt tengja þeirri aðstöðu, er þegar er fyrir hendi í Hlíðarfjalli við Akureyri, og eins mætti hugsa sér að með nýjum lyftu- og togbrautarbúnaði mætti verulega lengja skíðatímann, jafnvel fram á vor og sumar. Í kaupstaðnum og í nágrenni hans er að auki hin ákjósanlegasta aðstaða til margvíslegra útilífsiðkana, svo sem fjallgangna, sjóstangaveiði, hestaferða, og þannig mætti lengi telja. Og mikilvægt er að fjölbreytt þjónusta er þegar fyrir hendi á Akureyri, bæði að því er varðar samgöngur, læknisþjónustu, ýmiss konar ferðaþjónustu og sérfræðilega aðstoð, auk þess sem Akureyri er miðsvæðis á Norðurlandi og tengist því samgöngukerfinu í allar áttir á landi og í lofti. Þess ber þó að geta að ýmsir aðrir staðir á Norðurlandi hafa betri aðgang að heitu vatni en Akureyri, og því m. a. sjálfsagt að kanna vel aðra möguleika á staðarvali, t. d. í Þingeyjarsýslum eða annars staðar á Norðurlandi. Mestu máli skiptir að hið opinbera hefjist handa í þessum efnum hið fyrsta í samvinnu við alla hlutaðeigandi aðila, og sjálfsagt er að notfæra sér þær undirbúningsrannsóknir er þegar hafa farið fram af hálfu erlendra sérfræðinga, jafnframt því sem kannaðar eru tillögur þeirra um fjármögnun framkvæmdanna, sem þegar liggja fyrir. Þar sem mikla undirbúningsvinnu þarf að inna af hendi áður en lokaákvörðun er tekin, er æskilegt að afgreiðslu málsins sé hraðað eftir því sem tök eru á.

## Nd. 382. Frumvarp til laga [149. mál]

um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði.

(Eftir 3. umr. í Ed., 17. mars.)

Samhljóða þskj. 376 með þessari breytingu:

6. gr. orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að gera samninga innan ramma þessara laga við þá aðila, sem kvaddir eru til samstarfs samkv. 2. gr. að framan, og að kveða þar á um þær skuldbindingar af hálfu ríkisins og aðilanna, sem taldar eru nauðsynlegar og viðeigandi í sambandi við samvinnu þeirra um hlutafélagið og starfsemi þess, þar á meðal varðandi framkvæmd 7.—9. gr. að neðan. Gildistími ákvæða 7.—9. gr. skal vera eftir því sem ríkisstjórnin ákveður, og ekki skemmri en gildistími þeirra samninga, sem gerðir eru við aðilana við stofnun hlutafélagsins.

Samningar þeir, sem ríkisstjórnin gerir samkvæmt þessari grein, skulu birtir í B-deild Stjórnartíðinda.

## Nd. 383. Frumvarp til laga [193. mál]

um breyting á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar.

Flm.: Karvel Pálmason.

1. gr.

1. málsgr. 19. gr. laganna hljóði svo:

Ef aðrar tekjur elli- eða örorkulífeyrisþega en lífeyrir almannatryggingannna fara ekki fram úr 96 000 kr. á ári, skal greiða uppbót á lífeyri hans að upphæð 96 000 kr. á ári. Hafi bótaþeginn hins vegar tekjur umfram 96 000 kr. á ári, skal

skerða uppbótina um helming þeirra tekna, sem umfram eru. Sama gildir um hjónalífeyri, eftir því sem við á.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Ákvæði þau, sem nú eru í 1. málsgr. 19. gr. almannatryggingalaganna, voru sett til þess að gefa því fólki, sem á rétt á lágum greiðslum úr lífeyrissjóðum eða getur aflað sér smávægilegra tekna, kost á því að njóta jafnhliða góðs af tekjutryggingu almannatrygginga. Sú upphæð, sem nú gildir, er hins vegar orðin allt of lág með tilliti til þeirrar stórfelldu verðbólguþróunar, sem einkennt hefur íslenskt efnahagslíf undanfarna mánuði. Þess vegna er lagt til, að þetta hámark annarra tekna en lífeyris almannatrygginga hækki úr 41 300 kr. á ári í 96 000 kr. á ári eða 8 000 kr. á mánuði. Nái slík breyting ekki fram að ganga er hætt við, að núgildandi lagaákvæði leiði til þess, að ýmsir ellilífeyrisþegar, sem hefðu áhuga á að stunda vinnu hluta úr degi, hætti þátttöku í atvinnulífinu. Slík þróun er mjög óæskileg bæði frá sjónarmiði einstaklingsins, sem vill vinna, og þjóðfélagsins í heild.

## Sþ. 384. Tillaga til þingsályktunar [194. mál]

í tilefni af aldarafmæli landnáms íslendinga í Vesturheimi.

Flm.: Heimir Hannesson, Svava Jakobsdóttir, Jóhann Hafstein, Jón Árm. Héðinsson, Magnús T. Ólafsson.

Þar sem á þessu ári er þess minnst að öld er liðin frá því að íslenskir landnemar tóku sér varanlega bólfestu í Vesturheimi, ályktar Alþingi að beina því til ríkisstjórnarinnar að nú þegar verði skipuð þriggja manna nefnd til að gera um það tillögur til hennar á hvern hátt minnst verði aldarafmælis landnámsins af íslendinga hálfu, svo og um aukin tengsl hins íslenska þjóðarbrots vestanhafs við heimalandið. Þingsályktun þessi er m. a. fram komin í tilefni af hinum ríka áhuga er fram kemur hjá vestur-íslendingum til að viðhalda íslensku þjóðerni og menningu og sterkum vilja þeirra til að efla þjóðernisleg tengsl hins íslenska þjóðarbrots við heimalandið.

Greinargerð.

Á þessu ári er þess minnst að öld er liðin frá því að íslenskir landnemar tóku sér skipulega bólfestu í Vesturheimi. Sem kunnugt er, urðu ýmsir erfiðleikar hér í lok 19. aldar til þess að hópur íslendinga leituðu til fjarlægs lands í leit að nýju lífi. Það var ætlun landnemanna að stofna íslenska nýlendu til þess að halda hópinn og varðveita á þann hátt íslenska menningu og sérkenni. Í nokkur ár var slíkt sérveldi við lýði inni í miðju meginlandi Kanada, og hvernig sem á orsakir vesturferðanna er litið, blandast engum hugur um það að íslenskt landnám í fjarlægri heimsálfu er merkur atburður, bæði í sögu íslendinga og þeirrar þjóðar, er flestir gerðust þegnar hjá, kanadamanna.

Frá upphafi hafa verið sterk þjóðernistengsl milli landnemanna og afkomenda þeirra við heimaþjóðina og e. t. v. sjaldan eins rík og nú, heilli öld eftir landnámið. Ýmiss konar menningarstarfsemi hefur þróast, bóka- og blaðaútgáfa á ensku og íslensku.

Full ástæða er til þess að íslendingar sýni vestur-íslendingum bróðurhug á þessum tímamótum. Slíkt efldi enn tengslin, og kemur ýmislegt til greina, sem

nauðsynlegt er að kunnugir menn fjalli um og geri tillögur um hið fyrsta. Vestur-Íslendingar sýndu Íslendingum mikinn sóma og ræktarsemi á þjóðhátíðinni á s. l. ári. Ekki er annað sæmandi en að Íslendingar endurgjaldi þá ræktarsemi á tímamótaári þeirra.

Að lokum má geta þess að ýmislegt bendir til þess að hægt verði að koma á auknum viðskiptum milli landanna og að Kanada sé að ýmsu leyti lítt kannaður akur fyrir íslenskar útflutningsvörur. Eins virðist sem Íslendingar og kanadamenn líti svipuðum augum á fiskverndunarmál. Aukin tengsl við frændur okkar í Vesturheimi styddu allar aðgerðir Íslendinga í þeim efnum.

## Sþ. 385. Fyrirspurn [195. mál]

til tryggingamálaráðherra um Atvinnuleysistryggingasjóð.

Frá Guðmundi H. Garðarssyni.

1. Hvernig hafa lánveitingar úr Atvinnuleysistryggingasjóði skipst milli kjördæma landsins á árunum 1972, 1973 og 1974 og hver er upphæðin í krónutölu?
2. Hvaða upphæðir hafa runnið til landssamtaka og stofnana sem ná til alls landsins?

Óskað er skriflegs svars.

## Sþ. 386. Fyrirspurn [196. mál]

til sjávarútvegsráðherra um Fiskveiðasjóð Íslands.

Frá Pétri Sigurðssyni.

Hvernig hafa lánveitingar úr Fiskveiðasjóði Íslands skipst milli kjördæma landsins á árunum 1972, 1973 og 1974 og hver er upphæðin í krónutölu?

Óskað er skriflegs svars.

## Sþ. 387. Fyrirspurn [197. mál]

til félagsmálaráðherra um Byggingarsjóð ríkisins og Byggingarsjóð verkamanna.

Frá Pétri Sigurðssyni.

Hvernig hafa lánveitingar úr Byggingarsjóði ríkisins og Byggingarsjóði verkamanna skipst á milli kjördæma landsins á árunum 1972, 1973 og 1974 og hver er upphæðin í krónutölu?

Óskað er skriflegs svars.

## Sþ. 388. Fyrirspurn [198. mál]

til samgönguráðherra um Hafnabótasjóð.

Frá Pétri Sigurðssyni.

Hvernig hafa lánveitingar úr Hafnabótasjóði skipst á milli kjördæma landsins á árunum 1972, 1973 og 1974 og hver er upphæðin í krónutölu?

Óskað er skriflegs svars.

## Sþ. 389. Fyrirspurn [199. mál]

til samgönguráðherra um fjarskipti við Siglufjörð og talsamband milli Reykjavíkur og Norðurlands.

Frá Eyjólfi K. Jónssyni.

1. Hvenær má vænta þess að metrabylgjustöð (VHF tíðnisvið) verði sett upp við loftskeytastöðina í Siglufirði?
2. Hvenær má vænta úrbóta á talsambandinu milli Reykjavíkur og Norðurlands?

## Sþ. 390. Tillaga til þingsályktunar [200. mál]

um lögfræðiþjónustu fyrir efnalitið fólk.

Flm.: Svava Jakobsdóttir, Ragnar Arnalds.

Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að sjá til þess, að komið verði á fót lögfræðiþjónustu fyrir efnalitið fólk óháðri gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Greinargerð.

Það er vitað og viðurkennt að margt efnalitið fólk veigrar sér við að leita lögfræðilegrar aðstoðar er vanda ber að höndum sakir kostnaðarins er því fylgir. Er engan veginn verjandi að fólk eigi þess ekki kost að reka réttar síns sakir efnaleysis. Brýnt er því að leysa vanda þessa fólks með því að koma á fót hið allra fyrsta réttaraðstoð sem óháð sé gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Slík réttaraðstoð tíðkast annars staðar á Norðurlöndum, m. a. í Svíþjóð, Danmörku og Noregi, og hefur skipan slíkrar aðstoðar verið í endurskoðun þar á undanförnum árum. Í þrem ofangreindum löndum starfa sérstakar stofnanir sem veita réttaraðstoð. Í Noregi t. d. eru almennar lögfræðilegar upplýsingar veittar án endurgjalds. Árið 1973 gengu í gildi ný lög um lögfræðiaðstoð án endurgjalds í Svíþjóð. Samkvæmt hinum nýju lögum svía um þessi efni er gert ráð fyrir, að 30 ríkisreknar lögfræðiskrifstofur verði starfandi víðs vegar um landið, og er hlutverk þeirra að sinna þeirri lögfræðiaðstoð, sem lögin gera ráð fyrir. Lögfræðiskrifstofur í einkaeign geta einnig veitt lögfræðiaðstoð í samræmi við hin nýju lög, en þeim er það í sjálfsvald sett. Upplýsingar um fyrirkomulag réttaraðstoðar í þessum löndum er að finna í grein eftir Gunnar Eydal í Tímariti lögfræðinga, 4. hefti 1973. Er sjálfsagt að halda svo á þessu máli hér, að hliðsjón sé höfð af reynslu annarra Norðurlandaþjóða.

Hér á landi eru til reglur um gjafsókn og gjafvörn, en þótt þær séu góðra gjalda verðar, leysa þær ekki nema lítinn hluta þess vanda sem eiginlegri réttaraðstoð er ætlað að gera. Reglur um gjafsókn og gjafvörn gilda aðeins ef til málshöfðunar kemur. Í fjölmörgum málum, sem upp rísa, þarfnast fólk fyrst og fremst lögfræðilegra leiðbeininga og upplýsinga um rétt sinn. Þennan vanda mundi réttaraðstoð leysa. Ætti fólk þess kost að leita slíkrar aðstoðar sér að kostnaðarlitlu meðan mál eru á frumstigi, eru og meiri líkindi til að mál leysist farsællega án þess að til málshöfðunar þurfi að koma.

Á síðasta reglulega Alþingi var lagt fyrir neðri deild frumvarp til laga um málflytjendur. Þá flutti 1. flutningsmaður þessarar þingsályktunartillögu ásamt þrem þm. öðrum breytingartillögu við það frumvarp um réttaraðstoð fyrir efnalitið fólk. Niðurstaðan af umræðum um málið í hv. neðri deild varð sú, að samkomulag náðist innan allsherjarnefndar um breytingartillögu nær samhljóða þeirri þingsálykt-

unartillögu sem hér er flutt, og var hún samþykkt í hv. neðri deild. Frumvarp til laga um málflytjendur hlaut þó ekki fullnaðarafgreiðslu á því þingi. Var þá einnig úr sögunni samþykktin um réttaraðstoð til efnalítils fólks, og því er það mál nú lagt fram að nýju.

Vænta flm. þessarar þingsályktunartillögu að mál það, sem hér er á ný fram borið, hljóti jafngóðar undirtektir í sameinuðu þingi og það hlaut í hv. neðri deild á síðasta þingi.

## Ed. 391. Frumvarp til laga [201. mál]

um breyting á lögum nr. 7 23. mars 1972, um breyting á lögum nr. 68 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Helgi F. Seljan, Stefán Jónsson, Ragnar Arnalds.

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein svo hljóðandi:

Þó skal framangreindur frádráttur vegna vinnu eiginkonu bónda við búrekstur aldrei nema lægri fjárhæð en helmingi persónufrádráttar hjóna, enda gegni hún ekki öðrum launuðum störfum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í núgildandi skattalögum eru þau ákvæði, að 50% af launatekjum eiginkonu skuli frádráttarbær til tekjuskatts. Þetta gildir þó ekki um eiginkonur bænda, þó að þær vinni mikið starf við búreksturinn, séu útivinnandi konur að miklum hluta. Þær eru settar í sama flokk og eiginkonur atvinnurekenda almennt, þ. e. að frádráttur þeirra fer ekki upp fyrir ¼ af persónufrádrætti hjónanna.

Við flm. álítum hiklaust, að um erfiða og annasama vinnu eiginkvenna bænda eigi að gilda rýmri og réttlátari reglur um skattafrádrátt.

Ýmislegt veldur þessu ranglæti, þótt vitað sé, að í mörgum tilfellum er vinnuframlag hjónanna við búreksturinn ærið svipað. M. a. veldur þessu furðulegur útreikningur á vinnustundafjölda eiginkvenna bænda í verðlagsgrundvelli landbúnaðarvara, sem aðeins er 600 vinnustundir á ári, og þær vinnustundir eru auk þess reiknaðar á mjög lágum kauptaxta. Einnig hefur þótt erfitt að fastákveða vinnuframlag bændakonunnar, enda misjafnt að vísu, og eins hafa menn óttast, að frelsi til framtals í þessum efnum gæti leitt til misnotkunar á þann veg, að óeðlilegur hluti af tekjum búsins yrði talinn fram til tekna eiginkonunnar.

Mismununin samanborið við aðrar útivinnandi konur er þó sú, að ekki verður við unað. 600 stunda viðmiðunin er alger fjarstæða, enda leggja flestar bændakonur fram gífurlegan fjölda vinnustunda við sjálfan búreksturinn. Aðalreglan er bundin við frádrátt, sem er miðaður við ¼ af persónufrádrætti hjóna, en þó munu á gerðar undantekningar af skattayfirvöldum, ef bóndinn vinnur mikið utan heimilis, svo að konan þarf að annast búrekstur að miklu eða mestu leyti.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að lágmarksfrádráttur til skatts vegna vinnu eiginkonu við búrekstur nemi helmingi af persónufrádrætti hjóna. Á það skal þó lögð áhersla af okkur flm., að hér er um lágmark að ræða, en gagnvart búrekstrinum álítum við að bæði hjónin skuli jafnrétthá, þannig að frádráttur konu bóndans, vegna sannanlega framtalinna vinnustunda verði hærri, ef tekjur hennar af bú-

rekstrinum eru meiri en nemur hálfum persónufrádrætti hjónanna. Sú upphæð skal þá vitanlega gilda. Aðalatriðið er, að ákveðið lágmark frádráttar sé lögfest og verði a. m. k. helmingi hærra en hámarkið er í flestum tilfellum í dag.

Þessi réttarbót til eiginkvenna bænda, sem leggja á sig margar og erfiðar vinnustundir við búreksturinn, á því fyllsta rétt á sér umfram aðrar atvinnugreinar, og því er frumvarpið flutt.

Sjálfsagt þykir okkur flm. hins vegar, að þetta ákvæði sé háð því, að eiginkona bóndans gegni ekki öðrum launuðum störfum, enda eru 50% launa hennar þá frádráttarbær.

## Sþ. 392. Tillaga til þingsályktunar [202. mál]

um viðgerðar- og viðhaldsaðstöðu flugvéla á Keflavíkurflugvelli.

Flm.: Jón Skaftason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta athuga í samráði við Flugleiðir hf. og önnur flugfélög, er hagsmuna hafa að gæta, á hvern hátt hagkvæmast sé að koma upp aðstöðu til viðgerða og viðhalds flugvélum á Keflavíkurflugvelli.

### Greinargerð.

Flugið er vaxandi þáttur í atvinnulífi íslendinga. Þrátt fyrir aðsteðjandi erfiðleika nú um sinn í flugrekstrinum telja flestir, að þessi atvinnugrein eigi sér mikla framtíð í atvinnustarfsemi landsmanna.

Keflavíkurflugvöllur er eini alþjóðlegi flugvöllurinn á Íslandi. Erlendar og innlendar flugvélar hafa notað hann til millilendinga á flugi yfir Norður-Atlantshaf og í sambandi við þær hefur risið upp talsverð atvinnustarfsemi þar, sem væntanlega fer vaxandi í framtíðinni.

Á Keflavíkurflugvelli vantar þó tilfinnanlega viðgerðar- og viðhaldsaðstöðu fyrir flugvélar, sem þarf að vera fyrir hendi á vel búnum alþjóðlegum flugvelli. Sú aðstaða, sem fyrir hendi er, er að langmestu leyti á vegum varnarliðsins og fyrir herflugvélar.

Tímabært er því að athuga, hvernig best má að þessum málum standa í framtíðinni, og má minna á tvennt ~~í þessu~~ sambandi.

Í fyrsta lagi standa nú fyrir dyrum miklar framkvæmdir á Keflavíkurflugvelli. Er m. a. gert ráð fyrir að skilja alveg að hernaðarflugsþjónustuna og farþegaflugsþjónustuna. Er stefnt að byggingu nýrrar flugstöðvar fyrir farþegaflug á nýjum stað á vellinum og miklum framkvæmdum til þess að búa betur að þessari starfsemi. Viðgerðar- og viðhaldsþjónusta flugvéla þyrfti að vera þáttur þessara framkvæmda.

Í öðru lagi brann viðgerðarflugskýli Flugfélags Íslands á Reykjavíkurflugvelli til grunna s. l. janúarmánuð. Sú starfsemi, sem þar fór fram, er því á hrakhólum um sinn og ekki vitað nú, hvernig úr verður bætt svo haganlegast sé.

Um hundrað manns, að mestu leyti lærðir flugvirkjar, störfuðu við flugskýli Flugfélags Íslands á Reykjavíkurflugvelli. Þrátt fyrir bráðabirgðaaðstöðu í flugskýli varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli til eftirlits og viðhalds Boeingvéla Flugfélags Íslands og aðstöðu fyrir Fokkervélar félagsins í flugskýli Landhelgisgæslunnar, er atvinnuöryggi þessarar stéttar ótryggt. Viðgerðir og viðhald íslenskra flugvéla erlendis kostar mikinn erlendan gjaldeyri, sem við höfum mikla þörf fyrir til annarra nota. Af upplýsingum, sem ég hef fengið um viðgerðar- og viðhaldskostnað flug-

véla árin 1971—1974, má sjá þetta í stórum dráttum, en þær eru þessar í milljónum króna talið og eru varahlutir þá meðtaldir:

| | Loftleiðir | | Flugfélagið | | Samtals | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Erl. | Innl. | Erl. | Innl. | Erl. | Innl. |
| 1971 ..... | 498 | 37 | 38 | 76 | 536 | 113 |
| 1972 ..... | 473 | 36 | 38 | 75 | 511 | 111 |
| 1973 ..... | 459 | 35 | 52 | 105 | 511 | 140 |
| 1974 ..... | 521 | 39 | 87 | 173 | 608 | 212 |

Af þessu er ljóst, að til nokkurs er að vinna ef takast mætti að flytja þessa starfsemi að mestu inn í landið. Flutningur þessarar þingsályktunartillögu miðar að því að svo geti orðið.

## Nd. 393. Frumvarp til laga [203. mál]

um breyting á lögum nr. 56 1973, um heilbrigðisþjónustu.

Flm.: Pálmi Jónsson, Páll Pétursson, Eyjólfur K. Jónsson, Ólafur Jóhannesson.

**1. gr.**

2. töluliður 16.5 í 16. gr. laganna orðist svo:

Blönduósumdæmi.

a) Á Blönduósi H2, starfssvæði Áshreppur, Sveinsstaðahreppur, Torfalækjarhreppur, Blönduóshreppur, Svínavatnshreppur, Bólstaðarhlíðarhreppur og Engihlíðarhreppur.

b) Á Skagaströnd H1, starfssvæði Vindhælishreppur, Höfðahreppur og Skagahreppur.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta Alþingi, en varð eigi útrætt. Þá fylgdi frumvarpinu svo hljóðandi greinargerð:

Þegar lög um heilbrigðisþjónustu voru samþykkt á Alþingi 1973, var læknishérað á Skagaströnd lagt niður og sameinað Blönduóshéraði. Við fluttum þá breytingartillögu við frumvarpið, en hún var felld með eins atkvæðis mun í neðri deild. Búið var að byggja læknisbústað á Skagaströnd, og íbúarnir kunna því illa að hafa eigi lækni búsettan þar. Vegasamband við Blönduós er sæmilegt, en veður eru hörð norður á Skaganum. Norðaustanhríðar geta geisað dag eftir dag, þannig að illfært sé á milli húsa. Fólkið finnur til öryggisleysis að hafa eigi lækni hjá sér í kauptúninu.

Atvinnuástand er gott á Skagaströnd og fólkinu fjölgar. Eigi er ólíklegt, að eftir nokkur ár verði íbúatalan nær 1 000, því að fólkið er bjartsýnt og duglegt. Það á því skilið að njóta sæmilegs öryggis í heilbrigðismálum.

Viðurkenna ber, að lítið er unnið við að hafa sérstök læknishéruð, ef eigi fást læknar til að starfa í þeim. Nokkur breyting virðist hafa orðið á í því efni, þannig að auðveldara virðist að fá lækna til að starfa í strjálbýlinu en áður var. Læknum fjölgar ört, og gróska er í atvinnulífi úti á landsbyggðinni. Eigi er því ólíklegt, að

læknir fáist til að starfa á Skagaströnd, og er því tæpast rétt að haga löggjöf þannig, að það hindri, að íbúar Höfðakaupstaðar og vesturhluta Skagans geti búið við viðunandi öryggi í heilbrigðismálum.

## Nd. 394. Nefndarálit [140. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 51 frá 16. maí 1974, um gatnagerðargjöld.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið á nokkrum fundum sínum og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess með þeirri breytingu, sem greinir á sérstöku þingskjali.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Jóhann Hafstein, Eðvarð Sigurðsson og Magnús T. Ólafsson.

Alþingi, 20. mars 1975.

| | | |
|---|---|---|
| Gunnlaugur Finnsson, form. | Ellert B. Schram, fundaskr. | Ólafur G. Einarsson, frsm. |

Heimir Hannesson.

## Nd. 395. Breytingartillaga [140. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 51 frá 16. maí 1974, um gatnagerðargjöld.

Frá félagsmálanefnd.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

4. gr. laganna orðist svo:

Gjald skv. 3. gr. má innheimta af öllum fasteignum við þær götur, sem bundið slitlag hefur verið sett á og þar sem gangstéttir hafa verið lagðar, enda sé eigi lengri tími en fimm ár liðinn frá því að slitlag var sett eða gangstétt lögð. Má gjaldið nema allt að meðalkostnaði við þessar framkvæmdir.

## Nd. 396. Frumvarp til laga [204. mál]

um ráðstafanir í efnahagsmálum og fjármálum til þess að stuðla að jafnvægi í þjóðarbúskapnum og treysta undirstöðu atvinnu og lífskjara.

(Lagt fyrir Alþingi á 96. löggjafarþingi, 1974—75.)

### I. KAFLI

### Heimild til lækkunar ríkisútgjalda.

1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði fjárlaga fyrir árið 1975 er ríkisstjórninni heimilt að lækka fjárveitingar um allt að 3 500 millj. kr. Ákvörðun um skiptingu lækkunarinnar milli einstakra fjárlagaliða skal tekin með samþykki fjárveitinganefndar. Heimild þessi tekur einnig til útgjalda sem ákveðin eru með sérstökum lögum.

## II. KAFLI

**Um breyting á lögum nr. 68 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt, lögum nr. 7 23. mars 1972, lögum nr. 60 30. apríl 1973 og I. kafla laga nr. 10 22. mars 1974 um breyting á þeim lögum.**

2. gr.

3. mgr. 3. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 7/1972, orðist svo:

Þegar gift kona vinnur við fyrirtæki eða félag, sem annað hvort hjónanna eða bæði eða ófjárráða börn þeirra eiga eða reka að verulegu leyti, á hún rétt á því að helmingur launa hennar eða áætlaðs hluta hennar af sameiginlegum hreinum tekjum hjónanna af atvinnurekstrinum, miðað við beint vinnuframlag hennar við öflun teknanna, verði dreginn frá sameiginlegum tekjum hjónanna. Aldrei skal þó koma hærri fjárhæð til frádráttar af þessum sökum en helmingur sameiginlegra hreinna tekna hjónanna af atvinnurekstrinum eða 134 000 kr. hvor fjárhæðin sem lægri er.

3. gr.

1. mgr. 4. gr. laga nr. 68/1971 orðist svo:

Börn innan 16 ára aldurs, sem eru á framfæri foreldra sinna (stjúpforeldra, kjörforeldra, fósturforeldra), eru ekki sjálfstæðir skattþegnar. Teljast tekjur þeirra með tekjum foreldra að undanskildum skattfrjálsum tekjum skv. 2. mgr. 21. gr. Nemi hreinar tekjur barns hærri fjárhæð en 37 750 kr. er skattstjóra heimilt að ákveða barninu skatt sem sjálfstæðum skattþegni enda komi fram tilmæli um það frá foreldrum. Fallist skattstjóri á tilmæli foreldra um sérsköttun barns skal ávallt telja foreldrum til tekna 37 750 kr. af tekjum barnsins en barninu það sem umfram er.

4. gr.

Síðasti málsl. A-liðar 1. mgr. 7. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 1. tl. 3. gr. laga nr. 7/1972, orðist svo:

Til slíkra tekna telst fæði, húsnæði, endurgreiðsla flutningskostnaðar milli heimilis og vinnustaðar, afnot bifreiða, svo og hvers konar aðrar greiðslur eða hlunnindi sem látin eru í té sem kaupgjald eða jafna má til kaupgreiðslu.

5. gr.

Við 10. gr. laga nr. 68/1971 bætist nýr stafliður er verði I-liður og hljóði svo:

I. Persónuafsláttur og barnabætur samkvæmt ákvæðum B- og C-liða 25. gr.

6. gr.

Við C-lið 12. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 5. gr. laga nr. 7/1972, bætist ný mgr., er hljóði svo:

Sannanlegan og hæfilegan flutningskostnað milli heimilis og vinnustaðar hjá þeim skattþegnum sem hvern vinnudag þurfa að fara verulegar vegalengdir á eigin kostnað til þess að sækja atvinnu sína. Sama máli gegnir um þá skattþegna sem fara verulegar vegalengdir til vinnu en hafa húsnæðisaðstöðu á vinnustað og ferðast á eigin kostnað milli heimilis og vinnustaðar eigi oftar en einu sinni í viku. Vegalengd í þessu sambandi telst veruleg ef hún nemur a. m. k. um 70 km fram og til baka milli heimilis og vinnustaðar. Hvað telst vera sannanlegur og hæfilegur flutningskostnaður fer að mati ríkisskattstjóra.

7. gr.

Í stað „84 700 kr.“ í A-lið 13. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 10/1974, komi: 127 900 kr.

Í stað „38 500 kr.“ í 1. mgr. D-liðar 13. gr. sömu laga, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 10/1974, komi: 58 200 kr. og í stað „23 000 kr.“ í 5. mgr. D-liðar 13. gr., sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 10/1974, komi: 34 800 kr.

8. gr.

Í stað „1 500 kr.“ í 1. mgr. 14. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 10/1974, komi: 2 265 kr.

Í stað „9 500 kr.“ í 2. mgr. 14. gr. sömu laga, sbr. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 10/1974, komi: 14 345 kr.

9. gr.

16. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 8. gr. laga nr. 7/1972 og 3. gr. laga nr. 10/1974, orðist svo:

Ef foreldrar barns, sem ekki er fullra 16 ára í byrjun þess almanaksárs þegar skattur er lagður á, búa ekki saman og annað þeirra hefur barnið hjá sér en hitt greiðir meðlag skal meðlagsgreiðslan talin að hálfu til tekna hjá því foreldri sem við henni tekur og að hálfu til frádráttar frá tekjum hjá því foreldri sem innir hana af hendi. Greiddur barnalífeyrir skv. 14. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar vegna barns, sem ekki er fullra 16 ára í byrjun þess almanaksárs þegar skattur er lagður á, skal teljast að hálfu til tekna ef annað hvort foreldra er látið eða barnið er ófeðrað. Meðlagsgreiðsla (þ. m. t. barnalífeyrir úr almannatryggingum ef annað hvort foreldra er látið eða barn er ófeðrað) með barni, sem orðið er fullra 16 ára í byrjun þess almanaksárs þegar skattur er lagður á, telst að fullu til tekna hjá því foreldri sem við henni tekur en enginn frádráttur er heimill frá tekjum þess foreldris sem innir hana af hendi. Meðlagsgreiðslur samkvæmt þessari málsgrein skulu takmarkaðar við sömu upphæð og fjárhæð þess barnalífeyris nemur sem greiddur er skv. 14. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar.

Frá tekjum þeirra sem eru við nám er heimilt að draga námskostnað að mati ríkisskattstjóra.

10. gr.

25. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 11. gr. laga nr. 7/1972, 5. og 6. gr. laga nr. 60/1973 og 4. gr. laga nr.10/1974, orðist svo:

A. Tekjuskattur þeirra manna, sem tekjuskattskyldir eru samkvæmt lögum þessum, skal reiknast svo:
   1. Hjá einstaklingi og hjónum telji þau fram hvort í sínu lagi: Af fyrstu 600 000 kr. skattgjaldstekjum greiðist 20% en af skattgjaldstekjum yfir 600 000 kr. greiðist 40%. Frá þeirri fjárhæð skal síðan dreginn persónuafsláttur skv. 1. eða 3. tl. B-liðar þessarar greinar eftir því sem við á.
   2. Hjá hjónum sem samsköttuð eru, sbr. 3. gr. laga þessara: Af fyrstu 850 000 kr. skattgjaldstekjum greiðist 20% en af skattgjaldstekjum yfir 850 000 kr. greiðist 40%. Frá þeirri fjárhæð skal síðan dreginn persónuafsláttur skv. 2. tl. B-liðar þessarar greinar.

B. Persónuafsláttur heimilisfastra manna hér á landi, sem skattskyldir eru samkvæmt 1. gr. laga þessara, skal vera sem hér segir:
   1. Fyrir einstakling, sbr. þó 3. tl., og hvort hjóna, sem telja fram hvort í sínu lagi, 97 000 kr.
   2. Fyrir hjón, sem samsköttuð eru, 145 000 kr.
   3. Fyrir einstætt foreldri, sem heldur heimili og framfærir þar börn sín, sem ekki eru fullra 16 ára í byrjun þess almanaksárs sem skattur er lagður á, 145 000 kr.

   Nemi persónuafsláttur skv. 1., 2. eða 3. tl. þessa stafliðar hærri fjárhæð en reiknaður skattur af skattgjaldstekjum skv. 1. eða 2. tl. A-liðar þessarar greinar

skal ríkissjóður leggja fram fé sem nemur allt að þessum mun og skal því ráðstafað fyrir hvern mann sem hér segir og í þessari forgangsröð:

a. Til greiðslu eignarskatts sem á manninn er lagður á greiðsluárinu.
b. Til greiðslu útsvars sem á manninn er lagt á greiðsluárinu.
c. Sá hluti persónuafsláttar, sem enn er óráðstafað, fellur niður. Þó skulu þeim mönnum, sem náð hafa 67 ára aldri á skattárinu eða áttu rétt til örorkulífeyris samkvæmt lögum nr. 67/1971 um almannatryggingar með síðari breytingum, greiddar eftirstöðvar allt að 20 000 kr. fyrir einstakling og hvort hjóna sem telja fram hvort í sínu lagi en 30 000 kr. fyrir hjón sem eru samsköttuð. Fjármálaráðherra skal ákveða gjalddaga þessara eftirstöðva ár hvert.

Þó skal aldrei koma til skuldajafnaðar eða greiðslu samkvæmt stafliðum a., b. og c. hærri fjárhæð en sem nemur mismun persónuafsláttar og 20% af útsvarsskyldum tekjum að frádregnum 200 000 kr. hjá einstaklingi og hjá hvoru hjóna sem telja fram hvort í sínu lagi en að frádregnum 300 000 kr. hjá samsköttuðum hjónum.
Hjá þeim skattþegnum, sem heimilt væri að beita ákvæðum 4. mgr. 23. gr. laga nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga, skal hækka framangreindar útsvarsskyldar tekjur á þann veg er þar um ræðir.
Búi foreldrar barns, sem ekki er fullra 16 ára í byrjun þess almanaksárs þegar skattur er lagður á, saman ógift er hvoru um sig heimilt, að skriflegri beiðni beggja, að nýta óráðstafaðan mun hins, sbr. 2. mgr. þessa stafliðar, þó aldrei hærri fjárhæð en 48 000 kr. Fjárhæðir til frádráttar útsvarsskyldum tekjum, sbr. 3. mgr. þessa stafliðar, skulu þá nema 150 000 kr. til hvors í stað 200 000 kr.
Sé um að ræða barn, sem ekki er fullra 16 ára í byrjun þess almanaksárs, þegar skattur er lagður á og fallist hefur verið á sérsköttun þess samkvæmt heimild í 4. málsl. 4. gr. og með farið um sérsköttun þess samkvæmt síðasta málsl. þeirrar lagagreinar, skal þó aldrei koma til greiðslu samkvæmt stafliðum a. og b. í 2. mgr. þessa stafliðar hærri fjárhæð en 18 000 kr.

C. Með hverju barni, sem heimilisfast er hér á landi, þar með talin stjúpbörn, kjörbörn og fósturbörn, sem ekki er fullra 16 ára í byrjun þess almanaksárs þegar skattur er lagður á og er á framfæri heimilisfastra manna hér á landi sem skattskyldir eru skv. 1. gr. laga þessara, skal ríkissjóður greiða barnabætur til framfæranda barnsins er nemi 30 000 kr. með fyrsta barni en 45 000 kr. með hverju barni umfram eitt. Þó skal fjárhæð barnabóta skert um þær barnabætur eða hliðstæðar bætur sem framfærandi hefur fengið erlendis á skattárinu vegna barnsins.
Barnabætur greiðast til framfæranda barns að því marki sem eftirstöðvar nema þegar frá hafa verið dregnar greiðslur eftirtalinna opinberra gjalda framfærandans í þessari forgangsröð:

1. Tekjuskatts sem á er lagður á greiðsluárinu skv. A-lið þessarar greinar.
2. Annarra þinggjalda sem á eru lögð á greiðsluárinu.
3. Ógoldinna þinggjalda frá fyrri árum.
4. Útsvars sem á er lagt á greiðsluárinu.
5. Aðstöðugjalds sem á er lagt á greiðsluárinu.

Fjármálaráðherra skal ákveða gjalddaga eftirstöðvanna ár hvert. Búi foreldrar barns, sem ekki er fullra 16 ára í byrjun þess almanaksárs þegar skattur er á lagður, saman ógift telst faðir barnsins framfærandi þess skv. þessum staflið, en heimilt er samkvæmt reglugerð, sem fjármálaráðherra setur, að draga frá barnabótum greiðslu opinberra gjalda móður barnsins (barnanna) að því marki sem eftirstöðvum nemur á sama hátt og í sömu forgangsröð og fyrir er mælt í 2. mgr. þessa stafliðar.

Þar sem innheimta þinggjalda og gjalda til sveitarsjóðs er sameiginleg er fjármálaráðherra heimilt með reglugerð að kveða svo á að þinggjöld og gjöld til sveitarsjóðs skuli vera samhliða í forgangsröðinni.

D. Skattgjald þeirra félaga og stofnana, er um ræðir í 5. gr., skal vera 53% af skattgjaldstekjum.

E. Tekjuskatt, sem ekki nær 100 kr., skal fella niður við álagningu.

11. gr.

Á eftir 1. mgr. 46. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 60/1973 komi ný mgr. svohljóðandi:

Nú hefur fjármálaráðherra ákveðið að gjalddagar tekju- og eignarskatts skuli vera fleiri en einn á ári og veldur þá vangreiðsla að hluta því að skattar gjaldandans á gjaldárinu falla í eindaga þó ekki fyrr en 15. næsta mánaðar eftir að álagningu er lokið.

12. gr.

53. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 10. gr. laga nr. 60/1973 og 5. gr. laga nr. 10/1974, orðist svo:

Skylt er að hækka eða lækka þær fjárhæðir, sem um ræðir í 3. mgr. 3. gr.; 1. mgr. 4. gr.; A- og D-liðum 13. gr.; 14. gr. og A-, B- og C-liðum 25. gr., í samræmi við skattvísitölu sem ákveðin skal í fjárlögum ár hvert, í fyrsta sinn í fjárlögum fyrir árið 1976.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

a. Fjölskyldubætur greiddar á árinu 1974 og árinu 1975 teljast ekki til skattskyldra tekna, sbr. 10. gr. laga nr. 68/1971.

b. Fjölskyldubætur, sem greiddar eru framfæranda á árinu 1975, skulu koma til frádráttar barnabótum er framfærandi á rétt til skv. C-lið 25. gr. við ákvörðun barnabóta á árinu 1975.

III. KAFLI

**Um breyting á lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 8 22. mars 1972. sbr. lög nr. 36 24. apríl 1973 og lög nr. 104 24. desember 1973 um breyting á þeim lögum.**

13. gr.

1. mgr. 23. gr. laga nr. 8/1972 hljóði svo:

Útsvar skal leggja á tekjur þær sem taldar eru í 7. gr. að teknu tilliti til ákvæða 8. gr., 10. gr. og 1. mgr. 16. gr. laga nr. 68 15. júní 1971 um tekjuskatt og eignarskatt með síðari breytingum.

14. gr.

1. mgr. 26. gr. laga nr. 8/1972 hljóði svo:

Útsvar skv. 25. gr. hjá hjónum, sem telja fram sameiginlega og einstæðum foreldrum sem hafa fyrir heimili að sjá, skal lækka um 10 500 kr. og útsvar einstaklinga um 7 500 kr. Telji hjón fram hvort í sínu lagi skal hvort um sig fá samsvarandi lækkun og einstaklingur. Fyrir hvert barn innan 16 ára aldurs, sem gjaldandi hefur á framfæri sínu, skal lækka útsvar hans um 1 500 kr. Hafi gjaldandi fleiri en 3 börn innan 16 ára aldurs á framfæri sínu skal ennfremur lækka útsvar hans um 3 000 kr. fyrir hvert barn umfram 3. Fjárhæðir þessar skulu breytast í samræmi við skattvísitölu eins og hún er á hverjum tíma, sbr. 53. gr. laga nr. 68/1971 með síðari breytingum.

15. gr.

a – liður 27. gr. laga nr. 8/1972 hljóði svo:

a. sem nýtur bóta samkvæmt II. kafla (Lífeyristrygginga) og IV. kafla (Slysatrygginga) laga nr. 67 20. apríl 1971 með síðari breytingum.

16. gr.

43. gr. laga nr. 8/1972 hljóði svo:

Ef gjöld samkvæmt lögum þessum eru ekki greidd áður en 2 mánuðir eru liðnir frá gjalddaga, skal greiða sveitarsjóði dráttarvexti af því sem ógreitt er, 1½% fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem líður talið frá og með gjalddaga, uns gjaldið er greitt.

## IV. KAFLI

**Um breyting á lögum nr. 67 20. apríl 1971 um almannatryggingar, sbr. lög nr. 96 27. desember 1971, lög nr. 112 31. desember 1972, lög nr. 62 21. maí 1974 og brb.lög nr. 88 24. september 1974.**

17. gr.

Niður falli 26. gr. laga nr. 67/1971, sbr. 4. gr. laga nr. 62/1974 og 6. gr. laga nr. 88/1974. Jafnframt falli úr gildi önnur ákvæði laganna um fjölskyldubætur.

## V. KAFLI

**Heimild til lækkunar eða niðurfellingar söluskatts og afnáms tolla af nokkrum mikilvægum matvörum og hráefnum til matvælagerðar.**

18. gr.

Fjármálaráðuneyti er heimilt að afnema tolla af vörum sem falla undir eftirfarandi tollskrárnúmer:

| | |
|---|---|
| 08.01.10 | Bananar, nýir. |
| 08.02.10 | Appelsínur, tangarínur, mandarínur og clementínur. |
| 08.02.21 | Sítrónur. |
| 08.06.10 | Epli. |
| 08.09.01 | Melónur. |
| 15.01.00 | Hreinsuð svínafeiti, önnur svínafeiti og alifuglafeiti, brædd eða pressuð. |
| 15.02.00 | Feiti af nautgripum, sauðfé og geitum, óbrædd; einnig slík feiti brædd eða pressuð (þar með talin „premier jus“). |
| 15.03.00 | Svínafeitisterín (lardstearin), oleosterín (pressutólg); svínafeitiolía, oleomargarín, tólgarolía, hvorki jafnblönduð, blönduð né unnin á annan hátt. |
| 15.04.00 | Feiti og olía úr fiski og sjávarspendýrum, einnig hreinsuð. |
| 15.05.00 | Ullarfeiti og feitiefni unnin úr henni (hér með talið lanólín). |
| 15.06.00 | Önnur feiti og olía úr dýraríkinu (hér með talin klaufaolía, beinafeiti og úrgangsefnafeiti). |
| 15.07 | Feiti og feit olía úr jurtaríkinu, hrá, hreinsuð eða hreinunnin: |
| 81 | Sojabaunaolía. |
| 82 | Baðmullarfræsolía. |
| 83 | Jarðhnetuolía. |
| 84 | Ólívuolía. |
| 85 | Sólrósarolía. |
| 86 | Rapsolía, colzaolía og mustarðsolía. |
| 87 | Línolía. |
| 88 | Pálmaolía. |

89 Kókosolía.
91 Pálmakjarnaolía.
92 Rísínusolía.
93 Önnur.

15.08 Olía úr jurta- og dýraríkinu, soðin, oxyderuð, vatnssneydd (dehydrated), meðhöndluð með brennisteini, blásin, pólymeriseruð eða umbreytt með öðrum hætti:
01 Línolía.
09 Önnur.

15.09.00 Degras.

15.10 Feitisýrur, súr olía frá feitihreinsun, feitialkóhól:
Feitisýrur og olíusýrur frá hreinsun:
11 Sterín (blanda af palmitínsýru og sterínsýru).
19 Aðrar.
20 Feitialkóhól.

15.11.00 Glyseról, glyserólvatn og glyseróllútur.

15.12 Feiti og olíur úr jurta- eða dýraríkinu, vetnað að nokkru eða öllu leyti, eða gerð föst eða hert með öðrum hætti, en ekki frekar unnin:
01 Sojabaunaolía.
02 Baðmullarfræsolía.
03 Aðrar olíur úr jurtaríkinu.
09 Olíur úr dýraríkinu.

19. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að lækka eða fella niður söluskatt af einstökum matvörum eða matvöruflokkum, sbr. lög nr. 10/1960 með áorðnum breytingum.

Fjármálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessarar lækkunar, þar með skrá yfir þær vörur sem hún tekur til, svo og um bókhald og söluskattsframtal þeirra sem versla með vörur þessar.

## VI. KAFLI
## Flugvallagjald.

20. gr.

Á tímabilinu 1. apríl 1975 til loka árs 1975 skal greiða flugvallagjald, er renni til ríkissjóðs, vegna hvers manns, sem ferðast með loftfari frá Íslandi til annarra landa.

Undanþegin gjaldskyldu eru börn innan 2 ára aldurs, skráðar áhafnir loftfara, þeir sem haft hafa skemmri dvöl hér á landi en þrjá sólarhringa og þeir sem ferðast með loftförum varnarliðs Bandaríkja Norður-Ameríku hér á landi.

Heimilt er að innheimta tilsvarandi gjald vegna farþega sem fara með skipum frá Íslandi til annarra landa. Nánari ákvæði um framkvæmd ákvæða þessarar málsgreinar skulu sett í reglugerð. Að öðru leyti gilda um þessi gjöld ákvæði 21. gr., 22. gr., 23. gr., 24. gr. og 25. gr. þessa kafla.

21. gr.

Flugvallagjald skal vera 2 500 kr. fyrir hvern farþega, þó 1 250 kr. fyrir farþega á aldrinum tveggja til tólf ára. Gjald þetta skal fella inn í verð farseðils og er heimilt að hækka verð þeirra sem því nemur.

22. gr.

Eigandi loftfars og sá er ábyrgð ber á rekstri þess bera ábyrgð á greiðslu flugvallagjalds.

Fyrir brottför loftfars frá Íslandi skal afhenda umboðsmanni ríkissjóðs á flugstöð skrá um farþega með því, áhöfn þess og hverjir séu gjaldfrjálsir skv. 2.

mgr. 20. gr. eða greiða skulu hálft gjald skv. 21. gr. Skrá þessi skal undirrituð af flugstjóra.

23. gr.

Flugvallagjald vegna farþega, er ferðast með loftförum sem skráð eru erlendis og allra loftfara sem ekki er flogið á áætlunarleiðum, skal greiða umboðsmanni ríkissjóðs fyrir brottför loftfars um leið og afhent er skrá skv. 2. mgr. 20. gr.

Flugvallagjald vegna farþega, sem ferðast í áætlunarflugi á viðurkenndum áætlunarleiðum frá Íslandi, skal greiða til lögreglustjóra (í Reykjavík tollstjóra) eigi síðar en 15. dag næsta almanaksmánaðar eftir brottför.

24. gr.

Sé gjöldum ekki skilað á réttum gjalddaga skal sá, sem gjaldinu ber að skila, greiða af því viðurlög er nemi 1% fyrir hverja byrjaða viku frá gjalddaga. Nú er skrifstofa innheimtumanns lokuð 15. dag mánaðar og telst þá gjalddagi vera næsti dagur þar á eftir sem skrifstofan er opin til almennrar afgreiðslu.

Flugvallagjald nýtur lögtaksréttar.

Heimilt er innheimtumanni að láta lögregluna stöðva atvinnurekstur þess er eigi gerir skil á réttum gjalddaga, þar til skil eru gerð, meðal annars með því að setja skrifstofur, starfsstofur og flutningatæki hans undir innsigli.

25. gr.

Brot á þessum kafla laganna varða sektum, varðhaldi eða fangelsi svo og sviptingu starfsleyfis.

## VII. KAFLI
## Skyldusparnaður.

26. gr.

Allir menn sem tekjuskattskyldir eru samkvæmt ákvæðum laga nr. 68/1971 með síðari breytingum og ekki voru orðnir 67 ára fyrir 1. janúar 1975 skulu á árinu 1975 leggja til hliðar fé til varðveislu í ríkissjóði sem hér segir:

a. Einstaklingar: 5% af skattgjaldstekjum skattársins 1974 að frádregnum 1 000 000 kr., auk 75 000 kr. fyrir hvert barn sem er á framfæri þeirra, sbr. 1. mgr. C-liðar 10. gr. laga þessara.
b. Samsköttuð hjón: 5%af skattgjaldstekjum skattársins 1974 að frádregnum 1 250 000 kr., auk 75 000 kr. fyrir hvert barn sem er á framfæri þeirra, sbr. 1. mgr. C-liðar 10. gr. laga þessara.
c. Hjón sem telja fram hvort í sínu lagi: 5% af skattgjaldstekjum hvors um sig, að frádregnum 750 000 kr. hjá hvoru, auk 37 750 kr. hjá hvoru fyrir hvert barn sem er á framfæri þeirra, sbr. 1. mgr. C-liðar 10. gr. laga þessara.

Nemi munur útsvarsskyldra tekna og skattgjaldstekna hærri upphæð en 200 000 kr. hjá einstaklingi og hvoru hjóna sem telja fram hvort í sínu lagi en 300 000 kr. hjá samsköttuðum hjónum skal hækka skattgjaldstekjur samkvæmt stafliðum a., b. og c. um þá upphæð sem munurinn er umfram þessar upphæðir, eftir því sem við á, og reiknast skyldusparnaður þá miðað við þessar upphækkuðu skattgjaldstekjur, sbr. stafliði a., b. og c.

Hjá þeim skattþegnum sem heimilt væri að beita ákvæðum 4. mgr. 23. gr. laga nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga skal hækka framangreindar útsvarsskyldar tekjur á þann veg er þar um ræðir.

Skattstjórar sjá um útreikning skyldusparnaðar samkvæmt lögum þessum og gilda um hann ákvæði VI. kafla laga nr. 68/1971 með síðari breytingum, eftir því sem við á.

Skyldusparnaður skv. þessari grein skal reiknaður í heilum þúsundum króna og lægri fjárhæð sleppt. Skal hann greiðast jafnhliða þinggjöldum til ríkissjóðs. Skyldusparnaður telst að fullu greiddur þegar fullnaðarskil hafa verið gerð á öllum

þinggjöldum gjaldanda til ríkissjóðs samkvæmt þinggjaldabók ásamt þar greindum skyldusparnaði.

Þegar maður hefur greitt skyldusparnað sinn að fullu skv. 1. og 3. mgr. skal ríkissjóður viðurkenna móttöku hans með afhendingu sérstakra skyldusparnaðarskírteina.

Skírteinin skulu skráð á nafn þess er sparar og er honum óheimilt að framselja þau eða veðsetja.

Skírteini þessi skulu bera 4% ársvexti frá 1. janúar 1976 að telja eða lokagreiðsludegi skyldusparnaðar ef síðar er.

Skírteini þessi eru lengst til 15. desember 1990, en frá 1. febrúar 1978 er eiganda í sjálfsvald sett hvenær hann fær skírteinið innleyst.

27. gr.

Við endurgreiðslu skyldusparnaðarskírteina skv. 26. gr. greiðir ríkissjóður verðbætur á höfuðstól og vexti í hlutfalli við þá hækkun sem kann að verða á vísitölu framfærslukostnaðar frá 1. nóvember 1975 til 1. nóvember næst á undan endurgreiðslu.

Skyldusparnaður skv. 26. gr. er ekki frádráttarbær til tekjuskatts en skyldusparnaðarskírteini, svo og vextir og verðbætur af þeim, eru framtalsskyld, en njóta að öðru leyti skattfrelsis á sama hátt og skyldusparnaður skv. III. kafla laga nr. 30/1970.

28. gr.

Fjármálaráðherra skal með reglugerð mæla nánar fyrir um framkvæmd þessa kafla.

## VIII. KAFLI

### Lántökuheimildir vegna opinberra framkvæmda og Framkvæmdasjóðs. Ráðstöfun lánsfjár og skyldusparnaðar.

29. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að gefa út ríkisskuldabréf eða spariskírteini til sölu innanlands að fjárhæð allt að 500 millj. kr., svo og happdrættisskuldabréf að fjárhæð allt að 300 millj. kr., og gilda um þau ákvæði laga nr. 7/1974. Jafnframt falla niður lántökuheimildir samkvæmt liðunum í LXII., LXIII., LXIV., LXV. og LXVI. í 6. gr. fjárlaga fyrir árið 1975.

30. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka erlent lán að jafnvirði allt að 3 000 millj. kr. Af þeirri fjárhæð er heimilt að endurlána Framkvæmdasjóði 1 200 millj. kr. en 1 800 millj. kr. skal ráðstafað, svo sem fyrir er mælt í 31. gr.

31. gr.

Fé því, sem aflast samkvæmt heimildum í 29. gr. og 30. gr. þessara laga, samkvæmt liðnum LX. í 6. gr. fjárlaga fyrir árið 1975, af erlendu lánsfé vegna Þorlákshafnar, af erlendu láni Framkvæmdasjóðs hjá Viðreisnarsjóði Evrópu, af innheimtu endurlánuðu spariskírteinafé og með skyldusparnaði skv. 26. gr. VII. kafla þessara laga, en alls nema þær 5 000 millj. kr., skal varið sem hér segir:

| | Millj. kr. |
|---|---|
| Vegaframkvæmdir | 900 |
| Landshafnir | 350 |
| Þangverksmiðja að Reykhólum | 230 |
| Orkumál | 3 520 |

a. Framkvæmdir Rafmagnsveitna ríkisins og rafvæðing sveitanna.
b. Orkumál Norðurlands.
c. Kaup á jarðborum.
d. Virkjunarrannsóknir.
e. Orkuveitur sveitarfélaga.

## IX. KAFLI
## Ýmis ákvæði.

### 32. gr.

Úr gildi eru felld lög nr. 28 frá 12. maí 1972, um heimild fyrir ríkisstjórnina að veita sjálfsskuldarábyrgð á lánum til kaupa á skuttogurum.

### 33. gr.

6. mgr. 26. gr. laga nr. 21/1963 um kirkjugarða hljóði svo:

Eindagi kirkjugarðsgjalda er hinn sami sem á útsvörum. Er oddvitum og innheimtumönnum bæjar- og sveitarsjóða skylt að innheimta þau gegn 6% innheimtulaunum ef kirkjugarðsstjórn óskar. Ella gerir hún það sjálf gegn sömu þóknun.

### 34. gr.

I., II. og III. kafli laga þessara öðlast þegar gildi og skulu ákvæði II. og III. kafla koma til framkvæmda við álagningu skatta til ríkissjóðs og útsvara til sveitarsjóða fyrir skattárið 1974.

IV. kafli laga þessara öðlast gildi 1. júlí 1975.

V. kafli laga þessara öðlast þegar gildi.

VI. kafli laga þessara öðlast gildi 1. apríl 1975.

VII., VIII. og IX. kafli laga þessara öðlast þegar gildi.

## Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frá því að forsendur fjárlaga 1975 um þróun meginþátta þjóðarbúskaparins voru mótaðar seint á liðnu ári, hafa efnahagshorfur breyst í veigamiklum atriðum. Fyrst og fremst hafa viðskiptakjör þjóðarbúsins gagnvart útlöndum haldið áfram að versna, en í fjárlögum var gert ráð fyrir, að þau bötnuðu nokkuð frá því sem þau voru á 4. ársfjórðungi 1974. Þessi þróun viðskiptakjara hefur skert þjóðartekjur frá því sem áður var búist við og veikt stöðu þjóðarbúsins gagnvart útlöndum. Þjóðhagsniðurstöður síðasta árs eru nú betur þekktar en þegar fjárlagaforsendur voru mótaðar. Þannig varð t. d. viðskiptahallinn á síðasta ári 3.000 m.kr. meiri en spáð var seint á árinu eða 15.500 m.kr. í stað 12.400 m.kr. Gjaldeyrisstaðan var af þessum sökum rýrari í árslok en gert hafði verið ráð fyrir. Þessi þróun var ein af meginástæðum þess, að ákveðið var að lækka gengi íslensku krónunnar í febrúar síðastliðnum til þess að styrkja stöðu útflutningsatvinnuveganna og stöðu þjóðarbúsins út á við. Endanlegar tölur um þróun ríkisfjármála 1974 liggja ekki fyrir en ljóst er, að alvarlegur greiðsluhalli varð hjá ríkissjóði á árinu, eða nálægt 3 000 m.kr. Þetta er mun óhagstæðari niðurstaða en búist var við, þegar fjárlagafrumvarpið var samið.

Til þess að gengisbreytingin komi að haldi við að tryggja jafnvægi í viðskiptum við útlönd og samkeppnisstöðu íslenskra atvinnuvega verður að styðja hana með aðhaldi í ríkisfjármálum og lánamálum og hófsemi í kjaraákvörðunum. Þetta frumvarp er flutt í þessu skyni.

Vegna þeirra breyttu aðstæðna bæði í þjóðarbúskap og í ríkisbúskap, sem hér hefur verið drepið á, er nauðsynlegt að endurskoða fjárlagaáætlun ársins 1975 í ýmsum greinum. Slík endurskoðun er einnig nauðsynleg vegna áhrifa þeirra efnahagsráðstafana, sem gerðar hafa verið síðan fjárlög voru afgreidd og áhrif hafa á fjármál ríkisins. Hér er fyrst og fremst um að ræða 20% lækkun á gengi íslensku krónunnar í febrúar sl., hækkun á verði áfengis og tóbaks og á innflutningsgjaldi af bifreiðum, sem fylgdi í kjölfarið, ásamt hækkun söluskatts um 1 stig til fjáröflunar til Viðlagasjóðs, m. a. vegna snjóflóðanna í Neskaupstað.

Þjóðhagsforsendur tekjuáætlunar fjárlaga voru í aðalatriðum þær að þjóðarframleiðsla gæti aukist um 1½—2½% að magni á árinu 1975, en vegna versnandi viðskiptakjara myndu þjóðartekjur nánast standa í stað. Gert var ráð fyrir, að almenn þjóðarútgjöld héldust nokkurn veginn óbreytt að magni milli áranna 1974 og 1975, en að um nokkra aukningu útflutningsframleiðslu gæti orðið að ræða. Á þessum forsendum var að vísu búist við áframhaldandi óhagstæðum viðskipta-

jöfnuði við útlönd og horfur um þróun gjaldeyrisstöðu voru nokkuð tvísýnar, en þó mátti ætla að ekki gengi frekar á gjaldeyrisvarasjóðinn. Þetta var þó mjög háð því mati á viðskiptakjörum, sem þjóðhagsspáin var reist á.

Í byrjun ársins 1975 skýrðust horfur á útflutningsmarkaði og ljóst var af sölusamningum, sem gerðir voru í ársbyrjun, að verðlag á mikilvægum afurðum fór lækkandi, en haustið 1974 höfðu menn bundið vonir við nokkra hækkun útflutningsverðs frá dagverði eða um 3—5%. Þannig lækkaði verð á þorskblokk, á fiskflökum til Sovétríkjanna og fiskmjöli að mun á fyrstu vikum ársins 1975. Hið hagstæða verðlag á saltfiski virtist þó haldast en mikið verðfall hafði orðið á frystri loðnu. Í heild var þannig útlit fyrir að útflutningsverðlag gæti orðið allt að 5—8% lægra í erlendri mynt en gert var ráð fyrir í fjárlagaforsendum en jafnframt var fyrirsjáanleg meiri verðhækkun innflutnings, þannig að viðskiptakjör virtust hafa versnað um 8—10% frá forsendu fjárlaga, eða um 12½—15½% frá meðaltali ársins 1974. Höfðu viðskiptakjör þá versnað um allt að 30% frá ársbyrjun 1974 til sama tíma 1975.

Miðað við óbreyttar forsendur tekjuáætlunar fjárlaga um þjóðarútgjöld hefði þessi þróun viðskiptakjara falið í sér greiðsluhalla við útlönd langt umfram það sem hægt hefði verið að jafna með lántökum erlendis. Jafnvel þótt reiknað væri með verulegum áhrifum af gengislækkuninni í febrúar á viðskiptajöfnuð 1975 var ekki við því að búast, að jöfnuður næðist í greiðslum við útlönd miðað við forsendur fjárlagaáætlunar um þjóðarútgjöld. Af þessum sökum er nauðsynlegt að taka allar forsendur tekjuáætlunar fjárlaga til endurskoðunar, ekki aðeins vegna áhrifa gengisbreytingarinnar einnar. Þessi endurskoðun er í meginatriðum reist á þjóðhagsspá Þjóðhagsstofnunar fyrir árið 1975 frá 10. febrúar sl. (sjá: „Úr Þjóðarbúskapnum" frá 10. febrúar) þar sem sett voru fram tvö dæmi um þjóðhagshorfur fyrir gengisbreytingu og aðrar ráðstafanir. Er ný tekjuáætlun miðuð við Dæmi 2 í fyrrgreindri skýrslu, en að auki er hún reist á ákveðnum forsendum um verðlags- og eftirspurnaráhrif gengislækkunarinnar í febrúar. Er þar gert ráð fyrir, að úr kaupmætti tekna einstaklinga dragi og þar með einkaneyslu sem nemi hálfum verðlagsáhrifum gengisbreytingarinnar en að öðru leyti verði um sömu hækkun launa eða aðrar kjarabreytingar að ræða og reiknað var með. Eru þetta sömu forsendur og notaðar eru í áætlun um áhrif gengislækkunarinnar 14. febrúar, sérstaklega á gjaldahlið fjárlaga. Auk þessa er gert ráð fyrir, að gengisbreyting valdi nokkrum samdrætti almennrar fjármunamyndunar. Ein meginforsenda tekjuáætlunar er þannig sú að gengislækkunin valdi samdrætti almennrar eftirspurnar innanlands en valdi ekki aðeins verðhækkun á óbreyttan stofn útgjalda.

Helstu niðurstöður þeirrar þjóðhagsspár fyrir árið 1975, sem ný tekjuáætlun ríkissjóðs er á reist, eru þær að þjóðarframleiðslan minnki um 1—2% milli áranna 1974 og 1975 og þjóðartekjur minnki um 5—6% að raunverulegu verðgildi. Gert er ráð fyrir, að almenn þjóðarútgjöld minnki um 7—8% að magni og þá reiknað með því, að einkaneyslan dragist saman um 10—11% frá fyrra ári, og að almenn fjármunamyndun minnki að magni um 3—4%. Í þessari síðustu tölu er m. a. tekið mið af þeim breytingum á útgjaldaáformum hins opinbera á árinu, sem felast í þessu frumvarpi. En í því er annars vegar heimilað að lækka útgjöld ríkisins frá fjárlagatölum um 3 500 m.kr. og hins vegar að auka lánsfjármagn til opinberra framkvæmda um tæplega 1 300 m.kr. Aukningin kemur öll fram á sviði orkuframkvæmda. Hins vegar er enn óráðið, hvar lækkun fjárveitinga kemur niður í einstökum atriðum. Á sama hátt er í einkaneysluspánni tekið tillit til þeirra ákvæða þessa frumvarps er áhrif hafa á fjárhag heimilanna.

Þessar breyttu spár um útgjöld þjóðarinnar í heild á árinu 1975 fela að sjálfsögðu í sér að búist er við verulegri magnminnkun innflutnings á þessu ári, enda var innflutningurinn í fyrra geysimikill. Þannig mætti í ofangreindum forsendum búast við 17—18% magnminnkun almenns vöruinnflutnings, sem miklu veldur um tekjur ríkissjóðs. Þegar þessi spá er lögð til grundvallar, ásamt spám um útflutningsverðmæti 1975 og áætlunum Seðlabankans um innstreymi erlends fjármagns

á árinu, verður niðurstaðan sú, að gangi þessar spár eftir, mætti við því búast að gjaldeyrisstaðan batni nokkuð á árinu 1975. Hér væri þó um takmarkaða fjárhæð að ræða miðað við það hversu lágt gjaldeyrisstaðan var komin í ársbyrjun 1975 og brýna nauðsyn ber til að treysta hana á árinu, bæði til þess að tryggja alla aðdrætti til landsins af innfluttum nauðsynjum og eins vegna þess, að gjaldeyrisstaðan hefur áhrif á mat erlendra og alþjóðlegra fjármálastofnana á efnahag landsins og lánstraust.

Spáin um þróun einkaneyslu á árinu er miðuð við það, að kaupmáttur kauptaxta haldist í aðalatriðum óbreyttur út árið eins og hann var í ársbyrjun. Þó er gert ráð fyrir, að hann skerðist, sem nemur helmingi þeirrar hækkunar framfærslukostnaðar, sem rekja má til gengislækkunarinnar í febrúar, eins og áður greindi.

Þessi lækkun verður nálægt 4%, frá því sem var í upphafi ársins, þegar hún er öll komin fram. Spáin felur í sér, að reiknað er með, að kaup og kjör launþega breytist á árinu til mótvægis við hækkun verðlags, að öðru leyti. Þannig er reiknað með, að kaupmáttur kauptaxta allra launþega verði að meðaltali 12—13% lægri árið 1975 en hann var árið 1974. Kaupmáttur kauptaxta verkamanna yrði samkvæmt þessu 10—11% lægri 1975 en 1974. Raungildi kauptaxtanna væri þannig mitt á milli kaupmáttarstigs ársins 1971 og 1972. Í spánni felst í reynd að kaupmáttur ráðstöfunartekna yrði á árinu 1975 ívið lægri en hann var á árinu 1972. Undanfarin tvö ár hafa ráðstöfunartekjur hækkað mun meira en kauptaxtar vegna launaskriðs og aukinnar yfirvinnu á þensluskeiði hagsveiflunnar, en nú snýst þetta við vegna hjöðnunar. Frá árinu 1971 til ársins 1974 jókst kaupmáttur tekna einstaklinga langt umfram aukningu þjóðartekna. Slík þróun fékk ekki staðist til lengdar. Spáin, sem hér hefur verið lýst felur í sér, að kaupmáttur tekna almennings verði nokkru meiri í hlutfalli við líklegar þjóðartekjur á árinu 1975 en hann var árið 1971.

Með ákvæðum þessa frumvarps um lækkun skatta og heimildir til lækkunar skatta er að því stefnt að milda nokkuð þá kjaraskerðingu, sem þjóðin sem heild fær ekki lengur undan vikist. Þessar úrbætur eru einkum ætlaðar hinum tekjulágu og þá helst þeim, sem hafa mikla ómegð. Þessari léttingu skatta er einkum ætlað að stuðla að hófsamlegri niðurstöðu í þeim kjarasamningum sem nú standa yfir. Endanlegi tilgangurinn er sá að freista þess að treysta undirstöðu atvinnu og lífskjara á því háa stigi, sem íslensku þjóðinni hafði auðnast að ná á árunum 1971 og 1972. Til langframa er jafnvægi í þjóðarbúskapnum inn á við og út á við forsenda atvinnuöryggis og efnahagslegs sjálfstæðis þjóðarinnar. Þessi markmið hljóta að sitja í fyrirrúmi, og lengi hefur reynst örðugt að ná þeim samtímis því, sem verðbólgunni er haldið í skefjum. Svo verður á þessu ári en þó má ætla að meðalhækkun verðlags frá upphafi ársins til loka þess verði mun lægri en í fyrra eða 25—30% í stað 50—60% 1974. Þessar niðurstöður eru þó að sjálfsögðu háðar niðurstöðu kjarasamninganna, sem nú standa yfir og annarra sem á eftir fylgja.

Niðurstaða endurskoðunar á tekjuáætlun fjárlaga fyrir árið 1975 á ofangreindum forsendum um þjóðarbúskapinn og að teknu tilliti til áhrifa verðhækkunar á tóbaki og áfengi og hækkunar innflutningsgjalds af bifreiðum er sú að almennar tekjur ríkissjóðs hækki um 950 m.kr. frá fjárlagaáætlun. Taflan hér á eftir sýnir sundurliðun helstu atriðanna í þessari endurskoðun, en þau eru í fyrsta lagi tekjubrestur vegna lakara efnahagsútlits almennt, í öðru lagi verðlagsáhrif gengisbreytingarinnar og skattbreytinga sem fylgdu beint í kjölfar hennar og loks eftirspurnaráhrif þessara aðgerða sem draga úr innflutningi og veltu sem ríkið hefur tekjur af.

**Endurskoðun tekjuáætlunar ríkissjóðs 1975.**

Milljónir króna.

| | Almennar tekjur | Markaðar tekjur | Samtals |
|---|---|---|---|
| 1. Fjárlög 1975 | 41 170 | 6 456 | 47 626 |
| 2. Endurskoðun þjóðhagsforsendna fyrir gengisbreytingu | ÷ 1 610 | ÷ 56 | ÷ 1 666 |
| 3. Verðlagsáhrif gengisbreytingar[1]) | 3 385 | 175 | 3 560 |
| 4. Hækkun áfengis og tóbaksverðs og bílagjalds[2]) | 775 | . | 775 |
| 5. Eftirspurnaráhrif gengisbreytingar og skattbreytinga skv. 4. línu[3]) | ÷ 1 600 | ÷ 10 | ÷ 1 610 |
| 6. Endurskoðuð tekjuáætlun ríkissjóðs 1975 | 42 120 | 6 565 | 48 685 |
| 7. Hækkun frá fjárlögum | 950 | 109 | 1 059 |

Útgjaldatölur fjárlaga voru miðaðar við kaupgjald í desember 1974 að viðbættum áhrifum 3% grunnkaupshækkunar 1. júní 1975. Gengisbreytingin í febrúar sl. hefur að sjálfsögðu áhrif á útgjöld ríkissjóðs bæði beint og óbeint. Auk þess virðist nú ljóst að uppbætur á útfluttar landbúnaðarvörur séu nokkuð vanáætlaðar í tölum fjárlaga. Þá hafa niðurgreiðslur búvöruverðs nýlega verið auknar nokkuð til þess að efna fyrirheit sem ríkisstjórnin gaf launþegasamtökum um að takmarka hækkun búvöruverðs á næstunni. Sé útgjaldaauki vegna gengisbreytingarinnar áætlaður á sömu forsendum um áhrif á verðlag og kaupgjald og greindi hér að framan við endurskoðun tekna ríkissjóðs, er hann metinn 1 870 m.kr. Þá er talið að ætla þurfi 1 650 m.kr. til þess að standa straum af auknum útgjöldum vegna breyttra forsendna um þróun launa og verðlags á árinu 1975 og vegna verðlagsmála landbúnaðarins.

Fjárhagsvandi ríkissjóðs á árinu er þannig metinn sem næst 2 440 m.kr. Þær 1 870 m.kr., sem ætlað er að útgjöld muni aukast um af völdum gengisbreytingarinnar, eru byggðar á því að kostnaðaráhrifin komi að fullu fram í rekstrarútgjöldum stofnana og fyrirtækja ríkisins. Ríkisstjórnin hefur hins vegar ákveðið að beita öllum tiltækum ráðum til þess að sporna við slíkri þróun og hefur ráðuneytum, stofnunum og fyrirtækjum ríkisins verið ritað sérstakt bréf, þar sem aðilum er gert ljóst að kostnaðarhækkun á rekstrarliðum af völdum gengisbreytingarinnar verði ekki bætt með auknum framlögum úr ríkissjóði. Er til þess ætlast að viðkomandi aðilar geri sérstakar ráðstafanir til þess að fresta útgjaldafyrirætlunum og endurskipuleggja reksturinn á þann hátt að fjárveitingar á fjárlögum dugi til starfseminnar á árinu. Þessi stefna er í samræmi við þann tilgang gengisbreytingar að draga úr útgjöldum þjóðarinnar í heild. Með þessum hætti er áætlað að draga megi úr kostnaðarauka af völdum gengisbreytingarinnar sem nemur 820 m.kr.

Með þessu frumvarpi er síðan leitað heimilda til þess að lækka útgjöld um allt að 3 500 m.kr. frá tölum fjárlaga (I. kafli frv.). Frumvarpið felur hins vegar í sér lækkun tekjuskatts einstaklinga, skattafslátt og aukna ívilnun vegna barna við skattlagningu til ríkissjóðs, sem kostar ríkissjóð líklega um 1 750 m.kr. (II.

1) Hér er gert ráð fyrir óbreyttu magni innlendrar eftirspurnar frá línu 2.

2) Hér eru eingöngu sýnd verðlagsáhrif m.v. óbreytt magn.

3) Hér er gert ráð fyrir að beinlínis í kjölfar gengisbreytingar komi launahækkun sem nemi hálfri hækkun framfærsluvísitölu af hennar völdum, umfram þær kjarabreytingar, sem annars hefðu orðið.

kafli frv.). Á móti þessu kemur síðan niðurfelling fjölskyldubóta í núverandi mynd (IV. kafli frv.). Þá felur frumvarpið í sér tillögur um flugvallagjald, sem skilað gæti ríkissjóði um 225 m.kr. og loks er gert ráð fyrir að hækka lendingargjöld á Keflavíkurflugvelli, sem skilað gæti ríkissjóði 70—75 m.kr. í ár. Taflan hér á eftir gefur yfirlit yfir áhrif þess endurmats á fjárlögum sem að ofan var lýst og áhrif frv. á stöðu ríkissjóðs á rekstrarreikningi. (III. kafli frv. felur í sér lækkun útsvars um 360 m.kr. á landinu öllu á árinu 1975 frá því sem annars hefði orðið, og ekki kemur fram hér).

**Endurskoðun á stöðu ríkissjóðs 1975.**

| **Endurmat á fjárlögum:** | Gjöld | Tekjur | Lánahreyfingar[1]) | Greiðsluafkoma[1]) |
|---|---|---|---|---|
| Fjárlög | 47 226 | 47 626 | ÷ 271 | + 129 |
| Ný tekjuáætlun | | 1 059 | | |
| Markaðir tekjustofnar | 109 | | | |
| Útgjaldaauki v/ gengisbreytingar | 1 870 | | | |
| Breyttar forsendur um þróun launa og verðlags og vegna verðlagsmála landbúnaðarins | 1 650 | | | |
| | 50 855 | 48 685 | ÷ 271 | ÷ 2 441 |
| **Aðgerðir fram undan:** | | | | |
| Lækkun útgjalda af völdum gengisbreytinganna | ÷ 820 | | | |
| Heimild til lækkunar fjárveitinga (I. kafli frv.) | ÷ 3 500 | | | |
| Lækkun tekjuskatts, aukinn skattafsláttur og barnaívilnun (II. kafli frv.) | | ÷ 1 050[2]) | | |
| Niðurfelling fjölskyldubóta (IV. kafli frv.) | ÷ 870 | | | |
| Flugvallagjald og lendingargjald | | + 300 | | |
| Áætluð útgjöld vegna verðlags- og launamála og ríkisábyrgðasjóðs | + 350 | | | |
| | 46 015 | 47 935 | ÷ 271 | + 1 649 |

Þannig felur frv. í sér 1 520 m.kr. bætta greiðsluafkomu ríkissjóðs 1975, væri lækkunarheimild I. kafla þess nýtt til fulls. En mikil þörf er á því að mynda slíkt fjárhagslegt svigrúm hjá ríkissjóði á árinu 1975. Í fyrsta lagi er ekki verjandi að stefna ríkissjóði í hallarekstur á árinu 1975 vegna hinnar tæpu stöðu þjóðarbúsins út á við. Gjaldeyrisstaðan leyfir um þessar mundir ekki slíka beitingu ríkisfjármálanna. Brýna nauðsyn ber til að lækka skuld ríkissjóðs við Seðlabankann á árinu.

Í öðru lagi þarf ríkissjóður að hafa bolmagn til þess að geta lagt sitt af mörkum til þess að friðsamleg lausn náist í yfirstandandi kjaradeilum, t. d. með því að beita heimildarákvæðum V. kafla frumvarpsins til þess að lækka matvælaverðlag

1) Lánahreyfingar hafa ekki verið endurskoðaðar hér, en talið er að slík endurskoðun myndi ekki leiða til breytinga á greiðsluafkomu.

2) Brúttólækkun tekjuskatts og aukin barnaívilnun við tekjuskattsálagningu nemur 1 750 m.kr., sbr. athugasemd við II. kafla, en við afgreiðslu fjárlaga voru ætlaðar til þessa 700 m.kr.

og ná þannig kjarajöfnunaráhrifum til viðbótar þeim hagsbótum, sem felast í tillögum II., III. og IV. kafla. Í þriðja lagi gæti ríkissjóður þurft að standa undir auknum útgjöldum, a. m. k. um sinn, vegna gífurlegrar hækkunar áburðarverðs, sem veldur bændum og landsmönnum öllum þungum búskelli. Að þessu upptöldu er ljóst að ekki mun af því veita að styrkja stöðu ríkissjóðs að því marki sem tillögur frv. fela í sér; en með framkvæmd þeirra ætti að nást það jafnvægi í ríkisfjármálunum sem er forsenda efnahagsjafnvægis í þjóðarbúskapnum öllum á þessu ári.

Með tillögum frumvarpsins um lántökuheimildir fyrir ríkissjóð hérlendis og erlendis (VIII. kafli frv.) og með tillögum þess um skyldusparnað (VII. kafli frv.) sem gert er ráð fyrir að varið verði til opinberra framkvæmda, er opinberum framkvæmdum og útlánum Framkvæmdasjóðs, og þar með fjárfestingarlánakerfisins, settur ákveðinn rammi sem í senn tekur mið af því að nauðsynlegt er að gefa orkuframkvæmdum forgang og að fjárhagsgetu hins opinbera og þjóðarinnar í heild eru takmörk sett; takmörk sem í ár eru augljósari en oft áður.

Tölurnar hér á eftir gefa samandregna mynd af fjáröflun og lántökuáformum þeim sem frv. gerir ráð fyrir til opinberra framkvæmda á vegum ríkisins og gerður er samanburður við árið 1974 og tölur fjárlaga 1975, sem þó ber að skoða í ljósi þess að sumar lántökuheimildir í fjárlögum munu hafa verið hugsaðar til lántöku erlendis en að formi til settar fram sem lántökuheimildir innanlands.

**Lánsfjármagnaðar opinberar framkvæmdir 1974 og 1975.**

| | 1974 | Fjárlög 1975 | Áætlanir frv. |
|---|---|---|---|
| | M.kr. | M.kr. | M.kr. |
| 1. Innheimt spariskírteinafé og óráðstafað frá fyrra ári ..... | 949 | 918 | 1 080 |
| 2. Ný innlend lántaka (og skyldusparnaður) ..... | 880 | 2 585 | 1 625 |
| Innlent fé samtals | 1 829 | 3 503 | 2 705 |
| 3. Erlent lánsfé ..... | 1 422 | 210 | 2 295 |
| Samtals | 3 251 | 3 713 | 5 000 |

(Nánari sundurliðun er að finna í athugasemdum við VIII. kafla).

Með þessum tillögum er án efa seilst svo langt sem auðið er til lánsfjáröflunar, bæði innanlands og utan, þegar jafnframt er litið til þarfa fjárfestingarlánasjóðanna. Í frv. er gert ráð fyrir 1 200 m.kr. erlendri lántöku vegna Framkvæmdasjóðs, en það er nokkru hærri fjárhæð en erlend lán hans vegna námu 1974 (1 105 m.kr.). Sú mikla aukning, sem ráðgerð er í lánsfjáröflun til opinberra framkvæmda, er ekki síst til komin vegna brýnna orkuframkvæmda. Breyttar aðstæður hafa breytt forgangsröð framkvæmda og nú liggja fyrir ýtarlegri orkuframkvæmdaáætlanir en í haust og vetur, er fjárlög voru samin og samþykkt.

*Athugasemdir við I. kafla.*

**Almennar athugasemdir.**

Í athugasemdum hér að framan hefur komið fram almennur rökstuðningur við það að nauðsyn beri til að færa niður útgjöld ríkisins, til þess að mæta tekjubresti vegna örðugra árferðis en búist var við þegar fjárlög voru samþykkt, til þess að snúast við ýmsum fjárhagsvanda, sem komið hefur til á síðustu mánuðum eða séð er fram á, og síðast en ekki síst til þess að mynda fjárhagslegt svigrúm til skattalækkunar til þess að greiða fyrir gerð kjarasamninga og jafna kjör manna í landinu, jafnframt því sem stuðlað sé að jafnvægi í þjóðarbúskapnum inn á við og út á við og undirstaða atvinnuöryggis og framfara þar með treyst.

**Athugasemdir við einstakar greinar I. kafla.**

**Um 1. gr.**

Með þessari grein er lagt til að ríkisstjórninni verði heimilað að lækka fjárveitingar á fjárlögum 1975, eftir því sem þörf krefur, um allt að 3 500 m.kr., í samráði við og með samþykki fjárveitinganefndar. Þar með verða hér ekki raktar beinar tillögur um lækkun fjárveitinga.

Í framhaldi af þeim ráðstöfunum, sem gerðar verða til að stemma stigu við því að öll áhrif gengisbreytingarinnar komi fram sem útgjaldaauki hjá ríkissjóði, verður leitast við að koma við frekari sparnaði í rekstri. Mun sú viðleitni ekki einungis beinast að stofnunum sem standa undir rekstrinum með beinum framlögum úr ríkissjóði, heldur einnig að fyrirtækjum, sem afla eigin tekna með sölu á þjónustu. Þannig hefur starfsemi ríkisútvarpsins verið í athugun að undanförnu og eru niðurstöður væntanlegar innan skamms, en það mun m. a. fela í sér umtalsverðar sparnaðartillögur. Á sama hátt er nú verið að athuga rekstur og skipulag landhelgisgæslu og flugmálastjórnar. Þá er hafinn undirbúningur að endurskoðun tryggingalöggjafarinnar, þar sem þess verður m. a. freistað að koma á einföldun alls tryggingakerfisins, sem í ýmsum atriðum er mjög flókið. Ákvæði þessa frumvarps um sameiningu fjölskyldubóta og barnaívilnunar við tekjuskattlagningu má skoða sem einn fyrsta áfanga þessa starfs.

Að því er varðar framkvæmdir ríkisins, verður sérstök áhersla á það lögð að verkum verði ekki hleypt af stað fyrr en tæknilegum undirbúningi er að fullu lokið, og einnig verður þess sérstaklega gætt að fjármagn til viðkomandi framkvæmdar hafi verið tryggt áður en verk verður hafið.

Af hálfu fjármálaráðuneytisins verða með tilliti til þessa gerðar ráðstafanir til þess að fylgjast sérstaklega vel með öllum greiðslum úr ríkissjóði í þeim tilgangi að tryggja markvissara eftirlit með útgjöldum ríkisins.

Í því ótrygga efnahagsástandi sem ríkir um þessar mundir er mikilvægt að föstum tökum verði náð á öllum útgjöldum og útlánum hins opinbera. Jafnan verður þó haft vakandi auga á atvinnuástandi og atvinnusjónarmiðið sett ofarlega, þegar metið verður, hvaða framkvæmdum eigi að fresta og hverjum að flýta.

*Athugasemdir við II., III. og IV. kafla.*

**Almennar athugasemdir.**

Í fjárlögum ársins 1975 er gert ráð fyrir lækkun tekjuskatts um 700 m.kr. Í frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir lækkun tekjuskatts einstaklinga við álagningu 1975 (á tekjur ársins 1974) um 850—900 m.kr. og lækkun útsvars um 360 m.kr. Einnig eru fjölskyldubætur almannatryggingakerfisins og aðrar barnaívilnanir ríkisins sameinaðar í skattafslátt, sem í frumvarpinu er nefndur barnabætur og greiðist út séu þær hærri en álögð gjöld. Þar með er stigið fyrsta skrefið til sameiningar tryggingabótakerfis og skattakerfis. Með slíkri sameiningu er stefnt að því að ná þeim tekjujöfnunaráhrifum, sem bótum almannatrygginga og tekjuskatti er ætlað að ná, skýrar og sanngjarnar en núgildandi löggjöf gerir kleift.

Helstu breytingar miðað við gildandi kerfi eru þessar:

1. Öll barnaívilnun til framfæranda barns, þ. e. fjölskyldubætur, persónufrádráttur vegna barna og afsláttur frá tekjuskatti vegna barna, er sameinuð í einn afslátt, barnabætur, sem greiðist, ef hann nýtist ekki til greiðslu á tekjuskatti, útsvari eða öðrum opinberum gjöldum framfærandans. Við þessa breytingu verður barnaívilnun óháð tekjum en í núverandi kerfi vex ívilnunin með tekjum.
2. Persónufrádrætti hjóna og einhleypinga er breytt í persónuafslátt sem eingöngu nýtist til greiðslu á tilteknum opinberum gjöldum. Skattstiganum er breytt og er

sérstakur skattstigi fyrir hjón og annar fyrir einhleypinga. Skattþrepum er fækkað úr þremur í tvö.
3. Persónuafsláttur frá útsvari er hækkaður um 50%.

Breytingar þessar taka nær eingöngu til álagningarinnar sjálfrar að óbreyttri skilgreiningu skattskyldra tekna. Við breytinguna hverfa þó fjölskyldubætur úr skattstofninum, en gert er ráð fyrir að barnabætur verði skattfrjálsar, sem og persónuafsláttur. Í frumvarpinu er einnig að finna nokkrar veigaminni breytingar sem ástæða er talin til að gera jafnframt hinum almennu breytingum á álagningarreglum.

Eftirfarandi yfirlit sýnir heildarfjárhæðir tekjuskatts og barnaívilnunar í núgildandi kerfi og miðað við ákvæði frumvarpsins:

| | Núgildandi kerfi M.kr. | Frumvarp M.kr. |
|---|---|---|
| 1. Álagður tekjuskattur án barnaívilnunar .... | 8 883 | 7 860 |
| 2. Barnaívilnun ..... | ÷2 813 | ÷2 670 |
| 3. Alls 1.—2. ..... | 6 070 | 5 190 |
| 4. Lækkun tekjuskatts ..... | . | 880 |
| 5. Lækkun útsvars ..... | . | 360 |
| 6. Lækkun beinna skatta samtals ..... | . | 1 240 |

Til þess að lækkun tekjuskatts nýtist einnig þeim, sem greiða engan eða aðeins óverulegan tekjuskatt, er nauðsynlegt að breyta persónufrádrætti að einhverju eða öllu leyti í afslátt. Í frumvarpinu hefur þetta skref verið stigið til fulls og öllum persónufrádrætti breytt í afslátt. Við þetta hækkar afsláttur verulega frá því sem nú er.

Gert er ráð fyrir, að persónuafsláttur nýtist eingöngu til greiðslu opinberra gjalda á greiðsluári en eftirstöðvar hans greiðist ekki til framteljanda, nema þegar í hlut eiga elli- og örorkulífeyrisþegar, en þá greiðast eftirstöðvar afsláttar að tilteknu marki.

Við breytingu persónufrádráttar í persónuafslátt er nauðsynlegt að breyta skattstiganum til samræmis og hefur skattþrepum hér verið fækkað úr þremur í tvö. Þá er tekið tillit til mismunandi framfærslubyrðar hjóna og einhleypings í skattstiga og eru því notaðir mismunandi skattstigar fyrir hjón og einhleypinga. Í reynd er þetta ekki frábrugðið núgildandi reglum, en persónufrádráttur og persónuafsláttur er annar fyrir hjón en einhleypinga.

Ákvæði frumvarpsins fela í sér lækkun beinna skatta þeirra framteljenda, sem hafa meðaltekjur, um nálægt 1½—2½% af brúttótekjum ársins 1974, en hjá þeim, sem hafa lægri en meðaltekjur léttist skattbyrði um 2—5%, mest hjá þeim sem hafa mesta ómegð. Sé einnig reiknað með lækkun óbeinna skatta samkvæmt heimildarákvæðum V. kafla léttist skattbyrði af meðaltekjum um 2½—3½% af brúttótekjum ársins 1974 og um 3—6% af lægri tekjum. Ennfremur ber að hafa í huga að hér er um tekjuskattsfrjálsar hagsbætur að ræða. (Eigi að bera þessar kjarabætur saman við hækkun peningalauna, sem síðar koma til skatts, má því án efa leggja 70% á þær tölur, sem eiga við þá sem hafa miðlungstekjur, en a. m. k. 15—20% á þær sem eiga við hina tekjulægri.)

Hér á eftir fer samandregið yfirlit lykilstærðanna í tillögum frumvarpsins um nýtt tekjujöfnunarkerfi í stað núgildandi tekjuskatts og fjölskyldubóta auk barnaívilnunar við álagningu tekjuskatts. Til samanburðar er fyrst dregin upp sams konar mynd af núgildandi tekjuskattskerfi.

## LÝSING SKATTKERFA

**Núgildandi kerfi.**

Persónufrádráttur:
Hjón ..... kr. 536 100
Einstaklingur ..... — 359 400
Barn ..... — 75 500

Skattafsláttur:
Hjón ..... kr. 27 935
Einstaklingur ..... — 16 610
Barn ..... — 4 983
Aukaafsláttur:
Einstætt foreldri ..... — 9 815
Barn einstæðs foreldris .... — 906

Skattstigi:
0—151 þús. kr. ..... 20%
151—302 þús. kr. ..... 30%
302— þús. kr. ..... 40%

Afsláttur frá útsvari:
Hjón eða einstætt foreldri . kr. 7 000
Einstaklingur ..... — 5 000
Barn ..... — 1 000
Hvert barn umfram þrjú .. — 2 000

Fjölskyldubætur:
20 000 krónur með hverju barni umfram eitt, nema tekjur framfæranda séu lægri en 700 000 krónur eða börn eru 5 eða fleiri, þá er einnig greitt með 1. barni.

**Tillaga um nýtt kerfi.**

Skattstigi hjóna:
0—850 þús. kr. ..... 20%
850— þús. kr. ..... 40%

Skattstigi einstaklings:
0—600 þús. kr. ..... 20%
600— þús. kr. ..... 40%

Persónuafsláttur:
Hjón eða einstætt foreldri kr. 145 000
Einstaklingur ..... — 97 000

Barnabætur:
1. barn ..... kr. 30 000
2. barn o. fl. (hvert) ..... — 45 000

Afsláttur frá útsvari:
Hjón eða einstætt foreldri kr. 10 500
Einstaklingur ..... — 7 500
Barn ..... — 1 500
Hvert barn umfram þrjú . — 3 000

## *Athugasemdir við einstakar greinar II., III. og IV. kafla.*

### II. KAFLI

**Um tekjuskatt og eignarskatt.**

**Um 2. gr.**

Í síðasta málsl. 3. mgr. 3. gr. gildandi laga er hámarksfjárhæð miðuð við hluta persónufrádráttar hjóna. — Skv. frv. eru fjárhæðir persónufrádráttar afnumdar sem slíkar. Hér er því sett inn samsvarandi fjárhæð og áður var eða 134 000 kr. (í stað 134 025 kr.). Þessi fjárhæð mun síðan hækka eða lækka í samræmi við nýja skattvísitölu, sbr. 12. gr. frv. Ennfremur er bætt inn í mgr. orðunum „af atvinnurekstrinum“ á tveimur stöðum til þess að taka af öll tvímæli þess efnis að umræddur frádráttur komi því aðeins til greina að hjónin hafi sameiginlega haft hreinar tekjur af atvinnurekstrinum og að þær hreinu tekjur af honum séu jafnframt mælikvarði á takmörkun frádráttar ef svo ber undir.

**Um 3. gr.**

Afnumin eru ákvæði 3. málsl. 1. mgr. 4. gr. gildandi laga um frádrátt á helmingi hreinna tekna barns, sem samskattað er með foreldrum, nemi tekjurnar 37 750 kr. eða lægri fjárhæð. Eigi er talin þörf á þessu ákvæði þar sem fjölskyldubætur verða ekki taldar til tekna foreldra við álagningu á skattárinu 1974 og barnabætur verða framvegis eigi skattskyldar, sbr. 5. gr. frv. þessa. Inn er sett á tveimur stöð-

um fjárhæðin 37 750 kr. en hún samsvarar tilsvarandi gildandi ákvæðum 1. mgr. 4. gr. laganna þar sem vitnað er til hluta persónufrádráttar barna sem verður afnuminn sem slíkur skv. frv. þessu. Þessi fjárhæð mun síðan hækka eða lækka í samræmi við nýja skattvísitölu, sbr. 12. gr. frv.

Um 4. gr.

Hér eru sett inn fyllri ákvæði í greindan málsl. gildandi laga er taka af allan vafa um það að hvers konar greiðslur, sem látnar eru í té sem kaupgjald eða hlunnindi sem jafna má til kaupgreiðslu, séu skattskyldar tekjur nema þær séu þá sérstaklega undanþegnar, sbr. 10. gr. laganna. Hvort og að hve miklu leyti þessar tekjur reiknist sem skattgjaldstekjur fer að öðrum ákvæðum skattalaga um heimildir til frádráttar frá skattskyldum tekjum.

Um 5. gr.

Við gildandi 10. gr. laganna er bætt nýjum staflið er mælir fyrir um að til tekna teljist ekki persónuafsláttur skv. B-lið 10. gr. þessa frv. né heldur barnabætur skv. C-lið sömu greinar.

Um 6. gr.

Við gildandi C-lið 12. gr. laganna er bætt nýrri mgr. er heimili að mati ríkisskattstjóra frádrátt sannanlegs og hæfilegs flutningskostnaðar milli heimilis og vinnustaðar hjá þeim skattgreiðendum sem þurfa að fara verulegar vegalengdir á eigin kostnað til vinnu og skiptir þá eigi máli hvort eða að hvaða marki skattgreiðandi hefur fengið hann endurgreiddan frá vinnuveitanda sínum, sbr. 4. gr. frv. þessa.

Um 7. og 8. gr.

Nýjar grunnfjárhæðir, sem samsvara gildandi grunnfjárhæðum með gildandi skattvísitölu, í stað fyrri ákvæða vegna nýrra ákvæða um skattvísitölu, sbr. 12. gr. frv.

Um 9. gr.

Gildandi ákvæði 1. og 3. mgr. 16. gr. laganna um persónufrádrætti og sérstakan frádrátt frá tekjum einstæðs foreldris eru afnumin, sbr. ný ákvæði í B-lið 10. gr. frv. um persónuafslætti.

Í 1. mgr. frv. eru sett ný ákvæði um meðferð meðlagsgreiðslna bæði hjá móttakanda þeirra og greiðanda, þ. e. að hálfur hluti þeirra teljist til tekna hjá móttakanda þeirra en hálfur hluti til frádráttar hjá greiðanda. Ákvæði 2. mgr. 16. gr. gildandi laga kveða svo á að meðlagsgreiðslur teljist hvorki til tekna hjá móttakanda né til frádráttar hjá greiðanda heldur skiptist persónufrádráttur barnsins (barnanna) skv. 1. mgr. 16. gr. gildandi laga til helminga milli þessara aðila. Vegna afnáms gildandi persónufrádráttar fyrir börn og nýrra ákvæða í C-lið 10. gr. frv. um barnabætur í þeirra stað, var nauðsyn á nýjum ákvæðum um meðferð meðlagsgreiðslna.

Í 2. mgr. frv. er ákvæðum 4. mgr. 16. gr. gildandi laga breytt á þann veg að um frádrátt námskostnaðar fer að mati ríkisskattstjóra enda er svo í framkvæmd samkvæmt ákvæðum reglugerðar. Ákvæði 5. mgr. 16. gr. gildandi laga eru felld niður enda óþörf sem slík.

Um 10. gr

Í greininni eru ný ákvæði um tekjuskattsstiga. Hugtakið persónuafsláttur kemur í stað persónufrádráttar og skattafsláttar fyrir hjón og einstaklinga í núgildandi lögum.

Barnabætur koma í stað frádráttar og skattafsláttar vegna barna svo og fjölskyldubóta.

Veigamiklar breytingar eru gerðar á þeim ákvæðum um skattafslátt, sem lögleiddar voru við skattkerfisbreytinguna 1974.

Persónuafsláttur verður nú mun hærri en skattafsláttur var áður, enda hefur persónufrádrætti verið að fullu breytt í afslátt. Persónuafsláttur verður nú óháður tekjum.

Sama hlutfall er milli persónuafsláttar hjóna og einstaklinga og er í núgildandi lögum milli persónufrádráttar hjóna og einstaklinga.

Einstætt foreldri nýtur nú sama persónuafsláttar og hjón, en sérstakur heimilisfrádráttur er felldur niður.

Vegna þeirrar breytingar, að persónufrádrætti er breytt í afslátt frá skatti, er talið nauðsynlegt að breyta skattstiganum til samræmis.

Lagt er til að skattyfirvöld fái sams konar heimild og um er getið í 4. mgr. 23. gr. laga nr. 8 1972 um tekjustofna sveitarfélaga til að hækka tekjur framteljanda í því skyni að koma í veg fyrir að unnt sé að nota persónuafslátt til greiðslu á eignarskatti og útsvari, þegar tekjur til útsvars eru lágar vegna beinna afskrifta eða stóðulfyrningar. Þá eru í 3. mgr. B-liðar greinarinnar settar almennar skorður við því að þeir, sem hafa skattgjaldstekjur sem eru verulega lægri en tekjur til útsvars (vegna mikils frádráttar), fái að nýta eftirstöðvar persónuafsláttar til greiðslu á eignarskatti og útsvari álagningarársins.

Í 5. mgr. B-liðar er heimildarákvæði til foreldra barns, sem ekki er orðið fullra 16 ára, sem búa saman ógift, til þess að nýta óráðstafaðan persónuafslátt skv. 2. mgr. B-liðar hjá öðru þeirra til greiðslu gjalda hins. Heimild þessi er þó takmörkuð við 48 000 kr., sem þýðir að samanlagður persónuafsláttur verður 145 000 kr., þ. e. eins og hjá hjónum og einstæðum foreldrum.

Skattþrepum er fækkað úr þremur í tvö.

Tekið er tillit til mismunandi framfærslubyrðar hjóna og einstaklinga með því að hafa mismunandi háa skattstiga fyrir þessa aðila.

Af fyrstu 600.000 kr. skattgjaldstekjum einstaklinga (hjá hjónum 850.000 kr.) greiðast 20%, en af því sem framyfir er greiðast 40%. Frá þeirri fjárhæð er síðan dreginn persónuafsláttur skattþegnsins. Sé mismunurinn jákvæður er hann sá tekjuskattur sem skattþegni ber að greiða. Sé mismunur neikvæður, þ. e. persónuafsláttur hefur reynst hærri en reiknaður skattur samkvæmt skattstiga, fer um ráðstöfun hans, þ. e. eftirstöðva persónuafsláttar, sem hér segir:

1. til greiðslu á eignarskatti framteljanda álögðum á greiðsluárinu,
2. til greiðslu á útsvari framteljanda álögðu á greiðsluárinu.

Frekari eftirstöðvar falla niður. Undantekning er þó gerð um elli- og örorkulífeyrisþega, en þeir fá eftirstöðvarnar greiddar út allt að 20.000 kr. til einstaklings og 30.000 kr. til hjóna. Þetta ákvæði kemur m. a. í stað V. liðar 25. gr. núgildandi laga um tekjuskatt og eignarskatt, sem felldur er niður með lögum þessum.

Persónuafsláttur nýtist ekki til greiðslu vanskilaskulda.

Sé barn sérskattað fær það persónuafslátt sem einstaklingur. Foreldrar njóta hins vegar bóta vegna barnsins og bera skatta og útsvar af ákveðnum hluta af tekjum þess. Með hliðsjón af þessari tilhögun er eigi talin ástæða til að barn nýti að fullu persónuafslátt. Í greininni er gert ráð fyrir að hámark persónuafsláttar sérskattaðs barns, sem nýta megi til greiðslu eignarskatts og útsvars verði 18.000 kr. Er það svipuð upphæð og hámark þess tekjuskatts og útsvars nemur, sem foreldri verður að greiða af þeim hluta tekna barnsins, sem skattlagður er hjá því.

Áætlað er, að sú skattívilnun, sem ríkissjóður veitir við álagningu 1975, og fjölskyldubætur nemi samtals 2800 millj. kr. Er þá tekið tillit til þess, að samkv. núgildandi reglum nýtist persónufrádráttur vegna barns til frádráttar tekjum áður en bær eru skattlagðar, að fjölskyldubætur fyrra árs eru skattskyldar, svo og að í gildi eru ákvæði er takmarka mjög fjölskyldubætur með fyrsta barni. Gildandi ákvæði, þar sem tiltekin krónutala er veitt sem persónuafsláttur nýtist þeim best sem háar tekjur hafa, en hefur verið til minni hagsbóta láglaunamönnum. Þessu er nú breytt með því að breyta persónufrádrætti í barnabætur, er allir, sem hlut eiga að máli, fá óháð því, hvaða tekjur þeir hafa. Miðað er við, að greiddar verði 30.000 kr. með fyrsta barni en 45.000 kr. með hverju barni umfram eitt.

Tekið er fram, að aðeins sé greitt með barni sem er heimilisfast hér á landi. Einnig skal skerða fjárhæð barnabóta að því marki sem framfærandi fær barnabætur eða hliðstæðar bætur vegna barnsins erlendis á skattárinu.

Barnabætur skulu greiddar framfæranda barns að því marki sem eftirstöðvum nemur, þegar frá hefur verið dreginn tekjuskattur, álagður á greiðsluárinu, önnur þinggjöld á því ári, vangoldin þinggjöld frá fyrri árum, svo og útsvar og aðstöðugjald á greiðsluárinu.

Foreldrar barna innan 16 ára aldurs, sem búa saman ógift, fá samkvæmt núgildandi lögum hvort um sig að draga frá tekjum sínum helming þess persónufrádráttar sem veittur er vegna barnanna. Hins vegar hefur faðirinn einn fengið greiddar fjölskyldubætur vegna barnanna úr almannatryggingum.

Barnabætur samkvæmt frumvarpinu greiðast nú alfarið til föðurins, þar sem hann er talinn framfærandi barnsins. Vegna þessa þykir nauðsynlegt að veita ráðherra heimild til að ákveða að gjöld móðurinnar komi til frádráttar barnabóta, áður en eftirstöðvar þeirra eru greiddar föðurnum. Í þessu sambandi er rétt að benda á að hjón bera ábyrgð á opinberum gjöldum hvors annars.

Um 11. gr.

Grein þessi er til samræmingar við ákvæði d-liðar 29. gr. laga nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga og gildandi framkvæmd.

Um 12. gr.

Í tilvitnuðum greinum laga er gert ráð fyrir því að tilvitnaðar fjárhæðir verði miðaðar við skattvísitölu 100 á skattárinu 1974 (gjaldárinu 1975) (sbr. tilgreindar fjárhæðir í 2. gr., 3. gr., 7. gr., 8. gr. og A-, B- og C-liðum 10. gr. frv. þessa), sem hækki eða lækki framvegis í samræmi við skattvísitölu, sem ákveðin skal í fjárlögum, í fyrsta sinn í fjárlögum 1976 vegna skattársins 1975 (gjaldársins 1976).

**Um ákvæði til bráðabirgða.**

a) Vegna þess að barnabætur verða samkvæmt frumvarpinu skattfrjálsar í framtíðinni og tekið er tillit til þess við ákvörðun fjárhæða barnabóta að fjölskyldubætur eru nú skattskyldar, verður að teljast eðlilegt að fjölskyldubætur greiddar á árinu 1974 eða 1975 verði undanþegnar skattskyldu.
b) Kveðið er á um uppgjör á fjölskyldubótum, sem greiddar eru á árinu 1975, við álagningu á því ári sem fjölskyldubætur renna saman við aðrar ívilnanir hins opinbera vegna barna.

III. KAFLI

**Um tekjustofna sveitarfélaga.**

Um 13. gr.

Inn í 1. mgr. 23. gr. laganna er bætt tilvitnun til 8. gr. gildandi skattalaga. Ennfermur er þar bætt inn tilvitnun til væntanlegrar 1. mgr. 16. gr. skattalaganna svo að ljóst verði að þar um ræddd meðlög verði talin að hálfu til útsvarsskyldra tekna hjá móttakanda þeirra en að hálfu til frádráttar við ákvörðun útsvarsskyldra tekna hjá greiðanda þeirra. Móttakandi meðlags fær síðan fullan persónuafslátt fyrir barnið (börnin), sbr. 1. mgr. 26. gr., í stað hálfs áður en greiðandi meðlags fær engan persónuafslátt fyrir barnið (börnin) en fékk hálfan áður.

Um 14. gr.

Gert er ráð fyrir að persónuafsláttur til útsvars verði hækkaður um 50%, svo og að hann breytist framvegis með skattvísitölu.

Um 15. gr.

Lagt er til að heimilaður verði afsláttur á útsvörum vegna slysatryggingabóta jafnt lífeyristryggingabótum.

Um 16. gr.

Grein þessari er breytt til samræmis við hliðstætt ákvæði í 46. gr. laga nr. 68/1971 og er það nauðsynlegt vegna sameiginlegrar innheimtu gjalda til ríkissjóðs og sveitarsjóða.

## IV. KAFLI

## Um almannatryggingar.

Um 17. gr.

Niður eru felld ákvæði 26. gr. um greiðslu fjölskyldubóta. Jafnframt falla úr gildi önnur ákvæði laganna um fjölskyldubætur.

*Athugasemdir við V. kafla.*

### Um heimild til lækkunar söluskatts og afnáms tolla af nokkrum mikilvægum matvörum og hráefnum til matvælagerðar.

Að undanförnu hafa umræður farið fram um með hvaða hætti unnt væri að lækka verð á matvöru. Könnun hefur farið fram á því hvort lækka mætti eða jafnvel fella niður tolla og söluskatt af matvælum. Sem kunnugt er eru fjölmargar þýðingarmiklar matvörur nú undanþegnar tolli og söluskatti, t. d. kaffi, sykur, kornvörur, nýmjólk, rjómi, skyr, ostar, kartöflur, egg og fiskur.

Með frumvarpi þessu er lagt til að fjármálaráðherra verði heimilað að lækka verð á matvörum með afnámi tolla og niðurfellingu eða lækkun söluskatts.

Um 18. gr.

Lagt er til að felldur verði niður tollur af ýmsum matvörutegundum sem nú er greiddur af 12% til 40% tollur. Væri þessi heimild notuð til fulls hefði hún í för með sér u. þ. b. 120 m.kr. lækkun tolla og söluskatts.

Um 19. gr.

Tilgangur þessarar greinar er að veita fjármálaráðherra heimild til þess að fella niður eða lækka söluskatt af nokkrum mikilvægum matvælum. Eftirfarandi tafla gefur hugmynd um mikilvægi matvælaútgjalda heimilanna í söluskattstofninum og um mikilvægi þeirra matvælaútgjalda sem undanþegin eru söluskatti. Miðað er við smásöluverðlag í febrúarlok eða í marsbyrjun 1975 (í millj. kr.):

| Vöruflokkar: | Smásöluverð alls | Söluskattsfrjálsar vörur | Söluskattsskyldar vörur | Söluskattsstofn |
|---|---|---|---|---|
| Korn og brauðvörur | 3 095 | — | 3 095 | 2 589 |
| Kjöt og kjötvörur | 4 646 | — | 4 646 | 3 872 |
| Fiskur | 772 | 591 | 181 | 150 |
| Mjólk og mjólkurvörur, egg | 3 417 | 3 417 | — | — |
| Feitmeti | 1 369 | 736 | 633 | 527 |
| Ávextir og grænmeti | 3 448 | 444 | 3 004 | 2 524 |
| Kaffi, te, kakó | 892 | — | 892 | 749 |
| Sykur, sykurvörur (nema sælgæti) | 3 222 | — | 3 222 | 2 707 |
| Ýmis matvæli | 610 | — | 610 | 513 |
| Samtals | 21 471 | 5 188 | 16 283 | 13 631 |

| Frá dregst: | Smásöluverð alls | Söluskattsfrjálsar vörur | Söluskattsskyldar vörur | Söluskattsstofn |
|---|---|---|---|---|
| Áætluð notkun veitingahúsa[1]) ..... | ÷ 659 | ÷ 158 | ÷ 501 | ÷ 419 |
| Matarútgjöld heimilanna[2]) ..... | 20 812 | 5 030 | 15 782 | 13 212 |
| Til hliðsjónar: | | | | |
| Sælgæti, alls ..... | 1 591 | — | 1 591 | 1 337 |
| Gosdrykkir, alls ..... | 1 604 | — | 1 604 | 1 348 |
| Samtals sælgæti og gosdrykkir ..... | 3 195 | — | 3 195 | 2 685 |

Ætla má að niðurfelling söluskatts af brauði, nýjum ávöxtum og grænmeti fæli í sér um 600 m.kr. lækkun skatts af matvælum á heilu ári. Niðurfelling söluskatts af öllum ávöxtum og grænmeti (nýju, niðursoðnu og þurrkuðu) ylli líklega 500 m.kr. lækkun skatts á ári. Helmingur söluskatts af korni og brauðvöru, kjöti og hvers konar kjötvöru þýddi nálægt 640 m.kr. skattalækkun á heilu ári. Í þessum tölum er alls staðar miðað við sölugjaldið allt, þ. e. söluskatt, viðlagagjald og olíugjald af söluskattsstofni.

Þegar ríkisstjórnin leitar þeirrar almennu heimildar sem 19. gr. felur í sér er það gert með það í huga að lækkun matvælaskatta — og þar með matvælaverðs — geti með beitingu heimildarákvæða bæði 18. og 19. gr. numið í mesta lagi 600—800 m.kr. á heilu ári. Slík lækkun matvælaverðs fæli í sér lækkun matarútgjalda heimilanna í heild um 3½% og lækkun framfærslukostnaðar um 1,1%. Framkvæmd söluskattslækkunar á einstökum vörum er vandasöm og viðamikil og mun fjármálaráðuneytið og skattayfirvöld vinna að tillögugerð í þessu efni á næstunni.

*Athugasemdir við VI. kafla.*

**Um flugvallagjald.**

Í fjárlögum fyrir árið 1975 er áætlað að varið verði til flugmálastjórnar, reksturs og viðhalds flugvalla, svo og til fjárfestingar í flugvöllum, um 440 m.kr. úr ríkissjóði umfram þær tekjur sem flugvallarekstur ríkisins skilar ríkissjóði. Í fjárlögum er eigi gert ráð fyrir sérstökum lántökum til reksturs eða fjárfestingar í flugvöllum heldur ákveðið, að ríkissjóður bæti úr fjárvöntun þessari af tekjum sínum ótilgreindum.

Við athugun á fjárhagsstöðu ríkissjóðs hefur náið verið að því hugað með hvaða hætti mætti auka tekjur ríkissjóðs með því að krefjast aukinnar arðsemi af stofnunum ríkisins. Meðal annars hefur komið í ljós að tekjur ríkissjóðs af flugvallarekstri ríkisins eru í engu samræmi við þá gífurlegu fjárfestingu sem tengd er þeim rekstri og er til nota fyrir jafnt innlend og erlend flugfélög.

Lendingargjöld flugvéla á Keflavíkurflugvelli eru skráð í íslenskum krónum og hafa ekki hækkað þrátt fyrir undanfarnar gengisfellingar og gengissig. Lendingargjald fyrir erlenda flugvél var $ 512 fyrir svokallaða viðmiðunarvél á sl. sumri, er nú $ 299. Á íslenskum flugvöllum hafa aldrei verið tekin gjöld vegna farþega en slík gjöld eru innheimt á öllum flugvöllum, sem íslenskar vélar hafa áætlunarflug til. Hafa lendingargjöld og gjöld vegna farþega gjarnan verið sam-

1) Allar vörur seldar í veitingahúsum eru söluskattskyldar.
2) Í töflunni er í aðalatriðum miðað við neyslumagnið 1974. Réttari hugmynd fengist sennilega fyrir árið 1975 með heldur lægri tölum.

einuð í eitt gjald. Til samanburðar við þá $ 299, sem nú eru innheimtir á Keflavíkurflugvelli, fer hér á eftir skrá yfir hliðstæð gjöld á eftirtöldum flugvöllum:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Arlanda | $ 1101 | London | $ 702 |
| Oslo | $ 1026 | Luxemburg | $ 566 |
| Oslo (næturlending) | $ 1420 | Kennedy | $ 1131 |
| Kaupmannahöfn | $ 742 | Prestwick | $ 790 |
| Frankfurt | $ 743 | Shannon | $ 795 |
| Glasgow | $ 952 | | |

Utanríkisráðuneytið hefur nú í undirbúningi útgáfu nýrrar reglugerðar um lendingargjöld á Keflavíkurflugvelli. Að svo stöddu þykir ekki rétt að lendingargjöldin verði hækkuð um meira, en 70%, þ. e. í jafngildi $ 510 fyrir svokallaða viðmiðunarvél. Við þessa ráðstöfun ættu tekjur ríkissjóðs að hækka um 84 m.kr. á ársgrundvelli en um 70 m.kr. árið 1975 kæmi ný gjaldskrá til framkvæmda 1. apríl n. k. Meðan frekari athugun fer fram á lendingargjöldunum er lagt til með frumvarpi þessu að lagt verði á svokallað flugvallagjald er flutningsaðili greiði vegna þeirra manna er hann flytur frá Íslandi til annarra landa.

Sennilegt er, að um 90 þús. farþegar hafi farið frá Keflavíkurflugvelli á sl. ári sem gjaldskylda hefði náð til samkvæmt frumvarpi þessu.

Erfitt er að gera grein fyrir líklegri tölu gjaldskyldra farþega þá mánuði sem gert er ráð fyrir, að flugvallagjald verði innheimt. Kemur þar til að gera má ráð fyrir talsverðum samdrætti í ferðum Íslendinga utan og óvissu um hver áhrif lækkað gengi íslensku krónunnar kann að hafa til að örva ferðamannastraum til Íslands. Hér verður þó til þess getið að 90 þús. gjaldskyldir brottfararfarþegar (m. v. heilt gjald) verði á tímabilinu 1. apríl til ársloka. Miðað við 2500 kr. gjald ættu tekjur ríkissjóðs að aukast um 225 m.kr. vegna gjaldtöku þessarar.

*Athugasemdir við einstakar greinar kaflans.*

Um 20. gr.

Greinin kveður á um að greiða skuli flugvallagjald vegna manna þeirra er fara frá Íslandi til annarra landa. Þó verði ekki krafist gjalds vegna ungbarna, áhafna loftfara, svokallaðra viðkomufarþega og þeirra er fara með flugvélum varnarliðsins.

Gert er ráð fyrir að gjaldskylda sé óháð því hvort um íslenska eða erlenda farþega er að ræða.

Gengisbreytingar þær, sem orðið hafa að undanförnu gera öll ferðalög útlendinga til Íslands ódýrari en áður var og er ágóði erlendra ferðamanna af þeim tvímælalaust langtum meiri en svarar til þeirra aukaútgjalda sem í reynd eru lögð á þá með flugvallagjaldinu.

Um 21. gr.

Flugvallagjaldið er ákveðið 2500 kr. fyrir hvern einstakling. Hálft gjald ber að greiða fyrir barn á aldrinum tveggja til tólf ára. Gert er ráð fyrir, að gjaldið verði fellt inn í verð farseðils.

Flugvallagjaldið er nokkru hærra en tíðkast víðast hvar annars staðar um sambærileg gjöld. Vert er að benda á að um flugvelli hérlendis fara mun færri farþegar en um flugvelli í nágrannalöndum okkar og hlýtur því öll þjónusta, sem hér er veitt, að verða mun dýrari vegna hvers einstaklings sem um vellina fer.

Um 22. og 23. gr.

Lagt er til að eigandi loftfars eða sá sem ábyrgð ber á rekstri þess beri ábyrgð á greiðslu flugvallagjalds.

Gjaldið vegna erlendra loftfara og loftför í leiguflugi skal greiða áður en þau leggja af stað frá íslenskum flugvelli og myndi þeim eigi verða heimiluð brottför fyrr en gjaldið hefði verið greitt.

Flugvallagjald vegna farþega í viðurkenndu áætlunarflugi skal greiða 15. næsta mánaðar eftir brottför loftfars frá Íslandi.

Um 24. gr.

Flugvallagjald skal njóta lögtaksréttar og myndi mega gera lögtak í eignum eiganda loftfars eða þess sem ábyrgð ber á rekstri þess. Dráttarvextir eru ákveðnir 1% á viku en hér er um geymslufé að ræða. Af sömu ástæðum er heimiluð stöðvun rekstrar þess aðila sem eigi stendur í skilum.

Um 25. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

*Athugasemdir við VII. kafla.*

**Um skyldusparnað.**

Um 26. gr.

Með skyldusparnaði þeim, sem hér er lagt til að upp verði tekinn, er stefnt að því að jafna sem sanngjarnast þeim byrðum sem þjóðin í heild hlýtur nú að taka á sig um leið og aflað er innlends fjármagns til þess að standa undir nauðsynlegum framkvæmdum ríkisins. Líklegt er að mestum hluta þessa fjár mundi ella varið til einkaneyslu eða fjárfestingar, en hjá ríkissjóði kemur fé þetta í stað erlends lánsfjár. Þetta er í fyrsta sinn sem almennum skyldusparnaði er beitt hér á landi.

Gert er ráð fyrir að einungis þeir leggi fram fé sem skyldusparnað er höfðu tekjur umfram nauðþurft á árinu 1974. Þeir einstaklingar, sem höfðu yfir 1 000 þúsund króna skattgjaldstekjur á árinu 1974, leggi fram 5% af því sem fram yfir er. Hafi þessir aðilar börn innan 16 ára aldurs á framfæri sínu hækki þetta mark um kr. 75 000 fyrir hvert barn. Á sama hátt greiði samsköttuð hjón, sem höfðu yfir 1 250 þúsund króna skattgjaldstekjur á árinu 1974, 5% af því sem fram yfir er. Þá hækki þetta mark um kr. 75 000 fyrir hvert barn innan 16 ára aldurs sem þau hafa á framfæri sínu.

Sérstök regla er sett fyrir sérsköttuð hjón þannig að hjá hvoru þeirra reiknast 5% skyldusparnaður af skattgjaldstekjum umfram 750 þús.kr. Fyrir hvert barn á framfæri þeirra hækki þetta mark um 37 500 krónur. Regla þessi er sett til þess að hjón geti ekki komist hjá skyldusparnaði með sérsköttun.

Þá eru reistar skorður við því hve frádráttur má vera mikill frá útsvarstekjum áður en skyldusparnaður er reiknaður, sbr. einnig 10. gr. þessa frumvarps.

Einnig er gert ráð fyrir að hjá skattþegnum, sem heimilt væri að beita ákvæðum 4. mgr. 23. gr. laga nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga, skuli hækka útsvarstekjur á þann veg sem þar um ræðir.

Undanþegnir spariskyldu eru þeir sem orðnir voru 67 ára gamlir á árinu 1974.

Lagt er til að skyldusparnaður sé ekki greiddur af lægri tekjum en hér segir, og er þá annars vegar miðað við nettótekjur en hins vegar áætlaðar brúttótekjur á viðkomandi tekjubili miðað við meðalfrádrátt til skatts:

| | Nettótekjur | Brúttótekjur |
|---|---|---|
| Einhleypingur, barnlaus | 1 000 000 | 1 150 000 |
| Barnlaus hjón | 1 250 000 | 1 550 000 |
| Hjón með 2 börn | 1 400 000 | 1 800 000 |

Gera má ráð fyrir að af nálægt 53 000 tekjuskattsgreiðendum 66 ára og yngri á árinu 1975 muni nálægt 14 000 eða rúmlega fjórðungur leggja fram einhvern skyldusparnað samkvæmt ákvæðum þessarar greinar. Þar af væru rúmlega 11 000 hjón og 2 500—3 000 einhleypingar. Þessi hópur greiðir þannig á árinu 1975 45% samanlagt í skatt og skyldusparnað af viðbótartekjum.

Áætlað er að 5% skyldusparnaður samkvæmt þessari grein geti numið alls 200—250 millj.kr. á árinu.

Lagt er til, til einföldunar, að skattstjórar reikni þennan skyldusparnað um leið og tekjuskatt og um hann gildi sömu reglur um alla ákvörðunarmeðferð og innheimtu og um tekjuskatt. Skyldusparnaður þessi verði reiknaður í heilum þúsundum króna.

Þegar maður hefur greitt skyldusparnað sinn að fullu á hann rétt á að fá hann viðurkenndan með skírteinum sem eru verðtryggð og bera 4% ársvexti, sbr. 27. gr. Skírteini þessi getur eigandi fyrst innleyst frá og með 1. febrúar 1978. Eiganda er óheimilt að framselja eða veðsetja skírteinin.

Um 27. gr.

Hér eru ákvæði um verðtryggingu spariskírteina þeirra er hér um ræðir og skattmeðferð þeirra. Ákveðið er að skyldusparnaðurinn njóti sömu skattmeðferðar og annar skyldusparnaður en sé þó framtalsskyldur og ekki frádráttarbær til tekjuskatts.

Um 28. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

*Athugasemdir við VIII. kafla.*

**Um lántökuheimildir vegna opinberra framkvæmda og Framkvæmdasjóðs og ráðstöfun lánsfjár og skyldusparnaðar.**

Hinar gjörbreyttu horfur í efnahagsmálum, sem grein hefur verið gerð fyrir hér að framan, hafa í veigamiklum atriðum raskað forsendum þeirra áætlana um opinberar framkvæmdir sem fyrir lágu við gerð fjárlaga. Er nauðsynlegt bæði að taka tillit til hækkandi kostnaðar við ýmsar mikilvægar forgangsframkvæmdir og hinna takmörkuðu möguleika til fjáröflunar, sem fyrir hendi eru. Í VIII. kafla frumvarpsins felst endurskoðun á fjáröflunarheimildum fjárlaga, svo og ákvæði um ráðstöfun þess fjármagns sem fyrirhugað er að afla, annars vegar til opinberra framkvæmda á árinu 1974 en hins vegar til Framkvæmdasjóðs til endurlána til fjárfestingarlánasjóða atvinnuveganna.

Í fjárlögum ársins 1975 eru heimildir til að afla lánsfjár með verðbréfaútgáfu og lántökum á innlendum markaði fyrir allt að 2585 millj. kr. Við endurmat á markaðsaðstæðum og með tilliti til þröngrar aðstöðu lánastofnana þykir sýnt að mjög langt sé frá því, að unnt verði að afla þessarar fjárhæðar á innlendum markaði. Er nú talið að 1400 millj. kr. sé sú hámarksfjárhæð sem óhætt sé að gera ráð fyrir að afla með verðbréfasölu innanlands.

Í 29. gr. frumvarpsins er heimild til að gefa út 500 millj. kr. í spariskírteinum til viðbótar þeirri 600 millj. kr. heimild sem er í fjárlögum. Einnig felur greinin í sér heimild til að gefa út happdrættisskuldabréf að fjárhæð 300 millj. kr., og kemur sú heimild í stað 116 millj. kr. heimildar sem er í fjárlögum.

Auk fjáröflunar með verðbréfaútgáfu eru til ráðstöfunar af innlendu fé 160 millj. af innheimtu, endurlánuðu spariskírteinafé frá árinu 1974, auk 920 millj. kr. sem áætlað er að inn komi af endurlánuðu spariskírteinafé á árinu 1975.

Til þess að koma í veg fyrir að hinn mikli skortur á innlendu fjármagni til framkvæmda og útlána fjárfestingarlánasjóða valdi stöðvun mikilvægra framkvæmda bæði opinberra og einkaaðila, verður nauðsynlegt að afla verulegs erlends lánsfjár

á árinu. Í þessu efni er þó nauðsynlegt að gæta hófs þar sem lánsfjáröflun erlendis er nú erfið og lánskjör óhagstæð. Hin mikla skuldasöfnun þjóðarbúsins á undanförnum árum mun þar að auki valda mjög aukinni greiðslubyrði á næstunni, sem getur orðið þjóðarbúinu þung í skauti, ef ekki tekst á þessu og næstu árum að halda erlendum lántökum innan hóflegra marka. Mjög miklar lántökur hafa þegar verið ákveðnar á þessu ári, einkum vegna raforkuframkvæmda, hitaveituframkvæmda og skipakaupa, og er því þegar takmarkað svigrúm til frekari aukningar erlendra skulda á árinu. Á fjárlögum er gert ráð fyrir notkun hluta af láni Alþjóðabankans til hafnargerðar í Þorlákshöfn og víðar, og er nú áætlað að af því láni komi inn á árinu 280 millj. kr. til framkvæmda í Þorlákshöfn. Framkvæmdasjóður hefur tekið lán hjá Viðreisnarsjóði Evrópu og er ráðgert að það lán gangi til Norður- og Austurlandsáætlana í vegamálum í samráði við stjórn Framkvæmdasjóðs, en önnur lán af þessu tagi hafa gengið til svipaðra þarfa. Til viðbótar þessum lántökum telur ríkisstjórnin í mesta lagi hægt að afla 3 000 millj. króna lánsfjár erlendis á vegum ríkisins, en að þeirri lántöku meðtalinni er nú áætlað að nettóaukning erlendra skulda þjóðarbúsins á árinu muni nema rúmlega 12 000 millj. kr. Ákvæði um þessa 3 000 millj. kr. lántöku er að finna í 30. gr. frumvarpsins, og er þar gert ráð fyrir því að 1 800 millj. af þessu fé verði varið til opinberra framkvæmda, en 1 200 millj. kr. verði lánaðar Framkvæmdasjóði sem mun endurlána fé til fjárfestingarlánasjóða atvinnuveganna. Þá er gert ráð fyrir að skyldusparnaði skv. VII. kafla verði varið til opinberra framkvæmda.

Samkvæmt þeim fjáröflunaráætlunum, sem nú hafa verið raktar, verður lánsfé til ráðstöfunar til opinberra framkvæmda samtals 5 000 millj. kr., en það skiptist eftir uppruna sem hér segir: (Til samanburðar tölur fjárlaga og fyrra árs).

| | Till. frv. m.kr. | Fjárlög m.kr. | 1974 m.kr. |
|---|---|---|---|
| Óráðstafað innheimt spariskírteinafé frá árinu 1974 | 160 | — | 249 |
| Innheimt spariskírteinafé árið 1975 | 920 | 918 | 700 |
| Útgáfa spariskírteina | 1 100 | 600 | 400 |
| Útgáfa happdrættisskuldabréfa | 300 | 180 | 480 |
| Önnur innlend lántaka | — | 1 805 | — |
| Skyldusparnaður skv. VII. kafla frv. | 225 | — | — |
| Alþjóðabankalán til hafnarframkvæmda | 280 | 210 | 194 |
| Framkvæmdasjóðslán (erlent lán) til N- og A-landsáætlana | 215 | — | — |
| Erlend lántaka ríkissjóðs | 1 800 | — | 1 228 |
| | 5 000 | 3 713 | 3 251 |

Í 31. gr. er að finna ákvæði um ráðstöfun þessa fjár (5 000 m.kr.) til framkvæmda.

Í 30. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því að 1 200 millj. kr. af erlendri lántöku ríkissjóðs á árinu 1975 verði varið til Framkvæmdasjóðs, en hann mundi endurlána fé fjárfestingarlánastofnunum atvinnuveganna í samræmi við heildaráætlun hans um útlán þessara aðila. Auk þessarar erlendu lántöku er ráð fyrir því gert að Framkvæmdasjóður fái lán frá viðskiptabönkunum, er svari til 10% af innlánsaukningu þeirra á árinu, eða um 700 millj. kr. Ennfremur hefur verið að því stefnt að lífeyrissjóðir láni fjárfestingarlánasjóðunum um 20% af ráðstöfunarfé sínu á árinu 1975, eins og á árinu 1974, og er áætlað að sú fjárhæð geti numið nálægt 1 200 millj. kr. Eftir þessar lántökur allar er talið, að ráðstöfunarfé fjárfestingarlánasjóða, bæði íbúðalánasjóða og sjóða atvinnuveganna, muni nema um 9 525 millj. kr. á árinu 1975, en það er um 31% aukning frá árinu 1974.

Þótt hér sé um að ræða mjög verulega aukningu á ráðstöfunarfé fjárfestingarlánakerfisins í heild vantar enn á, að það nægi til þess að mæta útlánaáformum sjóðanna, eins og þau hafa verið fram sett af stjórnum þeirra. Það er því mjög æskilegt að að því verði stefnt að afla meira fjár til fjárfestingarlánasjóðanna á innlendum vettvangi. Eina leiðin, sem fær virðist í þessu skyni við núverandi aðstæður, er aukin þátttaka lífeyrissjóðakerfisins í fjármögnun fjárfestingarlánasjóðanna. Jafnframt hefur þörf lífeyrissjóðanna fyrir verðtryggingu þess fjármagns, sem þeir hafa undir höndum, orðið æ ljósari. Hafa því kaup lífeyrissjóðanna að undanförnu á verðtryggðum skuldabréfum Byggingasjóðs ríkisins og Framkvæmdasjóðs verið mikilvægt skref í þá átt að leysa bæði verðtryggingarvandamál lífeyrissjóðanna og að auka framboð á fjármagni til atvinnuuppbyggingar og íbúðabygginga í landinu. Telur ríkisstjórnin mikilvægt að kannað verði hvort ekki sé unnt að halda áfram lengra á sömu braut og stefna þannig að því að allir lífeyrissjóðir í landinu geti verðtryggt lífeyri að verulegu leyti. Eitt af skilyrðunum fyrir því, að verðtrygging lífeyris geti náðst með þessum hætti, er fólgið í því að upp verði tekin almennari verðtrygging á útlánum fjárfestingarlánakerfisins, en hún er reyndar þegar nauðsynleg vegna ávöxtunar á eigin fé fjárfestingarlánasjóðanna sjálfra og til þess að draga úr lánsfjáreftirspurn sem eingöngu byggist á von um verðbólguhagnað. Hefur ríkisstjórnin nú til undirbúnings tillögur um breytingu á lánskjörum fjárfestingarlánasjóða þar sem gert er ráð fyrir hlutfallslegri verðtryggingu allra útlána þeirra.

*Athugasemdir við IX. kafla.*

Um 32. gr.

Á síðastliðnum þremur árum hefur ríkissjóður veitt ábyrgð vegna kaupa á 50 skuttogurum. Ríkisábyrgðir hafa verið veittar eða þeim heitið vegna 6 togara til viðbótar. Skip þessi eru ýmist í smíðum erlendis eða verið að semja um kaup á þeim.

Þegar lög nr. 28/1972 voru sett taldi þáverandi ríkisstjórn rétt að hafa ótakmarkaða heimild til að veita sjálfsskuldarábyrgðir vegna nýbyggingar skuttogara. Þar sem 50—60 slíkir togarar hafa nú bæst við skipastólinn þykir rétt að veiting sjálfsskuldarábyrgða á lánum til kaupa á skuttogurum verði framvegis háð sömu skilyrðum og gildir um veitingu annarra ábyrgða af hálfu ríkissjóðs og fjalli Alþingi þá um ábyrgðirnar hverju sinni eins og áður var.

Um 33. gr.

Innheimta kirkjugarðsgjalda hefur að vali kirkjugarðsstjórna verið í höndum þriggja aðila, innheimtumanna ríkissjóðs, innheimtumanna sveitarfélaga og kirkjugarðsstjórna sjálfra. Þetta hefur skapað ýmsa erfiðleika. Er því lagt til að innheimta þessi verði framvegis í höndum kirkjugarðsstjórna sjálfra eða innheimtumanna sveitarsjóða. Þess skal getið að ekki verður breyting á innheimtu þessari hér í Reykjavík þótt ákvæði frumvarpsins verði að lögum.

Um 34. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

1.1.2 **Brúttótekjur 2000 þús. kr., tekjur til útsvars 1900 þús. kr., hreinar tekjur til skatts 1550 þús. kr.**

a) Frumvarpið: Tekjuskattur ..... kr. 308 050
Útsvar (11%) ..... — 199 997

Samtals kr. 508 047

**Frá dragast barnabætur** ..... — ÷75 000

Alls kr. 433 047

b) Gildandi lög: Tekjuskattur ..... — 302 878
Útsvar (11%) ..... — 204 600

Samtals kr. 507 478

Frá dregst:
Skattafsláttur ..... — ÷37 935
Fjölskyldubætur (eftir tekjuskatt) ..... — ÷16 555

Alls kr. 452 988

c) Beinir skattar lækka í þessu dæmi um 19 941 kr.

**Mismunur á skattgreiðslum skv. frumvarpinu og gildandi lögum verður föst krónutala eftir að hæsta jaðarskatti er náð í báðum tilvikum, sem þýðir að lækkunin verður þá æ minni hlutfallslega eftir því sem tekjur verða hærri. Mismunur á beinum sköttum skv. gildandi lögum og skv. frumvarpinu yrði umhverfis þetta tekjumark því minni sem efra skattþrepið í frumvarpinu væri látið byrja fyrr. Hið sama yrði upp á teningnum ef hærri jaðarskattsprósentan í frumvarpinu yrði hækkuð. Þetta hefði hins vegar í för með sér að nær engin skattalækkun yrði á miðlungstekjum eða tekjum yfrið lægra en það.**

### 1.2 Einhleypingur.

1.2.1 **Brúttótekjur 900 þús. kr., tekjur til útsvars 845 þús. kr., hreinar tekjur til skatts 780 þús. kr.**

a) Frumvarpið: Tekjuskattur ..... kr. 95 950
Útsvar (11%) ..... — 87 416

Samtals kr. 183 366

b) Gildandi lög: Tekjuskattur ..... — 124 169
Útsvar (11%) ..... — 89 972

Samtals kr. 214 141

Frá dregst:
Skattafsláttur ..... — ÷16 610

Alls kr. 197 531

c) Skattgreiðslur lækka um 14 165 kr.

**Fylgiskjal.**

**Dæmi um skattgreiðslur samkvæmt frumvarpinu og samanburður við gildandi lög.**

Hér skulu tekin nokkur dæmi um skattgreiðslur skv. frumvarpinu miðaðar við ákveðnar brúttótekjur og hreinar tekjur til skatts á álagningarárinu 1975 (tekjuárinu 1974). Jafnframt eru þessar skattgreiðslur bornar saman við greiðslur skv. gildandi lögum. Með í tekjuskatti er 1% álag til Byggingasjóðs ríkisins og kirkjugarðsgjald, 2.3% af útsvari.

1.1 **Hjón með 2 börn á framfæri:**[1])

1.1.1 **Brúttótekjur 1200 þús. kr., tekjur til útsvars 1150 þús. kr., hreinar tekjur til skatts 960 þús. kr.**

| | | |
|---|---|---|
| a) Frumvarpið: Tekjuskattur | kr. | 69 690 |
| Útsvar (11%) | — | 115 599 |
| Samtals | kr. | 185 289 |
| Frá dragast barnabætur | — | ÷75 000 |
| Alls | kr. | 110 289 |
| b) Gildandi lög: Tekjuskattur | — | 67 437 |
| Útsvar (11%) | — | 120 202 |
| Samtals | kr. | 187 639 |
| Frá dregst: | | |
| Skattafsláttur | — | ÷37 901 |
| Fjölskyldubætur, að frádregnum skatti bóta 1974[2]) | — | ÷16 555 |
| Alls | kr. | 133 183 |

c) Lækkun gjalda (b-a) skv. frumvarpinu er því 22 894 kr.

1) Í eftirfarandi dæmum er ekki tekið tillit til þess að sérsköttun kann að borga sig ef samsetning tekna eiginkonu og eiginmanns er með tilteknum hætti.
2) Strangt tekið ætti einnig að taka tillit til útsvars af fjölskyldubótum fyrra árs, sem ekki er gert í þessu dæmi.

### 1.3 Einstætt foreldri með 1 barn á framfæri.

1.3.1 Brúttótekjur með hálfu meðlagi 538.2 þús. kr., tekjur til útsvars 491.2 þús. kr., hreinar tekjur til skatts 499.7 þús. kr.

a) Frumvarpið:

| | | |
|---|---|---|
| Tekjuskattur | kr. | 0 |
| Útsvar (11%) er 42 966, sem greiðist af persónuafslætti | — | 0 |
| Samtals | kr. | 0 |
| Frá dregst: | | |
| Barnabætur | — | ÷30 000 |
| Alls | kr. | ÷30 000 |

þ. e. framteljandi fær greiddar út 30 000 kr. í barnabætur.

b) Gildandi lög: Brúttótekjur án meðlags 500 þús. kr., tekjur til útsvars 453 þús. kr., hreinar tekjur til skatts 300 þús. kr.

| | | |
|---|---|---|
| Tekjuskattur | kr. | 0 |
| Útsvar (11%) | — | 43 272 |
| Samtals | kr. | 43 272 |
| Frá dregst: | | |
| Skattafsláttur | — | ÷18 000 |
| Fjölskyldubætur | — | ÷20 000 |
| Alls | kr. | 5 272 |

c) Skattgreiðslur lækka um 35 272 kr.

### 1.4 Hjón sem bæði eru ellilífeyrisþegar.

Reiknað er með að ellilífeyrir sé tekinn frá 67 ára aldri en hann var 254 622 kr. árið 1974. Útsvarslækkun vegna aldurs 25 462 kr.

1.4.1 Brúttótekjur 700 þús. kr., tekjur til útsvars 650 þús. kr., hreinar tekjur til skatts 560 þús. kr.

a) Frumvarpið:

| | | |
|---|---|---|
| Tekjuskattur | kr. | 0 |
| Útsvar (11%) 36 355 kr., þar af greiðast 33 000 kr. af persónuafslætti | — | 3 355 |
| Samtals | kr. | 3 355 |

b) Gildandi lög:

| | | |
|---|---|---|
| Tekjuskattur | — | 4 780 |
| Útsvar (11%) | — | 39 935 |
| Samtals | kr. | 44 715 |
| Frá dregst: | | |
| Skattafsláttur | — | 27 935 |
| Alls | kr. | 16 780 |

c) Beinir skattar lækka um 13 425 kr.

### 1.5 Einhleypur ellilífeyrisþegi.

Reiknað er með að ellilífeyrir sé tekinn frá 67 ára aldri en hann var 141 456 kr. árið 1974. Útsvarslækkun vegna aldurs 14 146 kr.

1.5.1 Brúttótekjur 500 þús. kr., tekjur til útsvars 450 þús. kr., hreinar tekjur til skatts 435 þús. kr.

| | | | |
|---|---|---|---|
| a) Frumvarpið: | Tekjuskattur ..... | kr. | 0 |
| | Útsvar (11%) 28 439 kr. en 10 000 kr. greiðist af persónuafslætti ..... | — | 18 439 |
| | Samtals | kr. | 18 439 |
| b) Gildandi lög: | Tekjuskattur ..... | — | 15 271 |
| | Útsvar (11%) ..... | — | 30 996 |
| | Samtals | kr. | 46 267 |
| | Frá dregst: Skattafsláttur ..... | — | 16 610 |
| | Alls | kr. | 29 657 |

c) Beinir skattar lækka um 11 218 kr.

### 1.6 Skattleysismörk

**Tekjuskattleysismörk.**

(Þús. kr.).

| | Frumv. með barnabótum | Gildandi lög með afslætti en án fjölskyldubóta | Gildandi lög með skattafslætti og afsláttarígildi fjölskyldubóta |
|---|---|---|---|
| **1. Hjón með 2 börn:** | | | |
| Brúttótekjur ..... | 1 216.5 | 1 078 | 1 101.7 |
| Hreinar tekjur ..... | 973.2 | 862.5 | 917.1 |
| **2. Einhleypingur:** | | | |
| Brúttótekjur ..... | 555 | 507 | 507 |
| Hreinar tekjur ..... | 485 | 441.6 | 441.6 |
| **3. Einstætt foreldri m. 1 barn:** | | | |
| Brúttótekjur ..... | 906.4 | 829.4 | 836.9 |
| Hreinar tekjur ..... | 774.9[1]) | 621.2[2]) | 640.7[2]) |

Samkvæmt þessu eru hjón með 2 börn á framfæri og 1216.5 þús. kr. í brúttótekjur tekjuskattslaus skv. frumvarpinu en voru það við 1078 þús. kr. skv. gildandi lögum, eða 1101.7 þús. kr. ef tillit er tekið til fjölskyldubóta. Tölurnar fyrir einhleyping og einstætt foreldri ber að túlka á sama hátt. Rétt hefur þótt að taka tillit til fjölskyldubóta í gildandi kerfi og skatti af þeim þannig að tölurnar sýna í reynd hvenær ríkissjóður og framteljandi eru „skuldlausir" hvor við annan.

1) Með hálfu meðlagi frádráttarbæru.
2) Með fullu meðlagi frádráttarbæru.

Sþ. **397. Tillaga til þingsályktunar** [205. mál]

um frumkvæði opinberra aðila varðandi fjölþjóðlegar ráðstefnur hér á landi.

Flm.: Heimir Hannesson, Benedikt Gröndal, Eyjólfur K. Jónsson, Garðar Sigurðsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni í samráði við þjónustuaðila í íslenskum ferða- og samgöngumálum að kanna hið fyrsta leiðir til að auka fjölþjóðlegt ráðstefnuhald hér á landi, m. a. vegna hinna miklu gjaldeyristekna, sem ráðstefnuhald skapar. Einkum verði íslenskar stofnanir og samtök, er hlut eiga að alþjóðlegu samstarfi, hvattar til að beita sér fyrir því að Ísland fái sinn skerf af funda- og ráðstefnuhaldi, sem fram fer á vegum þeirra aðila.

Greinargerð.

Fæstum, sem ekki starfa að íslenskum samgöngu- og ferðamálum, er ljóst hve mikla þýðingu það hefur að auka nýtingu flutningatækja og þjónustuaðstöðu utan hins skamma annatíma yfir hásumarið. Það er samdóma álit allra þeirra, er að ferðamálum vinna, að aukning á fjölþjóðlegum ráðstefnum á Íslandi gæti aukið gjaldeyristekjur þjóðarbúsins verulega, sbr. það tölulega yfirlit, sem hér fer á eftir um líklegar gjaldeyristekjur af einni tiltölulega lítilli ráðstefnu. Fyrir utan hinar beinu tekjur er að sjálfsögðu mjög aukið hagræði að því fyrir hina ýmsu viðskiptaaðila ferðaþjónustunnar að nýta alla aðstöðu lengur en ella, svo sem fyrir flugfélög, hótel, veitingahús og aðra sambærilega aðila. Miðað við þær verulegu tekjur, sem þessi starfsemi skapar, er eðlilegt að hið opinbera hafi frumkvæði að því í samvinnu við þjónustuaðila í samgöngu- og ferðamálum, að vinna að því á skipulegan hátt að fá hingað til lands fjölþjóðlegar ráðstefnur af viðráðanlegri stærð. Í þessu sambandi má minna á að Ísland er aðili að fjölmörgum alþjóðlegum stofnunum og samtökum, sem halda fundi og ráðstefnur árlega eða oftar á ári. Það mundi mjög flýta fyrir framgangi þessa máls, ef ríkisstjórn Íslands beinlínis fæli fulltrúum sínum í hinum ýmsu fjölþjóðlegu samtökum og stofnunum að vinna að því að ráðstefnur og fundir yrðu haldnir hér á landi innan eðlilegra marka og íslensk stjórnvöld á hverjum tíma legðu eitthvað af mörkum þegar slíkar ráðstefnur væru haldnar hér. Slíkt væri að sjálfsögðu framkvæmdaratriði hverju sinni, en yrði í reynd mikill hvati þess að unnið væri ekki síður að þessum málum af hinum ýmsu aðilum, er viðskiptalega væru tengdir framkvæmd slíkra ráðstefna.

Eftirfarandi er lauslegt yfirlit varðandi líklega eyðslu 56 manna hóps, sem kæmi til ráðstefnuhalds hér á landi frá ýmsum stöðum í heiminum. Þetta er lítill hópur á alþjóðlega vísu, en mjög viðráðanlegur fyrir íslenskar aðstæður og vel það, þó að hann væri töluvert stærri. Yfirlit þetta er byggt á nýjum upplýsingum frá starfandi aðilum í ferða- og samgöngumálum.

1. **Ráðstefna 56 manna, sem koma frá 8 borgum, sjö menn frá hverjum stað. Hér fer á eftir listi yfir þá ásamt fargjaldagreiðslum:**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Osló | 7 × N. kr. | 2 130.00 | ísl. kr. | 445 809 |
| Stokkhólmur | 7 × S. kr. | 2 048.00 | — | 538 746 |
| Kaupmannahöfn | 7 × D. kr. | 2 434.00 | — | 457 470 |
| Luxembourg | 7 × L. fr. | 17 716.00 | — | 533 251 |
| London | 7 × UK£ | 139.80 | — | 349 360 |
| Glasgow | 7 × UK£ | 112.20 | — | 280 387 |
| New York | 7 × US$ | 432.00 | — | 450 576 |
| Chicago | 7 × US$ | 528.00 | — | 550 704 |
| | | | **Fargjöld samtals** | **ísl. kr. 3 606 303** |

Ofangreind fargjöld eru full fargjöld. enda má reikna með að svo sé með alþjóðlega ráðstefnu af þessari stærð. Með stærri fundi, þar sem þátttakendur eru fleiri frá hverjum stað, þannig að myndun hópa getur orðið, þá lækkar þessi liður verulega.

2. Ráðstefnan stendur í þrjá daga, sem þýðir fimm daga með ferðum og gistingu hér í fjórar nætur. Gert er ráð fyrir að af þessum 56 þátttakendum búi 30 í eins manns herbergjum og 26 í tveggja manna.

**Gistikostnaður (vetraverð).**

| | | |
|---|---|---|
| 30 á US$ 14 per dag × 4 | ísl. kr. ..... | 250 320 |
| 26 á US$ 10 per dag × 4 | — ..... | 154 960 |
| Gisting samtals: | ísl. kr. ..... | 405 280 |

Stundum er að makar þátttakenda koma með þeim, og mundi þá gistiliður ásamt matarkostnaði o. fl. hækka.

3. **Matarkostnaður:**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Morgunverður ..... | 56 á $2.75 pr. dag × 4 | ísl. kr. | 92 400 |
| 1 × kvöldverður ..... | 56 á $14 | — | 117 600 |
| 2 × kvöldverður (cafet.) ..... | 56 á $5 pr. dag × 2 | — | 84 000 |
| 1 × veisla ..... | 56 á 25 | — | 210 000 |
| Kaffi á fundum (56×6) ..... | 336 kaffi × kr. 60 | — | 20 160 |
| | Samtals: | ísl. kr. | 524 160 |

4. **Flutningar í langferðabílum:**

Flutningar til og frá Keflavík, á milli staða í Reykjavík, vegna boða, heimsókna og kynnisferða ..... ísl. kr. 62 400

5. **Annar kostnaður:**

Prentun á ýmsum eyðublöðum, t. d. þátttökutilkynningum, upplýsingum um efni fyrirlestra.

Prentun á dagskrá, fyrirlestrum og fundarskýrslum.

Merking fundarboða, nafnspjöld þátttakenda.

Laun vegna vélritunar við undirbúning fyrirlestra og fundargerðir.

Gera má ráð fyrir að notuð verði upptaka á segulband og að ræðumenn þurfi aðstoð, ef þeir nota glærur o. fl.

Kostnaður vegna pósts og síma.

Gera má ráð fyrir möppum undir gögn fundar.

Samtals ..... ísl. kr. 402 000

6. Benda má á að inn í þessar tölur er ekki reiknuð persónuleg eyðsla þátttakenda, t. d. innkaup, gjafir, aðrar veitingar, leigubílar o. fl. Ekki er ósennilegt að slík eyðsla sé í námunda við ísl. kr. 8 000.00 á þátttakanda, eða samtals ísl. kr. 448 000

Samtals ..... ísl. kr. 5 558 143

Geta má þess í sambandi við ofangreint, að í skýrslu sérfræðinga á vegum Sameinuðu þjóðanna er könnuðu íslensk ferðamál. útgefinni af samgönguráðuneytinu í ágúst 1973, sagði m. a. um ráðstefnuhald á Íslandi:

„Mestir möguleikar eru taldir á aukningu ráðstefnuhalds á Íslandi. Talið er að ýmiss konar ráðstefnu- og fundargestir hafi verið 2 700 árið 1972. Með réttu skipulagi og kynningarstarfsemi ætti sá fjöldi að geta vaxið í 5 000 innan fimm ára og 10 000 fyrir 1980. Sérstaklega ætti að beina ráðstefnum á tímann utan aðal-

ferðamannatímans og gætu þær haft mikil áhrif í þá átt að lengja hann. Hvað heimamarkaði viðkemur er það síður að halda fundi og þing seinni hluta vetrar. Ráðstefnuaðstaða, sem byggð yrði, gæti því reiknað með einhverjum innanlandsviðskiptum utan aðalferðamannatímans".

Ljóst er af ofangreindu að hér er um mjög mikilvægt mál að ræða fyrir íslenska þjóðarbúið. Aukið ráðstefnuhald utan sumartímans nýtir fyrst og fremst þá aðstöðu, sem þegar er fyrir hendi og væri ónotuð ella — og færir þjóðarbúinu milljónir í erlendum gjaldeyri.

## Nd. 398. Nefndarálit [20. mál]

um frv. til laga um upplýsingaskyldu stjórnvalda.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd neðri deildar hefur haft frv. til laga um upplýsingaskyldu stjórnvalda til meðferðar.

Nefndin er sammála þeirri meginskoðun, sem í frv. felst, að settar verði almennar reglur um upplýsingaskyldu stjórnvalda. Hins vegar er allsherjarnefnd ekki reiðubúin til að mæla með samþykkt frv. eins og það hefur verið lagt fram. Er því lagt til, að frumvarpinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar með eftirfarandi ábendingum:

1. Kanna þarf rækilega sambærilega löggjöf á hinum Norðurlöndunum og reynsluna af framkvæmd hennar. Athuga þarf að hve miklu leyti sú reynsla hæfir íslenskum aðstæðum og íslensku stjórnkerfi.
2. Vafasamt er að hafa í slíkri löggjöf eins ítarlega upptalningu á undanþágum og gert er í 2. gr. frv. Má nánast segja, að sá réttur, sem getið er í 1. gr., sé afturkallaður með undanþágum í 2. gr. og verði í raun mun þrengri en hann er í framkvæmd nú, án löggjafar. Að mati nefndarinnar kemur til álita að sleppa slíkri upptalningu (2. gr.), en hafa undanþágurnar almennari. Eins og frv. er nú bera undanþágurnar aðalregluna ofurliði.
3. Fram þarf að koma, að upplýsingaskyldan geti verið mismunandi, með hliðsjón af því, hve veigamiklir hagsmunir eru í húfi.
4. Skilgreiningar skortir á ýmsum hugtökum, svo sem hvað sé stjórnvald og hvenær sú skylda hvílir á stjórnvöldum og ríkisstofnunum að skýra óumbeðið opinberlega frá störfum og vitneskju.
5. Í frv. er rætt um „skjöl", en ekki er minnst á, að hægt sé að geyma vitneskju á annan hátt, svo sem segulböndum, myndum, tölvum o. s. frv. Að þessu leyti virðist frv. vera of takmarkað.
6. Nefndin telur eðlilegra að úrskurðarvald sé í höndum dómstóla en ráðherra, sbr. 12. gr.

Alþingi, 18. mars 1975.

| | | |
|---|---|---|
| Ellert B. Schram, form., frsm. | Gunnlaugur Finnsson, fundaskr. | Páll Pétursson. |
| Sighvatur Björgvinsson. | Friðjón Þórðarson. | Ingólfur Jónsson. |
| | Svava Jakobsdóttir. | |

## Nd. 399. Frumvarp til laga [206. mál]

um breyting á lögum nr. 54 14. júní 1960, um verðlagsmál.

Flm.: Svava Jakobsdóttir, Lúðvík Jósepsson.

1. gr.

Á eftir 1. mgr. 3. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Verðlagsnefnd getur hvenær sem er tekið ákvörðun sína um hámarksverð vöru til endurskoðunar og skal henni skylt að gera það ef gengisbreyting íslenskrar krónu eða erlendar verðhækkanir valda verulegri hækkun á verði og álagningu innfluttrar vöru.

2. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Sala á milli heildverslana innbyrðis og smásöluverslana innbyrðis (keðjuverslun) er bönnuð, nema slík verslun sé gerð án álagningar eða heildarálagning vörunnar sé innan þeirra takmarka í heildsölu og smásölu, sem heimiluð eru. Bannað er að halda vörum úr umferð í því skyni að fá hærri verslunarhagnað af þeim síðar og getur verðlagsstjóri látið fram fara vöruskoðun hjá hverjum þeim, sem grunur leikur á að sekur sé um slíkt.

3. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Verðlagsstjóri skal mánaðarlega láta gera úrtakskönnun á hæsta og lægsta verði á þjónustu og helstu nauðsynjavörum, sem framfærsluvísitala byggist á, og birta í dagblöðum skýrslu um niðurstöður þeirra kannana og nafngreina þar seljendur hæsta og lægsta verðs, og á tveggja mánaða fresti skýrslu, er nafngreini seljendur hæsta og lægsta útsöluverðs á aðaltegundum byggingarefnis í Reykjavík og Hafnarfirði. Jafnframt skal verðlagsstjóri afla upplýsinga um útsöluverð sömu vörutegunda á helstu verslunarstöðum annars staðar á landinu og birta í dagblöðum fjórum sinnum á ári skýrslu, er nafngreini seljendur hæsta og lægsta útsöluverðs á þessum vörum. Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessa.

4. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Allar söluvörur skal verðmerkja greinilega, hvort heldur er á sölustað, í sýnigluggum eða í almennum auglýsingum. Verðlagsstjóri skal hafa eftirlit með verðmerkingum. Verðlagsstjóri getur einnig fyrirskipað að festa upp verðskrár í verslunum og verkstæðum og annað slíkt, sem hann telur horfa til betri og auðveldari viðskiptahátta og eftirlits með verðlagi.

5. gr.

Í stað fjárhæðanna „50—500 króna“ í 1. mgr. 20. gr. laganna komi: 500—5000 króna.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á síðasta missiri — tímum óðaverðbólgu, tveggja gengisfellinga, bráðra verðhækkana erlendis ásamt innlendum verðhækkunum vöru og þjónustu sem ríkis-

stjórnin hefur veitt nær hömlulaust meðan kaupgjald er bundið — hafa vankantar núgildandi laga um verðlagsmál birst berlegar en oft áður. Sýnt er að þau eru almenningi engan veginn sú stoð sem þau ættu að vera. Er því brýnt, nú er láglaunafólk og fólk með miðlungstekjur verður að velta fyrir sér hverjum eyri áður en hann er af hendi látinn, að ýmsar breytingar verði gerðar á lögum almenningi til hagsbóta.

Varla er ofmælt, að vörur hækki frá degi til dags, og gerir það fólki ókleift að fylgjast með réttu verðlagi. Flestar breytingar, sem hér eru lagðar til, stefna að því að gera fólki auðveldara að átta sig á verðlagi, hagstæðasta verði á vöru og þjónustu á hverjum tíma og hvar þá vöru eða þjónustu er að finna. Lagt er til að strangari reglur gildi um verðmerkingar vöru en nú er. Það siðleysi seljenda að auglýsa vöru og bjóða fala án þess að láta verðs getið í auglýsingum eða sýnigluggum hefur stuðlað að því að grafa undan verðskyni almennings og er til þess fallið að reyna að innræta almenningi, að verð vöru skipti raunar sáralitlu máli.

Aðrar breytingar í frv. þessu miða að því að veita verðlagsyfirvöldum rýmri heimild en nú er til rannsókna og eftirlits þegar verðhækkanir verða.

Veigamesta breyting, sem hér er lagt til að gerð verði, varðar ákvarðanir verðlagsnefndar um hámarksverð vöru, að nefndinni sé skylt að taka hana til endurskoðunar ef gengisfelling, gengissig eða erlendar verðhækkanir valda verulegri hækkun á verði og álagningu innfluttrar vöru. Hlutfallsreglan um álagningu verslunar á innfluttri vöru getur í slíkum tilfellum haft í för með sér að verslunin hagnast verulega á kostnað neytenda, og eru hækkanir á sykurverði að undanförnu nærtækasta dæmi um slíkt. Frá 1972 og fram á þennan dag hefur sykurverð sexfaldast. Ársforði íslendinga af sykri kostaði 200—300 millj. kr. árið 1972. Sama magn kostar nú 1600—1800 millj. kr. Árið 1972 nam álagningin 80 millj. kr., en miðað við verðið eins og það er nú á sykri yrði álagningin hins vegar 600 millj. kr. Það fé, sem kaupmenn hafa fengið í sinn hlut fyrir að selja sama magn af vöru, hefur því hækkað úr 80 millj. kr. í 600 millj. kr. á þessu tímabili.

Er algert siðleysi að viss hópur manna í þjóðfélaginu skuli hagnast verulega á þennan hátt meðan þjóðarbúið í heild verður fyrir stórfelldum áföllum.

### *Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

#### Um 1. gr.

Sú sjálfsagða regla gildir nú í störfum verðlagsnefndar, að þegar gengi krónunnar er fellt, er hámarksverð innfluttrar vöru tekið til endurskoðunar og álagningu á hana breytt á þá lund, að hún er aðeins látin ná til 30% af hækkuninni, sem af breytingunni stafar.

Hér er lagt til, að lögfest verði ákvæði, sem gengur í sömu átt, en heldur lengra þó. Lagt er til að verðlagsnefnd geti hvenær sem er tekið ákvarðanir sínar um hámarksverð til endurskoðunar, en að henni sé skylt að gera svo, ef annaðhvort gengisbreyting eða erlend verðhækkun hækkar verð innfluttrar vöru verulega. Slík endurskoðun mundi væntanlega beinast að álagningu og öðru, sem eðlilegt má telja að breyta þurfi í slíkum tilfellum.

#### Um 2. gr.

Hér er lagt til að sú breyting verði gerð á 5. gr. laganna, eins og þau nú eru, að verðlagsstjóra sé heimilt að láta fram fara vöruskoðun hjá hverjum þeim, sem grunaður er um að halda vörum úr umferð í því skyni að fá hærri verslunarhagnað af þeim síðar. Reynsla undanfarinna ára hefur sýnt ljóslega, að full þörf er á að herða á eftirliti í þessum efnum. Samkvæmt 10. gr. laganna getur verðlags-

stjóri krafið hvern sem er upplýsinga, skýrslna og annarra gagna, sem telja má nauðsynleg í starfi hans, en hins vegar er ekki óeðlilegt þegar um er að ræða brot, sem felst í því að halda vörum úr umferð í ofangreindu skyni, að verðlagsyfirvöldum verði veitt rýmri heimild til rannsókna.

Um 3. gr.

Í stað þess að birta aðeins hæsta og lægsta verð á helstu nauðsynjavörum, sem framfærsluvísitalan byggir á, á þriggja mánaða fresti, eins og nú er boðið í lögunum um verðlagsmál, er hér lagt til að mánaðarlega verði gerð úrtakskönnun og birt í dagblöðum skýrsla verðlagsstjóra, er greini hæsta og lægsta verð þessara vara og hverjir þeir seljendur eru, sem það verð bjóða. Sama er að segja um ákvæði greinarinnar um verð byggingarefnis og verð á helstu verslunarstöðum annars staðar á landinu. Tilgangur með þessari breytingu er sá að upplýsa neytendur í landinu um hagkvæmasta verð vörunnar, en á slíkt skortir mjög eins og allir vita.

Um 4. gr.

Hér er lagt til að skylt verði að verðmerkja allar söluvörur hvar sem þær eru boðnar eða auglýstar. Samkvæmt núgildandi ákvæðum greinarinnar er ekki skylt að verðmerkja vörur, heldur getur verðlagsstjóri fyrirskipað slíkt. Flutningsmenn þessa frv. eru þeirrar skoðunar, að mjög skorti á að verðmerkingar séu fullnægjandi og því sé nauðsynlegt að gera það að skyldu.

Um 5. og 6. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

## Sþ. 400. Tillaga til þingsályktunar [207. mál]

um kaupþing.

Flm.: Eyjólfur K. Jónsson, Þórarinn Þórarinsson, Ellert B. Schram.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því, að sett verði á stofn kaupþing á vegum Seðlabanka Íslands.

Greinargerð.

Í 15. gr. laga nr. 10 frá 1961, um Seðlabanka Íslands, er bankanum heimilað að stofna til og reka kaupþing, þar sem verslað yrði með vaxtabréf og hlutabréf, enda ber honum að vinna að því, að á komist skipuleg verðbréfaviðskipti.

Fram til þessa hafa ekki verið taldar aðstæður til að opna kaupþing, en þó hefur Seðlabankinn unnið talsvert að undirbúningi, þannig að unnt ætti að vera með tiltölulega skömmum fyrirvara að hefjast handa, fyrst í stað að vísu í smáum stíl, en þó ætti að mega vænta þess, að fljótlega yrði um að ræða talsverð viðskipti, t. d. með spariskírteini ríkissjóðs og happdrættisskuldabréf, svo að nokkuð sé nefnt. Viðskipti með önnur verðbréf, þar á meðal hlutabréf, kæmu síðan í kjölfarið, ef að líkum lætur. En stofnun kaupþingsins hlyti að ýta undir það, að fyrirtæki öfluðu sér fjármagns frá alþýðu og heilbrigðari skipan yrði á félagarekstri en verið hefur.

## Sþ. 401. Tillaga til þingsályktunar [208. mál]

um stórvirkjun á Norðurlandi vestra.

Flm.: Magnús T. Ólafsson, Karvel Pálmason.

Alþingi ályktar, að næsta stórvirkjun vatnsafls sem í verður ráðist skuli eiga sér stað á vestanverðu Norðurlandi. Ákvörðun hagkvæmasta virkjunarstaðar og framkvæmdum ber að hraða eftir því sem frekast er unnt.

Greinargerð.

Ljóst er og almennt viðurkennt að ekki má lengi dragast að ákveða, hvar á landinu næsta meiriháttar vatnsaflsvirkjun skuli reist. Mörg rök og þungvæg hníga að því sem felst í þessari tillögu, að sú stórvirkjun sem í verður ráðist næst á eftir Sigölduvirkjun skuli eiga sér stað á vestanverðu Norðurlandi, annaðhvort í Blöndu eða Jökulsám í Skagafirði.

Stórvirkjanir síðustu ára hafa risið á Suðvesturlandi, þar sem hætta er einna mest á jarðhræringum og eldsumbrotum. Varhugavert hlýtur að teljast að auka enn á þá áhættu með því að bæta við orkuveri á sömu slóðum, áður en stórvirkjun er risin í landshluta þar sem slíkur háski er hverfandi lítill.

Tilkoma stórvirkjunar á vestanverðu Norðurlandi mundi ekki aðeins gera allt raforkukerfi landsins öruggara. Hún mundi einnig sjá fyrir raforkuþörf landshlutans til frambúðar og stuðla að stóraukinni hagnýtingu raforku til iðnaðar og húsahitunar. Þar að auki væri slíkt staðarval stórvirkjunar heppilegt til orkudreifingar um allt Norðurland, norðurhluta Vesturlands og sér í lagi til Vestfjarða, þar sem virkjunin ætti að flýta stórum fyrir því að lína verði lögð til þess landshluta frá fyrirhugaðri byggðalínu.

Heimamenn hafa sýnt máli þessu mikinn áhuga, og nægir að minna á nýlega samþykkt hreppsnefndar Blönduóshrepps, þar sem skorað er á stjórnarvöld að ráðast í virkjun Blöndu og stefna að því að orkufrekur iðnaður rísi í tengslum við þá virkjun.

Enn hefur engin ákvörðun verið tekin um hvar reisa skuli næstu stórvirkjun, og fram hefur komið sú skoðun að hún eigi heima á Þjórsársvæðinu, en virkjun á vestanverðu Norðurlandi skuli bíða síðari tíma, enda þótt formleg ákvörðun um hana yrði tekin fljótlega. Athygli vakti og, að þegar iðnaðarráðherra sagði í svari við fyrirspurn í sameinuðu þingi 11. mars þ. á., að ákvörðun um virkjun á Norðurlandi, sennilega í Blöndu, yrði tekin áður en ákveðið yrði um virkjun Hrauneyjarfoss í Þjórsá, lét hann ósagt hvort að því yrði stefnt að Blönduvirkjun risi á undan Hrauneyjarfossvirkjun.

Því gerir þessi tillaga til þingsályktunar ráð fyrir því að Alþingi taki af öll tvímæli í þessu efni og lýsi þeim vilja sínum að næsta stórvirkjun rísi á vestanverðu Norðurlandi.

## Ed. 402. Frumvarp til laga [209. mál]

um félagsráðgjöf.

(Lagt fyrir Alþingi á 96. löggjafarþingi, 1974—75.)

1. gr.

Rétt til að stunda félagsráðgjöf hér á landi og kalla sig félagsráðgjafa hefur sá einn, sem til þess hefur fengið leyfi heilbrigðisráðherra.

2. gr.

Leyfi samkv. 1. grein má aðeins veita þeim, sem lokið hefur prófi frá félagsráðgjafaskóla, sem viðurkenndur er af heilbrigðisyfirvöldum að fenginni umsögn Stéttarfélags íslenskra félagsráðgjafa.

3. gr.

Takmarkað og/eða tímabundið starfsleyfi má einnig veita þeim sem eru í starfi þegar lög þessi öðlast gildi en uppfylla ekki skilyrði 2. greinar.

Slíkt leyfi má því aðeins veita að fyrir liggi meðmæli þeirrar stofnunar, sem umsækjandi vinnur hjá. Jafnframt skal leita umsagnar Stéttarfélags íslenskra félagsráðgjafa.

Slíku leyfi fylgir ekki réttur til að kallast félagsráðgjafi.

4. gr.

Óheimilt er að ráða til félagsráðgjafastarfa aðra en þá, sem starfsleyfi hafa, skv. 2. grein með þeim undantekningum, sem leiða af ákvæðum 3. greinar.

5. gr.

Félagsráðgjafa er skylt að gæta þagmælsku um atriði, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli málsins. Þagnarskyldan helst þótt viðkomandi láti af starfi.

6. gr.

Um félagsráðgjafa gilda að öðru leyti og eftir því sem við getur átt, reglur læknalaga nr. 80 23. júní 1969 með áorðnum breytingum.

Reglur læknalaga gilda m. a. um viðurlög við brotum í starfi félagsráðgjafa, um sviptingu löggildingar þeirra og endurveitingu starfsréttinda.

7. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

8. gr.

Ráðherra getur sett nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd laga þessara.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp það um félagsráðgjöf, sem hér er lagt fram, er samið í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu eftir ítrekaðri ósk Stéttarfélags ísl. félagsráðgjafa.

Stéttarfélag ísl. félagsráðgjafa var stofnað 19. febr. 1964 og í því eru nú tæplega 20 meðlimir. Við nám í félagsráðgjöf eru svo eitthvað í kringum 20 nemar, þannig að líkur eru til að verulega fjölgi í stéttinni á næstunni.

Nám í félagsráðgjöf hefur hingað til ekki verið unnt að stunda á Íslandi heldur hefur aðallega verið sótt til Norðurlandanna í því skyni, en síðan á miðju ári 1971, hefur verið starfandi nefnd á vegum menntamálaráðuneytisins, sem hefur unnið að undirbúningi sérstakrar námsbrautar við Háskóla Íslands og þá líklega við þjóðfélagsfræðideild skólans.

Félagsráðgjafaskólar eru ýmist stofnanir, sérháskólar eða í tengslum við háskóla, og er þeim ætlað að veita nemendum sínum fræðilega menntun á háskólastigi og hagnýta starfsmenntun. Námstilhögun er með líku sniði í skólunum á Norð-

urlöndum og er námstíminn þar 3½ ár miðað við allt árið. Inntökuskilyrði er stúdentspróf eða a. m. k. stúdentspróf í ákveðnum námsgreinum. Lágmarksaldur við inntöku í skólann er 19 ár og tekið er tillit til starfsreynslu umsækjanda.

Námið skiptist í verklegt og bóklegt nám og nær bóklega námið yfir um það bil ⅔ hluta af námstímanum eða 2½ ár.

Eftirfarandi námsgreinar eru kenndar:

1) Lögfræði: félagsmálalöggjöf, persónu-, sifja- og erfðaréttur, refsilöggjöf, réttarfar og fleira.
2) Stjórnlagafræði: Um stjórnarfar, stjórnlög landsins og sveitarstjórnarmál, saga stjórnmálastefna.
3) Þjóðhagfræði ásamt félagsmálafræðum: Undirstöðuatriði í hagfræði, félagsmál, þróun þeirra og framtíðaráætlanir.
4) Félagsfræði: Almenn félagsfræði, félagssálarfræði, félagsfræðirannsóknir, sakfræði og undirstöðuhugtök tölfræði.
5) Sálarfræði: Almenn sálarfræði, barnasálarfræði, skólasálarfræði, klinisk sálarfræði, félagslækningar og geðlæknisfræði.
6) Vinnusálarfræði: Samtalsmeðferð einstaklinga og hópa, viðtalstækni, skýrslugerð og fleira.

Verklega námið tekur yfir eins árs tímabil og er það við suma skóla 1 ár samfleytt, en við aðra er náminu skipt í 2 hálfs árs tímabil með bóklegu námi á milli. Námið fer fram á ýmsum stofnunum þjóðfélagsins þar sem félagsráðgjafar eru í starfi og er nemandi þar undir handleiðslu kennslu-félagsráðgjafa.

Starfssvið félagsráðgjafa er mjög víðtækt og nær yfir bæði fyrirbyggjandi og endurhæfandi starfsemi. Flestir þeirra vinna á opinberum stofnunum, svo sem félagsmálastofnunum, sjúkrahúsum, heilsuhælum, heilsuverndarstöðvum, geðverndarstöðvum, endurhæfingarstöðvum, tryggingastofnunum almannatrygginga, í skólum, við fangahjálp, við fjölskylduráðgjöf og fleira. Erlendis er það einnig algengt að stór einkafyrirtæki hafi félagsráðgjafa í sinni þjónustu í sambandi við starfsmannahald.

Hinn 29. júní 1967 samþykkti Evrópuráðið ályktun um félagsráðgjafa, hlutverk þeirra og menntun og stöðu í þjóðfélaginu. Varðandi stöðu félagsráðgjafa segir í ályktun þessari m. a. svo:

> „Þar eð sjálfsagt er, að félagsráðgjafar njóti viðurkenningar, sem sé í samræmi við þá ábyrgð, sem þeir bera í starfi sínu, er mælt með eftirfarandi aðgerðum:
>
> Gerðar séu ráðstafanir, þar sem þörf krefur og eftir því, sem framkvæmanlegt er, til þess að vernda í hverju landi fyrir sig sérgreint stöðuheiti menntaðra félagsráðgjafa."

Það er mat heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, að svo sé komið hér á landi, að þörf sé fyrir lögverndun, bæði á starfa og starfsheiti félagsráðgjafa og því beri að fara eftir þeim tilmælum, sem í ofangreindri ályktun felast.

Það er ennfremur mat ráðuneytisins, að með tilliti til þess hversu mikill hluti félagsráðgjafastéttarinnar starfar að einhverju leyti á vegum heilbrigðisstofnana eða að heilbrigðismálum almennt, verði það að teljast eðlilegt að heilbrigðisráðuneytið hafi forgöngu um að koma slíkri lögverndun á.

### *Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um. 1. gr.

Með þessari grein er fallist á þá skoðun Stéttarfélags ísl. félagsráðgjafa, að félagsráðgjafastarf sé fyrst og fremst á sviði heilbrigðisþjónustu, og því sé eðlilegt að flokka félagsráðgjafa með heilbrigðisstéttum.

Grein þessi er því efnislega samhljóða samsvarandi greinum í lögum um aðrar heilbrigðisstéttir eins og t. d. læknalögum, tannlæknalögum, hjúkrunarlögum og lögum og reglugerðum um sjúkraliða, meinatækna, röntgentækna og fl.

Um heitið félagsráðgjafi er það annars að segja, að það er nýleg smíð úr fornum efnivið, samsett úr tveimur orðum, **félag** og **ráðgjafi**, sem eru hvort um sig samsett orð. Samsetningin **félagsráðgjafi** er mynduð í samræmi við þá meginreglu, að fyrri liður samsetningarinnar er hafður í eignarfalli, þegar hann er sjálfur samsett orð.

Heiti þessu virðist hafa verið mjög vel tekið og það sýnist þegar hafa unnið sér sess í þessari merkingu í nútímamáli.

Um 2. gr.

Þar til hafin hefur verið kennsla í félagsráðgjöf hér á landi, við Háskóla Íslands, er nauðsynlegt að Stéttarfélag ísl. félagsráðgjafa segi til um gæði þeirrar menntunar, sem veitt er í þeim félagsráðgjafaskólum, sem heilbrigðisyfirvöldum eru ekki þegar kunnir.

Um 3. gr.

Hér er kveðið á um réttindi þeirra, sem við gildistöku laganna eru í starfi, sem að einhverju leyti teldist eðlilegast að félagsráðgjafar gengdu. Er gert ráð fyrir því, að ráðherra verði heimilað, að fengnum meðmælum þeirrar stofnunar, sem umsækjandi vinnur hjá og umsögn Stéttarfélags ísl. félagsráðgjafa, að veita slíku fólki takmarkað eða tímabundið starfsleyfi án þess að því fylgi réttur til að kallast félagsráðgjafar.

Takmörkun slíks leyfis gæti m. a. lýst sér í því, að viðkomandi fengi leyfi til að gegna ákveðnu tilteknu starfi, sem einskonar félagsráðgjafi, en öðru starfi ekki. Tímabundið starfsleyfi gæti t. d. kveðið svo á, að viðkomandi hefði leyfi til að gegna ákveðnu tilteknu starfi, uns félagsráðgjafi fengist til að taka við því starfi. Meðmæli Stéttarfélags ísl. félagsráðgjafa gætu þá verið háð því skilyrði að það sannaðist með auglýsingu, að ekki fengist fullgildur félagsráðgjafi til starfans.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 8. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 9. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

**Ed.** **403. Frumvarp til laga** [210. mál]

um breyting á lögum nr. 17/1965 um landgræðslu.

(Lagt fyrir Alþingi á 96. löggjafarþingi, 1974—75.)

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Landgræðsla ríkisins fer með landgræðslumál samkvæmt lögum þessum og skal hafa aðsetur í Gunnarsholti á Rangárvöllum. Starfsemin greinist í eftirtalda þætti:

1. Sandgræðslu, sem er hefting jarð- og sandfoks og græðsla gróðurlausra og gróðurlítilla landsvæða.
2. Gróðurvernd, sem stuðlar að eflingu gróðurs til að auka mótstöðuafl lands gegn eyðingu.
3. Gróðureftirlit sem fylgist með notkun gróðurs, vinnur gegn ofnotkun hans og hvers konar skemmdum á gróðurlendum.

2. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn landgræðslumála. Hann skipar landgræðslustjóra að fengnum tillögum stjórnar Búnaðarfélags Íslands, sem jafnframt hefur umsjón með landgræðslumálum fyrir hönd ráðherra.

Landgræðslustjóri skal hafa háskólapróf í búfræði eða hliðstæðum greinum.

Ráðherra skipar fulltrúa landgræðslustjóra og skulu þeir fullnægja hliðstæðum menntunarskilyrðum. Heimilt er að fela einstökum fulltrúum meðferð ákveðinna þátta starfsins, svo sem gróðurvernd, gróðureftirlit eða sandgræðslu, undir yfirstjórn landgræðslustjóra.

3. gr.

Kaflafyrirsögn verði:

II. kafli.

**Landgræðsla.**

4. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Landgræðsla ríkisins skal kosta kapps um að stöðva jarðvegseyðingu, hvort sem er af völdum uppblásturs, sandfoks eða vatnsrofs. Hún annast og græðslu eyddra og vangróinna landa. Landgræðslustjóri skal kanna eða láta kanna staðhætti, þar sem hætta stafar af jarðvegs- og sandfoki. Þau verkefni skulu ganga fyrir, sem forða eiga verðmætum gróðurlendum frá yfirvofandi hættu.

Landgræðslan hefur eftirlit með þeim löndum, sem þegar hafa verið tekin til græðslu.

Gera skal kostnaðaráætlun um hvert verk áður en hafið er.

5. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er Landgræðslu ríkisins að styrkja sveitarfélög, upprekstrarfélög eða einstaklinga til uppgræðslu, jarðvegs- og gróðurverndaraðgerða, svo sem til að koma upp girðingum í kringum uppblásturssvæði eða vangróið land, græða það og halda við girðingum. Framlög mega nema allt að ⅔ kostnaðar við þessar framkvæmdir, að meðtöldum þeim framlögum, sem kunna að vera greidd samkvæmt jarðræktarlögum.

Landsvæði, sem að dómi Landgræðslunnar eru í hættu eða þar sem þröngt er í högum og þörf hagabóta, ganga fyrir með slíka aðstoð.

Aðstoð skal binda skilyrðum um meðferð landsins, og er heimilt að krefjast endurgreiðslu á framlagi, ef út af þeim er brugðið.

Landgræðslan skal setja reglur, sem staðfestar eru af landbúnaðarráðherra, um það, með hvaða kjörum og skilyrðum aðstoð er veitt til áburðardreifingar og annarra uppgræðsluaðgerða. Auglýsa skal þessar reglur hverju sinni.

6. gr.

11. gr. laganna orðist svo:

Landgræðslugirðingar skulu vera fjárheldar löggirðingar.

Liggi landgræðslugirðing um alfaraleið, skal vera traust hlið á henni, sem auðvelt er að fara um. Vegfarendum er skylt að loka hliðum, enda sé áminning þess efnis við hliðin. Varðar sektum, ef út af er brugðið, og bótaskyldu, ef tjón verður á gróðri af þeim sökum.

Hver, sem verður þess var, að girðing skemmist svo, að hætta sé á, að hún haldi ekki sauðfé, skal, ef við verður komið, skýra hreppstjóra eða eftirlitsmanni frá því hið fyrsta.

Landgræðslustjóri getur bannað alla umferð um landgræðslusvæði, þar sem honum þykir ástæða til. Skal þá bannið auglýst við girðingarhliðin.

7. gr.

19. gr. laganna orðist svo:

Í hverri sýslu skal starfa þriggja manna gróðurverndarnefnd. Sýslunefnd kýs nefndina til 4 ára í senn, að fengnum tillögum frá viðkomandi búnaðarsambandi. Nefndin kýs sér formann. Funda- og ferðakostnaður gróðurverndarnefnda greiðist af fé Landgræðslunnar, svo og þóknun fyrir unnin störf eftir ákvörðun landbúnaðarráðherra, að fengnum tillögum landgræðslustjóra.

8. gr.

20. gr. laganna orðist svo:

Gróðurverndarnefndir skulu fylgjast með notkun afrétta og heimalanda í viðkomandi sýslu. Þær skulu vera ráðgefandi fyrir stjórnendur fjallskilamála í umdæmi sínu um notkun og meðferð beitilanda og aðstoða Landgræðslu ríkisins við verndun og eflingu gróðurs.

Þær skulu halda gerðabækur um störf sín og skila árlegum skýrslum til viðkomandi búnaðarsambands og landgræðslustjóra. Landgræðslustjóri skal setja reglur um störf gróðurverndarnefnda.

9. gr.

21. gr. laganna orðist svo:

Berist gróðurverndarnefnd rökstudd ábending um, að gróðurverndar sé þörf á einstökum jörðum eða stærri landsvæðum, skal nefndin kynna sér málavöxtu og senda landgræðslustjóra greinargerð um málið.

Telji landgræðslustjóri, að um gróðureyðingu og/eða ranga notkun landsins sé að ræða, gerir hann tillögur um, hvernig úr skuli bæta, og leitar samkomulags við landeigendur um framkvæmd úrbóta (sbr. heimildir í 16. gr. laga um afréttamálefni og fjallskil).

Hafi gróðurverndaraðgerðir verulegan kostnað í för með sér, má veita til þeirra styrk samkvæmt 8. gr. laga þessara.

Þar sem um afréttarlönd er að ræða eða fleiri eigendur eru að landinu, má binda stuðning Landgræðslunnar því skilyrði, að þeir stofni til félagsskapar um framkvæmdirnar. Reglur um stuðning þennan skal setja og birta á sama hátt og kveðið er á um í síðustu mgr. 8. gr.

10. gr.

40. gr. laganna orðist svo:

Rannsóknastofnun landbúnaðarins ber að annast rannsóknir á beitarþoli og orsökum gróðureyðingar, og skal fela henni að framkvæma þær rannsóknir, sem um er rætt í 7., 22. og 23. gr. þessara laga.

Rannsóknastofnun landbúnaðarins ber í samvinnu við Landgræðslu ríkisins að leita eftir nýjum plöntutegundum, sem vænlegar eru til landgræðslu.

11. gr.

42. gr. laganna falli niður.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þær breytingar, sem hér er lagt til, að gerðar verði á lögum um landgræðslu, eru ekki umfangsmiklar. Nokkrar eru gerðar í samræmi við reynslu, sem fengizt hefur síðan lögin voru samþykkt 1965. Aðrar vegna fyrirhugaðrar aukningar á starfseminni með landgræðsluáætluninni.

Lagt er til, að kveðið verði skýrar á um, að það sé hlutverk Landgræðslunnar að hafa eftirlit með meðferð og notkun gróðurlendis. Rýmkaðar eru heimildir til að ráða sérfróða starfsmenn til að sinna gróðurvernd, gróðureftirliti og sandgræðslu.

Ákvæðum, er varða gróðurverndarnefndir, er nokkuð breytt. Það er nú fast kveðið á um, að þær skuli starfa í hverri sýslu.

Eftir gildandi lögum eiga sýslurnar að greiða helming af funda- og ferðakostnaði gróðurverndarnefnda. Lagt er til, að kostnaður af störfum nefndanna verði greiddur allur af fé Landgræðslunnar og að heimilt verði að greiða nefndarmönnum fyrir unnin störf.

Þá eru gróðurverndarnefndir skyldaðar til að skila árlega skýrslum, bæði til Landgræðslunnar, viðkomandi búnaðarsambands, og einnig til fjallskilayfirvalda, þegar sérstök ástæða er til.

Ætlazt er til, að gróðurverndarnefndir verði styrkur tengiliður á milli Landgræðslunnar og heimaaðila.

Í 8. gr. og 21. gr. gildandi laga eru ákvæði um það, á hvern hátt Landgræðslan tekur þátt í stöðvun uppblásturs, gróðurverndarráðstöfunum og hagabótum, þegar um er að ræða lönd í eigu einstaklinga og upprekstrarfélaga.

Lagt er til, að þessi atriði verði efnislega óbreytt, en ákvæði um framkvæmdina eru gerð einfaldari og í samræmi við það, sem tíðkazt hefur. Stuðningur þessi hefur verið mismikill eftir aðstæðum og getu Landgræðslunnar og sennilega aldrei náð leyfilegu hámarki, ⅔ kostnaðar. Það færist nú í vöxt, að hreppsfélög leggi fram fjármuni til gróðurverndar og uppgræðslu, beint úr sveitarsjóðum eða með því að leggja sérstakt gjald á afréttarpening.

Í frumvarpinu er lagt til, að settar verði reglur um það, í hverju stuðningur Landgræðslunnar geti verið fólginn og hvaða skilyrðum hann sé háður. Þessar reglur verða auglýstar hverju sinni.

Nokkur framlög eru þegar veitt til hagaræktar samkvæmt jarðræktarlögum. Þau framlög eru bundin skilyrðum um, að haginn sé fullgræddur, þegar þau eru greidd. Landgræðslan gæti aftur á móti veitt stuðning í upphafi græðslu og á hún þá kröfu í hagabótarframlaginu, þegar það kemur.

### *Athugasemdir við einstakar greinar.*

Um 1. gr.

Greinin fjallar um hlutverk Landgræðslu ríkisins og er svipaðs efnis og 2. gr. gildandi laga. Hér er það gert þríþætt.

1. Með sandgræðslu er átt við stöðvun uppblásturs, vatnsrofs og sandfoks og græðslu gróðurlausra og gróðurlítilla svæða. Líta má á sandgræðsluna sem stöðvun hvers konar beinnar eyðingar á landi. Landbrot af völdum stærri vatnsfalla hefur þó ekki heyrt undir Landgræðslu og eru ekki tillögur um, að svo verði.

2. Gróðurvernd eru þær aðgerðir, sem stuðla að eflingu gróðurs, þar sem hann kann að vera í hættu, m. a. það að fara þannig með landið, að gróður þess veikist ekki.

3. Gróðureftirlit er hér tekið sem sérstakur liður. Ætlazt er til, að Landgræðslan fylgist hvarvetna með því, hvernig notkun beitilanda og annarri meðferð gróins lands er háttað, gefi ráðleggingar, vari við og grípi í taumana, þar sem þess kann að reynast þörf.

Um 2. gr.

Á greininni er ekki gerð önnur efnisbreyting en sú, að gert er ráð fyrir, að faglegir fulltrúar landgræðslustjóra geti orðið fleiri en einn og í samræmi við það verði heimilt að fela þeim umsjón þeirra meginþátta starfsins, er að framan getur.

Um 3. gr.

Gr. þarfnast ekki skýringar.

Um 4. gr.

Greinin er svipaðs efnis og 5. gr. gildandi laga. Efnisbreytingar eru ekki neinar, en upptalning verkefna er sett í eðlilegri röð.

Um 5. gr.

Greinin fjallar um sama efni, og 8. gr. laganna og veitir sömu heimildir til stuðnings við landgræðslu, þegar um er að ræða land í eigu sveitarfél., upprekstrarfélaga eða einstaklinga. Áburðarflug Landgræðslunnar hefur m. a. verið starfrækt eftir heimild þessarar gr., en sjaldan eða aldrei verið gengið svo langt í stuðningi sem heimilt er samkv. greininni. Framkvæmdin hefur verið sú, að Landgræðslan hefur sett reglur um meðferð lands og skilyrði um mótframlag. Landeigendur greiða venjulega áburð, en Landgr. leggur til dreifinguna. Hér er lagt til, að reglur þessar verði staðfestar af landbúnaðarráðuneytinu og birtar hverju sinni.

Um 6. gr.

Greinin fjallar um sama efni og 11. gr. laganna, en felld eru niður nákvæm ákvæði um framkvæmdaratriði við gerð girðinga.

Um 7. gr.

Greinin samsvarar 19. gr. laganna. Breytingar eru þær, að gróðurverndarnefndir skulu nú starfa í öllum sýslum landsins. Kostnaður við störf þeirra greiðist allur af Landgræðslunni, en er nú hálfur greiddur af viðkomandi sýslu. Heimilað verði að greiða nefndum laun fyrir unnin störf.

Um 8. gr.

Í þessari grein er kveðið á um hlutverk gróðurverndarnefnda, en í gildandi lögum er það gert bæði í 19. og 20. gr.

Þá er og kveðið fastar á um tengsl þeirra við Landgræðslu ríkisins.

Um 9. gr.

Efnið samsvarar 21. gr. laganna. Fjallað er hér um gróðurvernd og gróðureftirlit af hálfu Landgræðslunnar, og er greinin nú meira í samræmi við tillögur

til breytinga á lögum um afréttamálefni, fjallskil o. fl. Þá er í gr. hliðstæð heimild fyrir Landgr. til að veita framlög til gróðurverndaraðgerða og nú er í lögum og er það fært til samræmis við 8. gr. laganna.

Um 10.—12. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringar.

## Ed. 404. Frumvarp til laga [211. mál]

um heftingu landbrots og varnir gegn ágangi vatna.

(Lagt fyrir Alþingi á 96. löggjafarþingi, 1974—75.)

1. gr.

Vinna skal að heftingu landbrots og hindra önnur spjöll á nytjalandi af völdum vatna með fyrirhleðslum og lagfæringum á árfarvegum, svo sem fyrir er mælt í lögum þessum.

2. gr.

Í hverri sýslu skulu starfa tveir matsmenn, sem séu héraðsráðunautur í jarðrækt og umdæmisverkfræðingur Vegagerðar ríkisins eða fulltrúi hans.

Matsmenn skulu fylgjast með landbroti og hættu á landspjöllum af völdum vatna. Þeir skulu taka við erindum frá landeigendum, sem telja nytjalönd sín eyðast eða vera í yfirvofandi hættu af þessum sökum.

Matsmenn skulu semja álitsgerð um varnarframkvæmdir samkvæmt 1. gr. fyrir 1. júlí ár hvert. Skal þar koma fram áætlaður kostnaður við fyrirhleðslur og aðrar lagfæringar á árfarvegum í sýslunni fyrir næsta ár eða fleiri, ef um meiri háttar framkvæmdir er að ræða. Ennfremur sé gefin stutt lýsing á tilhögun fyrirhugaðra framkvæmda á hverjum stað.

Álitsgerðina skulu matsmenn senda til landbúnaðarráðuneytisins og fjárveitinganefndar Alþingis, en afrit af henni til Vegagerðar ríkisins, búnaðarsambands sýslunnar og þeirra landeigenda, sem hlut eiga að máli.

3. gr.

Vegagerð ríkisins skal annast verkfræðilegan undirbúning, þegar um meiri háttar framkvæmdir er að ræða samkvæmt ákvæðum þessara laga.

Í því skyni skal hún, þegar við verður komið, afla sér sérhæfðra starfskrafta á þessu sviði svo og til að gera vatnafræðilegar athuganir á því, hvernig heppilegast er að vinna gegn ágangi vatna.

4. gr.

Ríkissjóður greiðir ⅞ hluta kostnaðar við framkvæmdir samkvæmt því, sem ákveðið er í fjárlögum hverju sinni. Landeigendur greiða ⅛ hluta, sem skiptist milli þeirra í hlutfalli við kostnað af varnarframkvæmdum fyrir landi hvers og eins og hag þeirra af varnaraðgerðum. Verði ekki samkomulag um skiptingu á kostnaðarhluta landeigenda, skera matsmenn úr. Framkvæmdum má fresta, ef ekki er samkomulag um þær eða kostnaðarskiptingu milli landeigenda.

5. gr.

Nú þarf með fyrirhleðslum eða á annan hátt að stöðva landbrot, sem stofnar opinberum mannvirkjum, svo sem vegum, í hættu, og greiðir ríkissjóður þá allan kostnað, enda þótt í landi einstaklinga sé. Á sama hátt greiðir ríkissjóður að fullu

kostnað við framkvæmdir, sem vinna þarf til þess að hindra landbrot eða ágang vatns, sem hefst vegna aðgerða opinberra aðila, t. d. þar sem þrengt er að ám við vega- og brúargerðir, straumrennsli breytist vegna efnistöku úr árfarvegi o. s. frv.

6. gr.

Þar sem framkvæmdir samkv. lögum þessum kunna að snerta veiði eða fiskræktarmöguleika í viðkomandi vatni, er skylt að kynna framkvæmdaáætlanir fyrir stjórn viðkomandi veiðifélags, þannig að þeim gefist kostur á að gefa um þær umsögn.

7. gr.

Nú telja matsmenn, að ekki megi dragast að hefja framkvæmdir, vegna yfirvofandi skemmda á nytjalandi, og skal það þá heimilt, enda komi samþykki landbúnaðarráðuneytisins til. Framlög til slíkra framkvæmda skulu njóta forgangs á fjárlögum næsta árs.

8. gr.

Vegagerð ríkisins sér um byggingu og viðhald mannvirkja samkvæmt fjárveitingum á fjárlögum hverju sinni. Vegagerðin skal og annast greiðslu á hluta ríkisins af framkvæmdarkostnaði, að því marki, sem fjárlög heimila.

9. gr.

Bætur fyrir landspjöll vegna framkvæmda, t. d. ef vatni er veitt á land annars manns, skal telja með kostnaði við verkið og greiða samkvæmt úrskurði matsmanna.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Engin sérstök löggjöf er til um heftingu landbrots og varnir gegn ágangi vatna, umfram það sem er í vatnalögum nr. 15 frá 1923, VII. kafla, „Um varnir lands gegn ágangi vatna“ 75.—77. gr. Þar eru engin ákvæði um þátttöku ríkisins í kostnaði við fyrirhleðslur eða varnir gegn ágangi vatna.

Lög hafa verið sett um fyrirhleðslur á ákveðnum vatnasvæðum, svo sem vatnasvæði Þverár og Markarfljóts (Lög um samgöngubætur og fyrirhleðslu á vatnasvæði Þverár og Markarfljóts nr. 27 1932) og Héraðsvatna (Lög um fyrirhleðslu Héraðsvatna norður af Vindheimabrekkum nr. 113 1945).

Ríkið hefur þó árlega veitt stuðning við fyrirhleðslur á fjárlögum, ákveðna upphæð til hvers einstaks verkefnis. Sá háttur hefur þá verið hafður á, að erindi, sem fjárveitinganefnd hafa borizt um slíkan stuðning, hafa verið send til Vegagerðar ríkisins til umsagnar og hún gert tillögur um fjárveitingar. Vegagerð ríkisins mun svo í langflestum tilfellum hafa annazt framkvæmdirnar og lagt til fagþekkingu. Það kemur fram í skýrslum búnaðarsambanda og gróðurverndarnefnda, að í flestum héruðum er talið, að um meira eða minna landbrot af völdum fallvatna sé að ræða.

Í viðræðum, sem nefndin átti við fulltrúa frá Vegagerð ríkisins, kom fram, að ekki hafa farið fram neinar skipulegar rannsóknir á þeim skaða, sem fallvötn valda né á heppilegustu aðferðum til að vinna gegn honum. Það er skoðun nefndarinnar, að slíkt þyrfti þó að gera, og að æskilegt væri að ráðinn yrði sérfræðingur í vatnafræði (hydrolog) til þess starfs.

Frumvarp það, sem hér er lagt fram, gerir ráð fyrir, að þessu sé komið í fast form, þannig að í hverju héraði verði ákveðnum matsmönnum falið að fylgjast með

því, hvar hætta er á landskemmdum vegna ágangs vatna. Með því að velja í þetta starf héraðsráðunaut í jarðrækt í viðkomandi sýslu og umdæmisverkfræðing Vegagerðarinnar á viðkomandi svæði eða einhvern af hans starfsliði, ætti að vera tryggt, að vel verði fylgzt með þessum málum og að auðvelt verði fyrir viðkomandi landeigendur að koma á framfæri ábendingum um það, hvar aðgerða er þörf, og óskum um úrbætur.

Matsmenn mundu síðan fyrir 1. júlí ár hvert senda inn álitsgerðir um þörf fyrir framkvæmdir á næsta ári, ásamt áætlunum um tilhögun framkvæmda.

Með þessu móti væri hægt að taka tillit til þessa við undirbúning fjárlagafrumvarps hverju sinni.

Frumvarpið gerir ráð fyrir, að ríkissjóður greiði 7/8 kostnaðar af framkvæmdum við fyrirhleðslur og varnir gegn landbroti eins og tíðkazt hefur.

Ef um meiriháttar verkefni er að ræða, er ætlazt til, að verkfræðingar Vegagerðar ríkisins annist verkfræðilegan undirbúning.

*Athugasemdir við einstakar greinar.*

Um 1. gr.

Greinin kveður á um að vinna beri skipulega að heftingu landbrots og að því að hindra spjöll á nytjalandi af völdum vatna. Þar er átt við hvers konar spjöll á landi af völdum straumvatna og stöðuvatna. Hins vegar mundu lög þessi ekki ná til landbrots af völdum sjávar.

Um 2. gr.

Greinin fjallar um matsmenn, sem skulu fylgjast með landbroti og öðrum skemmdum. Ætlast er til, að matsmenn sendi álitsgerðir sínar svo snemma sumars ár hvert, til þess að hægt sé að byggja á þeim við undirbúning fjárlaga.

Um 3. gr.

Með greininni er Vegagerð ríkisins falið að annast verkfræðilegan undirbúning (hönnun) meiri háttar framkvæmda á þessu sviði.

Margar framkvæmdir á þessu sviði eru þó ekki stærri eða flóknari en svo, að eðlilegt er, að matsmenn, sem hljóta að hafa á því góða þekkingu, geti haft um þær forsögn án sérstakrar hönnunar. Aðrar eru aftur stórar í sniðum og geta þarfnast athugana sérfróðra manna og verulegra undirbúningsmælinga.

Vegagerðin hefur mesta reynslu á þessu sviði, stórfelldustu fyrirhleðslur eru hér gerðar í tengslum við vega- og brúagerð. Eðlilegt er, að Vegagerðin hafi á að skipa verkfræðingum, sem eru sérhæfðir á þessu sviði.

Um 4. gr.

Greinin fjallar um þátttöku ríkisins í kostnaði við framkvæmdir og er lagt til að það beri 7/8 hluta kostnaðar eins og tíðkazt hefur, en landeigendur beri sameiginlega 1/8 kostnaðar í hlutfalli við kostnað fyrir landi hvers og eins og hag þeirra af varnaraðgerðum. Verði ekki samkomulag um skiptingu kostnaðarins, skera matsmenn úr.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki sérstakrar skýringar.

Um 6. gr.

Rétt þykir að gera það að skyldu, að forsvarsmönnum veiðiréttareigenda, þ. e. stjórnum veiðifélaga, séu kynnt áform um framkvæmdir við viðkomandi vötn, ár eða stöðuvötn.

Um 7. gr.

Þannig getur staðið á, að ekki megi draga það, að bregðast við skyndilegum ágangi vatna, svo sem vegna flóða eða annarra skyndilegra breytinga. Í slíkum tilfellum er heimilt samkvæmt þessari grein að hefja framkvæmdir, þó að ekki liggi fyrir fjárveiting. Þurfa þá matsmenn að afla samþykkis landbúnaðarráðuneytisins.

Um 8. gr.

Ákvæði greinarinnar eru í samræmi við þann hátt, sem hafður hefur verið á um framkvæmd þessara mála.

Um 9. og 10. gr.

Greinarnar þarfnast ekki sérstakrar skýringar.

**Landbrot af völdum fallvatna.**

Eftirfarandi skrá um landbrot af völdum fallvatna er samin eftir lýsingum heimamanna, og er auðvitað, að hún er þó engan veginn tæmandi:

Hvítá, Reykjadalsá, Borgarfjarðarsýslu.
Stóra- og Litla-Þverá, Norðurá, Mýrasýslu.
Haukadalsá, Miðá, Reykjadalsá, Hörðudalsá og Hvolsá, Dalasýslu.
Blanda í Langadal, Vatnsdalsá, Austur-Húnavatnssýslu.
Héraðsvötn, Skagafjarðarsýslu.
Eyjafjarðará, Hörgá, Svarfaðardalsá, Eyjafjarðarsýslu.
Skjálfandafljót, Suður-Þingeyjarsýslu.
Jökulsá á Dal, Norður-Múlasýslu.
Jökulsá í Lóni, Hornafjarðarfljót, Djúpá á Mýrum, Kolgríma, Steinavötn, Virkisá í Öræfum, Austur-Skaftafellssýslu.
Kúðafljót, Skálm, Hafursá, Klifandi, Holtsá, Vestur-Skaftafellssýslu.
Kaldaklifsá, Laugará, Svaðbælisá, Markarfljót, Holtsá, Ýrá, Rangárvallasýslu.
Þjórsá, Hvítá, Ölfusá, Stóra-Laxá, Árnessýslu.

## Nd. 405. Frumvarp til laga [212. mál]

um breyting á lögum nr. 42/1969 um afréttamálefni, fjallskil o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 96. löggjafarþingi, 1974—75.)

1. gr.

Fyrsta mgr. 13. gr. falli niður.

2. gr.

14. gr. laganna falli niður. 15. gr. verður 14. gr.

3. gr.

III. kafli laganna orðist svo:

**Um verndun beitilands og um ítölu.**

15. gr.

Stjórnum fjallskiladeilda og hreppsnefndum, þegar um heimalönd er að ræða, er skylt að fylgjast með ástandi afrétta og heimalanda, og skulu þær hafa um það samráð við gróðurverndarnefnd viðkomandi sýslu og Landgræðslu ríkisins.

Berist þessum aðilum rökstuddar ábendingar um, að nýtingu afréttar eða heimalanda sé ekki hagað á skynsamlegan hátt, eða að um ofbeit sé að ræða, er þeim skylt að leita álits gróðurverndarnefndar og Landgræðslu ríkisins um málið og um aðgerðir til úrbóta.

16. gr.

Þar sem talin er þörf bættrar meðferðar afréttar og verndar á gróðri, að mati gróðurverndarnefndar og Landgræðslu ríkisins, er stjórnum fjallskiladeilda heimilt að grípa til eftirtalinna aðgerða:

a) Ákveða, að fjallgöngur á hausti skuli færðar fram, eða að smalað sé af tilteknum hlutum afréttar fyrir göngur.
b) Ákveða, hvenær fyrst megi reka hverja búfjártegund á afrétt.
c) Láta girða sérstök svæði á afréttum eða í heimalöndum fyrir hrossabeit.
d) Banna, að stóðhross séu rekin á afrétt, enda séu þau þá undanskilin fjallskilum.
e) Eiga frumkvæði að félagslegum aðgerðum til hagabóta í samráði við gróðurverndarnefnd og Landgræðslu ríkisins.
f) Eiga frumkvæði að ítölu, ákvæði 17.—25. gr.

17. gr.

Ítölu má gera í afrétti og heimalönd fyrir heilar sýslur, einstaka hreppa eða hreppshluta, að fullnægðum skilyrðum laga þessara, enda sé gætt að brjóta ekki í bága við lög um sauðfjárveikivarnir.

18. gr.

Eftirtaldir aðilar geta farið þess á leit við sýslunefndir, að athugun verði gerð á því, hvort þörf sé fyrir ítölu, og krafizt ítölu, ef niðurstaða athugunar er á þann veg, að hennar sé talin þörf:

a) Einstakir bændur, búi þeir á viðkomandi svæði eða á nærliggjandi svæði, þar sem um verulegan samgang búfjár er að ræða á milli svæðanna.
b) Hreppsnefnd viðkomandi hrepps og hreppsnefndir nágrannahreppa, ef verulegur samgangur búfjár er á milli þeirra.
c) Sýslunefndir aðliggjandi sýslna, ef verulegur samgangur búfjár er á milli þeirra.
d) Gróðurverndarnefnd viðkomandi sýslu og gróðurverndarnefnd í nágrannasýslu, ef verulegur samgangur búfjár er á milli sýslnanna.
e) Landgræðsla ríkisins.

19. gr.

Nú hefur sýslunefnd borizt ósk um, að gerð verði ítala í ákveðið landsvæði, og er þá skylt að leita álits hlutaðeigandi hreppsnefndar, gróðurverndarnefndar og Landgræðslu ríkisins á málinu. Telji einhver þessara aðila þess þörf, skal gera athugun á beitarþoli og notkun landsins og gefa um það álitsgerð.

20. gr.

Telji gróðurverndarnefnd og Landgræðsla ríkisins, eða hlutaðeigandi hreppsnefnd, aðgerða þörf, ítölu eða annarrar gróðurverndar, þá skal stjórn fjallskiladeildar, sýslunefnd, ef heil fjallskilaumdæmi eiga hlut að máli, eða hreppsnefnd, ef um heimalönd er að ræða, boða til fundar alla bændur innan þess svæðis, sem um ræðir. Ef um heilt fjallskilaumdæmi eða meira er að ræða, er heimilt að boða til fulltrúafundar, þar sem fulltrúar einstakra hreppa eða fjallskiladeilda eiga fundarsetu, kosnir af bændafundum í hlutfalli við bændafjölda hvers hrepps eða deildar. Fulltrúafundur getur því aðeins ráðið málinu til lykta, að allar deildir séu því samþykkar.

Sá telst bóndi, er hefur lögbýli til ábúðar. Í fundarboði skal geta um fundarefni. Fundur telst lögmætur, ef meira en helmingur atkvæðisbærra manna mætir.

Hver maður hefur eitt atkvæði, og eigi fleiri, þótt hann nytji eða búi á tveimur eða fleiri lögbýlum. Gróðurverndarnefnd viðkomandi sýslu og fulltrúi frá Landgræðslu ríkisins eiga rétt til setu á fundinum með málfrelsi og tillögurétt. Skylt er að boða þeim slíka fundi.

Skrá skal í fundargerð, hve margir bændur eru á viðkomandi svæði, svo og hve margir hafa greitt atkvæði um fundarefnið.

Verði samþykkt með meirihluta atkvæða á lögmætum fundi að gera ítölu eða grípa til annarra aðgerða til að létta af afréttum eða heimalöndum, sbr. a—e-lið 16. gr., er sú samþykkt bindandi.

Samþykkt um ítölu í afrétti eða heimalönd skal send viðkomandi sýslunefnd, og skal hún annast um, að ítala sé gerð.

Ef aðeins er um að ræða eina fjallskiladeild, einn hrepp eða hluta hrepps, og fundur samþykkir ítölu einróma, má fela stjórn fjallskiladeildar eða hreppsnefnd að sjá um framkvæmd ítölu. Skylt er þó ætíð að leita aðstoðar sérfróðra manna við ítölumatið.

Fundarályktanir um aðrar aðgerðir samkvæmt heimildum í a—e-lið 16. gr. skal senda viðkomandi fjallskiladeild.

Nú er tillaga um ítölu eða aðrar aðgerðir felld við atkvæðagreiðslu, og er þeim, sem aðgerða hefur krafizt, þá heimilt að vísa málinu til landgræðslustjóra, sem fer með það, samkvæmt 23. gr. landgræðslulaga nr. 17/1965. Skylt er að hlíta þeirri ítölu, sem þannig er ákveðin.

21. gr.

Þegar sýslunefnd hefur borizt fundarályktun um ítölu samkvæmt 20. gr., annast sýslumaður um skipun 3ja manna ítölunefndar. Sýslumaður tilnefnir formann nefndarinnar, en Búnaðarfélag Íslands og Landgræðsla ríkisins sinn manninn hvort. Varamenn skulu tilnefndir af sömu aðilum.

22. gr.

Ítala skal svo ákvörðuð, að fullskipað sé í landið en ekki ofskipað miðað við beitarþol. Byggja skal á beitarþolsrannsóknum svo sem við verður komið, jafnframt skal tekið tillit til aðstæðna hverju sinni.

Búfé skal lagt í einingar með hliðsjón af tillögum sérfræðinga í fóðurfræði og beitarþolsrannsóknum. Ítölunefnd er heimilt að ákveða hlutfallstölu einstakra búfjártegunda, sé gróðurfar landsins mjög einhæft.

23. gr.

Ef innan ítöluumdæmis er kaupstaður eða kauptún, sem hefur umráðarétt jarðnæðis, er grasnyt fylgir, hefur kauptúnið sem heild beitarrétt í heimahögum og afrétti í hlutfalli við beitiland jarðarinnar, eftir sömu reglum og um getur í 22. og 24. gr. Um rétt einstaklinga innan viðkomandi kaupstaðar eða kauptúns fer eins og um venjulegt sveitarfélag sé að ræða. Nú er kauptún í landi jarðar, sem er einkaeign, og skal þá við ítölu úthluta jörðinni í heild, þar með talið kauptúnið, því, sem henni ber í hlutfalli við aðrar jarðir, en íbúar kauptúnsins semji hver fyrir sig við umráðamann jarðarinnar um beitarréttindi í heimalandi og afrétti.

24. gr.

Þegar ítölunefnd hefur ákveðið heildartölu búfjár, sem hafa má á hverju svæði, sendir hún úrskurðinn viðkomandi sýslumanni, sem birtir hann viðkomandi aðilum og Landgræðslu ríkisins. Sveitarstjórn hefur eftirlit með því, að eigi sé haft fleira í högum en ítölunefnd hefur ákveðið.

Nú er fleira búfé á ákveðnu ítölusvæði en þar má ganga samkvæmt úrskurði ítölunefndar, og má þá fela ítölunefnd að ákveða hlutdeild hvers býlis af heildarsveitarréttindum.

Nú hefur hreppsnefnd eða stjórn fjallskiladeildar gert tillögur um hlutdeild einstakra býla í ítölu, og getur þá sá, sem ekki vill una þeim, skotið málinu til ítölunefndar, sem sker úr.

Réttur hvers lögbýlis skal vera í hlutfalli við beitarþol heimalands jarðarinnar. Hafi það ekki verið metið, má leggja til grundvallar landverð jarðarinnar eftir fasteignamati að frádregnum hlunnindum og að frádregnu verðmæti þess hluta af fullræktuðu landi, sem ætla má að nota verði til heyöflunar. Taka má tillit til sérstakra búskaparhátta á jörðinni.

Heimilt er sveitarfélagi, sem ekki fyllir ítölu sína í afrétti, að leyfa öðru sveitarfélagi, sem á upprekstur í sameiginlegt afréttarland, að fylla ítöluna, enda komi gjald fyrir, sem ítölunefnd ákveður. Hafi ábúandi færra búfé í heimahögum en svarar ítölu hans, má hann taka af öðrum innan sama hrepps, en eigi utan, nema með samþykki sveitarstjórnar. Sama gildir um eyðijarðir, noti eigandi þær ekki fyrir eigin fénað. Hafi hreppsbúar ekki þörf nytjalandsins, en sveitarstjórn synjar jarðeiganda að taka fénað utan hrepps, getur hann krafizt beitarleigu eftir mati ítölunefndar.

Nú hefur ítala verið ákveðin í afréttarland, og er þá sveitarstjórn heimilt að jafna niður fjallskilakostnaði í hlutfalli við ítölu hvers býlis.

25. gr.

Til þess að gera ítölu í land, sem er innan tveggja eða fleiri lögsagnarumdæma eða er eign fleiri en eins lögsagnarumdæmis, tilnefnir landbúnaðarráðherra einn mann í nefnd og er hann formaður, stjórn Búnaðarfélags Íslands annan og landgræðslustjóri hinn þriðja.

26. gr.

Kostnaður við störf ítölunefndar greiðist af því sveitarfélagi, sem hlut á að máli. Nú er ítala gerð í lönd tveggja eða fleiri sveitarfélaga, og skiptist þá kostnaðurinn milli þeirra eftir meðaltalstölu búpenings síðastliðin fimm ár. Rísi ágreiningur um reikning ítölunefndar eða skiptingu kostnaðar milli sveitarfélaga, sker Búnaðarfélag Íslands úr.

27. gr.

Sá, er ekki vill una úrskurði ítölunefndar, getur krafizt yfirítölumats innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu ítöluúrskurðar. Krafan sendist landbúnaðarráðherra, sem skipar þrjá menn í yfirítölunefnd, og sé einn þeirra formaður. Starfar nefndin samkvæmt ákvæðum 22. gr.

Kostnaður greiðist á sama hátt og segir í 26. gr., ef nefndin breytir ítölu um 10 af hundraði eða meira, ella af þeim, er krafðist endurskoðunar.

28. gr.

Nú telur einhver, að ítölu sé ekki fylgt, og getur hann þá kært málið til sýslumanns.

Nú verður sannað, að einhver bóndi hefur fleira búfé í afrétti eða heimahögum en hann hefur rétt til samkvæmt ítölu, og skal þá sýslumaður gera viðkomanda að greiða sekt til fjallskilasjóðs.

Sektarfé skal verja til gróðurbóta á viðkomandi landi.

Sekt skal vera sem samsvarar 1/10 af meðallambsverði fyrir hverja fjallskilaeiningu, sem er umfram leyfilega tölu, en tvöfalda má sekt fyrir hvert ítrekað brot. Heimilt er að láta sektir niður falla, ef sönnur verða færðar á, að um ásetning hafi ekki verið að ræða.

29. gr.

Skylt er að taka ítölu til endurmats, þegar 4 ár eru liðin frá þeim tíma, að ákvörðun um ítölu tók gildi, ef a. m. k. ¼ ábúenda, sem hlut eiga að máli, krefjast

þess, eða ef landgræðslustjóri, stjórn fjallskiladeildar eða gróðurverndarnefnd telur þess þörf.

30. gr.

Nánari ákvæði um ítölu má setja í fjallskilasamþykkt.

4. gr.

Töluröð greina í kafla IV.—X. breytist í samræmi við framantaldar breytingar.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Höfuðefni þeirra breytinga, sem hér er lagt til, að gerðar verði á lögum nr. 42/1969 um afréttamálefni og fjallskil o. fl., er það, að tengd eru saman í einum kafla laganna þau ákvæði, sem miða að því að tryggja verndun og skynsamlega nýtingu afrétta og heimalanda.

Kaflinn „um ítölu“ verði því „um verndun beitilands og um ítölu“. Ítala er róttækasta ráðstöfunin, sem gripið verður til auk beinnar friðunar landsins, og má margt gera til verndar og bóta á beitilandinu, áður en henni er beitt.

Í fyrstu grein þessa kafla er lagt til að stjórnum fjallskiladeilda verði lögð sú skylda á herðar að fylgjast með ástandi afrétta og heimalanda með tilliti til beitarálags. Þær skulu hafa um þetta samráð við gróðurverndarnefnd héraðsins og Landgræðsluna. Með þessu er því slegið föstu, að hreppsnefndirnar séu ábyrgur aðili varðandi þessi mál.

Í næstu grein eru taldar þær aðgerðir, sem stjórnum fjallskiladeilda er heimilt eða skylt að grípa til, þar sem talin er þörf aukinnar gróðurverndar eða bættra aðferða við nýtingu beitilandanna.

Þessar ráðstafanir eru nefndar:

a) Að ákveða, að fjallskilum skuli flýtt að hausti, eða að ákveðnir hlutar afrétta séu smalaðir fyrir reglulegar göngur.

Með þessu er haft í huga, að beitartíminn á afréttum sé ákvarðaður eftir aðstæðum og ástandi gróðurs hverju sinni, en ekki beint eftir almanaki án tillits til árferðis og gróðurnýtingar. Það færist nú æ meir í vöxt, að fé sé sótt að afréttargirðingum fyrir venjulegar göngur.

Hér getur verið um vandasamar ákvarðanir að ræða og er því full ástæða til, að bændur eigi kost góðra ráðlegginga um þessi efni.

Á það má benda, að víða er nauðsynlegt að bæta heimahaga og gera hagagirðingar eða auka grænfóðurræktun þannig að bændur geti tekið við fénaði af fjalli fyrr en við venjuleg fjallskil.

b) Að ákveða hvenær fyrst megi reka hverja búfjártegund á afrétt. Þetta miðar að því sama og fyrra ákvæðið, að beitartími fyrir hverja búfjártegund sé ákveðinn eftir gróðri og ástandi afréttar hverju sinni.

Mikilvægt getur verið að koma í veg fyrir, að fénaður þó einkum hross séu rekin of snemma á afrétt, sem ekki er orðinn nægilega gróinn til að þola verulegt beitarálag.

c) Að stóðhross séu girt af á afréttum. Víða getur hagað svo til að hlutar afréttanna (mýrlendi) þoli hrossabeit betur en aðrir og notist þeim, en ekki öðru búfé.

d) Að banna með öllu, að stóðhross séu rekin á afrétt. Slík heimild er í gildandi lögum og hefur henni sums staðar verið beitt.

Hross keppa við sauðfé um beitargróðurinn. Þau geta hins vegar nýtt mýrargróður á láglendi, sem víða er meira en nægur, þó að þurrlendisgróður á afréttum sömu sveita eigi í vök að verjast.

e) Stjórnum fjallskiladeilda er ætlað að hafa frumkvæði að og forystu fyrir því, að hvaðeina sé gert, sem skynsamlegt er og hagkvæmt til að auka gróður afréttarlaga, bæta nýtingu þeirra og meðferð. Um þetta hafi þær samráð við gróðurverndarnefndir, beitarráðunaut og Landgræðsluna. Af slíkum ráðstöfunum má nefna, auk þess sem áður er talið: gerð afréttavega, uppgræðslu og gróðurbætur með áburðargjöf eða öðru þar sem það þykir henta, og útvegun sérstaks beitilands fyrir hross eða annan búpening þar sem við á.

f) Að lokum er forráðamönnum fjallskilamála skylt að standa fyrir gerð ítölu, þegar ekki nægja önnur ráð til úrbóta.

**Um ítölu.**

Í 17.—29. gr. frumvarpsins er fjallað um ítölu og framkvæmd hennar.

Meginbreytingarnar, sem lagt er til, að gerðar verði, felast í því að skýrar er kveðið á um það, hvar og hverjir geti farið fram á að ítala sé gerð, svo og hvernig að henni sé staðið.

Ítölu má krefjast í einstök afmörkuð landssvæði, stærri eða minni, hvort sem er í heimalönd eða afrétti.

Þeir, sem nota landið eða bera ábyrgð á meðferð þess, geta farið fram á, að athugun sé gerð á því, hvort ítölu sé þörf, og krafizt hennar, ef í ljós kemur, að ástandið sé svo alvarlegt, að rétt sé að grípa til hennar. Þeir geta krafizt ítölu í það land, sem þeir nota eða bera ábyrgð á og í aðliggjandi lönd, ef á milli þeirra er samgangur búfjár.

Í hvert skipti, sem farið er fram á, að ítala verði gerð, er skylt að leita álits bæði gróðurverndarnefndar eða nefnda og Landgræðslu ríkisins. Þessir aðilar gera athugun á beitarþoli og meðferð landsins og byggja álit sitt á niðurstöðum beitarþolsrannsókna, séu þær fyrir hendi. Þar sem svo er ekki, verður annaðhvort að flýta beitarþolsrannsóknum og gróðurkortagerð eða byggja matið á nákvæmri skoðun.

Þegar álit Landgræðslunnar og gróðurverndarnefndar liggur fyrir, skal boða til fundar alla þá bændur, er málið varðar. Ef um stór og fjölbyggð svæði, sem ná yfir fleiri hreppa, er að ræða og það er samþykkt í öllum hreppum, er heimilt að halda um þetta fulltrúafundi.

Á fundinum yrðu málin kynnt og rædd, og tillögur gerðar um, hvað gera skuli. Þó að ítölu hafi verið krafizt, er eðlilegt að fyrst verði athugað hvort ekki teljist nægilegt að grípa til þeirra ráða, sem nefnd hafa verið undir a—e-lið að framan. Fundarályktanir um slíkt yrðu bindandi og sendar viðkomandi forráðamönnum fjallskilamála.

Hafni fundur ítölu eða öðrum úrræðum, er hægt að áfrýja málinu til landgræðslustjóra, sem fer með það eftir ákvæðum landgræðslulaga, en eftir þeim getur hann komið fram ítölu, þar sem hennar er talin svo brýn þörf, að ekki verði hjá komizt, enda hafi hann ekki náð samstöðu um önnur ráð. Ákvæði um skipun ítölunefndar eru óbreytt.

Í 24. gr. er mælt fyrir um, hvernig ákveða skuli hlutdeild hverrar jarðar í beitarrétti í sameiginlegum beitilöndum og afréttum. Aðalreglan er sú, að réttur hvers býlis miðast við beitarþol heimalands jarðarinnar. Hafi það ekki verið ákvarðað fyrir einstakar jarðir og ekki eru tök á að láta mæla það, skal miða við landverð jarðanna, það er að segja, þess lands þeirra, sem raunverulega er nýtt til beitar fyrir þann búpening, sem almennt er rekinn á afrétt. Er þá átt við landverð óræktaðs lands og ræktaðs lands að svo miklu leyti sem það er notað til beitar, en ekki til heyöflunar til vetrarfóðurs. Þarna verður alltaf um veruleg matsatriði að ræða og er heimilt að taka tillit til sérstakra búskaparhátta.

Gerðar eru tillögur um, að tekin verði upp sektarákvæði þannig, að þeim, sem uppvís er að því að láta meiri búpening á ákveðið ítölusvæði en hann hefur rétt

til, sé gert að greiða sektir, sem fara stighækkandi, ef um ítrekuð brot er að ræða. Sektarfé skal ganga til gróðurbóta á viðkomandi svæði.

Þá er lagt til að skylt verði að taka ítölu til endurmats eftir 4 ár, ef einhverjir þeirra, er hlut eiga að máli, krefjast þess.

## Athugasemdir um einstakar greinar.

### Um 1. gr.

Gr. fjallar um 13. gr. gildandi laga. Fellt er úr greininni ákvæði, sem kemur síðar í III. kafla samkvæmt frumvarpinu.

### Um 2. gr.

Fjórtánda grein gildandi laga er felld niður, þar sem efni hennar kemur í III. kafla laganna samkv. frumvarpinu. Þá er tölusetningu greina breytt í samræmi við þetta.

### Um 3. gr.

Þriðja gr. frumvarpsins kveður á um, að III. kafla laganna skuli breytt. Kaflinn byrjar á þeirri grein, sem yrði 15. gr. og endar á grein, sem yrði 30. gr. laganna. Tölusetning greina í IV.—X. kafla breytist í samræmi við það.

### Um þá grein, sem yrði 15. gr. laganna.

Efni greinarinnar er nýmæli og hefur verið skýrt frá því í almennum athugasemdum með frumvarpinu. Í greininni er talað um stjórnir fjallskiladeilda og hreppsnefndir. Svo sem áður er skýrt frá eru þetta víðast sömu aðilar. Frá því víkur þó, þar sem fleiri en einn hreppur eru í sömu fjallskiladeild, og þar sem ekki er um nein afréttarlönd að ræða — þar mun ekki tíðkast að tala um fjallskiladeildir eða stjórnir þeirra, en það eru hreppsnefndirnar samkv. skilgreiningu laganna.

### Um 16. gr.

Efni greinarinnar er skýrt ýtarlega í almennum athugasemdum. Þarna eru tekin saman í eina grein ákvæði, sem kalla mætti stjórntæki við meðferð afrétta. Nýmæli eru liðir c og e.

### Um 17. gr.

Greinin er efnislega samsvarandi 16. gr. laganna. En breytingin er sú, að það eru fleiri en sýslunefndir, sem geta átt frumkvæðið að því að ítala verði gerð.

### Um 18. gr.

Greinin fjallar um það, hverjir geta farið þess á leit við sýslunefndir, að þær beiti sér fyrir því að athugun sé gerð á því, hvort þörf sé að gera ítölu, og krafizt hennar, ef athugun leiðir það í ljós, að til hennar verði að grípa. Að þessu leyti samsvarar greinin 17. gr. laganna. Aðilar eru taldir upp og skýrar kveðið á um þetta. Ætlazt er til, að notendum landsins og þeim, sem falið er að fylgjast með notkun þess, sé heimilt að fara fram á athugun og krefjast ítölu.

### Um 19. gr.

Greinin á ekki beina hliðstæðu í gildandi lögum. Hafi borizt ósk um ítölu er skylt að leita álits hreppsnefndar, gróðurverndarnefndar og Landgræðslu ríkisins á málinu. Ef enginn þessara aðila telur þörf á sérstakri athugun eða aðgerðum, er ekki skylt að hafast frekar að í málinu.

### Um 20. gr.

Greinin fjallar um það, hvernig með skuli fara, ef ítölu eða sérstakra aðgerða hefur verið krafizt og Landgræðslan, gróðurverndarnefnd eða viðkomandi hrepps-

nefnd telja þess þörf. Boða skal til fundar alla hlutaðeigandi bændur þ. e. einn fyrir hvert lögbýli. Ef um stór fjölbyggð svæði er að ræða, sem ná yfir fleiri en eina fjallskiladeild, er heimilt að hafa það fulltrúafund — þó því aðeins að slíkt hafi verið samþykkt í hverri deild fyrir sig. Tilgangur með slíkum fundum er að kynna málið og kanna vilja bændanna um það, hvaða aðgerðir þeir telja æskilegastar, að fengnum upplýsingum og ráðleggingum frá gróðurverndarnefnd og Landgræðslu ríkisins. Samþykktir slíkra funda eru bindandi. Þó má vísa málinu til landgræðslustjóra, ef felldar eru tillögur um ítölu eða aðrar aðgerðir til bættrar meðferðar á viðkomandi beitilöndum.

Ályktun um ítölu skal senda sýslunefnd (sýslumanni) og beitir sýslumaður sér fyrir gerð ítölu.

Um 21. gr.

Greinin fjallar um skipun ítölunefndar og er hún óbreytt frá gildandi lögum. Sýslumanni er falið að sjá um framkvæmdina.

Um 22. gr.

Greinin er efnislega eins og 20. gr. gildandi laga og þarfnast ekki frekari skýringar.

Um 23. gr.

Greinin er eins og 21. gr. gildandi laga.

Um 24. gr.

Greinin samsvarar 22. gr. gildandi laga. Hér er um það fjallað, hvernig skipta skuli beitarrétti í sameiginleg beitilönd á milli einstakra jarða innan ítölusvæðisins. Fylgt er sömu meginreglu og gert er með gildandi lögum, en hún er sú, að réttur hvers lögbýlis til beitar í sameiginlegu löndin sé í beinu hlutfalli við beitarþol heimalands býlisins. Sé beitarþol heimalandanna ekki þekkt yfir allt ítölusvæðið, en svo er enn ekki nema í fáum tilfellum, er heimilt að leggja til grundvallar landverð jarðanna eftir fasteignamati að frádregnum verðmætum hlunninda, og að frádregnu verðmæti þess af ræktuðu landi, sem ætla má, að notað verði til heyöflunar fyrir þann bústofn, sem er á jörðinni. Í gildandi lögum er heimilt að miða við elzta fasteignamat jarðanna. Hér er ætlazt til, að hver jörð fái eftir því sem næst verður komizt hlutdeild í sameiginlegum beitilöndum í beinu hlutfalli við raunverulegt beitarþol þess af heimalandi jarðarinnar, sem raunverulega er notað til beitar. Hagabætur og notkun ræktaðs beitilands eiga þar með að koma mönnum til góða og auka rétt þeirra.

Önnur atriði greinarinnar eru efnislega óbreytt frá gildandi lögum og þarfnast ekki skýringar.

Um 25. gr.

Greinin er efnislega samsvarandi 23. gr. gildandi laga.

Um 26. gr.

Greinin er samhljóða 25. gr. gildandi laga.

Um 27. gr.

Greinin samsvarar 26. gr. gildandi laga og er óbreytt.

Um 28. gr.

Greinin er nýmæli. Kæra má meint brot á ítölu til sýslumanns. Tekin eru upp sektarákvæði. Sektir skulu renna til fjallskilasjóðs. Sekt er miðuð við 1/10 af meðallambsverði miðað við hverja fjallskilaeiningu, en tvöfaldast við hvert ítrekað brot.

Um 29. gr.

Greinin samsvarar 27. gr. Breyting er sú, að nú er skylt að taka ítölu til endurmats á fjögurra ára fresti, ef ¼ hluti bænda krefst þess, eða ef landgræðslustjóri, gróðurverndarnefnd eða stjórn fjallskiladeildar telur þess þörf. Í gildandi lögum eru þessi ákvæði veikari og reiknað með, að 5 ár líði á milli endurskoðunar.

Um 30. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

4.—5. gr. frv. þarfnast ekki skýringa.

## Nd. 406. Frumvarp til laga [213. mál]

um breyting á lögum um framsal sakamanna til Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, nr. 7 14. mars 1962.

(Lagt fyrir Alþingi á 96. löggjafarþingi, 1974—1975).

1. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Jafnan skal setja eftirgreind skilyrði fyrir framsali:

1. Að hinn framseldi maður verði ekki án samþykkis dómsmálaráðuneytisins, sbr. 17. gr., framseldur áfram til neins annars ríkis fyrir refsiverðan verknað, framinn fyrir framsalið.
2. Að hinn framseldi maður verði ekki saksóttur né látinn taka út refsingu fyrir neinn þann verknað, sem framinn er fyrir framsalið og hann hefur fyrir dómi hér á landi annað hvort verið sakfelldur fyrir eða sýknaður af og dómur hefur þegar gengið um hér á landi, annað hvort til sakfellingar eða sýknu.
3. Að hinn framseldi maður verði ekki án samþykkis dómsmálaráðuneytisins, sbr. 17. gr., saksóttur né látinn taka út refsingu fyrir neinn þann verknað, sem framinn er fyrir framsalið og rannsókn málsins hefur ekki leitt til ákæru á hendur honum hér á landi.
4. Að hinn framseldi maður, sé hann íslenskur ríkisborgari, verði ekki saksóttur né látinn taka út refsingu fyrir nokkurn annan verknað, framinn fyrir framsalið, en þann, sem hann er framseldur fyrir, nema svo standi á, sem hér segir:
   a) að fyrir liggi samþykki dómsmálaráðuneytisins, sbr. 17. gr., eða
   b) að hinn framseldi maður hafi sjálfur samþykkt það á dómþingi, eða
   c) að hinn framseldi maður hafi ekki horfið úr landi því, sem hann var framseldur til, enda þótt hann hafi átt þess kost í einn mánuð hið skemmsta að fara þaðan óhindraður, eða
   d) að hann hafi horfið aftur til lands þess, sem hann var framseldur til, eftir að hann hafði farið úr landi.
5. Að hann framseldi maður verði ekki saksóttur né látinn taka út refsingu fyrir stjórnmálaafbrot, sem framið er fyrir framsalið, og hann er ekki framseldur fyrir, nema að fullnægðum skilyrðum þeim, sem talin eru undir 4. a)—d), og því aðeins að hinn framseldi maður sé ekki íslenskur ríkisborgari.

Ávallt er heimilt að setja fleiri skilyrði fyrir framsali, eftir því sem ástæða þykir til.

2. gr.

8. gr. laganna fellur niður.

3. gr.

Við 11. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Hafi úrskurðar verið krafist, skal framsal ekki fara fram fyrr en endanlegur dómsúrskurður hefur verið kveðinn upp.

4. gr.

16. gr. 1. mgr. orðist svo:

Nú er í einhverju þeirra ríkja, sem í 1. gr. getur, lýst eftir manni, sökuðum um afbrot, sem orðið gæti grundvöllur framsals eftir lögum þessum, og má þá beita hann þvingunaraðgerðum laga um meðferð opinberra mála með sama hætti og væri hann sakaður um samsvarandi afbrot hér á landi. Sömu aðgerðum má beita, ef viðkomandi yfirvöld tilkynna, að þau muni krefjast framsals fyrir slíkt afbrot.

5. gr.

17. gr. orðist svo:

Samþykki samkvæmt 7. gr. verður því aðeins veitt, að framsal fyrir verknaðinn hefði getað farið fram til viðkomandi lands. Ákvæði 11. og 13. gr. gilda einnig um veitingu slíks samþykkis eftir því sem við á.

Tilmælum um veitingu samþykkis skv. 7. gr. skal fylgja greinargerð um tegund brotsins, hvar og hvenær það var framið og hvaða refsiákvæði muni koma til greina. Einnig skulu fylgja fullnægjandi gögn um það, að viðkomandi manni hafi verið kunngerður réttur hans samkvæmt 11. og 13. gr. eftir því sem við á, og um, hvort hann hafi æskt að notfæra sér þann rétt.

6. gr.

Dómsmálaráðherra ákveður, hvenær lög þessi koma til framkvæmda gagnvart hverju einstöku ríki, sem talið er í 1. gr. laga nr. 7/1962.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lögin um framsal sakamanna til Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar eru að stofni til samnorræn lög. Nú hefur orðið samkomulag um að gera nokkrar breytingar á þessum lögum á Norðurlöndunum til þess að einfalda meðferð framsalsmála, einkum í því skyni að heimila, að hinn framseldi verði látinn svara til saka fyrir eldri afbrot í því landi, sem hann er framseldur til, en eftir núgildandi reglum er það aðalregla, að leyfi þarf frá dómsmálaráðuneyti þess lands, sem maður er framseldur frá, til þess að slík saksókn geti átt sér stað.

Breytingartillögur þessar eru árangur af viðræðum milli Norðurlandanna og eru byggðar á reynslu af framkvæmd framsalslaganna.

Til frekari skýringar á breytingu þeirri, sem í frumvarpi þessu felst, þykir rétt að taka hér upp 7. gr. laganna, eins og hún hljóðar nú:

„7. gr.

Jafnan skal setja eftirgreind skilyrði fyrir framsali:

1. Að hinn framseldi maður verði ekki saksóttur né látinn taka út refsingu fyrir nokkurn annan verknað, framinn fyrir framsalið en þann, sem hann er framseldur fyrir, nema svo standi á sem hér segir:
   a) að fyrir liggi samþykki dómsmálaráðuneytisins samkvæmt 17. gr., eða
   b) að hinn framseldi maður hafi sjálfur samþykkt það á dómþingi, eða
   c) að hinn framseldi maður hafi ekki horfið úr landi því, sem hann var framseldur til, enda þótt hann hafi átt þess kost í einn mánuð hið skemmsta að fara þaðan óhindraður, eða
   d) að hann hafi horfið aftur til lands þess, sem hann var framseldur til, eftir að hann hafði farið úr landi.

2. Að hinn framseldi maður verði ekki, án samþykkis dómsmálaráðuneytisins, framseldur áfram til neins annars ríkis fyrir refsiverðan verknað, framinn fyrir framsalið.

Ávallt er heimilt að setja fleiri skilyrði fyrir framsali, eftir því sem ástæða þykir til.“

1. gr. frumvarps þessa kemur þá í stað núgildandi 7. gr.

Breytingar á öðrum greinum eru að mestu leyti afleiðing af þeirri meginbreytingu, sem felst í 1 gr. frumvarpsins, en þó er í 3. gr. bætt nýrri málsgrein við 11. gr. laganna, sem takmarkar framsal í þeim tilvikum, þegar dómsúrskurðar hefur verið krafist, þannig að framsalið getur ekki farið fram fyrr en endanlegur dómsúrskurður liggur fyrir. Í 4. gr. er aukið við ákvæði í 1. málsgr. 16. gr. laganna þess efnis, að heimilt er að beita sömu aðgerðum í þeim tilvikum, þegar aðeins liggur fyrir yfirlýsing um, að yfirvöld muni krefjast framsals, en formleg framsalskrafa á hendur viðkomandi liggur ekki fyrir.

Gildistökuákvæði frv. er samsvarandi gildistökuákvæði laga nr. 7/1962.

## Sþ. 407. Fyrirspurnir. [214. mál]

I. Til menntamálaráðherra um innheimtu afnotagjalda sjónvarps og hljóðvarps.

Frá Helga F. Seljan.

1. Er það rétt, að innheimtudeild Ríkisútvarpsins innheimti sameiginlega gjald af sjónvarpi og hljóðvarpi, án tillits til þess, hvort viðkomandi á hljóðvarpstæki eða ekki?
2. Ef svo er, hvaðan kemur stofnuninni heimild til svo sérstæðrar innheimtu?
3. Mun ráðherra hafa afskipti af þessu máli og þá hver?

II. Til menntamálaráðherra um flutning sjónvarps á leikhúsverkum.

Frá Karvel Pálmasyni.

1. Hvers vegna hefur sjónvarpið aðeins flutt fáein þeirra leikrita, sem sýnd hafa verið í helstu leikhúsum landsins?
2. Er það viljaleysi sjónvarpsins eða leikhúsanna, sem veldur því, að íbúum landsbyggðarinnar er ekki á þennan hátt gefinn kostur á að njóta þeirra leikrita, sem sýnd eru í höfuðborginni?
3. Er menntamálaráðherra reiðubúinn til að beita sér fyrir því, að sjónvarpið taki flest verk helstu leikhúsa landsins til sýninga?
4. Hvers vegna er ekki hér sjónvarpað beint frá leiksýningum eins og víða tíðkast erlendis?

III. Til viðskiptaráðherra um eftirstöðvar olíustyrks.

Frá Gunnlaugi Finnssyni.

1. Hve há upphæð er enn ógreidd af söluskattsstigi því, sem verja skyldi til niðurgreiðslu á olíu vegna hitunar íbúðarhúsnæðis fyrir tímabilið 1. mars 1974 til 28. febr. 1975 samkv. lögum nr. 5 28. febr. 1974 og lögum nr. 47 frá 14. maí 1974?

2. Hvernig verður eftirstöðvunum skipt milli aðila, sem notuðu olíu til hitunar íbúða sinna, og rafveitna, sem notuðu olíu til framleiðslu á raforku til húshitunar?

## Sþ. 408. Tillaga til þingsályktunar [215. mál]

um hafnaáætlun fyrir árin 1975—1978.

(Lögð fyrir Alþingi á 96. löggjafarþingi, 1974—75.)

Alþingi ályktar samkvæmt 10. gr. hafnalaga, nr. 45 24. apríl 1973, að árin 1975—1978 skuli framkvæmdum í hafnamálum hagað samkvæmt eftirfarandi hafnaáætlun:

**Yfirlit yfir framkvæmdir í höfnum og áætlaðan kostnað við þær 1975—1978.**

(Verðlag í árslok 1974.)

| FRAMKVÆMDIR | 1975 Millj. kr. | 1976 Millj. kr. | 1977—'78 Millj. kr. |
|---|---|---|---|
| **1. AKRANES:** | | | |
| Ferjulægi | 36,0 | | |
| Lenging um 50 m og styrking aðal-hafnargarðs með grjóti, 80 000 m³ | | 40,0 | 40,0 |
| Dýpkanir (5 000 m³) | | | 8,0 |
| Endurnýjun og breikkun sementsverksmiðjubryggju m. stálþili báðum megin 280 m | | | 90,0 |
| Samtals | 36,0 | 40,0 | 138,0 |
| **2. BORGARNES:** | | | |
| Steypt þekja 250 m² | 1,0 | | |
| Endurbyggður hafnarkantur m. stálþili 80 m | | | 36,0 |
| Samtals | 1,0 | | 36,0 |
| **3. ARNARSTAPI:** | | | |
| Sett niður tvö ker og gengið frá þeim | 15,0 | 11,0 | |
| Samtals | 15,0 | 11,0 | |
| **4. HELLNAR:** | | | |
| Sprengja og fjarlægja klöpp við hafnargarð — 2000 m³ og endurbæta landgang | | 1,5 | |
| Löndunarkrani | | 1,0 | |
| Lagnir | | | 2,0 |
| Samtals | | 2,5 | 2,0 |
| **5. ÓLAFSVÍK:** | | | |
| Dýpkun með dælingu 35 000 m³ | 14,0 | | |
| Gengið frá stálþili 125 m. Steypt þekja milli þils og bryggju | 17,0 | | |
| Hafnarvog | 5,0 | | |
| Grjótgarður 80 000 m³ og rofið skarð í núverandi garð | | | 60,0 |
| Stálþil innan nýju hafnar 125 m | | | 55,0 |
| Dýpkun 35 000 m³ | | | 15,0 |
| Samtals | 36,0 | | 130,0 |

| FRAMKVÆMDIR | 1975 Millj. kr. | 1976 Millj. kr. | 1977—'78 Millj. kr. |
|---|---|---|---|
| **6. GRUNDARFJÖRÐUR:** | | | |
| Lenging Norðurgarðs um 40 m | 40,0 | | |
| Breikkun og lenging bryggju 500 m² | | 30,0 | |
| Grjótgarður 80 000 m³ | | | 60,0 |
| Viðlegubryggja | | | 24,0 |
| Samtals | 40,0 | 30,0 | 84,0 |
| **7. STYKKISHÓLMUR:** | | | |
| Staurabryggja í Stykkinu 280 m² | 19,0 | | |
| Endurbætur á dráttarbraut | 5,0 | | |
| Bílavog | | 5,0 | |
| Hækkun og lenging um 10 m hallandi bryggju | | | 6,0 |
| Viðgerðarbryggja við dráttarbraut | | | 30,0 |
| Samtals | 24,0 | 5,0 | 36,0 |
| **8. HAUKABERGSVAÐALL:** | | | |
| Viðlegu- og löndunarbryggja fyrir trillur | | 5,0 | |
| Samtals | | 5,0 | |
| **9. PATREKSFJÖRÐUR:** | | | |
| Þekja á hafskipabryggju | 9,8 | | |
| Styrking granda 4 000 m³ | | 5,0 | |
| Stálþilsbrúsi | | | 10,0 |
| Létt viðlegubryggja 420 m² | | | 15,0 |
| Dýpkun við viðlegubryggju 20 000 m³ | | | 10,0 |
| Löndunarkrani | | | 1,0 |
| Samtals | 9,8 | 5,0 | 36,0 |
| **10. TÁLKNAFJÖRÐUR:** | | | |
| Lenging hafnarbakka m. stálþili um 35 m | | | 32,0 |
| Samtals | | | 32,0 |
| **11. BÍLDUDALUR:** | | | |
| Lenging stálþils og dýpkun | 7,0 | | |
| Léttur staurabryggjukantur 6 × 70 m² | | | 13,0 |
| Dýpkun 18 000 m³ með dælingu | | | 6,0 |
| Samtals | 7,0 | | 19,0 |
| **12. ÞINGEYRI:** | | | |
| Lenging aðalhafnargarðs um 40 m með stálþili og gamli bryggjuhaus rifinn | 10,0 | 30,0 | |
| Steypt þekja á landgang (1 200 m²) og gert við þekju á hafnargarði 1 500 m² | | | 6,5 |
| Samtals | 10,0 | 30,0 | 6,5 |
| **13. FLATEYRI:** | | | |
| Steypt þekja 1200 m² | 3,9 | | |
| Rekið niður stálþil með þekju 60 m | 15,0 | 7,0 | |
| Endurbygging á steyptum kanti | | 2,5 | |
| Grjótgarður 30 000 m³ | | | 21,0 |
| Léttur viðlegukantur 6 × 60 fyrir trillur | | | 10,0 |
| Dýpkun og uppfylling með dæluskipi 40 000 m³ | | | 16,0 |
| Stálbrúsi | | | 10,0 |
| Samtals | 18,9 | 9,5 | 57,0 |

| FRAMKVÆMDIR | 1975 Millj. kr. | 1976 Millj. kr. | 1977—'78 Millj. kr. |
|---|---|---|---|
| **14. SÚGANDAFJÖRÐUR:** | | | |
| Frágangur á „brjót“ | 2,7 | | |
| Hafnarvog | | 5,0 | |
| Dýpkun innsiglingar og smábátahafnar með dælingu 50 000 m³ | | | 20,0 |
| Létt viðlegubryggja 50×6 m² | | | 7,0 |
| Samtals | 2,7 | 5,0 | 27,0 |
| **15. BOLUNGARVÍK:** | | | |
| Dýpkun við „brjót“ | 6,7 | | |
| Lenging viðlegubryggju um 20 m | 5,0 | | |
| Dýpkun innsiglingar og innan við brjót með grafskipi 7 000 m³ | | 13,3 | |
| Létt viðlegubryggja fyrir trillur | | | 20,0 |
| Dýpkun við bryggjur með dælingu 20 000 m³ | | | 8,0 |
| Samtals | 11,7 | 13,3 | 28,0 |
| **16. ÍSAFJÖRÐUR:** | | | |
| Niðurrekstur og frágangur á stálþili 60 m | 12,0 | 6,0 | |
| Stálþil 100 m | | | 45,0 |
| Flotbryggja | | | 6,0 |
| Samtals | 12,0 | 6,0 | 51,0 |
| **17. SÚÐAVÍK:** | | | |
| Steypt þekja á hafnargarð o.fl | | 5,0 | |
| Löndunarkantur 50 m staurabryggja | | 24,0 | |
| Dýpkun með grafskipi 5000 m³ | | 10,0 | |
| Samtals | | 39,0 | |
| **18. NORÐURFJÖRÐUR, DJÚPAVÍK OG GJÖGUR:** | | | |
| Hafnarbætur | | | 40,0 |
| Samtals | | | 40,0 |
| **19. DRANGSNES:** | | | |
| Efri hluti Drangsnesbryggju endurbættur | | | 2,0 |
| Samtals | | | 2,0 |
| **20. HÓLMAVÍK:** | | | |
| Dýpkun með grafskipi 5000 m³ | | 4,5 | |
| Steypt þekja 400 m² | | 2,0 | |
| Grjótvörn bætt | | 2,0 | |
| Létt viðlegubryggja 350 m² | | | 8,0 |
| Samtals | | 8,5 | 8,0 |
| **21. HVAMMSTANGI:** | | | |
| Varnargarður úr grjóti 18 000 m³ | 12,0 | 6,0 | |
| Dýpkun með dælingu | | | 4,0 |
| Lenging hafnargarðs með keri 12×20 | | | 28,0 |
| Samtals | 12,0 | 6,0 | 32,0 |
| **22. BLÖNDUÓS:** | | | |
| Gert við steypuskemmdir á innsta kafla garðs | | 2,0 | |
| Lenging með kerjum 2 stk. 12 m ker | | | 30,0 |
| Viðlegubryggja fyrir smábáta 7×30 m² | | | 7,0 |
| Samtals | | 2,0 | 37,0 |

| FRAMKVÆMDIR | 1975 Millj. kr. | 1976 Millj. kr. | 1977—'78 Millj. kr. |
|---|---|---|---|
| **23. SKAGASTRÖND:** | | | |
| Stálþil 160 m | 25,0 | 35,0 | |
| Dýpkun með grafskipi 15 000 m³ | | 25,0 | |
| Grjótvörn 10 000 m³ | | | 10,0 |
| Stálþil 65 m | | | 30,0 |
| Samtals | 25,0 | 60,0 | 40,0 |
| **24. SAUÐÁRKRÓKUR:** | | | |
| Sett niður stálþil 268 m | 40,0 | 10,0 | |
| Dýpkun með dælingu 50 000 m³ | | 20,0 | |
| Lenging sandgildru um 50 m | | | 8,0 |
| Léttur viðlegukantur 60 m | | | 9,0 |
| Samtals | 40,0 | 30,0 | 17,0 |
| **25. HOFSÓS:** | | | |
| Rekinn niður stálþilshaus | 12,0 | | |
| Dýpkun með dælingu 15 000 m³ | | 6,0 | |
| Grjótvörn 5000 m³ | | | 6,0 |
| Endurbyggð þekja á kerjagarði 1000 m² | | | 4,0 |
| Samtals | 12,0 | 6,0 | 10,0 |
| **26. SIGLUFJÖRÐUR:** | | | |
| Fyrirstöðuþil ásamt frágangi vesturkants | 15,0 | 10,0 | |
| Dýpkun 25 000 m³ með dælingu | 7,5 | | |
| Lokið framkvæmdum við öldubrjót | | 7,5 | |
| Smábátahöfn | | | 15,0 |
| Samtals | 22,5 | 17,5 | 15,0 |
| **27. ÓLAFSFJÖRÐUR:** | | | |
| Frágangur vegna stálþils, þekja og lagnir | 16,0 | | |
| Ganga frá hafnarmynni innri hafnar | | | 10,0 |
| Varnir gegn sandburði | | | 10,0 |
| Samtals | 16,0 | | 20,0 |
| **28. DALVÍK:** | | | |
| Dýpkun með grafskipi 10 000 m³ | 12,0 | | |
| Grjótgarður með léttum viðlegukanti 50 m | | 20,0 | |
| Lenging Norðurgarðs um 40 m með stálþili | | | 30,0 |
| Breikkun Norðurgarðs með stálþili 100 m | | | 40,0 |
| Dýpkun með grafskipi 10 000 m³ | | | 12,0 |
| Samtals | 12,0 | 20,0 | 82,0 |
| **29. HRÍSEY:** | | | |
| Dýpkun með dælingu 15 000 m³ | 5,0 | | |
| Viðgerð á grjótgarði 3000 m³ | | 4,0 | |
| Létt viðlegubryggja 350 m² | | 10,0 | |
| Þekja og skjólveggur 400 m² | | 1,5 | |
| Samtals | 5,0 | 15,5 | |
| **30. ÁRSKÓGSSANDUR:** | | | |
| Dýpkun við bryggju 1000 m³ | | 3,0 | |
| Samtals | | 3,0 | |
| **31. HAUGANES:** | | | |
| Grjótvörn | 2,0 | | |
| Dýpkun 1000 m³ | 2,0 | | |
| Samtals | 4,0 | | |

| FRAMKVÆMDIR | 1975 Millj. kr. | 1976 Millj. kr. | 1977—'78 Millj. kr. |
|---|---|---|---|
| **32. HJALTEYRI:** | | | |
| Smábátahöfn | | | 20,0 |
| Samtals | | | 20,0 |
| **33. AKUREYRI:** | | | |
| Lokafrágangur 1. áfanga vöruhafnar 120 m | 60,0 | | |
| Færsla og lenging grjótgarðs í bátahöfn 5000 m³ | | 6,0 | |
| Stálþil innan á grjótgarði 140 m | | 47,0 | |
| Bílavog | | 5,0 | |
| Framlenging dráttarbrautar um 24 m | | 10,0 | |
| 2. áfangi vöruhafnar 60 m stálþil | | | 27,0 |
| Löndunarkantur við frystihús 60 m | | | 27,0 |
| Samtals | 60,0 | 68,0 | 54,0 |
| **34. SVALBARÐSEYRI:** | | | |
| Endurbygging landgangs bryggju | | | 5,0 |
| Samtals | | | 5,0 |
| **35. GRENIVÍK:** | | | |
| Grjótvörn utan á hafnargarð og lenging garðs 15 000 m³ | | | 15,0 |
| Samtals | | | 15,0 |
| **36. GRÍMSEY:** | | | |
| Frágangur o. fl. | | 4,0 | |
| Dýpkun | | | 6,0 |
| Samtals | | 4,0 | 6,0 |
| **37. HÚSAVÍK:** | | | |
| Frágangur þvergarðs, þekja o. fl. | 10,0 | | |
| Grjótvörn á norðurgarð og breikkun 130 m | | 20,0 | 20,0 |
| Lenging norðurgarðs um 30 m | | | 30,0 |
| Dýpkun 20 000 m³ | | | 40.0 |
| Smábátahöfn | | | 25,0 |
| Samta s | 10,0 | 20,0 | 115.0 |
| **38. KÓPASKER:** | | | |
| Dýpkun með grafskipi 10 000 m³ | | | 10,0 |
| Samtals | | | 10,0 |
| **39. LEIRHÖFN:** | | | |
| Löndunarbryggja fyrir trillur | | 5,0 | |
| Samtals | | 5,0 | |
| **40. RAUFARHÖFN:** | | | |
| Byrjunarframkvæmd við löndunarkant | 6,6 | | |
| Löndunarkantur við frystihús 50 m | | 18,4 | |
| Smábátahöfn | | | 25,0 |
| Samtals | 6,6 | 18,4 | 25,0 |
| **41. ÞÓRSHÖFN:** | | | |
| Dýpkun með grafskipi 6000 m³ | | | 12,0 |
| Trébryggjukantur 7×40 m² | | | 15,0 |
| Löndunarkantur v ð frystihús 45 m | | | 20,0 |
| Samtals | | | 47,0 |
| **42. BAKKAFJÖRÐUR:** | | | |
| Löguð niðurkeyrsla að hafnarbakka | | 2,0 | |
| Samtals | | 2 0 | |

| FRAMKVÆMDIR | 1975 Millj. kr. | 1976 Millj. kr. | 1977—'78 Millj. kr. |
|---|---|---|---|
| **43. VOPNAFJÖRÐUR:** | | | |
| Innri höfn (þarfnast nánari athugunar) | | 50,0 | |
| Samtals | | 50,0 | |
| **44. BORGARFJÖRÐUR EYSTRI:** | | | |
| Frágangur á keri og efri hluti garðs endurbyggður | 32,0 | | |
| Höfn við Hafnarhólma (fyrri hluti) | | | 60,0 |
| Samtals | 32,0 | | 60,0 |
| **45. SEYÐISFJÖRÐUR:** | | | |
| Löndunarkantur við fiskiðju 50 m | | 20,0 | |
| Varnargarður I í Fjarðará 3 500 m³ | | 2,0 | |
| Varnargarður II gegn sandburði | | 2,0 | — |
| Smábátahöfn | | | 5,0 |
| Samtals | | 24,0 | 5,0 |
| **46. NESKAUPSTAÐUR:** | | | |
| Þekja, lagnir og frágangur stálþilsbakka | 6,6 | | |
| Framkvæmdir í innri höfn | | 29,4 | |
| Samtals | 6,6 | 29,4 | |
| **47. ESKIFJÖRÐUR:** | | | |
| Dýpkun í innri höfn 20 000 m³ með dælingu | | | 8,0 |
| Stálþil í innri höfn 80 m (í innri höfn eða við frystihúsið) | | | 36,0 |
| Samtals | | | 44 0 |
| **48. REYÐARFJÖRÐUR:** | | | |
| Stálþil (efni á staðnum) rekið niður og gengið frá, 118 m | 24,0 | 14,0 | |
| Dýpkun við þil — með dælingu — 25 000 m³ | | 10,0 | |
| Samtals | 24,0 | 24,0 | |
| **49. FÁSKRÚÐSFJÖRÐUR:** | | | |
| Uppsetning dráttarbrautar (150 t) | 30,0 | | |
| Smábátahöfn | | | 20,0 |
| Samtals | 30,0 | | 20,0 |
| **50. STÖÐVARFJÖRÐUR:** | | | |
| Viðgerð og breikkun hafnargarðs með grjótvörn og þekju | 14,0 | | |
| Lenging hafnargarðs með 2×12 m kerjum | | | 25,0 |
| Samtals | 14,0 | | 25,0 |
| **51. BREIÐDALSVÍK:** | | | |
| Grjótgarður og fylling 20 000 m³ | 20,0 | | |
| Stálþil með þekju o. fl. 80 m | | 36,0 | |
| Samtals | 20,0 | 36,0 | |
| **52. DJÚPIVOGUR:** | | | |
| Steypt þekja og lagnir við stálþil 80 m | 7,5 | | |
| Fjarlægð sker í innsiglingu 1000 m³ | | 5,0 | |
| Grjótgarður úr Fiskimannatanga 33 000 m³ | | | 33,0 |
| Samtals | 7,5 | 5,0 | 33,0 |

| FRAMKVÆMDIR | 1975 Millj. kr. | 1976 Millj. kr. | 1977—'78 Millj. kr. |
|---|---|---|---|
| **53. HORNAFJÖRÐUR:** | | | |
| Dýpkun við löndunarbryggju og í innsiglingu með dælingu 30 000 m³ | 10,0 | | |
| Þekja og lagnir við stálþil | 19,0 | | |
| Samtals | 29,0 | | |
| **54. VESTMANNAEYJAR:** | | | |
| Ýmsar viðgerðir og frágangur | 20,0 | | |
| Skipalyfta | | 50,0 | 50,0 |
| Viðgerðakantur við skipalyftu 50 m | | 23,0 | |
| Ferjuaðstaða | | | 25,0 |
| Vöruhafnarkantur 100 m | | | 45,0 |
| Samtals | 20,0 | 73,0 | 120,0 |
| **55. STOKKSEYRI:** | | | |
| Hækkun og breikkun bryggju | 15,0 | | |
| Samtals | 15,0 | | |
| **56. EYRARBAKKI:** | | | |
| Stálþil (efni til) 82 m | 16,0 | 9,0 | |
| Samtals | 16,0 | 9,0 | |
| **57. HAFNIR Í HÖFNUM:** | | | |
| Lagnir, dýpkun 1500 m³ o. fl. | 10,3 | | |
| Samtals | 10,3 | | |
| **58. SANDGERÐI:** | | | |
| Stálþilsgarður | 70,0 | | |
| Dýpkun innan hafnar 15 000 m³ | 12,0 | | |
| Dýpkun innan hafnar 20 000 m³ | | 20,0 | |
| Dýpkun í innsiglingu 20 000 m³ | | | 20,0 |
| Samtals | 82,0 | 20,0 | 20,0 |
| **59. GERÐAR:** | | | |
| Grjótvörn 3 500 m³ | | 3,5 | |
| Dýpkun með sprengingum 2000 m³ | | | 8,0 |
| Samtals | | 3,5 | 8,0 |
| **60. VOGAR:** | | | |
| Verklok | 2,0 | | |
| Grjótgarður 15 000 m³ | | | 15,0 |
| Samtals | 2,0 | | 15,0 |
| **61. HAFNARFJÖRÐUR:** | | | |
| Stálþilsgarður í suðurhöfn | 45,0 | 15,0 | |
| Dýpkun við stálþilsgarð með dælingu 55 000 m³ | 20,0 | | |
| Hafnarvog | | 5,0 | |
| Styrking og endurbygging norðurgarðs 10 00 m³ | | | 10,0 |
| Norðurgarður lengdur um 60 m 13 000 m³ | | | 13,0 |
| Stálbrúsi | | | 10,0 |
| Styrking suðurgarðs með grjóti 10 000 m³ | | | 10,0 |
| Stálþilsbakki í norðurhöfn 140 m | | | 70,0 |
| Samtals | 65,0 | 20,0 | 113,0 |
| Óráðstafað | | 100,0 | |
| **Framkvæmdir alls** | 822,6 | 881,1 | 1745,5 |

## Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Í des. s. l. var dreift á Alþingi fjögurra ára áætlun um hafnargerðir fyrir árin 1975—1978. Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1975 voru gerðar nokkrar breytingar á fjárveitingum, sem fyrst og fremst stefndu að því að flýta framkvæmdum. Frá áætluninni, eins og hún var lögð fram, verða því eftirtaldar breytingar:

1. **Akranes.** Framkvæmdir hækka úr 35.0 millj. kr. í 36.0 millj. kr.
2. **Bíldudalur.** Inn kemur ný framkvæmd, lenging stálþils og dýpkun, 7.0 millj. kr. Framkvæmdir 1977—1978 lækka á móti um jafnháa upphæð, sem fæst þannig að léttur staurabryggjukantur verður 70 $m^2$ í stað 100 $m^2$ og kostnaður lækkar við það úr 18.0 í 13.0 millj. kr., en auk þess verður dýpkun 18 þús. $m^3$ í stað 20 þús. $m^3$, sem hefur í för með sér kostnaðarlækkun úr 8.0 í 6.0 millj. kr.
3. Framlag til bryggju í Selárdal 1976 er fellt niður, en í staðinn tekið jafnhátt framlag til þekjusteypu á hafnargarð o. fl. í Súðavík.
4. **Bolungarvík.** Dýpkun við brjót", 6.7 millj. kr., kemur inn á framkvæmdir 1975, en dýpkun 1976 lækkar um jafnháa upphæð.
5. **Hvammstangi.** Gert er ráð fyrir, að framkvæmdir við varnargarð úr grjóti verði á árunum 1975 og 1976, 12.0 millj. kr. fyrra árið og 6.0 millj. kr. síðara árið, í stað þess að vera allar 1976.
6. **Hauganes.** Framkvæmdum er flýtt um eitt ár, en jafnframt lækkaðar um 500 þús. kr.
7. **Raufarhöfn.** Framkvæmdum við löndunarkant er flýtt, þannig, að framkvæmdir verða á þessu ári fyrir 6.6 millj. kr. og fyrir 18.4 millj. kr. á næsta ári.
8. **Neskaupstaður.** Framkvæmdir við þekjulagnir og frágang stálþilsbakka verða fyrir 6.6 millj. kr. á þessu ári í stað 11.0 millj. kr. á næsta ári. Löndunarkantur við frystihús sem var áætlað að kostaði 25.0 millj. kr. og yrði gerður á næsta ári, fellur nú niður, en í staðinn koma framkvæmdir í innri höfn fyrir 29.4 millj. kr.
9. **Stokkseyri.** Framkvæmdir við hækkun og breikkun bryggju, 15.0 millj. kr., eru færðar fram frá 1976 til þessa árs.
10. **Hafnir í Höfnum.** Framkvæmdir á þessu ári hækka úr 5.0 millj. kr. í 10.3 millj. kr.

Með þessum breytingum er áætlað að framkvæmdir 1975 nemi 822.6 millj. kr., sem er hækkun um 64.2 millj. kr. frá upphaflegri áætlun. Jafnframt lækka framkvæmdir 1976 um 51.4 millj. kr. og 1977—78 um 7.0 millj. kr. Þar sem framkvæmdafjárhæðir í ár verða þannig nær jafnháar og 1976, hefur framkvæmdatalan fyrir síðara árið verið hækkuð um 100.0 millj. kr. og er hækkuninni bætt við framkvæmdatöluna 1976 sem óráðstöfuðu fé. Slík viðbótarfjárhæð var hins vegar ekki sett fyrir árin 1977—78, enda á að endurskoða áætlunina fyrir þau ár haustið 1976.

Að öðru leyti vísast til fyrrgreindrar 4 ára áætlunar um hafnargerðir 1975—1978 sem fskj. með þál. þessari.

Sþ. **409. Skýrsla**

samgönguráðherra um framkvæmd vegáætlunar 1974.

### Um bráðabirgðavegáætlun fyrir árið 1974.

Tillaga til þingsályktunar um vegáætlun fyrir árin 1974—77, sem lögð var fram á Alþingi í byrjun apríl á s. l. ári, náði eigi fram að ganga áður en þing var rofið hinn 9. maí. Þar sem eigi þótti fært að fresta vegaframkvæmdum þar til sumarþing hefði samþykkt vegáætlunina var ákveðið hinn 22. maí, að fyrir árið 1974 skyldu vegaframkvæmdir unnar eftir bráðabirgðavegáætlun. Var sú áætlun í samræmi við þingsályktunartillögu um vegáætlun fyrir árið 1974, með þeirri breytingu, að áformuð hækkun markaðra tekjustofna vegasjóðs, sem samkvæmt fjáröflunarfrumvarpi til vegagerðar átti að taka gildi 1. maí, tæki gildi 1. september, en téð frumvarp náði eigi fram að ganga á þinginu. Var áætlað, að þessi frestun á hækkun markaðra tekjustofna lækkaði tekjur vegasjóðs um 203.5 m.kr. á árinu 1974 frá því, sem áætlað var í þingsályktunartillögunni um vegáætlun fyrir það ár.

Í þessari bráðabirgðavegáætlun voru ekki teknar með neinar fjárveitingar, sem teknar höfðu verið upp í tillögu að vegáætlun vegna fyrirhugaðra breytinga á vegalögum, þar sem frumvarp þar að lútandi náði eigi fram að ganga á þinginu. Þá voru og felldar niður úr upphaflegu tillögunni fjárveitingar, sem miðaðar voru við hækkanir umfram beinar verðhækkanir, eins og til breytingar á snjómoksturs-reglum, aukið framlag til girðinga o. fl.

### I. Tekjur vegasjóðs árið 1974.

(Upphæðir í millj. kr.)

| | | | |
|---|---|---|---|
| **1.1.** | **Fastir liðir:** | | |
| 1. | Innflutningsgjald | 1 121 | |
| 2. | Þungaskattur | 311 | |
| 3. | Gúmmígjald | 105 | 1 537 |
| | Endurgr. innfl.gjald | 18 | |
| | Endurgr. þungaskattur | 15 | 33 |
| | | | 1 504 |
| 4. | Ríkisframlag | | 362 |
| | | | 1 866 |
| **1.2.** | **Sérstök fjáröflun:** | | |
| 1. | Skeiðarársandur | 400 | |
| 2. | Hraðbrautir | 100 | |
| 3. | Kópavogur | 80 | |
| 4. | Djúpvegur | 80 | |
| 5. | Norður- og Austurvegur | | |
| 6. | Aðrar framkvæmdir | 500 | 1 160 |
| | | | 3 026 |
| | Halli í lok árs 1974 | 418.4 | |
| | Fjárveiting til gr. halla 1974 | ÷60.0 | |
| | Markaðar tekjur umfr. áætl. | ÷29.8 | |
| | Aukafjárv. til greiðslu halla | 328.6 | 328.6 |
| | | | 3 354.6 |

Í bráðabirgðavegáætluninni voru breytingar á einstökum flokkum framkvæmda frá tillögu að vegáætlun fyrir árið 1974 það litlar, að þær voru í aðalatriðum í samræmi við þær tillögur um frestun framkvæmda á árinu 1974, sem ræddar voru við þingmenn einstakra kjördæma við undirbúning að afgreiðslu vegáætlunar á Alþingi áður en þing var rofið.

## II. Skipting útgjalda.

| | | 1974 | |
|---|---|---|---|
| **2.1.** | **Stjórn og undirbúningur:** | | |
| 1. | Skrifstofukostnaður | 54.0 | |
| 2. | Verkfræðilegur undirbún. | 51.3 | |
| 3. | Umferðatalning | 7.7 | |
| 4. | Eftirlaunagreiðslur | 8.2 | 121.2 |
| **2.2.** | **Viðhald þjóðvega:** | | |
| 1. | Sumarviðhald | 649.0 | |
| 2. | Vetrarviðhald | 67.4 | |
| 3. | Vegmerkingar | 9.6 | 726.0 |
| **2.3.** | **Til nýrra þjóðvega:** | | |
| 1. | Hraðbrautir | 516.3 | |
| 2. | Þjóðbrautir | 129.2 | |
| 3. | Landsbrautir | 163.3 | |
| 4. | Girðingar og uppgræðsla | 28.3 | |
| 5. | Sérstakar áætlanir: | | |
| | 1. Skeiðarársandur | 400.0 | |
| | 2. Norður- og Austurvegur | 0.0 | |
| | 3. Austurlandsáætlun | 107.0 | |
| | 4. Norðurlandsáætlun | 175.6 | |
| | 5. Djúpvegur | 105.3 | |
| | 6. Þingvallavegur | 81.0 | 1 706.0 |
| **2.4.** | **Til fjallvega o. fl.:** | | |
| 1. | Aðalfjallvegir | 4.7 | |
| 2. | Aðrir fjallvegir | 6.9 | |
| 3. | Reiðvegir | 0.5 | 12.1 |
| **2.5.** | **Til brúagerða:** | | |
| 1. | Brýr 10 m og lengri | 90.8 | |
| 2. | Smábrýr | 20.6 | 111.4 |
| **2.6.** | **Til sýsluvega:** | | 38.0 |
| **2.7.** | **Til vega í kaupst. og kauptúnum:** | | 183.7 |
| **2.8.** | **Til véla- og áhaldakaupa:** | | |
| 1. | Til véla- og verkfærakaupa | 18.0 | |
| 2. | Til byggingar áhaldahúsa | 10.6 | 28.6 |
| **2.9.** | **Til tilrauna í vegagerð** | | 9.2 |
| **2.10.** | **Halli á vegáætlun:** | | |
| 1. | Í lok árs 1973 | 267.0 | |
| 2. | Halli á árinu 1974 | 151.4 | 418.4 |
| | | | 3 354.6 |

## Sundurliðun skv. bráðabirgðaáætlun.

## 2.3. TIL NÝRRA ÞJÓÐVEGA.

### *1. Til hraðbrauta.*

| | | 1974 m.kr. |
|---|---|---|
| 1 | **Suðurlandsvegur:** | |
| | 1.—3. Hrunamannavegur — Selfoss | 80.9 |
| | 4. Reykjavík — Selfoss | 13.3 |
| 41 | **Reykjanesbraut:** | |
| | 3. Um Miðnesheiði | 7.6 |
| 43 | **Grindavíkurvegur:** | |
| | 1. Frá Reykjanesbraut til Grindavíkur | 15.4 |
| 45 | **Garðskagavegur:** | |
| | 2. Keflavík — Garður | 1.0 |
| 40 | **Hafnarfjarðarvegur:** | |
| | 0. Kópavogur — | 80.0 |
| | 1. Kópavogur — Engidalur | 33.3 |
| 1 | **Vesturlandsvegur:** | |
| | 1. Reykjavík — Kollafjörður | 17.1 |
| | 2. Um Kollafjarðarkleifar | 14.4 |
| | 7. Um Brynjudals- og Botnsvog | 73.8 |
| | 8. Yfir Borgarfjörð | 72.7 |
| 60 | **Vestfjarðavegur:** | |
| | 1. Ísafjörður — Hnífsdalur | 9.5 |
| 1 | **Norðurlandsvegur:** | |
| | 1. Um Lónsbrú | 20.7 |
| | 2. Norðan Glerárhverfis | 20.7 |
| | 3. Frágangur á áfanga NV1 | 2.0 |
| 92 | **Norðfjarðarvegur:** | |
| | 1. Um Egilsstaði | 7.6 |
| | **Verkfræðilegur undirbúningur** | 19.0 |
| | Skuldir frá fyrra ári vegna samningsbundinna verka | 27.3 |
| | Alls | 516.3 |

### 2. Til þjóðbrauta.

| | | m.kr. |
|---|---|---|
| 1 | **Suðurlandsvegur:** | |
| | 201—14 Vík — Dyrhólavegur | 0.9 |
| | 201—16 Sýslumörk — Raufarfellsvegur | 4.4 |
| | 201—18 Sandhólmavegur — Dímonarvegur | 1.0 |
| | 201—20 Landeyjavegur — Hvolsvöllur | 2.0 |
| 31 | **Skálholtsvegur:** | |
| | 331—01 Hrunamannavegur — Hvítá | 0.4 |
| 34 | **Eyrarbakkavegur:** | |
| | 334—03 Gaulverjabæjarvegur — Eyrarbakki | 2.6 |
| 35 | **Biskupstungnabraut:** | |
| | 335—02 Þingvallavegur—Búrfellsvegur | 1.0 |

| | | m.kr. |
|---|---|---|
| 36 | **Þingvallavegur:** | |
| | 436—01 Sýslumörk—Seljabrekka | 5.8 |
| 1 | **Vesturlandsvegur:** | |
| | 501—14 Fornihvammur—sýslumörk | 4.5 |
| 54 | **Ólafsvíkurvegur:** | |
| | 554—02 Vesturlandsvegur—Álftaneshreppsv. | 1.5 |
| | 554—04 Hítará—Heydalsvegur | 3.0 |
| 57 | **Snæfellsnesvegur:** | |
| | 557—08 Stykkishólmsv.—Helgafellssveitarv. | 2.0 |
| 574 | **Útnesvegur:** | |
| | 574—07 Hellissandur—Ólafsvík | 6.2 |
| 60 | **Vestfjarðavegur:** | |
| | 560—03 Gröf—Snæfellsnesvegur | 2.5 |
| 60 | **Vestfjarðavegur:** | |
| | 660—03 Tröllatunguheiði—Reykhólasveitarv. | 7.0 |
| | 660—21 Svalvogavegur—Ketilseyri | 5.0 |
| | 660—24 Ingjaldssandsvegur—Valþjófsdalsv. | 2.9 |
| | 660—28 Djúpvegur—Ísafjörður, þéttbýlismörk | 1.1 |
| | 660—32 Hnífsdalur þéttbýlismörk—Bolungavík þéttbýlismörk | 4.0 |
| 62 | **Barðastrandarvegur:** | |
| | 662—02 Brjánslækur—Kross | 9.5 |
| 68 | **Hólmavíkurvegur:** | |
| | 668—01 Norðurlandsvegur—Borðeyri | 2.5 |
| 75 | **Sauðárkróksbraut:** | |
| | 775—01 Norðurlandsvegur—Reynistaður | 6.5 |
| 82 | **Ólafsfjarðarvegur:** | |
| | 782—02 Knappsstaðir—Siglufjarðarvegur | 9.0 |
| 1 | **Norðurlandsvegur:** | |
| | 801—12 Aðaldalsvegur—Brún | 10.0 |
| 80 | **Ólafsfjarðarvegur** | |
| | 882—06 Rípill—Ólafsfjörður. | 0,5 |
| 85 | **Norðausturvegur:** | |
| | 885—16 Flugvöllur—Leirhöfn | 10.8 |
| | 885—24 Axarfjarðarheiðarv.—Syðra-Áland | 1.9 |
| 1 | **Austurlandsvegur:** | |
| | 901—11 Skóghlíð—Tunguvegur | 0.4 |
| | 901—14 Egilsstaðir—Upphéraðsvegur | 1.6 |
| 85 | **Norðausturvegur:** | |
| | 985—04 Hafnarvegur—Hundsvatnslækur | 4.3 |
| 96 | **Suðurfjarðavegur:** | |
| | 996—10 Stöðvarfjörður—Kambanesvegur | 7,5 |
| 917 | **Hliðarvegur:** | |
| | 917—02 Hallgeirsstaðir—Eyjavegur | 6.9 |
| | **Samtals** | 129.2 |

## 3. Til landsbrauta.

| | | m.kr. |
|---|---|---|
| 1 | **Suðurlandsvegur:** | |
| | 201—12 Hjörleifshöfði—Vík | 4.5 |
| 25 | **Þykkvabæjarvegur:** | |
| | 225—02 Hrafntóftir—Þykkvibær | 0.6 |
| 204 | **Meðallandsvegur:** | |
| | 204—02 Fossar—Syðri-Fljótar | 2.2 |
| 251 | **Hólmabæjavegur:** | |
| | 251—01 Suðurlandsvegur—Landeyjavegur | 0.4 |
| 282 | **Ásmundarstaðavegur:** | |
| | 282—01 Suðurlandsvegur—Ásvegur | 0.9 |
| 33 | **Gaulverjabæjarvegur:** | |
| | 333—04 Stokkseyri—Eyrarbakkavegur | 1.4 |
| 38 | **Þorlákshafnarvegur:** | |
| | 338—03 Krísuvíkurvegur—Þorlákshöfn | 11.6 |
| 340 | **Auðsholtsvegur:** | |
| | 340—01 Hrunamannavegur—Auðsholt | 0.9 |
| 341 | **Langholtsvegur:** | |
| | 341—01 Hrunamannavegur—Auðsholtsvegur | 2.0 |
| 44 | **Hafnavegur:** | |
| | 444—01 Reykjanesbraut—Hafnir | 0.5 |
| 48 | **Kjósarskarðsvegur:** | |
| | 448—01 Vesturlandsvegur—Meðalfellsvegur | 3.0 |
| | 448—02 Meðalfellsvegur—sýslumörk | 1.1 |
| 410 | **Elliðavatnsvegur:** | |
| | 410—01 Suðurlandsvegur—Reykjanesbraut | 0.5 |
| 50 | **Borgarfjarðarbraut:** | |
| | 550—01 Vesturlandsvegur—Hagavegur | 7.0 |
| | 550—05 Hvítá—Vesturlandsvegur | 2.2 |
| 55 | **Heydalsvegur:** | |
| | 555—01 Ólafsvíkurvegur—Ölviskross | 3.2 |
| 57 | **Snæfellsnesvegur:** | |
| | 557—06 Narfeyri—Stykkishólmsvegur | 2.0 |
| 528 | **Norðurárdalsvegur:** | |
| | 528—01 Vesturlandsvegur—Skarðsh. | 4.1 |
| 528 | **Hálsabæjavegur nyrðri:** | |
| | 528—01 Snæfellsnesv.—Bær (Um Hamraendagil) | 4.5 |
| 590 | **Klofningsvegur:** | |
| | 590—04 Efribyggðarvegur—Ballará | 9.4 |
| 61 | **Djúpvegur:** | |
| | 661—19 Arnardalur—flugvöllur | 6.0 |

| | | m.kr. |
|---|---|---|
| 63 | **Bíldudalsvegur:** | |
| | 663—04 Ketildalavegur—Foss | 2.5 |
| 64 | **Flateyrarvegur:** | |
| | 664—01 Vestfjarðavegur—Flateyri, þéttbýlismörk | 2.3 |
| 65 | **Súgandafjarðarvegur** | |
| | 665—04 Suðureyri—Staðardalur | 1.9 |
| 625 | **Valþjófsdalsvegur** | |
| | 625—02 Flugvöllur—Kirkjuból | 1.2 |
| 635 | **Snæfjallastrandarvegur** | |
| | 635—01 Djúpvegur—Hallsstaðir | 1.0 |
| 72 | **Hvammstangavegur:** | |
| | 772—01 Norðurlandsvegur—Hvammstangi | 2.5 |
| 74 | **Skagastrandarvegur:** | |
| | 774—01 Norðurlandsvegur—Þverárfjallsvegur | 10.4 |
| | 774—02 Þverárfjallsvegur—Skagavegur | 1.1 |
| 711 | Vatnsnesvegur: | |
| | 711—02 Skarð—Bergsstaðir | 1.8 |
| 722 | **Vatnsdalsvegur:** | |
| | 722—01 Norðurlandsvegur—Grímstunguvegur | 6.2 |
| 731 | **Svínvetningabraut:** | |
| | 731—02 Reykjabraut—Auðkúluvegur | 3.9 |
| 745 | **Skagavegur:** | |
| | 745—01 Skagastrandarvegur—Hlíð | 3.6 |
| 802 | **Ólafsfjarðarvegur eystri:** | |
| | 802—02 Ólafsfjörður—Ólafsfjarðarvegur | 0.4 |
| 809 | **Hauganesvegur:** | |
| | 809—01 Ólafsfjarðarvegur—Hauganes | 0.9 |
| 814 | **Staðarbakkavegur:** | |
| | 814—01 Hörgárdalsvegur—Staðarbakki | 3.7 |
| 815 | **Hörgárdalsvegur:** | |
| | 815—01 Norðurlandsvegur—Ólafsfjarðarvegur | 0.7 |
| 821 | **Eyjafjarðarbraut vestri:** | |
| | 821—01 Norðurlandsvegur—Finnastaðavegur | 0.9 |
| 829 | **Eyjafjarðarbraut eystri:** | |
| | 829—01 Norðurlandsvegur—Munkaþverá | 0.9 |
| 832 | **Vaðlaheiðarvegur:** | |
| | 832—03 Illugastaðavegur—Norðurlandsvegur | 0.4 |
| 833 | **Illugastaðavegur:** | |
| | 833—02 Vaðlaheiðarvegur—Illugastaðir | 1.1 |
| 836 | **Vaglaskógarvegur:** | |
| | 836—01 Vaðlaheiðarvegur—Lundur II | 0.6 |

| | | m.kr. |
|---|---|---|
| 843 | **Lundarbrekkuvegur:** | |
| | 843—01 Bárðardalsvegur eystri—Víðiker | 2.0 |
| 844 | **Bárðardalsvegur eystri:** | |
| | 844—01 Norðurlandsvegur—Arnarstaðir | 10.0 |
| 849 | **Baldurheimsvegur:** | |
| | 849—01 Mývatnssveitarvegur—Litla-Strönd | 0.7 |
| 851 | **Út-Kinnarvegur:** | |
| | 851—01 Norðausturvegur—Nípá | 0.4 |
| 855 | **Fagranesvegur:** | |
| | 855—01 Staðarbraut—Fagranes | 0.6 |
| 866 | **Austursandsvegur:** | |
| | 866—01 Norðausturvegur—Skógavegur | 0.5 |
| 1 | **Austurlandsvegur:** | |
| | 901—37 Hafnarvegur—flugvöllur | 11.8 |
| | 901—42 Kálfafellsstaður—Reynivellir | 5.5 |
| 85 | **Norðausturvegur:** | |
| | 985—13 Bæjaröxl—Hölkná | 4.0 |
| 923 | **Jökuldalsvegur:** | |
| | 923—01 Austurlandsvegur—Hákonarstaðir | 2.8 |
| 937 | **Skriðdalsvegur:** | |
| | 937—02 Geirólfsstaðir—Austurlandsvegur | 1.0 |
| 939 | **Axarvegur:** | |
| | 939—01 Austurlandsvegur—Ódáðavatnsvegur | 0.6 |
| 944 | **Lagarfossvegur:** | |
| | 944—01 Borgarfjarðarvegur—Tunguvegur: | |
| | 1. Borgarfjarðarvegur—Brú | 0.5 |
| | 2. Brú—Tunguvegur | 3.2 |
| 953 | **Mjóafjarðarvegur:** | |
| | 953—01 Norðfjarðarvegur—Há-heiði | 0.4 |
| 954 | **Helgustaðavegur:** | |
| | 954—02 Mjóeyri—Stóra-Breiðavík | 2.5 |
| 962 | **Norðurdalsvegur í Breiðdal:** | |
| | 962—01 Austurlandsvegur—vegamót við Norðurdalsá | 0.8 |
| | Samtals | 163.3 |

## 6.3. Austurlandsáætlun 1974.

| | | m.kr. |
|---|---|---|
| 1 | **Austurlandsvegur:** | |
| | 901—01 Sýslumörk—Víðidalur | 3.5 |
| | 901—29 Melrakkanes—Hof: | |
| | 1. Geithellar—Hærukollsnes | 8.7 |
| | 2. Geithellnaárbrú | 34.4 |
| 92 | **Norðfjarðarvegur:** | |
| | 992—02 Seyðisfjarðarvegur—Mjóafjarðarvegur | 16.0 |
| | 992—10 Gangamunni E.—Kirkjuból | 15.0 |
| 93 | **Seyðisfjarðarvegur:** | |
| | 993—03 Sýslumörk—kaupstaður | 6.0 |
| 96 | **Suðurfjarðavegur:** | |
| | 996—02 Eyri—Hafranes | 13.0 |
| | 996—08 Vík—Stöðvarfjörður | 10.4 |
| | Samtals | 107.0 |

## 6.4. Norðurlandsáætlun 1974.

| | | |
|---|---|---|
| 68 | **Hólmavíkurvegur:** | |
| | 668—10 Hvalsá—Tröllatunguheiði | 13.6 |
| 1 | **Norðurlandsvegur:** | |
| | 701—02 Brautarholt—Sveðjustaðir | 18.0 |
| | 701—10 Skagastrandarv.—Hvammur | 14.0 |
| | 701—14 Sauðárkróksbraut—Miklibær | 15.0 |
| 75 | **Sauðárkróksbraut:** | |
| | 775—05 Sauðárkrókur—Siglufjarðarv. | 8.0 |
| 76 | **Siglufjarðarvegur:** | |
| | 776—08 Reykjarhóll—Ólafsfjarðarv. | 20.0 |
| 1 | **Norðurlandsvegur:** | |
| | 801—01 Grjótá—Öxnadalsá | 15.0 |
| | 801—08 Vaðlaheiðarv.—Grenivíkurv. | 15.0 |
| | 801—10 Fnjóskadalsv. e.—Norðausturv. | 10.0 |
| 82 | **Ólafsfjarðarvegur:** | |
| | 882—01 Norðurlandsv.—Hjalteyrarv. | 25.0 |
| 85 | **Norðausturvegur:** | |
| | 885—01 Norðurlandsvegur—Hólsgerði | 9.0 |
| | 885—10 Lón—Vestursandsvegur | 5.0 |
| | 885—25 Syðra-Áland—Hafralónsá | 8.0 |
| | Samtals | 175.6 |

## 6.5. Djúpvegur 1974.

| | | |
|---|---|---|
| 61 | **Djúpvegur:** | |
| | 661—12, 13 og 14 Borg—Eyri | 25.3 |

## 6.6. Þingvallavegur 1974.

| | | |
|---|---|---|
| 36 | **Þingvallavegur** | 81.0 |

## 2.5. TIL BRÚAGERÐA

### 2.5.1. Brýr 10 m og lengri.

| Nr. í vegáætl. | Heiti | Vegur nr. | Fjárv. m.kr. |
|---|---|---|---|
| 10 | Tunguá í Skutulsfirði | 60 | 6.2 |
| 26 | Kornsá í Vatnsdal | 722 | 7.5 |
| 30 | Seljadalsá í Reykjadal | 1 | 3.3 |
| 31 | Lagarfljót hjá Fossi | 944 | 2.1 |
| 34 | Bergá í Nesjum | 1 | 9.9 |
| 35 | Kerlingardalsá | 1 | 17.3 |
| 37 | Kaldá í Hnappadal | 56 | 7.3 |
| 41 | Steinadalsá | 69 | 1.6 |
| 43 | Laxá hjá Syðra-Hóli | 74 | 6.9 |
| 45 | Reykjadalsá í Reykjadal | 1 | 7.5 |
| 48 | Kaldá í Jökulsárhlíð | 917 | 13.3 |
| 49 | Kaldakvísl á Fagradal | 92 | 6.0 |
| | Svarfaðardalsá hjá Kotum | sýsluv. | 1.9 |
| | | | 90.8 |
| | 2.5.2. Til smábrúa | | 20.6 |
| | 2.5. Til brúagerða | | 111.4 |

## I. Innheimta tekna.

Samkvæmt bráðabirgðayfirliti ríkisbókhaldsins voru innkomnar tekjur vegasjóðs 31. desember 1974 eins og hér segir:

| | Skv. bráðab. áætlun m.kr. | | Rauntekjur m.kr. | | Mismunur m.kr. |
|---|---|---|---|---|---|
| 1.1. Bensíngjald: | | | | | |
| Brúttótekjur | 1 085 | | 1 120 | | |
| Endurgreiðslur | 16 | 1 069 | 17 | 1 103 | +34 |
| 1.2. Þungaskattur: | | | | | |
| Brúttótekjur | 317 | | 311 | | |
| Endurgreiðslur | 2 | 315 | 15 | 296 | +19 |
| 1.3. Gúmmígjald | | 90 | | 105 | +15 |
| Samtals | | 1 474 | | 1 504 | 30 |

1.1. Tekjur af bensíngjaldi.

Brúttósala á bensíni var áætluð 102.5 m.ltr. í bráðabirgðaáætlun. Raunveruleg sala varð hins vegar 104.4 m.ltr. Þessi aukning stafar fyrst og fremst af gífurlegum innflutningi bifreiða á árinu, en skv. Hagtíðindum voru fluttar inn 10 300 bifreiðar á árinu.

Ef gert er ráð fyrir, að afskráðar verði um 3 000 bifreiðar yrði bifreiðaeign landsmanna um 70 500 bifreiðar í árslok 1974.

Brúttósala á bensíni undanfarin fimm tekjuár hefur verið eins og hér segir:

| | |
|---|---|
| 1970 | 69.7 m.ltr. |
| 1971 | 77.5 m.ltr. |
| 1972 | 84.9 m.tlr. |
| 1973 | 95.1 m.ltr. |
| 1974 | 104.4 m.ltr. |

1.2. Tekjur af þungaskatti.

Rauntekjur af þungaskatti urðu 19 m.kr. lægri en gert var ráð fyrir í bráðabirgðaáætluninni. Ástæðan er sú, að fyrirhuguð hækkun kom seinna til framkvæmda en fyrirhugað var.

1.3. Tekjur af gúmmígjaldi.

Tekjur af gúmmígjaldi námu alls um 105 m.kr. á árinu. Samkvæmt því hefur innflutningur á hjólbörðum, að meðtöldum hjólbörðum á innfluttum bifreiðum numið alls um 2 340 tonnum. Aukning frá árinu 1973 er um 17.4%, sem á að mestu rót sína að rekja til hins gífurlega innflutnings bifreiða á árinu.

Samsvarandi tölur fyrir innflutning hjólbarða s. l. 5 ár eru eins og hér segir:

| | | |
|---|---|---|
| 1970 | 1 200 | tonn |
| 1971 | 1 620 | tonn |
| 1972 | 1 808 | tonn |
| 1973 | 1 993 | tonn |
| 1974 | 2 340 | tonn |

## II. Skipting útgjalda.

### 2.1. STJÓRN OG UNDIRBÚNINGUR

#### 2.1.1. Skrifstofukostnaður.

Útgjöld á þessum lið voru áætluð 54.0 millj. kr. í bráðabirgðavegáætlun, en urðu 67.5 millj. kr. Auk almennra verðhækkana stafar þessi hækkun af tilfærslum milli launaflokka hjá ríkisstarfsmönnum, sem samið var um á miðju ári, með gildi frá ársbyrjun. Einnig var haldið áfram þeirri stefnu að flytja aðsetur umdæmisverkfræðinga út í umdæmin og koma þar á fót skrifstofum, sem annist alla bókhaldsþjónustu fyrir viðkomandi umdæmi. Eru þessar breytingar nú að mestu um garð gengnar. Ennfremur hefur allt bókhald Vegagerðar ríkisins verið tekið í tölvuvinnslu og er stefnt að því, að launaútreikningar sem víðast á landinu verði unnir í tölvu. Þessar breytingar hafa að sjálfsögðu nokkurn aukakostnað í för með sér meðan á þeim stendur, en verða í framtíðinni til mikils hagræðis, þar sem fljótari og gleggri upplýsingar munu fást um stöðu hinna einstöku verkþátta og um starfsemi Vegagerðarinnar almennt.

#### 2.1.2. Verkfræðilegur undirbúningur framkvæmda.

Fjárveiting var 50.3 millj. kr., en kostnaður á þessum lið varð nokkuð meiri. Mestur hluti þess sem varð umfram fjárveitingu var færður á einstök verk.

Unnið var að verkfræðilegum undirbúningi framkvæmda í öllum vegaflokkum með svipuðu sniði og á undanförnum árum.

Haldið var áfram að undirbúa flutning umdæmisverkfræðinga út á land og búsetu þeirra í umdæmum. Á árinu 1973 var opnuð umdæmisskrifstofa á Selfossi og vann þar einn tæknifræðingur, en haustið 1974 flutti umdæmisverkfræðingur þangað. Í Borgarnesi var opnuð umdæmisskrifstofa og vinnur þar einn tæknifræðingur, en ráðgert er að umdæmisverkfræðingur flytji þangað á árinu 1975.

Á undanförnum árum hafa vegaverkstjórar vegagerðarinnar verið kvaddir saman til tveggja daga fundar með umdæmisverkfræðingum þar sem ýmis tæknileg atriði við vegagerð og kostnaðareftirlit með framkvæmdum hefur verið rætt, en slíkum fundi, sem halda átti síðastliðið vor, var frestað til 1975.

#### 2.1.3. Umferðartalning og eftirlit.

Fjárveiting var 7.7 m.kr.

A. **Talning umferðar.**

Umferðartalningu var haldið áfram með líkum hætti og undanfarin ár.

Helstu niðurstöður eru þessar:

1. Áhrif hringvegarins.

   Aukning meðalsumarumferðar á Suðurlands- og Austurlandsvegi frá Hveragerði allt til Djúpavogs virðist vera um 120—130 bílar/dag. Má ætla, að þetta sé sú aukning umferðar, sem er bein afleiðing af opnun hringvegarins. Við vegamót Austurlands- og Suðurfjarðarvegar greinist þessi umferð og er erfitt að fylgja henni eftir það.

2. Breytingar á sumarumferð í einstökum landshlutum.

   Á Suðurlandi hefur umferð yfirleitt aukist talsvert frá s. l. ári. Á Suðurlandsvegi virðist aukningin aðallega vera vegna opnunar hringvegarins og er hlutfallslega mest austast. Á öðrum vegum er aukningin um 15%. Undantekning er Þrengslavegur og Þorlákshafnarvegur, en á þeim hefur umferð minnkað verulega frá síðasta ári.

   Á Reykjanesi hefir umferð einnig aukist lítillega frá síðasta ári. Á Vesturlandi hefir hún hins vegar víðast hvar minnkað frá fyrra ári, þótt á nokkrum stöðum sé um aukningu að ræða. Á Norðurlandi var umferðin í heild svipuð og árið áður, en á Austurlandi jókst hún um 50% frá 1973.

   Ef athuguð er umferð á þeim stöðum, sem talið var á allt árið, kemur í ljós, að ársumferðin hefur víðast hvar aukist. Virðist aukningin vera að meðaltali 4—5%.

   Á fylgiskjölum nr. 2.1.3. — 1—4 eru talningarstaðir sýndir ásamt umferðartölum á hverjum stað.

B. **Vegaeftirlit.**

Eftirlit með öxulþunga bifreiða var með líku sniði og undanfarin ár, nema hvað það var aukið til muna frá því sem áður var meðan frost var að fara úr jörðu. Unnu þá 4—5 flokkar að eftirliti, en 1—2 annan tíma ársins.

Auk þess að fylgjast með öxulþunga annaðist vegaeftirlitið einnig vigtun á malarflutningabifreiðum í vegagerð.

Vegaeftirlitinu var af fjármálaráðuneytinu falið að fylgjast með ökumælum dieselbifreiða, en það hafði sýnt sig, að misbrestur væri á að farið væri með þá í samræmi við settar reglur.

Ennfremur hefir vegaeftirlitið annast umferðartalningu um land allt, svo og merkingar vega sbr. 2.2.3.

### 2.1.4. Eftirlaunagreiðslur.

Eftirlaunagreiðslur til fyrrverandi vegaverkstjóra og ekkna þeirra, ásamt nokkurra fyrrverandi verkamanna, voru áætlaðar 8.2 millj. kr., en urðu 8.5 millj. kr. sökum vísitöluhækkunar. Alls nutu 20 fyrrverandi verkstjórar, 13 verkstjóraekkjur og 8 fyrrverandi verkamenn eftirlauna.

### 2.1.5. Áhrif verðhækkana.

Við gerð vegáætlunar 1972—1975 voru kostnaðaráætlanir fyrir árin 1974—1975 miðaðar við áætlaða vísitölu framkvæmdakostnaðar í mars 1973, en þá áttu seinustu umsamdar almennar kauphækkanir í samningum frá desember 1971 að vera komnar fram. Kostnaðarhækkanir urðu þó mun örari en gert hafði verið ráð fyrir í vegáætluninni, þannig að strax vorið 1973 voru verðhækkanir orðnar 29—36% hærri en gert hafði verið ráð fyrir að þær yrðu í mars það ár. Til að mæta þessu var þá gripið til þess ráðs að fresta framkvæmdum í vega- og brúagerð um 130 m.kr. eins og nánar var greint frá í skýrslu ráðherra fyrir árið 1973.

Þegar unnið var að endurskoðun vegáætlunar fyrir árin 1974—1977 vorið 1974 var miðað við áætlaða vísitölu í mars 1974, en þar voru teknar með almennar

kauphækkanir skv. nýjum kjarasamningum svo og áætlaðar hækkanir á vélatöxtum, sem þá voru ekki fullákveðnar. Eins og kunnugt er vannst ekki tími til að afgreiða vegáætlunina á Alþingi þá um vorið. Þess í stað var ákveðið að unnið skyldi eftir bráðabirgðaáætlun.

Frá því bráðabirgðaáætlunin var samin urðu nokkrar verðhækkanir eins og fram kemur í töflu hér að neðan. Þessum verðhækkunum tókst að mestu leyti að mæta í nýbyggingum vega þannig að ekki þurfti að grípa til enn frekari frestana en orðið hafði. Hins vegar varð óhjákvæmilega nokkur halli á nýbyggingum brúa.

| Framkvæmdavísitala: | Vegagerð | Viðhald | Brúagerð |
|---|---|---|---|
| 1. Vísitala vegáætl. | 1 096 | 1 142 | 1 651 |
| 2. Vísitala í mars 1974 | 2 036 | 2 188 | 3 354 |
| 3. Vísitala í ágúst 1974 | 2 094 | 2 339 | 3 502 |
| Hækkun 1—2 | 85.8% | 91.6% | 103.1% |
| Hækkun 1—3 | 91.1% | 104.8% | 112.1% |
| Hækkun 2—3 | 2.8% | 6.9% | 4.4% |

## 2.2. VIÐHALD ÞJÓÐVEGA

**Fjárveiting var 726.0 m.kr.**

### 2.2.1. Sumarviðhald.

Til þessa liðar telst allur kostnaður við viðhald á auðum vegum og fer mest af því fram að sumarlagi. Skiptist þessi liður í almennt viðhald, heflun, styrkingu vega, mölun og hörpun efnis, viðhald brúa og rykbindingu vega.

Eins og undanfarin ár var lögð mikil áhersla á, að sem minnst af viðhaldsfé færi í vorviðgerðir, en sem mest til viðhalds og endurbóta á vegum. Lítill klaki var í vegum síðastliðið vor, en samt bar þó nokkuð á vorskemmdum.

Reynt var eins og undanfarin ár að koma í veg fyrir vorskemmdir með því að hafa eftirlit með öxulþunga bifreiða og takmarka hann þar sem nauðsyn krafði.

Sett hefur verið upp tafla, sem sýnir þær öxulþungatakmarkanir sem settar voru síðastliðið vor. Brotnu strikin eru tákn fyrir 5 tonna hámarksöxulþunga, en heildregnu strikin 7 tonna.

**Yfirlit yfir þungatakmarkanir á vegum 1974.**



Eins og sést á töflunni eru takmarkanir mestar í Ísafjarðarsýslu og á Austurlandi, en engar takmarkanir voru settar í Reykjaneskjördæmi, Rangárvallasýslu og í V.-Skaftafellssýslu.

Vegagerðin á 4 mulningsvélasamstæður, sem mala efni í slitlag og jöfnunarlag vega. Á Suðurlandi og Vesturlandi er stór mulningsvélasamstæða, sem vinnur annað hvert ár á Reykjanesi og Suðurlandi, en hitt árið á Reykjanesi og Vesturlandi. Síðastliðið sumar vann vélin á Reykjanesi og Vesturlandi. Stór mulningsvélasamstæða er einnig á Norðurlandi. Á Vestfjörðum og Austurlandi eru minni mulningsvélar, sem eru hentugri til flutninga milli staða, en eru ekki jafn afkastamiklar og hinar. Þessar mulningsvélar hafa ekki nægt og hefur því verið samið við einkaaðila um mölun.

Á árinu var keypt hörpusamstæða til notkunar á Vesturlandi. Einnig eru hörpur á Vestfjörðum, Norðurlandi og Austurlandi. Þessar hörpur vinna efni í slitlag og jöfnunarlag.

**Yfirlit yfir vinnslu efnis.**

| Svæði | Mölun m³ | Hörpun m³ | Samtals m³ |
|---|---|---|---|
| Suðurland | 14 200 | | 14 200 |
| Reykjanes | 38 600 | | 38 600 |
| Vesturland | 68 500 | 78 700 | 147 200 |
| Vestfirðir | 10 400 | 56 300 | 66 700 |
| Norðurland | 106 100 | 65 300 | 171 400 |
| Austurland | 26 100 | 54 100 | 80 200 |
| Alls | 263 900 | 254 400 | 518 300 |

Meðalkostnaður á rúmmetra við mölun 322 kr/m³
Meðalkostnaður á rúmmetra við hörpun 174 kr/m³

Á árinu 1974 urðu víða verulegar skemmdir á vegum vegna vatnavaxta.

Í lok febrúar flæddi Hvítá í Borgarfirði yfir bakka sína, en olli ekki teljandi tjóni.

Um miðjan apríl urðu miklar skemmdir á vegum í Arnarfirði vegna vatnsflóða og skriðufalla.

Í lok október varð víða tjón í Borgarfirði af völdum flóða, meðal annars rauf Bjarnadalsá vegfyllingu á Vesturlandsvegi.

Í byrjun nóvember ollu vatnavextir nokkru tjóni á svæðinu frá Breiðamerkursandi að Djúpavogi.

Í lok ágúst urðu miklar vegaskemmdir á Austurlandi, aðallega á svæðinu frá Bakkafirði og suður á Berufjarðarströnd. Tjón nam um 5.0 m.kr. á þjóðvegum, en auk þess urðu skemmdir á sýsluvegum, er námu 2.3 m.kr.

### 2.2.2. Vetrarviðhald.

Óvenju snjólétt var frá byrjun febrúar til vors. Sem dæmi má nefna, að eftir 1. febrúar varð Öxnadalsheiði aldrei ófær og Holtavörðuheiði var mokuð í síðasta skipti 8. mars. Vegasamband komst á við Ísafjörð 2. maí. Frekar lítill snjómokstur var fram til nóvemberloka, en desember var mjög snjóþungur.

**Tafla 1 — Yfirlit yfir kostnað við vetrarviðhald 1967—1974.**

| Ár | Jan.—júní m.kr. | Okt.—des. m.kr. | Allt árið m.kr. | Vísitala viðhaldskostnaðar | Á verðl. 1974 | Hlutfallstala |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1967 | 17.8 | 10.2 | 28.0 | 571 | 114.5 | 102.1 |
| 1968 | 25.5 | 6.4 | 31.9 | 665 | 112.0 | 100.0 |
| 1969 | 18.3 | 13.4 | 31.7 | 812 | 91.3 | 81.3 |
| 1970 | 34.0 | 12.0 | 46.0 | 902 | 119.1 | 106.2 |
| 1971 | 34.0 | 18.7 | 52.7 | 1 046 | 117.5 | 105.0 |
| 1972 | 24.4 | 30.8 | 55.2 | 1 252 | 102.7 | 91.8 |
| 1973 | 59.0 | 40.1 | 99.1 | 1 550 | 148.7 | 132.8 |
| 1974 | 91.6 | 65.9 | 157.5 | 2 339 | 157.5 | 140.6 |

Í töflu 2 er sýnt yfirlit yfir heildarviðhaldskostnað þjóðvega, og í aftasta dálki töflunnar kemur fram, hve mikill hluti vetrarviðhaldið hefur verið af heildarviðhaldskostnaði.

**Tafla 2 — Yfirlit yfir viðhaldskostnað þjóðvega 1967—1974.**

| Ár | Fjárv. í vegaáætl. m.kr. | Gjaldf. kostn. m.kr. | Heildarkostn. m.kr. | Vetrarviðhald m.kr. | Vetrarviðhald sem hluti af heildarkost. % |
|---|---|---|---|---|---|
| 1967 | 134.0 | 155.8 | 154.4 | 28.0 | 18.1 |
| 1968 | 139.4 | 176.8 | 174.0 | 31.9 | 18.3 |
| 1969 | 175.0 | 182.2 | 178.6 | 33.0 | 18.5 |
| 1970 | 197.4 | 222.0 | 223.1 | 48.6 | 21.8 |
| 1971 | 250.0 | 260.9 | 263.9 | 52.8 | 10.0 |
| 1972 | 355.0 | 367.3 | 358.3 | 54.1 | 15.1 |
| 1973 | 375.0 | 421.8 | 430.3 | 99.1 | 23.0 |
| 1974 | 726.0 | 807.0 | 837.0 | 157.3 | 18.8 |
| Samtals | 2 351.8 | 2 593.8 | 2 619.6 | 504.8 | 19.3 |

**Skipting viðhaldskostnaðar.**

Á meðfylgjandi töflum er sýnt yfirlit um skiptingu viðhaldskostnaðar fyrir árin 1973 og 1974. Einnig er tilgreind lengd akfærra vega í hverju kjördæmi og kostnaður af viðhaldi vega á km.

**Viðhaldskostnaður þjóðvega árið 1973.**
(Upphæðir í millj. kr)

| Kjördæmi | Vetrarviðhald | Almennt viðhald | Vegheflun | Viðhald brúa | Vinnsla efnis | Rykbinding | Tjón af flóðum | Samtals | Lengd akfærra vega í km | Kostn. á km vegar í þús. kr. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Suðurlands- | 9.9 | 33.4 | 13.7 | 2.0 | 15.8 | 0.5 | 0.3 | 75.6 | 1 463 | 51.7 |
| Reykjanes- | 10.0 | 31.3 | 9.7 | 0.2 | 4.7 | 1.7 | | 57.6 | 353 | 163.2 |
| Vesturlands- | 10.9 | 34.3 | 12.9 | 1.5 | 8.8 | 0.6 | 0.4 | 69.4 | 1 350 | 51.4 |
| Vestfjarða- | 23.1 | 18.1 | 5.1 | 1.6 | 3.3 | 0.6 | 3.6 | 55.4 | 1 227 | 45.2 |
| Norðurl. vestra | 7.4 | 20.1 | 6.6 | 0.6 | 10.2 | 0.5 | 1.0 | 46.4 | 1 048 | 44.3 |
| Norðurl. eystra | 13.3 | 25.0 | 6.5 | 0.6 | 10.2 | 0.5 | 0.2 | 56.3 | 1 237 | 45.5 |
| Austurlands- | 24.5 | 22.2 | 8.9 | 1.9 | 9.2 | 0.5 | 2.4 | 69.6 | 1 426 | 48.8 |
| Samtals | 99.1 | 184.4 | 63.4 | 8.4 | 62.2 | 4.9 | 7.9 | 430.3 | 8 104 | 53.1 |

**Viðhaldskostnaður þjóðvega árið 1974.**
(Upphæðir í millj. kr)

| Kjördæmi | Vetrar-viðhald | Al-mennt viðhald | Veg-heflun | Viðhald brúa | Hörpun og mölun | Ryk-binding | Vatna-skemmdir | Samtals | Lengd akfærra vega í km | Kostn. á km vegar í þús. kr. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Suðurlands- ..... | 11.9 | 60.2 | 24.4 | 4.4 | 4.8 | 6.0 | 1.9 | 113.6 | 1 468 | 77.4 |
| Reykjanes- ..... | 16.0 | 76.7 | 13.9 | 0.6 | 14.8 | 3.0 | 1.2 | 126.2 | 376 | 335.6 |
| Vesturlands- ..... | 18.9 | 61.7 | 24.6 | 3.6 | 41.4 | 3.1 | 2.0 | 155.3 | 1 365 | 113.8 |
| Vestfjarða- ..... | 30.2 | 39.2 | 9.0 | 6.4 | 14.9 | 1.6 | 4.0 | 105.3 | 1 269 | 83.0 |
| Norðurl. vestra .. | 11.7 | 29.5 | 10.8 | 1.6 | 9.1 | 3.0 | 2.0 | 67.7 | 1 048 | 64.6 |
| Norðurl. eystra .. | 28.2 | 43.4 | 15.4 | 1.2 | 25.1 | 3.5 | 2.3 | 119.1 | 1 235 | 96.4 |
| Austurlands- .... | 40.4 | 42.1 | 22.2 | 6.4 | 20.8 | 2.2 | 15.7 | 149.8 | 1 450 | 103.3 |
| Samtals | 157.3 | 352.8 | 120.3 | 24.2 | 130.9 | 22.4 | 29.1 | 837.0 | 8 211 | 101.9 |

### 2.2.3. Vegmerkingar.

Á árinu var einkum unnið við uppsetningu og framleiðslu á nýjum leiðarmerkjum.

Búið er að steypa niður festingar við flest vegamót á landinu, sem merkt verða með nýju leiðarmerkjunum. Einnig er lokið uppsetningu merkjanna sjálfra á Suðurlandi, Suðvesturlandi og hluta af Dalasýslu.

Unnið var að undirbúningi að framleiðslu á nýrri gerð vegvísa.

Jafnframt var unnið að viðhaldi og lagfæringum á aðvörunarmerkjum á þjóðvegunum, einkum vegna þjóðhátíðahalds víða á landinu.

## 2.3. TIL NÝRRA ÞJÓÐVEGA

### 2.3.0. Lán til vegaframkvæmda.

*1. Föst lán til vegaframkvæmda.*

Samkvæmt heimild í fjárlögum og lögum nr. 48/1974 um happdrættislán til Djúpvegar og í samræmi við bráðabirgðavegáætlun var aflað fastra lána til nokkurra sérstakra framkvæmda, sem hér segir:

| | |
|---|---|
| 1. Skeiðarársandur ..... | 400.0 millj. kr. |
| 2. Hraðbrautir ..... | 100.0 — — |
| 3. Hafnarfjarðarvegur ..... | 80.0 — — |
| 4. Djúpvegur ..... | 80.0 — — |
| 5. Til annarra framkvæmda á vegáætlun ..... | 506.0 — — |
| Samtals | 1 166.0 millj. kr. |

Lán til framkvæmda á Skeiðarársandi er innkomið andvirði seldra happdrættisskuldabréfa á árinu, en á árunum 1972 og 1973 voru seld bréf fyrir samtals 330 millj. kr., og á fjárlögum þessa árs er heimild til sölu slíkra bréfa að fjárhæð 116 millj. kr., og á þannig að vera að fullu séð fyrir lánsfé til þessara framkvæmda.

Lán til hraðbrauta að upphæð 100 millj. kr. fór til framkvæmda á Vesturlandsvegi um Kollafjarðarkleifar, Brynjudals- og Botnsvog, og á Suðurlandsvegi í Flóa.

Lán til Hafnarfjarðarvegar að upphæð 80 millj. kr. fór til framkvæmda á Kópavogshálsi, en Hafnarfjarðarvegur gegnum Kópavog var gerður að þjóðvegi frá og með 1. janúar 1974.

Lán til Djúpvegar að upphæð 80 millj. kr. er innkomið andvirði seldra happdrættisskuldabréfa samkv. lögum nr. 48/1974, en framkvæmt var einungis fyrir 25 millj. kr. af þessu lánsfé, og eru því 55 millj. kr. til ráðstöfunar á árinu 1975.

Lán að upphæð 500 millj. kr. (sem var 506 millj. kr. að meðtöldum lántökukostnaði) var notað til að brúa það bil, sem var milli tekjuöflunar annars vegar, þ. e. markaðra tekna og ríkisframlags og áætlaðra framkvæmda samkvæmt bráðabirgðavegáætlun hins vegar.

Ríkissjóður sá nú sem fyrr um greiðslu vaxta og afborgana af öllum föstum lánum til vegagerðar og yfirtók auk þess í ársbyrjun öll föst lán, sem tekin höfðu verið til Hafnarfjarðarvegar gegnum Kópavog, þar eð sá vegur var þá gerður að þjóðvegi, eins og áður er sagt. Eftirfarandi tafla sýnir hreyfingar á lánum þessum á árinu:

**Lán yfirtekin af ríkissjóði.**
(Upphæðir í millj. kr.).

| | | |
|---|---|---|
| Skuldir í árslok 1973 | | 2 081.0 |
| Yfirtekin lán vegna Hafnarfj.vegar | | 166.7 |
| | | 2 247.7 |
| Ný lán á árinu | 1 166.0 | |
| Gengistap | 551.2 | 1 717.2 |
| | | 3 964.9 |
| Afborganir | 205.0 | |
| Greitt bráðabirgðalán | 174.5 | 379.5 |
| Skuldir í árslok samtals | | 3 585.4 |

Af ofangreindum lánum voru erlend lán miðað við gengi í árslok samtals 2 256.9 millj. kr. og hækkuðu á árinu um 551.1 millj. kr. vegna óhagstæðrar gengisþróunar. Innlend verðtryggð lán voru samtals 1 258.8 millj. kr. á nafnverði, þannig að meginhluti þessara lána er nú sem fyrr annað hvort háður gengi eða vísitölu byggingarkostnaðar.

Auk framangreindra lána tók ríkissjóður lán að upphæð 22.5 millj. kr. til vegaframkvæmda fyrir Þörungavinnsluna á Reykhólum.

Varðandi greiðslu vaxta af lánum þessum vísast til kafla 2.3.6. hér að aftan.

*2. Bráðabirgðalán til vegaframkvæmda.*

Á árinu voru tekin bráðabirgðalán að upphæð samtals 15.4 millj. kr. Þar af voru lán að upphæð 8.7 millj. kr. sem ekki var fjárveiting fyrir á vegáætlun. En í þeim tilvikum var um að ræða framkvæmdir, sem brýna nauðsyn bar til að ljúka og var haft um þetta fullt samráð við þingmenn viðkomandi kjördæma. Af lánsfé þessu voru 10.4 millj. kr. lánaðar af heimamönnum í viðkomandi héruðum, en 5 millj. kr. lánaði menntamálaráðuneytið af stofnfjárveitingarfé skóla til lagfæringar á veginum milli Vopnafjarðarkauptúns og Torfastaðaskóla og var engin fjárveiting fyrir því á vegáætlun. Auk þessa var engin fjárveiting á vegáætlun 1974 til greiðslu á samtals 12.1 millj. kr. af bráðabirgðalánum teknum 1973, og hefði þetta fé því átt að endurlánast til 1975, en þar sem þessi lán voru mjög þungur baggi á viðkomandi sveitarfélögum var endurgreiðsla þeirra heimiluð í desembermánuði s. l. sem umframgreiðsla úr ríkissjóði á því ári gegn fjárveitingu á vegáætlun 1975, Bráðabirgðalán í árslok voru því eigi nema 15.4 millj. kr., ef frá er talin þessi 12.1 millj. kr. umframgreiðsla úr ríkissjóði, og skiptust þau þannig:

| | Árslok 1973 þús. kr. | Árslok 1974 þús. kr. |
|---|---|---|
| 1. Til þjóðbrauta | 3 500 | 6 450 |
| 2. Til landsbrauta | 17 791 | 7 848 |
| 3. Til sýsluvega | 1 200 | 680 |
| Samtals | 22 491 | 14 978 |
| 4. Til viðhalds þjóðvega | 950 | 378 |
| Samtals | 23 441 | 15 356 |
| 5. Lán ríkissjóðs til endurgr. bráðabirgðalána frá 1973 | 0 | 12 093 |
| Samtals | 23 441 | 27 449 |

Í greinargerð um framkvæmdir á einstökum vegum hér á eftir er nánar greint frá þessum bráðabirgðalánum.

### 2.3.1. Til hraðbrauta.

1 **Suðurlandsvegur:**

1—3. Hrunamannavegur—Selfoss:

Fjárveiting var 80.9 m.kr. Vegurinn, sem er 14.0 km, var boðinn út og samningur gerður við lægstbjóðanda, Ístak h.f. og Sveinbjörn Runólfsson s.f., í júlí s. l. um að framkvæma verkið á tveimur árum, 1974 og 1975, og var upphæð samnings 170.0 m.kr. Vegurinn er með 6.5 m breiðri akbraut úr olíumöl og 1.0 m breiðum öxlum og er að mestu byggður ofan á gamla veginn. Lokið er lögn olíumalar á nær 2 km og undirbyggingu á öðrum 2 km. Einnig er lokið byggingu brúar á áveituskurð við Skeggjastaði, sem gerð var af Vegagerð ríkisins (sbr. kafla um brúagerðir) og langt komið byggingu brúar á Eystri-Mókeldu. Nokkrar breytingar frá útboði eru fyrirsjáanlegar, einkum er varðar brúagerðir á Mókeldur og kaflann milli þeirra.

4. Framkvæmdir á leiðinni Reykjavík—Selfoss:

Fjárveiting var 13.3 m.kr., og var ætlunin að verja henni til að ljúka frágangi vegsvæðis, kaupum á landi og færslu girðinga, einkum á áfanganum næst Reykjavík. Færslu girðinga og frágangi var lokið, en matsmálum vegna landakaupa þokaðist lítið, þótt staðið hafi yfir frá 1970. Óútkljáð eru einnig nokkur mál um námukostnað.

40 **Hafnarfjarðarvegur:**

1. Kópavogur — 2. Kópavogur—Engidalur:

Samkvæmt samkomulagi milli Samgönguráðuneytisins og Kópavogskaupstaðar varð Hafnarfjarðarvegur í Kópavogi þjóðvegur frá 1. jan. 1974, en hafði áður verið þjóðvegur í þéttbýli Kópavogs. Frá sama tíma yfirtók Vegagerð ríkisins gerð vegarins og verksamninga, sem gerðir höfðu verið við fyrirtækið Þórisós—Hlaðbæ.

Fjárveiting til vegarins var 80.0 m.kr. skv. sérstakri fjáröflun og 33.3 m.kr. skv. bráðabirgðaáætlun vegáætlunar 1974. Fjárveitingu var varið til endanlegs uppgjörs við Kópavogskaupstað, greiðslu hluta í undirgöngum undir rampa af Digranesvegi, hluta af stoðmúr með vesturkanti gjár, til hönnunar brúar á Álfhólsvegi og undirstöðu hennar, sprenginga, útgraftar og endurfyllingar í vesturbraut, lengingar austurbrautar til suðurs, gerðar rampa af Hafnarfjarðarvegi á Hábraut og rampa af Digranesvegi á Hafnarfjarðarveg, gatnamóta við bæjargötur Kópavogs, holræsa, lýsingar vegarins og fasteignakaupa. Auk þess var lagður vegur frá enda Karlabrautar í Garðahreppi yfir malargryfjur í Smárahvammi og fæst með því möguleiki til að beina umferð Hafnarfjarðarvegar þar í gegn, þegar umferðarslys

eða framkvæmdir við viðhald vegarins valda verulegum töfum umferðar á kaflann milli Fífuhvammsvegar í Kópavogi og Goðatúns í Garðahreppi, en í slíkum tilfellum þurfti áður að beina umferðinni upp í Breiðholt og Rjúpnahæð.

41 **Reykjanesbraut:**

3. Um Miðnesheiði:
Fjárveiting var 7.6 m.kr. og var varið til lokafrágangs axla og vegsvæðis.

43 **Grindavíkurvegur:**

Fjárveiting var 15.4 m.kr. Lokið var við frágang vegsvæðis og axla.

45 **Garðskagavegur:**

1. Um Garðinn:
Fjárveiting var 1.0 m.kr. Unnið var að lagfæringum á öxlum og fláum.

1 **Vesturlandsvegur:**

1. Reykjavík—Kollafjörður:
Fjárveiting var 17.1 m.kr., og var ætlunin að verja henni til að ljúka frágangi vegsvæðis, færslu girðinga og kaupa á landi og skaðabóta. Vegna manneklu tókst aðeins að ljúka litlum hluta frágangs og færslu girðinga og matsmálum þokaði nær ekkert, þótt staðið hafi yfir frá 1971.
2. Um Kollafjarðarkleifar:
Fjárveiting var 14.4 m.kr. Lokið var við framkvæmdir, sem hófust sumarið 1973, þar með lögn olíumalarslitlags á þann hluta, sem ekki tókst að ljúka við 1973.
7. Brynjudals- og Botnsvogur:
Fjárveiting var 73.8 m.kr. Unnið var að gerð nýs vegar frá Fossá að Múlanesi, um 3.0 km. Lokið var byggingu brúar á Brynjudalsá og gerð undirbyggingar og malarslitlags til bráðabirgða. Kaflinn var tekinn í notkun.
8. Yfir Borgarfjörð:
Fjárveiting var 72.7 m.kr. Framkvæmdum var frestað, en gerðar ýmsar undirbúningsrannsóknir sbr. kafla um verkfræðilegan undirbúning hér á eftir.

1 **Norðurlandsvegur:**

1. Um Lónsbrú — 2. Norðan Glerárhverfis:
Fjárveiting var 41.4 m.kr. Lokið var undirbyggingu og gerð malarslitlags á kaflanum frá mörkum þjóðvegar í þéttbýli á Akureyri að vegamótum Blómsturvallavegar, alls um 3.4 km ásamt byggingu brúar á Lónið.
3. Frágangur á áfanga NV1:
Fjárveiting var 2.0 m.kr. Lokið var við frágang, að sáningu undanskilinni, sem gerð verður n. k. sumar.

60 **Vestfjarðavegur:**

1. Ísafjörður—Hnífsdalur:
Fjárveiting var 9.5 m.kr., og ákveðið var að vinna til viðbótar fyrir 4.0 m.kr. Í samvinnu við sveitarfélög á norðanverðum Vestfjörðum var síðsumars hafin framleiðsla malbiks í malargryfjum við Skutulsfjörð og samið við Olíumöl h.f. um malbiksgerð. Lagt var malbik á 1400 m langan

kafla frá Ísafirði áleiðis til Hnífsdals, en hætta varð við frekari lögn vegna þess hve tíðarfar var óhagstætt, enda langt liðið hausts. Auk þess var lagfærð grjótvörn í fjöru og ræsaendar, sem aflagast höfðu vegna sjávargangs.

92 **Norðfjarðarvegur:**

1. Um Egilsstaði:
Fjárveiting var 7.6 m.kr. Keypt var blönduð olíumöl af Egilsstaðakauptúni og hún lögð á um 0.7 km gegnum kauptúnið.

**Verkfræðilegur undirbúningur:**

Fjárveiting var 19.0 m.kr. Eftirfarandi er það helsta, sem gert var á árinu:

34 **Eyrarbakkavegur:**

Haldið var áfram mælingum og athugunum á kaflanum frá Selfossi að Eyrarbakka.

38 **Þorlákshafnarvegur:**

Gerð var lokaáætlun um nýjan veg frá vegamótum við Þrengslaveg til Þorlákshafnar.

36 **Þingvallavegur:**

Gerð var lokaáætlun um breytingu veglínu við Bugðu, Köldukvísl og Suðurá.

40 **Hafnarfjarðarvegur:**

Tekið var við hönnun vegarins um Kópavog af ráðunautum Kópavogsbæjar. Hefur hönnunin verið endurskoðuð og fram haldið suður fyrir Kópavogslæk og að nokkru suður fyrir Arnarnes.

41 **Reykjanesbraut:**

Vegna skipulags Reykjavíkur, Kópavogs og Garðahrepps og vegna lagnar hitaveituæðar frá Breiðholti til Hafnarfjarðar var gerð lokahönnun um legu vegarins frá Breiðholtsbraut að Vífilsstaðavegi við Vífilsstaði og hefur sú lega verið staðfest af skipulagsyfirvöldum.

45 **Garðskagavegur:**

Lokaáætlun var gerð um kaflann frá Reykjanesbraut að Garði í Gerðum.

1 **Vesturlandsvegur:**

Unnið var nokkuð að áætlanagerð kaflans um Kiðafell.

Hafin var rannsókn á lífríki Laxárvogs í Kjós með tilliti til vegagerðar. Er það verk unnið af Líffræðistofnun Háskólans.

Gerð var lokaáætlun um kaflann frá Brynjudalsvogi fyrir Múlanes.

Lokið var rannsókn á lífríki Botnsvogar og skilyrði frá Náttúruverndarráði fyrir vegagerð á þeim tveimur leiðum yfir voginn, sem helst koma til greina, voru lögð fram. Gerð var frumáætlun fyrir báðar leiðirnar, en ákvörðun um leiðarval hefur ekki verið tekin. Gagnasöfnun vegna lokaáætlunar má heita lokið.

Haldið var áfram undirbúningi mannvirkjagerðar í Borgarfirði. Gerðar voru líkantilraunir til að kanna rennsli um væntanlegt brúarop og önnur vatnafræðileg áhrif mannvirkjagerðar. Þá voru einnig gerðar athuganir á framburði í firðinum og gerðar frekari botnrannsóknir, einkum á þeim svæðum fjarðarins, þar sem fyrirhuguð brú verður. Loks voru gerðar athuganir á mengunarhættu vatnsbóls Borgnesinga vegna efnistöku á Seleyri og í Ytra-Seleyrargili og hugsanlegri færslu vatnsbólsins vegna fyrrnefndrar hættu.

Haldnir voru tveir fundir með heimaaðilum og þeim kynntar tillögur Vegagerðar ríkisins um mannvirkjagerðina.

60 **Vestfjarðarvegur og 61 Djúpvegur:**

Gerð var lokaáætlun um veginn frá Úlfsá út fyrir Tunguá, en verið er að athuga frekar kaflann frá Tunguá út að þéttbýlismörkum Ísafjarðar í samvinnu við þá aðila, sem vinna að aðalskipulagi Ísafjarðar.

1 **Norðurlandsvegur:**

Gerð var frumáætlun og arðsemisathugun á veginum frá Varmahlíð að Silfrastöðum og lokaáætlun um kaflann frá Varmahlíð að Vallarnesi.

Gerð var lokaáætlun um kaflann frá Dvergasteini að þéttbýlismörkum Akureyrar.

Undirbúningsathugunum vegna lokaáætlunar fyrir kaflann frá Ólafsfjarðarvegi að Dvergasteini er nú nær lokið.

Hafin var rannsókn á lífríki á óshólmum og leirum Eyjafjarðarár, en henni mun ekki ljúka fyrr en sumarið 1975.

531 **Borgarnesbraut:**

1. Borgarnes:

Heimilað var að verja 8.0 m.kr. til að undirbyggja og steypa slitlag á 0.35 km kafla framhalds þéttbýlisvegar í Borgarnesi, en ætlunin er að tengja Vesturlandsveg yfir Borgarfjörð inn á þennan kafla í fyrstu. Ekki tókst að ljúka verkinu vegna tíðarfars, en hafin var gerð undirbyggingar, færslu lagna og lögn regnvatnsræsa.

60 **Vestfjarðavegur:**

2. Djúpvegur—Ísafjörður:

Heimilað var að verja 9.0 m.kr. og inneign frá fyrra ári, 1.1 m.kr., til að gera nýjan vegarkafla milli Úlfsár og Tunguár ásamt tengingu að nýlegum kafla neðst í Dagverðardal og bráðabirgðatengingu norðan Tunguár. Ekki tókst að ljúka framkvæmdum vegna tíðarfars.

99 **Hafnarvegur:**

1. Þéttbýlismörk—mjólkurbú:

Lögð var olíumöl á 0.9 km langan kafla í framhaldi af þéttbýlisvegi Hafnar.

Gert er ráð fyrir því, að þær 38 m.kr., sem heimilað var að verja til ofangreindra framkvæmda af geymslufé hraðbrauta verði tekið með útgjöldum á árinu, sbr. lið 2.10.

Á síðastliðnu sumri létu kauptúnin í Vík í Mýrdal, Hvolsvelli og Hellu leggja olíumalarslitlag á götur og þjóðvegarkafla í þéttbýli. Þar sem ekki var talið líklegt, að farið yrði með blöndunarstöð og útlagningartæki á þessa staði á næstu árum, komu fram mjög sterkar óskir frá þessum kauptúnum um það, að lögð yrði

olíumöl á stutta kafla Suðurlandsvegar um og framhjá kauptúnunum. Var heimilað að verja til þessara framkvæmda 13 m.kr. af geymslufé hraðbrauta, og skiptist það eins og að neðan greinir.

Þá var af hliðstæðum ástæðum heimilað að verja af geymslufé hraðbrauta 13.0 m.kr. til Vestfjarðavegar, þar sem flutt hafði verið til Ísafjarðar stór malbikunarstöð ásamt útlagningartækjum, og var með þessu móti hægt að ná nothæfum áföngum og taka í notkun nýja brú á leiðinni milli Ísafjarðarkaupstaðar og flugvallarins.

Ennfremur var af geymslufé hraðbrauta heimilað að vinna fyrir 8.0 m.kr. í Borgarnesbraut til að ná tengingu við fyrirhugaðan veg yfir Borgarfjörð.

Einnig var af geymslufé hraðbrauta heimilað að verja 4 m.kr. til byggingar brúar á Brynjudalsá á sýsluvegi í Brynjudal og tengingu við þá brú, þar sem mjög hagkvæmt var að láta vinnuflokk þann, sem vann að byggingu brúar á Brynjudalsá á Vesturlandsvegi, vinna þetta verk jafnhliða.

1 **Suðurlandsvegur:**

00. Um Vík í Mýrdal:
Lögð var olíumöl á um 0.3 km langan kafla um Vík í Mýrdal.

01. Um Hvolsvöll:
Lögð var olíumöl á um 0.4 km kafla um Hvolsvöll.

02. Um Hellu:
Lögð var olíumöl á um 0.6 km kafla um Hellu.

### 2.3.2. Til þjóðbrauta.

1 **Suðurlandsvegur:**

201—14 Vík—Dyrhólavegur:
Fjárveiting var 0.9 m.kr. Lokið var við frágang og girðingar með veginum við Rauðháls.

201—16 Sýslumörk—Raufarfellsvegur:
Fjárveiting var 4.4 m.kr. Fullgerður var 3.3 km langur kafli milli Jökulsár á Sólheimasandi og Eystri-Skóga.

201—18 Sandhólmavegur—Dímonarvegur:
Fjárveiting var 1.0 m.kr. Fjárveitinguna átti að nota til skurðgraftar og greiðslu á landbótum. Þar sem ekki reyndist unnt að fá skurðgröfu varð að fresta þessum framkvæmdum.

210—20 Landeyjavegur—Hvolsvöllur:
Fjárveiting var 2.0 m.kr. Framkvæmdum er ólokið.

31 **Skálholtsvegur:**

331—01 Hrunamannavegur—Hvítá:
Fjárveiting var 0.4 m.kr. Framkvæmdum var frestað.

34 **Eyrarbakkavegur:**

334—03 Gaulverjabæjarvegur—Eyrarbakki:
Fjárveiting var 2.6 m.kr. Lokið var við frágang á kaflanum ofan Eyrarbakka, sem lagður var 1973.

35 **Biskupstungnabraut:**

335—02 Þingvallavegur—Búrfellsvegur:
Fjárveiting var 1.0 m.kr. Áætlað var að nota fjárveitinguna til landbóta og efniskaupa en samningum um þau atriði var ekki lokið á árinu.

36 **Þingvallavegur:**

436—01 Sýslumörk—Seljabrekka:
Fjárveiting var 5.8 m.kr. Vegna þjóðhátíðar á Þingvöllum var auk þess sérstök fjárheimild til Þingvallavegar (sjá 2.3.5.6).

1 **Vesturlandsvegur:**

501—14 Fornihvammur—sýslumörk:
Fjárveiting var 4.5 m.kr. Fullgerður var að mestu og tekinn í notkun 0.8 km langur kafli um Hæðarsteinsbrekku.

54 **Ólafsvíkurvegur:**

554—02 Vesturlandsvegur—Álftaneshreppsv.
Fjárveiting var 1.5 m.kr. Lokið var frágangi á 1.5 km löngum kafla um Langá, sem tekinn var í notkun 1973.

554—04 Hítará—Heydalsvegur:
Fjárveiting var 3.0 m.kr. Fullgerður var og tekinn í notkun 1.0 km langur kafli um nýja brú á Kaldá.

57 **Snæfellsnesvegur.**

557—08 Stykkishólmsvegur—Helgafellssveitarvegur.
Fjárveiting var 2.0 m.kr. Fullgerður var og tekinn í notkun 0.6 km langur kafli um afleggjara að Bjarnarhöfn.

574 **Útnesvegur.**

574—07 Hellissandur—Ólafsvík:
Fjárveiting var 6.2 m.kr. Fullgerður var og tekinn í notkun 1.0 km langur kafli ofan Hellissands.

60 **Vestfjarðavegur:**

560—03 Gröf—Snæfellsnesvegur:
Fjárveiting var 2.5 m.kr. Fullgerður var og tekinn í notkun 0.7 km langur kafli um Gröf.

60 **Vestfjarðavegur:**

660—03 Tröllatunguheiði—Reykhólasveitarvegur.
Fjárveiting var 7.0 m.kr. Byggður var 1.3 km langur kafli um Klett. Frágangi er ólokið.

660—21 Svalvogavegur—Ketilseyri:
Fjárveiting var 5.0 m.kr. Byggður var 2.9 km langur kafli um Hvamm.

660—24 Ingjaldsvegur—Valþjófsdalsvegur:
Fjárveiting var 2.9 m.kr. Lokið var tengingu nýrrar brúar yfir Gemlufallsá og ný tenging Ingjaldssandsvegar við Vestfjarðaveg.

660—28 Djúpvegur—Ísafjörður, þéttbýlismörk.
Fjárveiting var 1.1 m.kr. Um framkvæmdir sjá 2.3.1.

660—32 Hnífsdalur—Bolungavík:
Fjárveiting var 4.0 m.kr. Endurbyggður var 0.3 km langur kafli austan Seljadals. Ólokið er ræsagerð í Seljadal.

62 **Barðastrandarvegur:**

662—02 Brjánslækur—Kross.
Fjárveiting var 9.5 m.kr. Lokið var við 1.8 km langan kafla um Arnórsstaði og 1.2 km langan kafla um Rauðsdalsgrundir ásamt byggingu ræsis yfir Rauðsdalsá.

68 **Hólmavíkurvegur:**

668—01 Norðurlandsvegur—Borðeyri.
Fjárveiting var 2.5 m.kr. Greidd var 2.0 m.kr skuld til Norðurlandsáætlunar frá 1973. Framkvæmdum var frestað.

668—03 Laxárdalsvegur—Fossá.
Fjárveiting var engin, en 0.7 m.kr. geymdar f. f. ári voru notaðar til lagfæringa í Bæjarhreppi.

1 **Norðurlandsvegur:**

701—06 Víðidalsvegur e.—Gljúfurá:
Fjárveiting var engin, en innistæða f. f. ári 0.7 m.kr. Byggt var ræsi yfir Grafarlæk og tengt með 0.4 km löngum kafla.

75 **Sauðárkróksbraut:**

775—01 Norðurlandsvegur—Reynistaður:
Fjárveiting var 6.5 m.kr. Greidd var skuld 3.4 m.kr. til Norðurlandsáætlunar, gengið var frá 2.0 km löngum kafla f. f. ári og bætt við hann 0.4 km til norðurs frá Geldingaholti að Syðra-Skörðugili.

82 **Ólafsfjarðarvegur:**

782—02 Knappsstaðir—Siglufjarðarvegur:
Fjárveiting var 9.0 m.kr. Lokið var við undirbyggingu og lítinn hluta af burðarlagi á 3.3 km löngum kafla frá Siglufjarðarvegi að Molastöðum.

1 **Norðurlandsvegur:**

801—12 Aðaldalsvegur—Brún:
Fjárveiting var 10.0 m.kr. Tengd var ný brú yfir Seljadalsá með 0.4 km löngum kafla, keyrt var burðarlag í 2.0 km langan kafla norðan Reykjadalsár og ný brú á Reykjadalsá var tengd. Einnig var undirbyggður og mölborinn að hluta 1.6 km langur kafli frá Reykjadalsá að Brún.

82 **Ólafsfjarðarvegur:**

882—06 Rípill—Ólafsfjörður:
Fjárveiting var 0.5 m.kr. Unnið var við smálagfæringar og hreinsun í Ólafsfjarðarmúla.

85 **Norðausturvegur:**

885—16 Flugvöllur—Leirhöfn:
Fjárveiting var 10.8 m.kr. Undirbyggður var og að hluta mölborinn 4.5 km langur kafli um Leirhöfn.

885—24 Axarfjarðarheiðarvegur—Syðra-Áland.
Fjárveiting var 1.9 m.kr. Gengið var frá ræsaendum og snyrt nýbygging frá 1972, Kollavík—Sævarland.

1 **Austurlandsvegur:**

901—11 Skóghlíð—Tunguvegur:
Fjárveiting var 0.4 m.kr. og innistæða f. f. ári var 0.3 m.kr. Lokið var við 0.8 km langan kafla austan Rangár, sem tekinn var í notkun 1972. Einnig var endurnýjað eitt ræsi.

901—14 Egilsstaðir—Upphéraðsvegur:
Fjárveiting var 1.6 m.kr. Unnið var við frágang á 2.1 km löngum kafla innan söluskála, sem byggður var 1973, og settar upp girðingar.

85 **Norðausturvegur:**

985—04 Hafnarvegur—Hundsvatnslækur:
Fjárveiting var 4.3 m.kr. Undirbygging frá fyrra ári ofan Hölknár var nú bætt og sá kafli, 2.6 km, yfirbyggður. Byrjað var á undirbyggingu á um 1.1 km kafla frá Hölkná að Hafnarvegamótum, en ekki tókst að ljúka henni vegna slæmrar veðráttu.

985—07 Vesturdalsvegur—Vopnafjörður:
Fjárveiting var engin, en bráðabirgðalán að upphæð 5.0 m.kr. Byggður var 1.8 km langur kafli frá kauptúni í átt að Torfastöðum. Eftir er að leggja jöfnunarlag og slitlag og ljúka við frágang.

96 **Suðurfjarðavegur:**

996—10 Stöðvarfjörður—Kambanesvegur:
Fjárveiting var 7.5 m.kr. Greitt var bráðabirgðalán f. f. ári 4.0 m.kr. Lokið var við kaflann milli Óseyrar og Tóftár, sem tekinn var í notkun á sl. ári, og vegurinn styrktur frá Tóftá að Kambaskriðum.

917 Hlíðarvegur:

917—02 Hallgeirsstaðir—Eyjavegur:
Fjárveiting var 6.9 m.kr. Byggður var 4.0 km langur kafli um nýja brú á Kaldá.

### 2.3.3. Til landsbrauta.

1 **Suðurlandsvegur:**

201—12 Hjörleifshöfði—Vík:
Fjárveiting var 4.5 m.kr. Byggður var 1.4 km langur kafli til að tengja nýja brú á Kerlingardalsá, en eftir er nokkuð af frágangsvinnu, svo og landbætur.
Enn fremur var tekið 0.9 m.kr. bráðabirgðalán til að byggja 260 m langan veg að verslunarhúsi Kaupfélags V.-Skaftfellinga austan við Víkurkauptún. Þessi kafli verður síðar hluti af nýjum vegi austan við kauptúnið.

25 **Þykkvabæjarvegur:**

225—02 Hrafntóftir—Þykkvibær:
Fjárveiting var 0.6 m.kr. Fjárveitingin var notuð til að endurbyggja 0.5 km langan kafla af veginum við Hrafntóftir.

**204 Meðallandsvegur:**

204—02 Fossar—Syðri-Fljótar:
Fjárveiting var 2.2 m.kr. Mölborinn var 1.6 km langur kafli, sem undirbyggður var 1973, milli Efri-Fljóta og Eldvatns. Eftir er nokkur frágangur.

**214 Kerlingardalsvegur:**

214—01 Suðurlandsvegur—Bólstaður:
Fjárveiting var engin, en tekið var bráðabirgðalán að upphæð 1.3 m.kr. Byggður var 0.6 km langur kafli við Fagradal.

**251 Hólmabæjavegur:**

251—01 Suðurlandsvegur—Landeyjavegur:
Fjárveiting var 0.4 m.kr. Byggður var 0.3 km langur kafli við Svanavatn.

**268 Þingskálavegur:**

268—01 Rangárvallavegur—Þingskálar:
Fjárveiting var engin, en innstæða f. f. ári 0.2 m.kr. Byggt var ræsi við Þingskála.

**282 Ásmundarstaðavegur:**

282—01 Suðurlandsvegur—Ásvegur:
Fjárveiting var 0.9 m.kr. Framkvæmdum var frestað vegna ágreinings um legu vegarins.

**33 Gaulverjabæjarvegur:**

333—04 Stokkseyri—Eyrarbakkavegur:
Fjárveiting var 1.4 m.kr., og auk þess geymt frá fyrra ári 1.1 m.kr. Lokið var við 0.5 km kafla við Hraunsá, sem byrjað var á árið 1973.

**38 Þorlákshafnarvegur:**

338—03 Krísuvíkurvegur—Þorlákshöfn:
Fjárveiting var 11.6 m.kr. Undirbyggður var 1.3 km langur kafli sunnan við vegamót Þrengslavegar og Þorlákshafnarvegar.

**340 Auðsholtsvegur:**

340—01 Hrunamannavegur—Auðsholt:
Fjárveiting var 0.9 m.kr. Lagfærð var brekka við Syðra-Langholt og beygja við Birtingaholt.

**341 Langholtsvegur:**

341—01 Hrunamannavegur—Auðsholtsvegur:
Fjárveiting var 2.0 m.kr. Fullgengið var frá veginum, sem byggður var árið 1973, milli Efra- og Syðra-Langholts.

**44 Hafnavegur:**

444—01 Reykjanesbraut—Hafnir:
Fjárveiting var 0.5 m.kr. Fór til girðinga meðfram veginum vestan Keflavíkurflugvallar.

48 **Kjósarskarðsvegur:**

448—01 Vesturlandsvegur—Meðalfellsvegur:
Fjárveiting var 3.0 m.kr. Framkvæmdum var frestað.

448—02 Meðalfellsvegur—sýslumörk:
Fjárveiting var 1.1 m.kr. Framkvæmdum var frestað.

410 **Elliðavatnsvegur:**

410—01 Suðurlandsvegur—Reykjanesbraut:
Fjárveiting var 0.5 m.kr. Framkvæmdum var frestað.

50 **Borgarfjarðarbraut:**

550—01 Vesturlandsvegur—Hagavegur:
Fjárveiting var 7.0 m.kr. Fullgerður var og tekinn í notkun 1.5 km langur kafli um Geldingadraga.

550—05 Hvítá—Vesturlandsvegur:
Fjárveiting var 2.2 m.kr. Fór til greiðslu á skuld frá fyrra ári.

55 **Heydalsvegur:**

555—01 Ólafsvíkurvegur—Ölviskross:
Fjárveiting var 3.2 m.kr. Fór til greiðslu á skuld frá fyrra ári.

57 **Snæfellsnesvegur:**

557—06 Narfeyri—Stykkishólmur:
Fjárveiting var 2.0 m.kr. Gerðar voru botnrannsóknir á Álftafirði, en þeim er ekki lokið.

528 **Norðurárdalsvegur:**

528—01 Vesturlandsvegur—Skarðshamrar:
Fjárveiting var 4.1 m.kr. Fullgerður var og tekinn í notkun 1.0 km langur kafli frá Vesturlandsvegi að Norðurá.

582 **Hálsabæjarvegur nyrðri:**

582—01 Snæfellsnesvegur—Bær:
Fjárveiting var 4.5 m.kr. Fullgerður var og tekinn í notkun 0.7 km langur kafli um Hamraendagil.

590 **Klofningsvegur:**

590—4 Efribyggðarvegur—Ballará:
Fjárveiting var 9.4 m.kr. Bráðabirgðalán út á vegáætlun 1975 var 2.3 m.kr. Fullgerður var og tekinn í notkun 6.0 km langur kafli frá Ballará að Skarðsá.

61 **Djúpvegur:**

661—17 Súðavík:
Af fjárveitingu til Djúpvegar (sjá 2.3.6.5) var lagður 1 km kafli um Súðavík.

661—19 Arnardalur—Flugvöllur:
Fjárveiting var 6.0 m.kr. Lokið var við 2.0 km langa nýbyggingu sunnan Arnardals.

63 **Bíldudalsvegur:**

663—04 Ketildalavegur—Foss:
Fjárveiting var 2.5 m.kr. Lokið var við 1.4 km langa nýbyggingu um flugvöll í Fossfirði.

64 **Flateyrarvegur:**

664—01 Vestfjarðavegur—Flateyri:
Fjárveiting var 2.3 m.kr. Unnið var við frágang og endurbyggingu á 1.3 km kafla frá Hólsá að Hvilft.

65 **Súgandafjarðarvegur:**

665—04 Suðureyri—Staðardalur:
Fjárveiting var 1.9 m.kr. Endurbyggður var 400 m kafli um Spilli.

625 **Valþjófsdalsvegur:**

625—02 Flugvöllur—Kirkjuból:
Fjárveiting var 1.2 m.kr. Unnið var að endurbótum um Ófæru.

635 **Snæfjallastrandarvegur:**

635—01 Djúpvegur—Hallsstaðir:
Fjárveiting var 1.0 m.kr. Unnið var við endurbætur á 0.6 km löngum snjóþungum kafla um Hallsstaði.

72 **Hvammstangavegur:**

772—01 Norðurlandsvegur—Hvammstangi:
Fjárveiting var 2.5 m.kr. Tengt var ræsi, sem byggt var í Króksárgili með 0.3 km löngum vegi.

74 **Skagastrandarvegur:**

774—01 Norðurlandsvegur—Þverárfjallsvegur:
Fjárveiting var 10.4 m.kr. Greidd var skuld við Norðurlandsáætlun og umframeyðsla við brúarbyggingu frá fyrra ári að upphæð 4.3 m.kr.
Lokið var við tengingu brúarinnar yfir Laxá, 2.0 km, og settir upp 215 m langir leiðarar við brúna.

774—02 Þverárfjallsvegur—Skagavegur:
Fjárveiting var 1.1 m.kr. og innistæða frá fyrra ári 1.1 m.kr. Ný brú á Hallá var tengd með 0.5 km löngum kafla. Einnig var sett ræsi í Syðri-Eyjarlæk og tengt.

711 **Vatnsnesvegur:**

711—02 Skarð—Bergsstaðir:
Fjárveiting var 1.8 m.kr. Endurbyggður var 0.5 km langur kafli um Hamarsá, vegna breytinga á brúnni.

722 **Vatnsdalsvegur:**

722—01 Norðurlandsvegur—Grímstunguvegur:
Fjárveiting var 6.2 m.kr. Lokið var við 2.6 km langan kafla frá fyrra ári frá Norðurlandsvegi að Flóðvangi og lagður 1.1 km langur kafli frá Flóðvangi að Miðhúsum, sem eftir er að ganga frá að hluta.
Einnig var lagður 1.0 km langur kafli um nýja brú á Kornsá og lagfærðir tveir snjóastaðir hjá Nautabúi og í Ásbrekku.

**731 Svínvetningabraut:**

731—02 Reykjabraut—Auðkúluvegur:
Fjárveiting var 3.9 m.kr. Lagður var 0.7 km langur kafli norðan Svínavatns.

**745 Skagavegur:**

745—01 Skagastrandarvegur—Hlíð:
Fjárveiting var 3.6 m.kr. Greidd var skuld að upphæð 0.3 m.kr. og lokið var að mestu við 4.5 km langan kafla frá Spákonufelli að Harastöðum.

745—08 Skefilsstaðir—Þverárfjallsvegur:
Fjárveiting var engin en innstæða frá fyrra ári var 0.9 m.kr. Tengd var ný brú yfir Bakká með 0.5 km löngum kafla.

**802 Ólafsfjarðarvegur eystri:**

802—02 Ólafsfjörður—Ólafsfjarðarvegur:
Fjárveiting var 0.4 m.kr. Greidd skuld við Kleifaveg.

**809 Hauganesvegur:**

809—01 Ólafsfjarðarvegur—Hauganes:
Fjárveiting var 0.9 m.kr. Lokið var við að tengja þjóðveginn við þéttbýliskjarnann á Hauganesi.

**814 Staðarbakkavegur:**

814—01 Hörgárdalsvegur—Staðarbakki:
Fjárveiting var 3.7 m.kr. Lagður var 1.1 km langur kafli norðan við Flögu, ófrágenginn.

**815 Hörgárdalsvegur:**

815—01 Norðurlandsvegur—Ólafsfjarðarvegur:
Fjárveiting var 0.7 m.kr. Frágangi var lokið á 1.1 km löngum kafla um Auðbrekku.

**821 Eyjafjarðarbraut vestri:**

821—01 Norðurlandsvegur—Finnastaðavegur:
Fjárveiting var 0.9 m.kr. Framkvæmdum var frestað til næsta árs vegna vinnuhagræðingar.

**829 Eyjafjarðarbraut eystri:**

829—01 Norðurlandsvegur—Munkaþverá:
Fjárveiting var 0.9 m.kr. Framkvæmdum var frestað.

**832 Vaðlaheiðarvegur:**

832—03 Illugastaðavegur—Norðurlandsvegur:
Fjárveiting var 0.4 m.kr. Unnið var að lagfæringu við austari enda gömlu Fnjóskárbrúarinnar.

**833 Illugastaðavegur:**

833—02 Vaðlaheiðarvegur—Illugastaðir:
Fjárveiting var 1.1 m.kr. Framkvæmdum var frestað að mestu vegna vinnuhagræðingar.

**836 Vaglaskógarvegur:**

836—01 Vaðlaheiðarvegur—Lundur II:
Fjárveiting var 0.6 m.kr. Undirbyggður og mölborinn var 0.7 km langur kafli norðan við Mörk.

**843 Lundarbrekkuvegur:**

843—01 Bárðardalsvegur eystri—Víðiker:
Fjárveiting var 2.0 m.kr. Greidd var 2.0 m.kr. skuld frá árinu 1972. Unnið var fyrir 1.0 m.kr. bráðabirgðalán út á vegáætlun 1975. Lagður var 0.4 km langur kafli í Rauðafellsmýri.

**844 Bárðardalsvegur eystri:**

844—01 Norðurlandsvegur—Arnarstaðir:
Fjárveiting var 10.0 m.kr. Styrktur var 4.5 km langur kafli frá Fosshóli að Arndísarstöðum, fyllt að nýrri brú yfir Kálfborgará og lagður 4.0 km langur kafli um Einbúa.

**848 Mývatnssveitarvegur:**

848—01 Norðurlandsvegur—Garður:
Fjárveiting var engin, en unnið var fyrir 0.5 m.kr. bráðabirgðalán. Lagður var 0.2 km langur kafli um Álftagerði.

**849 Baldursheimsvegur:**

849—01 Mývatnssveitarvegur—Litla-Strönd:
Fjárveiting var 0.7 m.kr. Byggður var 0.8 km langur kafli norðan við Gautlandaveg.

**851 Út-Kinnarvegur:**

851—01 Norðausturvegur—Nípá:
Fjárveiting var 0.4 m.kr. Vegurinn var styrktur smávegis um Granastaði.

**855 Fagranesvegur:**

855—01 Staðarbraut—Fagranes:
Fjárveiting var 0.6 m.kr. Vegurinn var endurbættur með mölburði.

**866 Austursandsvegur:**

866—01 Norðausturvegur—Skógavegur:
Fjárveiting var 0.5 m.kr. Lagfærður var 3.8 km langur kafli vestan við Sandá.

**867 Axarfjarðarheiðarvegur:**

867—03 Sæluhús—Norðausturvegur:
Fjárveiting var engin, en 0.7 m.kr. innstæða frá fyrra ári. Keyrð var möl í veginn á nokkrum stöðum.

**1 Austurlandsvegur:**

901—37 Hafnarvegur—flugvöllur:
Fjárveiting var 11.8 m.kr. Byggður var 3.0 km langur vegur frá Hafnarvegi að Laxá. Þó vantar slitlag og eftir er að greiða fyrir landbætur og efnistöku.

901—42 Kálfafellsstaður—Reynivellir:

Fjárveiting var 5.5 m.kr. Byggður var 3.0 km langur kafli ofan Breiðabólsstaðar. Þó vantar á jöfnunarlagið og frágangi er einnig ólokið.

85 **Norðausturvegur:**

985—13 Bæjaröxl—Hölkná:
Fjárveiting var 4.0 m.kr. Byggður var 1.8 km langur kafli neðan við Kálfafell í framhaldi af nýbyggingu frá 1972.

923 **Jökuldalsvegur:**

923—01 Austurlandsvegur—Hákonarstaðir:

Fjárveiting var 2.8 m.kr., og auk þess bráðabirgðalán að upphæð 3.1 m.kr. Byggður var 2.2 km langur kafli milli Gilsár og Arnórsstaða. Frágangi er ekki fyllilega lokið og slitlag vantar.

929 **Fellavegur:**

929—01 Austurlandsvegur—Austurlandsvegur:
Fjárveiting var engin. Unnið var að lagfæringum á veginum á 1.0 km kafla á milli Hafrafells og Staffells fyrir 1.5 m.kr. lánsfé.

931 **Upphéraðsvegur:**

931—01 Austurlandsvegur—Rauðalækur:
Fjárveiting var engin, en bráðabirgðalán út á fjárveitingu næsta árs 1.5 m.kr. Byggður var 0.5 km kafli um Hlaðir.

937 **Skriðdalsvegur:**

937—02 Geirólfsstaðir—Austurlandsvegur:
Fjárveiting var 1.0 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári 250 þús. kr. Unnið var við frágang á ræsaendum o. fl.

939 **Axarvegur:**

939—01 Axarvegur—Ódáðavatnsvegur:
Fjárveiting var 0.6 m.kr. Unnið var við sprengingar á suðurhluta vegarins og aðrar minni háttar lagfæringar á ruðningsvegi um Öxi.

944 **Lagarfossvegur:**

944—01 Borgarfjarðarvegur—Tunguvegur:
1. Borgarfjarðarvegur—Brú:
Fjárveiting var 500 þús. kr. Árin 1970 og 1971 var byggður 2.0 km kafli um Ekru að Lagarfossi. Rafmagnsveitur ríkisins lánuðu fé til verksins vegna framkvæmda við Lagarfossvirkjun. Fjárveitingin fór til greiðslu upp í þessa skuld.
2. Brú—Tunguvegur:
Fjárveiting var 3.2 m.kr. Lagður var 0.9 km langur kafli frá nýrri brú á Lagarfljóti hjá Lagarfossi (sjá 25) að Tunguvegi.

953 **Mjóafjarðarvegur:**

953—01 Norðfjarðarvegur—háheiði:
Fjárveiting var 0.4 m.kr. Fór til greiðslu á bráðabirgðaláni frá árinu 1973.

954 **Helgustaðavegur:**

954—02 Mjóeyri—Stóra-Breiðavík:

Fjárveiting var 2.5 m.kr. Byggður var 0.7 km langur kafli um tún á Sellátrum.

962 **Norðurdalsvegur í Breiðdal:**

962—01 Austurlandsvegur—vegamót við Norðurdalsá:
Fjárveiting var 0.8 m.kr. Byggður var 1.4 km langur kafli neðan Hlíðarenda.

### 2.3.4. Girðingar og uppgræðsla.

Fjárveiting var 28.3 m.kr., og var 18.9 m.kr. varið til girðinga og 9.4 m.kr. til uppgræðslu.

Sáð var í gömul flög meðfram vegum og auk þess borið á svæði, sem sáð hafði verið í árið áður. Eins og á árinu 1973 var gerður verksamningur við fyrirtækið Nýsáning h.f. um sáningu og dreifingu á áburði. Þær tilraunir sem gerðar voru á árinu 1973 með að blanda sérstöku bindiefni saman við fræ og áburð tókust mjög vel, og var þeim haldið áfram á þessu ári. Auk þess sem fyrrnefnt bindiefni hefti lausan jarðveg og verndaði þannig fræ og áburð, hélt það jarðveginum rökum á meðan spirun grasfræs stóð.

Fjárveitingu til girðinga var varið til að uppfylla kröfur samkvæmt girðingarlögum, um girðingar með vegum og ristarhlið. Í árslok 1974 var gerð könnun á, hve mikið væri óbætt af slíkum kröfum og kom í ljós, að þær námu 142.2 m.kr. Í árslok 1973 námu kröfur um girðingar 88.2 m.kr., og nemur því hækkunin á eldri kröfum vegna verðbreytinga ásamt nýjum kröfum 54.0 m.kr., þrátt fyrir 18.9 m.kr. fjárveitingu á árinu.

### 2.3.5. Sérstakar áætlanir.

#### 2.3.5.1. Skeiðarársandur.

Byggður var austurhluti brúar á Skeiðará, og var lengd hans 364 m, en vesturhlutinn hafði verið byggður árið áður. Var þar með lokið byggingu brúarinnar, en hún er alls 904 m að lengd.

Byggðir voru um 5 km af varnargörðum við Skeiðará, um 1.2 km við Sæluhúsvatn og 0.5 km við Súlu. Auk þess var lokið við frágang garða við Súlu, Gígju og Skeiðará, alls um 12 km, sem byggðir voru 1973.

Byggður var vegur um Skeiðará og austan hennar, alls um 2 km. Auk þess voru gerðir ýmsir hliðarvegir, svo sem vegir að jökullónum og útföllum ánna við Skeiðarárjökul.

Framkvæmdum var svo langt komið í júlí, að unnt var að opna hringveginn formlega hinn 14. júlí. Enn er þó eftir nokkur frágangsvinna, svo sem að mála stálbita, græða land, setja ristarhlið og fleira þess háttar.

Áætlaður kostnaður við framkvæmdir þessa árs voru 300 m.kr. og er þá reiknað með kostnaði við byggingu brúa á Kvíá og Kviskerjalæk, samanber lið 2.5. — til brúagerða, en ekki kostnaði við þá frágangsvinnu á Skeiðarársandi, sem eftir er og áður er nefnd.

#### 2.3.5.3. Austurlandsáætlun.

1 **Austurlandsvegur:**

901—01 Sýslumörk—Víðidalur:
Fjárveiting var 3.5 m.kr. Samhliða viðhaldi var unnið á kaflanum frá brú á Jökulsá á Fjöllum í Möðrudal. Vegur hækkaður í dældum á Biskupshálsi og beygjur lagfærðar. Vegurinn var allur heflaður saman og ekið slitlagi á 25 km kafla.

901—29 Melrakkanes—Hof:
Fjárveiting var 8.7 m.kr. Byggður var 2.1 km langur kafli frá Geithellum, um nýja brú á Geithellnaá að heimreið að Múla. Slitlag

vantar og einnig er frágangi ólokið. 400 m kafli var byggður til að tengja heimreiðina að Múla.

**92 Norðfjarðarvegur:**

992—02 Seyðisfjarðarvegur—Mjóafjarðarvegur:
Fjárveiting var 16.0 m.kr. Byggður var 2.8 km langur kafli í Egilsstaðaskógi frá Hálsalæk að efri skógargirðingu. Vegurinn er ekki fullgerður.

992—10 Gangamunni E.—Kirkjuból:
4. Jarðgöng:
Fjárveiting var 15.0 m.kr. Unnið var við sprengingar við gangnamunna Norðfjarðarmegin og efninu ekið í vegfyllingu í framhaldi af göngunum. 4.0 m.kr. af fjárveitingunni var varið til að styrkja veginn um Oddsdal og upp að göngum, samtals 5.0 km.

**93 Seyðisfjarðarvegur:**

993—03 Sýslumörk—kaupstaður:
Fjárveiting var 6.0 m.kr. Unnið var við að ýta upp vegfyllingu frá kaflanum, sem lokið var 1973, meðfram Heiðarvatni í átt að Efri-Staf.

**96 Suðurfjarðavegur:**

996—02 Eyri—Hafranes:
Fjárveiting var 13.0 m.kr. Byggður var 2.5 km langur kafli milli Þernuness og Hafraness. Frágangi er að mestu lokið, en slitlag vantar.

996—08 Vík—Stöðvarfjörður:
Fjárveiting var 10.4 m.kr. Byggður var 2.3 km langur vegur frá Löndum um Merkigil og Mjósund. Frágangi er ekki lokið og slitlag vantar.

### 2.3.5.4. Norðurlandsáætlun.

**68 Hólmavíkurvegur:**

668—10 Hvalsá—Tröllatunguheiði:
Fjárveiting var 13.6 m.kr. Lagður var 5.0 km langur kafli frá Þorpum að Sævangi, en styrkingu á burðarlagi og frágangi er ólokið.

**1 Norðurlandsvegur:**

701—02 Brautarholt—Sveðjustaðir:
Fjárveiting var 18.0 m.kr. Gengið var frá 2.2 km löngum kafla, Oddsstaðir—Gilsstaðir, frá fyrra ári og lagður 3.0 km langur kafli frá Gilsstöðum til norðurs.

701—06 Víðidalsvegur e.—Gljúfurá:
Fjárveiting var engin, en innstæða frá fyrra ári var 1.4 m.kr. Lokið var við 0.9 km langa tengingu frá fyrra ári við nýja brú yfir Melrakkadalsá.

701—07 Gljúfurá—Reykjabraut:
Fjárveiting var engin, en innstæða frá fyrra ári var 2.5 m.kr. Lokið var við 3.5 km langan kafla frá fyrra ári um Hnausakvísl.

701—10 Skagastrandarvegur—Hvammur:
Fjárveiting var 14.0 m.kr. Lagður var 2.5 km langur kafli frá Geitaskarði að Fagranesi og slitlag sett á nýbyggingu frá 1972 og 1973.

701—14 Sauðárkróksbraut—Miklibær:
Fjárveiting var 11.0 m.kr. Lagður var 1.4 km langur kafli á milli Löngumýrar og Sólvalla.

**75 Sauðárkróksbraut:**

775—05 Sauðárkrókur—Siglfjarðarvegur:
Fjárveiting var 8.0 m.kr. Undirbyggður var 3.1 km langur kafli frá Siglufjarðarvegi að Héraðsvötnum og 1.2 km langur kafli vestan Héraðsvatna hjá Litla-Garði.

**76 Siglufjarðarvegur:**

776—08 Reykjarhóll—Ólafsfjarðarvegur:
Fjárveiting var 7.0 m.kr. og 0.8 m.kr. innstæða frá fyrra ári. Tengd var ný brú yfir Flókadalsá, með 0,3 km löngum kafla og haldið var áfram keyrslu í burðarlag, án þess að því yrði lokið, á 7.7 km langan kafla frá Móskógum að Fljótaá.

776—10 Almenningsnöf—Siglufjörður:
Fjárveiting var engin, en innstæða frá fyrra ári 1.1 m.kr., og verður henni ráðstafað til búnaðar, til lýsingar og upphitunar í Strákagöngum.

**801 Norðurlandsvegur:**

801—01 Grjótá—Öxnadalsá:
Fjárveiting var 15.0 m.kr. Undirbyggður var 2.3 km langur kafli og burðarlag keyrt á 2.6 km langan kafla um Bakkasel.

801—08 Vaðlaheiðarvegur—Grenivíkurvegur:
Fjárveiting var 15.0 m.kr. og 4.3 m.kr. innstæða frá fyrra ári. Lagður var 1.9 km langur kafli, frá Hallandsnesi að Sólbergi. Frágangi var ekki lokið.

801—10 Fnjóskadalsvegur e.—Norðausturvegur:
Fjárveiting var 10.0 m.kr. Lagður var 3.4 km langur kafli hjá Hálsi. Frágangi var ekki lokið.

**82 Ólafsfjarðarvegur:**

882—01 Norðurlandsvegur—Hjalteyrarvegur:
Fjárveiting var 25.0 m.kr. Keyrt var slitlagi í 10.0 km langan kafla frá Syðrihaga að Reistará og yfirbyggður 4.3 km langur kafli frá Reistará og 1.5 km suður fyrir Hof.

**85 Norðausturvegur:**

885—01 Norðurlandsvegur—Hólsgerði:
Fjárveiting var 9.0 m.kr. Greidd var 3.8 m.kr. skuld frá fyrra ári. Lagður var 2.3 km langur kafli sunnan við Hnjúk, ófrágenginn.

885—10 Lón—Vestursandsvegur:
Fjárveiting var 5.0 m.kr. Lagður var 1.3 km langur kafli um Víkingavatn.

885—25 Syðra-Áland—Hafralónsá:
Fjárveiting var 8.0 m.kr. Lagður var 2.5 km langur kafli frá Tunguá að Svalbarðsá, undirbyggður var 1.2 km langur kafli frá Hölkná að Hundshálsi og lagður var 2.2 km langur kafli frá Syðri-Brekkum að Sætúni. Frágangi var ekki lokið.

**853 Hvammavegur:**

853—01 Aðaldalsvegur—Mývatnsvegur:
Fjárveiting var engin, en innstæða frá fyrra ári var 3.8 m.kr. Lokið var við 2.7 km langan kafla frá fyrra ári á milli Klambra og Mývatnsvegar.

### 2.3.5.5. Djúpvegur.

61 **Djúpvegur:**

661—12, 13 og 14 Borg—Eyri:

Fjárveiting var 25.3 m.kr., og auk þess 80.0 m.kr. af skuldabréfasölu, en af þeim voru 25.0 m.kr. til ráðstöfunar. 7.6 m.kr. voru notaðar í Súðavík, sbr. 2.3.3. Unnið var að frágangi á 28.0 km löngum kafla í Skötufirði. Undirbyggður var 27.0 km langur kafli um Hestfjörð og yfirbyggður 13.0 km langur kafli frá Hvítanesi að Rjúkandi og 5.0 km kafli frá Hestfjarðará að Jónseyri. Yfirbyggður var 5.0 km kafli frá Kleifum að Eyri í Seyðisfirði.

### 2.3.5.6. Þingvallavegur.

36 **Þingvallavegur:**

Fjárveiting var 81.0 m.kr. Var það sérstök fjárveiting vegna þjóðhátíðar á Þingvöllum. Auk þess var unnið fyrir 5.8 m.kr. (sjá 2.3.2.).

Á kaflanum frá Biskupstungnabraut að vegamótum Gjábakkavegar var vegurinn breikkaður við ræsi, sem mjókkuðu veginn. Flest ræsi voru endurnýjuð eða lagfærð. Einnig voru hættulegar beygjur og blindhæðir lagfærðar.

Lagður var nýr vegur frá vegamótum Gjábakkavegar um Klukkustíg, norðan Skógarkots að Uxahryggjavegi. Þessi vegur var lagður á kostnað þjóðhátíðarnefndar.

Lögð var olíumöl á veginn um Tæpastíg að Vallnakrók, 3.0 km.

Endurbyggður var 0.2 km kafli við vegamót gamla Þingvallavegarins. Við nýja brú á Bugðu (sjá 2.5.) var lagður 1.1 km langur kafli. Vestan við brú á Leirvogsá (byggð 1973) var lagður 1.4 km langur kafli. Við nýja brú á Köldukvísl (sjá 2.5.) var lagður 1.1 km langur vegur, og við nýja brú á Norður-Reykjaá (sjá 2.5.) var lagður 0.8 km langur kafli.

Auk þessa var allur vegurinn frá þjóðgarði að Vesturlandsvegi styrktur og endurbættur. Jafnframt því var vegur breikkaður og of stutt ræsi endurnýjuð eða lengd.

### 2.3.6. Vextir og afborganir af lánum.

Til greiðslu vaxta og afborgana af lánum voru áætlaðar 423.0 millj. kr. samkvæmt bráðabirgðavegáætlun.

Ríkissjóður sér um allar þessar greiðslur, eins og undanfarin ár, og námu þær samtals 645.0 millj. kr. samkvæmt upplýsingum ríkisbókhaldsins. Þar af voru afborganir 205.0 millj. kr., en afgangurinn vextir, vísitöluálag og lántökukostnaður, sem féll á ríkissjóð vegna töku lána til vegagerðar.

Að öðru leyti vísast um þetta til kafla 2.3.0. hér að framan.

## 2.4. TIL FJALLVEGA O. FL.

### 2.4.1. Til aðalfjallvega.

**Fjárveiting var 4.7 m.kr.**

1. **Kaldadalsvegur:**

Fjárveiting var 650 þús. kr. og var henni varið til viðhalds á veginum.

2. **Kjalvegur:**

Fjárveiting var 1.45 m.kr., og var henni varið til viðhalds á veginum og auk þess lokið frágangi við nýja brú, sem byggð var árið 1973 á Hvítá.

3 **Fjallabaksvegur nyrðri:**

Fjárveiting var 650 þús. kr., og var henni varið til viðhalds á veginum.

4. **Sprengisandsleið:**

Fjárveiting var 1.95 m.kr., og var henni varið til viðhalds á veginum.

### 2.4.2. Til annarra fjallvega.

**Fjárveiting var 6.9 m.kr.**

Í nefndaráliti fjárveitinganefndar á þskj. 882 um vegáætlun fyrir árin 1972—1975 kemur fram, að á þessum lið skuli á árinu 1974 veita 0.5 m.kr. til vegar að skíðahóteli á Akureyri. Með verðbótum og þar sem vegurinn er ekki fullgerður og miklar skuldir hvíla á honum, var þessi upphæð hækkuð í 0.9 m.kr.

Fjárveitingu var skipt eins og hér greinir:

| Heiti vegar | Kjördæmi | Upph. í þús. kr. | |
|---|---|---|---|
| 1. Afréttarvegur Hörglandshrepps | Suðurland | 50 | |
| 2. Vegur að Laka | — | 100 | |
| 3. Vegur að Sólheimajökli | — | 60 | |
| 4. Afréttarvegur V.-Eyjafjallahrepps | — | 40 | |
| 5. Afréttarvegur Hvolhrepps | — | 80 | |
| 6. Fjallabaksvegur syðri | — | 150 | |
| 7. Vegur í Landmannalaugar | — | 80 | |
| 8. Afréttarvegur Hrunamanna | — | 60 | |
| 9. Vegur um Haukadalsheiði | — | 90 | |
| 10. Hlöðuvallavegur | — | 70 | |
| | | | 780 |
| 11. Bláfjallavegur | Reykjanes | 1 100 | |
| 12. Vegir að skíðaskálum | — | 100 | |
| | | | 1 200 |
| 13. Vegur að Langavatni | Vesturland | 140 | |
| 14. Vegur um Arnarvatnsheiði | — | 100 | |
| 15. Vegur að Hítarvatni | — | 100 | |
| 16. Vegur á Akrafjall | — | 140 | |
| 17. Vegur með Kjarrá | — | 100 | |
| 18. Vegur um Laugardal | — | 100 | |
| 19. Vegur um Flekkudal og Galtardal | — | 60 | |
| | | | 740 |
| 20. Vegur að Látrabjargi | Vestfirðir | 100 | |
| 21. Vegur að Keflavík | — | 150 | |
| 22. Vegur í Nesdal | — | 50 | |
| 23. Vegur að skíðaskála á Ísafirði | — | 150 | |
| 24. Vegur um Steingrímsfjarðarheiði | — | 50 | |
| 25. Afréttarvegur í Ingólfsfirði | — | 140 | |
| | | | 640 |
| 26. Vegur um Víðidalstunguheiði | Norðurl. vestra | 140 | |
| 27. Vegur um Grímstunguheiði | — | 160 | |
| 28. Vegur um Sauðadal | — | 40 | |
| 29. Vegur um Eyvindarstaðaheiði | — | 170 | |
| 30. Ýmsir fjallvegir í A.-Hún. | — | 60 | |
| 31. Vegur um Tíðaskarð og Mælifellsdal | — | 160 | |
| 32. Ýmsir fjallvegir í Skag. | — | 50 | |
| | | | 780 |
| 33. Vegur að skíðahóteli Akureyrar | Norðurl. eystra | 900 | |
| 34. Afréttarvegur Svarfaðardals | — | 30 | |
| 35. Vegur um Hörgárdalsheiði | — | 40 | |
| 36. Vegur um Leirdalsheiði | — | 40 | |
| 37. Vegur um Flateyjardalsheiði | — | 50 | |
| 38. Afréttarvegur Út-Kinnar | — | 190 | |
| 39. Vegur í Grjótagjá | — | 20 | |
| 40. Vegur í Öskju | — | 180 | |
| 41. Vegur að Dettifossi | — | 30 | |
| 42. Vegur um Reykjaheiði og Þeistarreyki | — | 100 | |
| 43. Ýmsir fjallvegir í S.-Þing. | — | 60 | |
| 44. Vegur um Hólmatungur | — | 120 | |
| 45. Ýmsir fjallvegir í N.-Þing. | — | 20 | |
| | | | 170 |

| Heiti vegar | Kjördæmi | Upph. í þús. kr. | |
|---|---|---|---|
| 46. Vegur um Miðfjarðarheiði | Austurland | 50 | |
| 47. Vegur um Smjörvatnsheiði | — | 40 | |
| 48. Vegur að Snæfelli | — | 300 | |
| 49. Brúarvegur | — | 50 | |
| 50. Vegur um Fljótsdalsheiði | — | 20 | |
| 51. Göngubrú innan við Sturluflöt | — | 20 | |
| 52. Vegur um Víðivallaháls | — | 20 | |
| 53. Vegur í Viðfjörð | — | 40 | |
| 54. Vegur í Vaðlavík | — | 30 | |
| 55. Vegur í Þorvaldsstaðaafrétt í Breiðdal | — | 50 | |
| 56. Vegur í Kollumúla | — | 160 | |
| | | | 780 |
| 57. Ferðafélag Íslands (sæluhús) | | 100 | |
| 58. Ferðafélag Akureyrar (sæluhús) | | 100 | |
| | | | 200 |
| | | Alls | 6 900 |

### 2.4.3. Til reiðvega.

Fjárveiting var 0.5 m.kr. og inneign frá fyrra ári, sem nam 89 þús. kr. Landssamband hestamanna skipti þessari fjárhæð til hestamannafélaga á eftirfarandi hátt:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Hestamannafélagið | Geysir, Rangárvöllum | 50 þús. kr. |
| 2. | — | Sleipnir, Selfossi | 50 — — |
| 3. | — | Máni, Keflavík | 40 — — |
| 4. | — | Fákur, Reykjavík | 100 — — |
| 5. | — | Hörður, Kjósarsýslu | 59 — — |
| 6. | — | Snæfellingur, Snæfellsnesi | 40 — — |
| 7. | — | Stígandi, Skagafirði | 40 — — |
| 8. | — | Léttfeti, Sauðárkróki | 40 — — |
| | — | Léttir, Akureyri | 50 — — |
| | — | Hornfirðingur, V.-Skaft. | 40 — — |
| | | Alls | 589 þús. kr. |

## 2.5. TIL BRÚAGERÐA

### 2.5.1. Til brúa 10 m og lengri.

**10. Tunguá í Skutulsfirði (60):**

Brú þessi var á vegáætlun 1972, en byggingu hennar var þá frestað af skipulagsástæðum, sbr. skýrslu um framkvæmd vegáætlunar það ár. Þarna var byggð 10 m steypt plötubrú í einu hafi með tvöfaldri akbraut og gangstétt. Leysti hún af hólmi gamla og mjóa brú, sem þarna var fyrir. Áætlaður kostnaður var 10.8 m.kr.

**26. Kornsá í Vatnsdal (722):**

Brú þessi var á vegáætlun 1973, en var þá frestað. Þarna var byggð 20 m steypt plötubrú í tveim höfum, og kom hún í stað gamallar og burðarlítillar brúar. Ennfremur voru gerðir varnargarðar við brúna. Brúin var tekin til umferðar í október. Áætlaður kostnaður var 7.5 m.kr.

**28. Hallá á Skaga (74):**

Þessi brú var einnig á vegáætlun 1973, en eigi tókst að ljúka framkvæmdum við hana þá. Brúin er steypt brú í einu hafi, 12 m löng, og kom hún í stað gamallar brúar, sem þarna var. Brúin var tekin til umferðar í september.

30. **Seljadalsá í Reykjadal (1):**

Brúin var á vegáætlun 1973, en ekki varð af framkvæmdum þá. Þarna var byggð 14 m löng steypt bitabrú í einu hafi, sem leysti af hólmi gamla brú og lélega. Brúin var tekin til umferðar í október. Áætlaður kostnaður var 6.5 m.kr.

31. **Lagarfljót hjá Fossi (944):**

Fjárveitingu, 2.1 m.kr., var varið til að greiða hluta byggingarkostnaðar við ofangreinda brú. Brú þessi er hluti af mannvirkjagerð við virkjun Lagarfoss og var upphaflega greidd af virkjunaraðila.

34. **Bergá í Nesjum (1):**

Byggingu þessarar brúar var frestað 1973, en nú var byggð 12 m löng steypt bitabrú í einu hafi með tvöfaldri akbraut. Kom hún í stað gamallar og mjórrar brúar, sem hafði slæma aðkeyrslu. Brúin var tekin til umferðar í desember. Áætlaður kostnaður var 9.9 m.kr.

35. **Kerlingardalsá (1):**

Byggð var 64 m löng steypt plötubrú í fjórum höfum, og ennfremur varnargarðar við brúna. Þessi brú kemur í stað gamallar og burðarlítillar brúar. Brúin var tekin til umferðar í október. Áætlaður kostnaður var 17.3 m.kr.

37. **Kaldá í Hnappadal (54):**

Byggð var 16 m löng steypt bitabrú í einu hafi, og leysti hún af hólmi brú, byggða 1911, sem bæði var mjó og með mjög vonda aðkeyrslu. Brúin var tekin til umferðar í nóvember. Áætlaður kostnaður var 7.3 m.kr.

41. **Steinadalsá (69):**

Brú var byggð á ána 1972 og fjármagn þá fengið að láni frá Tunguá í Skutulsfirði. Kostnaður varð 1.6 m.kr. og endurgreiðist hann nú.

43. **Laxá hjá Syðra-Hóli (74):**

Brú var byggð 1973 og fé lánað til hennar úr Norðurlandsáætlun. Fjárveiting, 6.9 m.kr., endurgreiðist nú til Norðurlandsáætlunar.

45. **Reykjadalsá (1):**

Byggð var 16 m löng steypt bitabrú í einu hafi, og kom hún í stað gamallar og mjög burðarlítillar brúar. Brúin var tekin til umferðar í október. Áætlaður kostnaður var 7.5 m.kr.

48. **Kaldá í Jökulsárhlíð (917):**

Byggð var 46 m löng steypt plötubrú í þremur höfum, og leysti hún af hólmi brú byggða 1913. Auk þess voru gerðir varnargarðar við brúna. Brúin var tekin til umferðar í október. Áætlaður kostnaður var 13.3 m.kr.

49. **Kaldakvísl á Fagradal (92):**

Byggð var 22 m löng steypt bitabrú í einu hafi, og kom hún í stað gamallar brúar, sem mjög var farin að láta á sjá. Brúin var tekin til umferðar í október. Áætlaður kostnaður var 6.0 m.kr.

**Svarfaðardalsá hjá Kotum (sýsluvegur):**

Brúin var byggð 1973, og var kostnaður, 1.9 m.kr., greiddur með lánsfé, sem hreppsnefnd Svarfaðardalshrepps lagði fram í þessu skyni. Kostnaðurinn er endurgreiddur sbr. 2.3.0.2.

Allar tölur um áætlaðan kostnað, sem tilgreindar eru í þessum kafla, eru miðaðar við vísitölu brúagerða 3351, en það er sú vísitala, sem áætluð var fyrir árið 1974, þegar vegáætlun var í endurskoðun s. l. vetur. Vísitala brúagerða í ágúst 1974 varð hins vegar 3502, og er gert ráð fyrir, að kostnaður hafi aukist sem nemur vísitöluhækkuninni, sbr. kafla um áhrif verðhækkana hér áður.

### 2.5.2. Til smábrúa.

Fjárveiting til smábrúa var 20.6 m.kr., og var henni varið til byggingar brúa á eftirtaldar ár:

| Heiti | Vegur nr. | Lengd m | Áætl. kostn. m.kr. | Áætl. kostn. vegasjóðs m.kr. | Athugasemdir |
|---|---|---|---|---|---|
| 1. Bugða á Mosfellsh. | 36 | 4 | 4.6 | 4.6 | Endurbygging |
| 2. Gemlufallsá í Dýraf. | 60 | 6 | 3.3 | 3.3 | — |
| 3. Tunguá í Valþjófsdal | (sýsluv.) | 4 | 0.4 | 0.1 | — |
| 4. Staðará í Súgandaf. | (sýsluv.) | 8 | 0.8 | 0.2 | — |
| 5. Króksá hjá Hvammstanga | 72 | 4 | 3.8 | 3.8 | — |
| 6. Bakká á Skaga (viðbót) | 745 | 4 | 0.6 | 0.6 | — |
| 7. Kálfborgará | 844 | 8 | 4.5 | 4.5 | — |
| 8. Hálslækur hjá Egilsstöðum | 92 | 4 | 3.3 | 3.3 | Breikkun eldri brúar |
| 9. Sturluá í Fljótsdal | (sýsluv.) | 9 | 0.8 | 0.2 | |
| Samtals | | | 22.1 | 20.6 | |

Tölum um áætlaðan kostnað smábrúa eru miðaðar við vísitölu 3351. Vísitala varð hins vegar 3502 og er gert ráð fyrir, að kostnaður hafi aukist í hlutfalli við hækkun vísitölu.

## AÐRAR BRÚAGERÐARFRAMKVÆMDIR

### Brýr 10 m og lengri.

**Brú á Eystri rás á Mýrdalssandi (1):**

Byggð var 15 m löng stálbitabrú með timburgólfi, og kom hún í stað gamallar og mjög lélegrar timburbrúar. Var brúin tekin til umferðar í október. Áætlaður kostnaður var 6.7 m.kr. og greiðist hann til bráðabirgða af fjárveitingu til Skeiðarársands.

**Brú á Flóaáveituskurð (1):**

Byggð var 12 m steypt brú í einu hafi á Flóaáveituskurð hjá Skeggjastöðum, og er það liður í endurbyggingu hraðbrautarinnar frá Selfossi að Skeiðavegamótum. Brúin er með tvöfaldri akbraut og var hún tekin til umferðar í desember. Áætlaður kostnaður var 7.3 m.kr. og greiðist hann af lið 2.3.1. — Til hraðbrauta.

**Brú á Köldukvísl í Mosfellssveit (36):**

Byggð var 16 m löng steypt brú í einu hafi með tvöfaldri akbraut. Kom hún í stað gamallar og mjórrar brúar með hættulega aðkeyrslu. Brúin var tekin til umferðar í júlí. Áætlaður kostnaður var 10.4 m.kr., og greiðist hann af sérstakri fjáröflun til Þingvallavegar.

**Brú á Brynjudalsá (1):**

Byggð var 20 m löng steypt bitabrú í einu hafi með tvöfaldri akbraut. Kom hún í stað gamallar og mjórrar brúar. Brúin var tekin til umferðar í desember. Áætlaður kostnaður var 22 m.kr., og greiðist hann af lið 2.3.1. — Til hraðbrauta.

**Brú á Brynjudalsá hjá Ingunnarstöðum (sýsluvegur):**

Byggð var 14 m löng stálbitabrú með timburgólfi, og var hún tekin til umferðar í desember. Áætlaður kostnaður var 2 m.kr., og var hann til bráðabirgða lagður út af geymslufé vegasjóðs, sbr. 2.3.1. — Til hraðbrauta.

**Brú á Laxá í Hvammssveit (590):**

Stálbitabrú, 28 m að lengd, sem byggð var á ána 1943, sligaðist s. l. vetur undan umferðarþunga. Settir voru nýjir stálbitar og timburgólf og jafnframt gert við stöpla brúarinnar. Áætlaður kostnaður var 2.4 m.kr., og var hann til bráðabirgða lagður út af geymslufé vegasjóðs.

**Brú á Flókadalsá í Fljótum (76):**

Byggð var 46 m löng steypt bitabrú í þremur höfum á nýrri veglínu sunnan Hópsvatns. Áætlaður kostnaður var 14 m.kr., og greiðist hann af lið 2.3.6.4. — Norðurlandsáætlun.

**Brú á Geithellnaá í Álftafirði (1):**

Byggð var 118 m löng steypt plötubrú í sex höfum á nýrri veglínu fyrir botni Álftafjarðar. Auk þess voru byggðir varnargarðar við brúna. Var hún tekin til umferðar í október. Áætlaður kostnaður var 34.4 m.kr., og greiðist hann af lið 2.3.6.3. — Austurlandsáætlun.

**Brýr á Kvíá og Kvískerjalæk í Öræfum (1):**

Byggð var 39 m löng stálbitabrú í þrem höfum á Kvíá, og kom hún í stað gamals stálgrindarbita, sem var mjög mjór og hafði erfiða aðkeyrslu. Þá var byggð 6 m löng steypt renna á Kvískerjalæk. Til að tengja brýrnar voru byggðir 4 km af vegi. Áætlaður kostnaður var 15 m.kr., og var hann greiddur af fjárveitingu Skeiðarársands.

**Smábrýr.**

**Brú á Norðurreykjaá í Mosfellssveit (36):**

Byggður var 8 m plöturammi, og var brúin tekin til umferðar í júlí. Kom hún í stað gamallar brúar. Áætlaður kostnaður var 14.2 m.kr., og greiðist hann af sérstakri fjárveitingu til Þingvallavegar.

**Brú á Ausuá í Dýrafirði (60):**

Byggð var 4 m löng steypt renna. Kom hún í stað gamallar brúar, sem hafði orðið fyrir áföllum og þarfnaðist viðgerðar. Áætlaður kostnaður var 3.5 m.kr., og var hann að hluta greiddur af viðhaldi brúa og að hluta lánaður af fjárveitingu vegar.

**Brú á Affall í Vallhólma (1):**

Byggður var 5 m langur steyptur rammi á nýjum vegi í Vallhólmanum, og kom brúin í stað gamallar stálbitabrúar. Áætlaður kostnaður er 4 m.kr., og greiðist hann af lið 2.3.6.4. — Norðurlandsáætlun.

### 2.6. Til sýsluvegasjóða.

Fjárveiting til sýsluvegasjóða á árinu 1974 var 38.0 m.kr., og skiptist hún milli sýslna samkv. reglugerð nr. 62/1964, eins og sýnt er í eftirfarandi töflu.

Í skýrslu um framkvæmd vegáætlunar 1973 voru tekjur sýsluvegasjóðanna samkv. 21. og 26. gr. vegalaga áætlaðar alls 16 589 þús. kr. en urðu 19 311 þús. kr. Tekjur samkv. 23. gr. vegalaga voru áætlaðar 500 þús. kr., en urðu 329 þús. kr. Heildartekjur samkv. þessum þremur greinum urðu þannig 19 640 þús. kr. eða 2 551 þús. kr. hærri en áætlað var.

Ríkisframlag samkv. 28. gr. vegalaga á árinu 1974 var því 1 280 þús. kr. hærri en tvöföld heildarupphæð innheimtra sýsluvegasjóðsgjalda á árinu 1973.

Á árinu 1974 var innheimta sýsluvegasjóðsgjalda samkv. 21. og 26. gr. vegalaga miðuð við kaupgjald í almennri verkamannavinnu hjá Vegagerð ríkisins 1. des. 1973, sem var 157.00 kr., og er það 35.2% hækkun frá sama kaupgjaldi 1. des. 1972. Samkvæmt því voru áætlaðar tekjur samkv. 21. og 26. gr. 23 071 þús. kr.

**Raunverulegar tekjur sýsluvegasjóða 1973.**
Upphæðir í þús. kr.

| Sýsla | Tekjur skv. 21. og 26. gr. vegalaga | Tekjur skv. 23. gr. vegalaga | Ríkisframlag | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Gullbringusýsla | 1 816 | 15 | 744 | 2 575 |
| Kjósarsýsla | 966 | 8 | 767 | 1 741 |
| Borgarfjarðarsýsla | 492 | 11 | 655 | 1 158 |
| Mýrasýsla | 547 | 2 | 1 330 | 1 879 |
| Snæfellsness- og Hnappadalssýsla | 895 | 0 | 1 394 | 2 289 |
| Dalasýsla | 400 | 0 | 802 | 1 202 |
| Austur-Barðastrandarsýsla | 148 | 2 | 571 | 721 |
| Vestur-Barðastrandarsýsla | 507 | 2 | 605 | 1 114 |
| Vestur-Ísafjarðarsýsla | 1 292 | 38 | 1 012 | 2 342 |
| Norður-Ísafjarðarsýsla | 1 029 | 61 | 575 | 1 665 |
| Strandasýsla | 356 | 0 | 704 | 1 060 |
| Vestur-Húnavatnssýsla | 427 | 61 | 1 226 | 1 714 |
| Austur-Húnavatnssýsla | 726 | 95 | 1 100 | 1 921 |
| Skagafjarðarsýsla | 788 | 0 | 2 081 | 2 869 |
| Eyjafjarðarsýsla | 1 134 | 0 | 1 342 | 2 476 |
| Suður-Þingeyjarsýsla | 1 007 | 20 | 2 074 | 3 101 |
| Norður-Þingeyjarsýsla | 458 | 9 | 1 966 | 2 433 |
| Norður-Múlasýsla | 755 | 5 | 2 952 | 3 712 |
| Suður-Múlasýsla | 1 294 | 0 | 1 909 | 3 203 |
| Austur-Skaftafellssýsla | 404 | 0 | 751 | 1 155 |
| Vestur-Skaftafellssýsla | 473 | 0 | 1 235 | 1 708 |
| Rangárvallasýsla | 1 101 | 0 | 2 252 | 3 353 |
| Árnessýsla | 2 296 | 0 | 2 453 | 4 749 |
| Samtals | 19 311 | 329 | 30 500 | 50 140 |

## Áætlaðar tekjur sýsluvegasjóða 1974.
### Upphæðir í þús. kr.

| Sýsla | Tekjur skv. 21. og 26. gr. vegalaga | Tekjur skv. 23. gr. vegalaga | Ríkisframlag | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Gullbringusýsla | 1 242 | 3 | 610 | 1 855 |
| Kjósarsýsla | 1 766 | 52 | 1 156 | 2 974 |
| Borgarfjarðarsýsla | 656 | 13 | 824 | 1 493 |
| Mýrasýsla | 752 | 3 | 1 673 | 2 428 |
| Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla | 1 431 | 0 | 1 782 | 3 213 |
| Dalasýsla | 534 | 0 | 1 006 | 1 540 |
| Austur-Barðastrandarsýsla | 188 | 1 | 709 | 898 |
| Vestur-Barðastrandarsýsla | 688 | 2 | 771 | 1 461 |
| Vestur-Ísafjarðarsýsla | 791 | 37 | 1 273 | 2 101 |
| Norður-Ísafjarðarsýsla | 268 | 53 | 581 | 902 |
| Strandasýsla | 482 | 0 | 873 | 1 355 |
| Vestur-Húnavatnssýsla | 578 | 46 | 1 540 | 2 164 |
| Austur-Húnavatnssýsla | 817 | 92 | 1 388 | 2 297 |
| Skagafjarðarsýsla | 1 116 | 8 | 2 602 | 3 726 |
| Eyjafjarðarsýsla | 1 258 | 98 | 1 606 | 2 962 |
| Suður-Þingeyjarsýsla | 1 364 | 21 | 2 614 | 3 999 |
| Norður-Þingeyjarsýsla | 627 | 6 | 2 462 | 3 095 |
| Norður-Múlasýsla | 1 028 | 5 | 3 701 | 4 734 |
| Suður-Múlasýsla | 1 550 | 0 | 2 341 | 3 891 |
| Austur-Skaftafellssýsla | 562 | 0 | 951 | 1 513 |
| Vestur-Skaftafellssýsla | 635 | 0 | 1 547 | 2 182 |
| Rangárvallasýsla | 1 552 | 0 | 2 840 | 4 392 |
| Árnessýsla | 3 186 | 0 | 3 150 | 6 336 |
| Samtals | 23 071 | 440 | 38 000 | 61 511 |

## 2.7. TIL VEGA Í KAUPSTÖÐUM OG KAUPTÚNUM

Mannfjöldi í kaupstöðum og þéttbýlisstöðum með 300 íbúum og fleiri var þann 1. des. 1973, samkv. endanlegum tölum um mannfjölda á Íslandi útgefnum af Hagstofu Íslands 6. júlí 1974:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Kaupstaðir | | 146 458 | |
| Þéttbýlisstaðir með 300 íbúum o. fl. | | 36 342 | |
| | Samtals | 182 800 | |
| **Framlag skv. 32. gr. vegalaga:** | | | |
| Áætlaðar tekjur árið 1974 | Kr. 1 836 200 000.00 | | |
| Framlag til hraðbrauta | — 336 300 000.00 | | |
| | Kr. 1 499 900 000.00 | | |
| 12½% framlag af kr. 1 499 900 000.00 | | Kr. | 187 488 000.00 |
| Tekjur vegasjóðs árið 1973 | Kr. 1 486 661 908.00 | | |
| Framlag til hraðbrauta | — 256 600 000.00 | | |
| | Kr. 1 230 061 908.00 | | |
| 12½% framlag af kr. 1 230 061 908.00 | — 153 758 000.00 | | |
| Tekið til skipta 1973 | — 157 312 000.00 | — | 3 554 000.00 |
| | | Kr. | 183 934 000.00 |
| 10% sjóður skv. 34. gr. vegalaga | | — | 18 393 000.00 |
| | Til skipta 1974 | Kr. | 165 541 000.00 |

**Skiptitala á hvern íbúa:**

$$\frac{165\,541\,000.00}{182\,800.00} = \text{Kr. } 905.58$$

**Þéttbýlissvæði með 300 íbúum og fleiri þann 1. des. 1973 skv. töflu frá Hagstofu Íslands.**

| | Íbúar | Framlag 1974 |
|---|---|---|
| Reykjavík | 84 333 | 76 370 725 |
| Kópavogur | 11 639 | 10 540 107 |
| Hafnarfjörður | 10 926 | 9 894 425 |
| Keflavík | 5 978 | 5 413 589 |
| Akranes | 4 406 | 3 990 009 |
| Ísafjörður | 3 114 | 2 819 993 |
| Sauðárkrókur | 1 750 | 1 584 774 |
| Siglufjörður | 2 075 | 1 879 089 |
| Ólafsfjörður | 1 108 | 1 003 389 |
| Akureyri | 11 484 | 10 399 742 |
| Húsavík | 2 129 | 1 927 991 |
| Seyðisfjörður | 930 | 842 194 |
| Neskaupstaður | 1 680 | 1 521 383 |
| Vestmannaeyjar | 4 906 | 4 442 801 |
| Grindavík | 1 456 | 1 318 532 |
| Sandgerði | 1 090 | 987 088 |
| Gerðar, Gerðahr. | 689 | 623 948 |
| Njarðvíkur | 1 700 | 1 539 495 |
| Garðakauptún, Garðahr. | 3 638 | 3 294 519 |
| Seltjarnarnes | 2 460 | 2 227 740 |
| Þéttbýli Mosfellshrepps | 961 | 870 268 |
| Borgarnes | 1 268 | 1 148 282 |
| Hellissandur | 568 | 514 373 |
| Ólafsvík | 1 081 | 978 938 |
| Grundarfjörður | 642 | 581 386 |
| Stykkishólmur | 1 094 | 990 710 |
| Patreksfjörður | 995 | 901 058 |
| Bíldudalur | 354 | 320 577 |
| Þingeyri | 382 | 345 934 |
| Flateyri | 442 | 400 269 |
| Suðureyri | 511 | 462 754 |
| Bolungarvík | 999 | 904 680 |
| Hólmavík | 335 | 303 371 |
| Hvammstangi | 397 | 359 518 |
| Blönduós | 757 | 685 528 |
| Skagaströnd | 570 | 516 184 |
| Dalvík | 1 123 | 1 016 972 |
| Raufarhöfn | 469 | 424 720 |
| Þórshöfn | 461 | 417 475 |
| Vopnafjörður | 537 | 486 300 |
| Egilsstaðir | 821 | 743 486 |
| Eskifjörður | 966 | 874 796 |
| Reyðarfjörður | 668 | 604 931 |
| Fáskrúðsfjörður | 735 | 665 605 |
| Stöðvarfjörður | 312 | 282 543 |
| Djúpivogur | 338 | 306 088 |
| Höfn í Hornafirði | 1 099 | 995 238 |
| Vík í Mýrdal | 374 | 338 689 |
| Hvolsvöllur | 381 | 345 028 |
| Hella | 408 | 369 479 |
| Stokkseyri | 464 | 420 192 |
| Eyrarbakki | 556 | 503 506 |
| Selfoss | 2 637 | 2 388 029 |
| Hveragerði | 990 | 896 530 |
| Þorlákshöfn | 614 | 556 030 |
| Samtals | 182 800 | 165 541 000 |

**Skipting framlags úr 10% sjóði:**

| | |
|---|---|
| Dalvík | 1 700 000 |
| Óráðstafað | 16 693 000 |
| | 18 393 000 |

Allt frá gildistöku vegalaga árið 1964 hefur framlag skv. 34. gr. (10% sjóður) verið bundið við Hafnarfjarðarveg í Kópavogi og Suðurlandsveg um Selfoss. Þar sem Hafnarfjarðarvegur í Kópavogi var felldur úr tölu þjóðvega í þéttbýli 1. jan. 1974 með gildistöku reglugerðar nr. 401/1973 og Suðurlandsvegur um Selfoss fékk á árinu 1973 seinasta framlag úr 10% sjóði, var nokkurt fé til ráðstöfunar í sjóðnum á árinu.

Með því að fæstum sveitarfélögum var kunnugt um þetta og fyrir Alþingi lá á s. l. vori frumvarp um breytingu á vegalögum og þar á meðal á 34. gr. laganna, þótti eigi fært að veita framlög úr sjóðnum á árinu. Undantekning var þó gerð með Dalvíkurhrepp, en þar lá fyrir gamalt fyrirheit um sérstakt framlag á árunum 1972—74.

Gert er ráð fyrir, að á árinu 1975 verði settar sérstakar reglur um framlög úr sjóðnum í samræmi við þá breytingu á 34. gr. vegalaga, sem að ofan greinir, ef sú breyting nær fram að ganga á Alþingi.

## 2.8. TIL VÉLA- OG ÁHALDAKAUPA

### 2.8.1. Vélakaup.

Fjárveiting var 18.0 m.kr.
Alls voru keyptar vélar fyrir 63.7 m.kr.
Það helsta, sem keypt var:

2 dráttarbifreiðar
2 vegheflar
1 festivagn, 50 tonn
6 mælingabifreiðar
1 malarsigtisamstæða
1 rafstöð, 100 KVA.
2 sand- og saltdreifarar
1 steypublöndunarvél

Auk ofanskráðra véla voru keyptar ýmsar minni vélar, svo sem rafstöðvar, steypuþjöppur, véldælur, jarðvegsþjöppur, vélsagir, snjótennur, vélbörur, loftpressur o. fl.

Kostnaður umfram fjárveitingu var greiddur af afskriftarfé véla.

### 2.8.2. Til byggingar áhaldahúsa.

Fjárveiting var 10.6 m.kr.

1. Í Vík í Mýrdal fékk Vegagerðin lóð undir nýtt áhaldahús og hófst handa um byggingu á henni. Var á árinu lokið við að gera fokhelt hús, 228 m² og 1208 m³ að stærð.
2. Á Hvolsvelli var byrjað á byggingu áhaldahúss, sem er um 301 m² og 1594 m³. Húsið var gert fokhelt á árinu.
3. Í Borgarnesi var að mestu lokið við verkstæðis- og áhaldahús, og er búið að taka það í notkun. Einnig var byrjað á stækkun skrifstofu, og er sú stækkun m. a. ætluð vegna flutnings á skrifstofu umdæmisverkfræðings á Vesturlandi frá Reykjavík. Stækkunin er 111 m² og 390 m³.
4. Á Hvammstanga var hafin bygging á nýju áhaldahúsi og er það af sömu gerð og í Vík í Mýrdal. Ekki tókst að gera húsið fokhelt, en haldið verður áfram byggingu þess á næsta ári.
5. Á Blönduósi og á Þórshöfn þurfti að gera nokkrar endurbætur, m. a. vegna brunavarna.
6. Á Svínafelli í Öræfum var byggt áhaldahús, en það var flutt frá vinnubúðum brúagerðarflokks við Skeiðará. Húsið er um 116 m².

7. Minniháttar lagfæringar og endurbætur voru gerðar á nokkrum öðrum áhaldahúsum.

## 2.9. TIL TILRAUNA Í VEGAGERÐ

| | |
|---|---|
| Fjárveiting í bráðabirgðavegáætlun 1974 ..... | 9.2 m.kr. |
| Geymt fé frá fyrra ári ..... | 11.4 m.kr. |
| Alls | 20.6 m.kr. |

Fjárveitingin var notuð til eftirfarandi tilrauna og rannsóknarstarfsemi:

1. *Vegir byggðir á mýri:*

Á árinu var tekið saman yfirlit yfir hönnunarforsendur fyrir vegi byggða á mýrum. Niðurstöðurnar voru birtar í Tímariti Verkfræðingafélags Íslands.

Haldið var áfram að fylgjast með sigi nokkurra vegarkafla. Er gert ráð fyrir, að mælt verði í nokkur ár í viðbót og hönnunarforsendur síðan endurskoðaðar.

2. *Athuganir á helstu eiginleikum íslenskra jarðefna:*

Unnið var að söfnun upplýsinga um helstu eiginleika íslenskra jarðefna. Sem fyrsta áfanga í yfirliti um þetta efni var tekin saman greinargerð (25. febr. 1974) um flokkun jarðefna og helstu eiginleika þeirra með tilliti til vegagerðar. Á árinu var reynt að fá betra yfirlit yfir efniseiginleika, sem hægt er að nota til ákvörðunar á sigi og skriði í undirstöðum fyllinga. Gert er ráð fyrir, að þessar rannsóknir haldi áfram á næstu árum.

3. *Athuganir á burðarþoli staura:*

Haldið var áfram athugunum á burðarþoli staura í mismunandi jarðvegi og fyrir mismunandi álag. Verið er að ganga frá niðurstöðum þeirra rannsókna, sem þegar hafa verið gerðar, og mun skýrsla þar að lútandi liggja fyrir innan nokkurra vikna.

4. *Kerfisbundin leit að steinefnum í oliumöl:*

Haldið var áfram leit að heppilegum steinefnum til framleiðslu oliumalar og tekin fyrir svæði, sem lítt eða ekki hafði verið leitað á áður, og einnig fram haldið rannsóknum á sýnum, sem tekin hafa verið áður. Enn eru mörg svæði ókönnuð að mestu og verður reynt að leggja áherslu á könnun svæða næst þéttbýli og meðfram aðalvegum.

5. *Snjógirðingar við vegi:*

Haldið var áfram athugunum á skaflamyndun og hvernig hægt væri að nýta niðurstöður þeirra til að minnka skaflamyndun á vegum með uppsetningu snjógirðinga við þá.

6. *Frosttryggt malarefni:*

Enn hefur ekki borist lokaskýrsla um niðurstöður rannsóknanna, en þeim er lokið og niðurstöður hafa verið notaðar að einhverju leyti við mat á íslinsumyndunum m. t. t. fínefnainnihalds malarefna.

7. *Rykbinding:*

Ætlunin var að halda áfram frekari athugunum á rykbindingu malarvega með asfaltupplausn m. t. t. hins jákvæða árangurs, sem fengist hefur á fyrri árum. Tilraunum var þó frestað, en keypt inn um 70 t af asfaltupplausn, sem notuð verður sumarið 1975.

*8. Athuganir á vikri til vegagerðar:*

Sumarið 1973 tók Vegagerð ríkisins ásamt Landsvirkjun þátt í tilraun við lagfæringu á gömlum vegi við Búrfellsvirkjun. Vegarkaflinn er um 1000 metra langur, og var lagt á hann olíumalarslitlag. Vegurinn var í fáum orðum, blanda af möl, sandi og silti, sem á flestum stöðum var frosthættulegt.

Tilraunin var í því fólgin að leggja ofan á gamla veginn jöfnunarlag úr vikri, 10 til 20 cm á þykkt. Er síðan ætlunin að fylgjast með veginum og sjá, hvort hann brotnar niður þannig að hjólför myndist í akbrautinni.

Fyrstu áfangaskýrslu um verkið var skilað 20.09.1974. Í lok skýrslunnar var gerð tillaga að áframhaldandi athugunum, og hefur verið haldið áfram við athuganir í samræmi við hana.

*9. Veðrunarþolni málningar:*

Haldið var áfram tilraunum með veðrunarþolni og endingu málningar á stálbrúm. Er nú unnið að úrvinnslu tilraunanna og munu fyrstu niðurstöður liggja fyrir á næstu mánuðum.

*10. Mosarækt:*

Tilraunir með mosarækt í hrauni benda til þess, að ekki sé hægt að flýta með henni uppgræðslu hraunsvæða, umfram það sem gerist með sjálfsáningu, meira en svarar einu ári. Ákveðið var að halda athugunum á tilraunasvæðinu áfram til ársins 1975.

*11. Rannsóknir á burðarþoli vega:*

Haldið var áfram við samnorrænt verkefni, sem stefnir að því að finna einfaldar aðferðir til hönnunar á burðarþoli vega m. t. t. umferðarmagns og þunga, veðráttu og jarðvegs. Lokið er að mestu undirbúningi verksins og nokkrir þættir eru komnir vel á veg. Hér á landi hefur aðalkostnaðurinn verið við byggingu sérstakrar tilraunafyllingar úr rauðamöl og hrauni. Er ætlunin að athuga íslensk gosefni, en hvert landanna hefur fengið ákveðið jarðefni til rannsóknar. Gert er ráð fyrir, að verkefninu ljúki 1. júlí 1976.

*12. Athugun á malarslitlögum:*

Með sífaukinni umferð hafa mismunandi akstursgæði veganna orðið æ meira áberandi, enda þótt malarslitlög séu framleidd á sama hátt og hafi samskonar kornadreifingu, þegar þau eru lögð á vegina. Voru því valdir til rannsókna nokkrir mismunandi góðir malarvegir í hverjum landsfjórðungi. Athugað verður, hvort gæði veganna séu háð einhverjum efniseiginleikum slitlaganna, sem einfalt sé að ákvarða á tilraunastofu. Komi í ljós, að einhverjar einfaldar prófanir geti verið til leiðbeiningar við val á efni í malarslitlög eða við framleiðslu á þeim, er ætlunin að gera tillögu að útbúnaði í færanlega tilraunastofu, sem hægt væri að setja á vinnustað.

Greinargerð um þessar athuganir á að liggja fyrir um mitt ár 1975.

*13. Áhrif mannvirkjagerðar í ám og fjörðum á fiskigöngur í ár:*

Með tilliti til fyrirhugaðra framkvæmda í Borgarfirði og annars staðar, þar sem fiskigengd í ár er mikil, voru hafnar tilraunir með talningu fiska, sem ganga upp árnar. Er þetta gert með það fyrir augum að fá úr því skorið, hvort mannvirkjagerð hefur áhrif á fiskigöngur. Áfangaskýrsla um þessar tilraunir liggur þegar fyrir og sýna niðurstöður hennar jákvæðan árangur. Verður tilraunum þessum haldið áfram.

*14. Ákveðið var að heimila Sverri Runólfssyni* að sýna aðferð sína um ódýra vegagerð með því að byggja frá grunni um 1200 m langan vegarkafla Vesturlandsvegar milli Ártúnsár og Tíðaskarðs. Fyrirheit um slíkan tilraunakafla var gefið í apríl 1972 og Sverrir valdi þennan ofangreinda kafla af þremur, sem honum var gefinn kostur á í ágúst 1973. Viðhlítandi verklýsingu lagði Sverrir ekki fram fyrr en 22 júlí 1974, og var gerður við hann verksamningur í byrjun ágúst s. l., en hann hófst handa skömmu síðar. Heildarkostnaður skv. áætlun Sverris var 8.4 m.kr. að slitlagi meðtöldu. Sverrir vann síðan við gerð kaflans fram á vetur, undirbyggingu var að mestu lokið og upprótað land næst vinnusvæðinu fært í það horf, að ekki stafaði af því bein lífshætta fyrir menn og skepnur. Kostnaður var þá orðinn 12.8 m.kr.:

Búast má við, að 5—7 m.kr. kosti að koma kaflanum í það horf, sem ætlað var skv. verklýsingu Sverris.

## 2.10. GREIÐSLUHALLI Á VEGÁÆTLUN

Þegar bráðabirgðavegáætlun var samþykkt s. l. vor, var ljóst að fyrirsjáanlega yrði halli á nokkrum liðum. Í fyrsta lagi var ekki séð fyrir fjárveitingu til greiðslu snjómoksturskostnaðar seinni hluta ársins 1974, þar sem ætlað var, að Alþingi lyki afgreiðslu vegáætlunar á sumarþingi. Þá var í öðru lagi ekki að fullu gengið frá kjarasamningum opinberra starfsmanna, þannig að óhjákvæmilega varð nokkur halli á „Stjórn og undirbúningi".

Þá var í haust gefin út heimild af ráðuneyti til hraðbrautaframkvæmda í grennd við nokkra þéttbýlisstaði, alls að upphæð 38 m.kr., og ákveðið að sú upphæð skyldi tekin inn á halla 1974.

Í aðaltriðum skiptist halli á bundnum greiðslum þannig:

| | | m.kr. |
|---|---|---|
| Stjórn og undirbúningur | | 22.5 |
| Vetrarviðhald | | 90.6 |
| Fjárheimildir 16/10 vegna lagningar olíumalar | | 38.0 |
| Til vega í kaupst. og kaupt. | | 0.2 |
| Til tilrauna | | 0.1 |
| Samtals halli 1974 | | 151.4 |
| Halli 1973 | | 173.0 |
| Halli 1972 | | 34.0 |
| Halli 1970—71 | | 60.0 |
| Halli samtals í lok árs 1974 | | 418.4 |
| Fjárveiting til greiðslu halla 1974 | 60.0 | |
| Markaðar tekjur umfram áætlun 1974 | 29.8 | 89.8 |
| Ógr. halli í lok árs 1974 | | 328.6 |

**Fskj. 2.1.3—1**


VEGAGERÐ RÍKISINS
UMFERÐARTALNING 1974
SUÐVESTURLAND
REYKJAVÍK, janúar 1975
Skýringar:
REYKJAVÍK
KÓPAVOGUR
HAFNARFJÖRÐUR
HVERAGERÐI
SELFOSS
HELLA
HVOLSVÖLLUR
HÖFN

**Fskj. 2.1.3—2**


VEGAGERÐ RÍKISINS
UMFERÐARTALNING 1974
NORÐVESTURLAND
REYKJAVÍK, í janúar 1975
Skýringar:
SIGLUFJÖRÐUR
HAGANESVÍK
SKAGASTRÖND
BLÖNDUÓS
HVAMMSTANGI
BORÐEYRI
HÓLMAVÍK
BÚÐARDALUR
STYKKISHÓLMUR
GRUNDARFJÖRÐUR
HELLISSANDUR
ÓLAFSVÍK
BÍLDUDALUR
SUÐUREYRI
FLATEYRI
SUÐAVÍK
ÍSAFJÖRÐUR
HNÍFSDALUR
BOLUNGARVÍK

**Fskj. 2.1.3—3**


VEGAGERÐ RÍKISINS
UMFERÐARTALNING 1974
NORÐAUSTURLAND
REYKJAVÍK, í janúar 1975.
Skýringar:
RAUFARHÖFN
KÓPASKER
BAKKAFJÖRÐUR
BAKKAGERÐI
VOPNAFJÖRÐUR
SEYÐISFJÖRÐUR
NESKAUPSTAÐUR
ESKIFJÖRÐUR
EGILSSTAÐIR
BÚÐAHREPPUR
BÚÐIR
HÚSAVÍK
ÓLAFSFJÖRÐUR
DALVÍK
HJALTEYRI
AKUREYRI

**Fskj. 2.1.3—4**


VEGAGERÐ RÍKISINS
UMFERÐARTALNING 1974
SUÐAUSTURLAND
REYKJAVÍK, í janúar 1975
Skýringar:
HÖFN
SKAFTAFELL
KIRKJUBÆJAR-KLAUSTUR

**Fskj. 2.3—1**

## Yfirlit um framkvæmdir skv. vegáætlun 1974.

| | |
|---|---|
| **1. Hraðbrautir:** | |
| a) Fullnaðarfrágangur undirbyggingar | 14.3 km |
| b) Lagning malarslitlags | 7.6 km |
| c) Lagning bundins slitlags | 8.1 km |
| d) Brýr, 10 m og lengri, 4 brýr | 58 m |
| e) Smábrýr, 1 brú | 8 m |
| **2. Þjóðbrautir:** | |
| a) Undirbyggðir vegir | 80.0 km |
| b) Lagt slitlag og burðarlag | 89.0 km |
| c) Brýr, 10 m og lengri, 7 brýr | 278 m |
| d) Smábrýr, 5 brýr | 23 m |
| **3. Landsbrautir:** | |
| a) Undirbyggðir vegir | 78.0 km |
| b) Lagt slitlag og burðarlag | 85.0 km |
| c) Brýr, 10 m og lengri, 7 brýr | 526 m |
| d) Smábrýr, 4 brýr | 22 m |
| **4. Sýsluvegir:** | |
| a) Brýr, 10 m og lengri, 1 brú | 14 m |
| b) Smábrýr, 3 brýr | 21 m |

**Sþ.** **410. Tillaga til þingsályktunar** [216. mál]

um vegáætlun fyrir árin 1974—77.

(Lögð fyrir Alþingi á 96. löggjafarþingi, 1974—75.)

Alþingi ályktar, samkvæmt III. kafla vegalaga, nr. 80 10. júlí 1973, að árin 1974—77 skuli framkvæmdum í vegamálum hagað og vegir flokkaðir samkvæmt eftirfarandi vegáætlun:

## I. ÁÆTLUN UM FJÁRÖFLUN.

(Fjárhæðir í m.kr.)

| | 1974 | | 1975 | | 1976 | | 1977 | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **1.1. Fastir liðir:** | | | | | | | | |
| 1. Innflutningsgjald | 1 121 | | 1 762 | | 1 862 | | 1 946 | |
| 2. Þungaskattur | 311 | | 420 | | 445 | | 468 | |
| 3. Gúmmígjald | 105 | | 96 | | 99 | | 104 | |
| | | 1 537 | | 2 278 | | 2 406 | | 2 518 |
| Endurgr. innfl.gjald | 18 | | 20 | | 28 | | 28 | |
| Endurgr. þungaskattur | 15 | | 8 | | 8 | | 8 | |
| | | 33 | | 28 | | 36 | | 36 |
| | | 1 504 | | 2 250 | | 2 370 | | 2 482 |
| 4. Ríkisframlag | | 362 | | 380 | | 500 | | 500 |
| | | 1 866 | | 2 630 | | 2 870 | | 2 982 |
| **1.2. Sérstök fjáröflun:** | | | | | | | | |
| 1. Skeiðarársandur | 400 | | 116 | | 0 | | 0 | |
| 2. Hraðbrautir | 100 | | | | 0 | | 0 | |
| 3. Kópavogur | 80 | | | | | | | |
| 4. Djúpvegur | 80 | | | | | | | |
| 5. Norður- og Austurvegur | | | 500 | | 500 | | 500 | |
| 6. Aðrar framkvæmdir | 500 | | 297 | | 550 | | 550 | |
| | | 1 160 | | 913 | | 1 050 | | 1 050 |
| | | 3 026 | | | | | | |
| **1.3. Fjárveit. til greiðslu halla 1974:** | | | | | | | | |
| Halli í lok árs 1974 | 418,4 | | | | | | | |
| Fjárveiting til gr. halla 1974 | ÷60,0 | | | | | | | |
| Markaðar tekjur umfr. áætl. | ÷29,8 | | | | | | | |
| Aukafjárv. til greiðslu halla | 328,6 | | | | | | | |
| | | 328,6 | | | | | | |
| Samtals | | 3 354,6 | | 3 543 | | 3 920 | | 4 032 |

## II. SKIPTING ÚTGJALDA.
(Fjárhæðir í m.kr.)

| | | 1974 | | 1975 | | 1976 | | 1977 | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **2.1.** | **Stjórn og undirbúningur:** | | | | | | | | |
| 1. | Skrifstofukostnaður | 54,0 | | 73,0 | | 73,0 | | 73,0 | |
| 2. | Verkfræðil. undirbún. | 51,3 | | 87,0 | | 91,0 | | 94,4 | |
| 3. | Umferðatalning | 7,7 | | 12,5 | | 12,5 | | 12,5 | |
| 4. | Eftirlaunagreiðslur | 8,2 | | 10,5 | | 11,5 | | 12,1 | |
| | | | 121,2 | | 183,0 | | 188,0 | | 192,0 |
| **2.2.** | **Viðhald þjóðvega:** | | | | | | | | |
| 1. | Sumarviðhald | 649,0 | | 854,0 | | 888,0 | | 888,0 | |
| 2. | Vetrarviðhald | 67,4 | | 194,7 | | 194,7 | | 194,7 | |
| 3. | Vegmerkingar | 9,6 | | 13,3 | | 13,3 | | 13,3 | |
| | | | 726,0 | | 1 062,0 | | 1 096,0 | | 1 096,0 |
| **2.3.** | **Til nýrra þjóðvega:** | | | | | | | | |
| 1. | Hraðbrautir | 516,3 | | 437,0 | | 644,0 | | 672,0 | |
| 2. | Þjóðbrautir | 129,2 | | 143,0 | | 220,0 | | 252,0 | |
| 3. | Landsbrautir | 163,3 | | 200,0 | | 255,0 | | 285,0 | |
| 4. | Girðingar og uppgræðsla | 28,3 | | 40,0 | | 40,0 | | 40,0 | |
| 5. | Sérstakar áætlanir: | | | | | | | | |
| | 1. Skeiðarársandur | 400,0 | | 116,0 | | | | | |
| | 2. Norður- og Austurvegur | 0,0 | | 500,0 | | 500,0 | | 500,0 | |
| | 3. Austurlandsáætlun | 107,0 | | 75,0 | | 75,0 | | 75,0 | |
| | 4. Norðurlandsáætlun | 175,6 | | 175,0 | | 175,0 | | 175,0 | |
| | 5. Djúpvegur | 105,3 | | 25,0 | | 25,0 | | 25,0 | |
| | 6. Þingvallavegur | 81,0 | | 0,0 | | 0,0 | | 0,0 | |
| | | | 1 706,0 | | 1 711,0 | | 1 934,0 | | 2 024,0 |
| **2.4.** | **Til fjallvega o. fl.:** | | | | | | | | |
| 1. | Aðalfjallvegir | 4,7 | | 7,0 | | 7,0 | | 7,0 | |
| 2. | Aðrir fjallvegir | 6,9 | | 17,0 | | 14,0 | | 14,0 | |
| 3. | Reiðvegir | 0,5 | | 1,0 | | 1,0 | | 1,0 | |
| | | | 12,1 | | 25,0 | | 22,0 | | 22,0 |
| **2.5.** | **Til brúargerða:** | | | | | | | | |
| 1. | Brýr 10 m og lengri | 90,8 | | 122,0 | | 183,0 | | 184,0 | |
| 2. | Smábrýr | 20,6 | | 19,6 | | 33,0 | | 33,0 | |
| | | | 111,4 | | 141,0 | | 216,0 | | 217,0 |
| **2.6.** | **Til sýsluvega** | | 38,0 | | 85,0 | | 104,0 | | 106,0 |
| **2.7.** | **Til vega í kaupst. og kaupt.** | | 183,7 | | 285,0 | | 296,0 | | 310,0 |
| **2.8.** | **Til véla- og áhaldakaupa:** | | | | | | | | |
| 1. | Til véla- og verkfærakaupa | 18,0 | | 20,0 | | 20,0 | | 20,0 | |
| 2. | Til byggingar áhaldahúsa | 10,6 | | 18,0 | | 30,0 | | 30,0 | |
| | | | 28,6 | | 38,0 | | 50,0 | | 50,0 |
| **2.9.** | **Til tilrauna í vegagerð** | | 9,2 | | 13,0 | | 14,0 | | 15,0 |
| **2.10.** | **Halli á vegáætlun:** | | | | | | | | |
| 1. | Í lok árs 1973 | 267,0 | | | | | | | |
| 2. | Halli á árinu 1974 | 151,4 | | | | | | | |
| | | | 418,4 | | 3 543,0 | | 3 920,0 | | 4 032,0 |
| | | | 3 354,6 | | | | | | |

## III. FLOKKUN VEGA
### 3.1. ÞJÓÐVEGIR EFTIR KJÖRDÆMUM

**Suðurlandskjördæmi.**

1 Suðurlandsvegur: Af sýslumörkum á Skeiðarársandi, um Fljótshverfi og Síðu, yfir Eldhraun og Skaftártungu, um Mýrdalssand, Mýrdal, Sólheimasand, Eyjafjöll, Rangárvelli, Holt, Þjórsá, Flóa, Ölfus, Hellisheiði að sýslumörkum við Sandskeið.

22 Stórhöfðavegur í Vestmannaeyjum: Af vegamótum ofan við kirkjuna um Ofanleytishverfi að Stórhöfðavita.

25 Þykkvabæjarvegur: Af Suðurlandsvegi vestan við Ytri-Rangá á Ásveg hjá Miðkoti í Þykkvabæ.

26 Landvegur: Af Suðurlandsvegi í Holtum upp Holt og Land um Galtalæk austan við Þjórsá hjá Búrfelli á Þjórsárdalsveg austan Sandafells.

202 Prestbakkavegur: Af Suðurlandsvegi austan Breiðbalakvíslar, um Prestbakkavöll, að heimreið að Prestbakka.

203 Geirlandsvegur: Af Suðurlandsvegi austan Skaftárbrúar, um brú á Stjórn að heimreið að Geirlandi.

204 Meðallandsvegur: Af Suðurlandsvegi við Skaftárbrú, niður Landbrot austanvert, um Eldvatnsbrú hjá Syðri-Fljótum, um Langholt og Leiðvöll í Meðallandi, á Suðurlandsveg austan Eldvatns.

206 Holtsvegur á Síðu: Af Suðurlandsvegi austan við Eldhraun um Skaftárbrú að vegamótum hjá Heiði.

208 Búlandsvegur: Af Suðurlandsvegi austan við Tungufljótsbrú í Skaftártungu, að heimreið að Búlandi.

210 Ljótarstaðavegur: Af Búlandsvegi nálægt Gröf, um Gröf og Borgarfell, um brú á Tungufljóti undan Snæbýli að vegamótum að Snæbýli.

211 Álftaversvegur: Af Suðurlandsvegi við Skálmarbrú á Mýrdalssandi, um Herjólfsstaði á Hryggjaveg hjá Þykkvabæjarklaustri.

212 Hryggjavegur: Af Álftaversvegi nálægt Holti um Jórvíkurhryggi á Álftaversveg hjá Þykkvabæjarklaustri.

214 Kerlingardalsvegur: Af Suðurlandsvegi hjá Fagradal, inn með Kerlingardalsá, að heimreið að Bólstað.

215 Reynishverfisvegur: Af Suðurlandsvegi hjá Fossholtum að Presthúsum.

216 Reynisvegur: Af Reynishverfisvegi norðan Lækjarbakka, um Þórisholt á Reynishverfisveg hjá Reynisdal.

218 Dyrhólavegur: Af Suðurlandsvegi hjá Litla-Hvammi í Mýrdal að heimreið að Dyrhólum.

219 Péturseyjarvegur: Af Suðurlandsvegi austan Péturseyjar, um Pétursey og Eyjarhóla, á Suðurlandsveg vestan Péturseyjar.

242 Raufarfellsvegur: Af Suðurlandsvegi vestan Kaldaklifsár, um Raufarfellsbæi, á Suðurlandsveg austan Svaðbælisár.

243 Leirnavegur: Af Suðurlandsvegi vestan Svaðbælisár, um Rauðsbakka og Leirnahverfi, á Suðurlandsveg austan við Steina.

245 Hverfisvegur: Af Suðurlandsvegi vestan Holtsár, um Holtshverfi, á Suðurlandsveg austan Írár.

246 Skálavegur: Af Suðurlandsvegi vestan Holtsár, um Skálabæi, á Suðurlandsveg austan við Hvamm.

247 Sandhólmavegur: Af Suðurlandsvegi við Hvamm, um Efraholt, á Suðurlandsveg hjá Fitjamýri.

249 Þórsmerkurvegur: Af Suðurlandsvegi austan Markarfljóts, um Stóru-Mörk og Merkurengjar í Húsadal í Þórsmörk.

250 Dímonarvegur: Af Suðurlandsvegi vestan Markarfljóts, norður Markarfljótsaura hjá Stóra-Dímon á Fljótshlíðarveg við Eyvindarmúla.

251 **Hólmabæjavegur: Af Suðurlandsvegi á Markarfljótsaurum um Dalsel og Borgareyrar á Landeyjaveg nálægt Sandtjörn.**
252 **Landeyjavegur: Af Suðurlandsvegi austan Affalls, um Miðey, Bergþórshvol, Þúfu og Fróðholt á Suðurlandsveg austan Þverár.**
254 **Hólmavegur: Af Landeyjavegi sunnan Álftarhóls að Hólmum.**
255 **Akureyjarvegur: Af Suðurlandsvegi við Hemlu, um Strönd á Landeyjaveg nálægt Akurey.**
257 **Ártúnsvegur: Af Landeyjavegi vestan Fróðholts um Ártún á Landeyjaveg hjá Eystra-Hóli.**
261 **Fljótshlíðarvegur: Af Suðurlandsvegi á Hvolsvelli inn Fljótshlíð um Múlakot að Háamúla.**
262 **Vallarvegur: Af Fljótshlíðarvegi hjá Sunnuhvoli um Efra-Hvol að Velli.**
264 **Rangárvallavegur: Af Suðurlandsvegi vestan Eystri-Rangár upp Rangárvelli, um Keldur og Gunnarsholt niður Rangárvelli á Suðurlandsveg vestan Varmadals.**
266 **Oddavegur: Af Suðurlandsvegi vestan við Strönd að Vindási.**
268 **Þingskálavegur: Af Rangárvallavegi vestan Gunnarsholts, um Þingskála og Hóla, um brú á Rangá ofan við Galtalæk á Landveg norðan Galtalækjarskógar.**
271 **Árbæjarvegur: Af Suðurlandsvegi vestan Ytri-Rangár, um Árbæ, Snjallsteinshöfða og Lækjarbotna á Landveg hjá Þúfu.**
273 **Bugavegur: Af Suðurlandsvegi vestan við Lyngás að Vetleifsholti.**
275 **Ásvegur: Af Suðurlandsvegi við Landvegamót um Áshverfi, Sandhólaferju, Háfshverfi og Þykkvabæ að Unuhóli.**
282 **Ásmundarstaðavegur: Af Suðurlandsvegi við Áshól um Ásmundarstaði á Ásveg við Áshverfi.**
284 **Heiðarvegur: Af Suðurlandsvegi vestan við Einbúa um Heiði, Kamb og Gíslholt, á Hagabraut.**
286 **Hagabraut: Af Landvegi ofan Lýtingsstaða um Raftholt, Haga og Stúfholt á Landveg neðan við Köldukinn.**
288 **Hamravegur: Af Suðurlandsvegi hjá Einbúa að Syðri-Hömrum.**
30 **Skeiða- og Hrunamannavegur: Af Suðurlandsvegi í Flóa, um Skeið, hjá Reykjum, um brú á Stóru-Laxá, hjá Hrepphólum, um Flúðir, Skipholt og yfir Hvítá hjá Brúarhlöðum á Biskupstungnabraut norðan Brattholts.**
31 **Skálholtsvegur: Af Skeiða- og Hrunamannavegi hjá Reykjum um Laugarás og Skálholt á Biskupstungnabraut hjá Spóastöðum.**
32 **Þjórsárdalsvegur: Af Hrunamannavegi á Sandlækjarholti, um Þjórsárholt sunnan Miðfells, upp Þjórsárdal, um Skeljafell norðan Bjarnalóns, yfir Þjórsá hjá Sandafelli, yfir Tungnaá hjá Sigöldu að Sigölduvirkjun.**
33 **Gaulverjabæjarvegur: Af Suðurlandsvegi í Flóa um Gaulverjabæ og Stokkseyri á Eyrarbakkaveg ofan Eyrarbakka.**
34 **Eyrarbakkavegur: Af Suðurlandsvegi austan Ölfusárbrúar á Selfossi um Eyrarbakka og Ölfusárós, á Þorlákshafnarveg.**
35 **Biskupstungnabraut: Af Suðurlandsvegi vestan Selfoss, um brú á Sogi, Svínavatn, brú á Brúará, Vatnsleysu, Múla og Geysi að Gullfossi.**
36 **Þingvallavegur: Af Biskupstungnabraut austan við Sog, um Ljósafoss, austan Þingvallavatns, um Gjábakka og Þingvöll, að sýslumörkum á Mosfellsheiði.**
37 **Laugarvatnsvegur: Af Biskupstungnabraut hjá Svínavatni, um Laugarvatn á Biskupstungnabraut hjá Múla.**
38 **Þorlákshafnarvegur: Af Suðurlandsvegi nálægt Hveragerði til Þorlákshafnar.**
39 **Þrengslavegur: Af Suðurlandsvegi í Svínahrauni, um Þrengsli á Þorlákshafnarveg í Ölfusi.**
302 **Urriðafossvegur: Af Suðurlandsvegi vestan Þjórsár, um Urriðafoss yfir Villingaholtsveg, um Gafl á Hamarsveg hjá Skógsnesi.**

303 **Ölvisholtsvegur: Af Suðurlandsvegi við Kjartansstaði um Miklholtshelli að vegamótum við Ölvisholt.**
304 **Oddgeirshólavegur:** Af Suðurlandsvegi hjá Hraungerði að vegamótum við Austurkot og Oddgeirshóla.
305 **Villingaholtsvegur:** Af Suðurlandsvegi í Flóa um Villingaholt, suður með Þjórsá um Fljótshóla, á Gaulverjabæjarveg norðan Loftsstaða.
308 **Hamarsvegur:** Af Gaulverjabæjarvegi hjá Gaulverjabæ, um Hamar og Skógsnes, á Villingaholtsveg hjá Sýrlæk.
309 **Kolsholtsvegur:** Af Villingaholtsvegi hjá Vatnsenda að vegamótum að Kolsholtshelli.
310 **Votmúlavegur: Af Eyrarbakkavegi hjá Geirakoti um Votmúla á Gaulverjabæjarveg við Smjördali.**
311 **Önundarholtsvegur:** Af Gaulverjabæjarvegi norðan Meðalholts, um Súluholt, á Villingaholtsveg norðan Önundarholts.
312 **Vorsabæjarvegur í Flóa:** Af Gaulverjabæjarvegi móts við Seljatungu um Vorsabæ á Hamarsveg við Syðri-Velli.
314 **Holtsvegur:** Af Gaulverjabæjarvegi nálægt Klængsseli um Holt á Gaulverjabæjarveg á Stokkseyri.
316 **Kaldaðarnesvegur:** Af Eyrarbakkavegi nálægt Sandvík að vegamótum að Hreiðurborg.
318 **Langholtsvegur í Flóa:** Af Suðurlandsvegi nálægt Túni að Langholti.
321 **Skeiðháholtsvegur:** Af Skeiðavegi við Kílhraun, um Skeiðháholt á Skeiðaveg móti Löngumýri.
322 **Ólafsvallavegur:** Af Skeiðavegi að Ólafsvöllum.
324 **Vorsabæjarvegur:** Af Skeiðavegi hjá Brautarholti að vegamótum að Fjalli.
325 **Gnúpverjavegur:** Af Þjórsárdalsvegi vestan Kálfár um Hamarsheiði á Þjórsárdalsveg vestan Þverár.
326 **Hælsvegur:** Af Gnúpverjavegi vestan Kálfár, hjá Hæl að heimreið að Lækjarbakka.
328 **Stóra-Núpsvegur:** Af Þjórsárdalsvegi hjá Minna-Núpi á Gnúpverjaveg við Ásaskóla.
329 **Mástunguvegur:** Af Gnúpverjavegi ofan við Ása um Stóru-Mástungu að Skáldabúðum.
340 **Auðsholtsvegur:** Af Hrunamannavegi austan Stóru-Laxár, um Syðra-Langholt að Auðsholti.
341 **Langholtsvegur:** Af Hrunamannavegi hjá Flúðum á Auðsholtsveg hjá Langholti.
344 **Hrunavegur: Af Hrunamannavegi við Flúðir um Hruna á Hrunamannaveg vestan Kirkjuskarðs.**
345 **Kaldbaksvegur:** Af Hrunavegi hjá Hruna að heimreið að Þverspyrnu.
349 **Tungufellsvegur:** Af Hrunamannavegi við Dalsá að heimreið að Jaðri.
350 **Grafningsvegur neðri:** Af Biskupstungnabraut við Alviðru á Grafningsveg efri við Úlfljótsvatn.
351 **Búrfellsvegur: Af Þingvallavegi hjá Ásgarði um Búrfell og Klausturhóla á** Biskupstungnabraut austan Seyðishóla.
353 **Kiðjabergsvegur:** Af Biskupstungnabraut austan Seyðishóla að heimreið að Gelti.
354 **Sólheimavegur:** Af Biskupstungnabraut við Minni-Borg um Sólheima, á Biskupstungnabraut austan Svínavatns.
355 **Reykjavegur:** Af Biskupstungnabraut hjá Torfastöðum á Laugarvatnsveg hjá Brúará.
356 **Tjarnarvegur:** Af Biskupstungnabraut hjá Vatnsleysu á Reykjaveg hjá Tjörn.
358 **Einholtsvegur:** Af Biskupstungnabraut við Tungufljótsbrú, um Einholt á Hrunamannaveg sunnan Gýjarhóls.
359 **Bræðratunguvegur:** Af Einholtsvegi norðan Tungufljóts að Ásakoti.

360 **Grafningsvegur efri:** Af Þingvallavegi við Írafoss, um Grafning á Þingvallaveg norðan Heiðarbæjar.
364 **Eyjavegur:** Af Laugarvatnsvegi norðan við Djúpin að heimreið að Útey.
365 **Gjábakkavegur:** Af Laugarvatnsvegi hjá Laugarvatni á Þingvallaveg við Gjábakka.
366 **Böðmóðsstaðavegur:** Af Laugarvatnsvegi undan Efstadalsfjalli að Böðmóðsstöðum.
374 **Hvammsvegur:** Af Suðurlandsvegi vestan Kögunarhóls um Nýbýlahverfi og Gljúfur á Suðurlandsveg vestan Kotstrandar.
375 **Arnarbælisvegur:** Af Suðurlandsvegi hjá Sandhóli að heimreið að Egilsstöðum.
42 **Krísuvíkurvegur:** Frá sýslumörkum í Herdísarvíkurhrauni, um Selvogsheiði á Þorlákshafnarveg ofan við Þorlákshöfn.
48 **Kjósarskarðsvegur:** Frá sýslumörkum vestan Stíflisvatns, um Fellsenda á Þingvallaveg á Mosfellsheiði.
52 **Uxahryggjavegur:** Frá sýslumörkum á Sæluhúsahæðum, um Brunna og Tröllháls á Þingvallaveg á Þingvöllum.

## Reykjaneskjördæmi.

1 **Suðurlandsvegur:** Frá sýslumörkum við Sandskeið um Lækjarbotna til Reykjavíkur.
1 **Vesturlandsvegur:** Frá Reykjavík við Elliðaár um Mosfellssveit og Kjalarnes, inn Hvalfjörð, að sýslumörkum í Hvalfjarðarbotni.
36 **Þingvallavegur:** Frá sýslumörkum á Mosfellsheiði á Vesturlandsveg nálægt Köldukvísl.
40 **Hafnarfjarðarvegur:** Frá mörkum Reykjavíkur við Fossvogslæk, um Kópavog og Garðahrepp, á Reykjanesbraut ofan Hafnarfjarðar.
41 **Reykjanesbraut:** Frá Reykjavík við Elliðaár, austan Kópavogs og Hafnarfjarðar, um Vatnsleysustrandarheiði, Keflavík og Miðnesheiði til Sandgerðis.
42 **Krísuvíkurvegur:** Af Reykjanesbraut sunnan við Hafnarfjörð, um Krísuvík að sýslumörkum í Herdísarvíkurhrauni.
43 **Grindavíkurvegur:** Af Reykjanesbraut á Vogastapa til Grindavíkur.
44 **Hafnavegur:** Af Reykjanesbraut í Njarðvíkum að Höfnum.
45 **Garðskagavegur:** Af Reykjanesbraut norðan Keflavíkur um Gerðar og Sandgerði að heimreið að Nýlendu á Stafnesi.
48 **Kjósarskarðsvegur:** Af Vesturlandsvegi norðan Laxár um Reynivelli og Kjósarskarð að sýslumörkum vestan Stíflisvatns.
410 **Elliðavatnsvegur:** Af Suðurlandsvegi við Rauðavatn um Vatnsenda á Reykjanesbraut ofan Hafnarfjarðar.
412 **Vífilsstaðavegur:** Af Hafnarfjarðarvegi sunnan Silfurtúns, um Garðakauptún og Vífilsstaði á Elliðavatnsveg við Vífilsstaðavatn.
415 **Bessastaðavegur:** Af Hafnarfjarðarvegi í Engidal að Bessastöðum.
416 **Álftanesvegur:** Af Bessastaðavegi nálægt Bessastöðum, um Landakot og Sviðholt og aftur að vegamótum Bessastaðavegar við Bessastaði.
420 **Vatnsleysustrandarvegur:** Af Reykjanesbraut við Kúagerði, um Vatnsleysuströnd og Voga á Reykjanesbraut á Vogastapa.
421 **Vogavegur:** Af Reykjanesbraut móti Vogum að Vogakauptúni.
422 **Njarðvíkurvegur:** Af Reykjanesbraut vestan Vogastapa, um Innri-Njarðvík á Reykjanesbraut skammt austan vegamóta Hafnavegar.
425 **Nesvegur:** Af Hafnavegi í Höfnum um Reykjanes, Grindavík og Ísólfsskála á Krísuvíkurveg sunnan Krísuvíkur.
430 **Úlfarsárvegur:** Af Vesturlandsvegi norðan brúar á Úlfarsá sunnan Úlfarsfells á Hafravatnsveg.
431 **Hafravatnsvegur:** Af Suðurlandsvegi norðan Hólmsár, um Miðdal, á Vesturlandsveg við Þverholt.

460 **Eyrarfjallsvegur:** Af Vesturlandsvegi hjá Kiðafelli, sunnan Eyrarfjalls á Vesturlandsveg hjá Blönduholti.
461 **Meðalfellsvegur:** Af Vesturlandsvegi hjá Skorá, norðan Meðalfellsvatns á Kjósarskarðsveg sunnan brúar á Laxá hjá Vindáshlíð.

**Vesturlandskjördæmi.**

1 **Vesturlandsvegur:** Frá sýslumörkum í Hvalfjarðarbotni, út fyrir Hafnarfjall, yfir brú á Borgarfjörð hjá Borgarnesi, um Eskiholt, Norðurárdal, að sýslumörkum á Holtavörðuheiði.
50 **Borgarfjarðarbraut:** Af Vesturlandsvegi við Ferstiklu, um Dragháls, Hesthála og Bæjarsveit, yfir brú á Hvítá hjá Kljáfossi, um Stafholtstungur á Vesturlandsveg hjá Haugum.
51 **Akranesvegur:** Af Vesturlandsvegi hjá Lambhaga að Akranesi.
52 **Uxahryggjavegur:** Af Hvítárvallavegi við Hvítárvelli, um Hest, Götuás, Lundarreykjadal og Uxahryggi að sýslumörkum hjá Sæluhúsahæðum.
53 **Hvítárvallavegur:** Af Vesturlandsvegi hjá Seleyri um Andakíl, yfir brú á Hvítá hjá Hvítárvöllum á Vesturlandsveg norðan Eskiholts.
54 **Ólafsvíkurvegur:** Af Vesturlandsvegi við Borgarnes, um Mýrar, Vegamót og Fróðárheiði til Ólafsvíkur.
55 **Heydalsvegur:** Af Ólafsvíkurvegi hjá Kolbeinsstöðum, um Hnappadal og Heydal, á Snæfellsnessveg vestan Bildhóls.
56 **Stykkishólmsvegur:** Af Ólafsvíkurvegi við Vegamót, yfir Kerlingarskarð, um Helgafellssveit til Stykkishólms.
57 **Snæfellsnessvegur:** Af Vestfjarðavegi við Stóraskóg, um Hörðudal, Skógarströnd, Helgafellssveit og Grundarfjörð á Ólafsvíkurveg við Fróðá.
59 **Laxárdalsvegur:** Af Vestfjarðavegi hjá Saurum, um Laxárdal, að sýslumörkum á Laxárdalsheiði.
502 **Svínadalsvegur:** Af Vesturlandsvegi hjá Miðfelli, norður yfir Laxá hjá Hóli, um Eyri á Borgarfjarðarbraut gegnt Geitabergi.
503 **Akrafjallsvegur:** Af Akranesvegi hjá Litlu-Fellsöxl suður fyrir Akrafjall um Innra-Hólm að Akranesi.
504 **Leirársveitarvegur:** Af Vesturlandsvegi hjá Leirárbrú, um Leirá á Svínadalsveg vestan við Hól.
505 **Melasveitarvegur:** Af Vesturlandsvegi hjá Skorholti, um Melasveit á Vesturlandsveg hjá Belgsholti.
507 **Mófellsstaðavegur:** Af Hvítárvallavegi sunnan Andakílsár, um Mófellsstaði á Borgarfjarðarbraut sunnan Skorradalsvatns.
508 **Skorradalsvegur:** Af Hvítárvallavegi norðan brúar á Andakílsá, um Fossabæi, með Skorradalsvatni að norðan að Fitjum.
509 **Hagavegur:** Af Borgarfjarðarbraut hjá Stóru-Drageyri, sunnan Skorradalsvatns um Haga að Fitjum.
510 **Vatnshamravegur:** Af Skorradalsvegi hjá Vatnshömrum um Heggsstaði á Uxahryggjaveg hjá Hatti.
512 **Lundarreykjadalsvegur:** Af Borgarfjarðarbraut hjá Fossatúni, um Lundarreykjadal norðanverðan og brú á Grímsá hjá Oddsstöðum á Uxahryggjaveg hjá Brautartungu.
513 **Bæjarsveitarvegur:** Af Borgarfjarðarbraut vestan við Varmalæk að Hvítárbakka.
514 **Laugarholtsvegur:** Af Bæjarsveitarvegi að Laugarholti.
515 **Flókadalsvegur:** Af Borgarfjarðarbraut norðan Varmalækjar um Múlastaði, Skóga, Brennistaði á Borgarfjarðarbraut hjá Litla-Kroppi.
516 **Stóra-Kroppsvegur:** Af Borgarfjarðarbraut um flugvöll á Kálfanesmelum, um Stóra-Kropp á Borgarfjarðarbraut á Hamramelum.

517 Reykdælavegur: Af Borgarfjarðarbraut hjá Kleppjárnsreykjum, um Reykholtsdal sunnanverðan, yfir brú á Reykjadalsá hjá Steindórsstöðum á Reykholtsdalsveg við Úlfsstaði.
518 Hálsasveitarvegur: Af Borgarfjarðarbraut hjá Gröf, um Reykholt og Úlfsstaðaháls, Stóra-Ás, Húsafell og Kalmanstungu á Hvítársíðuveg hjá Bjarnastöðum.
519 Reykholtsdalsvegur: Af Hálsasveitarvegi hjá Úlfsstöðum, inn Reykholtsdal og fram hjá Giljum á Hálsasveitarveg hjá Stóra-Ási.
522 Þverárhlíðarvegur: Af Borgarfjarðarbraut hjá Síðumúla um Norðtungu og Hjarðarholt á Borgarfjarðarbraut vestan Þverár.
523 Hvítársíðuvegur: Af Þverárhlíðarvegi hjá Síðumúla, um Hvítársíðu og brú á Hvítá hjá Bjarnastöðum á Hálsasveitarveg hjá Stóra-Ási.
524 Þverárvegur: Af Þverárhlíðarvegi sunnan Litlu-Þverár að Kvíum.
525 Grjóthálsvegur: Af Þverárhlíðarvegi norðan brúar á Litlu-Þverá um Grjót á Norðurárdalsveg hjá Hafþórsstöðum.
526 Stafholtsvegur: Af Borgarfjarðarbraut austan Arnarholts, um Stafholt að Svarfhóli.
527 Varmalandsvegur: Af Borgarfjarðarbraut austan Arnarholts, um Varmaland og Einifell á Norðurárdalsveg hjá Glitstöðum.
528 Norðurárdalsvegur: Af Vesturlandsvegi hjá Brekku, um brýr á Norðurá hjá Glitstöðum, um sunnanverðan Norðurárdal á Vesturlandsveg hjá Króki.
530 Ferjubakkavegur: Af Vesturlandsvegi hjá Brennistöðum, um Ferjubakka, á Hvítárvallaveg vestan Ferjukotssíkis.
531 Borgarnesbraut: Af Vesturlandsvegi að Borgarnesi.
532 Þursstaðavegur: Af Ólafsvíkurvegi vestan Borgar að Rauðanesi.
533 Álftaneshreppsvegur: Af Ólafsvíkurvegi vestan Langár, suður fyrir Hólsvatn um Krossnes og Þverholt á Ólafsvíkurveg hjá Arnarstapa.
534 Álftanesvegur: Af Álftaneshreppsvegi hjá Kolviðarholti að heimreið að Miðhúsum.
535 Grímsstaðavegur: Af Ólafsvíkurvegi hjá Urriðaárbrú um Árbæ að vegamótum að Grenjum.
537 Sauravegur: Af Ólafsvíkurvegi á Raftási á Hraunhreppsveg hjá Jaðri.
539 Staðarhraunsvegur: Af Ólafsvíkurvegi hjá Raftási að Staðarhrauni.
540 Hraunhreppsvegur: Af Ólafsvíkurvegi hjá Fíflholtum um Stóra-Kálfalæk, Akra og Þverholt á Álftaneshreppsveg hjá Hrafnkelsstöðum.
566 Hítarnesvegur: Af Ólafsvíkurvegi sunnan Kaldár að vegamótum við Krossholt.
567 Kolviðarnesvegur: Af Ólafsvíkurvegi vestan Gerðubergslækjar að Laugagerðisskóla.
571 Ölkelduvegur: Af Ólafsvíkurvegi hjá Ölkeldu að Hóli.
572 Lýsuhólsvegur: Af Ólafsvíkurvegi hjá Hraunsmúla, um Lýsudal og Lýsuhól á Ólafsvíkurveg vestan Vatnsholtsár.
574 Útnesvegur: Af Ólafsvíkurvegi sunnan Fróðárheiðar, um Breiðuvík, Hellissand og Rif að Ólafsvík.
576 Framsveitarvegur: Af Snæfellsnessvegi hjá Vindási, um Setberg, út fyrir Eyrarfjall á Snæfellsnesveg hjá Eiði.
577 Helgafellssveitarvegur: Af Snæfellsnessvegi við Mjósund, um Berserkjahraun á Stykkishólmsveg norðan Kerlingarskarðs.
580 Hörðudalsvegur vestri: Af Snæfellsnessvegi við Blönduhlíð að Seljalandi.
581 Hörðudalsvegur eystri: Af Snæfellsnessvegi hjá Hörðubóli um Tungu að Seljalandi.
582 Hálsabæjavegur nyrðri: Af Snæfellsnessvegi vestan Miðár um Snóksdal að Bæ.
583 Hálsabæjavegur syðri: Af Vestfjarðavegi sunnan brúar á Reykjadalsá, um Hundadal að Bæ.
585 Hlíðarvegur: Af Vestfjarðavegi hjá Fellsenda um Kolsstaði og Kringlu á Vestfjarðaveg norðan Tunguár.

586 Haukadalsvegur: Af Vestfjarðavegi sunnan Haukadalsárbrúar um Haukadal að Smyrlahóli.
587 Hjarðarholtsvegur: Af Vestfjarðavegi vestan Búðardals, um Hjarðarholt að Lambastöðum.
588 Gillastaðavegur: Af Laxárdalsvegi hjá Dönustöðum, um brú á Laxá, um Gillastaði að Lambastöðum.
589 Sælingsdalsvegur: Af Vestfjarðavegi norðan Leysingjastaða að Laugaskóla.
590 Klofningsvegur: Af Vestfjarðavegi norðan Ásgarðs um Fellsströnd, Klofning og Skarðsströnd á Vestfjarðaveg í Saurbæ.
591 Neðribyggðarvegur: Af Klofningsvegi austan við Knarrarhöfn, að Ketilsstöðum.
592 Skorravíkurvegur: Af Klofningsvegi vestan við Hellu um Skorravík að Ketilsstöðum.
593 Efribyggðarvegur: Af Klofningsvegi við Hellu, um Túngarð og Stóru-Tungu á Klofningsveg vestan Kjarlaksstaðaár.
594 Staðarhólsvegur: Af Klofningsvegi hjá Kirkjuhvoli, um Staðarhól, um brú á Staðarhólsá að vegamótum við Bjarnastaði.
60 Vestfjarðavegur: Af Vesturlandsvegi hjá Dalsmynni um Bröttubrekku, Búðardal og Svínadal að sýslumörkum í Gilsfjarðarbotni.
69 Steinadalsvegur: Af Vestfjarðavegi í Gilsfirði að sýslumörkum.

**Vestfjarðakjördæmi.**

1 Vesturlandsvegur: Frá sýslumörkum á Holtavörðuheiði að sýslumörkum við Hrútafjarðará.
59 Laxárdalsvegur: Frá sýslumörkum á Laxárdalsheiði á Hólmavíkurveg norðan Borðeyrar.
60 Vestfjarðavegur: Frá sýslumörkum í Gilsfjarðarbotni, um Þorskafjörð, Skálanes, Klettsháls, Vattarfjörð, Litlanes, Hjarðarnes og fyrir Vatnsfjarðarbotn, um Helluskarð, Dynjandisheiði, Arnarfjörð, Hrafnseyrarheiði, Dýrafjörð, Gemlufallsheiði, Önundarfjörð, Breiðadalsheiði, Ísafjörð og Óshlíð til Bolungarvíkur.
61 Djúpvegur: Af Vestfjarðavegi í Þorskafjarðarbotni yfir Þorskafjarðarheiði, fyrir Ísafjörð, um Eyrarfjall og Ögur, fyrir Skötufjörð, Hestfjörð og Álftafjörð, um Súðavík á Vestfjarðaveg í Skutulsfirði.
62 Barðastrandarvegur: Af Vestfjarðavegi hjá Flókalundi í Vatnsfirði, um Barðaströnd yfir Kleifaheiði að Patreksfirði.
63 Bíldudalsvegur: Af Barðastrandarvegi við Patreksfjörð, um Mikladal, fyrir Tálknafjarðarbotn, um Hálfdán til Bíldudals, um Suðurfirði til Trostansfjarðar, þaðan á Vestfjarðaveg rétt norðan við Helluskarð.
64 Flateyrarvegur: Af Vestfjarðavegi hjá Breiðadal til Flateyrar.
65 Súgandafjarðarvegur: Af Vestfjarðavegi á Botnsheiði um Suðureyri fyrir Spilli að heimreið að Bæ.
68 Hólmavíkurvegur: Af Vesturlandsvegi vestan Hrútafjarðarár, út með Hrútafirði yfir Stikuháls, fyrir Bitrufjörð um Ennisháls, Kollafjörð, inn með Steingrímsfirði til Hólmavíkur.
69 Steinadalsvegur: Frá sýslumörkum á Steinadalsheiði á Hólmavíkurveg í Kollafirði.
605 Tröllatunguheiði: Af Vestfjarðavegi sunnan Bakkaár, nálægt Bakka hjá Valshamri, um Tröllatunguheiði hjá Tröllatungu á Hólmavíkurveg hjá Húsavík.
607 Reykhólasveitarvegur: Af Vestfjarðavegi í Berufjarðarbotni út Barmahlíð um Reykhóla að Stað.
609 Fjarðarhlíðarvegur: Af Vestfjarðavegi á Eiði við Vattarfjörð, að Firði.
610 Fossárvegur: Af Vestfjarðavegi hjá Fossá um Fossárháls á Vestfjarðaveg við Vatnsdalsvatn.

611 Siglunesvegur: Af Vestfjarðavegi norðan Haukabergsárbrúar um Holt að Skriðnafelli.
612 Örlygshafnarvegur: Af Barðastrandarvegi hjá Ósum við Patreksfjörð um Hvalsker, Sauðlauksdalsvaðal, Örlygshöfn og Hafnarfjall að Látrum.
614 Rauðasandsvegur: Af Örlygshafnarvegi hjá Hvalskeri um Saurbæ að Gröf á Rauðasandi.
615 Kollsvíkurvegur: Af Örlygshafnarvegi hjá Geitagili um Gjögur, að Sellátranesi.
617 Tálknafjarðarvegur: Af Bíldudalsvegi norðan Tálknafjarðar um Sveinseyri að Stóra-Laugardal.
619 Ketildalavegur: Af Bíldudalsvegi um Bíldudal, út með Arnarfirði um Bakka að Selárdal.
622 Svalvogavegur: Af Vestfjarðavegi við Þingeyri um Haukadal og Keldudal að Svalvogum.
624 Ingjaldssandsvegur: Af Vestfjarðavegi hjá Gemlufjalli um Núp, Alviðruvör og Sandsheiði að Sæbóli á Ingjaldssandi.
625 Valþjófsdalsvegur: Af Vestfjarðavegi hjá Mosvöllum í Önundarfirði, um Hjarðardal að Kirkjubóli í Valþjófsdal.
632 Laugardalsvegur: Af Djúpvegi hjá Hagakoti í Laugardal að Hrafnabjörgum.
633 Vatnsfjarðarvegur: Af Djúpvegi hjá Eyri við Ísafjörð um Vatnsfjörð, Skálavík og Hörgshlíð á Djúpveg í Mjóafjarðarbotni.
635 Snæfjallastrandarvegur: Af Djúpvegi um brú á Langadalsá utan við Neðri-Bakka, út með Langadalsströnd um Ármúla, fyrir Kaldalón út Snæfjallaströnd að Lyngholti.
638 Laugalandsvegur: Af Snæfjallastrandarvegi utan Melgraseyrar að heimreið að Laugarási.
641 Krossárdalsvegur: Af Hólmavíkurvegi sunnan Krossárbrúar að Gröf.
643 Strandavegur: Af Hólmavíkurvegi við Hólmavík, fyrir botn Steingrímsfjarðar, um Bjarnarfjarðarháls, Bala, Veiðileysufjörð, Djúpuvík, fyrir Reykjarfjörð um Gjögur, Árnes að bryggju í Norðurfirði.
645 Drangsnesvegur: Af Strandavegi hjá Hálsgötugili, sunnan við Bjarnarfjarðarháls, út Selströnd um Drangsnes og Kaldrananes á Strandaveg í Bjarnarfirði sunnan brúar á Bjarnarfjarðará.

**Norðurlandskjördæmi vestra.**

1 Norðurlandsvegur: Frá sýslumörkum við Hrútafjarðará, um Hrútafjörð, yfir Hrútafjarðarháls, um Miðfjörð, Víðidal, Blönduós, Langadal, Stóra-Vatnsskarð, Vallhólm, Blönduhlíð, Norðurárdal að sýslumörkum á Öxnadalsheiði.
72 Hvammstangavegur: Af Norðurlandsvegi hjá Stóra-Ósi að Hvammstanga.
74 Skagastrandarvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Blönduósi að Skagaströnd.
75 Sauðárkróksbraut: Af Norðurlandsvegi við Varmahlíð, um Langholt, Sauðárkrók, Hegranes, á Siglufjarðarveg norðan Gljúfurár hjá Vatnsleysu.
76 Siglufjarðarvegur: Af Norðurlandsvegi austan Héraðsvatnabrúar á Grundarstokki, um Blönduhlíð, Víðvíkursveit, Óslandshlíð, hjá Hofsósi, um Sléttuhlíð, Fljót og Almenninga að Siglufirði.
702 Heggstaðanesvegur: Af Norðurlandsvegi í Hrútafirði, nálægt Laugarstapa, um Mýrar, Bessastaði og Barð á Norðurlandsveg utan við Melstað.
704 Miðfjarðarvegur: Af Norðurlandsvegi austast á Hrútafjarðarhálsi, fram Miðfjörð vestan Miðfjarðarár, um brú á Núpsá hjá Haugi, út Miðfjörð að austan á Norðurlandsveg hjá Laugarbakka.
705 Vesturárdalsvegur: Af Miðfjarðarvegi norðan við brú á Vesturá, sunnan Brekkulækjar fram Vesturárdal, að vegamótum gegnt Skeggjastöðum.
706 Núpsdalsvegur: Af Miðfjarðarvegi hjá Haugi, um Efra-Núp, yfir Austurárdalsháls, út Austurárdal á Miðfjarðarveg gegnt Haugi.

711 Vatnsnesvegur: Frá Hvammstanga út Vatnsnes. um Hindisvík yfir Þórsá, suður Vesturhóp á Norðurlandsveg hjá Vatnshorni.
712 Þorgrímsstaðadalsvegur: Af Vatnsnesvegi hjá Tjörn að Tungu.
714 Fitjavegur: Af Norðurlandsvegi á móts við Stórhól, suður Fitjaárdal um Fremri-Fitjar, yfir Miðfjarðarháls á Miðfjarðarveg sunnan við brú á Urriðaá.
715 Víðidalsvegur vestri: Af Norðurlandsvegi hjá Deildarhóli, um Víðidalstungu, yfir brú á Víðidalsá hjá Hvarfi að Kolugili.
716 Síðuvegur: Af Norðurlandsvegi sunnan Víðidalsárbrúar á Steinsvaði, um Síðu á Vatnsnesveg hjá Breiðabólstað.
717 Borgarvegur: Af Síðuvegi hjá Síðu, yfir Faxalæk um Stóru-Borg, á Vatnsnesveg hjá Þorfinnsstöðum.
718 Víðidalsvegur eystri: Af Norðurlandsvegi vestan Lækjamóta, austan Víðidalsár á Víðidalsveg vestri hjá Hvarfi.
721 Þingeyravegur: Af Norðurlandsvegi vestan við Sveinsstaði að vegamótum við Leysingjastaði.
722 Vatnsdalsvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Sveinsstöðum fram Vatnsdal, vestan ár um brú á Vatnsdalsá hjá Undirfelli og út austan ár á Norðurlandsveg nálægt Aralæk.
723 Grímstunguvegur: Af Vatnsdalsvegi hjá Undirfelli fram Vatnsdal, um Grímstungu og Marðarnúp á Vatnsdalsveg hjá Bakka.
724 Reykjabraut: Af Norðurlandsvegi fyrir norðan Giljá, um Reyki, norðan Svínavatns á Svínvetningabraut hjá Tindum.
725 Miðásavegur: Af Norðurlandsvegi nálægt Torfalæk að Hæl.
726 Auðkúluvegur: Af Reykjabraut við Reyki, vestan Svínavatns, um Auðkúlu á Svínvetningabraut sunnan Svínavatns.
727 Svínadalsvegur: Af Auðkúluvegi hjá Grund að Ljótshólum.
731 Svínvetningabraut: Af Norðurlandsvegi á Blönduósi, austan Laxárvatns og Svínavatns, um brú á Blöndu hjá Löngumýri á Norðurlandsveg norðan Svartárbrúar.
732 Kjalvegur: Af Svínvetningabraut hjá Syðri-Löngumýri að vegamótum Eiðsstaðavegar.
733 Blöndudalsvegur: Af Svínvetningabraut austan Blöndubrúar hjá Löngumýri að Austurhlíð.
734 Svartárdalsvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Bólstaðarhlíð, um Bergsstaði og Hvamm að Stafni.
741 Neðribyggðarvegur: Af Skagastrandarvegi hjá Enni, um Sölvabakka á Skagastrandarveg sunnan Neðri-Lækjardals.
742 Mýravegur: Af Skagastrandarvegi hjá Lækjardal, um Mýrar og brú á Laxá, á Laxárdalsveg hjá Skrapatungu.
743 Laxárdalsvegur: Af Þverárfjallsvegi yfir Norðurá að Mánaskál.
744 Þverárfjallsvegur: Af Skagastrandarvegi utan við brú á Laxá, um Norðurárdal og Þverárfjall á Skagaveg hjá Skíðastöðum.
745 Skagavegur: Af Skagastrandarvegi hjá Skagaströnd um Kálfshamarsvík, Hafnir, Ketu, Laxárdal, Laxárdalsheiði og Gönguskörð á Sauðárkróksbraut á Sauðárkróki.
748 Reykjastrandarvegur: Af Skagavegi hjá Skarði að Fagranesi.
751 Efribyggðarvegur: Af Skagafjarðarvegi hjá Álftagerði, um Efribyggð, á Skagafjarðarveg norðan Mælifells.
752 Skagafjarðarvegur: Af Norðurlandsvegi sunnan Varmahlíðar, um Mælifell, Tungusveit og Vesturdal að Giljum.
753 Vallhólmsvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Völlum, um Stokkhólma að Vindheimum.
754 Héraðsdalsvegur: Af Skagafjarðarvegi vestan Svartárbrúar hjá Reykjum, um Héraðsdal á Kjálkaveg um fyrirhugaða brú hjá Flatatungu.
755 Svartárdalsvegur: Af Skagafjarðarvegi hjá Breiðagerði að Ánastöðum.

757 Tunguhálsvegur: Af Skagafjarðarvegi um Tunguháls á Héraðsdalsveg við fyrirhugaða brú hjá Flatatungu.
758 Austurdalsvegur: Af Skagafjarðarvegi í Vesturdal, austan við Jökulsá vestri, um Bústaði að vegamótum hjá Skuggabjörgum.
759 Kjálkavegur: Af Norðurlandsvegi hjá Skeljungshöfða, um Kjálka að Keldulandi.
761 Fjallsvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Arnarstapa að Fjalli.
762 Sæmundarhlíðarvegur: Af Sauðárkróksbraut hjá Geitagerði, um Sæmundarhlíð að Fjalli.
763 Hellulandsvegur: Af Sauðárkróksbraut á vestanverðu Hegranesi að Hellulandi.
764 Hegranesvegur vestri: Af Hegranesvegi eystri við Ketu að Hellulandi.
765 Hegranesvegur eystri: Af Sauðárkróksbraut hjá Garði að Eyhildarholti.
766 Brimnesvegur: Af Siglufjarðarvegi hjá Narfastöðum, um Brimnes á Siglufjarðarveg hjá Miklahóli.
767 Hólavegur: Af Siglufjarðarvegi hjá Miklahóli, um Viðvík og brú á Hjaltadalsá á Laufskálaholti að Hólum.
768 Hjaltadalsvegur: Af Hólavegi sunnan brúar á Hjaltadalsá við Laufskálaholt að Hrafnhóli.
769 Ásavegur: Af Siglufjarðarvegi hjá Gálga á Hólaveg við brú á Hjaltadalsá á Laufskálaholti.
781 Deildardalsvegur: Af Siglufjarðarvegi hjá Grafarósi, yfir Deildará hjá Kambi á Siglufjarðarveg norðan Ártúns.
783 Unadalsvegur syðri: Af Siglufjarðarvegi sunnan Hofsár að Enni.
784 Bæjarvegur: Af Siglufjarðarvegi norðan Hofsár, um Bæ, á Siglufjarðarveg hjá Mýrarkoti.
786 Sléttuhlíðarvegur: Af Siglufjarðarvegi yfir Langalæk, um Skálá austan Sléttuhlíðarvatns á Siglufjarðarveg norðan Keldnakots.
787 Flókadalsvegur: Af Siglufjarðarvegi á Móshöfða, um Austarahól og Barð, á Siglufjarðarveg hjá Sólgörðum.
788 Haganesvíkurvegur: Af Siglufjarðarvegi á Móshöfða, um Haganesvík á Siglufjarðarveg hjá Langhúsum.
789 Sléttuvegur: Af Siglufjarðarvegi vestan Fljótaárbrúar, um Sléttu að Minni-Brekku.
82 Ólafsfjarðarvegur: Frá sýslumörkum á Lágheiði, um Stíflu, á Siglufjarðarveg á Ketilási.

**Norðurlandskjördæmi eystra.**

1 Norðurlandsvegur: Frá sýslumörkum á Öxnadalsheiði, um Öxnadal, Þelamörk og Kræklingahlíð til Akureyrar, um Svalbarðsströnd, Víkurskarð, Ljósavatnsskarð, Fljótsheiði, Reykjadal, Mývatnsheiði, Mývatnssveit norðan Mývatns, Mývatnsöræfi, Jökulsárbrú, Grímsstaði á Fjöllum, að sýslumörkum á Biskupshálsi.
82 Ólafsfjarðarvegur: Af Norðurlandsvegi á Moldhaugnahálsi, um Arnarneshrepp og Árskógsströnd, um Dalvík, fyrir Ólafsfjarðarmúla, um Ólafsfjörð að sýslumörkum á Lágheiði.
83 Grenivíkurvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Miðvík, um Dalsmynni, Höfðahverfi og Grenivík að Melum.
85 Norðausturvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Krossi í Ljósavatnsskarði, um Köldukinn, Aðaldalshraun, Húsavík, Tjörnes, Kelduhverfi og Jökulsárbrú í Axarfirði, um Kópasker, Melrakasléttu og Raufarhöfn, um Þistilfjörð að sýslumörkum á Brekknaheiði.
87 Mývatnsvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Grímsstöðum í Mývatnssveit, um Hólssand, Hvammsheiði og Reykjahverfi, á Norðausturveg hjá Laxamýri.
802 Ólafsfjarðarvegur eystri: Af Ólafsfjarðarvegi í Ólafsfjarðarkaupstað um brú á Kálfsá, á Ólafsfjarðarveg sunnan Hóls.

803 Kleifavegur: Af Ólafsfjarðarvegi vestan Ólafsfjarðarár að Sólheimum.
805 Svarfaðardalsvegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Árgerði, um Urðir að Atlastöðum.
806 Tunguvegur: Af Svarfaðardalsvegi hjá Hreiðarsstöðum á Skíðadalsveg hjá Hvarfi.
807 Skíðadalsvegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Hrísum, um brú á Skíðadalsá hjá Hvarfi, um Skíðadal að vestan og austur yfir Skíðadalsá á brú sunnan við Hnjúk að vegamótum Klængshóls- og Hlíðarvegar.
808 Árskógssandsvegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Litla-Árskógi að Árskógssandi.
809 Hauganesvegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Stærra-Árskógi að Hauganesi.
811 Hjalteyrarvegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Skriðulandi að Hjalteyri.
812 Bakkavegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Hofi á Hjalteyrarveg hjá Ytri-Bakka.
813 Möðruvallavegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Hofi, um Möðruvelli á Hörgárdalsveg hjá Björgum.
814 Staðarbakkavegur: Af Hörgárdalsvegi um brú á Hörgá hjá Skugga að Staðarbakka.
815 Hörgárdalsvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Bægisá, um brú á Helguhyl og norður Hörgárdal að vestan á Ólafsfjarðarveg norðan Hörgárbrúar.
816 Dagverðareyrarvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Sólborgarhóli, um Dagverðareyri og Gásir á Ólafsfjarðarveg sunnan Hörgárbrúar.
817 Blómsturvallavegur: Frá brú á Lónslæk hjá Ásláksstöðum, norður hjá Syðsta-Samtúni, yfir Norðurlandsveg á Blómsturvallamela.
821 Eyjafjarðarbraut vestri: Af Norðurlandsvegi sunnan Akureyrar, um Grund og Saurbæ, að vegamótum norðan Hólsgerðis.
822 Kristnesvegur: Af Eyjafjarðarbraut vestri norðan Kristness, um Kristnes á Eyjafjarðarbraut vestri sunnan Kristness.
824 Finnastaðavegur: Af Eyjafjarðarbraut vestri skammt norðan Hólshúsa, um brýr á Finnastaðaá og Djúpadalsá hjá Völlum, á Eyjafjarðarbraut vestri hjá Saurbæ.
825 Dalsvegur: Af Eyjafjarðarbraut vestri hjá Samkomugerði, yfir Finnastaðaveg að Syðra-Dalsgerði.
826 Hólavegur: Af Eyjafjarðarbraut vestri móts við Vatnsenda, um brú á Eyjafjarðará, um Hóla á Sölvadalsveg hjá Gnúpufelli.
827 Sölvadalsvegur: Af Eyjafjarðarbraut vestri hjá Sandhólum, um brú á Eyjafjarðará að Þormóðsstöðum.
829 Eyjafjarðarbraut eystri: Af Norðurlandsvegi hjá Kaupangi, um Laugaland og brú á Eyjafjarðará hjá Möðruvöllum, á Eyjafjarðarbraut vestri norðan Saurbæjar.
830 Svalbarðseyrarvegur: Af Vaðlaheiðarvegi að Svalbarðseyri.
831 Höfðavegur: Af Grenivíkurvegi við Gljúfurá að Hóli.
832 Vaðlaheiðarvegur: Af Norðurlandsvegi við Veigastaði, yfir Vaðlaheiði, Fnjóská, á Norðurlandsveg hjá Hálsi.
833 Illugastaðavegur: Af Norðurlandsvegi hjá Nesi, suður að Illugastöðum.
834 Fnjóskadalsvegur vestri: Af Norðurlandsvegi norðan Ness að Grímsgerði.
835 Fnjóskadalsvegur eystri: Af Norðurlandsvegi austan brúar á Fnjóská, um Fnjóskadal austanverðan, á Grenivíkurveg í Dalsmynni.
836 Vaglaskógarvegur: Af Vaðlaheiðarvegi austan við brú á Fnjóská, um Vaglaskóg að Lundi II.
841 Fremstafellsvegur: Af Norðurlandsvegi vestan Kvíslarbrúar, um brú á Djúpá hjá Fremstafelli, á Norðausturveg hjá Landamóti.
842 Bárðardalsvegur vestri: Af Norðurlandsvegi við Kvíslarbrú vestan Skjálfandafljóts að Mýri.
843 Lundarbrekkuvegur: Af Bárðardalsvegi eystri hjá Sandkvísl, að Víðikeri.
844 Bárðardalsvegur eystri: Af Norðurlandsvegi hjá Fosshóli, um brú hjá Stóruvöllum á Bárðardalsveg vestri.

845 Aðaldalsvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Einarsstöðum á Norðausturveg hjá Tjörn.
846 Austurhlíðarvegur: Af Norðurlandsvegi gegnt Laugum, hjá Laugaskóla út Austurhlíð, yfir Reykjadalsá hjá Ökrum, á Aðaldalsveg móts við Hamra.
847 Stafnsvegur: Af Norðurlandsvegi sunnan og neðan við Narfastaði að Stafni.
848 Mývatnssveitarvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Arnarvatni um Skútustaði á Norðurlandsveg hjá Reykjahlíð.
849 Baldursheimavegur: Af Mývatnssveitarvegi skammt austan Arnarvatns að Litlu-Strönd.
851 Út-Kinnarvegur: Af Norðausturvegi hjá Ófeigsstöðum að Nípá.
852 Sandsvegur: Af Norðausturvegi norðan Knútsstaða að Sandi.
853 Hvammavegur: Af Aðaldalsvegi norðan Ytra-Fjalls, yfir Laxá hjá Hólmavaði, á Mývatnsveg austan Laxárvirkjunar.
854 Staðarbraut: Af Aðaldalsvegi sunnan Syðra-Fjalls, um Laxárvirkjun á Hvammaveg.
855 Fagranesvegur: Af Staðarbraut hjá Hellulandi að Fagranesi.
856 Laxárdalsvegur vestri: Af Staðarbraut vestan Laxár að Halldórsstöðum.
857 Laxárdalsvegur eystri: Af Laxárdalsvegi vestri hjá Birningsstöðum, um brú á Laxá hjá Sogi, að Kasthvammi.
861 Vestursandsvegur: Af Norðausturvegi hjá Lindarbrekku að vegamótum Nýjabæjarvegar.
862 Uppsveitarvegur: Af Norðausturvegi norðan við Meiðavelli að Tóvegg.
864 Hólsfjallavegur: Af Norðurlandsvegi hjá Grímsstöðum á Fjöllum, um Hólssand á Norðausturveg austan Jökulsárbrúar í Axarfirði.
865 Gilsbakkavegur: Af Norðausturvegi hjá Lundi að Gilsbakka
866 Austursandsvegur: Af Norðausturvegi skammt vestan Klifshaga, um Sandárbrú að vegamótum Skógavegar.
867 Axafjarðarheiðarvegur: Af Norðausturvegi hjá Klifshaga, um Hrauntanga, á Norðausturveg austan Stórviðarvatns.
868 Laxárdalsvegur: Af Norðausturvegi vestan Garðár í Þistilfirði, að Laxárdal.
869 Langanesvegur: Af Norðausturvegi við Þórshöfn, um Þórshöfn og Sauðanes að vegamótum Eiðisvegar.

**Austurlandskjördæmi.**

1 Austurlandsvegur: Frá sýslumörkum á Biskupshálsi, um Möðrudal, Jökuldalsheiði, Jökuldal, yfir Jökulsárbrú hjá Fossvöllum, um Hróarstungu yfir Lagarfljótsbrú hjá Egilsstöðum, um Velli, Skriðdal, Breiðdalsheiði, Breiðdal, Berufjörð, Geithellnahrepp, Lónsheiði, Lón, Almannaskarð, yfir Hornafjarðarfljótsbrú hjá Gildraskeri, um Mýrar, Suðursveit, Breiðamerkursand, Öræfi og Skeiðarársand að sýslumörkum Vestur-Skaftafellssýslu.
85 Norðausturvegur: Frá sýslumörkum á Brekknaheiði, um Bakkafjörð, Sandvíkurheiði, Vopnafjörð, Hofsárdal og Langadal á Austurlandsveg hjá Möðrudal.
91 Hafnarvegur í Bakkafirði: Af Norðausturvegi hjá Bakkaá að Hafnarkauptúni.
92 Norðfjarðarvegur: Af Austurlandsvegi hjá Egilsstöðum um Fagradal, Búðareyri við Reyðarfjörð, Hólmaháls, Eskifjörð, Oddsskarð og til Neskaupstaðar.
93 Seyðisfjarðarvegur: Af Norðfjarðarvegi hjá Egilsstöðum, um Fjarðarheiði til Seyðisfjarðar.
94 Borgarfjarðarvegur: Af Seyðisfjarðarvegi við Eyvindará, um Eiðaþinghá, Hjaltastaðaþinghá, yfir Selfljótsbrú hjá Heyskálum, Vatnsskarð og Njarðvík að Bakkagerði.
96 Suðurfjarðavegur: Af Norðfjarðarvegi í Reyðarfirði um suðurströnd Reyðarfjarðar, fyrir Vattarnes, um Fáskrúðsfjörð, Gvendarnes, Stöðvarfjörð, Kambanes og á Austurlandsveg nálægt Heydölum.
97 Breiðdalsvíkurvegur: Af Suðurfjarðavegi hjá Þverhamri til Breiðdalsvíkur.

98 Djúpavogsvegur: Af Austurlandsvegi til Djúpavogskauptúns.
99 Hafnarvegur: Af Austurlandsvegi að Höfn.
911 Gunnarsstaðavegur í Bakkafirði: Af Norðausturvegi nálægt Hölkná að Gunnarsstöðum.
913 Strandhafnarvegur: Af Norðausturvegi við Borgarlæk að Ljósalandi.
915 Vesturárdalsvegur: Af Norðausturvegi austan Vesturár að Búastöðum.
917 Hlíðarvegur: Af Austurlandsvegi hjá Fossvöllum, um Jökulsárhlíð, yfir Hellisheiði á Norðausturveg hjá Vatnsdalsgerði.
919 Sunnudalsvegur: Af Hlíðarvegi austan við Hofsá, um brú á Sunnudalsá norðan Sunnudals, og á Norðausturveg nálægt Teigi.
921 Eyjavegur: Af Hlíðarvegi móts við Fögruhlíð um Hnitbjörg og Eyjasel á Hlíðarveg nálægt Bakkagerði.
922 Grófarselsvegur: Af Hlíðarvegi hjá Kaldá að Grófarseli.
923 Jökuldalsvegur: Af Austurlandsvegi við Gilsá um Hákonarstaði að Brú.
924 Jökuldalsvegur eystri: Af Austurlandsvegi hjá Hjarðarhaga yfir Jökulsá og út Jökuldal austan Jökulsár á Austurlandsveg í Dimmadal.
925 Hróarstunguvegur: Af Austurlandsvegi við Jökulsárbrú, um Litla-Bakka og Kirkjubæ, yfir Rangá á Austurlandsveg hjá Urriðavatni.
926 Húseyjarvegur: Af Hróarstunguvegi hjá Litla-Bakka að Geirastöðum.
927 Brekkubæjarvegur: Af Hróarstunguvegi hjá Þórisvatni um Brekku á Hróarstunguveg hjá Litla-Steinsvaði.
929 Fellavegur: Af Austurlandsvegi hjá Urriðavatni um Staffell, Egilssel og á Austurlandsveg við Rangá.
931 Upphéraðsvegur: Af Austurlandsvegi norðan Lagarfljótsbrúar um Fell, Fljótsdal, yfir Jökulsá í Fljótsdal, um Skóga og á Austurlandsveg hjá Úlfsstöðum á Völlum.
933 Norðurdalsvegur í Fljótsdal: Af Upphéraðsvegi nálægt Valþjófsstað að Þuríðarstöðum.
934 Múlavegur í Fljótsdal: Af Upphéraðsvegi austan Jökulsár um brú á Kelduá um Langhús að Glúmsstöðum.
935 Suðurdalsvegur í Fljótsdal: Af Upphéraðsvegi austan brúar á Kelduárkvísl að Víðivöllum fremri.
937 Skriðdalsvegur: Af Upphéraðsvegi vestan Grímsár inn Skriðdal um brýr á Geitdalsá og Múlaá á Austurlandsveg sunnan Jóku.
938 Múlavegur syðri: Af Skriðdalsvegi við Múlabrú að Birkihlíð.
939 Axarvegur: Af Austurlandsvegi í Víðigróf í Skriðdal um Öxi og á Austurlandsveg í Berufjarðarbotni.
942 Steinsvaðsvegur: Af Borgarfjarðarvegi gegnt Hreimsstöðum um Stóra-Steinsvað á Lagarfossveg hjá Fossi.
943 Hjaltastaðarvegur: Af Borgarfjarðarvegi sunnan við Bóndastaði um Hjaltastað og Sandbrekku á Borgarfjarðarveg sunnan við Unaós.
944 Lagarfossvegur: Af Borgarfjarðarvegi nálægt Ásgrímsstöðum um Ekru, yfir Lagarfljót hjá Fossi á Hróarstunguveg.
946 Hólalandsvegur: Af Borgarfjarðarvegi í Bakkagerði um Hólaland að Vegamótum við Hvannstóð.
947 Desjamýrarvegur: Af Borgarfjarðarvegi í Bakkagerði um brú á Fjarðará að heimreið að Sólbakka norðan við Hrafnárbrú.
951 Vestdalseyrarvegur: Af Seyðisfjarðarvegi í Seyðisfjarðarkaupstað um Vestdalseyri að Sunnuholti.
953 Mjóafjarðarvegur: Af Norðfjarðarvegi nálægt Köldukvíslarbrú um Mjóafjarðarheiði og norðurströnd Mjóafjarðar að Brekku.
954 Helgustaðavegur: Af Norðfjarðarvegi í Eskifjarðarkaupstað að Stóru-Breiðuvík.
956 Dalavegur: Af Suðurfjarðavegi norðan Dalsár að Hólagerði.

962 Norðurdalsvegur í Breiðdal: Af Austurlandsvegi í Breiðdal um Norðurdal að vegamótum við brú á Norðurdalsá.
964 Breiðdalsvegur: Af Austurlandsvegi innan Ásunnarstaða yfir Breiðdalsá hjá Flögu um Randversstaði á Austurlandsveg sunnan Breiðdalsárbrúar.
984 Hoffellsvegur: Af Austurlandsvegi vestan Hoffellsárbrúar að vegamótum Miðfells.
986 Rauðabergsvegur: Af Austurlandsvegi austan Djúpár að vegamótum að Holtaseli.

## 3.2. FLOKKUN ÞJÓÐVEGA SKV. 3.1. Í UNDIRFLOKKA

### 3.2.1. Hraðbrautir A og B

1 **Suðurlandsvegur:**
Akureyjarvegur í Landeyjum—Reykjavík.

33 **Gaulverjabæjarvegur:**
Stokkseyri — Eyrarbakkavegur.

34 **Eyrarbakkavegur.**

35 **Biskupstungnabraut:**
Suðurlandsvegur — Minni-Borg.

36 **Þingvallavegur:**
Stardalsvegur — Vesturlandsvegur.

38 **Þorlákshafnarvegur:**
Þrengslavegur — Þorlákshöfn.

39 **Þrengslavegur.**

40 **Hafnarfjarðarvegur.**

41 **Reykjanesbraut.**

43 **Grindavíkurvegur.**

44 **Hafnavegur:**
Reykjanesbraut — Keflavíkurflugvöllur

45 **Garðskagavegur:**
Reykjanesbraut — Gerðar.

412 **Vífilsstaðavegur.**

415 **Bessastaðavegur:**
Hafnarfjarðarvegur — Álftanesvegur.

1 **Vesturlandsvegur:**
Reykjavík — Vestfjarðavegur.

51 **Akranesvegur.**

60 **Vestfjarðavegur:**
Djúpvegur — Hnífsdalur.

61 **Djúpvegur:**
Flugvöllur — Vestfjarðavegur.

1 **Norðurlandsvegur:**
Hólmavíkurvegur — Skagastrandarvegur, Skagafjarðarvegur — Siglufjarðarvegur, Laugaland á Þelamörk — Grenivíkurvegur.

72 **Hvammstangavegur.**

75 **Sauðárkróksbraut:**
Norðurlandsvegur — Sauðárkrókur.

82 **Ólafsfjarðarvegur:**
Norðurlandsvegur — Hjalteyrarvegur.

821 **Eyjafjarðarbraut vestri:**
Norðurlandsvegur — nyrðri vegamót Kristnesvegar.

85 **Norðausturvegur:**
Mývatnsvegur — Húsavík.

1 **Austurlandsvegur:**
Upphéraðsvegur — Norðfjarðarvegur.

92 **Norðfjarðarvegur:**
Austurlandsvegur — Seyðisfjarðarvegur.

99 **Hafnarvegur.**

### 3.2.2. Þjóðbrautir.

1 **Suðurlandsvegur:**
Sýslumörk Skeiðarársandi — Akureyjarvegur.

30 **Skeiðavegur.**

31 **Skálholtsvegur.**

35 **Biskupstungnabraut:**
Minni-Borg — Skálholtsvegur.

36 **Þingvallavegur:**
Biskupstungnabraut — vegamót við Stardal.

45 **Garðskagavegur:**
Garður — Sandgerði.

1 **Vesturlandsvegur:**
Vestfjarðavegur — Hólmavíkurvegur.

53 **Hvítárvallavegur.**

54 **Ólafsvíkurvegur:**
Vesturlandsvegur — Ólafsvík.

55 **Heydalsvegur.**

56 **Stykkishólmsvegur:**
Snæfellsnessvegur — Stykkishólmur.

57 **Snæfellsnessvegur.**

574 **Útnesvegur:**
Hellissandur — Ólafsvík.

60 **Vestfjarðavegur:**
Vesturlandsvegur — Djúpvegur við Ísafjörð og Hnífsdalur — Bolungarvík.

62 **Barðastrandarvegur.**

68 **Hólmavíkurvegur.**

1 **Norðurlandsvegur:**
Skagastrandarvegur — Skagafjarðarvegur, Siglufjarðarvegur — Laugaland á Þelamörk, Grenivíkurvegur — sýslumörk á Biskupshálsi.

75 **Sauðárkróksbraut:**
Sauðárkrókur — Siglufjarðarvegur.

76 **Siglufjarðarvegur.**

82 **Ólafsfjarðarvegur:**
Hjalteyrarvegur — Siglufjarðarvegur.

85 **Norðausturvegur:**
Norðurlandsvegur- Mývatnsvegur og Húsavík- Austurlandsvegur.

845 **Aðaldalsvegur.**

1 **Austurlandsvegur:**
Sýslumörk á Biskupshálsi — Upphéraðsvegur og Norðfjarðarvegur — sýslumörk á Skeiðarársandi.

92 **Norðfjarðarvegur:**
Seyðisfjarðarvegur — Neskaupstaður.

96 **Suðurfjarðavegur.**

3.2.3. Aðrir þjóðvegir eru landsbrautir.

## 3.3. AÐALFJALLVEGIR.

### 3.3.1. Kaldadalsvegur (40 km):

Af Uxahryggjavegi (52) í Brunnum um Kaldadal á Hálsasveitarveg (518) hjá Húsafelli.

### 3.3.2. Kjalvegur (165 km):

Af Biskupstungnabraut (35) hjá Gullfossi um Hvítanes, Hveravelli á Kjalveg (732) hjá Eiðsstöðum í Blöndudal.

### 3.3.3. Fjallabaksvegur nyrðri (80 km):

Af Þjórsárdalsvegi (32) við Sigöldu yfir Jökulgilskvísl hjá Landmannalaugum, Eldgjá og Skaftártungu á Búlandsveg (208) hjá Búlandi.

### 3.3.4. Sprengisandsleið (536 km):

Af Þjórsárdalsvegi við Sigölduvirkjun vestan Þórisvatns um Þveröldu, Tómasarhaga hjá Fjórðungsvatni um Hólafjall á Sölvadalsveg (827) hjá Þormóðsstöðum í Eyjafirði (189 km).

Álma norðan Fjórðungsvatns um Laugarfell yfir brú á Jökulsá eystri á Austari-Bug á Skagafjarðarveg (752) hjá Giljum (75 km).

Álma norðan Fjórðungsvatns um Kiðagilsdrög á Bárðardalsveg vestri (842) hjá Mýri í Bárðardal (76 km).

Álma úr Tómasarhaga um Urðarháls yfir Jökulsá hjá Upptyppingum austan í Þríhyrningsfjallgarði á Jökuldalsveg (923) hjá Brú á Jökuldal (196 km).

## Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

### 1. UM FJÁRÖFLUN TIL VEGAMÁLA 1974—1977

**1.0.0. Inngangur.**

Þegar þingsályktunartillaga um vegáætlun 1974—1975 var lögð fyrir Alþingi vorið 1974 var á grundvelli spár frá Áætlanadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins, um fjölgun bifreiða til 1985, gerð áætlun um tekjur vegasjóðs af mörkuðum tekjustofnum. Með tilliti til þess mikla innflutnings bifreiða á árinu 1974 og þess samdráttar sem orðið hefur, var fyrrgreind spá tekin til endurskoðunar og hún leiðrétt. Með hliðsjón af reynslu undanfarinna ára er gert ráð fyrir að bifreiðainnflutningurinn fari hlutfallslega minnkandi næstu árin og á miðju ári 1978 verði fólksbifreiðafjöldi pr. 1000 íbúa orðinn sá sami og áætlað var s. l. vor.

Á grundvelli framangreinds hefur bifreiðafjöldinn verið áætlaður þessi:

| Ár | Fjöldi bireiða 1. júlí ár hvert | Þar af með bensínhreyfli |
|---|---|---|
| 1974 | 67 300 | 59 800 |
| 1975 | 70 800 | 62 900 |
| 1976 | 74 800 | 66 500 |
| 1977 | 78 500 | 69 700 |

**1.1.1. Bensíngjald.**

Við ákvörðun tekna af innflutningsgjaldi af bensíni er fyrst og fremst byggt á áætlun um meðaleldsneytisnotkun bensínbifreiða. Byggt er á reynslu undanfarinna ára og gengið út frá 1750 ltr. eldsneytisnotkun á bifreið árið 1974. Gert er ráð fyrir að meðaleyðslan minnki út vegáætlunartímabilið vegna batnandi vegakerfis og sparneytnari bifreiða.

Tekjur vegasjóðs af bensíngjaldi eru því áætlaðar þessar:

| Ár | Fjöldi bensín bifr. 1. júlí ár hv. | Meðal notk. | Heildar notk. m. ltr. | Innflgj. m.kr. | Endurgr. m.kr. |
|---|---|---|---|---|---|
| 1974 | 59 800 | 1 750 | 104.4 | 1 121 | 18 |
| 1975 | 62 900 | 1 750 | 110.1 | 1 762 | 20 |
| 1976 | 66 500 | 1 750 | 116.4 | 1 862 | 28 |
| 1977 | 69 700 | 1 745 | 121.6 | 1 946 | 28 |

**1.1.2. Þungaskattur.**

Við áætlun um tekjur af þungaskatti er byggt á skiptingu bifreiða í undirflokka eftir eigin þyngd og gerð hreyfils. Tekjur af árgjaldi eru reiknaðar út sér annarsvegar fyrir diselbifreiðar og hins vegar fyrir bensínbifreiðar, en þungaskattur af þeim var felldur niður um síðustu áramót og er nú innheimtur af bensíngjaldi. Við áætlun um tekjur af km-gjaldi er byggt á athugun sem gerð var af Vegagerð ríkisins um meðalakstur þeirra bifreiða sem greiða þungaskatt skv. km-gjaldi.

Í eftirfarandi töflu eru áætlaðar tekjur af þungaskatti í millj. kr.

| Ár | Árgjald bensín bifr. | Árgjald diesel bifr. | Km.gj. | Tekjur brúttó | Endurgr. |
|---|---|---|---|---|---|
| 1974 | 50 | 98 | 163 | 311 | 15 |
| 1975 | | 161 | 259 | 420 | 8 |
| 1976 | | 169 | 276 | 445 | 8 |
| 1977 | | 177 | 291 | 468 | 8 |

### 1.1.3. Gúmmígjald.

Mjög erfitt er að spá um tekjur af gúmmígjaldi þar sem eftirspurn eftir hjólbörðum er mjög teygin og speglast mjög af kaupgetu almennings á hverjum tíma. Í þessari spá er miðað við að meðal endurnýjun verði 23 kg á bifreið og að hver innflutt fólksbifreið hafi 60 kg af gúmmíi og hver vörubifreið 250kg.

| Ár. | Bifr. 1. júlí ár hvert | Innfl. fólksb. | Innfl. Vörub. | Gúmmí alls tonn | Tekjur m.kr. |
|---|---|---|---|---|---|
| 1974 ..... | 67 300 | 9 700 | 800 | 2 340 | 105 |
| 1975 ..... | 70 800 | 6 250 | 550 | 2 141 | 96 |
| 1976 ..... | 74 800 | 6 300 | 550 | 2 236 | 99 |
| 1977 ..... | 78 500 | 6 350 | 550 | 2 324 | 104 |

### 1.1.4. Ríkisframlag.

Á árunum 1974 og 1975 er gert ráð fyrir, að ríkisframlagið aukist um 100 m.kr. frá því sem áætlað var í vegáætlun 1972—1975. Er það gert meðal annars með hliðsjón af þeim auknu tekjum af söluskatti, sem hækkun bensíngjalds hafði í för með sér. Þá er á árunum 1976 og 1977 gert ráð fyrir, að ríkisframlagið verði í heild 500 m.kr. hvort áranna.

## 1.2. Sérstök fjáröflun.

### 1.2.1. Til framkvæmda á Skeiðarársandi.

Um áramótin 1973 og 1974 nam kostnaður við framkvæmdir á Skeiðarársandi um 528 m.kr., en lánsfjáröflun með sölu happdrættisskuldabréfa nam 330 m.kr. Var þá tekið bráðabirgðalán til greiðslu þessa kostnaðar í bili.

Áætlaður kostnaður við að ljúka framkvæmdum á Skeiðarársandi á árunum 1974 og 1975 var talinn 318 mkr., eins og nánar er gert grein fyrir í kafla 2.3.5.1. Á árinu 1974 voru seld happdrættisskuldabréf fyrir 400 m.kr. Þarf því að gefa út happdrættisskuldabréf fyrir 116 m.kr. á árinu 1975.

### 1.2.2. Til hraðbrauta.

Í fjárlögum ársins 1974 var gert ráð fyrir 100 m.kr. lánsfjáröflun til hraðbrauta og er við það miðað hér. Á árunum 1975—1977 er ekki gert ráð fyrir sérstakri fjáröflun til hraðbrauta.

### 1.2.3. Til Hafnarfjarðarvegar í Kópavogi.

Þar sem Hafnarfjarðarvegur í Kópavogi var felldur úr tölu þjóðvega í þéttbýli hinn 1. jan. 1974 sbr. reglugerð nr. 401/1973, er 80 m.kr. lánsfjáröflun til vegarins í fjárlögum 1974 tekin með í vegáætlun.

### 1.2.4. Til Djúpvegar.

Á árinu 1974 var samþykkt á Alþingi 80 m.kr. lánsfjáröflun til Djúpvegar, sem skyldi fjármagnast með sölu happdrættisbréfa. Bréfin voru öll seld á árinu 1974, en Vegagerðin fékk 25 m.kr. af þessu fé til ráðstöfunar á því ári. Upphæðin er öll gjaldfærð á árinu 1974, en mismunurinn stendur sem innstæða til 1975.

### 1.2.5. Til Norður- og Austurvegar.

Nú liggur fyrir Alþingi frumvarp, sem heimilar ríkisstjórninni að gefa út happdrættisbréf, alls að upphæð 2 000 m.kr., sem dreifast jafnt á árin 1975—1978. Skal þessari upphæð varið til áframhaldandi uppbyggingar á hringveginum. Fyrir-

hugað er, að ⅔ hlutar renni til Norðurvegar, en ⅓ til Austurvegar, eins og vegir þessir eru nefndir í frumvarpinu.

Þar sem ekki liggur fyrir, hvort frumvarp þetta nær fram að ganga á Alþingi er því stuðst við heimild í lögum nr. 79/1974 um fjáröflun til vegagerðar og afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1975, þar sem gert er ráð fyrir sölu happdrættisbréfa fyrir sömu heildarupphæð á árinu 1975 og við er miðað í framangreindu frumvarpi. Þá er og reiknað með að skipting á þessu fé til Norður- og Austurvegar verði í sömu hlutföllum og gert var ráð fyrir í frumvarpi til laga um happdrættislán til Norður- og Austurvegar.

### 1.2.6. Til annarra framkvæmda.

Hér er gert ráð fyrir 500 og 297 m.kr. lánum til vegaframkvæmda á árunum 1974 og 1975, og að þessi upphæð hækki í 550 m.kr. á árunum 1976 og 1977.

Í vegáætlun fyrir árin 1974 og 1975 var gert ráð fyrir verulegum lánum til landshlutaáætlana, en sérstök lán til þeirra voru felld niður á árinu 1973, þar sem markaðar tekjur vegasjóðs voru hækkaðar sérstaklega í lok ársins 1972 til þess að mæta þessari lánsfjáröflun. Þar sem sýnt er, að markaðar tekjur vegasjóðs hrökkva eigi til, er hér gert ráð fyrir þessari lánsfjáröflun til að brúa að nokkru það bil, sem á vantar.

### 1.3. Fjárveiting til greiðslu halla 1974.

Eins og fram kemur undir lið 2.10 var samanlagður halli í lok árs 1974 418.4 m.kr. Á vegáætlun var 60 m.kr. fjárveiting til greiðslu halla og markaðar tekjur urðu 29.8 m.kr. umfram áætlun, þannig að ógreiddur halli í lok árs 1974 var alls 328.6 m.kr.

Ákveðið var að á árinu 1974 yrði veitt aukafjárveiting úr ríkissjóði til greiðslu þess halla.

## 2. SKIPTING ÚTGJALDA

(Fjárhæðir í millj. kr.)

### 2.0.0. Verðgrundvöllur vegáætlunar.

Við gerð vegáætlunar fyrir árin 1972—1975 í ársbyrjun 1972 voru kostnaðaráætlanir fyrir árin 1973—1975 miðaðar við áætlaða vísitölu framkvæmdakostnaðar í mars 1973, en þá áttu seinustu umsamdar almennar kauphækkanir í samningum frá desember 1971 að vera komnar fram. Á tímabilinu urðu mjög örar verðhækkanir, þannig að þegar vorið 1973 voru verðhækkanir orðnar 29—36% hærri en áætlað hafði verið að þær yrðu í mars það ár.

Í sambandi við endurskoðun á vegáætlun áranna 1974—1975 hefur verið reiknuð út vísitala fyrir árið 1975. En þar er miðað við kaup eins og það var í desember s. l., svo og hækkanir skv. kjarasamningum frá því í mars 1974 og einnig allar almennar verðlagshækkanir sem vitað er um í ár. Er þessi vísitala einnig lögð til grundvallar nýrri vegáætlun árin 1976 og 1977.

**Framkvæmdavísitölur:**

| | Vegagerð | Viðhald | Brúagerð |
|---|---|---|---|
| 1. Vísitala vegáætl. '73—'75 (mars '73) | 1 096 | 1 142 | 1 651 |
| 2. Vísitala ág. '74 | 2 094 | 2 339 | 3 502 |
| 3. Vísitala 1975 | 2 691 | 2 995 | 4 325 |
| Hækkun 1—2 | 91,1% | 104,8% | 112,2% |
| Hækkun 1—3 | 141,0% | 163,2% | 162,0% |
| Hækkun 2—3 | 28,5% | 28,0% | 23,5% |

**2.0.1. Bráðabirgðavegáætlun 1974 og frestun framkvæmda 1974 og 1975.**

Í greinargerð með till. til þingsál. um vegáætlun fyrir 1974—1977, sem lögð var fram á Alþingi á s. l. vori, var að því vikið undir lið 2.0.1., að fresta þyrfti framkvæmdum fyrir um 900 m.kr. frá árinu 1974 til ársins 1975 og framkvæmdum fyrir tæpar 1300 m.kr. frá árinu 1975 til ársins 1976. Voru þessar áætlanir miðaðar við verðlag í mars 1974.

Svo sem frá er greint í skýrslu um framkvæmd bráðabirgðavegáætlunar 1974 varð framkvæmdafé ívið minna en gert hafði verið ráð fyrir í tillögu að vegáætlun fyrir árið 1974. Af þessum sökum og vegna verðhækkana þeirra, sem orðið hafa síðan í mars 1974 er áætlað, að kostnaður við að ljúka þeim framkvæmdum sem fresta varð á árinu 1974 sé 1300 m.kr. Kostnaður við að ljúka framkvæmdum samkvæmt vegáætlun 1975 miðað við verðlag í janúar þ. á. er áætlaður rúmlega 2 500 m.kr. Þarf því alls um 3 800 m.kr. til þess að ljúka vegáætlun 1974 og 1975 og eru þá ekki taldar með breyttar forsendur við ýmsar framkvæmdir og nýjar óhjákvæmilegar framkvæmdir.

Þar sem fjárveiting til framkvæmda á liðum 2.3. og 2.5. í tillögu að vegáætlun fyrir yfirstandandi ár er liðlega 1 800 m.kr. er ljóst, að fresta þarf framkvæmdum frá þessum tveim árum fyrir um 2 000 m.kr. til ársins 1976. Á því ári gerir tillagan ráð fyrir framkvæmdum á ofangreindum tveim liðum fyrir 2 150 m.kr. eða nokkru hærri upphæð en fresta þarf til þessa árs.

Framangreindar heildarupphæðir eru miðaðar við endurskoðun á framkvæmdum í vegáætlun 1974 og 1975 með tilliti til breytts verðlags. Hins vegar þurfa margar áætlanir um einstakar framkvæmdir á þessum árum að leiðréttast verulega með tilliti til breyttra forsenda frá upphaflegri áætlun 1972. Gert er ráð fyrir, að slíkar breytingar komi til sérstakrar athugunar við endurskoðun á röðun framkvæmda við meðferð málsins í fjárveitinganefnd.

Eigi er unnt að gera sér grein fyrir því, hvernig óhjákvæmileg frestun framkvæmda muni skiptast á einstaka framkvæmdaflokka fyrr en fyrir liggur ákvörðun um, hvernig framkvæmdafé til Norðurvegar og Austurvegar verður skipt milli einstakra framkvæmdaflokka þ. e. hraðbrauta og þjóðbrauta.

Yfirlit yfir frestanir 1974 og kostnað við að ljúka framkvæmdum skv. vegáætlun fyrir 1975 er sýnt á fskj. 2.0.1.—1.

## 2.1. Stjórn og undirbúningur.

**2.1.0. Launagreiðslur.**

Alls verða fastráðnir 30 starfsmenn á áætlunartímabilinu sem hér segir:

| | 1974 | 1975 | 1976 | 1977 |
|---|---|---|---|---|
| Verkfræðingar | 1 | 1 | 1 | 1 |
| Tæknifræðingar | 2 | 1 | 1 | 1 |
| Mælingamenn | 1 | 1 | 1 | 1 |
| Lögfræðingur | 1 | | | |
| Verkstjórar | 1 | 1 | | |
| Undirverkstjórar | 1 | 2 | 2 | 2 |
| Skrifstofufólk | 1 | 2 | 2 | 2 |

Allir þessir starfsmenn hafa starfað hjá Vegagerðinni sem lausráðnir starfsmenn um lengri eða skemmri tíma og því ekki um að ræða raunverulega útgjaldaaukningu.

Sú breyting verður nú á, að launagreiðslur verða ekki færðar upp sem sérstakur liður undir stjórn og undirbúningi, heldur verður launakostnaður nú færður á viðkomandi framkvæmdaliði. Í eftirfarandi töflu má sjá heildarlaunakostnað vegna fastráðinna starfsmanna og skiptingu hans á viðkomandi framkvæmdaliði.

| | 1974 | 1975 | 1976 | 1977 |
|---|---|---|---|---|
| Skrifstofa — yfirstjórn | 21,7 | 24,6 | 26,5 | 28,0 |
| Verkfr.l. undirbún. | 30,6 | 35,3 | 38,8 | 42,1 |
| Umf.taln. og vegaeftirl. | 1,7 | 1,8 | 1,8 | 1,8 |
| Verkstjórar | 22,7 | 26,4 | 28,5 | 30,1 |
| Starfsm. áhaldahúsa | 5,3 | 5,5 | 5,6 | 5.6 |
| Samtals | 82,0 | 93,6 | 101,1 | 107,6 |

### 2.1.1. Skrifstofukostnaður.

Við samningu síðustu vegáætlunar var mörkuð sú stefna að flytja umdæmisverkfræðinga út í heimahéruð. Þessi stefna er nú að mestu leyti komin í framkvæmd og er nú búið að koma upp stærri skrifstofum í Borgarnesi, Ísafirði, Sauðárkróki, Akureyri, Reyðarfirði og Selfossi. Á þessum stöðum, nema Sauðárkróki, er aðsetur umdæmisverkfræðings og einnig öll bókhaldsþjónusta fyrir viðkomandi umdæmi.

Vegna samgönguerfiðleika hefur þó reynst nauðsynlegt að hafa minni skrifstofur á eftirtöldum stöðum: Patreksfirði, Hólmavík, Þórshöfn og Höfn í Hornafirði. Á þessum stöðum eru umsvif það lítil, að ekki hefur þótt fært að ráða sérstakan mann til bókhaldsstarfa og því verið samið við banka eða sparisjóði á viðkomandi stöðum.

Frá og með 1. jan. 1974 var bókhald Vegagerðar ríkisins tekið í tölvuvinnslu. Af þeirri reynslu sem þegar hefur fengist er ljóst, að af því er mikið hagræði og sparnaður. Auk þess sem það mun gefa mun fljótari og gleggri upplýsingar um stöðu hinna einstöku verkþátta og starfsemi Vegagerðarinnar en hingað til.

### 2.1.2. Verkfræðilegur undirbúningur.

Auk launagreiðslna fastra starfsmanna er kostnaður við verkfræðilegan undirbúning áætlaður 25.0 m.kr. fyrir árið 1974 og 51.7 m.kr. fyrir árin 1975—1977.

Þessi mikla aukning er tilkomin vegna þess, að verkfræðilegur undirbúningur hraðbrauta er á árinu 1975 allur færður undir „Stjórn og undirbúning", þar sem rétt þykir að hafa verkfræðilegan undirbúning allan á einum lið. Fjárveiting til hans auk launagreiðslna fastra starfsmanna er áætluð 20.7 m.kr. árin 1975—1977. Til verkfræðilegs undirbúnings annarra framkvæmda er á sömu árum varið 31.0 m.kr. hvert ár, auk launagreiðslna fastra starfsmanna.

### 2.1.3. Umferðartalning og vegaeftirlit.

Lagt er til, að fjárveiting til þessa liðar verði 12.5 m.kr. á árunum 1975—1977. Hér er um að ræða hækkun umfram verðbreytingar, en fjárveiting til þessa liðar hefur lengst af verið vanáætluð, þannig að um raunverulega aukningu er ekki að ræða.

Fjárveiting er miðuð við, að vegaeftirliti verði haldið í sama horfi og verið hefur undanfarin ár og að sömu starfsmenn sjái einnig um umferðartalningu að verulegu leyti. Þessi starfsemi hefur tvímælalaust gefið mjög góða raun, með því að takmarka ofhleðslu og hlífa með því vegakerfinu. Samhliða vegaeftirlitinu hefur verið tekin upp upplýsingaþjónusta fyrir almenning um færð á vegum og ástand þeirra. Þá annast vegaeftirlitsmenn einnig eftirlit með ökumælum dísilbifreiða fyrir fjármálaráðuneytið.

### 2.1.4. Eftirlaunagreiðslur.

Hér er í fyrsta lagi um að ræða fyrrverandi vegaverkstjóra, sem náð hafa sjötugsaldri og hafa ekki aðgang að neinum lífeyrissjóði. Í öðru lagi ekkjur vega-

verkstjóra, sem ekki höfðu aðgang að lífeyrissjóði. Og í þriðja lagi fyrrv. verkamenn, sem náð hafa sjötugsaldri, og hafa unnið hjá Vegagerðinni áratugum saman.

Eftirlaun verkstjóra og verkstjóraekkna eru hér miðuð við 60% af fullum eftirlaunum samkv. 18. launaflokki ríkisstarfsmanna út frá því sjónarmiði, að verkstjórarnir hafa ekki greitt neitt sjálfir í lífeyrissjóð.

Eftirlaun fyrrv. verkamanna eru hér miðuð við 60% af eftirlaunum í 13. launafl. ríkisstarfsmanna út frá sama sjónarmiði og gildir um verkstjórana.

Á árinu 1974 nutu 20 verkstjórar og 12 verkstjóraekkjur eftirlauna samkv. þessum lið, en 4 verkstjórar munu bætast við á áætlunartímabilinu, þannig að alls munu 24 verkstjórar og 12 ekkjur njóta eftirlauna.

Á árinu 1974 nutu 8 verkamenn eftirlauna en 6 munu bætast við á áætlunartímabilinu, þannig að alls munu 14 verkamenn njóta eftirlauna.

## 2.2. Viðhald þjóðvega.

Allt frá því að tekin var upp gerð fjögurra ára vegáætlana, hefur fjárveitingum til viðhalds þjóðvega aðeins verið skipt á tvo liði, þ. e. viðhaldskostnað þjóðvega og vegmerkingar.

Þar sem kostnaður við vetrarviðhald, þ. e. snjómokstur, er tekinn af óskiptri fjárveitingu til viðhaldskostnaðar þjóðvega, fer það eftir tíðarfari hvers vetrar, hve mikið fé er til ráðstöfunar til alls annars almenns viðhalds veganna. Svo sem fram kemur í skýrslu um framkvæmd vegáætlunar 1974, hefur kostnaðurinn við vetrarviðhald á undanförnum 8 árum numið frá 15% upp í 23% í heildarviðhaldskostnaði. Þessar miklu sveiflur í kostnaði vetrarviðhalds hafa það í för með sér, að draga verður verulega úr sumarviðhaldi veganna, þrátt fyrir sívaxandi umferð, þau ár sem snjóþyngsli eru yfir meðallagi.

Hér við bætist, að á undanförnum árum hafa komið fram sívaxandi kröfur úr einstökum byggðarlögum um endurskoðun á snjómokstursreglum og bættri þjónustu í því sambandi og þá ekki síst vegna læknaþjónustu í dreifbýlinu. Þá leiðir af opnun hringvegarins á s. l. ári, að óhjákvæmilega verður að endurskoða snjómokstursreglurnar á suðausturhluta landsins.

Með tilliti til þess, er að framan greinir, er hér gerð tillaga um að skipta viðhaldskostnaði þjóðvega annars vegar í sumarviðhald og hins vegar í vetrarviðhald með það fyrir augum, að kostnaður við vetrarviðhaldið hafi ekki framvegis áhrif á almennan viðhaldskostnað veganna eins og verið hefur.

### 2.2.0. Áhrif verðhækkana og breytinga á snjómokstursreglum.

Fjárveiting í vegáætlun 1974 og 1975 var 400 m.kr. hvort árið að meðtaldri 5 m.kr. fjárveitingu til vegmerkinga.

Þegar vegáætlun fyrir árin 1972—75 var samin var við það miðað, að vísitala vegaviðhalds væri 1142 stig. Miðað við að vísitala vegaviðhalds verði 2995 stig á árinu 1975 verður hækkunin 649 m.kr. árin 1975—77.

Svo sem nánar greinir undir lið 2.2.2. um vetrarviðhald er áætlað, að útgjaldaaukning á þeim lið vegna endurskoðunar á snjómokstursreglum muni nema um 47 m.kr. á árinu 1975. Lagt er því til, að heildarfjárveiting til viðhalds þjóðvega á árunum 1975—1977 verði 1 062 m.kr. Eru þá fjárveitingar í vegáætlun eigi að fullu færðar til gildandi verðlags og bætt við áætluðum kostnaði við endurskoðun á snjómokstursreglum.

### 2.2.1. Sumarviðhald o. fl.

Undir þessum lið telst allur kostnaður við mölburð, vegheflun, mölun og hörpun efnis, viðgerðir brúa, rykbinding o. fl. Auk þess er undir þessum lið talinn kostnaður við skemmdir vegna náttúruhamfara, eins og vatnavaxta o. þ. h.

Heildarfjárveiting til vegaviðhalds skv. lið 2.2.0. er 1 062 m.kr. Kostnaður við vetrarviðhald að breyttum snjómokstursreglum er áætlaður 197 m.kr. skv. lið 2.2.2. Verður því fjárveiting til sumarviðhalds 854 m.kr.

### 2.2.2. Vetrarviðhald.

Á undanförnum árum hefur kostnaður við vetrarviðhald verið eins og sýnt er á eftirfarandi töflu. Að meðaltali hefur kostnaður verið um 75.9 m.kr. á ári miðað við verðlag 1973 þ. e. vísitölu 1550. Miðað við vísitöluna 2995 á árinu 1975 áætlast þessi kostnaður 147.7 m.kr. á árinu 1975.

**Yfirlit yfir kostnað við vetrarviðhald 1967—1973.**

| 1 | 2 | 3 | 4 | 5 |
|---|---|---|---|---|
| Ár | Vetrar-viðhald m.kr. | Vísitala viðhalds-kostn. | Kostn. á verðl. 1973 m.kr. | Hlutfalls-tala |
| 1967 | 28,0 | 571 | 76,0 | 102,1 |
| 1968 | 31,9 | 665 | 74,4 | 100,0 |
| 1969 | 31,7 | 812 | 60,5 | 81,3 |
| 1970 | 47,6 | 902 | 81,8 | 109,9 |
| 1971 | 52,7 | 1 046 | 78,1 | 105,0 |
| 1972 | 55,2 | 1 252 | 68,3 | 91,8 |
| 1973 | 92,3 | 1 550 | 92,3 | 124,1 |
| Meðaltal 1967—'73 | | | 75,9 | |

Samkvæmt tillögum um breytingar á snjómokstursreglum er reiknað með, að kostnaður vegna vetrarviðhalds hækki sem nemur 47.0 m.kr.

Heildarkostnaður vetrarviðhalds er því áætlaður 194.7 m.kr. 1975.

### 2.2.3. Vegmerkingar.

Fjárveiting til þessa liðar var 5.0 m.kr. í vegáætlun 1972—1975, en aukning vegna verðbreytinga verður 8.3 m.kr. árið 1975. Fjárveiting verður því 13.3 m.kr. árið 1975.

Hluta af þessari fjárveitingu verður eins og undanfarin ár varið til að setja upp ný merki samkvæmt reglugerð nr. 61/1959 um umferðarmerki og til viðhalds eldri merkjum.

Meginhluta þessarar fjárveitingar verður þó varið til þess að endurnýja og endurskipuleggja vegvísa við öll helstu vegamót á landinu, en sú endurskipulagning er nátengd vegnúmerakerfi, sem samþykkt var með vegáætlun 1972—1975.

## 2.3. Til nýrra þjóðvega.

### 2.3.1. Hraðbrautir.

Eins og fram kemur á fskj. 2.0.1.—1 vantar mikið á að unnt verði að ljúka þeim hraðbrautaframkvæmdum, sem gert var ráð fyrir að lokið yrði í vegáætlun 1974 og 1975. Hins vegar mun án efa verulegur hluti af áformaðri fjárveitingu til Norðurvegar og Austurvegar falla í þennan flokk framkvæmda.

Af fjárveitingu til hraðbrauta í ár eru 258 m.kr. bundnar greiðslur vegna þegar gerðra samninga. Er þar annars vegar um að ræða 157 m.kr. greiðslur vegna verksamninga um Suðurlandsveg í Flóa og hins vegar um 101 m.kr. til Hafnarfjarðarvegar um Kópavog vegna samnings við kaupstaðinn frá síðastliðnu ári.

Af þeim hraðbrautaframkvæmdum sem frestað var á s. l. ári og brýnast verður að telja að komið geti til framkvæmda í ár er brúargerð yfir Borgarfjörð og endurbygging Hafnarfjarðarvegar frá Kópavogi um Garðahrepp til Hafnarfjarðar.

2.3.2. **Þjóðbrautir.**

Fjárveitingar á þessum lið árin 1975 og 1976 hrökkva ekki alveg til þess að vinna upp frestanir frá 1974 og áætlaðar framkvæmdir í vegáætlun 1975. Hins vegar mun væntanlega nokkuð af fjárveitingu til Norður- og Austurvegar falla í þennan vegaflokk auk framkvæmda samkvæmt landshlutaáætlunum.

Þá koma á þessari fjárveitingu til endurgreiðslu bráðabirgðalán frá árunum 1973 og 1974, sem engar fjárveitingar voru fyrir í vegáætlun. Nema þau alls um 3.5 m.kr.

2.3.3. **Landsbrautir.**

Fjárveitingar á þessum lið árin 1975 og 1976 hrökkva ekki alveg til þess að ljúka frestun framkvæmda frá 1974 og vegáætlun 1975 sbr. fskj. 2.0.1.—1.

Þá þarf af fjárveitingu 1975 að endurgreiða um 20 m.kr. af bráðabirgðalánum, sem tekin voru á árunum 1973 og 1974, til landsbrauta án þess að fjárveiting væri fyrir þeim í vegáætlun.

2.3.4. **Til girðinga og uppgræðslu meðfram vegum.**

Fjárveiting á þessum lið er á árunum 1975—77 hækkuð lítillega frá því sem var í bráðabirgðavegáætlun fyrir árið 1974 og nemur samtals á þessum þremur árum 120 m.kr.

Í árslok 1974 námu ógreiddar kröfur vegna girðinga samkvæmt girðingalögum alls um 142 m.kr., svo sem nánar greinir í skýrslu um framkvæmd bráðabirgðavegáætlunar 1974.

Þar sem hluti þessarar fjárveitingar fer til uppgræðslu meðfram vegum er ljóst, að ekki verður unnt að mæta þegar áföllnum lögmætum kröfum um girðingar á áætlunartímabilinu.

2.3.5. **Sérstakar áætlanir.**

2.3.5.1. **Skeiðarársandur.**

Fjárveiting er miðuð við að ljúka ýmsum frágangi mannvirkja á Skeiðarársandi, eins og nánar greinir í skýrslu um framkvæmd vegáætlunar 1974.

2.3.5.2. **Norður- og Austurvegur.**

Gert er ráð fyrir 500 m.kr. fjáröflun til þessa vegar í samræmi við fjárlög. Er þar miðað við, að lögfest verði frumvarp um happdrættislán til Norður- og Austurvegar, sem nú liggur fyrir Alþingi. Hvernig lánsfé þessu muni skipt á einstaka framkvæmdaflokka fer að sjálfsögðu eftir ákvörðun Alþingis.

2.3.5.3. **Austurlandsáætlun.**

Upphaflega átti að ljúka Austurlandsáætlun á árinu 1975 og er hún miðuð við tilgreindar framkvæmdir. Hér er gert ráð fyrir, að fjárveiting verði hin sama hvert áranna 1975—77 og var í vegáætlun 1972—75. Þessar fjárveitingar munu þó eigi duga til þess að ljúka áætluninni í upphaflegu formi eins og sjá má af fskj. 2.0.1.—1.

Þau verk í áætluninni, sem hafa gerbreyst frá því sem upphaflega var áætlað, eru jarðgöng um Oddsskarð og vegur um Fjarðarheiði. Þar hafa aðstæður reynst mjög á annan veg en áætlað var. Er t. d. um allt annað og mun umfangsmeira verk að ræða um vegagerð á Fjarðarheiði en gert er ráð fyrir í hinni upphaflegu áætlun. Fjárveitingar 1975 og 1976 munu tæpast duga til þess að ljúka þessum tveimur verkefnum, sem telja verður einna brýnust í Austurlandsáætlun.

**2.3.5.4. Norðurlandsáætlun.**

Hér er gert ráð fyrir sömu fjárveitingu árin 1975—77 og var í vegáætlun 1974. Á árinu 1975 er þetta nokkru lægri upphæð en gert er ráð fyrir í Norðurlandsáætlun fyrir það ár, en fyrir árin 1976—77 hefur engin áætlun verið samin enn.

Búast má við, að nokkur hluti fjárveitingar á lið 2.3.5.2. til Norðurvegar gangi til sömu framkvæmda og gert er ráð fyrir í Norðurlandsáætlun á árinu 1975. Er gert ráð fyrir að þessi atriði verði samræmd í meðferð málsins á Alþingi.

**2.3.5.5. Djúpvegur.**

Hér er gert ráð fyrir sömu fjárveitingu hvert áranna 1975—77 og var í vegáætlun 1972—75. Á árinu 1975 verða til viðbótar þessari fjárveitingu til ráðstöfunar 55 m.kr., sem eru eftirstöðvar af happdrættisláni til Djúpvegar frá s. l. ári eins og nánar er vikið að í skýrslu um framkvæmd vegáætlunar fyrir árið 1974.

**2.3.5.6. Þingvallavegur.**

Hér er einungis tekin upp fjárveiting sú til Þingvallavegar, sem var í bráðabirgðavegáætlun fyrir árið 1974.

## 2.4. Til fjallvega o. fl.

**2.4.1. Til aðalfjallvega.**

Skv. kafla 3.3. eru aðalfjallvegir taldir um 900 km. Fjárveiting til þeirra er á árinu 1974 leiðrétt með tilliti til verðhækkana frá síðustu vegáætlun. Árin 1975—1977 er fjárveiting hækkuð um 1 m.kr. til viðbótar með tilliti til sívaxandi umferðar um aðalfjallvegina og þó sérstaklega Kjalveg og Sprengisandsleið.

**2.4.2. Til annarra fjallvega.**

Auk verðbreytinga frá vegáætlun er fjárveiting hækkuð um 3 m.kr. á árinu 1975, til greiðslu á 2 m.kr. kostnaði við lagningu vegar í Vatnsdal s. l. sumar og 1 m.kr. skuldar til Ferðafélags Íslands vegna byggingar skála í Nýjadal, þá er fjárveiting ennfremur hækkuð um 6.3 m.kr. 1975—1977 til að mæta vaxandi óskum hvaðanæva af landinu um framlag til fjallvega.

**2.4.3. Til reiðvega.**

Auk verðhækkana er fjárveiting hækkuð um 0.3 m.kr. til að mæta vaxandi óskum um framlag til reiðvega.

## 2.5. Til brúagerða.

Tillaga sú um fjárveitingu sem gerð er á þessum lið á árunum 1975 og 1976 hrekkur ekki að fullu til þess að ljúka brúargerðum, sem fresta varð á árinu 1974 og sams konar framkvæmdum í vegáætlun fyrir árið 1975. Hins vegar kann citthvað af fjárveitingu til Norður- og Austurvegar á lið 2.3.5.2. að geta brúað bilið sem á vantar. Er gert ráð fyrir að þetta verði athugað nánar við meðferð málsins á Alþingi.

## 2.6. Til sýsluvegasjóða.

Samkvæmt ákvæðum 21. gr. vegalaga miðast innheimt sýsluvegasjóðsgjöld ár hvert við kaup í almennri verkamannavinnu hjá Vegagerð ríkisins hinn 1. desember næsta ár á undan. Samkvæmt gildandi kjarasamningum er kaupgjald hinn 1. desember ár hvert eins og hér segir:

| | |
|---|---|
| 1. desember 1973 ..... | 157.00 kr/klst |
| 1. desember 1974 ..... | 220.20 kr/klst |
| 1. desember 1975 ..... | 226.20 kr/klst |

Tekjur sýsluvegasjóðs samkvæmt 23. gr. vegalaga hafa verið um 400—500 þús. kr. á ári og gildir það fyrir árið 1974. Samkv. 6. gr. frumvarps til laga um breytingu á vegalögum nr. 80 10. júlí 1973 er gjald af mannvirkjum 6—7 faldað og gjald af löndum og lóðum 5 faldað. Mjög erfitt er að áætla, hve þetta gjald verður mikið, því á undanförnum árum hefur víða naumast verið talið svara kostnaði að innheimta það. Gjald þetta verður því mjög lauslega áætlað 3.0 m.kr. á ári frá og með árinu 1975.

Samkvæmt 5. gr. fyrrnefnds frumvarps er hreppsfélögum heimilt að tvöfalda heimaframlag, og er reiknað með, að helmingur hreppsfélaga nýti þessa breytingartillögu frá og með árinu 1975.

Miðað við þessar forsendur eru heildartekjur sýsluvegasjóðanna á árunum 1974—1977 áætlaðar eins og hér segir:

| | 1974 | 1975 | 1976 | 1977 |
|---|---|---|---|---|
| | | Upph. í m.kr. | | |
| Samkv. 21. og 26. gr. vegalaga ..... | 23,1 | 32,5 | 33,3 | 33,3 |
| Samkv. 23. gr. vegal..... | 0,4 | 3,0 | 3,0 | 3,0 |
| Heimaframl. skv. breytingatill. .... | | 16,2 | 16,6 | 16,6 |
| Ríkisframl. skv. breytingatill. ..... | | 32,5 | 33,2 | 33,2 |
| Ríkisframl. skv. 21., 23. og 26. gr. .... | 38,0 | 52,1 | 71,0 | 72,6 |
| | | —— 84,6 | —— 104,2 | —— 105,8 |
| Heildartekjur í m.kr. ..... | 61,5 | 136,3 | 157,1 | 158,7 |

## 2.7. Til vega í kaupstöðum og kauptúnum.

Ef miðað er við að lögfest verði frumvarp til laga um breytingu á vegalögum, sem nú liggur fyrir Alþingi, verða framlög samkvæmt 32. og 34. gr. eins og að neðan greinir:

| | 1974 | 1975 | 1976 | 1977 |
|---|---|---|---|---|
| Framl. skv. 32. gr. ..... | 183,7 | 285,0 | 296,0 | 310,0 |
| Framl. skv. 34. gr. ..... | 18,4 | 71,2 | 74,0 | 77,5 |
| Til skipta | 165,3 | 213,8 | 222,0 | 232,5 m.kr. |

Íbúar í kaupstöðum og kauptúnum með yfir 300 íbúa voru hinn 1. desember 1973 alls 182 800. Þó að íbúafjöldi þeirra kauptúna, sem framlags skulu njóta skv. 30. gr. vegalaga, verði færð úr 300 niður í 200 íbúa, eins og lagt er til í ofangreindu frumvarpi til breytingar á vegalögum, þá mun það ekki auka heildaríbúafjöldann nema um 1300. Má því gera ráð fyrir, að upphæð á hvern íbúa verði um 1100 kr.

Hinn 1. janúar 1974 tók gildi ný reglugerð um þjóðvegi í kaupstöðum og kauptúnum nr. 410/1973 og er það endurskoðun á reglugerð nr. 44 1965 um sama efni. Heildarlengd þéttbýlisvega skv. hinni nýju reglugerð er um 124 km eins og sýnt er á meðfylgjandi fskj. 2.7—1.

## 2.8. Til véla- og áhaldakaupa.

### 2.8.1. Til véla- og verkfærakaupa.

Í tillögu þessari til vegáætlunar fyrir árin 1974—1977 er gert ráð fyrir fjárveitingum til véla- og verkfærakaupa að upphæð 78.0 m.kr. Gert er ráð fyrir, að því fé ásamt afskriftafé véla, verði eins og að undanförnu fyrst og fremst varið til endurnýjunar á þeim vinnuvélum, sem Vegagerðin þarfnast, en sem ekki fást leigðar á almennum markaði, svo sem vegheflum, vélum til malarvinnslu o. s. frv.

Ef breyting sú á snjómokstursreglum, sem þessi vegáætlun gerir ráð fyrir, nær fram að ganga, verður ekki hægt með ofangreindri fjáröflun að auka vélakost eins og nauðsynlegt er til að mæta auknum snjómokstri.

**2.8.2. Til byggingar áhaldahúsa.**

Á árinu 1975 er gert ráð fyrir 18.0 m.kr. fjárveitingu. Af henni er áætlað að nota 2.0 m.kr. til kaupa á íbúð fyrir umdæmisverkfræðing á Ísafirði, en að öðru leyti verði henni varið til að ljúka byggingu áhaldahúsa á Hvammstanga, Hvolsvelli og í Vík auk skrifstofuhúsnæðis í Borgarnesi.

Af öðrum aðkallandi verkefnum, sem fyrir dyrum standa, má nefna áhaldahús á Sauðárkróki og Húsavík í stað ófullnægjandi húsa þar, stækkun vélaverkstæðis á Reyðarfirði og vélageymslu á Akureyri.

Á árunum 1976 og 1977 er lagt til, að fjárveiting á þessum lið verði hækkuð um 12.0 m.kr. hvort árið með það fyrir augum að byggja hús fyrir Vegamálaskrifstofuna í Reykjavík. Er skrifstofan nú til húsa á þremur stöðum við mikil þrengsli. Er af þessu augljóst óhagræði og verulegur aukakostnaður í daglegum rekstri.

### 2.9. Til tilrauna í vegagerð.

Fjárveitingar á þessum lið eru ½% af tekjum vegasjóðs ár hvert samkvæmt lögum um fjáröflun til vegagerðar.

Er áætlað að tilraunum við ýmsa þætti vegagerðar verði haldið áfram á þessu vegáætlunartímabili með svipuðu sniði og gert hefur verið undanfarin ár.

### 2.10. Halli á vegáætlun.

Þegar bráðabirgðavegáætlun var samþykkt s. l. vor, var ljóst að fyrirsjáanlega yrði halli á nokkrum liðum. Í fyrsta lagi var ekki séð fyrir fjárveitingu til greiðslu snjómoksturskostnaðar seinni hluta ársins 1974, þar sem ætlað var, að Alþingi tæki ákvörðun um framhald vegáætlunar á sumarþingi. Þá var í öðru lagi ekki að fullu gengið frá kjarasamningum opinberra starfsmanna, þannig að óhjákvæmilega varð nokkur halli á „stjórn og undirbúningi."

Þá var í haust gefin út heimild af ráðuneyti til hraðbrautaframkvæmda í grennd við nokkra þéttbýlisstaði, alls að upphæð 38 m.kr., og ákveðið að sú upphæð skyldi tekin inn á halla 1974.

Í aðalatriðum skiptist halli á bundnum greiðslum þannig:

| | | m.kr. |
|---|---|---|
| Stjórn og undirbúningur | | 22.5 |
| Vetrarviðhald | | 90.6 |
| Fjárheimildir 16. okt. vegna lagningar olíumalar | | 38.0 |
| Til vega í kaupst. og kaupt. | | 0.2 |
| Til tilrauna | | 0.1 |
| Samtals halli 1974 | | 151.4 |
| Halli 1973 | | 173.0 |
| Halli 1972 | | 34.0 |
| Halli 1970—71 | | 60.0 |
| Halli samtals í lok árs 1974 | | 418.4 |
| Fjárveiting til greiðslu halla 1974 | 60 | |
| Markaðar tekjur umfram áætlun 1974 | 29.8 | 89.8 |
| Ógr. halli í lok árs 1974 | | 328.6 |

## 3. UM FLOKKUN VEGA.

### 3.1. Þjóðvegir eftir kjördæmum.

Í þessum tillögum eru þjóðvegir flokkaðir eftir 12. grein vegalaga, en nokkrar breytingar hafa verið gerðar á sjálfu vegakerfinu, þ. e. a. s. einstaka vegir hafa styst eða lengst, eftir því sem bæir hafa farið í eyði eða verið byggðir að nýju.

Um leið og þessi flokkun var gerð, voru felldir niður nokkrir ólagðir vegir, sem fyrirsjáanlegt var, að ekki hlytu fjárveitingar í náinni framtíð.

Leitaði vegamálastjóri álits þingmanna allra kjördæma á breytingum þessum, og hlutu þær flestar stuðning þeirra.

Þar sem þjóðvegur endar við bæ, er lengd hans miðuð við vegamót heimreiðar, en hún telst sýsluvegur eða einkavegur.

Í fylgiskjali 2.3.0.-01 eru sýndar í töfluformi vegalengdir hraðbrauta, þjóðbrauta og landsbrauta miðað við kjördæmi og eins og þær verða samkvæmt þessari tillögu. Við upptalningu hinna einstöku vega hefur verið stuðst við veganúmerakerfi, sem samþykkt var í vegáætlun 1972—1975.

### 3.2. Flokkun þjóðvega skv. 3.1. í undirflokka.

#### 3.2.1. Hraðbrautir A og B:

Á undanförnum árum hefur talning umferðar verið framkvæmd á fjölmörgum vegum. Þær upplýsingar, sem með því móti hafa fengist, benda til þess, að nokkrir vegir eigi að koma í hraðbrautaflokk umfram þá, sem taldir voru í vegáætlun fyrir 1972—1975 samkvæmt skilgreiningu í 12. gr. vegalaga. Samkvæmt meðfylgjandi töflu nr. 2.3.1.-01 eru hraðbrautir samkvæmt tillögu þessari 616.8 km, en voru 398.7 km samkvæmt fyrri vegáætlun.

#### 3.2.2. Þjóðbrautir.

Helstu breytingar á þjóðbrautum frá vegáætlun 1972—1975 eru þær, að Norðurlandsvegar liggur nú um Víkurskarð, en ekki Vaðlaheiði, eins og áður var. Norðausturvegur er nú þjóðbraut frá Vopnafjarðarkauptúni um Hofsdal og Vopnafjarðarheiði á Austurlandsveg, en vegur um Hellisheiði og Jökulsárhlíð verður landsbraut. Austurlandsvegur frá Höfn að sýslumörkum á Skeiðarársandi og Suðurlandsvegur frá fyrrnefndum sýslumörkum að Vík í Mýrdal er nú þjóðbraut, en var áður landsbraut.

### 3.3. Aðalfjallvegir.

Aðalfjallvegir eru taldir sömu og í vegáætlun 1972—1975, 900 km.

Fskj. 2.0.1.—1.

**Áætlaður kostnaður við að ljúka nýbyggingum þjóðvega skv. vegáætlun '72—'75. (Upph. í m.kr. á verðl. jan. '75).**

| | Frestun frá '74 og fyrri árum | Vegáætlun 1975 | Nýjar frkv. og breyttar forsendur | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Hraðbrautir ..... | 583 | 957 | 1 068 | 2 608 |
| Þjóðbrautir ..... | 143 | 293 | 53 | 489 |
| Landsbrautir ..... | 148 | 320 | 33 | 501 |
| Austurlandsáætl. ..... | 85 | 185 | 261 | 531 |
| Norðurlandsáætl. ..... | 204 | 429 | | 633 |
| Djúpvegur ..... | 30 | 62 | | 92 |
| Brúagerðir ..... | 101 | 312 | 32 | 455 |
| Samtals | 1 294 | 2 558 | 1 447 | 5 299 |

Fskj. 2.3.0.—01.

**Þjóðvegir 1. jan. 1974.**

| | Þjóðvegir í þéttbýli km | Hraðbr. km | Þjóðbr. km | Landsbr. km | Þjóðvegir km |
|---|---|---|---|---|---|
| Suðurlandskjörd. ..... | 11,7 | 159,7 | 305,3 | 1 117,5 | 1 594,2 |
| Reykjaneskjörd. ..... | 53,9 | 161,2 | 9,8 | 199,6 | 424,5 |
| Vesturlandskjörd. ..... | 7,8 | 101,1 | 440,3 | 847,6 | 1 396,8 |
| Vestfjarðakjörd. ..... | 13,9 | 8,2 | 404,1 | 887,8 | 1 314,0 |
| Norðurlandskjörd. vestra ..... | 9,0 | 129,4 | 220,8 | 775,7 | 1 134,9 |
| Norðurlandskjörd. eystra ..... | 9,5 | 49,4 | 532,7 | 673,5 | 1 265,1 |
| Austurlandskjörd. ..... | 18,3 | 7,8 | 694,0 | 756,8 | 1 476,9 |
| Samtals | 124,1 | 616,8 | 2 607,0 | 5 258,5 | 8 606,4 |

Fskj. 2.3.1.—01.

**Hraðbrautir 1. jan. 1972 og 1974.**

| | 1. jan. 1972 | 1. jan. 1974 | |
|---|---|---|---|
| | Alls km | Ekki akfært km | Alls km |
| Suðurlandskjördæmi ..... | 83,4 | 14,0 | 159,7 |
| Reykjaneskjördæmi ..... | 168,4 | 8,2 | 161,2 |
| Vesturlandskjördæmi ..... | 113,1 | 7,3 | 101,1 |
| Vestfjarðakjördæmi ..... | 5,1 | | 8,2 |
| Norðurlandskjördæmi vestra ..... | | | 129,4 |
| Norðurlandskjördæmi eystra ..... | 26,4 | | 49,4 |
| Austurlandskjördæmi ..... | 2,3 | | 7,8 |
| Samtals | 398,7 | 29,5 | 616,8 |

Fskj. 2.3.2.—01.

## Þjóðbrautir 1. jan. 1972 og 1974.

| | 1. jan. 1972 | | | 1. jan. 1974 | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Ekki akf. km | Akfært km | Alls km | Ekki akf. km | Akfært km | Alls km |
| Suðurlandskjördæmi | 12,0 | 215,3 | 227,3 | | 305,3 | 305,3 |
| Reykjaneskjördæmi | | 23,9 | 23,9 | | 9,8 | 9,8 |
| Vesturlandskjördæmi | | 382,2 | 382,2 | | 440,3 | 440,3 |
| Vestfjarðakjördæmi | | 479,5 | 479,5 | 10,0 | 394,1 | 404,1 |
| Norðurlandskjördæmi vestra | | 351,0 | 351,0 | | 220,8 | 220,8 |
| Norðurlandskjördæmi eystra | | 540,0 | 540,0 | 13,0 | 519,7 | 532,7 |
| Austurlandskjördæmi | | 661,9 | 661,9 | | 694,0 | 694,0 |
| Samtals | 12,0 | 2 653,8 | 2 665,8 | 23,0 | 2 584,0 | 2 607,0 |

Fskj. 2.3.3.—01.

## Landsbrautir 1. jan. 1972 og 1974.

| | 1. jan. 1972 | | | 1. jan. 1974 | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Ekki akf. km | Akfært km | Alls km | Ekki akf. km | Akfært km | Alls km |
| Suðurlandskjördæmi | 54,4 | 1 159,3 | 1 213,7 | 27,5 | 1 090,0 | 1 117,5 |
| Reykjaneskjördæmi | 7,3 | 176,2 | 183,5 | | 199,6 | 199,6 |
| Vesturlandskjördæmi | 48,9 | 865,3 | 914,2 | 38,3 | 809,3 | 847,6 |
| Vestfjarðakjördæmi | 62,4 | 731,6 | 794,0 | 23,3 | 864,5 | 887,8 |
| Norðurlandskjördæmi vestra | 65,1 | 696,9 | 762,0 | 35,9 | 739,8 | 775,7 |
| Norðurlandskjördæmi eystra | 8,5 | 670,5 | 679,0 | 8,8 | 664,7 | 673,5 |
| Austurlandskjördæmi | 40,5 | 761,7 | 802,2 | 16,5 | 740,3 | 756,8 |
| Samtals | 287,1 | 5 061,5 | 5 348,6 | 150,3 | 5 108,2 | 5 258,5 |

Fskj. 2.5.—01.

## Óbrúaðar ár á þjóðvegum.

| | 1. jan. 1972 | | 1. apríl 1974 | |
|---|---|---|---|---|
| | Brýr 4—10 m | Brýr lengri en 10 m | Brýr 4—10 m | Brýr lengri en 10 m |
| Suðurlandskjördæmi | 7 | 9 | 6 | 4 |
| Reykjaneskjördæmi | 1 | 1 | 0 | 1 |
| Vesturlandskjördæmi | 1 | 1 | 1 | 2 |
| Vestfjarðakjördæmi | 3 | 5 | 2 | 3 |
| Norðurlandskjördæmi vestra | 2 | 4 | 3 | 5 |
| Norðurlandskjördæmi eystra | 2 | 1 | 3 | 1 |
| Austurlandskjördæmi | 15 | 8 | 13 | 3 |
| Alls | 31 | 29 | 28 | 19 |

Á aðalfjallvegum eru 16 óbrúaðar ár, og eru þá aðeins talin stærri vatnsföll.

Fskj. 2.5.—02.

## Óbrúaðar ár á sýsluvegum.

| | 1. jan. 1972 | | 1. apríl 1974 | |
|---|---|---|---|---|
| | Brýr 4—10 m | Brýr lengri en 10 m | Brýr 4—10 m | Brýr lengri en 10 m |
| Suðurlandskjördæmi | 1 | 1 | 0 | 1 |
| Reykjaneskjördæmi | 1 | 4 | 1 | 2 |
| Vesturlandskjördæmi | 5 | 4 | 2 | 5 |
| Vestfjarðakjördæmi | 12 | 2 | 12 | 2 |
| Norðurlandskjördæmi vestra | 2 | 5 | 2 | 4 |
| Norðurlandskjördæmi eystra | 2 | 1 | 1 | 2 |
| Austurlandskjördæmi | 20 | 11 | 19 | 11 |
| Alls | 43 | 28 | 37 | 27 |

Fskj. 2.5.—03.

## Aldur brúa, 10 m og lengri.

| Byggingarár | Timburbrýr | Stálbrýr | Steyptar brýr | Brýr alls | Reiknað álag |
|---|---|---|---|---|---|
| 1900—1909 | | 1 | | 1 | Mannþröng: 400 kg/m² |
| 1910—1919 | | 0 | 24 | 24 | Mannþröng: 400 kg/m² |
| 1920—1929 | | 6 | 51 | 57 | Mannþröng: 400 kg/m² eða vagn 6 tonn |
| 1930—1939 | | 17 | 88 | 105 | Mannþröng: 400 kg/m² eða vagn 6 tonn |
| 1940—1949 | | 36 | 82 | 118 | Mannþröng: 400 kg/m² eða vagn 6—20 tonn |
| 1950—1959 | 4 | 76 | 166 | 246 | Vagn 20—34 tonn |
| 1960—1969 | | 79 | 97 | 176 | Vagn 20—34 tonn |
| 1970—1973 | | 26 | 48 | 74 | Vagn 20—34 tonn |
| Alls | 4 | 241 | 556 | 801 | |

Fskj. 2.6.—01.

## Sýsluvegir 1. jan. 1974.

| | Samkv. a—c lið 19. gr. | | | | Skv. d—e lið 19. gr. | Sýsluvegir alls | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Óakf. km | Rutt km | Lagt km | Alls km | km | km | |
| Vestur-Skaftafellssýsla | | 38,0 | 62,7 | 100,7 | 2,8 | 103,5 | |
| Rangárvallasýsla | | 27,6 | 157,0 | 184,6 | 63,3 | 247,9 | |
| Árnessýsla | | 24,6 | 173,3 | 197,9 | 22,0 | 219,9 | |
| | | | | | | | 571,3 |
| Gullbringusýsla | | | 14,0 | 14,0 | 4,7 | 18,7 | |
| Kjósarsýsla | | 11,1 | 38,7 | 49,8 | 11,1 | 60,9 | |
| | | | | | | | 79,6 |
| Borgarfjarðarsýsla | | 5,5 | 51,5 | 57,0 | 5,6 | 62,6 | |
| Mýrasýsla | 2,0 | 18,3 | 105,2 | 125,5 | 18,9 | 144,4 | |
| Snæf. og Hnappadalssýsla | 1,6 | 20,7 | 88,8 | 111,1 | 40,8 | 151,9 | |
| Dalasýsla | 3,0 | 24,5 | 35,7 | 63,2 | 11,4 | 74,6 | |
| | | | | | | | 433,5 |
| Austur-Barðastrandarsýsla | | 28,7 | 16,1 | 44,8 | 45,6 | 90,4 | |
| Vestur-Barðastrandarsýsla | | 14,6 | 34,8 | 49,4 | 27,6 | 77,0 | |
| Vestur-Ísafjarðarsýsla | | 47,7 | 13,5 | 61,2 | 47,4 | 108,6 | |
| Norður-Ísafjarðarsýsla | | 7,2 | 32,9 | 40,1 | 26,5 | 66,6 | |
| Strandasýsla | | 20,0 | 40,9 | 60,9 | 78,2 | 139,1 | |
| | | | | | | | 481,7 |
| Vestur-Húnavatnssýsla | 0,6 | 18,8 | 104,7 | 124,1 | 33,4 | 157,5 | |
| Austur-Húnavatnssýsla | 1,5 | 26,1 | 71,1 | 98,7 | 19,7 | 118,4 | |
| Skagafjarðarsýsla | 9,1 | 45,1 | 107,3 | 161,5 | 1,7 | 163,2 | |
| | | | | | | | 439,1 |
| Eyjafjarðarsýsla | 0,3 | 10,1 | 79,2 | 89,6 | 2,1 | 91,7 | |
| Suður-Þingeyjarsýsla | | 68,0 | 78,1 | 146,1 | 7,0 | 153,1 | |
| Norður-Þingeyjarsýsla | 6,0 | 90,0 | 86,1 | 182,1 | 0,2 | 182,3 | |
| | | | | | | | 427,1 |
| Norður-Múlasýsla | 5,2 | 124,2 | 108,1 | 237,5 | 25,3 | 262,8 | |
| Suður-Múlasýsla | 0,4 | 52,8 | 71,1 | 124,3 | 25,3 | 149,6 | |
| Austur-Skaftafellssýsla | | 21,3 | 37,9 | 59,2 | 22,7 | 81,9 | |
| | | | | | | | 494,3 |

Fskj. 2.7.—1.

## Lengd þjóðvega í þéttbýli 1. janúar 1975.

| Kjördæmi | Í notkun, lengd m | | | Ófullgert, lengd m | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | 2a | 2b | 2a | Óbyggt | Samtals |
| Suðurlandskjördæmi | 5 130 | 1 470 | 5 045 | | 320 | 11 965 |
| Reykjaneskjördæmi, Rvík | 32 705 | 2 865 | 4 540 | | 12 400 | 52 510 |
| Vesturlandskjördæmi | 4 050 | 390 | 3 640 | | | 8 080 |
| Vestfjarðakjördæmi | 2 915 | 1 195 | 8 235 | | 1 580 | 13 925 |
| Norðurl.kjörd. vestra | 3 520 | 1 820 | 3 355 | | | 8 695 |
| Norðurl.kjörd. eystra | 2 775 | 1 185 | 3 195 | 435 | 2 090 | 9 680 |
| Austurlandskjördæmi | 11 725 | 1 540 | 6 045 | | | 19 310 |
| Samtals | 61 895 | 10 465 | 33 710 | 435 | 16 390 | 124 165 |

**Skýringar:**

1 Bundið slitlag.

2a Undirbygging fullgerð.

2b Undirbygging ófullkomin.

LÍNURIT 1


Fólksbifreiðar pr. 1.000 íbúa.
500
450
400
350
300
250
200
150
100
50
0
1930
1940
1950
1960
1970
1980
1990
2000
Reiknaður fjöldi fólksbifreiða pr. 1.000 íbúa.
Fólksbifreiðar pr. 1.000 íbúa.

## Sþ. 411. Fyrirspurn [217. mál]

til landbúnaðarráðherra um útflutningsbætur á landbúnaðarafurðir.

Frá Geir Gunnarssyni.

Óskað er skriflegs svars við eftirgreindum fyrirspurnum:

1. Hversu mikill hluti kindakjötsframleiðslu (kg og hundraðshluti) á s. l. ári er talinn vera frá framleiðendum, sem búa ekki á lögbýlum?
2. Hversu miklar voru útflutningsbætur á kjötmagn, sem þessari framleiðslu nemur?
3. Hversu mikil áburðarnotkun er talin nauðsynleg til framleiðslu þessa magns af kjöti?
4. Hve mikið var greitt í útflutningsbætur á s. l. ári fyrir einstakar afurðir, á einingu og í heild?
5. Hvernig eru hliðstæðar áætlanir fyrir árið 1975?

## Sþ. 412. Tillaga til þingsályktunar [218. mál]

um iðnþróunaráætlun fyrir Íslendinga.

Flm.: Kristján Friðriksson, Þórarinn Sigurjónsson.

Alþingi ályktar að skora á iðnaðarráðherra að hraða störfum að gerð heildariðnþróunaráætlunar fyrir Íslendinga. Að þessu máli verði unnið m. a. þannig:

a. Sá mannafli, sem nú vinnur að þessum störfum, verði efldur og verkefni afmörkuð eftir því sem fært þykir.
b. Sérstök áhersla verði lögð á að leita að hentugum verkefnum á sviði iðnaðar fyrir þorp og bæi úti á landsbyggðinni.
c. Hið fyrsta verði birt handhægt rit, er veiti upplýsingar um stöðu þessa máls nú, hvernig að því hefur verið unnið, og birtist þar einnig upplýsingar um á hvern hátt ráðherra og ráðuneyti hyggjast vinna að þessari starfsemi, þ. e. áætlunargerðinni, í nánustu framtíð.

Þar verði einnig birtar upplýsingar um þær tillögur, sem þegar eru fram komnar og fé hefur þegar verið varið til.

### Greinargerð.

Eins og alþingismönnum er án efa ljóst, hlýtur vaxtarbroddur íslensks efnahagslífs í framtíðinni að verða á sviði iðnaðar. Ber því mikla nauðsyn til, að unnið verði markvisst og skipulega að gerð heildaráætlunar um iðnaðarþróunina hér á landi með langtímasjónarmið í huga.

Um þessa skoðun getur tæpast verið ágreiningur, svo hún verður ekki rökstudd hér.

En tillaga þessi er flutt í því skyni að beina hugum ráðamanna að þessum málaflokki og koma á stað umræðum um hann.

Á undanförnum árum hefur talsverð viðleitni verið höfð í frammi til athugunar á þessum málum og fjár verið aflað bæði frá iðnþróunarstofnun Sameinuðu þjóðanna og frá fleiri aðilum — til að vinna að þessum málum. Einnig hefur Alþingi ákvarðað veruleg fjárframlög í þessu skyni.

Stofnanir og nefndir hafa talsvert unnið að þessu verkefni undanfarin ár, bæði í ráðherratíð Jóhanns Hafsteins og Magnúsar Kjartanssonar, hæstvirtra fyrrverandi iðnaðarráðherra. Hinn síðarnefndi var svo bjartsýnn og djarfmæltur að tala um iðnbyltingu í þessu sambandi.

Ekki vil ég vanþakka framlög þessara tveggja manna að þessum málum. Sá er þó hængur á — að almenningi og jafnvel alþingismönnum mun tæplega ljóst hvað skeð hefur á þessu sviði — eða hvernig að þeim er unnið nú og hefur verið unnið.

Sameinuðu þjóðirnar veittu á sínum tíma um 37 milljónir króna til athugana á þessum málum.

Sérfræðingur, að nafni Olle Rimer, vann hér um skeið að þessum verkefnum ásamt fleiri mönnum innlendum og erlendum. Rimer skilaði álitsgerð á ensku í þrem þykkum bindum.

Hans Berggren og A. H. R. Delens, sem unnu á vegum International Trade Center, störfuðu einnig hér á landi og skiluðu skýrslu, allstóru verki, um 200 blaðsíður, á ensku. Í þeirra starfi var útflutningur einkum hafður í huga.

Hvorugt þessara verka hefur verið þýtt á íslensku né heldur neinn viðhlítandi útdráttur úr þeim. Og ekki vitum við til að almenningi né ráðamönnum, t. d. alþingismönnum, hafi verið gefinn kostur á að kynna sér tillögur þessar.

C-liður þingsályktunartillögu þeirrar, sem hér um ræðir, beinist að því, að ráðamönnum og almenningi verði gefinn betri kostur á því en hingað til að fylgjast með þessari starfsemi — þannig að aukin og bætt skoðanaskipti og skoðanamyndun fengju eðlileg og nauðsynleg þróunarskilyrði.

Í b-lið tillögunnar er vikið að því, að nauðsyn beri til að leita að hentugum verkefnum á sviði iðnaðar fyrir dreifbýlið.

Með því að leggja sérstaka áherslu á þennan þátt heildarverkefnisins vakir m. a. fyrir að beina athygli að þeim mikilvægu tengslum, sem að mati flutningsmanna eru milli skynsamlegrar hagnýtingar fiskimiðanna og uppbyggingar iðnaðar í dreifbýlinu. Nokkuð svipað gildir einnig um hóflega og haganlega nýtingu landsgæða á sviði landbúnaðar.

Að öðru leyti verður gerð nánari grein fyrir tilganginum með flutningi tillögu þessarar í framsögu fyrir tillögunni.

## Sþ. 413. Tillaga til þingsályktunar [219. mál]

um framkvæmd ákveðinna greina laga um grunnskóla frá 21. maí 1974.

Flm.: Kristján Friðriksson.

Alþingi ályktar að skora á menntamálaráðherra og menntamálaráðuneyti — eftir því sem við á, að hlutast til um, að á næstu árum verði gerðar víðtækar tilraunir til að framkvæma vissar greinar grunnskólalaganna í samræmi við hugmyndir, sem fram hafa komið um það fræðslu- og uppeldisfyrirkomulag, sem nefnt hefur verið **tvenndarskóli, sbr. greinargerð.**

Þau ákvæði grunnskólalaga, sem framkvæmd verði samkvæmt þingsályktun þessari, eru í þeim greinum laganna, er hér skal vitnað til:

2. grein.
Þriðju málsgrein.

41. grein.
Sjöundu málsgrein.

42. grein.
Fyrstu málsgrein, svo og h)-lið annarrar málsgreinar og j)-lið sömu málsgreinar. Enn fremur þriðju málsgrein 42. gr.

65. grein.
Er hér um að ræða þá grein laganna, sem þingsályktunin aðallega styðst við.

## Greinargerð.

Eins og alþingismönnum mun í fersku minni urðu mikil átök um setningu grunnskólalaganna. Byggðist sá ágreiningur, að mati flutningsmanns, að verulegu leyti á mismunandi stefnum í skóla- og uppeldismálum. Í meðferð Alþingis tók grunnskólafrumvarpið þýðingarmiklum breytingum frá fyrri gerðum þess. Virðist augljóst, að ýmsar veigamestu breytingarnar hafi beinlínis verið gerðar í þeim tilgangi að opna leiðir til framkvæmda nýrrar stefnumörkunar í skólamálum og uppeldismálum.

Komið hafa fram hugmyndir um ákveðna tilhögun í skólamálum, sem flutningsmaður þessarar tillögu hefur gert grein fyrir í ræðu og riti — ásamt mörgum öðrum áhugamönnum um skóla- og uppeldismál.

Tillaga sú, sem hér er sett fram, gerir ráð fyrir, að menntamálaráðherra og menntamálaráðuneyti beiti sér fyrir því, að tekið verði upp það fyrirkomulag, sem nefnt er hér „tvenndarskóli“, í fleiri eða færri skólahéruðum. Verði síðan árangur þessara tilrauna athugaður sem gaumgæfilegast, bæði af skólarannsóknum og öðrum hlutlausum aðilum.

Meginatriði tvenndarskólafyrirkomulagsins eru þau, er nú skal greina:

1. Reglubundið skólastarf innan kennslustofnana stendur yfir aðeins hálft árið, 5½ til 6 mánuði eftir aðstöðu í skólahverfum. Þá er aðeins helmingur nemenda skólakerfisins innan veggja skólanna. Sennilega yrði hentugast, að annar helmingur nemenda hæfi þá nám um mitt sumar eða síðsumars, en lyki skólasetu það árið um miðjan vetur. Þá kæmi inn í skólann sá helmingur nemendahópsins, sem utan skólaveggja hefði verið o. s. frv.
2. Sá hópur nemenda, sem utan skólans væri hverja árshelft, tæki þátt í daglegum störfum með fullorðnu fólki, en nyti þó á þeim tíma leiðbeininga **umsjónarkennara**, sem færi milli vinnu- og dvalarstaða nemendanna og fylgdist með aðstöðu þeirra til vinnunáms. Hann hefði eftirlit með því, að þeim yrði ekki ofþyngt með of miklu vinnuálagi, leiðbeindi um þroskavænlega nýtingu tómstunda o. s. frv. Hann leitaðist líka við að stuðla að því að nemendur fengju sem mest hver sinn leiðbeinanda á vinnustöðum, þannig að þátttaka þeirra í störfum yrði þeim til sem víðtækastra þroskunaráhrifa.
3. Sérstök námsskrá yrði gerð fyrir þessa nemendur — svonefnd kjarnanámsskrá — en náminu í bekkjadeildum að öðru leyti hagað í samræmi við þær hugmyndir, sem liggja að baki tvenndarskólahugmyndanna — en sem yrði of langt mál að rekja hér.

Tilgangur þessara breytinga væri m. a. þessi:

1. Að tengja uppeldið nánar hinu eðlilega og lífræna þjóðlífi heldur en unnt er með hinum hefðbundnu langskólasetum.
2. Draga úr þeirri firringu (tengslaleysi), sem nútíma skólastefnu er samfara.
3. Gefa nemandanum kost á að læra að vinna á því mótunarskeiði unglingsáranna, sem hann er móttækilegastur fyrir vinnunám.
4. Bæta aðstöðu nemandans til að velja sér lífsstarf.
5. Draga úr námsleiða, með öllum þeim afleiðingum fyrir skólastarfið í heild, sem námsleiðinn hefur í för með sér.

6. Veita nemandanum gegnum vinnunámið þá „fyrirframþekkingu“, sem bætir aðstöðu hans til bóknáms (gerir hann viðtalshæfan).
7. Draga úr þeirri hættu, sem nú vofir yfir skólakerfinu, að farið verði að reyna að „fara með atvinnulífið inn í skólana“ með geigvænlegum kostnaði — ásamt hættu á „gerviverknámskennslu“.
8. Nýta að nokkru vinnuframlag unglinga í þjóðfélagsþágu — án þess að neyðst sé til að grípa til gerviatvinnu fyrir nemendur, eins og þegar eru orðin nokkur brögð að (Sumarvinnuskólar Reykjavíkurborgar).

   Hagnýting vinnuframlagsins er þó algjört aukaatriði í þessu sambandi, heldur er hér fyrst og fremst um að ræða uppeldisgildi vinnu nemenda með mismunandi aldursflokkum.
9. Að vinna bug á kynslóðabilinu — eða draga úr því.
10. Spörun á milljónatugum eða hundruðum milljóna í skólabyggingum.
11. Bætt skilyrði til skólastarfs, vegna húsrýmisrýmkunar.
12. Bæta aðstöðu til hagkvæmrar nýtingar mismunandi kennslukrafta.

Eins og um getur í texta tillögugreinarinnar, er hér einkum stuðst við þá starfsframkvæmd, sem 65. grein grunnskólalaganna gerir ráð fyrir að megi viðhafa.

## Nd. 414. Frumvarp til laga [220. mál]

um breyting á lögum nr. 57 27. apríl 1973, um atvinnuleysistryggingar (fæðingarorlof).

Flm.: Ragnhildur Helgadóttir, Jón Skaftason, Guðmundur H. Garðarsson, Sigurlaug Bjarnadóttir, Pétur Sigurðsson, Ingvar Gíslason, Lárus Jónsson.

**1. gr.**

Aftan við 5. mgr. d-liðar 15. gr. laganna komi nýr málsl., svo hljóðandi: Þó skulu þær konur, sem forfallast frá vinnu vegna barnsburðar, njóta atvinnuleysisbóta í 90 daga samtals.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Greinargerð.

Allir viðurkenna nú á dögum, að þriggja mánaða fæðingarorlof hið minnsta sé nauðsynlegt til að tryggja heilsu nýfædds barns og móður þess. Verða þetta að teljast sjálfsögð réttindi þeirra í velferðarþjóðfélagi.

Þeim konum, sem starfa hjá hinu opinbera, hafa með lagaheimild verið tryggð þessi réttindi í tvo áratugi, sbr. lög nr. 38/1954 og reglugerð nr. 87/1954. Þær konur, sem annars staðar eru launþegar, hafa því miður ekki enn fengið þessi réttindi tryggð.

Um það er engin spurning, að úr þessu misrétti verður að bæta. Um hitt hafa menn spurt, hver eigi að kosta fæðingarorlof þessara kvenna, þegar t. d. margur smáatvinnurekandinn hefur ekki bolmagn til þess.

Það er skoðun flutningsmanna þessa frumvarps, að atvinnuleysistryggingasjóður gæti með eðlilegum hætti haft þetta verkefni með höndum. Leggjum við með frumvarpi þessu til að það verði bundið í lögum.

Í lögum um atvinnuleysistryggingar segir í 18. gr., að atvinnuleysisbætur miðist við dagvinnulaun skv. 2. taxta Dagsbrúnar og skuli vera 70—80% af áður greiddum

launum. Það, sem á kann að vanta, að konan haldi fullum áður greiddum launum í fæðingarorlofi, þyrfti að nást með öðrum hætti. Mætti hugsa sér, að lífeyrissjóðir stéttarfélaganna stæðu undir þeim greiðslum.

Það er von flutningsmanna, að þetta frumvarp um fæðingarorlof verði lögfest á þessu þingi, því að ekki er vansalaust, að lengur dragist að leiðrétta þetta ranglæti.

## Nd. 415. Frumvarp til laga [221. mál]

um Þjóðleikhús.

(Lagt fyrir Alþingi á 96. löggjafarþingi, 1974—75.)

1. gr.

Þjóðleikhúsið er eign íslensku þjóðarinnar.

2. gr.

Í Þjóðleikhúsinu skal iðka leiklist og þær listgreinar aðrar, sem leiksviði eru tengdar.

Þjóðleikhúsið skal í starfsemi sinni leitast við að vekja og auka áhuga landsmanna á þessum listgreinum, vinna að síbatnandi skilyrðum fyrir þær og stuðla að þróun þeirra. Það skal kosta kapps um að efla íslenska leikritun og vera til fyrirmyndar um listrænan flutning viðfangsefna og meðferð íslenskrar tungu.

3. gr.

Aðalhlutverk Þjóðleikhússins skal vera flutningur íslenskra og erlendra sjónleika. Auk þess skal það árlega flytja óperu og sýna listdans.

Á hverju leikári skulu eitt eða fleiri viðfangsefni sérstaklega ætluð börnum.

4. gr.

Þjóðleikhúsið heyrir undir menntamálaráðuneytið.

5. gr.

Þjóðleikhúsráð skal þannig skipað:

Í upphafi fyrsta þings eftir hverjar alþingiskosningar kýs Sameinað Alþingi níu fulltrúa í ráðið.

Bandalag íslenskra listamanna kýs þrjá fulltrúa (einn tónlistarmann, einn listdansara, einn rithöfund),

Félag íslenskra leikara kýs þrjá fulltrúa,

Leikarafélag Þjóðleikhússins kýs einn fulltrúa og

menntamálaráðherra skipar einn fulltrúa.

Þjóðleikhúsráð kýs sér sjálft formann.

6. gr.

Starfstímabil þjóðleikhúsráðs er allt að fjögur ár og miðast við kosningu Alþingis í ráðið. Þjóðleikhúsráð heldur þó jafnan umboði sínu, uns nýtt þjóðleikhúsráð er fullskipað. Ef eitthvert félag eða bandalag, sem aðild á að ráðinu, kýs eigi fulltrúa í það innan tveggja mánaða frá því, að menntamálaráðuneytið æskir þess, skipar ráðuneytið fulltrúa, á meðan svo stendur.

Þjóðleikhúsráð kemur saman til reglulegs fundar tvisvar sinnum á ári.

Þjóðleikhússtjóri og fjármálafulltrúi leikhússins eiga sæti á fundum þjóðleikhúsráðs með málfrelsi og tillögurétti, en eigi atkvæðisrétti.

Formaður þjóðleikhúsráðs kveður ráðið til fundar. Skylt er að boða til fundar, ef fimm ráðsmenn hið fæsta æskja þess.

7. gr.

Þjóðleikhúsráð hefur eftirlit með starfsemi Þjóðleikhússins. Starfs- og fjárhagsáætlun leikhússins fyrir komandi leikár skal lögð fyrir ráðið eigi síðar en í marsmánuði ár hvert. Staðfestir ráðið áætlunina með þeim breytingum, sem það telur rétt að gera. Ef sýnt þykir, að samþykkt áætlun fái ekki staðist, skal þegar í stað gera þjóðleikhúsráði aðvart og leggja fyrir það tillögur um nauðsynlegar breytingar. Er ráðinu skylt að fjalla um tillögurnar, svo fljótt sem við verður komið.

8. gr.

Við Þjóðleikhúsið skal starfa fimm manna framkvæmdaráð. Í því eiga sæti:

Formaður þjóðleikhúsráðs, sem er jafnframt formaður framkvæmdaráðs.

Þjóðleikhússtjóri.

Fjármálafulltrúi Þjóðleikhússins.

Sá af fulltrúum Félags íslenskra leikara í þjóðleikhúsráði, sem félagið ákveður.

Fulltrúi Leikarafélags Þjóðleikhússins í þjóðleikhúsráði.

9. gr.

Framkvæmdaráð fjallar um starfs- og fjárhagsáætlun leikhússins og samþykkir hana með þeim breytingum, er það kann að gera, áður en hún er lögð fyrir þjóðleikhúsráð. Starfs- og fjárhagsáætlun samkvæmt 7. gr. skal lögð til grundvallar við fjárveitingar til leikhússins. Framkvæmdaráðið sér um, að staðfestri áætlun sé framfylgt, og fjallar auk þess um þau mál, er leikhúsið varða og upp eru borin á fundum þess.

Ef þjóðleikhússtjóri vill ekki sætta sig við ákvörðun meiri hluta framkvæmdaráðs, getur hann skotið málinu til þjóðleikhúsráðs.

Framkvæmdaráð er ábyrgt gagnvart þjóðleikhúsráði.

Framkvæmdaráð kemur að jafnaði saman til fundar tvisvar í mánuði, að undanteknum júlí- og ágústmánuðum.

Þjóðleikhúsráð og framkvæmdaráð skulu halda gjörðabækur um störf sín.

Menntamálaráðherra ákveður þóknun fyrir störf í framkvæmdaráði, en þjóðleikhúsráð er ólaunað.

10. gr.

Menntamálaráðherra ræður þjóðleikhússtjóra til fjögurra ára í senn, sbr. þó 16. gr. Ráðinn skal maður með staðgóða þekkingu á starfi leikhúsa. Starfið skal auglýsa samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og leita síðan umsagnar þjóðleikhúsráðs. Endurnýja má ráðningu þjóðleikhússtjóra einu sinni til næstu fjögurra ára, ef meiri hluti þjóðleikhúsráðs mælir með því. Ella skal ráða annan þjóðleikhússtjóra, eftir að starfið hefur verið auglýst að nýju og að fenginni umsögn þjóðleikhúsráðs.

Laun þjóðleikhússtjóra og annarra starfsmanna Þjóðleikhússins skulu ákveðin samkvæmt lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

11. gr.

Við Þjóðleikhúsið skal starfa fjármálafulltrúi, er menntamálaráðuneytið skipar, eftir að starfið hefur verið auglýst og að fenginni umsögn þjóðleikhúsráðs og þjóðleikhússtjóra.

Fjármálafulltrúi annast fjárreiður Þjóðleikhússins, reikningsskil og skrifstofustjórn. Hann er ráðunautur þjóðleikhússtjóra um fjármál og rekstur leikhússins.

12. gr.

Þjóðleikhússtjóri ræður leikara, söngvara, listdansara og aðra listamenn leikhússins svo og aðra starfsmenn þess. Hann gerir við þá starfssamninga í samráði við fjármálafulltrúa leikhússins.

13. gr.

Við Þjóðleikhúsið skulu starfa bókmennta- og leiklistarráðunautur (dramaturg), tónlistarráðunautur og listdansstjóri (balletmeistari). Ræður þjóðleikhússtjóri þá til jafnlangs tíma og hann er sjálfur ráðinn.

14. gr.

Þjóðleikhússtjóri er stjórnandi leikhússins og hefur forystu um að móta listræna stefnu þess. Þjóðleikhússtjóri semur starfs- og fjárhagsáætlun leikhússins með aðstoð fjármálafulltrúa og bókmennta- og leiklistarráðunautar og leggur hana fyrir framkvæmdaráð.

Þjóðleikhússtjóri stjórnar leikhúsinu samkvæmt samþykktri starfs- og fjárhagsáætlun og ber ábyrgð á rekstri þess, bæði listrænum og fjárhagslegum. Um fjárhagslega framkvæmd er fjármálafulltrúi til aðstoðar honum, en bókmennta- og leiklistarráðunautur, að því er tekur til listrænnar starfsemi. Einnig skal hafa samráð við tónlistarráðunaut um val og flutning á óperum og söngleikjum, svo og við listdansstjóra, að því er listdans varðar.

Við samningu verkefnaskrár skal þess vandlega gætt, að nýting starfskrafta sé hagkvæm og að fullt tillit sé tekið til listrænnar velferðar og þroska listamannanna.

15. gr.

Miða skal við, að svo margir leikarar, söngvarar og listdansarar starfi við Þjóðleikhúsið, að það geti að staðaldri leyst af hendi þau verkefni, sem því ber að rækja samkvæmt lögum þessum. Við Þjóðleikhúsið skal starfa blandaður kór.

16. gr.

Leikár Þjóðleikhússins telst frá 1. september til 31. ágúst. Ráðningartími leikara, söngvara, listdansara og annarra listamanna leikhússins skal fara eftir gildandi samningum við stéttarfélög hlutaðeigandi listamanna.

Þjóðleikhússtjóri skal ráðinn og launaður frá 1. janúar og eiga þess kost að fylgjast með starfsemi leikhússins til loka þess leikárs. Hann undirbýr starfs- og fjárhagsáætlun fyrir næsta leikár og fer með atkvæði þjóðleikhússtjóra í framkvæmdaráði, þegar þar er um hana fjallað, en tekur að fullu við störfum í upphafi nýs leikárs.

17. gr.

Þeir starfsmenn Þjóðleikhússins, sem ráðnir eru til eins árs hið skemmsta eða með þriggja mánaða uppsagnarfresti, greiða iðgjöld til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og njóta þar sömu réttinda sem aðrir sjóðfélagar. Fastráðnir starfsmenn Þjóðleikhússins, sem hafa áður unnið hliðstæð störf í þágu íslenskrar leiklistar, skulu einnig eiga kost á að njóta eftirlaunaréttar fyrir þann starfstíma. Ráðherra ákveður réttindatíma hvers og eins, eftir að leitað hefur verið upplýsinga og tillagna Félags íslenskra leikara og umsagnar stjórnar Lífeyrissjóðsins.

18. gr.

Þjóðleikhúsráð tekur þátt í stofnun og rekstri leikmunasafns ásamt sjónvarpsdeild Ríkisútvarpsins. Veita skal Leikfélagi Reykjavíkur og öðrum leikfélögum kost á aðild að safninu, ef um það næst samkomulag við menntamálaráðuneytið. Við gerð starfs- og fjárhagsáætlunar Þjóðleikhússins skal miðað við, að nægileg fjárhæð gangi til að greiða kostnað þess af leikmunasafninu.

Í leikmunasafni skal safnað saman, eftir því sem ástæða þykir til, búningum og sviðsbúnaði, sem notaður hefur verið við sýningar Þjóðleikhússins og sjónvarpsdeildar Ríkisútvarpsins svo og annarra leikfélaga, sem aðild eiga að safninu. Skulu safnmunir þessir leigðir leikfélögum landsins til notkunar við sýningar, og ákveður stjórn safnsins leigu og önnur viðskiptakjör. Safnið skal hafa í þjónustu sinni leiktjaldamálara og búningateiknara. Starfsemi safnsins skal miðuð við, að hún verði leiklist í landinu að sem mestu liði og að það fjármagn, sem til þessara hluta er varið, nýtist sem best.

Menntamálaráðuneytið setur safninu reglugerð, þar sem m. a. skal ákveðið, hvernig stjórn þess og forstöðu skuli háttað.

Þangað til leikmunasafni hefur verið komið á fót, skal Þjóðleikhúsið leigja leikfélögum leiktjöld, búninga o. fl., eftir því sem stjórn Þjóðleikhússins telur við verða komið.

19. gr.

Þjóðleikhúsið skal kappkosta að hafa samstarf við leikfélög áhugamanna, láta þeim í té gistileikara og leikstjóra til leiðbeininga, eftir því sem unnt er. Gera skal leikfélögum áhugamanna kleift að fylgjast með starfi Þjóðleikhússins. Á vegum Þjóðleikhússins skulu árlega farnar á starfstíma þess leikferðir sem víðast um landið. Einnig skulu farnar leikferðir til annarra landa og fengnir hingað erlendir listamenn, hvort tveggja eftir því sem aðstæður leyfa.

20. gr.

Kostnaður af rekstri Þjóðleikhússins skal greiddur úr ríkissjóði, eftir því sem ákveðið er í fjárlögum og aflafé leikhússins hrekkur ekki til.

21. gr.

Þegar þjóðleikhúsbyggingin er ekki notuð til þeirrar starfsemi, sem lög þessi fjalla um, má nota hana til annarrar menningarstarfsemi.

22. gr.

Þjóðleikhúsbyggingin stendur ekki til tryggingar skuldbindingum Þjóðleikhússins.

23. gr.

Menntamálaráðuneytið getur sett í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

24. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 86 5. júní 1947, um Þjóðleikhús, og 6. gr. laga nr. 15 15. mars 1965, um fjárhagslegan stuðning við leiklistarstarfsemi áhugamanna, svo og önnur ákvæði, sem kunna að brjóta í bága við lög þessi.

## Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp til laga um Þjóðleikhús var lagt fyrir Alþingi sem stjórnarfrumvarp árið 1971 á 91. löggjafarþingi, en varð eigi út rætt. Aftur kom það fyrir næsta þing óbreytt og þá flutt af menntamálanefnd efri deildar, að beiðni menntamálaráðherra. Eigi varð frumvarpið heldur útrætt á því þingi.

Frumvarpið kemur nú fyrir Alþingi í þriðja sinn og hefur ráðuneytið gert á því nokkrar breytingar. Nú er miðað við að sameinað þing kjósi fulltrúa Alþingis í ráðið hlutfallskosningu í stað þess að þingflokkarnir tilnefni þá. En gert er ráð fyrir eins og áður að allir þingflokkar eigi fulltrúa í ráðinu. Í fyrri gerð frumvarpsins stóð að menntamálaráðherra ákveði þóknun þess, en nú er mælt fyrir um að ráðið skuli vera ólaunað. Felld eru niður ákvæði um stofnun leiklistar-, sönglistar- og listdansskóla en lagt verður fram sérstakt lagafrumvarp um

leiklistarskóla. Einnig er fellt burtu ákvæði um að Þjóðleikhúsið skuli koma sér upp öðru leiksviði til eflingar starfsemi sinni, þar eð það hefur verið gert síðan frumvarpið var samið. Loks eru felld brott ákvæði til bráðabirgða, sem eiga ekki lengur við.

Í nefndinni, sem samdi frumvarpið áttu sæti:

Birgir Thorlacius, ráðuneytisstjóri, formaður,
Baldvin Tryggvason, framkvæmdastjóri og
dr. Þórður Eyjólfsson, fv. hæstaréttardómari.

Greinargerð sú, sem fylgdi frumvarpinu frá nefndinni sem samdi það, fer hér á eftir nema hvað felld eru niður atriði, sem varða ákvæði, sem ekki eru lengur í frumvarpinu.

„Um leið og nefnd sú, sem menntamálaráðherra, dr. Gylfi Þ. Gíslason, skipaði hinn 6. febrúar 1970 til þess að endurskoða lög og reglugerð um Þjóðleikhús, skilar (23. mars 1971) meðfylgjandi frumvarpi, vill hún taka fram eftirfarandi um frumvarpið og störf sín:

**Nefndin hefur leitazt við að kynna sér viðhorf sem flestra þeirra, sem gerst eiga að þekkja til leikhúsmála hér á landi. Í því skyni átti nefndin m. a. viðræðufundi, áður en hún samdi frumvarpið, með þjóðleikhúsráði, þjóðleikhússtjóra, stjórn Félags ísl. leikara og sérstakri nefnd á vegum þess, stjórn Bandalags ísl. listamanna, stjórn Félags íslenzkra listdansara, framkvæmdastjóra Bandalags íslenzkra leikfélaga (stjórnin gat eigi komið til viðræðna), stjórn Þjóðleikhúskórsins og stjórn Leikfélags Reykjavíkur. Eftir að hugmyndir nefndarinnar höfðu verið felldar í frumvarpsform, ræddi hún á ný við þá aðila, sem að framan eru nefndir, og leitaðist við að sameina í frumvarpinu þær hugmyndir, sem hún og aðrir töldu vænlegastar til þess að verða grundvöllur fyrir starfsemi Þjóðleikhússins með það fyrir augum, að stofnunin mætti sjálf vaxa og eflast og verða um leið öðrum aðilum, sem við sömu listgreinar fást í landinu, til stuðnings.** Þess ber að geta, að samstarf við þá aðila, sem við höfum leitað til, hefur verið mjög ánægjulegt og hvergi gætt annarra sjónarmiða en þeirra, sem verða mættu til eflingar þeirri menningarstarfsemi, sem **Þjóðleikhúsið sinnir og er ætlað að sinna. Nefndin væntir, að framangreindir aðilar og aðrir telji frumvarpið til bóta í höfuðatriðum, en hún ein ber ábyrgð á efni þess að öllu leyti. Nefndin tekur fram, að reglugerð Þjóðleikhúss hefur hún ekki endursamið eða samið nýja,** meðan ekki er vitað, hvaða ákvæði Alþingi kann að lögfesta um Þjóðleikhús.

Löggjöfin um Þjóðleikhús er frá 5. júní 1947 (nr. 86) og reglugerðir samkvæmt henni frá 23. september 1949 (nr. 162), sbr. reglugerð frá 12. janúar 1951 (nr. 6), reglugerð frá 8. september 1953 (nr. 163) og reglugerð frá 17. nóvember 1958 (nr. 167).

**Þjóðleikhúsið hóf leiksýningar 20. apríl 1950 og hefur því starfað 21 ár (1971). Á þessu tímabili hefur fengist mikilsverð reynsla um rekstur þess. Leikhúsið hefur oft átt í fjárhagserfiðleikum, þrátt fyrir mikla aðsókn og vaxandi leiklistaráhuga landsmanna, enda munu fáir ætlast til þess, að Þjóðleikhús verði rekið fyrir eigin tekjur einungis.** Um verkefni leikhússins frá upphafi, aðsókn að því, fjárhagsafkomu hvers árs, sætanýtingu og aðgöngumiðaverð vísast til fylgiskjala I—V.

**Frá öndverðu til ársins 1970 starfaði Þjóðleikhúsið fyrir eigið aflafé og hlutdeild í skemmtanaskatti, en síðan er því, auk eigin tekna, ætlað framlag í fjárlögum, en skemmtanaskatturinn rennur nú að mestu leyti í félagsheimilasjóð, en lítill hluti** til Sinfóníuhljómsveitar Íslands, sbr. lög nr. 58/1970.

Í frumvarpi þessu felast margháttaðar breytingar frá gildandi löggjöf um Þjóðleikhús og eru þessar helztar:

1) Kveðið er skýrar á um það en áður, að þótt flutningur leikrita sé aðalhlutverk Þjóðleikhússins, beri því einnig að flytja óperur og sýna listdans að staðaldri **og að á hverju leikári skuli eitt eða fleiri viðfangsefni sérstaklega ætluð börnum.**

2) Skipan þjóðleikhúsráðs er gjörbreytt. Starfstímabil þess er tímabundið og fulltrúum í því fjölgað til þess að það geti orðið vettvangur sem flestra þeirra, er leikhúsreksturinn varðar.
3) Myndað er fimm manna framkvæmdaráð, þ. e. 4 auk þjóðleikhússtjóra.
4) Þjóðleikhússtjóra skal ráða til fjögurra ára í senn og má endurráða sama mann einu sinni, þannig að enginn getur gegnt þessum starfa samfellt lengur en átta ár.
5) Ráða skal leikhúsinu bókmennta- og leiklistarráðunaut (dramaturg), listdansstjóra (balletmeistara) og tónlistarráðunaut.
6) Miða skal við, að svo margir leikarar, söngvarar og listdansarar starfi við Þjóðleikhúsið, að það geti jafnan leyst af hendi þau verkefni, sem því ber að sinna.
7) Lögfest sé, að blandaður kór starfi við leikhúsið.
8) Leikárið verði framvegis frá 1. september til 31. ágúst, en eigi frá júlíbyrjun til júníloka eins og nú.
9) **Þjóðleikhúsi og sjónvarpi er ætlað að koma á fót leikmunasafni, er Leikfélag Reykjavíkur og önnur leikfélög geta gerzt aðilar að, en safnið leigi búninga, leiktjöld og annan sviðsbúnað til leikfélaga.**
10) Lögð er áherzla á aukið samstarf Þjóðleikhússins við leikfélög áhugamanna, t. d. með því að láta þeim í té leikstjóra og gistileikara.
11) Árlega skulu farnar leikferðir um landið á starfstíma Þjóðleikhússins.

Þá er einnig birt sem fskj. III. áætlun leiklistarskóla SÁL um kostnað við skólahald þeirra á árinu 1975.

**Fylgiskjal I.**

Reykjavík, 20. janúar 1975.

Til menntamálaráðherra,
Reykjavík.

Svo sem ráðherra er kunnugt hefur því fé, sem veitt er á fjárlögum til leiklistarkennslu, verið skipt milli tveggja skóla, einkaskóla SÁL-samtakanna og Leiklistarskóla leikhúsanna í Reykjavík, sem skipulagður var sl. ár sem vísir að ríkisleiklistarskóla. Í ljósi þess hversu óhagkvæmt það er að skipta þannig fjárveitingunni virðist eðlilegast að stefna að því að ríkisleiklistarskóli taki til starfa hið allra fyrsta og að fjárveiting renni óskipt til þess eina skóla.

Undirrituð, sem erum ábyrg fyrir Leiklistarskóla leikhúsanna, leggjum til

1. að ríkisleiklistarskóla verði komið á fót strax í upphafi næsta skólaárs og um leið og sá skóli tæki til starfa veitti ríkið ekki fé til annarra leiklistarskóla,
2. að á komandi vori verði öllum, sem nú stunda nám í leiklistarskólum í Reykjavík gefinn kostur á inngöngu í ríkisleiklistarskólann að hausti, að lokinni hæfniskönnun og samkvæmt henni skipað í bekkjadeildir. Mundi þannig nýtast á fyrsta ári ríkisleiklistarskóla sú kennsla og þjálfun, sem þegar hefur verið veitt í ofangreindum skólum,
3. að þegar í stað sé hafist handa um undirbúning að skipulagningu ríkisleiklistarskóla og forráðamaður valinn hið fyrsta.

Að sjálfsögðu erum við reiðubúin að aðstoða við að setja saman prófnefnd, sem annist hæfniskönnun fyrir skólann, sem og að setja skólanum reglugerð.

Virðingarfyllst,

| f.h. Leikfélags Reykjavíkur | f.h. Þjóðleikhússins | f.h. Félags íslenskra leikara |
|---|---|---|
| Vigdís Finnbogadóttir | Kristbjörg Kjeld | Klemens Jónsson |

**Fylgiskjal II.**

Leiklistarskóli leikhúsanna.

**Endurskoðuð Fjárhagsáætlun.**
1. skólaár (að hluta) 1975.

**1. janúar—10. júní 1975.**

| | |
|---|---|
| 21 kennsluvika × 36 kennslust. á viku (756 kennslust. á 710.00 kr.) | kr. 536 760.00 |
| 8.33% orlof | — 44 712.00 |
| Erlendur kennari í 3 mánuði: | |
| A 15 launafl. á kr. 72 627.00 pr. mán. | — 217 881.00 |
| Ferðakostnaður erlends kennara | — 46 000.00 |
| Skólastjórn | — 222 000.00 |
| Húsnæði í 6 mán. á kr. 25 000.00 pr. mán. | |
| + kr. 3 500.00 pr. mán. fyrir hreinlætisaðstöðu | — 167 500.00 |
| Prófkostnaður | — 100 000.00 |
| Námskeiðskostnaður | — 90 000.00 |
| Ýmislegt (launaskattur, skrifstofukostnaður, ófyrirsjáanleg útgjöld) | — 100 000.00 |
| **Samtals** | **kr. 1 524 853.00** |

**Leiklistarskóli leikhúsanna.**

**Endurskoðuð Fjárhagsáætlun.**

2. skólaár (að hluta) 1975.

**1. október—31. des. 1975.**

| | | |
|---|---|---|
| Laun skólastjóra, 28. launafl. kr. 85 614.00 pr. mán. sept.—des. .. | kr. | 340 456.00 |
| Laun kennara 12 vikur × 76 stundir pr. viku = 912 kennslust. á 710.00 ..... | — | 647 520.00 |
| Orlof 8.33% ..... | — | 53 938.00 |
| Húsaleiga kr. 50 000 × 3 mán. ..... | — | 150 000.00 |
| Tækjakostnaður ..... | — | 150 000.00 |
| Ýmislegt (launaskattur, skrifstofukostnaður, ófyrirsjáanleg útgjöld) | — | 80 000.00 |
| | Samtals kr. | 1 421 914.00 |

Greinargerð.

Leiklistarskóli leikhúsanna tók til starfa í byrjun október 1974. 12 nemendur stunda nám í skólanum á fyrsta ári, 6 stúlkur og 6 piltar. Námið er fullgilt leiklistarnám eins og það tíðkast í nágrannalöndunum og námskröfur hliðstæðar.

Athugasemdir varðandi kostnaðarliði:

Allir kennarar eru lausráðnir á 1. skólaári og greitt samkvæmt því, samtals 9 kennarar.

Auglýst var eftir skólastjóra á sl. sumri, en enginn fékkst til þess starfa. Skólastjórn annast því nefnd, skipuð þrem mönnum, einum frá hvoru leikhúsi og einum fulltrúa Félags íslenskra leikara. Tveir kennarar hafa tekið að sér daglega umsjón með skólanum og hafa við það talsverða aukavinnu. Þar sem hér er um að ræða algjöra nýskipulagningu í skólahaldi hafa kennarar lagt mikla aukavinnu af mörkum á fundum við að samræma kennsluna sem best. Kostnaðarliðurinn „skólastjórn" er greiðsla til umsjónarkennara og kennara fyrir þá aukavinnu fyrir allt skólaárið 1974—75.

Starf erlends kennara, sem starfar við skólann í þrjá mánuði í upphafi árs 1975, er tvíþætt. Annars vegar mun hann kenna við skólann og fjölgar þá kennslustundum við skólann. Í því sambandi skal haft í huga, að nemendur hafa enga heimavinnu á fyrsta ári, heldur eru þjálfaðir á staðnum. Hins vegar mun þessi erlendi sérfræðingur hafa námskeið fyrir kennara skólans, en mikill skortur er á sérhæfðum kennurum í hinum ýmsu greinum leiklistar.

Námskeiðskostnaður er áætlaður kostnaður af undirbúningsnámskeiði vegna inntöku nýrra nemenda á komandi skólaári, þ. e. haustið 1975, með svipuðu fyrirkomulagi og leikhúsin héldu á sl. vori.

Á öðru skólaári, sem hefst haustið 1975, er gert ráð fyrir að skólastjóri hafi verið ráðinn til skólans.

Aðrir áætlaðir kostnaðarliðir skýra sig sjálfir.

Desember 1974.

| | | |
|---|---|---|
| f.h. Leikfélags Reykjavíkur | f.h. Þjóðleikhússins | f.h. Félags íslenskra leikara |
| Vigdís Finnbogadóttir | Kristbjörg Kjeld | Klemens Jónsson |

**Fylgiskjal III.**

Leiklistarskóli S.Á.L.

**Áætlun um fjárþörf ársins 1975.**

| | | | |
|---|---|---|---|
| A. | **Kennaralaun:** | | |
| | 3. bekkur, verður 4. bekkur á námsk. | | |
| | 674 ⅓ st. á önn × 2 | | |
| | 374 st. á önn × 1 ..... | = 1 722⅔ st. | |
| | 2. bekkur, verður 3. bekkur. | | |
| | 542 ⅓ st. á önn × 2 | | |
| | 674 ⅓ st. á önn × 1 ..... | = 1 759 st. | |
| | 1. bekkur, verður 2. bekkur. | | |
| | 293 ⅔ st. á önn × 2 | | |
| | 542 ⅓ st. á önn × 1 ..... | = 1 129⅔ st. | |
| | Hugsanlegur nýr 1. bekkur. | | |
| | 293 ⅔ st. á önn × 1 ..... | = 293⅔ st. | |
| | Kennslustundir alls | 4 905 st. | |
| | á kr. 544.00 ..... | = | kr. 2 668 320.00 |
| B. | Laun kennara fyrir fundasetur o. fl. ..... | | — 143 616.00 |
| C. | Húsaleiga ..... | | — 1 000 000.00 |
| D. | Tækjakaup ..... | | — 108 000.00 |
| E. | Laun framkvæmdastjóra ..... | | — 188 298.00 |
| F. | Ýmislegt ..... | | — 60 000.00 |
| | | Gjöld alls | kr. 4 168 234.00 |
| | Þar frá dregst: | | |
| G. | Tekjur af skólagjöldum: | | |
| | 37 nem. í 8 mánuði ..... | | kr. 888 000.00 |
| | 15 nem. í 3 mánuði ..... | | — 135 000.00 |
| | | Fjárþörf 1975 | kr. 3 145 234.00 |

## Nd. 417. Frumvarp til laga [223. mál]

um almenningsbókasöfn.

(Lagt fyrir Alþingi á 96. löggjafarþingi, 1974—75.)

1. gr.

Almenningsbókasöfn skulu starfa í öllum byggðum landsins til sjávar og sveita. Almenningsbókasöfn eru mennta-, upplýsinga- og tómstundastofnanir fyrir almenning. Þau skulu gefa fólki sem bestan kost á að lesa og færa sér í nyt bækur og veita afnot af nýsigögnum svo sem hljómplötum, segulböndum og öðrum miðlunargögnum til fræðslu og dægradvalar.

2. gr.

Almenningsbókasöfn eru:

Bæjarbókasöfn (borgarbókasafn í Reykjavík), bæjar- og héraðsbókasöfn, héraðsbókasöfn, hreppsbókasöfn, bókasöfn í sjúkrahúsum, hælum, vistheimilum og fangahúsum.

3. gr.

Landið skiptist í bókasafnsumdæmi.

Bæjarbókasöfn starfa í kaupstöðum og skulu hafa útibú í bæjarhverfum eftir ástæðum.

Bæjar- og héraðsbókasöfn starfa í kaupstöðum, en rækja jafnframt bókasafnsþjónustu í byggðunum í kring. Héraðsbókasöfn eru aðalsöfn hvert í sínu umdæmi og skulu vera sem næst miðsvæðis.

Bókasafnsumdæmi skulu ákveðin í reglugerð, svo og aðsetur héraðsbókasafna.

4. gr.

Hreppsbókasöfn starfa í þeim hreppum, þar sem héraðsbókasöfn eru ekki. Í hverjum hreppi skal vera bókasafnsþjónusta, en heimilt er að fela héraðsbókasafni að annast þessa þjónustu gegn lögboðnu fjárframlagi. Einnig geta tveir eða fleiri hreppar sameinast um rekstur bókasafns, ef um það næst samkomulag.

5. gr.

Heimilt er að sameina almenningsbókasafn og skólasafn og reka sameiginlega, ef forráðamenn beggja telja slíkt æskilegt og menntamálaráðuneytið samþykkir.

6. gr.

Í öllum sjúkrahúsum landsins, hælum vistheimilum og fangahúsum skal vera bókasafn kostað og rekið af viðkomandi stofnun.

Heimilt er að fela almenningsbókasafni í byggðarlaginu þessa þjónustu, enda greiði stofnunin hæfilega þóknun fyrir að mati viðkomandi aðila. Nánari ákvæði um búnað og starfsemi þessara bókasafna skulu sett í reglugerð.

7. gr.

Almenningsbókasöfn eru rekin af sveitarfélögum og kjósa sveitarstjórnir bókasafnsstjórnir. Þó er heimilt að gömul lestrarfélög starfi áfram á svipuðum grundvelli og verið hefur og í samráði við hreppsnefndir.

8. gr.

Lágmarksfjárframlög sveitarfélaga til rekstrar almenningsbókasafna skulu vera sem hér segir:

a) Til bæjarbókasafns greiðir bæjarsjóður kr. 1000 á hvern íbúa kaupstaðarins.
b) Til bæjar- og héraðsbókasafns greiðir bæjarsjóður kr. 1000 á hvern íbúa kaupstaðarins. Önnur sveitarfélög í umdæminu greiða kr. 100 á hvern íbúa og stendur sýslusjóður skil á þessari greiðslu.
c) Til héraðsbókasafns greiðir sveitarsjóður, þar sem safnið er, kr. 1000 á hvern íbúa hreppsfélagsins. Önnur sveitarfélög í umdæminu greiða til safnsins kr. 100 á hvern íbúa og stendur sýslusjóður skil á þessari greiðslu.
d) Til hreppsbókasafns greiðir viðkomandi hreppssjóður (hreppssjóðir) kr. 750 á hvern íbúa hreppsins (hreppanna).

Þessi lágmarksfjárframlög sveitarfélaga skulu endurskoðuð árlega og færð til samræmis við verðlag í landinu, samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands.

9. gr.

Ríkissjóður greiðir rekstrarframlag til almenningsbókasafna. Skal það nema þriðjungi af lögboðnum rekstrarfjárframlögum sveitarfélaga, sbr. 8. gr., samkvæmt skýrslum síðasta árs, frá söfnunum og manntali.

Heimilt er að verja árlega allt að 3% af heildarframlagi ríkis til sameiginlegra þarfa í þágu safnanna, samkvæmt ákvörðun menntamálaráðuneytis hverju sinni.

10. gr.

Sveitarfélög skulu reisa bókhlöður og búa þær nauðsynlegum húsbúnaði og tækjum. Heimilt er að kaupa eða leigja húsnæði fyrir söfnin. Ríkissjóður greiðir helming byggingar- og húsbúnaðarkostnaðar bókhlöðu eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum, enda hafi áætlanir og teikningar verið samþykktar af menntamálaráðuneyti, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

11. gr.

Menntamálaráðuneyti fer með málefni almenningsbókasafna. Sérstakur fulltrúi í ráðuneyti annast málefni safnanna. Nánari ákvæði um starfssvið hans má setja í erindisbréfi. Til ráðgjafar um málefni safnanna skulu vera tveir fulltrúar, annar tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og hinn af Bókavarðafélagi Íslands til fjögurra ára í senn.

12. gr.

Ríkissjóður greiðir árlega 12 milljónir króna í Rithöfundasjóð Íslands fyrir afnot bóka íslenskra höfunda í þeim söfnum, sem þessi lög gilda um. Þessi fjárhæð skal endurskoðuð árlega til samræmis við verðlag, sbr. 8. gr.

Sérstaka reglugerð skal setja um Rithöfundasjóð Íslands í samráði við Rithöfundasamband Íslands.

13. gr.

Menntamálaráðuneyti setur reglugerð um starfsemi almenningsbókasafna. Skal þar kveðið á um húsnæði, búnað, ráðningu bókavarða og starfsfólks, kosningu bókasafnsstjórna, skipulag og framkvæmd bókasafnsþjónustu í dreifbýli o. s. frv. Áður en reglugerðin er gefin út skal hún send stjórnum Sambands íslenskra sveitarfélaga og Bókavarðafélags Íslands til umsagnar.

14. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1976. Um leið falla úr gildi lög nr. 22/1963, um almenningsbókasöfn og önnur ákvæði er kunna að brjóta í bága við þessi lög.

Ákvæðin um fjárframlög koma til framkvæmda á þremur árum frá gildistöku laga þessara.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Fyrir Alþingi 1974 (94. löggjafarþing) var lagt frumvarp til laga um almenningsbókasöfn, en varð eigi útrætt.

Þetta frv. miðar að því að sett verði um almenningsbókasöfn rammalöggjöf, en um framkvæmdaatriði nánari ákvæði í reglugerð. Núgildandi lög nr 22/1963 eru úrelt hvað fjárframlög varðar og hefur það mjög háð bókasafnsstarfsemi að undanförnu, sérstaklega í hinum dreifðu byggðum og kauptúnum.

Um 1. gr.

Það hefur komið í ljós á síðustu árum og áratugum hér á landi að almenningsbókasöfn hafa sífellt þýðingarmeira hlutverki að gegna í þjóðfélaginu. Aukið þéttbýli og breyttir lifnaðarhættir gera bókasöfn enn nauðsynlegri en áður var. Bókakostur æ fleiri heimila verður rýrari vegna hækkandi bókaverðs og kaupa á dýrum fjölmiðlunartækjum og gögnum, svo sem útvarpi og sjónvarpi, tónflutningstækjum

og plötum og nýsigögnum af ýmsum gerðum. Bókasöfnin verða því að sjá uppvaxandi kynslóð og öllum almenningi fyrir bókum ef lestrarvenjur þjóðarinnar eiga að haldast í horfinu. Það verður að verulegu leyti þeirra hlutverk að fullnægja lestrarþörf og lestrarþrá ungra og gamalla. Jafnframt hljóta þau að verða í sífellt meira mæli upplýsingamiðstöðvar fólks í leit að margvíslegum tómstundaverkefnum, bæði í fræðsluskyni og til dægradvalar.

Fyrsta grein frv. markar verksvið almenningsbókasafna og mun þróun og umsvif hvers safns að sjálfsögðu fara eftir aðstæðum og ástæðum á hverjum stað og tíma.

Um 2. og 3. gr.

Í frv. eru almenningsbókasöfn flokkuð í samræmi við gildandi lög. Ráðandi stefna á undanförnum árum hefur verið sú að efla héraðsbókasöfnin svo að þau verði fær um að annast bókasafnsþjónustu í dreifbýli í vaxandi mæli. Þessi starfsemi hefur reynst heilladrjúg þar sem söfnin eru einhvers megnug og ber að flýta þessari þróun eftir mætti. Sum héraðsbókasöfn hafa þegar reynst þessu hlutverki vaxin og er nauðsynlegt að renna styrkari fjárhagsstoðum undir starfsemi þeirra.

Bókasafnsumdæmi þurfa ekki endilega að vera háð sýslu- eða hreppamörkum og því er eðlilegt að kveða á um mörk í reglugerð fremur en lögum, ekki síst þar sem gera má ráð fyrir að þeim þurfi að breyta við og við í samráði við heimamenn.

Um 4. gr.

Á landinu eru nú starfandi 150—160 lestrarfélög og hreppsbókasöfn. Eru mörg þeirra gömul og gróin en önnur á fallanda fæti. Augljóst er að þessum litlu söfnum mun fækka á komandi árum við breyttar aðstæður, samgöngubætur og byggðaþróun. Greininni er ætlað að gera þessa þróun auðveldari.

Um 5. gr.

Í grunnskólalögum nr. 63/1974, 72. gr., er gert ráð fyrir sameiningu og samvinnu skólasafna og almenningsbókasafna. Í nokkrum sveitarfélögum er þegar farið að athuga þessa skipan mála og sjálfsagt að hafa þetta ákvæði einnig í þessum lögum. Hins vegar þarf um þetta samstarf — eða sameign — sérsamning við mismunandi aðstæður í hverri byggð fyrir sig.

Um 6. gr.

Bókasöfn eru sjálfsögð í öllum sjúkrahúsum, hælum, vistheimilum og fangahúsum. Með þeim á að reikna í skipulagi og rekstri stofnunarinnar. Hins vegar kemur til greina að almenningsbókasafn í byggðinni annist þessa þjónustu, annað hvort að einhverju eða öllu leyti. En um þá starfsemi verða þá að gilda ákveðin fyrirmæli og samningar. Sömuleiðis er þörf á nánari ákvæðum um þessi söfn í reglugerð.

Um 7. gr.

Sveitarfélög reka bókasöfnin og fara með stjórn þeirra. Samt hefur það tíðkast frá öndverðu að sérstök lestrarfélög, stofnuð af ungmennafélögum og fleiri áhugamannahópum, reki söfn og séu í rauninni eigendur þeirra. Ekki þykir rétt að kippa fótum undan þessari tilhögun á rekstri safnanna þó að hreppsnefndir hljóti að sjálfsögðu að bera ábyrgð á starfseminni.

Um 8., 9. og 10. gr.

Reynt hefur verið að hafa útreikninga á framlögum til rekstrar safnanna glögga og auðvelda í framkvæmd. Deila má að sjálfsögðu um fjárhæðir en trauðla mun unnt að reka nútíma bókasöfn fyrir minna fé en hér er gert ráð fyrir. Reynsla af

núgildandi lögum hefur sannað að nauðsynlegt er að endurskoða þessi fjárframlög árlega og færa til samræmis við verðlag í landinu. Sveitarfélögin eiga og reka söfnin, en gert er ráð fyrir að ríkið leggi þeim ákveðið rekstrarframlag eða styrk. Er það eðlilegt meðan söfnin eru að þróast og eflast.

**Sama máli gegnir um bókhlöðubyggingar. Þó að þær teljist eign sveitarfélaga og þeim beri því að hafa forgöngu um að reisa þær, er rétt að ríkissjóður stuðli að byggingu þeirra með ákveðnu stofnframlagi svo sem gildir um skóla, íþróttamannvirki og félagsheimili. Almenningur á frjálsan aðgang að þessum menningarstofnunum og þær munu á komandi tímum gegna æ þýðingarmeira hlutverki, m. a.** í fullorðinsfræðslu og tómstundaiðju.

Rétt þykir að tengja sýslusjóði við rekstur og uppbyggingu safnanna. Á undanförnum árum hafa sumar sýslunefndir reynst héraðsbókasöfnum miklir máttarstólpar, og allvíða eru sýslur eignaraðilar að góðum söfnum og bókhlöðum.

Reynslan hefur sýnt að stundum er nauðsynlegt að hafa viss fjárráð til heildarátaka fyrir öll söfn í landinu. Því er lagt til að heimilt sé að taka allt að 3% af ríkisframlagi til sameiginlegs verkefnis, ef þurfa þykir. Þessa mun lítið gæta í framlögum til einstakra safna en getur orðið bókasafnsþjónustunni í landinu til ómetanlegs gagns. Þessu til stuðnings má benda á útgáfu Flokkunarkerfis fyrir **íslensk bókasöfn, námskeið og nýstofnaða skráningarmiðstöð.**

### Um 11. gr.

Bókafulltrúi ríkisins var með fyrstu lögum um almenningsbókasöfn frá 1955 fulltrúi í Fræðslumálaskrifstofu. Með lagabreytingu 1963 varð hann sjálfstæður embættismaður með aðsetri á Fræðslumálaskrifstofu en síðustu árin hefur hann verið starfsmaður menntamálaráðuneytisins. Þar sem þessi skipan reynist vel er talið sjálfsagt að tilsjónarmaður með almenningsbókasöfnum sé starfsmaður ráðuneytisins. Þá er eðlilegt að fulltrúi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og annar **frá Bókavarðafélagi Íslands sé til ráðuneytis um málefni safnanna, enda hafa ákvæði um slíkar samstarfsnefndir verið tekin í fleiri lög svo sem grunnskólalög og lög** um menntaskóla.

Hér er lagt til að ríkissjóður standi einn undir greiðslum til rithöfunda vegna afnota af bókum þeirra í almenningsbókasöfnum. Getur það þá talist viðbótarframlag til safnanna. Eðlilegt er að ákvæði um stjórn Rithöfundasjóðs Íslands, úthlutun úr honum og starfshætti, séu reglugerðaratriði enda eru þau á hverjum tíma samningamál milli ríkisvalds og rithöfundasamtaka.

### Um 13. gr.

Þar sem hér er um frv. að rammalöggjöf að ræða, er nauðsynlegt að gera **ráð fyrir reglugerð samkvæmt lögunum, þar sem m. a. sé kveðið á um innri starfsemi,** starfsfólk, húsnæði og búnað. Rétt þykir að reglugerðin sé borin undir þá aðila sem mikinn hlut eiga að máli, þ. e. stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga og stjórn Bókavarðafélags Íslands.

### Um 14. gr.

Vegna þess, hve úrelt lögin um almenningsbókasöfn eru, er mikill munur á ákvæðum þeirra um fjárframlög og þessa frv. Því þykir rétt að nokkur aðlögunartími sé um gildistöku ákvæðanna um fjárframlög. Verði frv. að lögum á yfirstandandi þingi, verða 3 ár til stefnu um gildistöku fjárframlaga að fullu. Ætti það að vera viðunanlegt fyrir alla aðila. Mestu máli skiptir að hið bráðasta sé mörkuð ákveðin stefna um framtíðargrundvöll íslenskra almenningsbókasafna.

Um áætlaðan rekstrarkostnað samkvæmt frv. vísast til fskj.

**Fylgiskjal.**

## Rekstrarfjárframlög samkvæmt frv. um almenningsbókasöfn

(í þús. kr.)

(Miðað við manntal 1. des. 1974)

| Bæjar- og héraðsbókasöfn | Bæjar- eða hreppsfél. | Sýsla | Ríki | Samt. |
|---|---|---|---|---|
| Grindavík | 1 598 | | 533 | 2 131 |
| Keflavík | 6 097 | 410 | 2 169 | 8 676 |
| Hafnarfjörður | 11 394 | 422 | 3 939 | 15 755 |
| Kópavogur | 11 941 | | 3 980 | 15 921 |
| Reykjavík | 84 642 | | 28 214 | 112 856 |
| Seltjarnarnes | 2 476 | | 825 | 3 301 |
| Hlégarður | 1 441 | 48 | 496 | 1 985 |
| Akranes | 4 490 | 55 | 1 515 | 6 060 |
| Borgarnes | 1 287 | 186 | 491 | 1 964 |
| Stykkishólmur | 1 123 | 332 | 483 | 1 938 |
| Búðardalur | 390 | 78 | 156 | 624 |
| Reykhólar | 198 | 26 | 75 | 299 |
| Patreksfjörður | 1 008 | 97 | 368 | 1 473 |
| Flateyri | 418 | 127 | 182 | 727 |
| Bolungarvík | 1 018 | | 339 | 1 357 |
| Ísafjörður | 3 045 | 58 | 1 033 | 4 136 |
| Hólmavík | 343 | 83 | 142 | 568 |
| Hvammstangi | 396 | 102 | 166 | 664 |
| Blönduós | 798 | 164 | 317 | 1 267 |
| Sauðárkrókur | 1 769 | 238 | 669 | 2 676 |
| Siglufjörður | 2 092 | | 697 | 2 789 |
| Ólafsfjörður | 1 112 | | 371 | 1 483 |
| Dalvík | 1 159 | | 386 | 1 545 |
| Akureyri | 11 646 | 271 | 3 972 | 15 889 |
| Húsavík | 2 149 | 292 | 814 | 3 255 |
| Leirhöfn | 289 | 154 | 148 | 591 |
| Egilsstaðir | 861 | 145 | 335 | 1 341 |
| Seyðisfjörður | 926 | 123 | 350 | 1 399 |
| Neskaupstaður | 1 658 | 14 | 557 | 2 229 |
| Eskifjörður | 962 | 283 | 415 | 1 660 |
| Höfn | 1 170 | 66 | 412 | 1 648 |
| Vík | 524 | 84 | 203 | 811 |
| Vestmannaeyjar | 4 384 | | 1 461 | 5 845 |
| Hvolsvöllur | 894 | 266 | 386 | 1 546 |
| Selfoss | 2 822 | 638 | 1 153 | 4 613 |
| Samtals kr. | 168 508 | 4 762 | 57 752 | 231 022 |
| **Hreppsbókasöfn** öll | 33 865 | | 11 288 | 45 153 |
| **Fjárframlög alls** | 202 373 | 4 762 | 69 040 | 276 175 |
| **Ríthöfundasjóður** | | | 12 000 | |
| **Ríkisframlag alls** | | | 81 040 | |

**Ed.** **418. Frumvarp til laga** [224. mál]

um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.

(Lagt fyrir Alþingi á 96. löggjafarþingi, 1974—75.)

1. gr.

Með tónlistarskóla er í lögum þessum átt við skóla, sem fullnægir eftirgreindum skilyrðum:

1) Hefur a. m. k. einn fastan kennara, auk stundakennara.
2) Starfar minnst sjö mánuði á ári og lýkur með prófum og opinberum nemendatónleikum.
3) Veitir hverjum nemanda kennslu í aðalnámsgrein, eina stund í viku. Auk þess séu a. m. k. tvær aukanámsgreinar kenndar í hóptímum (tónfræði, tónheyrn, tónlistarsaga og samleikur).
4) Hefur a. m. k. 30 nemendur.

2. gr.

Tónlistarskólar, sem fullnægja framangreindum skilyrðum, skulu fá styrk úr ríkissjóði og frá viðkomandi sveitarfélagi, er nemi launagreiðslum til kennara skólanna. Sveitarfélagið skal sjá um launagreiðslurnar, en ríkisstyrkur, er nemur 50% launakostnaðar skal greiddur sveitarfélaginu, enda séu laun greidd samkv. gildandi kjarasamningum á hverjum tíma.

3. gr.

Rekstrarstyrkir til tónlistarskóla skulu ákveðnir í fjárlögum. Gerir menntamálaráðuneytið í sambandi við undirbúning fjárlaga tillögu um fjárveitingu til hvers skóla um sig, með hliðsjón af starfsemi og fjárhagsafkomu skólans síðasta starfsár, sbr. 4. gr.

4. gr.

Tónlistarskólar, sem styrks njóta samkvæmt þessum lögum, skulu senda viðkomandi sveitarfélagi fyrir 1. maí árlega endurskoðaðan rekstrar- og efnahagsreikning sinn fyrir síðastliðið almanaksár, ásamt skýrslu um starfsemi skólans, svo og fjárhags- og starfsáætlun næsta árs. Viðkomandi sveitarfélag skal svo senda menntamálaráðuneytinu fjárhags- og starfsáætlunina, samþykkta af sveitarfélaginu, fyrir 1. júní sama ár. Getur ráðuneytið ákveðið í hvaða formi skýrslur þessar skuli vera.

5. gr.

Nú berst umsókn um styrk til tónlistarskóla, sem er að hefja starfsemi, og skal þá styrkur ekki veittur fyrr en viðkomandi sveitarfélag hefur kannað allar aðstæður til að starfrækja styrkhæfan skóla á viðkomandi stað. Ef skilyrði til skólahalds reynast fyrir hendi, þá skal styrkur í fyrsta sinn ákveðinn með hliðsjón af rekstraráætlun, sbr. 4. gr.

6. gr.

Styrkur skal veittur tónlistarskólum til hljóðfærakaupa, eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum. Menntamálaráðuneytið skiptir styrknum með hliðsjón af þörf skólanna. Styrkur má þó aldrei vera hærri en nemi ⅓ af andvirði hljóðfærisins.

7. gr.

Heimilt er að veita styrki til tónlistarkennslu á stöðum, sem ekki fullnægja framangreindum skilyrðum um tónlistarskóla. Skulu styrkumsóknir sendar mennta-

málaráðuneytinu eigi síðar en 1. júní ár hvert, ásamt nákvæmri skýrslu um kennsluna síðastliðið ár og kostnað við hana. Ef ástæða telst til styrkveitingar, gerir menntamálaráðuneytið tillögu um fjárlagastyrk til tónlistarkennslunnar með hliðsjón af því, hversu fullkomna og fjölþætta kennslu um er að ræða.

8. gr.

Menntamálaráðuneytið getur kvatt sér til ráðuneytis um framkvæmd laga þessara sérfróða menn í tónlistarmálum.

9. gr.

Menntamálaráðuneytið getur í reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara. Má þar gera að skilyrði fyrir styrkgreiðslu, að námsskrá hlutaðeigandi skóla hafi hlotið staðfestingu menntamálaráðuneytisins.

10. gr.

Ef tónlistarskóli, sem styrks hefur notið, hættir störfum, skal sveitarfélagið varðveita eignir skólans (hljóðfæri o. fl.) þar til skóli tekur til starfa að nýju.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 12/1963, um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla og önnur ákvæði sem kunna að brjóta í bága við þessi lög.

## Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af nefnd, sem menntamálaráðuneytið skipaði 27. apríl 1973, en rétt er að geta þess, að í sambandi við grunnskólalög og endurskoðun og gerð námsefnis, er stefnt að auknu og breyttu tónlistarnámi á grunnskólastigi. Ráðuneytið telur æskilegt að menn fái undirstöðufræðslu í tónlist á jafnsjálfsagðan hátt og í lestri og skrift. Telur ráðuneytið eðlilegt að gera í sambandi við þetta lagafrumvarp nokkra grein fyrir því sem unnið er að og fyrirhugað um tónlistarfræðslu.

Undirbúningur að endurskoðun tónmenntar á vegum menntamálaráðuneytisins hófst með starfi 6 manna nefndar, sem skipuð var haustið 1971. Í henni áttu sæti Egill R. Friðleifsson, Jón G. Ásgeirsson, Jón Hlöðver Áskelsson, Njáll Sigurðsson, Sigríður Pálmadóttir og Stefán Edelstein og var hann jafnframt formaður nefndarinnar. Sumarið 1972 skilaði nefndin áliti (Endurskoðun námsefnis og kennslu í tónmennt í barna- og gagnfræðaskólum), sem gefið var út í ágúst sama ár og síðan sent ýmsum stofnunum, skólum og einstaklingum.

Í álitsgerðinni er mörkuð stefna um breytingar á inntaki greinarinnar og settar fram tillögur um endurskoðun hennar ásamt ýtarlegri framkvæmdaáætlun þar að lútandi. Sérstakir kaflar eru um: tíma til kennslu í tónmennt, námsmarkmið, námsefni, tengsl tónmenntar við nám í öðrum greinum, kennslu- og námsaðferðir, vinnuaðstöðu og kennslutæki, próf og námsmat, samningu og prófun námsbóka og kennarahandbóka, og loks um kennaramenntun. Í viðauka er fjallað um tónmenntarkennslu á forskólastigi, tónmenntarkennslu í sérbekkjum og hljóðfærakennslu í grunnskóla.

Í áðurnefndri framkvæmdaáætlun var gefið yfirlit um fyrirhugaða endurskoðun tónmenntar og gerð grein fyrir einstökum liðum hennar allt fram til ársins 1980. Ráðgert var að hefja endurskoðun með útgáfu á nýju námsefni og tilraunakennslu þess í 1. og 7. bekk haustið 1972, en síðan skyldu bætast við einn til tveir aldursflokkar á hverju ári fram til 1977. Tilraunakennsla á námsefni hvers aldursflokks var fyrirhuguð í tvö ár, endurskoðun færi fram að hvoru námsári liðnu en síðan yrði það gefið út, kynnt á kennaranámskeiði og tekið til almennrar notkunar í skólum.

Þessari áætlun um endurskoðun greinarinnar hefur síðan verið fylgt að undanteknum tveimur breytingum. Í fyrsta lagi seinkaði allri áætluninni um eitt ár og í öðru lagi hefur verið ákveðið að tilraunakenna námsefni hvers aldursflokks í þrjú ár. Endurskoðun fer fram tvisvar á því tímabili, þ. e. í lok 1. og 3. árs.

### Endurskoðun námsefnis og tilraunakennsla.

#### 1. bekkur.

Undirbúningur hófst árið 1972 og ári síðar kom út 1. útgáfa af vinnubókarblöðum, sönglögum og leikjum, kennarahandbók með leiðbeiningum og hlustunarefni á segulbandsspólum. Þetta námsefni var kennt í 10 skólum veturinn 1973—74. 2. útgáfa aukin og endurskoðuð kom út haustið 1974. Kennarahandbókinni var skipt í tvö hefti, í fyrra heftinu eru sönglög og leikir en í því síðara eru námsmarkmið fyrir 1. og 2. bekk, kafli um kennsluaðferðir, ársyfirlit um skipulagningu kennslunnar og leiðbeiningar með tillögum um einstakar kennsluáætlanir. Auk þess var aukið við hlustunarefni og gefið út söngæfingahefti fyrir 1. og 2. bekk. Þetta námsefni er nú kennt í 25 skólum og verður að lokinni endurskoðun gefið út til almennrar notkunar haustið 1976.

#### 2. bekkur.

Haustið 1974 kom út 1. útgáfa af vinnubókarblöðum, hlustunarefni á segulbandsspólum og kennarahandbók í tveimur heftum. Í fyrra heftinu eru sönglög og leikir en í því síðara er ársyfirlit um skipulagningu kennslunnar og leiðbeiningar með tillögum um einstakar kennsluáætlanir. Námsmarkmið, kafli um kennsluaðferðir, söngæfingahefti og hluti hlustunarefnis var gefinn út fyrir 1. og 2. bekk sameiginlega. Þetta námsefni er nú kennt í 10 skólum og verður gefið út endurskoðað haustið 1975.

#### 3. bekkur.

Undirbúningur er hafinn að 1. útgáfu námsefnis sem kemur út haustið 1975.

#### 7. og 8. bekkur.

Haustið 1973 kom út 1. útgáfa af lesbók í tveimur heftum og vinnubók ásamt hlustunarefni á segulbandsspólum. Þetta námsefni var kennt í 7. bekk í 4 skólum veturinn 1973—74 og síðan endurskoðað.

Í ljós kom, að með nokkrum breytingum var efnið hæfilegt fyrir tvo aldursflokka og er það nú kennt í 7. og 8. bekk í 3 skólum. Endurskoðun og ný útgáfa er fyrirhuguð 1975.

### Tilraunakennsla.

Stefán Edelstein hefur fram til þessa skipulagt tilraunakennslu og haft umsjón með henni í samráði við starfshóp í námsefnisgerð. Nýtt eða endurskoðað námsefni hefur verið kynnt og afhent á fundi með tilraunakennurum í upphafi skólaárs. Um niðurstöður og árangur kennslunnar er síðan rætt á umræðufundum en auk þess skila tilraunakennarar skriflegum skýrslum til námefnissemjenda. Endurskoðun hvers áfanga byggist síðan að verulegu leyti á þeirri reynslu sem fengist hefur og gagnrýni sem fram kemur varðandi námsefnið og kennsluleiðbeiningar.

### Samning og endurskoðun.

Unnið er að samningu og endurskoðun námsefnis handa 1., 2., 3., 7. og 8. bekk grunnskóla. Starfshópur þriggja aðila sér um samningu og endurskoðun námsefnis

fyrir barnafræðslustig. Í honum eiga sæti Guðfinna D. Ólafsdóttir, Herdís Oddsdóttir og Njáll Sigurðsson.

Jón Kristinn Cortes sér um endurskoðun á námsefni fyrir gagnfræðastig.

### Námsmat.

Guðmundur Guðbrandsson hefur séð um námsmat, gerð prófa og úrvinnslu þeirra. Námsárangur nemenda og niðurstöður prófa eru síðan hafðar til hliðsjónar við endurskoðun næsta áfanga. Með auknu hlutverki námsmats í endurskoðuninni er ætlunin að meta fleiri þætti greinarinnar svo sem námsmarkmið, námsefni og kennsluaðferðir.

### Námsstjórn.

Frá og með hausti 1974 hafa þrír aðilar samvinnu um námsstjórn og umsjón með endurskoðun tónmenntar, en þeir eru Njáll Sigurðsson, Guðmundur Guðbrandsson og Stefán Edelstein. Þeir sjá um gerð framkvæmda- og fjárhagsáætlana, undirbúa kennaranámskeið, hafa á hendi umsjón með tilraunakennslu og taka að sér önnur störf vegna skipulagningar og framkvæmda á endurskoðun greinarinnar.

### Útgáfa námsefnis.

Nýtt og endurskoðað námsefni er gefið út af Ríkisútgáfu námsbóka í samvinnu við menntamálaráðuneytið. Við samningu og útgáfu hlustunarefnis hefur einnig verið höfð samvinna við Ríkisútvarpið einkum varðandi tæknivinnu og afnot af hljóðritunum.

Á meðan námsefni er enn á tilraunastigi er upplag þess fyrst og fremst miðað við fjölda tilraunabekkja hverju sinni, þ. e. um það bil 10 bekkir á 1. ári en 25 bekkir á 2. og 3. ári.

### Kennaranámskeið.

Endurmenntun kennara og kynning námsefnis fer fram á námskeiðum að tilraunatímabili loknu, þegar endanlegt námsefni hvers aldursflokks hefur verið gefið út til almennrar notkunar. Slíkt námskeið fyrir tónmenntarkennara verður fyrst haldið haustið 1976.

Hins vegar er ráðgert að halda eins konar undirbúningsnámskeið haustið 1975 og er það einkum ætlað fyrir kennara sem ekki eru sérmenntaðir tónmenntarkennarar en starfa þó við kennslu í þessari grein víða á landinu. Hér er bæði átt við almenna kennara, söngstjóra, organista og aðra hljóðfæraleikara sem stunda tónmenntarkennslu í skyldunámsskólum.

### Helstu nýjungar.

Endurskoðun tónmenntar er skammt á veg komin og allar breytingar bæði varðandi inntak og miðlun eru enn á tilraunastigi. Niðurstöður tónmenntarnefndar frá 1972 voru fyrstu stefnumarkandi tillögur um tilhögun og framkvæmd endurskoðunarinnar en síðan hefur stöðugt verið unnið að endurbótum á þeim í ljósi fenginnar reynslu. Að verulegu leyti er hér um algera frumvinnu að ræða og heildarmynd af greininni verður því ekki orðin skýr fyrr en líður að lokum endurskoðunartímabilsins. Á þetta einkum við um tengslin milli tónmenntarnáms á núverandi barnafræðslu- og gagnfræðastigi. Ljóst er einnig að við mörg byrjunarvandamál verður að etja, ekki síst skort á sérmenntuðum kennurum.

Að lokum verða hér nefndar nokkrar þær nýjungar sem mikilvægastar má telja.

1) Eftirfarandi tafla sýnir áætlaðan vikustundafjölda sem endurskoðunin miðast við:

| | Bekkur | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Vikustundir | 1. | 2. | 3. | 4. | 5. | 6. | 7. | 8. | 9. | Alls |
| Skylda ..... | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 1 | 1 | – | – | 12 st/v |
| Val ..... | – | – | – | – | – | 1 | 1 | 2 | 2 | 6 st/v |
| Annað ..... | Kórstarfsemi | | | | | | | | | 6 st/v |

2) Nákvæmlega skilgreind námsmarkmið verða samin fyrir hvert aldursstig og gefin út í viðkomandi kennarahandbókum. Í markmiðunum er kveðið á um þá færni og kunnáttu nemenda sem krafist er við lok námsárs.

3) Námsmat verður aukinn þáttur í endurskoðun og mótun greinarinnar. Auk þess að mæla færni og kunnáttu nemenda með prófum er ráðgert að námsmat taki einnig til viðhorfakönnunar svo og mats á raunhæfni markmiða, námsefnis og kennsluaðferða.

4) Stefnt er að aukinni fjölbreytni í vali námsefnis og má þar m. a. telja þjóðlög innlend og erlend, sönglög íslenskra og erlendra tónskálda, hreyfingu og leiki, ýmiss konar hlustunarefni á segulböndum með dæmum úr tónverkum og hljóðheimi, vinnubækur og lesbækur fyrir nemendur o. fl.

5) Stefnt er að aukinni virkni nemenda þannig að þeir **iðki** tónlist fremur en að þeim séu kenndar staðreyndir **um** tónlist. Með fjölbreyttu vali námsefnis og kennsluaðferða ásamt nákvæmri skilgreiningu markmiða er vonast til að námið verði markvissara, lífrænna og áhugaverðara í augum nemenda.

Auk þess sem fyrirhugað er á grunnskólastigi varðandi tónlistarfræðslu, telur ráðuneytið að bæta þurfi skilyrði til tónlistarnáms yngri barna. Er nú t. d. unnið að því að Barnamúsikskólinn í Reykjavík fái betra húsnæði. Í þeim skóla eru nú (1975) 280 nemendur á aldrinum 6—13 ára. Í fjárlögum 1975 er fjárveiting (3 millj. kr.) til undirbúnings byggingu fyrir Barnamúsikskólann og Tónlistarskólann í Reykjavík.

Haustið 1973 veitti Ford Foundation í Bandaríkjunum um fjögurra milljón króna styrk til Barnamúsikskólans til þess að semja námsskrá, gera marklýsingar og velja námsefni fyrir undirbúningsstig tónlistarskóla. Unnið skyldi að þessu í samvinnu milli íslenskra og bandarískra námsefnissérfræðinga, og lögð á það áhersla að nýta mætti niðurstöður þessarar vinnu bæði í Bandaríkjunum og á Íslandi.

Haustið 1973 var strax hafist handa um þetta verk. Upphaflega voru 5 bandaríkjamenn í vinnuhópnum og 3 íslendingar. Íslendingarnir voru Njáll Sigurðsson, Sigríður Pálmadóttir og Stefán Edelstein, en seinna kom Jón Hlöðver Áskelsson í hópinn í stað Sigríðar.

Á fundi í New York í september 1973 var mótuð stefna í sambandi við þessa vinnu. Íslendingarnir fóru síðan í 3ja vikna ferð til Bandaríkjanna í nóvember 1973 til að kynna sér vinnu við námsskrárgerð í tónlist. Í mánuðunum desember 1973 til maí 1974 voru fyrstu drög að marklýsingum samin. Í júní 1974 var sameiginlegur vinnufundur íslendinga og bandaríkjamanna haldinn hér heima. Á þeim fundi voru fyrstu drögin endurskoðuð. Íslendingarnir unnu síðan að öðrum áfanga verksins yfir sumarið og fram eftir hausti. Á vinnufundum í Bandaríkjunum í nóvember 1974 voru þessi drög rædd og endurskoðuð. Verið er nú að vinna að þriðju drögum sem væntanlega verða gagnrýnd aftur og breytt á vinnufundi með bandaríkjamönnunum sem haldinn verður í júní 1975 að Laugalandi í Eyjafirði.

Það kom fljótlega í ljós, að útilokað væri að semja bindandi námsskrá í tónlist fyrir ákveðið skólastig (forstig tónlistarskóla) sem henta myndi bæði hér og í Bandaríkjunum. Um það voru allir aðilar sammála. Því var farin sú leið að reyna

að semja rammanámsskrá í tónlist sem hefur almennt gildi við hvaða aðstæður sem er. Áhersla er lögð á nákvæmar og ýtarlegar marklýsingar og síðan gefnar ábendingar um framkvæmd (þ. e. kennsluhætti). Hins vegar er ekki farið út í það að velja kennsluefni því að það myndi aftur binda kennarann.

Ætlunin er að ganga þannig frá þessari almennu rammanámsskrá í lokin, að hægt sé að taka hana og aðlaga hvaða skólakerfi og kennsluaðstæðum sem er, t. d. almennum grunnskóla, tónlistarskólum o. s. frv. Þessi aðlögunarvinna er fólgin í því að velja námsefni sem þjónar þeim markmiðum sem ákveðið er að leggja áherslu á á viðkomandi skólastigi eða við sérstakar kennsluaðstæður. Það er sveigjanleiki í námsskránni, hægt að laga hana að aðstæðum hverju sinni.

### Vinna framundan.

Ford Foundation hefur aðeins heitið styrk til tveggja ára. Hins vegar liggur ljóst fyrir, að verkið er það umfangsmikið og þátttakendur geta aðeins unnið að því í hjáverkum og frítíma, að því verður ekki lokið fyrr en í fyrsta lagi haustið 1976 og jafnvel ekki fyrr en 1977 ef hafður er í huga frágangur til prentunar og útgáfu. Ef til vill veitir Ford Foundation viðbótarstyrk í 2 ár til að ljúka verkinu en ekkert er um það vitað. Þegar verkinu er lokið verður bókin gefin út í Bandaríkjunum. Myndi einnig þurfa að þýða bókina á íslensku og gefa út. Rammanámsskrá í tónlist hefur mikið gildi hér, sérstaklega þegar sameiginleg stefna yrði mörkuð í málum tónlistarskólanna.

---

Skólahljómsveitir er æskilegt að efla og fór menntamálaráðuneytið fram á 5 milljónir króna í því skyni við gerð fjárlaga fyrir árið 1975, því að slíkar hljómsveitir eru kostnaðarsamar. Eigi fékkst fjárveiting að þessu sinni.

Þess má geta, að í lögum nr. 12/1970, um menntaskóla, er gert ráð fyrir, að unnt sé að velja tónlist sem einn þátt í námi til stúdentsprófs. Er samstarf milli tónlistarskóla og menntaskóla um framkvæmd þessa ákvæðis og hefur ríkissjóður endurgreitt hluta af skólagjöldum menntaskólanema í tónlistarskólum, ef tónlistarnám þeirra er veigamikill liður í námsefni til stúdentsprófs.

Í fylgiskjali I hér á eftir er yfirlit um þá tónlistarskóla, sem starfandi eru í landinu og greiðslur til þeirra af fjárveitingu Alþingis, kennslustundafjölda og fjölda kennara við skólana.

Frv. þetta, ef að lögum verður, er talið hafa aukin útgjöld í för með sér, sem nemur 10—11 millj. króna fyrir ríkissjóð. Miðað er við að skólagjöld nemenda geti lækkað um 50%, en þau munu nú vera um 10—30 þús. kr. fyrir nemanda.

Greinargerð sú, sem fylgdi frumvarpinu, fer hér á eftir:

### „Inngangur.

Frumvarp þetta er samið af nefnd, sem menntamálaráðuneytið skipaði 27. apríl 1973 til að endurskoða gildandi lög um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, nr. 12 frá 1963. Í nefndina voru skipaðir Kristinn Hallsson, fulltrúi í menntamálaráðuneytinu, sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar, Ólafur Vignir Albertsson, skólastjóri Tónlistarskóla Mosfellssveitar, tilnefndur af samtökum tónlistarskólastjóra, og Bjarni Einarsson, bæjarstjóri á Akureyri, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

### Forsaga.

Hinn 27. maí 1960 samþykkti Alþingi svofellda ályktun: „Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta undirbúa löggjöf um tónlistarfræðslu, þar sem m. a. séu sett skýr ákvæði um aðild ríkisins að þessari fræðslu, hlutdeild ríkisins í greiðslu kostnaðar við tónlistarskóla og hvaða skilyrði skólar þessir þurfi að uppfylla til að

njóta ríkisstyrks þessa.“ Þáverandi menntamálaráðherra, dr. Gylfi Þ. Gíslason, kvaddi skólastjóra tónlistarskólanna til fundar í Reykjavík dagana 1. og 2. október 1962. Voru þar rædd málefni skólanna almennt, þ. á m. fjárhagsgrundvöllur þeirra.

Í framhaldi af þingsályktuninni og fundinum skipaði menntamálaráðherra þriggja manna nefnd til þess að semja lagafrumvarp um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla. Í nefndinni áttu sæti Magnús Jónsson, alþm., Jón Nordal, skólastjóri Tónlistarskólans í Reykjavík, og Birgir Thorlacius, ráðuneytisstjóri. Nefndin samdi frumvarp til laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla og var það lagt sem stjórnarfrumvarp fyrir Alþingi á 83. löggjafarþingi 1962. Frumvarp þetta varð að lögum og eru þau nr. 12 frá 20. apríl 1963.

Löggjöf þessi var þá tvímælalaust þýðingarmikið spor í rétta átt. Hefur reynslan sýnt, að hún hefur orðið til mikillar eflingar tónlistarstarfsemi um land allt.

Meginstefna laganna var, að tónlistarskólarnir væru áfram einkaskólar, en nytu stuðnings úr ríkissjóði og frá hlutaðeigandi sveitarfélögum.

### Annmarkar gildandi laga.

Á aðalfundi samtaka tónlistarskólastjóra 1972 komu fram óskir um breytingar laga þessara, sem gerðu ráð fyrir eftirfarandi:

1. Lækkun skólagjalda.
2. Gera sveitarfélög virkari aðila að rekstri skólanna.
3. Reyna að losa skólana við ótryggan rekstur, sem skapaðist af verðbreytingum og hækkandi launakostnaði.
4. Styrkja stöðu kennara með því að skapa þeim möguleika á að njóta réttinda, svo sem í lífeyrissjóðum og fleira.

Hér skal í stuttu máli gerð grein fyrir ástæðum þessara óska.

Í annarri grein gildandi laga segir svo:

„Tónlistarskólar, sem fullnægja framangreindum skilyrðum, skulu fá allt að ⅓ rekstrarkostnaðar síns greiddan úr ríkissjóði, en þó aldrei hærri fjárhæð en nemur framlagi hlutaðeigandi sveitarfélags til skólans.“

Tónlistarnám er í eðli sínu dýrt þar eð mikill hluti þess fer fram í einkatímum. Samkvæmt framangreindu lagaákvæði hefur fjárveitingavald ríkisins sjálfdæmi hverju sinni um hve hár ríkisstyrkurinn verður, en hann hefur aldrei náð ⅓ rekstrarkostnaðar tónlistarskólanna sem heildar. Mjög misjafnlega hefur og tekist að fá sveitarfélögin til að hækka fjárframlög sín.

Tónlistarskólum ber að senda rekstraráætlun inn hálfu ári áður en fjárlög eru samþykkt, og eru fjárveitingar við þær miðaðar. Þetta kemur ekki að sök þegar verðlag er stöðugt. En á tímum örra breytinga verðlags og launa, eins og verið hafa að undanförnu, veldur þetta skólunum mikilli rekstraráhættu. Eru mjög mörg dæmi um, að í rekstraráætlunum tónlistarskóla hafi ekki verið gert nægilega vel ráð fyrir verðlagsbreytingum og að fram hafi komið rekstrarhalli, sem orðið hafi að jafna með hækkunum skólagjalda. Allt hefur þetta valdið því, að skólagjöld hafa hækkað, og hafa þau oft orðið mun meira en sá þriðji hluti námskostnaðar, sem upphaflega var gert ráð fyrir að þau yrðu. Er nú svo komið, að heildarkostnaður við tónlistarnám barns er orðinn allt að kr. 25 000.00, sem er efnaminni fjölskyldum ofviða, sérstaklega þegar um stórar fjölskyldur er að ræða.

Hinn ótryggi rekstur tónlistarskólanna bitnar einnig oft á kennurum skólanna, sem auk þess hafa ekki notið réttinda sem opinberir starfsmenn. Nánari tengsl skólanna við sveitarfélögin munu geta bætt verulega úr.

### Framtíðarstefna.

Nefndarmenn eru sammála um að stefna beri að sem nánustum tengslum tónlistarfræðslunnar við skólakerfi landsins. Tónlistarnám getur eðli sínu samkvæmt skipst í grunnskólanám, framhaldsnám og háskólanám. Stefna ber að því að svo

verði og einnig að hinu, að allir landsmenn eigi kost á að njóta tónlistarfræðslu, án tillits til efnahags eða búsetu. Virðist eðlilegt markmið, að fyrsta stig tónlistarfræðslunnar tengist grunnskólunum og fari fram um land allt. Tónlistarfræðsla á framhaldsskólastigi færi fram í a. m. k. einum stað í hverjum landshluta, en háskólafræðsla á einum eða tveimur stöðum í landinu.

Þó nefndin sé sammála um, að þetta sé það markmið, sem stefna beri að, eru nefndarmenn sammála um, að eins og sakir standa sé ekki unnt að leggja fram tillögur í fullu samræmi við það markmið.

Ástæður þess eru í fyrsta lagi að nú stendur yfir umfangsmikil endurskoðun fræðslukerfis þjóðarinnar. Er eðlilegt að tónlistarkennslan verði löguð að hinu endurskoðaða kerfi þegar höfuðdrættir þess hafa verið lögfestir. En vegna þess, að breytingar á kerfi tónlistarfræðslunnar eru brýnar, sbr. það sem fram hefur komið hér að framan, telur nefndin nauðsynlegt að gera breytingar á gildandi lögum sem bæti úr verstu ágöllum laganna. Telur nefndin það vera hlutverk sitt að leggja fram slíkar tillögur. En nefndin telur, að í kjölfar setningar nýrra laga um skólakerfi og grunnskóla eigi að taka skipulag tónlistarfræðslunnar til gagngerðari endurskoðunar í samræmi við þau markmið, sem sett hafa verið fram hér að framan.

Bent skal á, að þegar er hafið samstarf nokkurra menntaskóla og tónlistarskóla. Geta nemendur menntaskólanna sótt nám í tónlist sem valgrein eða kjörsvið. Ber að fagna þessu og telja það vera spor í átt að framangreindu markmiði.

## Um frumvarpið.

Frumvarp þetta ber því að skoða sem bráðabirgðabreytingar á gildandi lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla og sem áfanga að því markmiði að fella tónlistarnámið að hinu almenna fræðslukerfi. Þetta frumvarp miðar fyrst og fremst að því að tryggja grundvöll tónlistarfræðslunnar í landinu í svipuðu formi og hún er nú og koma í veg fyrir, að tónlistarfræðsla verði hluti forréttinda hinna efnameiri borgara. Frumvarpið felur það í sér, að laun kennara verða í reynd greidd af ríki og sveitarfélögum. Verður gerð fjárhagsáætlana skólanna þá mun einfaldari og rekstur þeirra traustari og áhættuminni.

Sá kostnaður, sem skólagjöldum er ætlað að bera lækkar til muna. Árið 1973 voru launagreiðslur 81% heildarkostnaðar tónlistarskólanna og 1974 eru þær áætlaðar 82% heildarkostnaðarins, sem hefur verið áætlaður 68 250 þúsund kr. Bendir flest til þess að þetta hlufall fari hækkandi, og að ef ekkert verður gert til að snúa þróuninni við geti stór hluti íslenskra foreldra af kostnaðarástæðum ekki veitt börnum sínum aðgang að tónlistarnámi, sem brýtur algjörlega í bága við grundvallarstefnu hins íslenska menntakerfis.

Frumvarp þetta tryggir að þróun þessari verði snúið við og að skólagjöld lækki u. þ. b. um helming frá því sem nú er.

Nefndin telur, í stuttu máli sagt, að frumvarp þetta komi fyllilega til móts við óskir skólastjóra tónlistarskólans frá 1972, sem getið var hér að framan. Auk þess að tryggja rekstur skólanna og lækkun skólagjalda gerir frumvarpið ráð fyrir virkari þátttöku sveitarfélaganna í rekstri skólanna, og þar sem reiknað er með að sveitarfélögin ráði kennara skólanna, ættu þeir þar með að njóta sömu réttinda og aðrir opinberir starfsmenn. Breytingar verðlags hafa þá einnig mun minni áhrif á rekstur skólanna, sem fyrir bragðið verður mun einfaldari og áhættuminni.

Í stuttu máli hafa þær lagabreytingar, sem frumvarp þetta felur í sér, eftirfarandi í för með sér:

1. að skólagjöld lækka um ca. helming,
2. að sveitarfélögin eru orðin virkari þátttakandi í rekstri skólanna,
3. að skólarnir losna undan áhrifum verðbreytinga hækkandi launakostnaðar,
4. að þar sem kennarar við tónlistarskólana verða ráðnir af sveitarfélaginu ætti að vera auðvelt að veita þeim sömu réttindi og öðrum kennurum, þ. e. aðild að lífeyrissjóðum o. s. frv.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

1. töluliður skal vera: „Hefur að minnsta kosti einn fastan kennara auk stundakennara.“ Þar sem töluliður 4 nefnir að minnsta kosti 30 nemendur, telur nefndin ónauðsynlegt að skylda skóla til að hafa fleiri kennara en þarf til að kenna 30 nemendum.

3. töluliður skal vera: „Veitir hverjum nemanda kennslu í aðalnámsgrein eina stund í viku. Auk þess séu að minnsta kosti tvær aukanámsgreinar kenndar í hóptímum (tónfræði, tónheyrn, tónlistarsaga og samleikur).“ Fellt hefur þá verið í burtu „einum í einu“. Er það gert vegna þess, að byrjunarkennsla hefur á síðari árum þróast í þá átt að vera kennd í hóptímum og þykir þá ekki rétt að binda skólana við einstaklingskennslu. Þá er einnig breytt orðinu „hljóðfæraleik“, enda eru margir skólarnir farnir að kenna t. d. söng, og aðalnámsgrein gæti verið t. d. tónsmíðar, auk hljóðfæraleiks, svo að ástæðulaust þykir að binda skólana hvað þetta varðar.

Um 2. gr.

Í stað ákvæðis um, að ríkissjóður greiði allt að ⅓ rekstrarkostnaðar tónlistarskólanna koma ákvæði, sem skylda sveitarfélögin til að greiða laun kennara, en ríkinu jafnframt gert skylt að endurgreiða hluta þess kostnaðar. Greinin felur það í sér, að tónlistarkennarar verða starfsmenn sveitarfélaganna.

Um 3. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Tillögur til fjárlaga þurfa að berast menntamálaráðuneytinu fyrir 1. júní ár hvert. Hér er gert ráð fyrir að sveitarstjórnir hafi einn mánuð til að athuga áætlanirnar áður en þær eru sendar ráðuneytinu.

Um 5. gr.

Breytingarnar eru í samræmi við breytingarnar á 2. grein og 4. grein.

Um 6. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Dagsetning 15. júní breytist í 1. júní til samræmis við 4. grein.

Um 8. og 9. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 10. gr.

Greinin er ný, en ástæða þykir til að hafa ákvæði hennar í lögum.

Um 11. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

## TÓNLISTARSKÓLAR

| | Kennslust. fjöldi | Fastir kennarar | Stunda-kennarar | Áætl. í júní '73 v/starfs-ársins '74 | Þar af húsaleiga ljós + hiti | Fjárveiting 1974, kr. 22 millj. Greiðslur | Tillaga menntamálaráðuneytis við gerð fjárlaga 1975 | Fjárveiting 1975 38 740 000,00 sem ráðuneytið hefur skipt þannig milli skóla |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | þús. kr. | þús. kr. |
| 1. Tónlistarskóli Akraness ..... | 102 | 3 | 3 | 1 200 000 | 330 000 | 1 050 000 | 1 700 | 1 530 |
| 2. — Akureyrar ..... | 226 | 7 | 5 | 2 700 000 | 750 000 | 2 400 000 | 3 260 | 2 940 |
| 3. — Árnessýslu ..... | 113 | 3 | 7 | 1 095 000 | 210 000 | 1 100 000 | 1 800 | 1 620 |
| 4. — Bolungarvíkur ..... | 43 | 1½ | 0 | 450 000 | 100 000 | 450 000 | 750 | 675 |
| 5. — Borgarfjarðar ..... | 40 | 1 | 2 | 350 000 | 150 000 | 500 000 | 570 | 685 |
| 6. — Dalvíkur ..... | 42 | 1 | 1 | 450 000 | 120 000 | 400 000 | 570 | 515 |
| 7. — Egilsstaða ..... | 59 | 1 | 3 | 536 000 | 170 000 | 500 000 | 980 | 880 |
| 8. — Fáskrúðsfjarðar ..... | 20 | 1 | 0 | 250 000 | 114 000 | 250 000 | 400 | 360 |
| 9. — Garðahrepps ..... | 223 | 3 | 6 | 1 500 000 | 200 000 | 1 500 000 | 2 530 | 2 280 |
| 10. — Hafnarhrepps ..... | 32 | 1 | 1 | 300 000 | 125 000 | 300 000 | 520 | 585 |
| 11. — Hafnarfjarðar ..... | 175 | 3 | 4 | 1 250 000 | 300 000 | 1 300 000 | 2 350 | 2 115 |
| 12. — Húsavíkur ..... | 88 | 2 | 3 | 850 000 | 200 000 | 850 000 | 1 970 | 1 775 |
| 13. — Ísafjarðar ..... | 152 | 3 | 5 | 1 600 000 | 360 000 | 1 350 000 | 2 010 | 1 810 |
| 14. — Keflavíkur ..... | 150 | 2½ | 6 | 1 200 000 | 250 000 | 1 200 000 | 1 900 | 1 710 |
| 15. — Kópavogs ..... | 242 | 2 | 14 | 2 375 000 | 1 090 000 | 2 050 000 | 3 250 | 2 925 |
| 16. — Mosfellshrepps ..... | 70 | 1 | 5 | 550 000 | 155 000 | 550 000 | 850 | 765 |
| 17. — Neskaupstaðar ..... | 46 | 2 | 0 | 400 000 | 90 000 | 400 000 | 750 | 675 |
| 18. — Ólafsfjarðar ..... | 44 | 1 | 0 | 480 000 | 92 000 | 400 000 | 620 | 560 |
| 19. — Skagafjarðar ..... | 52 | 2 | 1 | 500 000 | 100 000 | 500 000 | 750 | 675 |
| 20. — Siglufjarðar ..... | 43 | 2 | | 380 000 | 200 000 | 0 | | 540 |
| 21. — Stykkishólms ..... | 60 | 1 | 1 | 436 000 | 130 000 | 440 000 | 600 | 630 |
| 22. — V.-Húnavatnss. ..... | 25 | 1 | 0 | 240 300 | 100 000 | 250 000 | 420 | 470 |
| 23. — A.-Húnavatnss. ..... | 62 | 1 | 2 | 336 000 | 120 000 | 300 000 | 760 | 680 |
| 24. — V.-Barðastr.s. ..... | 50 | 1 | 3 | 340 000 | 146 000 | 340 000 | 620 | 560 |
| 25. — Vestmannaeyja ..... | | | | | | 0 | 850 | 765 |
| 26. Tónskóli Sigursveins D. Kristinss. | 271 | 4 | 19 | 2 771 000 | 800 000 | 2 350 000 | 3 870 | 3 485 |
| 27. Tónlistarskóli Grindavíkur ..... | 25 | 1 | 0 | 350 000 | 300 000 | 350 000 | 550 | 500 |
| 28. Söngskólinn í Reykjavík ..... | 115 | 1 | 7 | 1 100 000 | 600 000 | 1 100 000 | 2 800 | 2 520 |
| 29. Tónlistarskóli Rangæinga ..... | | | | | | | 420 | 0 |
| | 2 570 | 53 | 98 | 23 989 300 | 7 302 000 | 22 180 000 | | |
| 30. — Seyðisfj. ..... | | | | | | | 600 | 540 |
| 31. — Seltjarnarness ..... | | | | | | | 700 | 720 |
| 32. — Eskifjarðar ..... | | | | | | | 750 | 675 |
| 33. — Neshr. Hellissandi ..... | | | | | | | 400 | 360 |
| 34. — Grundarfjarðar ..... | | | | | | | | 360 |
| 35. — Ólafsvíkur ..... | | | | | | | | 540 |
| 36. — Vopnafjarðar ..... | | | | | | | | 270 |
| | | | | | | | 40 870 | 38 695 |

**Fylgiskjal II.**

## Áætlaðar launagreiðslur tónlistarskóla á árinu 1975.

Eftirgreindar tölur eru frá skólunum sjálfum og miðaðar við launagreiðslur eins og þær voru í lok ársins 1974.

| | Tónlistarskólar | Þús. kr. |
|---|---|---|
| 1. | Akranesi | 3 472 |
| 2. | Akureyri | 7 780 |
| 3. | Árnessýslu | 4 200 |
| 4. | Bolungarvík | 1 520 |
| 5. | Borgarfirði | 2 335 |
| 6. | Dalvík | 1 053 |
| 7. | Egilsstöðum | 3 400 |
| 8. | Fáskrúðsfirði | 800 |
| 9. | Garðahreppi | 6 600 |
| 10. | Grindavík | 940 |
| 11. | Hafnarhreppi | 1 050 |
| 12. | Hafnarfirði | 3 086 |
| 13. | Húsavík | 5 180 |
| 14. | Ísafirði | 4 500 |
| 15. | Keflavík | 5 066 |
| 16. | Kópavogi | 9 235 |
| 17. | Mosfellshreppi | 2 186 |
| 18. | Neskaupstað | 1 960 |
| 19. | Ólafsfirði | 2 550 |
| 20. | Rangárvallasýslu | |
| 21. | Seyðisfirði | 659 |
| 22. | Skagafirði | 1 100 |
| 23. | Siglufirði | 1 429 |
| 24. | Stykkishólmi | 1 050 |
| 25. | V.-Húnavatnssýslu | 1 170 |
| 26. | A.-Húnavatnssýslu | 1 800 |
| 27. | V.-Barðastrandarsýslu | 900 |
| 28. | Vestmannaeyjum | 2 200 |
| 29. | Söngskólinn í Reykjavík | 6 500 |
| 30. | Tónskóli Sigursveins D. Kristinssonar | 8 200 |
| 31. | Tónlistarskólinn á Seltjarnarnesi | 2 484 |
| 32. | Vopnafirði | 975 |
| 33. | Eskifirði og Reyðarfirði | 2 000 |
| 34. | Hellissandi | 900 |
| 35. | Ólafsvík | 1 950 |
| 36. | Grundarfirði | 750 |
| | | 100 980 |
| 37. | Tónlistarskólinn í Reykjavík | 12 047 |
| 38. | Barnamúsikskólinn í Reykjavík | 7 850 |
| | Samtals kr. | 120 877 |

# Ed. 419. Frumvarp til laga [225. mál]

um Hússtjórnarkennaraskóla Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 96. löggjafarþingi, 1974—75.)

## I. KAFLI
### Tilgangur, námstími og réttindi.

**1. gr.**

Hússtjórnarkennaraskóli Íslands skal annast menntun hússtjórnarkennara og matráðsmanna.

**2. gr.**

Hússtjórnarkennaraskóli Íslands skal starfa í tveimur deildum, kennaradeild og matráðsmannadeild.

Kennaradeild býr nemendur undir kennslu í heimilisfræðum, svo og þeim greinum öðrum, er reglugerð ákveður, í grunnskólum og framhaldsskólum ásamt störfum við rannsóknir og leiðbeiningaþjónustu neytenda og atvinnuvega.

Matráðsmannadeild menntar starfsmenn til þess að veita forstöðu mötuneytum sjúkrahúsa, heimavistarskóla, vistheimila og annarra stofnana.

**3. gr.**

Lokapróf frá Hússtjórnarkennaraskóla Íslands veita réttindi til þeirra starfa, er talin eru í annarri grein samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

**4. gr.**

Hússtjórnarkennaraskóli Íslands skal vera þriggja ára skóli. Námstími skal vera 110—120 vikur.

Skiptingu kennslunnar í námstímabil skal ákveða í reglugerð.

## II. KAFLI
### Inntökuskilyrði, námsgreinar og próf.

**5. gr.**

Inntökuskilyrði í Hússtjórnarkennaraskóla Íslands eru:

a) Stúdentspróf ásamt 20 vikna hússtjórnarnámskeiði.
b) Próf úr heimilisfræðaskóla, að viðbættu prófi úr tveggja ára framhaldsdeildum gagnfræðaskóla.
c) Með samþykki menntamálaráðuneytis má veita umsækjendum með annað nám að baki skólavist, ef skólastjórn telur það jafngilt og mælir með því. Þeir, sem besta undirbúningsmenntun hafa, sitja fyrir um skólavist.
d) Nemandi skal eigi haldinn neinum kvilla, er öðrum geti að meini orðið og hamli skólavist að dómi skólastjórnar.

**6. gr.**

Í báðum deildum Hússtjórnarkennaraskóla Íslands skal kenna þessar námsgreinar:

a) Íslensku og íslensk fræði, framsögn.
b) Næringarefnafræðigreinar.
c) Raungreinar.
d) Hagfræði- og félagsfræðigreinar.
e) Heilbrigðisfræðigreinar og umhverfisvernd.
f) Í kennaradeild skal kenna uppeldisgreinar. Í matráðsmannadeild skal kenna verkstjórn og áætlanagerð, sjúkdómafræði og um sérfæði (diet).

**7. gr.**

**Þær kennsluæfingar, sem ekki fara fram í skólanum eða í æfinga- og tilraunaskóla Kennaraháskóla Íslands, verði í skólum þeim, sem menntamálaráðuneyti ákveður, að fengnum tillögum skólastjóra Hússtjórnarkennaraskóla Íslands, og skal hafa um þetta samráð við fræðsluskrifstofur og skólastjóra viðkomandi skóla.**

**8. gr.**

Nemendur matráðsmannadeildar Hússtjórnarkennaraskóla Íslands skulu fá verklega kennslu í stofnunum ríkis og Reykjavíkurborgar, eftir samkomulagi þar um við forráðamenn viðkomandi stofnana.

Skylt er leiðbeinendum, sem taka að sér verklega kennslu nema í matráðsmannadeild að veita þeim tilsögn í samráði við skólastjóra Hússtjórnarkennaraskóla Íslands samkvæmt reglugerð.

**9. gr.**

**Próf skal halda í lok hvers námstímabils. Við lokapróf í hverri grein skulu prófdómendur skipaðir af menntamálaráðuneyti, að fengnum tillögum skólastjóra.**

**Í reglugerð skal ákveða nánar um prófgreinar, próftíma, lágmarkseinkunnir, skiptingu lokaprófs á námstímabil og annað er að prófum lýtur.**

## III. KAFLI

## Skólastjórn og kennarar.

**10. gr.**

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn Hússtjórnarkennaraskóla Íslands.

Það skipar sex manna skólanefnd þannig: Formann nefndarinnar án tilnefningar, einn samkvæmt tilnefningu Kennaraháskóla Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Kvenfélagasambands Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Kennarafélagsins Hússtjórnar, einn samkvæmt tilnefningu Félags matráðskvenna og einn samkvæmt tilnefningu nemenda í skólanum. Gildir skipun nemendafulltrúans eitt ár en hinna fjögur. Verði atkvæði jöfn við afgreiðslu máls, ræður atkvæði formanns úrslitum.

Formaður skólanefndar boðar til fundar þegar hann telur ástæðu til eða þegar skólastjóri eða einhver nefndarmanna æskir, þó eigi sjaldnar en einu sinni á ári.

Skólastjóri á rétt til setu á fundum nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétti, nema þegar fjallað er um mál, er varða hann persónulega.

**11. gr.**

Skólastjóri og fastir kennarar ásamt einum fulltrúa nemenda úr hvorri deild skólans, mynda skólaráð, sem er skólastjóra til ráðuneytis um skólastarfið.

Skólastjóri stýrir fundum skólaráðs.

**12. gr.**

**Skólastjóri og fastir kennarar skólans eru embættismenn ríkisins og taka laun samkvæmt kjarasamningum.**

**Skólastjóri skal skipaður af forseta Íslands. Menntamálaráðherra skipar kennara, að fengnum tillögum skólanefndar og skólastjóra.**

**Hann ræður einnig yfirkennara, ef þurfa þykir, að fengnum tillögum skólastjóra.**

**13. gr.**

**Heimilt er skólastjóra að kveðja kennara sér til aðstoðar við eftirlit og umsjón í skólanum.**

**Enn fremur skulu kennarar starfa með nemendum utan kennslustunda í samráði við skólastjóra og vinna önnur störf í þágu skólans, eftir því sem ástæður leyfa og ákveðið er í reglugerð og erindisbréfi.**

Má þá fækka skyldustundum kennara, svo og vegna mikillar heimavinnu eða annarra aukastarfa, að fengnu samþykki menntamálaráðuneytis.

14. gr.

Þá eina má setja skólastjóra og kennara við Húsmæðrakennaraskóla Íslands, sem lokið hafa fullnaðarprófi frá Húsmæðrakennaraskóla Íslands, Húsmæðrakennaraskóla Íslands eða hafa kennarapróf frá hliðstæðum kennaraskólum erlendum og hafa stundað framhaldsnám í húsmæðrafræðum, uppeldisfræðum eða „diet"-fræðum.

Þeir kennarar, er lokið hafa kandidatsprófi frá Norræna búsýsluskolanum eða kandidatsprófi í einhverri aðalkennslugrein skólans, að viðbættri uppeldisfræðilegri menntun, sitja að öðru jöfnu fyrir um stöður.

Til þess að fá skipun við skólann þurfa kennarar að hafa stundað framhaldsnám, sem menntamálaráðuneyti metur gilt á hverjum tíma. Skólastjóri ræður sérfræðinga til stundakennslu.

15. gr.

Menntamálaráðherra setur skólanefnd, skólastjóra og kennurum erindisbréf.

## IV. KAFLI
## Ýmis ákvæði.

16. gr.

Stofn- og rekstrarkostnaður Húsmæðrakennaraskóla Íslands greiðist úr ríkissjóði. Menntamálaráðuneyti ákveður heimavistargjöld og þátttöku nemenda vegna efniskostnaðar, að fengnum tillögum skólastjóra.

17. gr.

Skólastjóri ræður, með samþykki menntamálaráðuneytis, starfslið til að annast húsvörslu, ræstingu, skrifstofustörf og önnur nauðsynleg störf vegna rekstrar skólans.

18. gr.

Nú óskar kennari að hverfa frá störfum um skeið til að efla þekkingu sína eða kennarahæfni, og skal hann þá senda menntamálaráðuneytinu beiðni um orlof ásamt greinargerð um, hvernig hann hyggst verja orlofstímanum, sem skal notaður til a) reglulegs náms í viðurkenndri menntastofnun, eða b) a. m. k. tveggja mánaða námsferðar, sem skipulögð er og/eða boðið til af aðila eða stofnun, sem menntamálaráðuneytið viðurkennir.

Ef menntamálaráðuneytið telur umsókn og greinargerð kennara fullnægjandi, getur það veitt honum orlof allt að einu ári með föstum embættislaunum.

Menntamálaráðuneytið getur veitt kennara, er orlof hlýtur, styrk til að standa straum af kostnaði við ferðalög og námsdvöl í sambandi við orlofið, ef hann ver því til að stunda reglulegt nám við viðurkennda menntastofnun eða til námsferðar, sem hann nýtur ekki sambærilegs styrks til frá öðrum aðilum. Þá getur menntamálaráðuneytið auglýst eftir umsækjendum til að leggja fyrir sig tiltekið nám, gegn veitingu orlofs og/eða sérstakra styrkja. Styrki til viðbótar orlofi má veita af fé því, sem í fjárlögum er hverju sinni ætlað til að kosta orlof kennara. Þá getur menntamálaráðuneytið eða aðrir aðilar í samstarfi við það efnt til allt að þriggja vikna námsferða með hópum kennara á þeim árstíma, sem skólar hérlendis starfa ekki, og veitt af orlofsfjárveitingu styrk, sem nemur allt að ⅔ af áætluðum ferða- og dvalarkostnaði þeirra kennara, sem þátt taka í slíkum hópferðum.

Orlof skv. 2. mgr. má veita kennara, sem gegnt hefur embætti í 10 ár, settur eða skipaður. Skemmra orlof en 4 mánuðum nemur, til tiltekins náms- eða námsferða skv. 3. málsgr., má veita kennara, sem gegnt hefur embætti í 5 ár, settur eða

skipaður. Enginn kennari getur fengið á starfsævi sinni hærri fjárhæð í orlof en nemur tveggja ára embættislaunum.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um framkvæmd orlofs kennara. Skal þess gætt eftir föngum, að umsóknir og ákvarðanir um orlof berist réttum aðilum tímanlega og að orlof torveldi ekki störf skólanna yfirleitt. Að orlofi loknu er kennurum skylt að senda ráðuneytinu skýrslu um störf sín og nám á orlofstímanum, og er ráðuneytinu heimilt að birta slíkar skýrslur. Skilyrði má setja þeim, sem hljóta orlof og/eða styrk til reglulegs náms, að þeir starfi að námi loknu að skólamálum eða kennslu á Íslandi minnst þrjú ár.

Ákvæði þessarar greinar taka einnig til skólastjóra.

**19. gr.**

**Skylt er Húsmæðrakennaraskóla Íslands að fenginni sérstakri fjárveitingu og í samráði við menntamálaráðuneyti, að halda endurhæfingarnámskeið í sérgreinum skólans fyrir húsmæðrakennara og matráðsmenn.**

**20. gr.**

**Í reglugerð skal setja ákvæði um heilsuvernd í skólanum.**

**21. gr.**

**Menntamálaráðuneyti setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.**

**22. gr.**

**Lög þessi öðlast þegar gildi, og tekur Húsmæðrakennaraskóli Íslands þá við hlutverki Húsmæðrakennaraskóla Íslands. Teljast fastir starfsmenn Húsmæðrakennarskóla Íslands starfsmenn Húsmæðrakennaraskóla Íslands frá sama tíma.**

## Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 29. nóvember 1971 skipaði menntamálaráðuneytið nefnd til þess að endurskoða gildandi lög um húsmæðrafræðslu og lög um Húsmæðrakennaraskóla Íslands. Í nefndina voru skipuð: Steinunn Ingimundardóttir, skólastjóri, samkvæmt tilnefningu skólastjóra húsmæðraskólanna og var hún jafnframt skipuð formaður nefndarinnar, Björn Halldórsson, skrifstofustjóri, samkvæmt tilnefningu Sambands ísl. sveitarfélaga, Halldóra Eggertsdóttir, form. Kennarafélagsins Húsmæðrakennara, samkv. tilnefningu félagsins, Sigríður Haraldsdóttir, kennari, samkvæmt tilnefningu Kvenfélagasambands Íslands, og Vigdís Jónsdóttir, skólastjóri Húsmæðrakennaraskóla Íslands, skipuð án tilnefningar.

Nefndin sendi ráðuneytinu með bréfi 7. mars 1973 tvö lagafrumvörp: um Húsmæðrakennaraskóla Íslands og um heimilisfræðaskóla. Frumvörp þessi voru bæði lögð fyrir Alþingi, 93. löggjafarþing, 1973 í þinglok til kynningar og á ný fyrir 94. löggjafarþing 1974 og þá með nokkrum breytingum, sem ráðuneytið hafði gert.

Helstu breytingar á frv. til laga um Húsmæðrakennaraskóla Íslands voru þessar:

1) Felld er niður svofelld grein, sem var í upphaflega frumvarpinu:
   „Lög þessi skal endurskoða samtímis endurskoðun laga um Kennaraháskóla Íslands, þó eigi síðar en að 5 árum liðnum frá gildistöku þeirra."
   Lögin um Kennaraháskólann eru í endurskoðun og lög á að sjálfsögðu að endurskoða hvenær sem ástæða virðist til.
2) Skipan skólanefndar (10. gr.) er breytt þannig, að ráðherra skipar formann án tilnefningar í stað þess að frv. gerði ráð fyrir, að „húsmæðrakennarafulltrúi menntamálaráðuneytisins" skyldi vera formaður. Eigi er ástæða til að ákveða í lögum að starfsmenn í ráðuneytinu skuli vera formenn skólanefnda, sem heyra undir ráðuneytið. Hins vegar væri frjálst að skipa þann starfsmann, sem einkum fjallaði

um málefni skólans í formannsstarfið, ef sérstök ástæða þætti til, en eigi virðist slíkt heppilegt að jafnaði.

Þá er bætt í skólanefndina fulltrúa fyrir þá nemendur, sem nám stunda í skólanum hverju sinni. Er skipunartímabil hans eitt ár, en ekkert er því til fyrirstöðu, að sami nemandi sé endurskipaður meðan hann er í skólanum, ef nemendur æskja.

Eigi virðist ástæða til að lögbinda, að rektor Kennaraháskólans eigi sæti í skólanefnd annars skóla svo sem frumvarpið mælti fyrir um, en í þess stað er gert ráð fyrir að Kennaraháskólinn tilnefni fulltrúa í nefndina.

Öðrum efnisatriðum hefur ráðuneytið ekki breytt, en umhugsunarefni er, hvort nauðsynlegt sé að krefjast stúdentsprófs til inngöngu í skólann, og ef svo er, hvort ekki sé þá réttara að sameina Húsmæðrakennaraskólann Kennaraháskóla Íslands.

Nú er frumvarpið lagt fyrir Alþingi í þriðja sinn, óbreytt frá því, er það lá síðast fyrir þinginu, að öðru leyti en því, að 18. gr., um orlof, er færð til samræmis við orlofsákvæðin í 40. gr. laga nr. 63/1974, um grunnskóla.

Af hálfu nefndarinnar, sem samdi frumvarpið, fylgdi greinargerð sú, sem hér fer á eftir:

„Um 1. gr.

Í þessari grein er nafni skólans breytt úr Húsmæðrakennaraskóli Íslands í Hússtjórnarkennaraskóli Íslands um leið og ákveðnar eru tvær námsbrautir innan skólans, þ. e. fyrir hússtjórnarkennara og matráðsmenn.

Um 2. gr.

Það er hlutverk Hússtjórnarkennaraskóla Íslands að veita kennaranemum fullnægjandi þekkingu og leikni, bæði bóklega og verklega, til að leiðbeina ungum og öldnum í heimilisfræðum.

Skólinn skal temja kennaraefnum fræðilegt viðhorf og þann heildarskilning á nemendum og umhverfi þeirra, er geri þá hæfa til samvinnu við vandamenn nemenda sinna, sérfræðinga og aðra aðila, sem að uppeldismálum vinna.

Miða verður kennsluna að því að kenna öllum nemendum hagkvæm og skipuleg vinnubrögð í námi og starfi, bæði sem einstaklingum og í hópvinnu.

Einnig skal þjálfa sjálfstæða hugsun, glæða hugkvæmni, skyldurækni og félagsþroska.

Skapa ber skólanum aðstöðu til að láta nemendur fylgjast með nýjungum í vísindum og viðhorfum heimilisfræða og um sérfæði.

Um 3. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Samkvæmt gildandi lögum er Húsmæðrakennaraskóli Íslands þriggja ára skóli og starfar í 8—9 mánuði ár hvert, auk 3½ mánaðar sumarnámskeiðs.

Í frumvarpi þessu eru nefndar heildartölur fyrir allan námstímann — 110—120 vikur — en heppilegra þykir að ákvæði um skiptingu hans á námsárin verði sett í reglugerð.

Í frumvarpi því, er hér liggur fyrir, er krafist stúdentsprófs eða ígildis þess til inngöngu í skólann. Kennaranám hússtjórnarkennara verður því hliðstætt námi í Kennaraháskóla Íslands, en þar er námstíminn samkvæmt gildandi lögum 3 ár.

Um 5. gr.

Óhjákvæmilegt er að krefjast stúdentsprófs til inngöngu í Hússtjórnarkennaraskóla Íslands, koma þar til 2 meginatriði:

1. Sífellt meiri kröfur eru gerðar um almenna menntun.
2. Sú veigamikla staðreynd, að nauðsynlegri, faglegri og kennslufræðilegri sérhæfingu kennaraefna verður eigi við komið á þeim tíma, sem í frumvarpinu

er ætlaður, nema nemendur hafi áður aflað sér stúdentsmenntunar eða ígildis hennar.

b og c liðir greinarinnar lúta að því að meta aðfaramenntun og hæfni umsækjanda, er hann hefur aflað sér eftir öðrum menntabrautum.

Um 6. gr.

Námsefni skólans er:

a) Íslenska, íslensk fræði, framsögn.
b) Næringarfræðigreinar: næringarefnafræði, vöruþekking, matreiðsla, tilraunamatreiðsla, sérfæði (diet).
c) Raungreinar: eðlis- og efnafræði, gerlafræði, líffærafræði, lífeðlisfræði, lífefnafræði og stærðfræði.
d) Hagfræði- og félagsfræðigreinar: almenn hagfræði, heimilishagfræði, híbýlafræði, félagsfræði, fjölskyldufræði og bókfærsla.
e) Heilbrigðisfræðigreinar og umhverfisvernd: heilsufræði, hjálp í viðlögum, þvottur og ræsting, viðhald húsa og húsbúnaðar og viðhald fatnaðar.

Í lok greinarinnar er námi hinna tveggja deilda skipt. Kennaraefni nema uppeldisgreinar: sálarfræði, uppeldisfræði, kennslufræði og stunda kennsluæfingar.

Matráðsmenn nema: verkstjórn og áætlanagerð, um sérfæði (diet), sjúkdómafræði og hljóta verklega tilsögn í mötuneytum sjúkrahúsa.

Um 7. gr.

Nemendur Hússtjórnarkennaraskóla Íslands þurfa miklar kennsluæfingar, bæði í bóklegum og verklegum greinum.

Æskilegt er, að skólinn hafi aðstöðu og húsrými til að hafa þessa kennslu innan sinna vébanda. Samstarf skal haft við Kennaraháskóla Íslands um aðstöðu til æfingakennslu.

Fræðsluskrifstofur skulu annast milligöngu um samninga vegna æfingakennslu í skólum, þar sem aðstaða er fyrir hendi.

Um 8. gr.

Nauðsynlegt er að flétta inn í nám matráðsnema Hússtjórnarkennaraskóla Íslands verklega kennslu, sem farið getur fram í mötuneytum sjúkrahúsa og annarra þeirra stofnana, er hafa yfir að ráða vélakosti og aðstöðu sem líkasta þeim, er gerist á bestu vinnustöðum sinnar tegundar.

Um 9. gr.

Grein þessi miðar að því að einfalda próf, jafnframt því sem hún á að gera kleift að fylgjast með nemendum í námi og starfi.

Námsefni skal, eftir því sem reglugerð ákveður, skipt niður í áfanga, og er eðlilegt að ljúka hverjum áfanga með prófi.

Próf í lok fyrsta námsárs á að skera úr um það, hvort nemanda lætur kennsla eða ekki, svo að hann geti í tæka tíð snúið sér að öðru námi eða starfi.

Um 10. gr.

Ákvæði þessu um skólanefnd Hússtjórnarkennaraskóla Íslands er ætlað að tryggja, að í verki nýtist sjónarmið og reynsla þeirra, sem mesta þekkingu hafa á menntun heimilisfræðakennara og matráðsmanna.

Til að tryggja tengsl og samstarf við Kennaraháskóla Íslands þykir rétt, að rektor hans eða fulltrúi eigi sæti í nefndinni.

11., 12. og 13. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 14. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um menntun skólastjóra og kennara og eru þau sett til þess að tryggja, að skólinn hafi ávallt á að skipa hinum hæfustu starfskröftum.

15. og 16. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 17. gr.

Þar sem skólinn er rekinn eingöngu af ríkinu, þykir eðlilegt að skólastjóri annist ráðningu starfsliðs þess, er hér um ræðir, með samþykki menntamálaráðuneytis.

Um 18. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 19. gr.

Vegna sífelldrar þróunar þykir sjálfsagt að Hússtjórnarkennaraskóli Íslands í samvinnu við menntamálaráðuneyti annist endurmenntun og viðbótarmenntun hússtjórnarkennara og matráðsmanna með námskeiðum.

20., 21. og 22. gr.

Þarfnast ekki skýringa.“

## Ed. 420. Frumvarp til laga [226. mál]

um heimilisfræðaskóla.

(Lagt fyrir Alþingi á 96. löggjafarþingi, 1974—75.)

### I. KAFLI
### Markmið, námstími.

1. gr.

Hlutverk heimilisfræðaskóla er að veita verklega og bóklega menntun í hagnýtum greinum heimilisfræða og búa nemendur undir:

1. Hirðingu og umönnun heimilis og fjölskyldu.
2. Störf og þjónustu í hússtjórnargreinum og félagsmálum.
3. Framhaldsnám í æðri skólum, t. d. kennaraskólum, félagsmálaskólum, fósturskólum, hjúkrunarskólum, hótelskólum o. fl.

Ennfremur að veita nemendum á skyldunámsstigi kennslu í heimilisfræðum svo og framhaldsskólanemendum, ef þeir hafa slíkt nám sem valgrein, og skal kveða nánar á um þetta í reglugerð.

Kennslan skal miða að því að þroska sjálfstæði, dómgreind og félagsanda nemenda, jafnframt skal hvetja þá til þess að varðveita menningararf þjóðarinnar.

2. gr.

Starfstími heimilisfræðaskóla skal vera 36 vikur — kennsla og próf — þar sem verkleg kennsla skiptist í þrjár annir: matreiðslu, sauma og þvott og ræstingu, en bóknám dreifist jafnt á allan námstímann. Þó getur ráðuneytið ákveðið frávik frá þessu. Um nánari skiptingu í verklegt og bóklegt nám skal ákveða í reglugerð.

3. gr.

Stofna má til framhaldsnáms í hússtjórnar- og heimilisfræðum fyrir þá, sem hyggjast veita forstöðu mötuneytum og viststofnunum. Menntamálaráðuneyti ákveður hvort og hvenær stofna skuli til slíks framhaldsnáms, og setur í reglugerð ákvæði um námsgreinar og lengd námstíma.

## II. KAFLI
## Inntökuskilyrði, námsgreinar og próf.

### 4. gr.

Inntökuskilyrði skulu vera þessi:

a) Að nemandinn hafi lokið skyldunámi (þ. e. grunnskóla) með lágmarkseinkunn sem ákveðin er í reglugerð.
b) Að nemandinn sé eigi haldinn neinum andlegum eða líkamlegum kvilla eða annmarka, er hamli honum í námi eða starfi að dómi skólastjóra og skólanefndar. Skólarnir eru bæði fyrir stúlkur og pilta.

### 5. gr.

Kennslu skal veita í því námsefni, sem hér er talið:

a) Íslensku, dönsku, ensku og stærðfræði.
b) Manneldisfræðigreinum.
c) Hagfræðigreinum og verkstjórn.
d) Uppeldis- og félagsfræðigreinum.
e) Heilbrigðisfræðigreinum og umhverfisvernd.
f) Handíðagreinum.

Í reglugerð skal ákveða nánar um fjölda námsgreina og hvað kenna skal í hverri grein.

### 6. gr.

Próf skal halda í lok hverrar annar. Þau skulu vera samræmd í ákveðnum fjölda námsgreina, sem menntamálaráðuneytið ákveður hverju sinni. Í reglugerð skal setja ákvæði um samræmingu prófa og námsbækur. Um próf og einkunnir skal setja ákvæði í reglugerð. Menntamálaráðuneyti skipar prófdómara að fengnum tillögum skólastjóra.

Eins árs nám í heimilisfræðaskóla skal veita sömu réttindi til framhaldsnáms og eins árs nám í almennum framhaldsskóla að loknu skyldunámi.

## III. KAFLI
## Skólastjórn og kennarar.

### 7. gr.

Menntamálaráðuneyti fer með yfirstjórn heimilisfræðaskóla. Menntamálaráðherra skipar skólastjóra að fengnum tillögum skólanefndar. Hann skipar einnig fasta kennara, að fengnum tillögum skólastjóra og skólanefndar. Til þess að verða settur skólastjóri eða kennari við heimilisfræðaskóla þarf kennarapróf frá Húsmæðrakennaraskóla Íslands, Hússtjórnarkennaraskóla Íslands eða Kennaraháskóla Íslands. Þá eina má setja skólastjóra, er gegnt hafa kennslu í að minnsta kosti eitt ár.

### 8. gr.

Við heimilisfræðaskóla skal starfa skólanefnd, sem menntamálaráðuneyti skipar og starfar hún samkvæmt erindisbréfi, er ráðuneytið setur. Formann skal skipa án tilnefningar, en tvo nefndarmanna skal skipa samkvæmt tilnefningu héraðssambands kvenfélaga í byggðarlagi skólans, tvo tilnefna af landshlutasamtökum sveitarfélaga og einn tilnefndan af nemendum skólans til eins árs í senn. Skipun annarra nefndarmanna gildir til fjögurra ára. Verði atkvæði jöfn við afgreiðslu máls, ræður atkvæði formanns. Skólastjóri á rétt til setu á fundum skólanefndar með tillögurétti og málfrelsi, nema þegar fjallað er um mál, er varða hann persónulega.

### 9. gr.

Skólastjóri fer með stjórn heimilisfræðaskóla samkvæmt gildandi lögum og reglugerðum þar um og í samræmi við erindisbréf, er menntamálaráðuneytið setur. Hann

ræður stundakennara og annað starfsfólk með samþykki menntamálaráðuneytis. Skólastjóra til aðstoðar skal vera kennararáð. Í kennararáði skulu vera allir fastráðnir kennarar skólans og skólastjóri, sem er sjálfkjörinn formaður. Heimilt er nemendum að kjósa úr sínum hópi einn til tvo fulltrúa í kennararáð til ráðuneytis um málefni nemenda.

**10. gr.**

Skólastjóri og kennarar eru embættismenn ríkisins og taka laun samkvæmt gildandi kjarasamningum á hverjum tíma.

**11. gr.**

Heimilt er skólastjóra að kveðja kennara sér til aðstoðar við eftirlit og umsjón í skólanum. Ennfremur skulu kennarar starfa með nemendum utan kennslustunda í samráði við skólastjóra og vinna önnur störf í þágu skólans eftir því, sem ástæður leyfa og ákveðið er í reglugerð og erindisbréfi. Má þá fækka skyldustundum kennara svo og vegna mikillar heimavinnu eða annarra aukastarfa, að fengnu samþykki menntamálaráðuneytis.

## Orlof.

**12. gr.**

Nú óskar kennari að hverfa frá störfum um skeið til að efla þekkingu sína eða kennarahæfni, og skal hann þá senda menntamálaráðuneytinu beiðni um orlof ásamt greinargerð um, hvernig hann hyggst verja orlofstímanum, sem skal notaður til a) reglulegs náms í viðurkenndri menntastofnun, eða b) a. m. k. tveggja mánaða námsferðar, sem skipulögð er og/eða boðið til af aðila eða stofnun, sem menntamálaráðuneytið viðurkennir.

Ef menntamálaráðuneytið telur umsókn og greinargerð kennara fullnægjandi, getur það veitt honum orlof allt að einu ári með föstum embættislaunum.

Menntamálaráðuneytið getur veitt kennara, er orlof hlýtur, styrk til að standa straum af kostnaði við ferðalög og námsdvöl í sambandi við orlofið, ef hann ver því til að stunda reglulegt nám við viðurkennda menntastofnun eða til námsferðar, sem hann nýtur ekki sambærilegs styrks til frá öðrum aðilum. Þá getur menntamálaráðuneytið auglýst eftir umsækjendum til að leggja fyrir sig tiltekið nám, gegn veitingu orlofs og/eða sérstakra styrkja. Styrki til viðbótar orlofi má veita af fé því, sem í fjárlögum er hverju sinni ætlað til að kosta orlof kennara. Þá getur menntamálaráðuneytið eða aðrir aðilar í samstarfi við það efnt til allt að þriggja vikna námsferða með hópum kennara á þeim árstíma, sem skólar hérlendis starfa ekki, og veitt af orlofsfjárveitingu styrk, sem nemur allt að ⅔ af áætluðum ferða- og dvalarkostnaði þeirra kennara, sem þátt taka í slíkum hópferðum.

Orlof skv. 2. mgr. má veita kennara, sem gegnt hefur embætti í 10 ár, settur eða skipaður. Skemmra orlof en 4 mánuðum nemur, til tiltekins náms eða námsferða skv. 3. málsgr., má veita kennara, sem gegnt hefur embætti í 5 ár, settur eða skipaður. Enginn kennari getur fengið á starfsævi sinni hærri fjárhæð í orlof en nemur tveggja ára embættislaunum.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um framkvæmd orlofs kennara. Skal þess gætt eftir föngum, að umsóknir og ákvarðanir um orlof berist réttum aðilum tímanlega og að orlof torveldi ekki störf skólanna yfirleitt. Að orlofi loknu er kennurum skylt að senda ráðuneytinu skýrslu um störf sín og nám á orlofstímanum, og er ráðuneytinu heimilt að birta slíkar skýrslur. Skilyrði má setja þeim, sem hljóta orlof og/eða styrk til reglulegs náms, að þeir starfi að náminu loknu að skólamálum eða kennslu á Íslandi minnst þrjú ár.

Ákvæði þessarar greinar taka einnig til skólastjóra.

## IV. KAFLI
## Fjármál.

### 13. gr.

Heimilisfræðaskólar skulu vera ríkisskólar og kostaðir að fullu úr ríkissjóði. Nemendur skulu þó greiða efniskostnað vegna verklegrar kennslu og kostnað við mötuneyti svo sem gert er í öðrum heimavistarskólum. Nemendur greiði einnig húsaleigu samkvæmt ákvörðun menntamálaráðuneytis.

### 14. gr.

Miða skal stærð heimilisfræðaskóla við það, að þar sé kennsluaðstaða og annað húsrými fyrir að minnsta kosti 36—40 nemendur. Þar sem sá fjöldi reglulegra nemenda hefur eigi verið síðastliðin tvö ár, getur ráðuneytið ákveðið að skólinn skuli eigi rekinn um sinn eða í öðru formi svo sem námskeiðum. Ef heimilisfræðaskóli er eigi rekinn, er heimilt að nota eignir hans til annarrar menningarstarfsemi. Í verklegum greinum, skal nemendafjöldi ekki vera lægri en 12 í hópi að jafnaði. Að fengnum tillögum skólastjóra og skólanefnda skal menntamálaráðuneyti sjá skólunum fyrir nauðsynlegu húsnæði, er nægi til allrar starfsemi þeirra ásamt heimavist og íbúðum handa starfsliði, þar sem þess gerist þörf, eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum. Heimilisfræðaskólunum skal á sama hátt séð fyrir nægilegum kennslutækjum og bókasafni, sem nemendur hafa aðgang að.

Í reglugerð skal ákveða nánar um lágmarksbúnað skólanna.

## V. KAFLI
## Handíðaskóli.

### 15. gr.

Stofna má þegar fé er til þess veitt í fjárlögum til 36 vikna handíðaskóla í tóvinnu, vefnaði, saumum og fleiri handíðum.

Kennslu skal veita í því námsefni, sem hér segir:

a) Íslensku, dönsku, ensku og stærðfræði.
b) Handíða- og vefta (textil) greinum.
c) Hagfræðigreinum og verkstjórn.
d) Uppeldis- og félagsfræðigreinum.
e) Heilbrigðisfræðigreinum og umhverfisvernd.

Í reglugerð skal ákveða nánar um fjölda námsgreina og hvað kenna skal í hverri grein.

Um próf og réttindi til framhaldsnáms skulu gilda sömu ákvæði og um heimilisfræðaskóla, sbr. 6. gr.

## VI. KAFLI
## Námskeið

### 16. gr.

Heimilt er að starfrækja í heimilisfræða- og handíðaskóla námskeið með mismunandi námsefni og stundafjölda, svo sem framhaldsnámskeið í sérgreinum og námskeið fyrir starfshópa, sem vilja afla sér menntunar á afmörkuðum sviðum heimilisfræða og handíða, heimilishjálpar o. fl.

Setja skal reglugerð um starfsemi þeirra heimilisfræðaskóla, sem starfa eftir föstu námskeiða fyrirkomulagi, svo og önnur námskeið, enda hafi menntamálaráðuneyti samþykkt námskeiðshald, námsefni og námskeiðsgjöld.

## VII. KAFLI
### Ýmis ákvæði

**17. gr.**

Í reglugerð skal setja ákvæði um heilsuvernd í skólunum.

**18. gr.**

Menntamálaráðuneytið setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara. Má setja hverjum skóla sérstaka reglugerð og ákveða þeirra mismunandi verkefni, t. d. einungis kennslu í formi námskeiða með lausráðnu starfsliði svo og að skólarnir taki að sér heimilisfræðakennslu þá, sem fram á að fara í grunnskólum og önnur slík verkefni, ef henta þykir.

**19. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda að því er varðar þá húsmæðraskóla, sem nú eru starfandi, jafnóðum og samið hefur verið um yfirtöku ríkissjóðs á skuldum þeirra og eignum, ef forráðamenn þeirra æskja, að skólarnir komi undir ákvæði laga þessara. Þangað til skulu um þá gilda áfram lög nr. 49/1946, um húsmæðrafræðslu, og lög nr. 49/1967, um skólakostnað.

Yfirtöku ríkissjóðs á eignum og skuldum skólanna fylgir ekki kvöð um, að þeir verði reknir áfram sem húsmæðra(heimilisfræða)skólar, nema umsóknir um skólavist fullnægi því lágmarki, sem nauðsynlegt telst á hverjum tíma til þess að slíkur skóli verði rekinn.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp til laga um heimilisfræðaskóla var lagt fyrir Alþingi 1973 (92. löggjafarþing) í þinglok til kynningar. Það var samið af nefnd, sem menntamálaráðuneytið skipaði 29. nóvember 1971 til þess að endurskoða lög um húsmæðrafræðslu og lög um Húsmæðrakennaraskóla Íslands. Í nefndinni áttu sæti Steinunn Ingimundardóttir, skólastjóri, skipuð samkvæmt tilnefningu skólastjóra húsmæðraskólanna og var hún jafnframt skipuð formaður nefndarinnar, Björn Halldórsson, skrifstofustjóri, skipaður samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga, Halldóra Eggertsdóttir, formaður Kennarafélagsins Hússtjórnar, skipuð samkvæmt tilnefningu félagsins, Sigríður Haraldsdóttir, kennari, skipuð samkvæmt tilnefningu Kvenfélagasambands Íslands og Vigdís Jónsdóttir, skólastjóri Húsmæðrakennaraskóla Íslands, skipuð án tilnefningar.

Nefndin samdi og sendi ráðuneytinu með bréfi 7. mars 1973 tvö lagafrumvörp um heimilisfræðaskóla og um Hússtjórnarkennaraskóla Íslands.

Frumvarp þetta um heimilisfræðaskóla, var í öndverðu lagt fyrir Alþingi óbreytt eins og nefndin skilaði því, nema hvað felld var niður svofelld grein, sem var 19. gr.: „Lög þessi skulu endurskoðuð innan fimm ára frá gildistöku þeirra.“ Ráðuneytið telur ástæðulaust að hafa slíkt ákvæði í lögunum, því að sjálfsagt er að endurskoða þau hvenær sem ástæða er til, en óeðlilegt að binda það við ákveðið árabil.

Frumvarpið var á ný lagt fyrir Alþingi 1974 (94. löggjafarþing) með nokkrum breytingum, sem ráðuneytið gerði á því og voru þessar helstar:

1) Úr 7. gr. frv. er fellt ákvæði um sérstakan „hússtjórnarfulltrúa í menntamálaráðuneytinu“. Ekki er æskilegt að ráða til starfa í ráðuneytinu fulltrúa með fremur þröngt starfssvið, sem einungis á að sinna málum og gæta hagsmuna nokkurra skóla, heldur ber að treysta því, að fé verði veitt til þess að ráða nægilegt starfslið til að sinna hinum fjölþættu verkefnum ráðuneytisins, bæði málefnum heimilisfræðaskóla og öðrum verkefnum.

2) Ákvæðum 8. gr., um skipan skólanefnda, er breytt þannig, að bætt er við fulltrúa frá nemendum.
3) Í 14. gr. er sú skylda skv. frv. lögð á menntamálaráðuneytið að sjá skólunum fyrir nauðsynlegu húsnæði að fengnum tillögum skólastjóra og skólanefndar, svo og búnaði öllum og tækjum. Hefur þar verið bætt við orðunum: eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum.
4) Í 15. gr. er mælt fyrir um stofnun handíðaskóla í tóvinnu, vefnaði, saumum o. fl. Er þar einnig bætt við, að þetta skuli gert, þegar fé sé til þess veitt í fjárlögum.

Í 19. gr. frv. er bætt inn ákvæði um yfirtöku ríkissjóðs á eignum og skuldum húsmæðraskóla þeirra, sem nú starfa, ef forráðamenn skólanna æskja, að þeir komi undir ákvæði laganna, en um þá skóla, sem þess æskja ekki, skulu gilda áfram lög nr. 49/1946, um húsmæðrafræðslu og lög nr. 49/1967 um skólakostnað. Enn fremur er ákvæði um, að eigi fylgi viðtöku skulda og eigna skólanna sú kvöð, að þeir verði reknir áfram sem húsmæðra- eða heimilisfræðaskólar nema aðsókn geri slíkt eðlilegt.

Þær breytingar, sem nú hafa verið gerðar á frumvarpinu eru einkum þessar:
1) Talin er meðal verkefna í 1. gr. fræðsla í námskeiðsformi og kennsla fyrir nemendur skyldunámsskóla og framhaldsskóla í heimilisfræðum eftir því sem ákveðið yrði í reglugerð.
2) Heimild er veitt til þess að víkja frá þeirri námstímalengd, 36 vikur, og námstilhögun, sem ákveðið er sem aðalregla í 2. gr.
3) Tekið er fram, að skólarnir séu bæði fyrir stúlkur og pilta (4. gr.)
4) Orlofsákvæði frv. eru færð til samræmis við ákvæði 40. gr. laga nr. 63/1973, um grunnskóla, um orlof kennara og skólastjóra.
5) Í 14. gr. er tekið fram, að menntamálaráðuneytið geti ákveðið að húsmæðra- (heimilisfræða-) skóli skuli eigi rekinn um sinn eða í öðru formi, svo sem námskeiðum, ef skólinn hefur eigi tvö undanfarin ár fullnægt því ákvæði að hafa 30—40 nemendur í reglulegu námi.
6) Heimilt er að setja sérstaka reglugerð um hvern skóla og ákveða þeim mismunandi verkefni, t. d. einungis kennslu í formi námskeiða með lausráðnu starfsliði og að skólarnir taki að sér heimilisfræðakennslu fyrir grunnskólanemendur o. fl., ef henta þykir.

Hér er um breytingar að ræða sem m. a. mótast af því, að aðsókn að flestum húsmæðraskólum hefur að undanförnu verið lítil og því nauðsynlegt að leita eftir nýju formi og nýjum verkefnum fyrir skólana. Hafa sumir húsmæðraskólar í vaxandi mæli veitt fræðslu í námskeiðsformi og tekið að sér heimilisfræðakennslu fyrir grunnskóla þar sem svo hagar til, að því verður við komið. Þannig hefur Húsmæðraskólinn á Hallormsstað veitt grunnskólanemendum ýmissa skóla slíka fræðslu í vetur á stuttum námskeiðum.

Vegna lítillar aðsóknar að sumum húsmæðraskólum að undanförnu, hefur rekstur þeirra verið allkostnaðarsamur bæði ríkissjóði og heimaaðilum miðað við þann nemendahóp, sem um er að ræða. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að ríkissjóður einn standi framvegis undir rekstrar- og stofnkostnaði húsmæðraskóla. Með því er leystur fjárhagsvandi heimaaðila, en greiðslubyrði ríkissjóðs aukin að sama skapi. En fyrst og fremst skiptir máli, hvort ákvæði frumvarpsins, ef að lögum verður, leiða til starfshátta, sem auka á ný aðsókn að skólunum, sem gegna og hafa gegnt mikilsverðu hlutverki.

Ráðuneytið lætur fylgja yfirlit um fjölda nemenda og kennara í húsmæðraskólum 1974/75 (fskj. I), yfirlit um rekstrarkostnað 1973 (fskj. II) og stofnkostnað (fskj. III).

Þótt sumt í greinargerð þeirri, sem nefndin lét fylgja frumvarpinu eigi ekki við ákvæði greinanna eftir breytingar ráðuneytisins, þá er hún birt hér í heild til þess að viðhorf nefndarmanna komi fram:

„I. KAFLI

Um 1. gr.

Í frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, er nafni húsmæðraskólanna breytt í heimilisfræðaskóla, þar sem það hæfir betur því starfssviði, sem skólanum er ætlað og ráð er gert fyrir, að bæði konur og karlar stundi þetta nám.

Meginákersla verður hér eftir sem hingað til lögð á það að veita nemendum fræðilega þekkingu og starfsþjálfun til þess að vera færir um að hafa á hendi mótun og stjórnun heimila, bæði á sviði uppeldis, félagsmála, manneldis og heilbrigðishátta.

Um 2. gr.

Níu mánaða starfstími heimilisfræðaskóla þarf ekki að vera bundinn við vetrarmánuðina eingöngu, heldur geta skólarnir starfað á þeim tíma árs, sem best hentar á hverjum stað.

Ungt fólk leggur eins og er megináherslu á að mennta sig fyrir einhvers konar störf á vinnumarkaðinum, æ færri stúlkur virðast gefa sér tíma til að stunda níu mánaða nám, sem að mestu leyti er undirbúningur undir heimilisstörf og stjórn, en styttir ekki framhaldsnám.

Hins vegar verður í þjóðfélagi okkar stöðugt meiri þörf fyrir vel menntað fólk í heimilisfræðagreinum. Má í því sambandi minna á vaxandi ferðamannaþjónustu, mötuneytisþjónustu í skólum, á vinnustöðum og víðar. Hingað til hefur orðið að ráða fólk án sérmenntunar til slíkra starfa. Það er þjóðarbúinu fyrir bestu að þetta starfsfólk hafi staðgóða undirstöðumenntun og ber að stefna að því, að slík vinna verði metin að verðleikum.

Um 3. gr.

Hér er stofnað til framhaldsmenntunar fyrir þá, sem óska að afla sér menntunar og starfsréttinda á afmörkuðum sviðum heimilisfræða. Mikil þörf er fyrir þetta fólk, samanber næstu grein hér á undan.

Um 4. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

II. KAFLI

Um 5. gr.

Í þessari grein eru taldir þeir námsgreinaflokkar, er kenna skal í heimilisfræðaskólum.

a) Íslensku, dönsku, ensku, stærðfræði;
b) manneldisfræðigreinar: næringarefnafræði, vöruþekking fæðuefna, meðferð og nýting fæðuefna og matreiðsla;
c) uppeldis- og félagsfræðigreinar: barnasálarfræði, uppeldisfræði, þjóðfélagsfræði og siðfræði;
d) hagfræðigreinar og verkstjórn: heimilishagfræði, híbýlafræði, vinnuhagfræði, áætlanagerð og stjórnun;
e) heilbrigðisfræði og umhverfisvernd: heilsufræði, hjálp í viðlögum, meðferð ungbarna, þvottur og ræsting, viðhald á fatnaði, búsmunum og húsum;
f) handíðagreinar: fatasaumur og ýmiss konar greinar á sviði heimilisiðnaðar og tómstundaiðju, svo sem tóvinnu, prjón, hekl, vefnað, útsaum o. fl.

Um skiptingu námsins í verklegar og bóklegar annir skal mælt fyrir um í reglugerð, svo og um fjölda kennslustunda og námsefni.

Nefndin telur sjálfsagt, að við heimavistarskólana starfi sérstakur tómstundakennari, er leiðbeint geti í ýmiss konar handíðum og félagsstarfi.

Í húsmæðraskólunum hefur hingað til verið kenndur vefnaður, sem ein af fjórum aðalgreinum verknáms. Samkvæmt þessu frumvarpi er hann felldur niður. Er það gert á þeirri forsendu, að hann er nær hvergi tíðkaður á heimilum nú á dögum. Hins vegar er æskilegt, að nemendur njóti tilsagnar í vefnaði í tómstundum. Sjá enn fremur 15. og 16. gr., þar sem fjallað er um handíðaskóla og námskeið.

Um 6. gr.

Skortur er á námsbókum í ýmsum greinum heimilisfræða. Nauðsynlegt er því að ráða sem fyrst sérfræðinga til að annast samantekt á heppilegu námsefni. Grein þessi stefnir að því að einfalda og stytta prófin og þar með lækka kostnað við þau. Með samræmingu námsefnis og um leið prófa á að vera hægt að fá sambærilegt mat á kunnáttu og hæfni nemandans til framhaldsnáms í öðrum skólum. Nefndin telur að til þess að þetta megi takast, þurfi að starfa fastráðinn hússtjórnarfulltrúi í menntamálaráðuneytinu, er hafi þessi mál með höndum. Eðlilegt er að heimilisfræði verði valgrein til stúdentsprófs, t. d. fyrir nemendur, sem að loknu stúdentsprófi hyggja á nám í matvælaiðnaði og lífefnafræði, auk þess sem öllum er nauðsyn að kunna skil á undirstöðuatriðum heimilisstarfa, næringarfræði og heimilishagfræði.

Nefndin telur, að heimilisfræði ættu skilyrðislaust að vera þáttur í félagsfræðikjörsviði menntaskólanáms.

## III. KAFLI

Um 7. gr.

Í þessari grein er eindregið gert ráð fyrir sérstökum hússtjórnarfulltrúa í menntamálaráðuneytinu, sem fari með málefni þessara skóla. Að fenginni reynslu þeirra, er starfað hafa við húsmæðraskóla síðustu árin, er óviðunandi það ástand, sem skapast hefur, síðan lagt var niður embætti námsstjóra fyrir húsmæðrafræðslu í öllu landinu árið 1968, en í staðinn settur námsstjóri fyrir heimilisfræðslu gagnfræðastigsins í Reykjavík einni. Húsmæðraskólar landsins eru dreifðir um allt land, starfsliðið fámennt og störfum hlaðið, svo að erfitt er um samstarf og fundi. Menntun þeirra nemenda, sem lokið hafa námi í húsmæðraskólum, er þar af leiðandi mismunandi og á reiki. Hafa því aðrir skólar átt erfitt með að meta árangur námsins til að byggja á framhaldsmenntun.

Um 8. gr.

Skólanefndir hafa ætíð starfað við húsmæðraskólana. Þær eru skipaðar fulltrúum, sem kosnir hafa verið af ákveðnum aðilum í heimahéruðum skólanna og við það hafa skapast tengsl við héraðsbúa. Ef heimilisfræðaskólarnir verða gerðir að ríkisskólum, þykir hlýða, að menntamálaráðuneytið hafi með höndum endanlegt val fulltrúa í skólanefndir, en þó með tilnefningu frá aðilum í heimabyggðum.

Um 9. gr.

Skólastjóri fer með stjórn skólans og tekur ákvarðanir um málefni hans, annað hvort einn eða með tilstyrk skólanefndar, skólaráðs og fulltrúa nemenda. Ýmissa sérhæfðra kennara er oft þörf við heimilisfræðaskóla og er eðlilegast, að skólastjóri sjái um ráðningu þeirra með samþykki menntamálaráðuneytis. Fram til þessa hefur verið mjög fámennt starfslið við húsmæðraskólana og gegnir skólastjóri bæði húsmóður- og húsvarðarstarfi. Nemendur hafa haft á hendi þrif húsa og starfað við mötuneytið undir handleiðslu kennara. Miklu af þessum störfum þarf að létta af nemendum til þess, að námið geti orðið hnitmiðaðra og umfangsmeira en verið hefur, enda er gert ráð fyrir því í frumvarpi þessu.

Um 10. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 11. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 12. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

## IV. KAFLI

Um 13. gr.

Húsmæðraskólar eru nú flestir reknir af ríki og sveitarfélögum sameiginlega, sbr. lög nr. 49/1967.

Hin síðari ár hefur sumstaðar gengið erfiðlega að fá framlög sveitarfélaga greidd, enda er greiðslugeta þeirra lítil. Hafa margir skólanna lent í greiðsluörðugleikum af þessum sökum.

Í frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir, að ríkissjóður stofni og reki heimilisfræðaskóla, enda tæpast eðlilegt að einstökum sveitarfélögum sé ætlað að greiða fjárframlag á móti ríkissjóði, þar sem nemendur skólanna eru víðsvegar að af landinu og hér er ekki um skyldunám að ræða. Mjög er óvíst um fjölda þeirra skóla, sem starfrækja þarf, en miðað við núverandi aðsókn að húsmæðraskólunum virðist mega gera ráð fyrir að 3—4 skólar fullnægi þörfinni næstu árin.

Kostnaðarauki ríkissjóðs af samþykkt þessa frumvarps yrði því upphæð, sem svarar til hluta sveitarfélaga í rekstri þeirra skóla, er hér um ræðir.

Gert er ráð fyrir, að nemendur greiði efniskostnað vegna verklegrar kennslu og mötuneytiskostnað á sama hátt og nemendur annarra framhaldsskóla. Þá er einnig gert ráð fyrir, að þeir greiði húsaleigu skv. ákvörðun menntamálaráðuneytis.

Um 14. gr.

Ekki þykir hagkvæmt að reka minni heimilisfræðaskóla en fyrir 36—40 nemendur, svo að rekstrarkostnaður þeirra verði ekki óhæfilega hár miðað við nemendafjölda. Húsrými og aðstaða á mörgum húsmæðraskólanna er alls óviðunandi og langt frá að fullnægja nútímakröfum í þessum efnum. T. d. er það grundvallaratriði, að í heimilisfræðaskólum sé sérstök kennslustofa fyrir bóknám. Þá eru margir skólarnir mjög vanbúnir, hvað snertir kennslutæki og bókasöfn.

## V. KAFLI

Um 15. gr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir sérstökum skóla í handíðum, þar sem verklega námið er vefnaður, tóvinna og fatasaumur, auk ýmissa annarra greina á sviði heimilisiðnaðar og tómstundaiðju, svo sem prjón, hekl, útsaumur, tauþrykk, leðurvinna og tréskurður.

Íslenskur heimilisiðnaður er að hasla sér völl að nýju í útflutningi þjóðarinnar og virðist mikil þörf á að beina fólki að þessu námi — og stuðla með því að varðveislu og eflingu íslensks ullariðnaðar með því að veita undirstöðumenntun á þessu sviði.

Þessi skóli er hliðstæður heimilisfræðaskólunum þannig, að nemendur fá að námi loknu sömu réttindi til framhaldsnáms í hinum almenna framhaldsskóla.

## VI. KAFLI

Um 16. gr.

Sjálfsagt þykir, að heimilisfræða- og handíðaskólar starfræki námskeið í ýmsum greinum heimilisfræða og handíða og að þéttbýlisskólar verði jafnvel eingöngu námskeiðsskólar án heimavistar.

Ljóst er, að miklar og margvíslegar nýjungar verða á komandi tímum á sviði heimilisfræða, það þykir því nauðsyn, að menn hafi aðstöðu til framhaldsmenntunar og endurhæfingar, jafnframt því sem haldin eru námskeið fyrir byrjendur.

Útlit er fyrir vaxandi þörf á fólki til þess að veita aðstoð í heimahúsum í veikindaforföllum húsráðenda, svo og við umönnun aldraðs fólks. Nauðsynlegt er því að halda námskeið fyrir fólk, sem starfar við heimilisþjónustu.

Íslendingar búa við vaxandi ferðamannastraum, en hins vegar er sárafátt af sérmenntuðu fólki til starfa við ferðamannaþjónustu. Námskeiðshald í ýmsum greinum hótelstarfa gæti bætt þar úr brýnni þörf.

## VII. KAFLI

### Um 17. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

### Um 18. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

### Um 19. gr.

Þarnast ekki skýringa.“

## Fylgiskjal I.

### Nemenda- og kennarafjöldi húsmæðraskóla 1974—75.

| Skóli | Nemendur | | | | Kennarar | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Allt árið | Hálft ár | Námskeið | Úr öðrum skólum | Skipaðir | Settir |
| Húsmæðraskóli Reykjavíkur ..... | 18 | 13+18 | 109 | | 5 | 1 |
| — Varmalandi ..... | 33 | | | | 2 | 2 |
| — Staðarfelli ..... | 9 | | 33 | 12 | 1 | 3 |
| — Ísafirði ..... | 0 | | 86 | 92 | 4 | |
| Kvennaskólinn Blönduósi ..... | 0 | | 81 | 45 | 2 | |
| Húsmæðraskólinn Löngumýri ..... | 6 | 1+4 | 18 | 39 | | 3 |
| — Akureyri ..... | 0 | | 387 | | | 3 |
| — Laugalandi ..... | 15 | | | 35 | 3 | 1 |
| — Laugum ..... | 0 | 10 | 185 | 130+140 | 1 | 2 |
| — Hallormsstað ..... | 0 | | | 154 | | 2 |
| — Laugarvatni ..... | 70 | | | | 3 | 3 |
| | 151 | 14+32 | 899 | | 21 | 20 |

**Athugasemdir:**

Tölur þær, sem hér eru yfir fjölda nemenda á námskeiðunum, eru ekki endanlegar vegna þess að starfstíma skólanna er ekki lokið. Af sömu ástæðu getur nemendur úr öðrum skólum fjölgað

## Fylgiskjal II.

### Húsmæðraskólar.
### Rekstrarkostnaður 1973 (í þús. kr.).

| | Laun kennara | | | Annar rekstrar-kostnaður | Alls | | Ríkissjóður | | Sýslufélag |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Föst laun | Annað | Viðhald | | | | | | |
| Hallormsstaður | 1 258 | 954 | 1 405 | 1 671 | 5 288 | = | 3 784 | + | 1 504 |
| Akureyri | 1 896 | 349 | 631 | 575 | 3 451 | = | 2 977 | + | 474 |
| Varmaland | 2 410 | 904 | 1 516 | 766 | 5 596 | = | 4 917 | + | 679 |
| Staðarfell | 2 395 | 959 | 424 | 481 | 4 259 | = | 4 259 | | |
| Ísafjörður | 2 512 | 130 | 662 | 463 | 3 767 | = | 3 463 | + | 304 |
| Blönduós | 1 917 | 279 | 0 | 1 259 | 3 455 | = | 3 197 | + | 258 |
| Langamýri | 1 917 | 337 | 217 | 498 | 2 969 | = | 2 195 | + | 774 |
| Laugaland | 2 517 | 156 | 1 531 | 722 | 4 926 | = | 4 136 | + | 790 |
| Laugar | 1 906 | 253 | 366 | 216 | 2 741 | = | 2 497 | + | 244 |
| Laugarvatn | 3 659 | 700 | 647 | 1 444 | 6 450 | = | 5 261 | + | 1 189 |
| Alls kr. | 22 387 | 5 021 | 7 399 | 8 095 | 42 902 | | 36 686 | | 6 216 |

## Fylgiskjal III.

### Húsmæðraskólar.
### Stofnkostnaður.

| Nafn skóla | Kostn. 31/12 1964 þús. kr. | Kostn. 1965 þús. kr. | Kostn. 1966 þús. kr. | Kostn. 1967 þús. kr. | Kostn. 1968 þús. kr. | Kostn. 1969 þús. kr. | Kostn. 1970 þús. kr. | Kostn. 1971 þús. kr. | Kostn. 1972 þús. kr. | Kostn. 1973 þús. kr. | Samtals 31/12 1973 þús. kr. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Varmaland | 6 720 | 974 | 274 | 136 | 1 291 | 216 | 843 | 0 | 0 | 0 | 10 454 |
| Staðarfell | 792 | 0 | 0 | 0 | 145 | 4 571 | 2 007 | 1 713 | 0 | 0 | 9 229 |
| Blönduós, skólahúsið | 3 118 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 3 118 |
| — kennarabúst. | 573 | 1 024 | 915 | 1 152 | 2 507 | 2 177 | 1 224 | 557 | 946 | 0 | 11 095 |
| Langamýri[1]) | | | | | | | 144 | 1 909 | 201 | 86 | 2 340 |
| Laugaland, skóli | 1 678 | | | | | | | 0 | 0 | 0 | 1 678 |
| — hl. í sundlaug | 825 | | | | | | | 0 | 0 | 0 | 825 |
| Laugar, S.-Þing. skóli | 1 125 | | 45 | | | | | 0 | 0 | 0 | 1 170 |
| — kennarabúst. | | | | 45 | 806 | 475 | 1 691 | 248 | 0 | 0 | 3 265 |
| Hallormsstaður, skóli | 2 235 | | 120 | | | | | 0 | 0 | 0 | 2 355 |
| — kennarabúst. | 123 | 672 | 804 | 955 | 256 | 248 | 36 | 0 | 0 | 0 | 3 094 |
| Laugarvatn, eldri skóli og kennarabúst. | 2 847 | 52 | | | 65 | | | 0 | 0 | 0 | 2 964 |
| Laugarvatn, nýi skólinn[2]) | | 3 401 | 6 485 | 2 371 | 4 851 | 13 773 | 19 420 | 2 095 | 1 746 | 181 | 54 323 |
| | 20 036 | 6 123 | 8 643 | 4 659 | 9 921 | 21 460 | 25 365 | 6 543 | 2 893 | 267 | 105 910 |

1) Allur annar kostnaður færður á viðhald.

2) Ferðaskrifstofa ríkisins greiddi 1970 kr. 10 millj. í stofnkostnaði v/gistihúsrekstrar.

## Nd. 421. Frumvarp til laga [140. mál]

um breyting á lögum nr. 51 frá 16. maí 1974, um gatnagerðargjöld.

(Eftir 2. umr. í Nd., 7. apríl.)

1. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Gjald skv. 3. gr. má innheimta af öllum fasteignum við þær götur, sem bundið slitlag hefur verið sett á og þar sem gangstéttir hafa verið lagðar, enda sé eigi lengri tími en fimm ár liðinn frá því að slitlag var sett eða gangstétt lögð. Má gjaldið nema allt að meðalkostnaði við þessar framkvæmdir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Nd. 422. Breytingartillaga [179. mál]

við frv. til l. um breyt. á sveitarstjórnarlögum, nr. 58 frá 29. mars 1961.

Frá Pálma Jónssyni, Páli Péturssyni, Lárusi Jónssyni, Braga Sigurjónssyni og Eyjólfi K. Jónssyni.

Við 1. gr. Við 110. gr. bætist:

Nú óskar meiri hluti sveitarstjórna í Norðurlandskjördæmi vestra eða eystra að stofna sérstök landshlutasamtök, og skal þá ráðherra heimilt að staðfesta reglugerð slíkra samtaka, þrátt fyrir önnur ákvæði þessarar greinar.

## Sþ. 423. Fyrirspurnir. [227. mál]

I. Til utanríkisráðherra um erlend sendiráð á Íslandi o. fl.

Frá Ingvari Gíslasyni.

1. Hve mörg eru ríkin, sem íslendingar hafa stjórnmálasamband við?
2. Hvaða erlend sendiráð starfa í Reykjavík?
3. Hve fjölmennt er allt starfslið hvers sendiráðs um sig, og hver eru stöðuheiti starfsmanna þeirra?
4. Hverjar eru skráðar eignir erlendra sendiráða og sendiráðsfólks hér á landi:
   a) fasteignir,
   b) bifreiðar?
5. Hversu mikið fjölskyldulið fylgir erlendum sendiráðsstarfsmönnum hér?
6. Hvaða ríkisstjórnir erlendar eða aðrir erlendir aðilar starfrækja hér á landi fasta upplýsingastarfsemi og fréttamiðlun, og hve margt fólk vinnur að slíkum störfum á vegum hvers um sig?

II. Til sjávarútvegsráðherra um rannsókn rækjumiða við Grímsey.

Frá Ingvari Gíslasyni.

1. Hvað líður rannsókn rækjumiða við Grímsey?
2. Er vitað um stærð rækjustofnsins þar og veiðiþol?

## Ed. 424. Nefndarálit [8. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 67 1971, um almannatryggingar.

Frá heilbrigðis- og tryggingaNefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á nokkrum fundum, fengið umsagnir um það og rætt um efni þess við ráðuneytisstjóra heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis.

Nefndin er sammála um það, að breytingar þær á almannatryggingalögunum, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, mundu verða til hagsbóta fyrir fjölda sjúklinga úti á landsbyggðinni. En þar sem heildarendurskoðun laga um almannatryggingar fer nú fram og í trausti þess, að við þá endurskoðun verði tekið tillit til sjónarmiða frumvarpsins, leggur nefndin til, að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Eggert G. Þorsteinsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 8. apríl 1975.

| | | |
|---|---|---|
| Oddur Ólafsson, form., frsm. | Halldór Ásgrímsson, fundaskr. | Helgi F. Seljan, með fyrirvara. |
| Albert Guðmundsson. | Ásgeir Bjarnason. | Steinþór Gestsson. |

## Ed. 425. Nefndarálit [30. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 75 13. maí 1966, um Fiskveiðasjóð Íslands.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur rætt málið á fundum sínum og sent það til umsagnar. Nefndin leggur einróma til, að frumvarpið verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

2. gr. frumvarpsins hljóði svo:

Við 11. gr. laganna komi viðbót, svo hljóðandi:

Til eldri fiskiskipa mega lán nema einum fjórða hluta kaupverðs eða matsverðs, þess er lægra reynist, og skulu þá meðtaldar eftirstöðvar af lánum sjóðsins sem fyrir kunna að verða.

Alþingi, 7. apríl 1975.

| | | |
|---|---|---|
| Steingr. Hermannsson, form. | Halldór Ásgrímsson, fundaskr. | Jón Árnason, frsm. |
| Jón Árm. Héðinsson. | Oddur Ólafsson. | Stefán Jónsson. |
| | Jón G. Sólnes. | |

## Ed. 426. Nefndarálit [33. mál]

um frv. til laga um samræmda vinnslu sjávarafla og veiðar, sem háðar eru sérstökum leyfum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á fundum sínum og leggur til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 7. apríl 1975.

| | | |
|---|---|---|
| Steingr. Hermannsson, form. | Halldór Ásgrímsson, fundaskr. | Jón Árnason, frsm. |
| Jón Árm. Héðinsson, með fyrirvara. | Oddur Ólafsson. | Stefán Jónsson. |

Jón G. Sólnes.

## Sþ. 427. Frumvarp til fjáraukalaga [228. mál]

fyrir árið 1972.

(Lagt fyrir Alþingi á 96. löggjafarþingi, 1974—75.)

Til viðbótar við gjöld í 2. gr. fjárlaga 1972 er veitt:

| | | Þús. kr. |
|---|---|---|
| 00 | Æðsta stjórn ríkisins að undanskyldu Alþingi | 5 005 |
| 01 | Forsætisráðuneytið | 16 430 |
| 02 | Menntamálaráðuneytið | 194 197 |
| 03 | Utanríkisráðuneytið | 26 982 |
| 04 | Landbúnaðarráðuneytið | 19 575 |
| 05 | Sjávarútvegsráðuneytið | 35 585 |
| 06 | Dóms- og kirkjumálaráðuneytið | 267 083 |
| 07 | Félagsmálaráðuneytið | 15 092 |
| 09 | Fjármálaráðuneytið | 40 141 |
| 10 | Samgönguráðuneytið | 651 104 |
| 11 | Iðnaðarráðuneytið | 141 425 |
| 12 | Viðskiptaráðuneytið | 498 662 |
| 13 | Hagstofa Íslands | 52 |
| 14 | Ríkisendurskoðun | 2 942 |
| | **Samtals** | 1 914 275 |

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Yfirskoðunarmenn ríkisreikninganna hafa afhent ráðuneytinu tillögur sínar til fjárveitinga í fjáraukalögum fyrir árið 1972. Þeir leggja til, að aukafjárveitingar séu veittar fyrir öllum umframgjöldum, sem ríkisreikningurinn 1972 sýnir.

## Nd. 428. Nefndarálit [130. mál]

um frv. til l. um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir.

Frá minni hl. heilbrigðis- og tryggingarnefndar.

Ég tel rétt að skila séráliti um frumvarp til laga um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir, enda þótt ég sé sammála meginefni þess og muni greiða því atkvæði ásamt breytingartillögum nefndarinnar, ef sértillögur mínar ná ekki fram að ganga.

Meginefni frumvarpsins felst að mínu mati í I. kafla þess sem fjallar um ráðgjöf og fræðslu um kynlíf og barneignir. Sá kafli hefur almennt gildi. Hann gerir yfirvöldum skylt að veita fræðslu um kynlíf og siðfræði kynlífsins í skólum landsins og aðra ráðgjöf sem allir eigi kost á um þessi mikilvægu svið mannlegs lífs. Um kynlíf, getnaðarvarnir og barneignir hefur til skamms tíma verið fjallað sem feimnismál í furðuríkum mæli, og unglingar hafa oft ekki átt kost á annarri fræðslu en þeirri sem þeir hafa snapað hjá jafnöldrum sínum, oft undir annarlegu tilfinningalegu fargi, eða í svokölluðum klámritum sem fjárplógsmenn gefa út í skjóli þessara óeðlilegu viðhorfa. Traust þekking á kynlífi og siðfræði kynlífs er að mínu mati ein af forsendum þess að fólk geti lifað heilbrigðu og eðlilegu lífi, og því eru ákvæði I. kafla frumvarpsins afar mikilvæg.

Þar sem fyrsti kaflinn hefur almennt gildi fjalla síðari kaflarnir um undantekningar sem eru sjaldgæfar, annars vegar fóstureyðingar, hins vegar ófrjósemisaðgerðir og ákvæði sem tengd eru slíkum aðgerðum. Í nefndinni tókst ekki samkomulag um það hver eigi að hafa ákvörðunarvald um fóstureyðingu, en þar tel ég vera um slíkt siðferðilegt grundvallaratriði að ræða að ekki verði hjá því komist að ég geri grein fyrir ágreiningi mínum við aðra nefndarmenn.

Stjórnarfrumvarp um þessi efni var upphaflega flutt á 94. löggjafarþingi. Þar var m. a. að finna svo hljóðandi ákvæði um fóstureyðingar:

„Fóstureyðing er heimil:

1. **að ósk konu**, sem búsett er hér á landi eða hefur íslenskan ríkisborgararétt, ef aðgerðin er framkvæmd fyrir lok 12. viku meðgöngutímans og ef engar læknisfræðilegar ástæður mæla móti aðgerð. Skilyrði er, að konan hafi verið frædd um áhættu samfara aðgerð og hafi hlotið fræðslu um, hvaða félagsleg aðstoð stendur til boða í þjóðfélaginu fyrir þungaða konu og við barnsburð."

Þetta ákvæði um ákvörðunarrétt konu er gersamlega fellt niður í þeirri nýju gerð frumvarpsins sem nú liggur fyrir þingi. Þess í stað hefur ákvæðum kaflans verið breytt þannig að þau eru í raun svipuð og ákvæði gildandi laga eins og þau hafa verið framkvæmd síðustu árin. Raunar má færa rök að því að ákvæði nýja frumvarpsins séu lakari en reglur gildandi laga; að minnsta kosti komst Tómas Helgason prófessor svo að orði í viðtali við nefndina að hann vildi heldur búa við núgildandi lög um skeið en ákvæði frumvarpsins, að því er fóstureyðingar varðar.

Því hefur verið haldið fram að sá kafli, sem áðan var vitnað til, feli í sér „frjálsar fóstureyðingar". Sú er ekki raunin. Ákvörðunarréttur konunnar er bundinn ströngum skilyrðum:

1. Lengd meðgöngutíma verður að vera innan við 12 vikur.
2. Engar læknisfræðilegar ástæður mega mæla gegn aðgerð.
3. Konan verður að ræða vandamál sín við sérfróða aðila.

Hér er um að ræða strangari skilyrði en í sumum nágrannalöndum okkar, t. a. m. Danmörku.

Það er ekki fyrr en að þessum skilyrðum uppfylltum sem til ákvörðunar kemur. Í fyrra frumvarpinu var lagt til að ákvörðunarvaldið yrði í höndum konunnar innan þessara þröngu marka, en í því frumvarpi, sem nú liggur fyrir, er lagt til að konan hafi ekkert ákvörðunarvald, heldur séu hinar örlagaríkustu ákvarðanir, sem varða líf hennar og framtíð, teknar af embættismönnum og sérfræðingum á tilteknum þröngum sviðum.

Allir hljóta að vera sammála um, að fóstureyðing er neyðarúrræði, og ekki síst þeir sem sjálfir verða að glíma við þá örlagaríku ákvörðun. Slík aðgerð hlýtur að verða mjög nærgöngul við tilfinningar, skaphöfn og samvisku hverrar konu; hún er vandamál af því tagi sem enginn getur skorið úr nema einstaklingurinn sjálfur; hún er í hópi þeirra persónubundnu viðfangsefna sem flestir einstaklingar verða að glíma við einhvern tíma á lífsleiðinni og eru hluti af þeirri vegsemd

og þeim vanda að vera maður. Þess vegna á vald til ákvörðunar um fóstureyðingu enga siðferðilega stoð nema hjá konunni sjálfri. Því er stundum haldið fram í áróðri að ákvörðunarvald konu feli í sér siðferðilegt undanhald og aukna lausung. Þessu er öfugt farið. Um leið og konu er tryggður sá réttur sem henni ber er lögð á hana hliðstæð siðferðileg ábyrgð. Hitt er siðferðilegur flótti ef kona getur gert „kerfið" ábyrgt fyrir persónubundinni ákvörðun af þessu tagi, og einstaklingar sem telja sig til þess bæra að taka slíkar ákvarðanir fyrir aðra hafa mjög brenglaðar hugmyndir um það hvað í siðgæði felst.

Af þessum ástæðum og mörgum öðrum flyt ég á sérstöku þingskjali breytingartillögur þess efnis að ákvæðunum um ákvörðunarvald konu verði breytt í upphaflega gerð. Jafnframt vil ég vara alvarlega við því að samþykkja lagaákvæði sem ganga í berhögg við sjónarmið sívaxandi hluta þjóðarinnar og verða orðin gersamlega úrelt eftir skamma hríð.

Höfundar upphaflega frv. voru Pétur H. J. Jakobsson prófessor, Guðrún Erlendsdóttir hæstaréttarlögmaður, Tómas Helgason prófessor og Vilborg Harðardóttir blaðamaður, en starfsmaður nefndarinnar var Svava Stefánsdóttir félagsráðgjafi. Þessi starfshópur vann verk sitt af óvenjulegri gerhygli að mínu mati, en hann hefur að undanförnu sætt ómaklegu og lítt rökstuddu aðkasti. Heilbrigðis- og tryggingánefnd neðri deildar óskaði eftir umsögn þessa starfshóps um hina nýju gerð frumvarpsins og gagnrýni þá sem fram hefur komið, og fylgir sú umsögn þessu nefndaráliti sem fylgiskjal I. Einnig birtist sem fylgiskjal II ályktun frá Kvenréttindafélagi Íslands.

Alþingi, 10. apríl 1975.

Magnús Kjartansson.

**Fylgiskjal I.**

2. apríl 1975.

**Um frumvarp til laga um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir.**

Heilbrigðis- og tryggingánefnd Alþingis hefur sent okkur greinargerð landlæknis um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir (frumvarp), dags. 5. mars 1975, til þess að við getum gert athugasemdir við gagnrýni hans á nefndaráliti okkar, greinargerð og frumvarpi til nýrra laga um þetta efni, sem gefið var út sem rit heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis 4/1973.

Að gefnu þessu tilefni viljum við undirrituð, sem ásamt Pétri heitnum Jakobssyni prófessor sömdum frumvarp til laga um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir, er birtist með nefndaráliti í riti heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins nr. 4/1973, taka fram eftirfarandi varðandi endurskoðun frumvarpsins og núverandi mynd þess:

I. kafli, 1. gr.

Við teljum óþarfa að taka sérstaklega fram, að landlæknir hafi á höndum yfirumsjón með framkvæmd og uppbyggingu ráðgjafar og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir. Það leiðir af sjálfu sér, þar sem hann hefur yfirumsjón með þeim heilbrigðisstofnunum, sem gert er ráð fyrir að veiti ráðgjöf og þjónustu af þessu tagi, sbr. 3. gr.

I. kafli, 7. gr.

Til að taka af allan vafa álítum við heppilegt, að 7. grein orðist á þessa leið: „Fræðsluyfirvöld skulu veita fræðslu um kynlíf og siðfræði kynlífsins á skyldunámsstigi í skólum landsins. Einnig skal veita fræðslu á öðrum námsstigum.“ En málsgreinin „Skólalæknir“ o. s. frv. falli niður.

Teljum við, að þannig sé það ákveðið tilgreint hver beri ábyrgð á fræðslu í skólum og að eðlilegast sé, að þessi fræðsla fari fram í tengslum við annað almennt námsefni. Að öðrum kosti teljum við hættu á, að kynferðismál haldi áfram að vera meðhöndluð sem sérstök feimnismál, eins og verið hefur.

II. kafli, 9. gr.

Við eru enn þeirrar skoðunar, að 9. gr. 1. tl. frumvarpsins frá 1973 eigi fullan rétt á sér, og leggjum áherslu á, að þar er ekki um algerlega „frjálsar“ fósturevðingar að ræða. Ákveðin skilyrði eru sett, þ. e. um lengd meðgöngutíma, að engar læknisfræðilegar ástæður mæli móti aðgerð og að konan hafi verið frædd um áhættu samfara aðgerð og um hvaða félagsleg aðstoð henni stendur til boða ef hún gengur með barn og fæðir það.

Gert er ráð fyrir, að konan hafi samráð við lækni og félagsráðgjafa þótt endanleg ákvörðun liggi hjá henni sjálfri. Konan þarf að geta rætt við þessa aðila um vandamál sitt og allar aðstæður sem áhrif hafa á ákvörðunartöku og þarfnast í flestum tilvikum fræðslu, leiðbeininga og stuðnings í þeim erfiðu kringumstæðum sem fyrir hendi eru, þegar sótt er um fóstureyðingu. Hins vegar er óeðlilegt, að ekki sé tekið fullt tillit til eigin mats á aðstæðum og afstöðu konu, sem bera skal endanlega ábyrgð á þeirri ákvörðun sem tekin verður, á hvorn veginn sem er, og taka afleiðingum hennar.

Það eru sjálfsögð mannréttindi konu að fá að ráða því sjálf, hvort hún fæðir og elur upp barn, en ýmsar ástæður geta legið til þess, að sú ákvörðun sé tekin eftir þungun, t. d. þegar getnaðarvarnir bregðast eða aðstæður breytast. Ekki eru það síður mannréttindi barns að fæðast velkomið og alast upp við sómasamleg skilyrði.

Fóstureyðing er neyðarúrræði, en að sjálfsögðu hlýtur alltaf að vera matsatriði hvað er neyð, á sama hátt og það yrði túlkunaratriði ákvörðunaraðila skv. núverandi frumvarpi, hversu þungt hinar mismunandi félagslegu ástæður eiga að vega. Það, sem einum er óbærilegt, kann að vera þolanlegt öðrum, en það hlýtur alltaf að vera mat, sem hver og einn verður að gera upp við sig sjálfur og enginn annar getur dæmt um — hversu sérmenntaður sem hann er.

Við teljum því, að 9. grein frumvarpsins ætti að haldast óbreytt frá upphaflegri gerð og í samræmi við það einnig aðrar greinar II. kafla.

II. kafli, 13. gr.

Í 13. gr. núv. frumvarps er kveðið á um, að hafi konu verið synjað um aðgerð í einu sjúkrahúsi, sé ekki heimilt að framkvæma aðgerðina á öðru sjúkrahúsi nema leyfi eftirlitsnefndar skv. 28. gr. komi til.

Þetta ákvæði teljum við mjög varhugavert, þar sem augljóst er, að slíkt neitunarvald einstaks sjúkrahúss eða starfsfólks þess getur tafið framkvæmd aðgerðar úr hófi og konur verið misrétti beittar t. d. vegna búsetu.

IV. kafli, 26. gr.

Vegna þess, sem fram hefur komið í bréfi landlæknis og í fréttatilkynningu stjórnar Læknafélags Íslands, teljum við nauðsynlegt, að bætt verði inn í 26. grein núverandi frumvarps á eftir orðunum „heilbrigðisyfirvöldum ber að hafa eftirlit

með framkvæmd laganna“ ... svo hljóðandi setningu: „og sjá um, að á sjúkrahúsum ríkisins sé hægt að framkvæma þær aðgerðir sem lögin gera ráð fyrir. Stuðla ber að samræmi“ o. s. frv.

**Athugasemdir við bréf landlæknis frá 5. mars 1975.**

Fullyrðingar landlæknisins, sem fram koma í þessu skrifi, þykja okkur lítt sæmandi einum æðsta embættismanni heilbrigðismála landsins. Ásökun hans um, að rit okkar sé ekki unnið af vandvirkni, teljum við grófa móðgun við nefndarmenn, sérstaklega formanninn og starfsmann nefndarinnar. Að baki nefndarálitinu liggur geysileg vinna við gagnaöflun og eftirrannsókn á hópi kvenna, sem framkvæmd var fóstureyðing hjá á Fæðingadeild Landspítalans, á árunum 1966 og 1967. Fullyrðing landlæknis um, að auðvelt hefði verið að skrifa læknum landsins og kanna afdrif kvenna er hafði verið synjað um fóstureyðingu, sýnir að okkar dómi furðulegan ókunnugleik hans á afgreiðslu umsókna um fóstureyðingar og þeim örðugleikum sem eru því samfara að afla upplýsinga frá læknum um ótiltekinn hóp fólks.

Við reyndum að vanda til nefndarálitsins eins og okkur framast var unnt og þykir að sjálfsögðu leitt að geta ekki fullnægt „ströngum kröfum“ landlæknisins um vandvirkni. Þess má þó geta, að verulegum örðugleikum var bundið að vinna úr gögnum, sem geymd voru hjá embætti hans, þar eð öll gögn, sem málin varða, voru ekki einu sinni geymd á einum stað, þannig að þau væru aðgengileg. Varð það m. a. til þess, að ekki voru birtar í ritinu fullar upplýsingar um endalok tilraunar til ólöglegrar fóstureyðingar, sem fyrrv. landlæknir vikur að í bréfi sínu frá 3. okt. 1973. Viljum við í því sambandi vísa ásökun núverandi landlæknis um að réttu máli sé hallað til föðurhúsanna.

Ásökun landlæknis um rangfærslu á tölum hefur þegar verið svarað í bréfi frá 30. jan. 1974, undirrituðu af formanni okkar nefndar, Pétri heitnum prófessor Jakobssyni, og bornar fram þær leiðréttingar á tölum, sem við töldum ástæðu til.

Tilraunir landlæknis til að réttlæta synjun á 12 umsóknum vegna rauðra hunda á árinu 1964 eru næsta óþarfar. Ekki fólst af okkar hálfu nein ásökun í birtingu upplýsinga um þessar synjanir. Aðeins var verið að kynna staðreyndir. Ekki verður þó hjá komist að minna á, að þekking á fósturskemmdum vegna rauðra hunda var þegar fyrir hendi fyrir árið 1960 og ekki ástæða til að skoða töflu á bls. 72 í nefndaráliti okkar í neinu sérstöku ljósi þess vegna. Landlæknir vill einnig benda leikmönnum á, að „alls ekki“ er talin hætta á fósturskemmdum ef smit verður eftir 12. viku meðgöngutímans. Hins vegar bendir landlæknir réttilega á síðar í skrifi sínu, að mat á tímalengd meðgöngutíma feli í sér a. m. k. hálfs mánaðar skekkju. Skiptir þá ekki miklu máli þó hann telji, að alls ekki sé hætta á fósturskemmdum eftir 12. viku meðgöngutíma, ef ekki er hægt að ákvarða meðgöngutímann nákvæmlega. Í þessu sambandi minnist hann og á, að á árunum 1966 til 1970 hafi nefnd sú, sem landlækni er til aðstoðar um afgreiðslu á umsóknum um fóstureyðingar og vananir, aðeins synjað 6 umsóknum af 79. Ekki hefur okkur tekist að átta okkur á hvernig þessi umsóknafjöldi er fundinn, en vera má, að þar sé um að kenna óvandvirkni okkar. Rétt er og að minna á, að synjunum umsókna um fóstureyðingu í Danmörku og Svíþjóð verður á engan hátt líkt við synjanafjölda hér, þar eð umsóknir þar eru hlutfallslega fleiri en hér á landi.

Ábending landlæknis um, að okkur hafi borið að kanna afdrif barna þeirra kvenna, sem synjað var um fóstureyðingu vegna rauðra hunda, er út í hött. Nægir aðeins í því sambandi að minna á málaferli og blaðaskrif, sem orðið hafa nýlega í sambandi við eitt slíkt tilfelli, svo og innlendar og erlendar rannsóknir um áhrif rauðra hunda á fóstur.

Landlæknir getur um, að erfitt sé að dæma ákvörðunartökur manna allt að 8 ár aftur í tímann. Það er rétt, enda er aðeins skýrt frá þeim í nefndaráliti okkar. Lengd meðgöngutíma skiptir ekki máli í þessu sambandi, nema því aðeins að hún hafi verið talin fram sem ástæða til synjunar.

Þá víkur landlæknir að fóstureyðingarlögum í nágrannalöndum og gagnrýnir yfirlit, sem fylgir nefndaráliti okkar. Þetta yfirlit er byggt á skýrslum Alþjóðasamtaka um fjölskylduáætlanir. Yfirlitið skýrist nægjanlega með því að lesa það sem á undan er skrifað og landlæknir telur, að sé ekki í samræmi við það. Hann bendir réttilega á, að fóstureyðingarlög í Evrópu og N-Ameríku hafi yfirleitt orðið frjálslegri að gerð og í framkvæmd á undanförnum árum, en þó með undantekningum, þ. e. í Búlgaríu, Póllandi og Rúmeníu. Rétt er að bæta við í þessu sambandi að löggjöf nágrannalandanna hefur um allnokkurt skeið verið mun frjálslegri en okkar, a. m. k. í framkvæmd, og gengur nú jafnvel enn lengra í frjálsræðis átt en við gerðum tillögur um í frumvarpi okkar. Landlæknir telur, að fóstureyðingum hafi yfirleitt fjölgað stórlega við tilkomu frjálslegri löggjafar. Hið rétta er, að löglegum fóstureyðingum hefur yfirleitt fjölgað við tilkomu frjálslegri löggjafar, sums staðar verulega, en annars staðar tiltölulega lítið. Landlæknir segir líka, að sér sýnist aðalhvati frjálsrar löggjafar, t. d. í Austur-Evrópu og Bandaríkjunum, hafi verið mikill fjöldi ólöglegra fóstureyðinga. Þetta hefur verið tekið inn í röksemdafærsluna, en líklega má sín ekki minna almennt viðhorf til mannréttinda, svo sem segir í dómi Hæstaréttar Bandaríkja N-Ameríku, sem landlæknir vitnar í ofar á sömu síðu í skrifi sínu.

Landlæknir ræðir um hættur við fóstureyðingar. Rétt er að vekja athygli á, að þeim eru gerð miklum mun ítarlegri skil í nefndaráliti okkar á bls. 177—194. Í þessu sambandi segir landlæknir: „Þrátt fyrir löggjöf um frjálsar fóstureyðingar er ekki við því að búast að þessar eftirverkanir **minnki eða hverfi fyrr en „fordómar" gegn aðgerðinni hverfa í þjóðfélagi. Fyrr en sú breyting hefur átt sér stað er vart hægt að tala um að konan öðlist frjálst val.**" Rétt er að benda á, að hér skapast vítahringur, sem ekki verður lagfærður með frjálslegri löggjöf, sem tekur tillit til sjálfsagðra mannréttinda konunnar.

Landlæknir víkur nokkrum sinnum að ólöglegum fóstureyðingum á Íslandi og telur á bls. 6, að þær séu allar götur mjög sjaldgæfar, á bls. 9 segir hann: „mér er ekki kunnugt um að slíkar aðgerðir fari fram á Íslandi nú, enda er auðvelt að fylgjast með því" (sic). Og loks á bls. 11: „ólöglegar fóstureyðingar eru ekki framkvæmdar hér á landi, svo vitað sé". Ekki kunnum við heldur að tilfæra dæmi um ólöglegar fóstureyðingar hér á landi önnur en það sem um er getið í nefndaráliti okkar og í bréfi fyrrverandi landlæknis. Hins vegar er vitað, að verulegur hópur kvenna hefur farið til Englands og fengið þar framkvæmda fóstureyðingu. Var þess getið í dagblaði nýlega, að upplýsingar hefðu fengist þaðan um 115 konur sem þangað hefðu farið s. l. 5 ár og fengið framkvæmda slíka aðgerð.

Í almennri umræðu um áhrif frjálslegri löggjafar um fóstureyðingar víkur landlæknir að því, að í Svíþjóð hafi minnkað notkun getnaðarvarna eftir að fóstureyðingar voru gerðar frjálsari. Í því sambandi má benda á, að honum láist að geta um, að samtímis hefur mjög verið klifað á óæskilegum áhrifum getnaðarvarnalyfja. Sá áróður hefur kannske ekki síður orðið til þess að draga úr notkun þeirra. Almennt má segja, að ólíklegt sé, að til lengdar muni konur frekar grípa til fóstureyðinga en getnaðarvarna og stappar nærri móðgun við upplýstar konur, eins og þær er búa á Íslandi að gera ráð fyrir slíku.

Um almennar reglur varðandi læknisaðgerðir geta flestir verið sammála, þ. e. að tilgangur læknisaðgerða sé að lækna og lina þjáningar og hindra þær að svo miklu leyti sem unnt er. Einmitt þetta er haft í huga þegar við leggjum til, að það sé fyrst og fremst konunnar að ákvarða hvort hún bindi enda á meðgöngu strax í upphafi eða fæði barn.

Vegna vandlætingarinnar í bréfi landlæknis verður ekki hjá því komist að vekja athygli á, að upplýsing hans (á bls. 11) um, að tæplega 2% umsókna til nefndar er fjallar um fóstureyðingar hafi verið synjað, er lítils virði. Á grundvelli hennar verður ekkert sagt með vissu um, að konur muni „ekki ganga bónleiðar til búðar ef þær óska eftir fóstureyðingu“, ef það frumvarp sem nú liggur fyrir nær fram að ganga. Til þess að upplýsing sem þessi komi að gagni verður að segja hve umsóknir, sem nefndinni bárust, voru margar. Enn fremur verður að benda á, að sá umsóknafjöldi takmarkast af gildandi lögum, en ekki af óskum eða félagslegum þörfum kvenna til að binda endi á meðgöngu með fóstureyðingu.

Rétt er enn einu sinni að vekja athygli á því, að í lagafrumvarpi því, er við sömdum, er ekki gert ráð fyrir að neinn læknir eða annar heilbrigðisstarfsmaður verði þvingaður til að gera neitt það er hann telur sig samvisku sinnar vegna ekki getað aðhafst. Jafnframt er nauðsynlegt að vekja athygli á því, að eigi ákvæði frumvarps okkar ekki að verða pappírsgagn eitt verði ríkið að sjálfsögðu að sjá fyrir möguleika á framkvæmd laganna.

Landlæknir lýkur skrifi sínu með því að segja, að verði fóstureyðingar að beiðni konu lögboðnar í flestum nágrannalöndum og jafnframt komi í ljós, að framkvæmd þess frumvarps, sem hér um ræðir, hafi í för með sér misrétti, sé líklegt að við verðum að endurskoða lögin og breyta þeim, því að við getum ekki haft í gildi lög, sem í framkvæmd eru að verulegu leyti frábrugðin lögum nágrannalanda. Þær forsendur sem hér eru settar fram eru þegar fyrir hendi, lög í nágrannalöndunum og framkvæmd þeirra eru þannig, að nauðsynlegt er að semja lög hér í samræmi við frumvarp okkar. Þegar er ljóst misréttið sem það frumvarp, sem nú liggur fyrir, mun hafa í för með sér.

Með mikilli virðingu,

Guðrún Erlendsdóttir
hæstaréttarlögmaður

Vilborg Harðardóttir
blaðamaður

Tómas Helgason
prófessor, dr. med.

Svava Stefánsdóttir
félagsráðgjafi
ritari nefndarinnar

Heilbrigðis- og tryggingnefnd
neðri deildar Alþingis
Reykjavík.

## Fylgiskjal II.

Stjórn Kvenréttindafélags Íslands telur ástæðu til þess að gera athugasemd við það, að nefnd, sem skipuð var af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra til þess að undirbúa endurframlagningu frumvarps til laga um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir, skuli eingöngu hafa verið skipuð körlum. Telur K.R.F.Í. það skilyrðislausa kröfu, að konur séu ekki sniðgengar við nefndaskipanir, og þó sérstaklega þegar um er að ræða mál, sem snertir konur jafnmikið og það viðkvæma vandamál, sem hér um ræðir.

Stjórn K.R.F.Í. telur, að I. kafli frumvarpsins, sem í meginatriðum er samhljóða í báðum útgáfum frumvarpsins, sé til mikilla bóta. Stjórnin telur brýna þörf fyrir þá ráðgjöf og fræðslu, sem þar er gert ráð fyrir, og telur, að leggja beri ríka áherslu á, að sem allra fyrst verði komið á slíkri fræðslu- og ráðgjafaþjónustu um allt land, í sambandi við heilsugæslustöðvar, hjá einstaklingum, og leggur stjórn K.R.F.Í. mikla áherslu á kynfræðslu í skólum landsins.

Varðandi II. kafla frumvarpsins telur stjórnin, að fóstureyðing sé neyðarúrræði, sem eingöngu skuli grípa til, þegar heilsufar konu eða félagslegar aðstæður mæla eindregið gegn því, að meðgöngu sé haldið áfram.

Að því er varðar mat á því, hvort þungi skuli hindraður vegna félagslegra aðstæðna, „áður en fóstrið hefur náð lífvænlegum þroska", telur meiri hluti stjórnarinnar, að venjuleg kona sé þess umkomin að taka sjálf endanlega ákvörðun, eftir að hún hefur hlotið allar þær upplýsingar, sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Meiri hluti stjórnarinnar telur ekki ástæðu til þess að óttast, að ábyrgðartilfinningu kvenna sé svo ábótavant, að heimild þessi verði misnotuð, og bendir á þá staðreynd, að hverri manneskju er ætlað að taka örlagaríkar ákvarðanir í lífinu og bera ábyrgð á sjálfri sér og börnum sínum.

Meiri hluti stjórnar K.R.F.Í. telur varhugavert að leggja slíkt mat í hendur dómkvaddra sérfræðinga, sem væru þess vart betur umkomnir að meta viðkvæm og óljós félagsleg vandamál en konan sjálf. Aftur á móti gæti bið á ákvörðun nefndarinnar orðið til þess, að mál yrði tafið of lengi, og þar með valdið örlagaríku og óbætanlegu tjóni, sem því miður eru dæmi til.

Verði frumvarp þetta að lögum, telur stjórn K.R.F.Í. nauðsynlegt að þau séu endurskoðuð innan 3 ára.

Reykjavík, 25. jan. 1975.

F. h. stjórnar Kvenréttindafélags Íslands
Guðný Helgadóttir, formaður.

TIL ALÞINGIS
c/o Ellert B. Schram, alþingismaður.

## Nd. 429. Breytingartillögur [130. mál]

við frv. til l. um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir.

Frá Magnúsi Kjartanssyni.

1. 9. gr. orðist svo:
Fóstureyðing er heimil:

1. **að ósk konu,** sem búsett er hér á landi eða hefur íslenskan ríkisborgararétt, ef aðgerðin er framkvæmd fyrir lok 12. viku meðgöngu og ef engar læknisfræðilegar ástæður mæla móti aðgerð. Skilyrði er, að konan hafi verið frædd um áhættu samfara aðgerð og hafi hlotið fræðslu um, hvaða félagsleg aðstoð stendur til boða í þjóðfélaginu fyrir þungaða konu og við barnsburð,
2. **að læknisráði** og í viðeigandi tilfellum að undangenginni félagslegri ráðgjöf:
   a) Þegar ætla má, að heilsu konu, líkamlegri eða andlegri, sé hætta búin af áframhaldandi meðgöngu og fæðingu.
   b) Þegar ætla má, að barn, sem kona gengur með, eigi á hættu að fæðast vanskapað eða haldið alvarlegum sjúkdómi vegna erfða eða sköddunar í fósturlífi.
   c) Þegar sjúkdómur, líkamlegur eða geðrænn, dregur alvarlega úr getu konu eða barnsföður til að annast og ala upp barn.
   d) Þegar ætla má, að þessi þungun og tilkoma barns verði konunni og hennar nánustu erfið vegna félagslegra ástæðna, sem ekki verður ráðin bót á.

e) Þegar konan getur ekki vegna æsku eða þroskaleysis, þegar þungun á sér stað, annast barnið á fullnægjandi hátt.
f) Ef konu hefur verið nauðgað eða hún orðið þunguð sem afleiðing af öðru refsiverðu atferli.

2. 11. gr. orðist svo:
1. Fóstureyðingu má framkvæma samkvæmt 9. gr. 1. tölulið þessara laga, þegar fyrir liggur umsókn konu og greinargerð læknis um, að ekkert læknisfræðilegt mæli gegn aðgerð og skilyrðum um meðgöngutímalengd og fræðslu sé fullnægt.
2. Fóstureyðingu má framkvæma samkvæmt 9. gr. 2. tölulið a, b og c, þegar fyrir liggur umsókn konu og greinargerð læknis um nauðsyn aðgerðar.
3. Fóstureyðingu má framkvæma samkvæmt 9. gr. 2. tölulið, d, e og f, þegar fyrir liggur umsókn konu, studd greinargerð heimilislæknis eða félagsráðgjafa um nauðsyn aðgerðarinnar, ásamt vottorði aðgerðarlæknis um, að skilyrðum 10. gr. laga þessara um lengd meðgöngutíma sé fullnægt.
Umsókn og vottorð skulu rituð á þar til gerð eyðublöð.

3. 13. gr. orðist svo:
1. Konan skal að jafnaði sjálf standa fyrir umsókn sinni um fóstureyðingu.
2. Ef hún er vegna geðsjúkdóms, mikils greindarskorts eða af öðrum ástæðum ófær um að gera sér grein fyrir nauðsyn aðgerðarinnar, er heimilt að veita leyfi til aðgerðarinnar samkvæmt umsókn sérstaklega skipaðs lögráðamanns.
3. Sé konan yngri en 16 ára eða svipt sjálfræði, skulu foreldrar eða lögráðamaður taka þátt í umsókn með henni, nema sérstakar ástæður mæli gegn því.
4. Ef mögulegt er, skal barnsfaðir taka þátt í umsókn konunnar, nema sérstakar ástæður mæli gegn því.

## Nd. 430. Nefndarálit [130. mál]

um frv. til laga um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og tryggingnefndar.

Nefndin hefur fjallað um frv. þetta á mörgum fundum, kynnt sér umsagnir um frv. um sama efni, er bárust í fyrra, og enn fremur allmörg erindi, sem henni og einstökum nefndarmönnum hafa borist á yfirstandandi þingi. Hafa nefndarmenn ekki orðið sammála um afgreiðslu frv. Meiri hl., sem skipaður er undirrituðum alþingismönnum, leggur til, að frv. verði samþykkt með nokkrum breytingum, og flytur nefndin breytingartillögur þar um á sérstöku þingskjali. Enn fremur áskilja þeir, sem meiri hlutann skipa, sér rétt til að flytja eða fylgja frekari breytingartillögum. Minni hl. (MK) mun skila séráliti, og Karvel Pálmason hefur fyrirvara um fylgi við 9. gr. 1.

Almennt mun viðurkennt, að þörf sé löggjafar um þau efni, sem frv. þetta fjallar um. Kona, sem æskir fóstureyðingar, þarf að vita hvaða aðstæður veita henni rétt til þess að fá hana framkvæmda, og sá læknir, er aðgerðina framkvæmir, verður einnig að styðjast við lög og reglur.

Hér á landi er löggjöf um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir gömul og úrelt á margan hátt. Lög nr. 38/1935, um leiðbeiningar fyrir konur um varnir gegn því að verða barnshafandi og um fóstureyðingar, og lög nr. 16/1938, um að heimila í viðeigandi tilfellum aðgerðir á fólki, er koma í veg fyrir að það auki kyn sitt, bera þessu ljósan vott. Í löggjöf þessa vantar ítarleg ákvæði um ráðgjöf og fræðslu um kynlíf og barneignir, sem bæta þarf úr og gera á með lögfestingu I. kafla þessa frv.

Að dómi nefndarmanna er þörfin fyrir nýja lagasetningu ótvíræð. Ágreiningurinn í nefndinni lýtur eingöngu að II. kafla frv. um fóstureyðingar.

Frv. um sama efni var flutt á síðasta þingi. Þar var gert ráð fyrir, að fóstureyðing að ósk konu væri heimil að uppfylltum vissum skilyrðum, sbr. 9. gr. 1. tölul. (95. mál). Þetta ákvæði olli miklum deilum innan þings og utan. Mikill meiri hluti þeirra umsagna um frv., er heilbrigðis- og trygginganefnd bárust, var andvígur þessu ákvæði og vitað var um mikla andstöðu gegn því á Alþingi. Frv. náði því ekki fram að ganga á því þingi.

Hinn 1. nóv. s. l. skipaði heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra nefnd þriggja manna til þess að endurskoða frv. og undirbúa endurframlagningu þess. Nefndin varð sammála um nokkrar breytingar á upphaflega frv. og lýtur sú veigamesta að 9. gr. þess. Í stað heimildar til fóstureyðingar að ósk konu er nú lagt til, að fóstureyðingar skuli heimilar af félagslegum ástæðum einum saman, og talin upp nokkur atriði, sem taka skal tillit til við mat á aðstæðum. Skilyrði fóstureyðingar er nú sem hingað til vottorð tveggja lækna eða vottorð læknis og félagsráðgjafa, sé hann til staðar í viðkomandi heilsugæsluumdæmi. Þrátt fyrir þetta ákvæði er ljóst af orðalagi 1. töluliðar 9. gr., að allt frumkvæði að fóstureyðingu er hjá konunni sjálfri og um endanlegan úrskurð læknis ber fyrst og fremst að miða við mat konunnar á eigin aðstæðum og gildandi lagareglum.

Að mati undirritaðra mun samþykkt 9. gr. frv., eins og hún er nú, hafa í för með sér rýmkun á heimild til fóstureyðinga frá gildandi lögum. Með frv. er reynt að tryggja einfalda og skriffinnskulitla aðferð við að fá fóstureyðingu framkvæmda, hvar sem konur eru búsettar á landinu, og samræmda framkvæmd um land allt.

Miðað við þessar forsendur og ýmsar fleiri, sem vikið verður að í framsögu, leggur meiri hl. nefndarinnar til, að frv. verði samþykkt með nokkrum breytingum.

Alþingi, 10. apríl 1975.

Jón Skaftason, form., frsm. Þórarinn Sigurjónsson, fundaskr. Ragnhildur Helgadóttir.

Guðmundur H. Garðarsson. Karvel Pálmason.

## Nd. 431. Breytingartillögur [130. mál]

við frv. til laga um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

1. Við 2. gr. bætist nýr liður, nr. 4, svo hljóðandi:
   Ráðgjöf og fræðslu varðandi þá aðstoð, sem konunni stendur til boða í sambandi við meðgöngu og barnsburð.
2. Við 7. gr. Greinin orðist þannig:
   Fræðsluyfirvöld skulu í samráði við skólayfirlækni veita fræðslu um kynlíf og siðfræði kynlífsins á skyldunámsstigi í skólum landsins. Einnig skal veita þessa fræðslu á öðrum námsstigum.
3. Við 9. gr. 1. tl.
   a. Í stað orðsins „óbærileg“ komi: of erfið.
   b. Orðið „fátæktar“ í b-lið falli niður.
4. Við 11. gr. 1. málsgr. orðist þannig:
   Áður en fóstureyðing má fara fram, verður að liggja fyrir skrifleg rökstudd greinargerð tveggja lækna, eða læknis og félagsráðgjafa sé eingöngu um félagslegar ástæður að ræða, enda sé hann starfandi í viðkomandi heilsugæsluumdæmi. Annar þessara lækna sé sérfræðingur í kvensjúkdómum eða almennum skurðlækningum við það sjúkrahús, þar sem aðgerðin fer fram, en hinn

að jafnaði sá læknir eða félagsráðgjafi, sem ráðlagt hefur konunni að leita sjúkrahúss þessara erinda.

5. Við 12. gr. Í stað orðsins „óhlutlægan“ komi: óhlutdrægan.
6. Við 13. gr. 5. tölul. 2. málsgr. orðist þannig:
   Hætti kona við aðgerð ber henni að staðfesta þann vilja sinn skriflega. Sé konu synjað um aðgerð á sjúkrahúsi skal henni og þeim, er undir greinargerð rita, tilkynnt það strax skriflega. Getur konan þá tafarlaust leitað þeirra úrræða, sem kveðið er á um í 28. gr., og er þeim, sem undir greinargerð hefur ritað, skylt að aðstoða hana í því.
7. Við 15. gr. Greinin orðist þannig:
   Einungis læknar mega framkvæma fóstureyðingu. Fóstureyðingu má aðeins framkvæma í sjúkrahúsum, þar sem sérfræðingur á sviði kvenlækninga eða sérfræðingur í almennum skurðlækningum starfar og ráðherra hefur viðurkennt í þessu skyni.
8. Við 19. gr. Á eftir orðunum „ástæður fyrir aðgerð“ í 2. málsgr. bætist: enda sé hann starfandi í viðkomandi heilsugæsluumdæmi.
9. Við 26. gr. Greinin orðist þannig:
   Heilbrigðisyfirvöldum ber að hafa eftirlit með framkvæmd laganna og sjá um, að á sjúkrahúsum ríkisins sé hægt að framkvæma þær aðgerðir, sem lögin gera ráð fyrir, sbr. þó 15. gr. Stuðla ber að samræmi í framkvæmd þeirra í öllum landshlutum. Þeim, er starfa að framkvæmd laganna, skal veitt fræðsla og leiðbeiningar í því skyni.
10. Við 28. gr.
    a. Í stað orðanna „skal hann þá“ í 1. málsgr. komi: skal hann tafarlaust.
    b. Á eftir orðunum „3 menn“ í 2. málsgr. bætist: og jafnmargir varamenn.

## Ed. 432. Nefndarálit [21. mál]

um frv. til laga um trúfélög.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 10. apríl 1975.

Ingi Tryggvason, form., frsm. — Axel Jónsson, fundaskr. — Eggert G. Þorsteinsson.
Jón G. Sólnes. — Oddur Ólafsson. — Geir Gunnarsson.
Halldór Ásgrímsson.

## Ed. 433. Nefndarálit [23. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt málið á nokkrum fundum og fengið um það skriflegar og munnlegar umsagnir. Nefndin hefur orðið sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins en gerir við það svofellda

BREYTINGARTILLÖGU:

Á eftir 1. málslið 3. efnismálsgreinar 3. gr. frumvarpsins komi nýr málsliður, svo hljóðandi:

Í reglum, sem dómsmálaráðherra setur samkv. 5. málsgr. 42. gr., má heimila, að bókanir í þingbók um töku vitnaskýrslu verði felldar niður að hluta eða að fullu.

Alþingi, 10. apríl 1975.

Ingi Tryggvason, form., frsm.
Axel Jónsson, fundaskr.
Eggert G. Þorsteinsson.
Jón G. Sólnes.
Oddur Ólafsson.
Geir Gunnarsson.
Halldór Ásgrimsson.

## Ed. 434. Nefndarálit [25. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og orðið sammála um að mæla með því óbreyttu.

Alþingi, 10. apríl 1975.

Ingi Tryggvason, form., frsm.
Axel Jónsson, fundaskr.
Eggert G. Þorsteinsson.
Jón G. Sólnes.
Oddur Ólafsson.
Geir Gunnarsson.
Halldór Ásgrímsson.

## Ed. 435. Nefndarálit [53. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 20 8. mars 1954, um vátryggingarsamninga.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og orðið sammála um að mæla með því óbreyttu.

Alþingi, 10. apríl 1975.

Ingi Tryggvason, form., frsm.
Axel Jónsson, fundaskr.
Eggert G. Þorsteinsson.
Jón G. Sólnes.
Oddur Ólafsson.
Geir Gunnarsson.
Halldór Ásgrímsson.

## Ed. 436. Nefndarálit [134. mál]

um frv. til l. um launasjóð rithöfunda.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess. Nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum. — Steingrímur Hermannsson og Jón Árm. Héðinsson voru fjarstaddir afgreiðslu málsins.

Alþingi, 10. apríl 1975.

Axel Jónsson, form., frsm. Steinþór Gestsson, fundaskr. Ingi Tryggvason.
Ragnar Arnalds. Þorv. Garðar Kristjánsson.

## Nd. 437. Nefndarálit [93. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 frá 11. maí 1966, um iðnfræðslu.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur rætt málið ítarlega á fundum sínum og leitað umsagnar nokkurra aðila. Tveir þeirra sendu nefndinni skriflegt álit, þ. e. iðnfræðsluráð og iðnfræðslulaganefnd. Telur hvorugur aðilinn rétt að breyta lögum í þá veru, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, en breytingartillagan er í því fólgin, að Barðastrandarsýslur verði sérstakt iðnskólaumdæmi, og þá gengið út frá því, að aðaliðnskóli þess umdæmis yrði á Patreksfirði.

Nefndinni er kunnugt um, að iðnskóli starfar á Patreksfirði, og hefur svo verið rúma 3 áratugi. Efar nefndin ekki, að skóli þessi hefur gegnt mikilvægu hlutverki, svo sem aðrir iðnskólar, sem líkt stendur á um að því leyti, að þeir eru ekki í tölu aðaliðnskóla samkvæmt gildandi lögum um iðnfræðslu, og búa því við óvissu um framtíð sína. Má í því sambandi m. a. nefna iðnskóla í Borgarnesi, Stykkishólmi, Siglufirði, Seyðisfirði og Húsavík.

Menntamálanefnd minnir á, að sérstök nefnd starfar um þessar mundir að endurskoðun iðnfræðslulaga. Meðan sú endurskoðun varir og meðan beðið er tillagna nefndar þeirrar, er um þau fjallar, telur menntamálanefnd ekki rétt að gera þá breytingu á iðnfræðslulögum, sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Í því felst þó enginn lokadómur um nauðsyn þess, hvort aðaliðnskóli skuli vera á Patreksfirði eða ekki. Telur nefndin eðlilegt, að það mál verði ítarlega kannað í sambandi við hina almennu endurskoðun iðnfræðslulaga.

Með skírskotun til þess, sem á undan er sagt, leggur nefndin til, að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.** — Svava Jakobsdóttir var fjarverandi, er málið var afgreitt úr nefndinni.

Alþingi, 10. apríl 1975.

Ingvar Gíslason, form., frsm. Sigurlaug Bjarnadóttir, fundaskr. Ellert B. Schram.
Ey. Kon. Jónsson. Magnús T. Ólafsson. Gunnlaugur Finnsson.

# Ed. 438. Frumvarp til laga [229. mál]

um breyting á lögum nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði.

Flm.: Steingrímur Hermannsson, Jón Árm. Héðinsson, Helgi F. Seljan, Oddur Ólafsson.

**1. gr.**

14. gr. laganna orðist svo:

1. Eigi má veiða lax í sjó.
2. Nú veiðist lax í sjó í veiðitæki, sem ætluð eru til veiði annarra fiska, og skal þá þeim, er veiðir, skylt að sleppa honum í sjó aftur.
3. Veiði göngusilungs í sjó skal hlíta sömu reglum sem veiði í ósöltu vatni, eftir því sem unnt er.
4. Rétt er ráðherra að takmarka eða banna veiði göngusilungs í sjó á tilteknum svæðum, enda æski veiðinotendur eða veiðifélag slíkrar friðunar og sýslunefnd mæli með henni eða bæjarstjórn, ef veiði er fyrir bæjarlandi.
5. Með sama skilorði og í 4. mgr. segir er ráðherra rétt að banna veiði fiska framan við árósa, þar sem hætta er á, að lax og silungur geti veiðst í veiðiútbúnað, sem ætlaður er til slíkrar veiði.

**2. gr.**

2. mgr. 94. gr. laganna orðist þannig:

Mat samkv. 1. mgr. og annað mat, sem getur í lögum þessum, skulu framkvæma 2 menn dómkvaddir af héraðsdómara, þar sem er vatn það, sem meta skal. Héraðsdómari skal að jafnaði dómkveðja menn búsetta í öðru lögsagnarumdæmi, og skal annar þeirra vera vatnalíffræðingur. Héraðsdómari skal ráðfæra sig við veiðimálastjóra, en hann framkvæmir dómkvaðningu. Matsmenn skulu rökstyðja niðurstöður sínar. Nú varðar mat merkivatn milli lögsagnarumdæma, og ákveður þá ráðherra, hvaða héraðsdómari dómkveður matsmenn.

**3. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvörp samhljóða þessu voru flutt á 93. og 94. löggjafarþingi, en urðu ekki útrædd.

Með frumvarpi þessu er lagt til að breyta gildandi lagaákvæðum varðandi undanþágu til laxveiði í sjó.

Eins og kunnugt er, hefur það verið yfirlýst stefna íslendinga að leyfa ekki laxveiði í sjó. Frá þessari meginstefnu hefur þó verið vikið með undanþáguákvæði í lögunum um lax- og silungsveiði. Undanþáguákvæði þetta nær í framkvæmd aðeins til örfárra aðila í landinu.

Í 14. gr. laganna um lax- og silungsveiði er þessi heimild orðuð þannig:

„Nú hefur laxveiði í sjó verið metin sérstaklega til dýrleika í fasteignamati því, er öðlaðist gildi árið 1932, eða tillit hefur verið tekið til hennar við ákvörðun fasteignaverðs í því mati, og er þá sú veiði leyfileg.“

Lagt er til í þessu frv. að fella niður þessa heimildareglu.

Þýðingarmikið er, að stefna íslendinga sé skýr og án undantekninga í þessum efnum. Mikill ágreiningur er í ýmsum löndum um veiði á laxi í sjó, og um reglur varðandi slíkar veiðar er oft tekist á æðihart á erlendum vettvangi, m. a. í fiskveiðistofnunum, sem íslendingar taka þátt í.

Það veikir aðstöðu okkar íslendinga varðandi þessi mál að hafa í okkar lögum undanþáguákvæði, sem heimila laxveiðar í sjó. Undanþáguregla þessi veikir einnig mjög aðstöðu til að halda uppi ströngu eftirliti með netaveiðum í sjó í nánd við veiðiár, en eins og kunnugt er, eru deilur um slíkar veiðar algengar.

Undanþága til laxveiða í sjó hefur staðið svo lengi, að ekki sýnist nein ástæða til að halda henni lengur.

## Nd. 439. Frumvarp til laga [230. mál]

um breyting á hjúkrunarlögum nr. 8 frá 13. mars 1974.

(Lagt fyrir Alþingi á 96. löggjafarþingi, 1974—75.)

1. gr.

Fyrsta grein laganna orðist svo:

Rétt til að stunda hjúkrun og kalla sig hjúkrunarfræðing hefur sá einn, sem til þess hefur fengið leyfi ráðherra.

Þeim sem þess óska fremur skal heimilt að nota starfsheitin hjúkrunarkona eða hjúkrunarmaður.

2. gr.

Greinar laganna nr. 2—7, breytast þannig, að þar sem orðin hjúkrunarkona eða hjúkrunarmaður koma fyrir skal nú standa hjúkrunarfræðingur.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þegar frumvarp að hjúkrunarlögum nr. 8/1974 var lagt fyrir Alþingi á ofanverðu sl. ári, var á það drepið í athugasemdum við 1. gr. frumvarpsins, að tillögur hefðu komið fram um nýtt samheiti fyrir þá, sem lokið hafa námi í hjúkrunarfræðum.

Vonast var eftir því, að Hjúkrunarfélag Íslands hefði tekið ákveðna afstöðu til þessa máls áður en meðferð frumvarpsins fyrir Alþingi væri lokið. Sú varð þó ekki raunin.

Nú hefur ráðuneytinu hins vegar borist tillaga Hjúkrunarfélags Íslands þess efnis, að tekið verði upp starfsheitið hjúkrunarfræðingur og að það verði lögverndað.

Jafnframt leggur Hjúkrunarfélag Íslands til, að starfsheitin hjúkrunarkona og hjúkrunarmaður skuli njóta sömu lögverndar og áður. Af þessum sökum er frumvarp þetta flutt.

## Nd. 440. Nefndarálit [149. mál]

um frv. til laga um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Iðnaðarnefnd neðri deildar Alþingis hefur haft frv. til l. um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði til meðferðar. Nefndin hefur haldið marga fundi um málið og kallað til sín ýmsa aðila, sem hafa gefið mikilvægar upplýsingar um fyrirhugaða verksmiðju. Þeir, sem komið hafa til viðræðna á fundum í nefndinni, eru eftir-

taldir menn: Frá Náttúruverndarráði Eysteinn Jónsson, Vilhjálmur Lúðvíksson, Hjörleifur Guttormsson og Eyþór Einarsson. Gáfu þeir mikilvægar upplýsingar um mengunarmál og skiluðu greinargerð, sem gerð verður grein fyrir á Alþingi í framsögu fyrir málinu. Einnig ræddi nefndin við samgönguráðherra, ráðuneytisstjórann í samgönguráðuneytinu og Gunnar Sigurðsson verkfræðing. Svöruðu þeir fyrirspurnum um væntanlegar hafnarframkvæmdir við Grundartanga í Hvalfirði. Forstöðumaður Heilbrigðiseftirlits ríkisins, Baldur Johnsen, og aðstoðarmaður hans, Eyjólfur Sæmundsson, gerðu grein fyrir afstöðu Heilbrigðiseftirlitsins til rekstrar járnblendiverksmiðju í Hvalfirði. Baldur og Eyjólfur hafa báðir ferðast til Bandaríkja N.-Ameríku og víðar til þess að kynna sér umbúnað og mengunarvarnir í verksmiðjum af sömu gerð og fyrirhugað er að byggja hér á landi. Iðnaðarnefnd hefur fengið greinargerð frá Heilbrigðiseftirlitinu, sem vitnað verður til í umræðum á Alþingi um málið.

Forstöðumaður Þjóðhagsstofnunar, Jón Sigurðsson, kom til viðræðna við nefndina. Svaraði hann fyrirspurnum og veitti upplýsingar um þjóðhagslegt gildi verksmiðju af þeirri gerð, sem hér um ræðir. Nefndin fékk einnig á sinn fund fulltrúa frá Landsvirkjun og Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsens. Gáfu þeir skýr og greinileg svör um orkumál við fyrirspurnum nefndarmanna.

Nefndin hefur stuðst við ýmis gögn, sem iðnaðarnefnd efri deildar barst meðan málið var til meðferðar í efri deild. Má m. a. nefna umsagnir frá mörgum félagasamtökum og öðrum aðilum, sem vitnað verður til, þegar málið kemur til umræðu í neðri deild Alþingis.

Um væntanlega verksmiðju hefur mikið verið rætt og ritað að undanförnu. Virðast skoðanir manna vera nokkuð skiptar, eins og oft vill verða, þegar um mál er að ræða, sem ekki er fengin innlend reynsla fyrir. Ýmsir óttast mengun og óheilbrigði af völdum verksmiðjunnar og hafa snúist gegn málinu þess vegna. Vegna umræðna um mengunarhættu þykir rétt að birta hér kafla úr skýrslu Náttúruverndarráðs til Heilbrigðiseftirlits ríkisins, dags. 9. þ. m.:

„Varðandi fyrirhugaða kísiljárnverksmiðju í Hvalfirði er það mat Náttúruverndarráðs, að hættan á skaðlegum áhrifum á lífríki vegna mengunar af hennar völdum sé ekki veruleg, ef allar tiltækar varúðarráðstafanir eru gerðar, og minni en af öðrum málmblendiiðnaði, svo sem af framleiðslu mangan- og krómjárnblendis. Veldur því fyrst og fremst annað hráefni svo og annar tæknibúnaður til mengunarvarna. Þrátt fyrir áratuga reynslu af mikilli og hvimleiðri rykmengun frá kísiljárnbræðslum í Noregi hafa að sögn umhverfisyfirvalda þar, Statens forurensningstilsyn miljödepartmentet, ekki komið fram neinar upplýsingar, sem benda til þess, að slík mengun hafi haft skaðleg áhrif á gróður eða dýralíf. Á hinn bóginn var það einnig upplýst, að það hafði ekki verið sérstaklega rannsakað, og að sjálfsögðu höfum við ekki reynslu af slíkri starfsemi hér á landi. Með þeim tæknibúnaði til rykhreinsunar, sem þróaður hefur verið á allra síðustu árum, hafa skapast möguleikar á stórfelldum úrbótum frá því sem áður var til varnar rykmengun út frá kísiljárnverksmiðjum og jafnframt verið unnt að bæta verulega innri starfsskilyrði á slíkum verksmiðjum.“

Iðnaðarnefnd varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Nefndin hefur kynnt sér rækilega frumvarp um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði og önnur gögn, sem málið snertir. Að vel athuguðu máli mælir meiri hl. nefndarinnar með því, að frv. verði samþykkt með þeim breytingum, sem á því voru gerðar í efri deild.

Alþingi, 11. apríl 1975.

Ingólfur Jónsson, form., frsm. Lárus Jónsson, fundaskr. Sverrir Bergmann.

Bragi Sigurjónsson. Pétur Sigurðsson.

**Nd.** **441. Breytingartillögur** [204. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir í efnahagsmálum og fjármálum til þess að stuðla að jafnvægi í þjóðarbúskapnum og treysta undirstöðu atvinnu og lífskjara.

Frá Lúðvík Jósepssyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist þannig:

   Ríkisstjórninni er heimilt að lækka almenn rekstrarútgjöld samkv. fjárlögum ársins 1975 um allt að 1500 milljónir króna enda sé þess gætt að slík lækkun útgjalda hafi engin áhrif á fjárveitingar til verklegra framkvæmda né heldur á framlög til félagsmála.

2. Við 2. gr. Við greinina bætist:

   Þó skal framangreindur frádráttur vegna vinnu eiginkonu bónda við búrekstur aldrei nema lægri fjárhæð en 268 000 kr., enda gegni hún ekki öðrum launuðum störfum.

3. Við 10. gr. A-liður orðist þannig:

   Tekjuskattur þeirra manna, sem tekjuskattskyldir eru samkvæmt lögum þessum, skal reiknast svo:

   1. Hjá einstaklingi og hjónum telji þau fram hvort í sínu lagi: Af fyrstu 600 000 kr. skattgjaldstekjum greiðist 20%, af skattgjaldstekjum yfir 600 000 kr., en undir 1 500 000 kr. greiðist 40%, af skattgjaldstekjum 1 500 000 kr. til 2 500 000 kr. greiðist 45% og af skattgjaldstekjum yfir 2 500 000 kr. greiðist 50%. Frá þeirri fjárhæð skal síðan dreginn persónuafsláttur skv. 1. eða 3. tl. B-liðar þessarar greinar, eftir því sem við á.
   2. Hjá hjónum sem samsköttuð eru, sbr. 3. gr. laga þessara: Af fyrstu 850 000 kr. skattgjaldstekjum greiðist 20%, af skattgjaldstekjum 850 000 kr., en undir 1 750 000 kr. greiðist 40%, af skattgjaldstekjum 1 750 000 kr. til 2 750 000 kr. greiðist 45% og af skattgjaldstekjum yfir 2 750 000 kr. greiðist 50%. Frá þeirri fjárhæð skal síðan dreginn persónuafsláttur skv. 2. tl. B-liðar þessarar greinar.

4. Við ákvæði til bráðabirgða í lok II. kafla bætist nýr stafliður, C, svo hljóðandi:

   Við álagningu tekju- og eignarskatts árið 1975 skulu fyrningar reiknaðar samkv. ákvæðum 15. gr. gildandi skattalaga, með því fráviki, að engar flýtifyrningar skulu leyfðar né heldur verðbreytingar eigna samkvæmt verðhækkunarstuðli. Afskriftaverð (afskriftastofn) eigna skal því vera hið sama og s. l. ár, eða hliðstætt sé um nýjar eignir að ræða.

5. Við 19. gr. Fyrri málsgr. orðist svo:

   Fella skal niður söluskatt á kjöti og kjötvörum, korni og brauðvörum, sbr. lög nr. 10/1960 með áorðnum breytingum.

6. Við 31. gr. Við greinina bætist:

   Auk þeirra lánsheimilda, sem tilgreindar eru í 29. og 30. gr., er ríkisstjórninni heimilt að taka lán og endurlána stofnlánasjóðum atvinnuveganna, allt að 2 000 milljónum króna.

7. Við 32. gr. Greinin falli niður.

Sþ. **442. Tillaga til þingsályktunar** [231. mál]

um, að alþingismenn gegni ekki öðrum fastlaunuðum störfum í opinberri þjónustu.

Flm.: Sigurður Blöndal, Helgi F. Seljan.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa lög og reglur, sem feli í sér, að alþingismenn sitji ekki í fastlaunuðum embættum eða störfum á vegum hins opinbera.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á þingi 1972 og fylgdi henni þá svo hljóðandi greinargerð:

„Árið 1971 urðu verulegar breytingar á launakjörum alþingismanna. Laun þeirra hækkuðu svo mikið, að alþingismenn eru nú launaðir eins og ýmsir þeir embættismenn þjóðarinnar, sem gegna hinum ábyrgðarmestu störfum.

Breytingin fól í sér viðurkenningu á því, að þingmennska væri starf, sem launa bæri sómasamlega, enda er það skoðun, sem ýmsir reyndustu þingmenn hafa haldið fram, að starfið á Alþingi og sambandið við kjósendur í kjördæmunum sé orðið það umfangsmikið, að meira verði ekki af mönnum krafist, ef leysa eigi það bærilega af hendi.

Þótt þetta tvennt: sjálf launakjör þingmanna og matið á starfi þeirra, hafi breyst, er annað óbreytt: Opinberir starfsmenn og embættismenn geta eftir sem áður gegnt störfum sínum í orði kveðnu og tekið fyrir allt að 60% laun — og aldrei minna en 30% af launum. Augljóst er, að þessi skipan mála er ekki sæmandi: Menn gegna ekki tveimur ábyrgðarmiklum störfum, sem þeir taka fyrir laun — þótt skert séu — með fullum afköstum. Starfið á Alþingi, sem hið nýja launakerfi viðurkennir, að sé fullt starf, eða hið opinbera þjónustustarf eða embættisverk hlýtur að líða fyrir þetta fyrirkomulag, nema hvort tveggja gjaldi þess. Mörg dæmi mætti nefna, sem sanna, að störf á Alþingi hafa tafist, af því að þingmaður var önnum kafinn í hinu starfi sínu einhvers staðar í borginni. Alþingi er hér sjálft að leggja blessun sína yfir slæleg vinnubrögð í hinum þýðingarmestu störfum. Slíkt eykur eigi virðingu löggjafarsamkomunnar.

Sú spurning kann að vakna, hvort þessi skipan, sem tillagan felur í sér, kunni ekki að leiða til þess, að menn í opinberri þjónustu fælist frá því að gefa kost á sér til þingmennsku. Til þess má auðvitað ekki koma. Það verður að telja eðlilegt og raunar sjálfsagt, að þessir menn haldi fyrri störfum sínum formlega og geti tekið til við þau að þingsetu lokinni og þeim sé jafnvel að öðrum kosti gefin trygging fyrir því að fá a. m. k. sambærilega launuð opinber störf og þeir áður gegndu. Við teljum þó, að tvær undantekningar ættu að vera frá þessu: Dómarar og bankastjórar, sem bjóða sig fram til Alþingis, ættu að segja lausu starfi sínu. Það hæfir ekki, að menn í þessum tveimur störfum taki þátt í kosningabaráttu.

Óhjákvæmilegt væri þó að setja tímatakmörk á það, hve lengi mætti geyma opinbert starf fyrir alþingismann. Stysti tími væri eitt kjörtímabil, lengsti tími tvö.

Í nánum tegslum við þetta mál er staða ráðherra, sem jafnframt eru alþingismenn. Enda þótt þeir haldi óskertu þingfararkaupi auk ráðherralauna, taka þeir ekki þátt í nefndastörfum á Alþingi, sem er vissulega gildur þáttur þingmennskunnar. Það er skoðun flutningsmanna, að íslendingar ættu að taka upp þann hátt, sem á er hafður í Noregi, að ráðherra víki úr þingsæti, en varamaður taki sætið, meðan ráðherradómur hans stendur. En auðvitað verður ráðherra eftir sem áður að hafa rétt til að sitja þingfundi og taka þátt í umræðum, eftir því sem hann telur þörf á. Þessi breyting á skipan mála gæti líka réttlætt endurskoðun á launa-

kjörum ráðherra, sem vitaskuld eiga að hafa hin hæstu laun, svo sem ábyrgð starfsins og erfiði gefa tilefni til.

Loks viljum við vekja athygli á einu atriði í sambandi við störf alþingismanna. Um leið og þetta er orðið heilsársstarf, er ástæða til að nýta starfskrafta þeirra betur en gert hefur verið og stuðla jafnframt að því, að þeir geti rækt það af meira innsæi en verið hefur til þessa. Hér höfum við í huga þann hátt, sem tíðkaður er víða um lönd, að fastanefndir löggjafarþings starfi í þinghléum, m. a. með því að fara á vettvang víðs vegar um landið til þess að kynnast af eigin raun þeim málum og viðfangsefnum, sem þær eiga að fjalla um. Þetta gæti líka verið gagnlegt til þess að vega upp á móti því sérfræðingaveldi, sem ýmsir hafa haft áhyggjur af í seinni tíð. Í nýjum vinnubrögðum þingmanna af þessu tagi fælist sú grundvallarbreyting á starfi fastanefnda Alþingis, að þær ættu sjálfar frumkvæði að málum í stað þess, sem tíðkast hefur, að þær taki aðallega við því, sem að þeim er rétt.

Að okkar hyggju mundi sú skipan mála, sem við höfum hér hreyft, stuðla að aukinni virðingu Alþingis og enn fremur að hinu, að það beri nafnið löggjafarsamkoma betur með rentu en áður.“

## Nd. 443. Frumvarp til laga [232. mál]

um breyting á lögum nr. 52 5. júní 1957, um eyðingu refa og minka.

Frá landbúnaðarnefnd.

**1. gr.**

Við fyrri málsgr. 8. gr. laganna bætist:

Hámark verðlauna fyrir að vinna grendýr skal vera kr. 1 500.00 fyrir fullorðið dýr og kr. 800.00 fyrir hvern yrðling.

**2. gr.**

9. gr. laganna breytist þannig:

a. Fyrir „kr. 350.00“ í 1. málsgr. komi: kr. 2 500.00.
b. Fyrir „kr. 200.00“ í 2. málsgr. komi: kr. 1 500.00.

**3. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru felld úr gildi lög nr. 9 19. mars 1964 og lög nr. 26 5. apríl 1971.

Greinargerð.

Landbúnaðarnefnd flytur frumvarp þetta að beiðni veiðistjóra. Er einungis um að ræða hækkun á verðlaunum fyrir að vinna refi og minka með hliðsjón af þeim breytingum á verðlagi, sem orðið hafa. Verðlaun þessi hafa verið hækkuð tvisvar áður af sömu ástæðum, árið 1964 og 1971. Hámark verðlauna fyrir að vinna grendýr hefur síðan 1971 verið 700 kr. fyrir fullorðið dýr og 300 kr. fyrir yrðling, en lagt er til að þær upphæðir verði 1500 kr. og 800 kr. Verðlaun fyrir að vinna hlaupadýr hafa síðan 1971 verið 1100 kr. fyrir hverja tófu, en lagt er til að þau verði hækkuð í 2500 kr. Fyrir hvern mink, sem vinnst, eru greiddar 700 kr. í verðlaun síðan 1971, en lagt er til að þau hækki í 1500 kr. Veiðistjóri gerir í bréfi sínu til nefndarinnar nánari grein fyrir þörf á þessum hækkunum, og er bréfið birt hér á eftir sem fylgiskjal.

**Fylgiskjal.**

BÚNAÐARFÉLAG ÍSLANDS
VEIÐISTJÓRI

Reykjavík, 27. janúar 1975.

Í marsmánuði 1974 skrifaði ég undirritaður til landbúnaðarnefndar neðri deildar Alþingis og ræddi einnig við háttvirta nefndarmenn um nauðsyn þess, að verðlaun fyrir að vinna refi og minka yrðu hækkuð í samræmi við þær hækkanir, sem orðið hafa, síðan þeim var breytt síðast á Alþingi fyrir fjórum árum. Þrátt fyrir góðar undirtektir alþingismanna náði erindi þetta ekki fullnaðarafgreiðslu á Alþingi, áður en hin óvæntu þingslit urðu s. l. vor. Ég leyfi mér því að mælast til, að háttvirtir þingmenn landbúnaðarnefndar taki þetta mál fyrir að nýju, eins fljótt og auðið er.

Á nýliðnu ári hafa enn orðið miklar verðhækkanir, svo núgildandi verðlaun, kr. 1 100.00 fyrir refi og kr. 700.00 fyrir minka, eru enn lengra frá að ná tilgangi sínum. Þegar lögin um eyðingu refa og minka voru samþykkt á Alþingi 1957 voru verðlaunin ákveðin kr. 350.00 á ref og kr. 200.00 á mink, og þótti þá síst of hátt. Miðað við kauptaxta þá, kr. 20—25 á tímann og nú um kr. 300.00 á tímann, ættu verðlaunin að vera ca. kr. 4 500.00 fyrir refi og kr. 3 000.00 fyrir minka, en verðmunur á skotvopnum, veiðiútbúnaði og bílkostnaði er nú margfalt meiri.

Mér er vel ljóst, að ofangreind upphæð á hækkun verðlauna muni þykja mikil og ekki líkleg til að ná samþykkt Alþingis. Ég leyfi mér því að benda á eftirfarandi tölur á verðlaunum fyrir unnin dýr og mælist eindregið til, að ekki verði lögboðin lægri verðlaun:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Fyrir refi utan grenja ..... | kr. 2 500.00 |
| 2. | Fullorðin grendýr ..... | — 1 500.00 |
| 3. | Yrðlingar (á grenjum) ..... | — 800.00 |
| 4. | Minkar, ungir og fullorðnir ..... | — 1 500.00 |

Að sjálfsögðu væru hærri verðlaun æskilegri og líklegri til enn betri árangurs. Hins vegar er ég þess fullviss, að ofangreindar hækkanir yrðu til mikils gagns í eyðingarstarfinu og veiðimenn legðu sig mun betur fram.

Sú útgjaldaaukning, sem yrði við þessar verðlaunahækkanir á heildarkostnaði, gæti orðið allt að 700—800 þús. kr. vegna refa og um 3 milljónir króna vegna minka, en ríkissjóður greiðir ⅔ hluta alls kostnaðar. Aftur á móti ber að hafa það í huga, að tímakaup og önnur útgjöld, eins og ferðakostnaður, yrðu lægri vegna hærri verðlauna.

Ég lít svo á, að heildarárangur af dýraeyðingunni hafi orðið góður og að sumu leyti eins og stefnt var að í upphafi. Refum hefur fækkað verulega og er nú sáralítið kvartað undan tjóni af þeirra völdum, miðað við það, sem áður var. Allt bendir til, að hægt sé að fyrirbyggja mikla fjölgun þeirra að nýju, ef vel er að þeim málum staðið.

Rétt er að geta þess, að orðrómur sá, sem heyrst hefur, að stefnt sé að gjöreyðingu á íslenska refastofninum, hefur við engin rök að styðjast, enda mun sá misskilningur kominn frá fólki á þéttbýlissvæðum, sem lítið þekkir til þessara mála; a. m. k. hef ég aldrei orðið var við þann hugsunarhátt meðal veiðimanna.

Eyðing villiminka hefur gengið mismunandi vel eftir aðstæðum. Þeim fækkaði mikið fyrstu árin eftir að skipulögð eyðing þeirra hófst, en síðustu tvö árin hefur þeim fjölgað á ný og mun þar koma til m. a. meiri útbreiðsla minksins og minnkandi áhugi veiðimanna. Mest áhersla er lögð á að verja varplönd og veiðivatnasvæði, og eru þau víða vel varin fyrir ágengni minka.

Það, sem mestum erfiðleikum veldur í eyðingarstarfinu, er, hvað minkurinn er lítið dýr, sem er dreift um allt landið, svo vart er framkvæmanlegt að ætla sér að elta hvert dýr uppi. Ef borga ætti fjölda veiðimanna tímakaup við slík störf, yrði kostnaðurinn óviðráðanlegur.

Ég tel því vænlegra til árangurs, að verðlaunin fylgi nokkurn vegin verðlagi og séu það há, að þau freisti sem flestra til að leggja sig fram við eyðingarstarfið, en leggja hins vegar áherslu á, að skipulegar leitir fari fram, þar sem minkurinn veldur mestu tjóni, eins og t. d. í varplöndum og á veiðivatnasvæðum. Með aukinni lax- og silungsrækt er enn meiri þörf á að vera vel á verði gagnvart villiminknum.

Virðingarfyllst,

Sveinn Einarsson.

Til landbúnaðarnefndar
neðri deildar Alþingis,
Reykjavík.

## Nd. 444. Nefndarálit [90. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 31 frá 1970, um dýralækna.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á fundi sínum. Mælir hún með samþykkt þess.

Alþingi, 14. apríl 1975.

| | | |
|---|---|---|
| Stefán Valgeirsson, form., frsm. | Þórarinn Sigurjónsson, fundaskr. | Pálmi Jónsson. |
| Bragi Sigurjónsson. | Eðvarð Sigurðsson. | Friðjón Þórðarson. |
| | Ingólfur Jónsson. | |

## Nd. 445. Nefndarálit [132. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 31 frá 1970, um dýralækna.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Aftan við frv. bætist ný grein (2. gr.), sem orðist svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1976.

Alþingi, 14. apríl 1975.

| | | |
|---|---|---|
| Stefán Valgeirsson, form., frsm. | Þórarinn Sigurjónsson, fundaskr. | Pálmi Jónsson. |
| Bragi Sigurjónsson. | Eðvarð Sigurðsson. | Friðjón Þórðarson. |
| | Ingólfur Jónsson. | |

**Nd.** **446. Tillaga til þingsályktunar** [233. mál]

um þjónustu hjá héraðsdómstólum við neytendur.

Flm.: Bragi Sigurjónsson, Eðvarð Sigurðsson, Magnús T. Ólafsson, Sverrir Bergmann.

Alþingi ályktar að leggja fyrir ríkisstjórnina, að hún láti nú þegar semja frumvarp til breytinga á lögum og geri aðrar ráðstafanir til undirbúnings því, að komið verði á fót þjónustu við neytendur hjá héraðsdómstólum landsins. Þjónusta þessi verði í því fólgin, að dómari geti ákveðið, að mál, sem höfðuð eru af viðskiptavini verslunar eða þjónustufyrirtækis vegna viðskipta við fyrirtækið, hljóti skjótari og ódýrari afgreiðslu en nú tíðkast. Meðferð þessari megi beita við mál, sem varða vörur og þjónustu allt að 50 000.00 kr. Við þessar breytingar verði lík þjónusta í öðrum löndum höfð til hliðsjónar, en reglur færðar til íslenskra aðstæðna.

## Greinargerð.

Alloft er því hreyft, að meðferð mála hjá dómstólum landsins gangi seint, og þær raddir heyrast, að ekki borgi sig að fara með mál fyrir dómstólana, meðferð þeirra sé svo hæg og kostnaðarsöm. Til þess að bæta úr þessu er óskað eftir sérdómstólum til þess að fara með ákveðna málaflokka. Nægir hér að nefna dómstól í ávana- og fíkniefnamálum, sem nýverið hefur verið stofnaður, og umferðardómstól, sem sífellt er verið að krefjast. Það mun mála sannast, að þeir, er best þekkja til og vinna að dómstörfum, séu yfirleitt andvígir sérdómstólum. Benda þeir t. d. á, að þeir sérdómstólar, sem fyrir eru í landinu, eru starfræktir að miklu leyti af sömu mönnum og almennu dómstólarnir. Stafi þetta af því, að takmarkaður fjöldi manna hafi þjálfun í raunverulegum dómstörfum og umdeilanlegt hljóti að teljast, hversu mörgum mönnum þjóðfélagið geti séð af til þessara starfa.

Í neysluþjóðfélagi eins og því íslenska fer ekki hjá því, að upp komi fleiri eða færri deilumál milli neytenda og þeirra, sem selja þeim vörur og þjónustu. Mörg þessara mála varða hvert um sig ef til vill ekki mikilli upphæð, og verður það óhjákvæmilega til þess, að neytandanum þykir ekki borga sig að eyða tíma og fé fyrir dómstólunum. Á þennan hátt fer forgörðum heilbrigt aðhald, sem verslunarstéttunum er nauðsynlegt.

Til þess að skapa þetta aðhald, án þess að það leiði til mikils kostnaðarauka fyrir ríkið, er lagt til, að þeirri þjónustu verði komið á fót, sem tillagan gerir ráð fyrir. Þessa meðferð mála mætti einnig nýta í öðrum skyldum smámálum og létta þannig vinnuálagi á dómstólunum, en það hlýtur þá einnig að leiða til hraðari meðferðar umfangsmeiri mála.

Það mun mála sannast, að mál þau, sem fyrir dómstóla eru lögð í dag, eru mjög mismunandi. Sum þeirra eru tæpast þess eðlis, að full þörf sé á eins vandvirknislegri meðferð og nú tíðkast. Rétt er, að dómari ákveði, hvort þessa meðferð megi við hafa, þar sem hann er í bestri aðstöðu til þess að meta, hvort hún eigi við. Rétt er, að meðferð málsins fari eftir eðli þess, en venjulega ætti ekki að þurfa að krefjast eins ríkra sannana og í venjulegu máli og aðilar ættu að mega leggja málið fyrir á þann hátt, sem þeir kjósa. Stefna ætti að því, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu að mestu. Sérfræðileg atriði er að jafnaði rétt að leysa með aðstoð meðdómenda. Úrskurður samkvæmt þessari meðferð ætti að hafa sömu áhrif og dómur í venjulegu dómsmáli.

Slík meðferð smámála og hér er talað um á uppruna sinn í Bandaríkjunum. Þar hefur hún verið reynd um árabil. Hefur þessi meðferð mála sums staðar þar reynst mjög vel. Virðist það undir því komið, að dómaranum takist að víkja frá almennri meðferð einkamála og aðilum leyfist ekki að njóta aðstoðar lögmanna.

Sjá nánar um þetta fyrirkomulag t. d.: "Justice out of Reach; A case for small claim courts" (London, Her Majesty's Stationary Office).

Eftir umfangsmikla undirbúningsvinnu var slíkri meðferð smámála komið á fót í Bretlandi að bandarískri fyrirmynd. Hófst sú starfsemi 1. október s. l.

Þá hafa svíar komið líkri meðferð mála á hjá sér eða eru langt komnir með undirbúning þess. Sjá hér nánar t. d. grein eftir Hovrättsrådet Nils Mangård: „Reglerandet av mindre förmögenhetsrättsliga tvister", en grein þessi var flutt sem erindi á 26. Norræna lögfræðingamótinu í Helsinki 1972.

## Nd. 447. Tillaga til þingsályktunar [234. mál]

um könnun á aukinni notkun tölvutækni við opinbera skráningu.

Flm.: Bragi Sigurjónsson.

Alþingi ályktar að leggja fyrir ríkisstjórnina, að hún láti kanna hagkvæmni af aukinni notkun tölvutækni við ýmsa opinbera skráningu, svo sem í sambandi við firma- og félagaskrár, skráningu veðréttinda, einkaleyfa, farartækja o. fl.

Leiði þessi könnun til þeirrar niðurstöðu, að hagkvæmt sé að nota tölvutækni í auknum mæli við slíka skráningu, láti ríkisstjórnin athuga, hvaða breytingar þurfi að gera á núgildandi löggjöf til að mæta slíkum nýjum starfsháttum og hvernig komið verði í veg fyrir hugsanlega misnotkun tölvuskráningarinnar.

### Greinargerð.

Allir viðskiptavinir bæjar- og borgarfógeta kannast við þau vinnubrögð, sem nú eru notuð við ýmiss konar opinbera skráningu, en þau hafa haldist svo til óbreytt í manna minnum. Fært er inn í bækur með penna, og gerð hvers konar afrita tekur oft langan tíma. Þá er firmaskrá og hlutafélagaskrá oft mjög ábótavant og erfitt að finna þar t. d. nöfn stjórnenda og ábyrgðarmanna félaga og stofnana. Augljóst er, að bæta mætti mjög vinnubrögð á þessu sviði með því að véltaka þessa skráningu á skýrsluvélar og einnig mætti t. d. ljósmynda veðskjöl á míkrófilmur til að minnka fyrirferð þeirra gagna, sem skráningaraðili þarf jafnan að hafa við höndina.

Í sambandi við þetta þarf vafalaust að gera ýmsar breytingar á löggjöf og er því lagt til, að ríkisstjórnin láti kanna og undirbúa málið vandlega og leggja það síðan fyrir Alþingi á nýjan leik.

Í sambandi við löggjöf þyrfti að setja ákvæði um aðgang óviðkomandi aðila að opinberri skráningu til þess að koma megi í veg fyrir hugsanlega misnotkun, en einnig þyrfti að gefa reglulega út ýmsa opinbera skráningu, t. d. firmaskrár, til leiðbeiningar fyrir almenning.

## Ed. 448. Nefndarálit [125. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar.

Frá heilbrigðis- og tryggingarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á nokkrum fundum og fengið umsagnir um það. Ljóst er að skerðing sjúkradagpeninga við dvöl á sjúkrahúsi veldur mörgum heimilum örðugleikum, en nauðsynlegt er að afla frekari upplýsinga og gagna um

þann aukna kostnað, er mundi leiða af afnámi skerðingarákvæðanna, áður en ákvörðun verður tekin. Varðandi 2. gr. frumvarpsins er í gildandi lögum heimild til þeirra lífeyrisgreiðslna, sem þar er rætt um, og þar sem heildarendurskoðun almannatryggingalaga fer nú fram og í trausti þess, að við þá endurskoðun verði umrædd atriði athuguð nánar, leggur nefndin til, að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 8. apríl 1975.

| | | |
|---|---|---|
| Oddur Ólafsson, form., frsm. | Halldór Ásgrímsson, fundaskr. | Ásgeir Bjarnason. |
| Steinþór Gestsson. | Helgi F. Seljan. | Albert Guðmundsson. |
| | Eggert G. Þorsteinsson. | |

## Nd. 449. Nefndarálit [149. mál]

um frv. til laga um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Iðnaðarnefnd hefur þríklofnað um málið. Fimm nefndarmenn leggja til að frumvarpið verði samþykkt: ég legg til að því verði vísað frá með rökstuddri dagskrá; en einn nefndarmanna, Ingvar Gíslason, mun gera grein fyrir afstöðu sinni við 2. umræðu.

Könnun á því hvort hagkvæmt væri að koma upp orkufrekum iðnaði í sambandi við Sigölduvirkjun hófst 1971 þegar fyrrverandi ríkisstjórn ákvað að ráðast í þá miklu virkjunarframkvæmd. Ástæðan fyrir þeirri könnun var sú að sýnt þótti að um alllangt árabil yrði ekki markaður fyrir verulegan hluta þeirrar orku sem Sigölduvirkjun ynni, nema gerðar yrðu ráðstafanir til þess að koma slíkum markaði á laggirnar. Að vísu var vitað um nægan markað í landinu, þar sem um var að ræða rafhitun húsa utan varmaveitusvæða, en talið var að sá markaður kæmist í gagnið á löngum tíma sökum þess hve olíuverð var lágt. Við þessa könnun var mótuð sú nýja stefna að því er varðar orkufrekan iðnað á Íslandi, að hugsanlegt fyrirtæki yrði að verulegum meiri hluta í eigu íslenska ríkisins og lyti íslenskum lögum og reglugerðum í einu og öllu, **en það telur höfundur þessa nefndarálits örlagaríkt grundvallaratriði í sambandi við iðnþróun og raunar alla skipan atvinnumála.**

Þær forsendur könnunarinnar sem að markaðnum sneru breyttust með skjótum hætti haustið 1973, þegar olíuverð margfaldaðist. Um leið opnaðist rafhitunarmarkaðurinn allur; það varð stórlega hagkvæmt fyrir þjóðarheildina og einstaklinga utan jarðvarmasvæða að nota raforku til húshitunar í stað olíu, og jafngilda þau umskipti afkastamiklum útflutningsiðnaði með gjaldeyrissparnaði sínum. Rannsókn, sem hafist var handa um í tíð fyrrverandi ríkisstjórnar á nýtingu innlendra orkugjafa í stað olíu, sýndi að til rafhitunar húsa þyrfti um 800 GWh á ári. Orkuvinnsla Sigölduvirkjunar jafngildir hins vegar 700 GWh til almennra nota og húshitunar. Þannig varð ljóst að ekki var unnt að ráðstafa neinni orku frá Sigölduvirkjun til nýs iðnaðar, **án þess að það bitnaði á þeim byggðarlögum þar sem nota verður raforku til húshitunar.** Þar með var orðið um **val** að ræða: að nota raforkuna til hitunar húsa **eða** til nýrrar iðnaðarframleiðslu. **Höfundur þessa nefndarálits telur það ekkert álitamál að fyrri kosturinn verður að ganga fyrir, jafnt af efnahagslegum sem félagslegum ástæðum.**

Ástæða er til þess að vekja athygli á því að þeir, sem greiða atkvæði með frumvarpinu um kísiljárnverksmiðju, eru ekki að fjalla um einangruð vandamál,

heldur eru þeir jafnframt að taka ákvarðanir um önnur stórmál. **Þeir eru að dæma orkuskort yfir stóra landshluta um alllangt árabil. Þeir eru að dæma óþörf olíukaup yfir þjóðarheildina og þungbæran hitunarkostnað yfir hluta þjóðarinnar. Þeir eru að ákveða að næsta meiri háttar vatnsaflsvirkjun á Íslandi verði við Hraun-eyjarfoss í Tungnaá, en ekki í öðrum landshlutum.**

Hér er um að ræða meginástæðuna fyrir þeirri niðurstöðu að ákvörðun um byggingu kísiljárnverksmiðju sé ekki tímabær. En hér kemur einnig fleira til. Samningsdrögum þeim, sem gerð höfðu verið við auðhringinn Union Carbide um minnihlutaaðild að verksmiðjunni, hefur verið gerbreytt íslendingum í óhag. Eignarhlutur Union Carbide hefur verið stækkaður úr 35% í 45%, greiðslur til auðhringsins fyrir þekkingu, einkaleyfi og sölustarfsemi hafa verið hækkaðar stórlega, og núverandi ríkisstjórn hefur ekki hagnýtt sér gerbreyttar aðstæður og stóraukna arðsemi til þess að tryggja eðlilega hækkun á raforkuverði. Ég flyt breytingartillögur um þessi atriði og nokkur önnur á sérstöku þingskjali, og koma þær til atkvæða ef dagskrártillaga mín verður felld. Þar mun ég einnig leggja til að ekki verði hafist handa um neinar framkvæmdir, fyrr en endanlegar niðurstöður Náttúruverndarráðs og Heilbrigðiseftirlits ríkisins eru tiltækar ásamt reglum sem taki mið af lífríki Hvalfjarðar.

Megintillaga mín er hins vegar sú að frumvarpið verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ

Þar sem íslendingar þurfa á næstu árum að hagnýta alla tiltæka orku, fjármagn og vinnuafl til þess að nýta innlenda orkugjafa í stað olíu, m. a. með rafhitun húsa, telur deildin allar forsendur skorta til þess að koma upp orkufrekum iðnaði meðan svo er ástatt og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 14. apríl 1975.

Magnús Kjartansson.

## Ed. 450. Frumvarp til laga [30. mál]

um breyting á lögum nr. 75 13. maí 1966, um Fiskveiðasjóð Íslands.

(Eftir 2. umr. í Ed., 14. apríl.)

**1. gr.**

Við 2. gr. laganna komi ný málsgrein, er verði 2. mgr., svo hljóðandi:

Enn fremur er hlutverk Fiskveiðasjóðs að veita lán til kaupenda eldri fiskiskipa. Ráðherra setur með reglugerð ákvæði um lánveitingar þessar, sbr. 11. gr.

**2. gr.**

Við 11. gr. laganna komi viðbót, svo hljóðandi:

Til eldri fiskiskipa mega lán nema einum fjórða hluta kaupverðs eða matsverðs, þess er lægra reynist, og skulu þá meðtaldar eftirstöðvar af lánum sjóðsins sem fyrir kunna að verða.

**3. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Sþ. 451. Fyrirspurn [235. mál]

til sjávarútvegsráðherra um íslenska uppfinningu að beitingarvél.

Frá Þorv. Garðari Kristjánssyni.

Vill sjávarútvegsráðherra beita sér fyrir aðgerðum til að flýta fyrir, að fullgerð verði og sannprófað hagnýti íslenskrar uppfinningar að beitingarvél, sem unnið hefur verið að í mörg undanfarin ár, svo að vél þessi mætti hið fyrsta verða hagnýtt við línuveiðar á fiskiskipum landsmanna?

## Ed. 452. Lög [33. mál]

um samræmda vinnslu sjávarafla og veiðar, sem háðar eru sérstökum leyfum.

(Afgr. frá Ed., 14. apríl.)

Samhljóða þskj. 371.

## Nd. 453. Breytingartillögur [149. mál]

við frv. til l. um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði.

Frá Magnúsi Kjartanssyni.

1. Við 1. gr. bætist:
   Staðarvalið skal þó háð því að uppfyllt séu ákvæði 29. gr. laga um náttúruvernd og ákvæði 4., 9. og 10. gr. reglugerðar um varnir gegn mengun af völdum eiturefna og hættulegra efna, nr. 164/1972.
2. Við 3. gr.
   a. 1. töluliður orðist svo:
      Að leggja fram allt að 2 340 milljónum króna (eða jafnvirði 15.6 milljóna Bandaríkjadollara) til að eignast 65% af hlutafé í félaginu. Einnig er henni heimilt að taka lán í sama skyni.
   b. Við bætist nýr töluliður:
      6. Að gera samning við verksmiðjuna sem tryggi að hún greiði allan kostnað við framkvæmdir þær sem um getur í 2.—5. lið.
3. Við 5. gr. Fyrsti málsliður orðist svo:
   Fulltrúar íslenska ríkisins í stjórn fyrirtækisins skulu vera fimm og kjörnir hlutfallskosningu í sameinuðu þingi til árs í senn, svo og varamenn þeirra.
4. Við 6. gr. Við fyrri málslið bætist:
   Þó skal greiðsla fyrir tækniþjónustu Union Carbide í formi hlutabréfa ekki vera hærri en 2.3 milljónir dollara, meðalsölulaun ekki hærri en 3% og meðalraforkuverð fyrstu 8 árin ekki lægra en 8 mill/kWh.
5. Við 7. gr. Niður falli úr 3. málsgr. orðin „án tillits til breytinga, sem verða kunna á almennum lögum um þá skatta“.
6. Við 8. gr. Niður falli úr 1. málsgr. orðin: „án tillits til breytinga á íslenskum skattalögum“.

**Sþ.** **454. Tillaga til þingsályktunar** [236. mál]

um staðfestingu á niðurstöðu viðræðna um heimildir Færeyinga til fiskveiða við Ísland.

(Lögð fyrir Alþingi á 96. löggjafarþingi, 1975.)

Alþingi ályktar að staðfesta niðurstöðu viðræðna um heimildir Færeyinga til fiskveiða við Ísland, sem undirrituð var hinn 22. febrúar 1975.

Niðurstaðan er prentuð sem fylgiskjal með ályktun þessari.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Tillaga sú til þingsályktunar, sem hér liggur fyrir, staðfestir, ef samþykkt verður, niðurstöðu viðræðna milli fulltrúa ríkisstjórnar Íslands og Landsstjórnar Færeyja, sem fram fóru dagana 21. og 22. febrúar 1975 í Reykjavík, um aðstöðu Færeyinga til fiskveiða við Ísland. Texti niðurstöðunnar birtist hér með lagfæringu varðandi veiðar við Grímsey, sem staðfest var af aðilum með skeytaskiptum hinn 12. mars 1975.

**Fylgiskjal.**

## VIÐRÆÐUR

**milli fulltrúa ríkisstjórnar Íslands og landsstjórnar Færeyja.**

Dagana 21. og 22. febrúar 1975 fóru fram í Reykjavík viðræður milli fulltrúa ríkisstjórnar Íslands og landsstjórnar Færeyja um aðstöðu Færeyinga til fiskveiða við Ísland.

Niðurstaða viðræðnanna varð sú, að skipum, sem skrásett eru í Færeyjum, skuli heimilar fiskveiðar við Ísland, sem hér segir:

### I. Handfæraveiðar.

Handfæraveiðar skulu heimilar innan fiskveiðilögsögu Íslands utan 4 sjómílna frá grunnlínu sbr. reglugerð nr. 189 14. júlí 1972, og utan 6 sjómílna við Grímsey. Þó skulu handfæraveiðar heimilar að grunnlínu á tveimur svæðum, sem afmarkast þannig:

a. Að vestan af línu réttvísandi norður frá grunnlínupunkti nr. 1 (Horn 66°27′4 n.br., 22°24′3 v.lg.) og að austan af línu réttvísandi norður frá grunnlínupunkti nr. 3 (Rauðinúpur 66°30′7 n.br., 16°32′4 v.lg.).
b. Að norðan af línu réttvísandi norðaustur frá grunnlínupunkti nr. 6 (Langanes 66°22′7 n.br., 14°31′9 v.lg)

## SAMRÁÐINGAR

**millum umboðsmenn fyri íslendsku ríkisstjórnina og Föroya landsstýri.**

Í døgunum 21. og 22. februar 1975 fóru fram í Reykjavík samráðingar millum umboð fyri ríkisstjórn Íslands og Föroya landsstýri um fiskirættindi føroyinga undir Íslandi.

Niðurstøðan av samráðinginum var, at skip skrásett í Føroyum skulu hava rætt til fiskiskap undir Íslandi sambært hesum reglum:

### I. Snörisfiskiskapur.

Snörisfiskiskapur er loyvdur á íslendsku landleiðini uttan fyri 4 fjórðingar út frá grunnlinjum smbr. reglugerð nr. 189 frá 14. juli 1972, og við Grímsey 6 fjórðingar úr landi. Tó skal snörisveiða vera loyvd inn at grunnlinjuni á tveimum leiðum, sum eru avmarkaðar søleiðis:

a. Millum linju í rættvísandi norðan úr grunnlinjupunkti nr. 1 (Horn 66°27′4 n.br., 22°24′3 v.lgd.) og eystureftir til linju í rættvísandi norðan frá grunnlinjupunkti nr. 3 (Rauðinúpur 66°30′7 n.br., 16°32′4 v.lgd.).
b. Millum linju í rættvísandi landnyrðing frá grunnlinjupunkti nr. 6 (Langanes 66°22′7 n.br., 14°31′9


28°
24°
20°
16°
12°
67°
65°
63°
Lokað allt árið
ÍSLAND
Lokað 1. jan.–15. maí
Lokað 20. marz–1. maí
HEIMILD FÆREYSKRA SKIPA
TIL FISKVEIÐA VIÐ ÍSLAND
Fiskveiðimörk handfæraveiða
II-75


28°
24°
20°
16°
12°
67°
65°
63°
Lokað allt árið
Lokað 1. apríl – 1. júní
(togveiðar)
ÍSLAND
Lokað 20. marz – 1. maí
HEIMILD FÆREYSKRA SKIPA
TIL FISKVEIÐA VIÐ ÍSLAND
Fiskveiðimörk línu og togveiða
II-75

og að sunnan af línu réttvísandi austur frá grunnlínupunkti nr. 7 (Glettinganes 65°30'5 n.br., 13°36'3 v.lg.).

Á tímabilinu frá 1. janúar til 15. maí skulu handfæraveiðar þó bannaðar innan 12 sjómílna á svæði, sem afmarkast að austan af línu, réttvísandi suður frá grunnlínupunkti nr. 22 (Geirfuglasker 63°19'0 n.br., 20°29'9 v.lg.) og að vestan af línu, réttvísandi í vestur frá grunnlínupunkti nr. 25 (Skálasnagi 64°51'3 n.br., 24°02'5 v.lg.).

### II. Línuveiðar.

Línuveiðar skulu heimilar í fiskveiðilandhelginni utan 12 sjómílna frá grunnlínu og tólf sjómílna frá Grímsey í samræmi við eftirfarandi reglur:

Sjávarútvegsráðuneyti Íslands skal tilkynnt um nöfn, skrásetningarnúmer og stærð þeirra skipa, sem æskja ofangreindrar heimildar, og getur þá ráðuneytið veitt veiðileyfi, er gildi í ákveðinn tíma í senn, þó að jafnaði eigi skemur en í 4 mánuði. Ráðuneytið getur afturkallað útgefin veiðileyfi einstakra skipa, ef um brot á reglum þessum verður að ræða.

### III. Togveiðar.

Tilteknum togveiðiskipum, 10 að tölu, samkvæmt lista, sem færeyska landsstjórnin lætur í té og samþykktur er af íslenskum stjórnvöldum, skulu heimilar togveiðar í fiskveiðilandhelginni utan 12 sjómílna frá grunnlínu og tólf sjómílna frá Grímsey. Hvers konar vinnsla afla um borð í skipum þessum skal óheimil að því undanteknu að í tveimur tilteknum skipum skal heimil söltun afla á tímabilinu frá 1. júlí til 13. nóvember, þó ekki lengur en tvo mánuði í hvoru skipi á þessu tímabili.

### IV. Almenn ákvæði.

Frá 1. júlí 1975 að telja skal heildarafli færeyskra skipa á Íslandsmiðum (skýrslusvæði alþjóða hafrannsóknaráðsins nr. Va) á ársgrundvelli eigi fara fram úr 20 000 smálestum.

Færeysk skip, er veiðar stunda samkvæmt framangreindu, skulu hlíta sömu

v.lgd.) og suðureftir til linju í réttvísandi eystan úr grunnlinjupunkti nr. 7 (Glettinganes 65°30'5 n.br., 13°36'3 v.lgd.).

Í tíðarskeiðinum 1. januar til 15. mei er snörisveiða tó ikki loyvd innanfyri 12 fjórðinga markið á øki, millum linju í rættvísandi sunnan úr grunnlinjupunkti nr. 22 (Geirfuglasker 63°19'0 n.br., 20°29'9 v.lgd.) og vestur til linju rættvísandi vestan úr grunnlinjupunkti nr. 25 (Skálasnagi 64°51'3 n.br., 24°02'5 v.lgd.).

### II. Línuveiða.

Línufiskiskapur er loyvdur á landleiðini uttanfyri 12 fjórðingar frá grunnlinjunum, við Grímsey 12 fjórðingar úr landi, samsvarandi hesum reglum:

Fiskimálaráð Íslands fær boð um növn, skrásetingarnummar og stödd á teimum skipum, sum ynskja nevndu loyvi, og kann tá fiskimálaráðið veita veiðiloyvi galdandi fyri ávíst tíðarskeið, tó soleiðis at loyvi vanliga verða givin fyri ikki styrtri tíðarskeið enn 4 mánaðar. Fiskimálaráðið kann taka aftur givin loyvi fyri tey einstöku skipini, sum brotið hava hesar reglur.

### III. Trolarafiskiskapur.

Tilskilaðum trolarum, 10 í tali, sambært lista, sum Föroya landsstýri setur upp, og sum er góðkendur av íslendskum myndugleikum, er loyvt at veiða uttan fyri 12 fjórðinga markið, við Grímsey 12 fjórðingar úr landi. Eingin viðgerð av veiðu er loyvd umborð á hesum skipum, tó skal verða loyvt tveimum trolarum at salta veiðina í tíðarskeiðinum 1. juli til 13. november, men í longsta lagi 2 mánaðar fyri hvört skipið í nevnda tíðarskeiði.

### IV. Almennar reglur.

Frá 1. juli 1975 skal heildarveiðan hjá föroyskum skipum undir Íslandi (hagtalsöki ICES Va) árlega ikki fara upp um 20 000 tons.

Föroysk skip, sum fiska sambært áðurnevndu reglum, skulu lúka somu treytir

reglum og íslensk skip við sams konar veiðar þar á meðal reglum um möskvastærð botnvörpu og flotvörpu, lágmarksstærðir fisktegunda, friðunarsvæði og öðrum reglum um lokun svæða.

Færeysk skip skulu tilkynningarskyld samkvæmt reglum, er síðar verða ákveðnar.

Skipan þessi um veiðar færeyskra skipa á Íslandsmiðum kemur í stað eldra fyrirkomulags um sama efni og gildir til 13. nóvember 1975.

eins og íslendsk skip í somu veiðu har ímillum reglur um meskustödd á botntroli og flótitroli, minstamát fyri fiskaslög, friðingarøki og reglur um stongd øki.

Föroysk skip skulu hava fráboðanarskyldu eftir reglum, sum seinri verða tilskilaðar.

Hendan skipanin fyri fiskiskapin hjá föroyskum skipum á íslendsku landleiðini avloysir eldri skipanir um sama mál og er galdandi til 13. november 1975.

Reykjavík, 22. febrúar 1975.

Staðfest:

Einar Ágústsson. Atli P. Dam.
Matthías Bjarnason. Pétur Reinert.

## Sþ. 455. Fyrirspurn [237. mál]

til fjármálaráðherra um mötuneytarekstur ríkisins og ríkisstofnana.

Frá Guðmundi H. Garðarssyni.

Óskað er skriflegs svars við eftirgreindum fyrirspurnum:

1. Hve mikill varð kostnaður ríkisins af mötuneytarekstri þess og ríkisstofnana árin 1970 til og með 1974, sundurliðað fyrir hvert ár, og hve mikill er þessi kostnaður áætlaður á yfirstandandi ári?
2. Hve mörg mötuneyti eru nú rekin af ríkinu og stofnunum þess, og hvar eru þau staðsett?
3. Hver er starfsmannafjöldi þessara mötuneyta?
4. Hve margir starfsmenn ríkisins njóta nú fæðis í þessum mötuneytum?
5. Hve margar máltíðir eru seldar í þessum mötuneytum dag hvern?
6. Hvert er söluverð málsverða í mötuneytum þessum og hvert er raunverulegt kostnaðarverð þeirra?
7. Hvernig eru fæðishlunnindi þessi metin í kjarasamningum opinberra starfsmanna?
8. Greiða opinberir starfsmenn skatta af fæðishlunnindum þessum?
9. Er það rétt, að aðrir en viðkomandi starfsmenn njóti þjónustu í þessum mötuneytum, og ef svo er, þá með hvaða kjörum?
10. Hver er stefna ríkissjóðs varðandi rekstur þessara mötuneyta í framtíðinni?

## Ed. 456. Frumvarp til laga [238. mál]

um Byggingarefnaverksmiðju ríkisins.

Flm.: Stefán Jónsson, Helgi F. Seljan.

**1. gr.**

Ríkisstjórninni er heimilt að láta reisa Byggingarefnaverksmiðju ríkisins með fullkomnum vélum og tæknilegum útbúnaði til framleiðslu á byggingarefnum úr

íslenskum gos- og steinefnum, svo sem þak- og þilplötum margs konar, steintrefjum til slíkrar framleiðslu, steinull og gleri.

Byggingarefnaverksmiðju ríkisins skal framseldur árangur þeirra rannsókna, sem þegar hafa farið fram á sviði þessarar framleiðslu hérlendis, og skal hún takast á hendur framhald rannsókna á möguleika til hliðstæðrar framleiðslu úr íslenskum efnum, í samvinnu við þá aðila, sem um þau málefni hafa fjallað.

Framleiðsla verksmiðjunnar skal fyrst og fremst miðuð við það um sinn, að þörfum innanlands verði fullnægt, en jafnframt hugað að mörkuðum erlendis fyrir framleiðslu hennar.

2. gr.

Til að standa straum af kostnaði við framkvæmdir samkvæmt lögum þessum, svo og til að tryggja verksmiðjunni aðgang að nægilegri raforku og hráefnum til framleiðslunnar, er ríkisstjórninni heimilt að taka erlent lán, allt að 1 500 milljónum króna.

3. gr.

Byggingarefnaverksmiðju ríkisins skal reisa á Akureyri og er ríkisstjórninni heimilt, ef ekki næst samkomulag um kaup á landi undir verksmiðjuna, að taka eignarnámi lóðir og lendur, svo og mannvirki, sem á þeim kunna að vera. Um framkvæmd slíks eignarnáms fer að lögum nr. 11/1973.

4. gr.

Heimilt er Byggingarefnaverksmiðju ríkisins að stofna útibú fyrir einstaka þætti framleiðslunnar í öðrum landshlutum, ef þörf krefur af hagkvæmnisástæðum, svo sem vegna nálægðar hráefnisnáma, markaðsaðstöðu o. þ. u. l.

5. gr.

Stjórn Byggingarefnaverksmiðju ríkisins skal skipuð 5 mönnum, sem kosnir skulu hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi til fjögurra ára í senn. Iðnaðarráðherra skipar einn þeirra formann verksmiðjustjórnar. Ráðherra setur stjórninni erindisbréf og ákveður laun hennar.

Til að skuldbinda verksmiðjuna þarf undirskrift þriggja stjórnarmanna.

6. gr.

Stjórn verksmiðjunnar ræður framkvæmdastjóra, er hafi verkfræðimenntun, til að hafa á hendi daglega stjórn verksmiðjunnar og umsjón með rekstri hennar.

Framkvæmdastjóri hefur prókúruumboð fyrir verksmiðjuna.

Stjórn verksmiðjunnar setur framkvæmdastjóra erindisbréf er kveður nánar á um starfsskyldur hans.

7. gr.

Endurskoðendur verksmiðjunnar eru tveir, skipaðir af iðnaðarráðherra til tveggja ára í senn.

8. gr.

Við Byggingarefnaverksmiðju ríkisins skal starfa samstarfsnefnd, skipuð 4 fulltrúum frá hvorum aðila, stjórn verksmiðjunnar og starfsmönnum hennar, ásamt jafnmörgum varamönnum.

Hlutverk samstarfsnefndar er að efla samvinnu milli fyrirtækisins og starfsmanna þess, stuðla að því að jafnan liggi fyrir sem gleggstar upplýsingar um allt það sem lýtur að rekstri verksmiðjunnar, framleiðslu hennar og afkomu. Samstarfsnefndin skal vera ráðgefandi í öllum málefnum, er varða ofangreind atriði, og gera tillögur til stjórnar verksmiðjunnar um þau og önnur atriði, er máli skipta fyrir starfsfólkið. Nefndin skal eftir föngum leitast við að hindra eða leysa öll ágreiningsmál er upp kunna að koma á vinnustað. Ágreiningur milli einstakra

starfsmanna og verksmiðjustjórnar skal lagður fyrir nefndina, svo og ráðningar og uppsagnir starfsfólks, að svo miklu leyti sem slíks er þörf og því verður við komið.

Samstarfsnefndin breytir í engu starfi og hlutverki trúnaðarmanna samkvæmt lögum um stéttarfélög og vinnudeilur, og ekki skal nefndin fara inn á svið almennra kjarasamninga.

Stjórnendum verksmiðjunnar ber að veita samstarfsnefndinni allar tiltækar upplýsingar, sem máli skipta, um rekstur verksmiðjunnar.

Iðnaðarráðherra setur nánari ákvæði um samstarfsnefnd í reglugerð.

9. gr.

Byggingarefnaverksmiðja ríkisins skal undanþegin öllum sköttum og opinberum gjöldum, nema fasteignagjaldi og landsútsvari samkvæmt ákvæðum III. og IV. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga.

10. gr.

Reikningsár verksmiðjunnar er almanaksárið. Skal stjórn hennar gera reikningsskil fyrir hvert starfsár svo fljótt sem auðið er og svo snemma að endurskoðun geti farið fram fyrir lok aprílmánaðar ár hvert. Að henni lokinni skulu reikningar sendir iðnaðarráðherra, undirritaðir af stjórn og framkvæmdastjóra og áritaðir af endurskoðendum. Reikningar skulu síðan birtir í B-deild Stjórnartíðinda.

11. gr.

Áður en framkvæmdir hefjast samkvæmt lögum þessum skal fram fara ítarleg rannsókn á umhverfi verksmiðjunnar í því skyni að tryggt verði, að hvorki framkvæmdir né rekstur hennar valdi tjóni eða röskun á lífríki umhverfis hennar. Einnig skal gerð af hæfum sérfræðingum athugun á hugsanlegum félagslegum áhrifum af völdum verksmiðjunnar. Haga skal mannvirkjagerð á þann hátt, að sem best fari í umhverfinu.

12. gr.

Nánari ákvæði um rekstur og tilhögun verksmiðjunnar setur iðnaðarráðherra með reglugerð að fengnum tillögum verksmiðjustjórnar.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Greinargerð.

Einstakar efnisgreinar þessa frumvarps þarfnast ekki ítarlegra skýringa, en varðandi frumvarpið í heild vilja flutningsmenn vekja athygli á eftirfarandi atriðum:

Innflutningur á vörutegundum þeim, sem Byggingarefnaverksmiðju ríkisins er ætlað að framleiða, eða leysa af hólmi, nemur mörg hundruð milljónum króna árlega.

Ítarlegar tilraunir hafa verið gerðar, með góðum árangri, á kostnað ríkisins, með framleiðslu á byggingarefni úr gos- og steinefnum hér á landi, og benda niðurstöðurnar til þess að við getum, ef skynsamlega er að staðið, framleitt vörur til húsagerðar er taki innfluttum byggingarvörum fram að gæðum eða standi þeim a. m. k. jafnfætis. Einnig benda líkur til þess að hin íslensku byggingarefni yrðu miklu ódýrari, þótt ekki væri nema vegna farmgjaldanna sem spöruðust.

Í grannlöndum okkar eru nú framleiddar þakplötur og plötur í útveggi húsa úr trefjasteypu, og gefast þær mjög vel við veðurskilyrði svipuð þeim sem hér ríkja.

Vafalaust má telja að verksmiðja í eigu ríkisins gæti framleitt allt það rúðugler, sem landsmenn þarfnast, og væri fráleitt að láta vanburða tilraun, sem gerð var á sínum tíma af hálfu einkaframtaksins til glergerðar hér á landi, með grátbroslegum árangri, fæla landsmenn frá slíkri framleiðslu.

Þá er þess að geta, að rafmagnsverð það sem nú býðst hér á landi af opinberri hálfu til orkufreks iðnaðar, miðað við 8 000 klst. ársnotkun, er svo hagstætt að dæmafátt mun teljast í heiminum, og kynni þetta lága orkuverð að gera okkur kleift að selja framleiðsluvörur Byggingarefnaverksmiðju ríkisins á erlendum mörkuðum.

Hvað staðarval Byggingarefnaverksmiðjunnar áhrærir skal það tekið fram, að flutningsmenn telja það mikilvægt frá þjóðfélagslegu sjónarmiði að hún verði reist utan Faxaflóasvæðisins, þar sem ætla má að tiltækt verði nægjanlegt vinnuafl. Á Akureyri gæti verksmiðjan reist skorður við hættu á árstíðabundnu atvinnuleysi, og ber þá jafnframt að geta þess, að einmitt þar stendur íslenskur verksmiðjurekstur traustum fótum.

Ákvæði 4. gr. frumvarpsins gera síðan ráð fyrir því að fyrirtækið geti hafið rekstur í sérstökum greinum annars staðar á landinu ef henta þykir, svo sem í grennd við biksteinsnámurnar á Austur- og Vesturlandi.

## Sþ. 457. Tillaga til þingsályktunar [239. mál]

um afnotarétt þéttbýlisbúa af sumarbústaðalöndum.

Flm.: Eyjólfur K. Jónsson, Pálmi Jónsson, Bragi Sigurjónsson, Magnús Kjartansson, Magnús T. Ólafsson, Stefán Valgeirsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hefja undirbúning að því, að skipulögð verði sumarbústaðalönd á ríkisjörðum til afnota fyrir þéttbýlisbúa, og láta semja frumvarp að lögum um þetta efni, sem lagt verði fyrir næsta Alþingi.

### Greinargerð.

Allmiklar umræður fara nú fram um eignar- og afnotarétt af landi, um landvernd og landnytjar. Kaupstaðabúar gera þá kröfu að fá óhindraðan aðgang og afnot af ónytjuðu landi, en jafnframt þrá þeir flestir að hafa til einkaafnota landspildu, þar sem þeir geta byggt sér sumarhús og dvalist í frístundum. Hefur þetta leitt til þess, að verðlag á eftirsóttum sumarbústaðalöndum hefur hækkað verulega. Ríkið á nú um 900 jarðir, sem margar hverjar eru lítt eða ekki nytjaðar. Víða á þessu landi eru hin ákjósanlegustu skilyrði til útivistar og sumardvalar, sem eðlilegt er að heimila alþýðu að hagnýta.

Deilur þær, sem sprottið hafa um afnotarétt lands, ættu að leiða til þess, að leitast yrði við að sætta sjónarmiðin, og að því miðar tillaga þessi. Hún gerir ráð fyrir, að landsmönnum öllum verði gert kleift að hafa til einkaafnota nokkurt land, sem jafnframt kynnu að fylgja þær kvaðir, að leigutaki tæki þátt í ræktun nærliggjandi landssvæða, gróðursetningu trjáplantna, fiskrækt o. s. frv. Að sjálfsögðu yrði samráð haft við Náttúruverndarráð. Þá er og ljóst, að þessar aðgerðir mundu stemma stigu við óhóflegri hækkun verðlags sumarbústaðalanda, sem ýmsum vex þegar í augum. Hér er því um að ræða raunhæfar aðgerðir til þess annars vegar að auðvelda þjóðinni allri afnot landsins og hafa jafnframt hemil á hækkun jarðaverðs, þar sem svo hagar til, að sóst er eftir löndum fyrir sumarbústaði.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi, en varð ekki útrædd. Meðal flutningsmanna þá voru Ágúst Þorvaldsson, Benedikt Gröndal, Hannibal Valdimarsson og Eysteinn Jónsson.

## Nd. 458. Frumvarp til laga [240. mál]

um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1972.

(Lagt fyrir Alþingi á 96. löggjafarþingi, 1974—75.)

Ríkisreikningurinn fyrir árið 1972 samþykktist með eftirgreindum niðurstöðutölum í þús. kr.:

| | Gjöld: | Áætlun: | Reikningur: |
|---|---|---|---|
| 00 | Æðsta stjórn ríkisins | 129 376 | 157 012 |
| 01 | Forsætisráðuneytið | 174 191 | 190 621 |
| 02 | Menntamálaráðuneytið | 2 912 625 | 3 106 822 |
| 03 | Utanríkisráðuneytið | 204 369 | 231 351 |
| 04 | Landbúnaðarráðuneytið | 821 064 | 840 639 |
| 05 | Sjávarútvegsráðuneytið | 309 063 | 344 648 |
| 06 | Dóms- og kirkjumálaráðuneytið | 849 919 | 1 117 002 |
| 07 | Félagsmálaráðuneytið | 698 623 | 713 715 |
| 08 | Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið | 6 198 573 | 6 107 536 |
| 09 | Fjármálaráðuneytið | 1 004 620 | 1 044 761 |
| 10 | Samgönguráðuneytið | 1 699 243 | 2 350 347 |
| 11 | Iðnaðarráðuneytið | 303 447 | 444 872 |
| 12 | Viðskiptaráðuneytið | 1 209 527 | 1 708 189 |
| 13 | Hagstofa Íslands | 17 465 | 17 517 |
| 14 | Ríkisendurskoðun | 17 447 | 20 389 |
| | Mismunur | 349 320 | 134 926 |
| | Samtals | 16 898 872 | 18 530 347 |

| | Tekjur: | Áætlun: | Reikningur: |
|---|---|---|---|
| 11 | Skattar | 16 728 537 | 18 317 054 |
| 12 | Arðgreiðslur frá fyrirtækjum og sjóðum í ríkiseign fluttar úr B-hluta ríkisreiknings | 90 900 | 86 661 |
| 13 | Ýmsar tekjur | 79 435 | 126 632 |
| | Samtals | 16 898 872 | 18 530 347 |

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpið er samið eftir ríkisreikningi fyrir árið 1972, sem lagður verður fyrir þingið samtímis frumvarpinu.

## Ed. 459. Breytingartillögur [134. mál]

við frv. til laga um launasjóð rithöfunda.

Frá Jóni Árm. Héðinssyni.

1. Við 1. gr. Aftan við fyrri málslið bætist: og tónskálda.
2. Við 3. gr. Í stað orðanna „og höfundar fræðirita“ komi: höfundar fræðirita og tónskáld.
3. Við 4. gr. Á eftir orðunum „félagssamtök rithöfunda“ komi: og tónskálda.
4. Aftan við fyrirsögn bætist: og tónskálda.

**Nd.** **460. Frumvarp til laga** [241. mál]

um breyting á lögum nr. 4 6. mars 1964, um þingfararkaup alþingismanna.

Flm.: Gylfi Þ. Gíslason, Ellert B. Schram.

**1. gr.**

1. málsgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Launakjör alþingismanna, að meðtöldum húsnæðiskostnaði, dvalarkostnaði og ferðakostnaði, skulu ákveðin af Kjaradómi, að fengnum tillögum þingfararkaupsnefndar.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi numin 1. gr. laga nr. 57 1971, um breyting á lögum nr. 4 6. mars 1964, um þingfararkaup alþingismanna.

## Greinargerð.

Í gildandi lögum um þingfararkaup alþingismanna segir svo í 1. gr.:

„Alþingismaður nýtur launa samkv. launaflokki B 3 í kjarasamningi um laun starfsmanna ríkisins, og greiðist $^1/_{12}$ hluti árslauna mánaðarlega. Launin greiðast frá byrjun næsta mánaðar eftir kjördag og til loka þess mánaðar, er kjörtímabili lýkur.

Varamaður nýtur þingfararkaups þann tíma, er hann situr á þingi.

Ráðherra, sem er ekki alþingismaður, á rétt á þingfararkaupi og nýtur að öllu leyti þeirra réttinda sem alþingismanni eru ákveðin í lögum þessum.“

Þá segir í 3. gr.:

„Alþingismaður, sem um þingtímann verður að hafa dvalarstað í Reykjavík eða grennd vegna fjarlægðar frá heimili sínu, á rétt á að fá greiddan eftir reikningi kostnað við hæfilegt húsnæði til íbúðar, meðan Alþingi stendur yfir. Þingfararkaupsnefnd getur ákveðið hámark húsnæðiskostnaðar. Þingmaður utan Reykjavíkur eða nágrennis, er býr í eigin húsnæði, fær þó greiddan húsnæðiskostnað eftir mati.“

Í 4. gr. segir:

„Þingfararkaupsnefnd ákveður dvalarkostnað yfir þingtímann fyrir alþingismenn, sem búsettir eru utan Reykjavíkur.

Ákvæði 1. málsgr. gilda þó ekki um þá alþingismenn, sem fasta atvinnu hafa í Reykjavík við önnur störf, meðan Alþingi stendur yfir.“

Í 5. gr. segir:

„Alþingismaður fær á ári hverju fjárhæð til greiðslu kostnaðar við ferðalög í kjördæmi sínu. Þingfararkaupsnefnd ákveður fjárhæð þessa. Heimilt er að hafa upphæðina mismunandi eftir kjördæmum. Landskjörinn þingmaður fær sama ferðakostnað og þingmaður í því kjördæmi, þar sem hann var í framboði.

Ákvæði 1. málsgr. taka ekki til varaþingmanns og ráðherra.“

Í 6. gr. segir:

„Alþingismaður, sem er ekki búsettur í Reykjavík eða grennd, á rétt á að fá endurgreiddan ferðakostnað til þings og heim af þingi í þingbyrjun og þinglok. Sama gildir um ferðir í þinghléi eða fundarhléi um hátíðar og um ferðir varamanna til þings og heim af þingi.

Enn fremur fær þingmaður á hverju reglulegu þingi á sama hátt endurgreiddan kostnað við ferðir á öðrum tímum en í 1. málsgr. greinir, ef þær eru nauðsynlegar og þingmaður hefur fengið fararleyfi.“

Í 8. gr. segir:
„Ef almennar breytingar verða á launum starfsmanna ríkisins, er þingfararkaupsnefnd heimilt að hækka eða lækka árslaun skv. 1. gr. að sama skapi."

Þá segir í 9. gr.:
„Sameinað Alþingi kýs hlutfallskosningu í byrjun hvers þings 7 manna nefnd, þingfararkaupsnefnd, er úrskurðar þingfararkaupsreikninga alþingismanna, en forsetar ávísi fjárhæðunum úr ríkissjóði.

Vilji alþingismaður ekki hlíta úrskurði þingfararkaupsnefndar samkvæmt lögum þessum, getur hann skotið honum til forseta Alþingis, sem fella endanlegan úrskurð um ágreiningsatriðin."

Samkvæmt þessum lagaákvæðum hefur þingfararkaupsnefnd úrslitavald að því er snertir launakjör alþingismanna, að meðtöldum húsnæðiskostnaði, dvalarkostnaði og ferðakostnaði. Flm. þessa frumvarps telja eðlilegra, að kjaradómi verði falið þetta ákvörðunarvald, enda úrskurðar hann um laun ráðherra og hæstaréttardómara.

## Sþ. 461. Fyrirspurnir. [242. mál]

I. Til samgönguráðherra um snjómokstur á þjóðvegum.

Frá Tómasi Árnasyni.

Hver var kostnaður við snjómokstur á þjóðvegum landsins árin 1971, 1972, 1973 og 1974? Hvernig skiptist kostnaðurinn á hvert ár um sig? Á hvaða þjóðvegum var hann mestur?

Hvaða reglur gilda um snjómokstur hjá Vegagerð ríkisins?

II. Til félagsmálaráðherra um athugun á fasteignamatslögum og lögum um sambýli í fjölbýlishúsum.

Frá Eggert G. Þorsteinssyni.

1. Hvað líður framkvæmd ályktunar Alþingis um athugun á breytingu á fasteignamatslögum og lögum um sambýli í fjölbýlishúsum, frá 26. mars 1974?
2. Hvenær má búast við, að lagafrumvarp til breytinga á umræddum lögum samkv. ályktun Alþingis verði lagt fram?

## Sþ. 462. Tillaga til þingsályktunar [243. mál]

um afnotagjald sjónvarpstækja.

Flm.: Guðmundur H. Garðarsson.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að breyta reglugerð nr. 280 frá 1966, um breytingu á reglugerð nr. 28 frá 1958, um útvarpsrekstur ríkisins, 9. gr., á þann veg, að aðeins skuli greiða eitt afnotagjald vegna sjónvarpstækja, þótt fleiri séu en eitt á heimili eða í stofnun.

Greinargerð.

Breyting sú, sem hér er lögð til á reglugerð nr. 280 frá 1966, um útvarpsrekstur ríkisins, 9. gr., felur í sér, að í stað þess að greitt sé afnotagjald af hverju sjónvarps-

tæki, ef fleiri eru í notkun á heimili eða í stofnun, skuli aðeins greitt eitt gjald. Með því yrði sami háttur á hafður varðandi afnotagjöld af sjónvarpstækjum og tíðkast hefur um innheimtu afnotagjalda af útvarpstækjum í allmörg ár, enda þótt sjálfsagt.

Það færist stöðugt í vöxt, að fleiri en eitt sjónvarpstæki eru á sama heimili. Stafar það m. a. af því, að fólk hefur átt kost á því að kaupa lítil, en tiltölulega ódýr sjónvarpstæki, sem auðvelt er að flytja til. En eftir sem áður er notkun stærri sjónvarpstækja algengust á flestum heimilum. Ýmsar ástæður, svo sem veikindi, geta verið þess valdandi, að æskilegt þyki, að fleiri en eitt sjónvarpstæki sé á heimili eða í stofnum.

## Ed. 463. Frumvarp til laga [23. mál]

um breyting á lögum nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

(Eftir 2. umr. í Ed., 16. apríl.)

Samhljóða þskj. 26 með þessari breytingu:

3. gr. hljóðar svo:

Í stað 1. mgr. 134. gr. komi eftirfarandi:

Vitnaskýrslur skal bóka eða hljóðrita, og ákveður dómari, hvora aðferðina skuli hafa um hverja skýrslu. Aldrei skal þó hljóðrita vitnaskýrslur gegn andmælum vitnis, aðila eða umboðsmanns hans.

Ef vitnaskýrsla er bókuð, les dómari svör vitna við spurningum jafnskjótt sem þau hafa verið bókuð, eftir ósk viðkomenda eða eftir því, sem honum þykir hentugt. Þegar yfirheyrslu er lokið, les dómari, ef óskað er eða honum þykir þess þörf, með sama hætti upp bókanir á svörum vitnis í heild, enda skal gera þær leiðréttingar og viðauka við bókanir, sem dómari telur, að gefnu tilefni, þurfa til þess að framburður vitnis komi sem gleggst og réttast fram.

Ef vitnaskýrsla er hljóðrituð, skal jafnframt bóka í þingbók um þinghaldið og geta þar nafn vitnisins, aldurs og heimilis eða dvalarstaðar svo og, að vitnaskýrslan sé hljóðrituð. Í reglum, sem dómsmálaráðherra setur samkv. 5. málsgr. 42. gr., má heimila, að bókanir í þingbók um töku vitnaskýrslu verði felldar niður að hluta eða að fullu. Með vitnaskýrslu skal hljóðrita upplýsingar dómara um þinghaldið og vitni, svo að jafnan megi vita, hvaða hljóðritun er um að ræða. Dómari skal greina vitni frá því, að hljóðrita skuli skýrslu þess, og skýra framkvæmd hljóðritunar eftir þörfum. Jafnan skal mega fylgjast með því af öllum, sem á þingi eru, hvort hljóðritunartæki eru í sambandi. — Hljóðrita skal eftir ákvörðun dómara það úr skýrslu vitnis, sem máli þykir skipta. Í lok vitnaskýrslu, eða að loknum hlutum hennar, getur dómari látið hljóðrita stuttan úrdrátt sinn um það, sem hann telur þurfa fram að koma, og síðan skal spyrja vitni, hvort þar sé rétt eftir því haft. — Vitni, aðilar og lögmenn þeirra skulu á þinginu eiga rétt á að hlusta á það, sem þá hefur verið hljóðritað, í þeim mæli, er þeir óska. Þeir geta látið hljóðrita eða bóka í þingbók stuttar athugasemdir sínar varðandi stjórn dómara á vitnaleiðslunni.

Að þinghaldi loknu skal á vegum dómara vélrita eftir hljóðritun í þeim mæli, sem hann telur ástæðu til eða þeir krefjast, sem rétt eiga á endurriti, skv. 2. mgr. 44. gr. Þegar mál er flutt munnlega eða við lok skriflegs málflutnings, skal bóka í þingbók, hvaða hljóðritanir hafa verið áritaðar og hvort fram hafa komið athugasemdir um, að aðilar eða lögmenn þeirra eða vitni hafi ekki séð þau endurrit eða telji þau ekki rétt gerð.

## Sþ. 464. Fyrirspurnir. [244. mál]

I. Til menntamálaráðherra um aðild Íslands að háskóla Sameinuðu þjóðanna.

Frá Sigurði Blöndal.

1. Á hvaða stigi er könnun á aðild Íslands að háskóla Sameinuðu þjóðanna?
2. Við hvaða háskóladeildir hér eða rannsóknastofnanir getur samstarf helst komið til greina?

II. Til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um mengunarhættu í Njarðvíkurhreppi og Keflavík.

Frá Oddi Ólafssyni.

Hvað líður rannskón á mengunarhættu vatnsbóla í Njarðvíkurhreppi og Keflavík vegna olíu frá Keflavíkurflugvelli, og hve víðtæk er rannsóknin?
a) Hafa vatnshæðarmælingar farið fram?
b) Hafa verið teknir borkjarnar til efnarannsókna?
c) Hafa verið gerðar ísótópamælingar á vatnsrennsli?
d) Er orðið ljóst, hve langt jarðvegsmengunin er komin?
e) Hafa hættusvæði verið kortlögð?

## Sþ. 465. Tillaga til þingsályktunar [245. mál]

um viðurkenningu á bráðabirgðabyltingarstjórninni í Suður-Vietnam.

Flm.: Magnús Kjartansson, Magnús T. Ólafsson, Sighvatur Björgvinsson.

Alþingi ályktar að fela utanríkisráðherra að viðurkenna bráðabirgðabyltingarstjórnina í Suður-Vietnam.

Jafnframt skorar Alþingi á ríkisstjórnina að leggja fram fé til endurreisnarstarfa í Indókína í samvinnu við önnur Norðurlandaríki.

### Greinargerð.

Styrjöldin í Víetnam, sem segja má að geisað hafi nær óslitið í hálfan fjórða áratug, hefur orðið mjög nærgöngul við samvisku manna um allan heim. Víetnamar hafa á þessu tímabili orðið að berjast við innrásarheri frá Japan, Frakklandi og Bandaríkjunum; mannfall og limlestingar hafa orðið hlutfallslega meiri en í nokkrum öðrum styrjöldum, ásamt eyðingu á náttúru landsins, mannvirkjum og samfélagsháttum. Lengi vel var deilt mjög um eðli þessara styrjalda, en nú hefur reynslan sannað svo að ekki verður um deilt að í Víetnam hefur alla tíð verið um þjóðfrelsisbaráttu að ræða, þar sem allur þorri landsmanna hefur stefnt að sjálfstæði og barist gegn erlendu valdi.

Fjöldasamtök almennings og fjölmörg ríki heims hafa á undanförnum árum reynt að stuðla að því að bundinn yrði endir á ógnarástandið í Víetnam. Þannig viðurkenndi fyrrverandi ríkisstjórn Íslands ríkisstjórnina í Hanoi í því skyni að mótmæla loftárásum bandarikjamanna á Norður-Víetnam. 40—50 ríki hafa nú þegar viðurkennt bráðabirgðabyltingarstjórnina í Suður-Vietnam, þar sem ljóst er orðið að hún er fulltrúi meginhluta íbúanna í þeim landshluta og endanlegur sigur hennar skammt undan. Hér er lagt til að ríkisstjórn Íslands gangi frá slíkri viður-

kenningu og stuðli þannig siðferðilega að því að styrjaldarátökunum í Víetnam sloti sem fyrst og landsmenn geti einir og frjálsir tekist á við hin risavöxnu vandamál sín.

Endurreisnarstarfið í Víetnam og öðrum stríðshrjáðum ríkjum Indókína verður erfitt og kostnaðarsamt, og þegnar þeirra munu þurfa á allri tiltækri aðstoð að halda. Hér er lagt til að íslendingar leggi sinn skerf af mörkum til þeirra verkefna, og væri eðlilegt að sú aðstoð yrði veitt í samvinnu við önnur Norðurlandaríki, sem þegar hafa lagt fram verulega fjármuni í þessu skyni og skuldbundið sig til enn meiri átaka.

## Nd. 466. Breytingartillögur [149. mál]

við frv. til laga um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði.

Frá Braga Sigurjónssyni.

1. Við 2. gr. Síðari málsliður orðist svo: Þó skal ekki minna en 51% af hlutafé félagsins jafnan vera í eigu ríkisins og stjórn þess að meiri hluta skipuð fulltrúum ríkisins, og skulu þeir kosnir af Alþingi.
2. Við 3. gr. Við bætist nýr töluliður:
   6. Að gera samning við verksmiðjuna, sem tryggi, að hún greiði allan kostnað við framkvæmdir þær, sem um getur í 3. og 4. lið.

## Nd. 467. Nefndarálit [81. mál]

um frv. til laga um innflutning og eldi sauðnauta.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á fundi sínum. Mælir hún með samþykkt þess með svofelldri

BREYTINGU:

Við 6. gr. Niðurlag greinarinnar orðist svo: sem samþykktir eru af landbúnaðarráðherra, Náttúruverndarráði og yfirdýralækni.

Alþingi, 17. apríl 1975.

Stefán Valgeirsson, form., frsm. Friðjón Þórðarson, með fyrirvara. Pálmi Jónsson.
Guðm. G. Þórarinsson. Ingólfur Jónsson.

## Ed. 468. Frumvarp til laga [246. mál]

um breyting á lögum nr. 19 11. febr. 1953, um ættleiðingu.

Flm.: Einar Ágústsson.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Með leyfi forseta Íslands, sem dómsmálaráðherra veitir í umboði hans, getur sá, sem orðinn er 25 ára, tekið að sér kjörbarn.

Nú ættleiða hjón barn og nægir þá að annað þeirra sé orðið 25 ára. Þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi, má þó veita leyfi til ættleiðingar þegar annað hjóna hefur náð 20 ára aldri.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Lög um ættleiðingu eru orðin 22 ára gömul. Síðan hafa ungu fólki verið veitt aukin réttindi á ýmsum sviðum og þykir flutningsmanni rétt að svo sé einnig gert í þessu tilviki.

Nýmæli frumvarpsins er það, að dómsmálaráðherra er samkvæmt umboði forseta Íslands veitt leyfi til þess að veita leyfi til ættleiðingar, þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi, þegar annað hjóna er orðið 20 ára að aldri. Frumvarpið er sniðið að danskri fyrirmynd.

## Ed. 469. Breytingartillaga [15. mál]

við frv. til laga um happdrættislán ríkissjóðs fyrir hönd Vegasjóðs vegna framkvæmda við Norðurveg og Austurveg.

Frá Steingrími Hermannssyni og Inga Tryggvasyni.

1. Við 7. gr. Greinin orðist svo:
   Fjármunir þeir, er inn koma fyrir sölu happdrættisskuldabréfanna, skulu renna til Vegasjóðs og skal þeim varið til að greiða kostnað við gerð hringvegarins og þjóðbrauta, sem tengja landshluta þeim vegi, skv. nánari ákvörðun Alþingis við gerð vegáætlunar.
2. Fyrirsögn frv. verði:
   Happdrættislán ríkissjóðs fyrir hönd Vegasjóðs.

## Ed. 470. Frumvarp til laga [247. mál]

um breyting á lögum nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt.

Flm.: Ingi Tryggvason, Steingrímur Hermannsson.

1. gr.

Við 6. gr. laganna bætist svo hljóðandi málsgrein:

Þá er heimilt að endurgreiða sveitarfélögum og öðrum þeim, sem kosta snjómokstur á vegum eða götum, sannanlegan greiddan söluskatt af þessum framkvæmdum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er, hefur söluskattur hækkað mjög á undanförnum árum og hlutdeild hans í tekjuöflun ríkisins farið vaxandi. Eftir því sem upphæðir söluskatts hafa hækkað, hafa betur komið í ljós ýmsir vankantar á lögum þeim, sem sett voru um söluskatt 1960, enda hafa verið gerðar á þeim allmiklar breytingar.

Með frumvarpi því, sem hér er flutt, er lagt til að heimilað verði að endurgreiða sveitarfélögum og öðrum hliðstæðum aðilum, t. d. mjólkurflutningafélögum, greiddan söluskatt af snjómokstri.

Kostnaður við snjómokstur er mjög misjafn eftir landshlutum. Þá er einnig misjafnt, hvernig framlag ríkisins til snjómoksturs nýtist hinum ýmsu byggðarlögum.

Á sumum þjóðvegum kostar Vegasjóður allan snjómokstur, annars staðar eru vegir ruddir á kostnað Vegagerðar tvisvar í viku eða sjaldnar, allvíða, jafnvel í þéttbýlum og snjóþungum sveitum, kostar Vegagerðin snjómokstur að fullu aðeins einu sinni á ári. Ef menn þurfa að ryðja vegina oftar, verður helmingur kostnaðar að koma frá heimamönnum. Þung rök má færa fyrir því, að samgöngur á landi séu jafnnauðsynlegar allan ársins hring og því sé eðlileg skylda samfélagsins að gera það sem unnt er til að vegum sé haldið opnum án sérstaks kostnaðar fyrir þá, sem búa við snjóþyngsli eða lága vegi, sem ekki verjast fyrir snjó.

Skattheimta til almenningsþarfa verður seint með þeim hætti, að öllum þyki fullu jafnrétti framfylgt. Söluskatti fylgir t. d. sá galli, að fjárhagsleg óhöpp eða skaðar geta orðið tekjulind fyrir ríkissjóð. Í þjóðfélagi, sem stefnir að auknu félagslegu réttlæti, hlýtur að vera eðlilegt og sjálfsagt að nema burt þau lagaákvæði, sem auka misrétti með þeim hætti, að óviðráðanlegir örðugleikar við lífsframfærslu séu gerðir að tekjulind fyrir samfélagið. Örðugar vetrarsamgöngur í bæ eða byggð af völdum vegleysis eða snjólaga eru eitt þeirra atriða, sem afkomumismun valda. Með frumvarpi því, sem hér er flutt, er gert ráð fyrir heimild ríkissjóðs til að leiðrétta að nokkru þennan aðstöðumun.

## Nd. 471. Frumvarp til laga [130. mál]

**um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir.**

(Eftir 2. umr. í Nd., 17. apríl.)

### I. KAFLI
### Ráðgjöf og fræðsla.

**1. gr.**

Gefa skal fólki kost á ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir.

Landlæknir hefur á höndum yfirumsjón með framkvæmd og uppbyggingu slíkrar ráðgjafar og fræðslu.

**2. gr.**

Aðstoð skal veita, eftir því sem við á, svo sem hér segir:

1. Fræðsla og ráðgjöf um notkun getnaðarvarna og útvegun þeirra.
2. Ráðgjöf fyrir fólk, sem íhugar að fara fram á fóstureyðingu eða ófrjósemisaðgerð.
3. Kynlífsfræðsla og ráðgjöf og fræðsla um ábyrgð foreldrahlutverks.
4. Ráðgjöf og fræðsla varðandi þá aðstoð, sem konunni stendur til boða í sambandi við meðgöngu og barnsburð.

**3. gr.**

Ráðgjafarþjónusta þessi skal veitt á heilsugæslustöðvum og sjúkrahúsum og má vera í starfstengslum við mæðranefnd, kvensjúkdómadeildir, geðvernd, fjölskylduráðgjöf og félagsráðgjafaþjónustu.

4. gr.

Að ráðgjafarþjónustunni skulu starfa læknar, félagsráðgjafar, ljósmæður, hjúkrunarfólk og kennarar, eftir því sem þörf krefur.

5. gr.

Allar viðurkenndar getnaðarvarnir skulu fást hjá ráðgjafarþjónustunni. Unnið skal að því að auðvelda almenningi útvegun getnaðarvarna, m. a. með því, að sjúkrasamlög taki þátt í kostnaði þeirra.

6. gr.

Ráðgjöf fyrir fólk, sem íhugar fóstureyðingu eða ófrjósemisaðgerð, tekur til þess, sem hér segir:

1. Læknishjálp.
2. Þungunarprófanir.
3. Ráðgjafar- og stuðningsviðtöl.
4. Félagsleg aðstoð.
5. Aðstoð við umsókn og tilvísun til sjúkrahúss.

7. gr.

Fræðsluyfirvöld skulu í samráði við skólayfirlækni veita fræðslu um kynlíf og siðfræði kynlífsins á skyldunámsstigi í skólum landsins. Einnig skal veita þessa fræðslu á öðrum námsstigum.

## II. KAFLI
## Um fóstureyðingar.

8. gr.

Fóstureyðing samkvæmt lögum þessum er læknisaðgerð, sem kona gengst undir í því skyni að binda endi á þungun, áður en fóstrið hefur náð lífvænlegum þroska.

9. gr.

Fóstureyðing er heimil:

1. **Félagslegar ástæður:**
   Þegar ætla má, að þungun og tilkoma barns verði konunni og hennar nánustu of erfið vegna óviðráðanlegra félagslegra ástæðna. Við slíkar aðstæður skal tekið tillit til eftirfarandi:
   a) Hafi konan alið mörg börn með stuttu millibili og skammt er liðið frá síðasta barnsburði.
   b) Eigi konan við að búa bágar heimilisástæður vegna ómegðar eða alvarlegs heilsuleysis annarra á heimilinu.
   c) Þegar konan getur ekki vegna æsku og þroskaleysis annast barnið á fullnægjandi hátt.
   d) Annarra ástæðna, séu þær fyllilega sambærilegar við ofangreindar aðstæður.
2. **Læknisfræðilegar ástæður:**
   a) Þegar ætla má, að heilsu konu, líkamlegri eða andlegri, sé hætta búin af áframhaldandi meðgöngu og fæðingu.
   b) Þegar ætla má, að barn, sem kona gengur með, eigi á hættu að fæðast vanskapað eða haldið alvarlegum sjúkdómi vegna erfða eða skaddunar í fósturlífi.

c) Þegar sjúkdómur, líkamlegur eða geðrænn, dregur alvarlega úr getu konu eða manns til að annast og ala upp barn.

3. Ef konu hefur verið nauðgað eða hún orðið þunguð sem afleiðing af öðru refsiverðu atferli.

10. gr.

Fóstureyðing skal framkvæmd eins fljótt og auðið er og helst fyrir lok 12. viku meðgöngutímans.

Fóstureyðing skal aldrei framkvæmd eftir 16. viku meðgöngutímans, nema fyrir hendi séu ótvíræðar læknisfræðilegar ástæður og lífi og heilsu konunnar stefnt í því meiri hættu með lengri meðgöngu og/eða fæðingu. Einnig skal fóstureyðing leyfileg eftir 16 vikur, séu miklar líkur á vansköpun, erfðagöllum eða sköddun fósturs.

Slíkar undanþágur eru aðeins heimilar að fenginni skriflegri heimild nefndar, skv. 28. gr.

11. gr.

Áður en fóstureyðing má fara fram, verður að liggja fyrir skrifleg rökstudd greinargerð tveggja lækna, eða læknis og félagsráðgjafa sé eingöngu um félagslegar ástæður að ræða, enda sé hann starfandi í viðkomandi heilsugæsluumdæmi. Annar þessara lækna sé sérfræðingur í kvensjúkdómum eða almennum skurðlækningum við það sjúkrahús, þar sem aðgerðin fer fram, en hinn að jafnaði sá læknir eða félagsráðgjafi, sem ráðlagt hefur konunni að leita sjúkrahúss þessara erinda.

Þar sem ástæða þykir til skal viðkomandi sérfræðingur styðjast við álitsgerð geðlæknis, sé um geðræna sjúkdóma að ræða.

12. gr.

Áður en fóstureyðing má fara fram, er skylt að konan, sem sækir um aðgerðina, hafi verið frædd um áhættu samfara aðgerðinni og hún hafi hlotið fræðslu um, hvaða félagsleg aðstoð henni stendur til boða í þjóðfélaginu. Öll ráðgjöf og fræðsla skal veitt á óhlutdrægan hátt.

13. gr.

Umsókn, greinargerð og vottorð skulu rituð á þar til gerð eyðublöð, sem landlæknir gefur út.

Eftirfarandi atriða skal gætt.

1. Kona skal skrifa sjálf undir greinargerð og umsókn um fóstureyðingu.
2. Sé kona vegna geðsjúkdóms, mikils greindarskorts eða af öðrum ástæðum ófær um að gera sér grein fyrir nauðsyn aðgerðarinnar, þá er heimilt að veita leyfi til aðgerðarinnar skv. umsókn lögráðamanns.
3. Sé kona yngri en 16 ára eða svipt sjálfræði, skulu foreldrar eða lögráðamaður taka þátt í umsókn með henni nema sérstakar ástæður mæli gegn því.
4. Sé þess kostur, skal maðurinn taka þátt í umsókn konunnar, nema sérstakar ástæður mæli gegn því.
5. Hætti kona við aðgerð ber henni að staðfesta þann vilja sinn skriflega. Sé konu synjað um aðgerð á sjúkrahúsi skal henni og þeim, er undir greinargerð rita, tilkynnt það strax skriflega. Getur konan þá tafarlaust leitað þeirra úrræða, sem kveðið er á um í 28. gr., og er þeim, sem undir greinargerð hefur ritað, skylt að aðstoða hana í því.

14. gr.

Sjálfri aðgerðinni skal hagað eftir fyllstu viðurkenndum kröfum læknisfræðinnar til tryggingar því að konunni verði sem minnst um aðgerðina. Sama gildir og um allan aðbúnað konu er aðgerðin fer fram.

15. gr.

Einungis læknar mega framkvæma fóstureyðingu. Fóstureyðingu má aðeins framkvæma í sjúkrahúsum, þar sem sérfræðingur á sviði kvenlækninga eða sérfræðingur í almennum skurðlækningum starfar og ráðherra hefur viðurkennt í þessu skyni.

16. gr.

Áður en kona, sem gengist hefur undir fóstureyðingu, útskrifast af sjúkrahúsinu, skulu henni veittar leiðbeiningar um getnaðarvarnir. Ef konan er gift eða í sambúð, skal maðurinn, ef mögulegt er, einnig hljóta leiðbeiningar um getnaðarvarnir.

Einnig skal konunni gert að skyldu að koma í eftirrannsókn að ákveðnum tíma liðnum til læknisskoðunar og viðtals.

## III. KAFLI
## Um ófrjósemisaðgerðir.

17. gr.

Ófrjósemisaðgerð er samkvæmt lögum þessum, þegar sáðgöngum karla eða eggvegum kvenna er lokað og þannig komið í veg fyrir, að viðkomandi auki kyn sitt.

18. gr.

Ófrjósemisaðgerð er heimil samkvæmt þessum lögum:

I. **Að ósk viðkomandi,** ef hún/hann, sem er fullra 25 ára, óskar eindregið og að vel íhuguðu máli eftir því að komið verði í veg fyrir að hún/hann auki kyn sitt, og ef engar læknisfræðilegar ástæður eru til staðar, sem mæli gegn aðgerð.

II. **Sé viðkomandi ekki fullra 25 ára:**

1) ef ætla má að heilsu konu sé hætta búin af meðgöngu og fæðingu.
2) ef fæðing og forsjá barna yrði of mikið álag fyrir hana/hann með hliðsjón af lífskjörum fjölskyldunnar og af öðrum ástæðum.
3) ef sjúkdómur, líkamlegur eða geðrænn, dregur alvarlega úr getu hennar/hans til að annast og ala upp börn.
4) þegar ætla má að barn viðkomandi eigi á hættu að fæðast vanskapað eða haldið alvarlegum sjúkdómi, vegna erfða eða sköddunar á fósturstigi.

19. gr.

Ófrjósemisaðgerð er heimil skv. 18. gr. I. ef fyrir liggur umsókn viðkomandi, undirrituð, sbr. 20. gr., á þar til gerðum eyðublöðum, sem landlæknir annast útgáfu á.

Ófrjósemisaðgerð er heimil skv. 18. gr. II. 1), 2), 3) og 4) þegar fyrir liggur umsókn viðkomandi, sbr. 20. gr., og rökstudd skrifleg greinargerð tveggja lækna, eða læknis og félagsráðgjafa, sé eingöngu um að ræða félagslegar ástæður fyrir aðgerð, enda sé hann starfandi í viðkomandi heilsugæsluumdæmi. Annar þessara lækna skal vera sá sérfræðingur, sem aðgerðina framkvæmir. Sé ástæða umsóknar utan hans sérsviðs, ber honum að styðjast við álitsgerð sérfræðings í viðkomandi grein.

20. gr.

Umsókn skal fylgja yfirlýsing viðkomanda, undirrituð eigin hendi, að henni/honum sé ljóst í hverju aðgerðin sé fólgin, og að hún/hann fari fram á ófrjósemisaðgerð af frjálsum vilja (sbr. þó 22. gr.).

21. gr.

Áður en ófrjósemisaðgerð er heimiluð samkvæmt lögum þessum, skal viðkomanda skýrt frá því í hverju aðgerðin sé fólgin og að hún geti komið varanlega í veg fyrir, að viðkomandi geti aukið kyn sitt.

22. gr.

Ef ástæður til ófrjósemisaðgerðar svo sem segir í 18. gr. II. eru fyrir hendi eða ef viðkomandi er fullra 25 ára, en er vegna geðsjúkdóms, mikils greindarskorts eða annarra geðtruflana varanlega ófær um að gera sér grein fyrir afleiðingum aðgerðarinnar, er heimilt að veita leyfi til aðgerðar samkvæmt umsókn sérstaklega skipaðs lögráðamanns.

23. gr.

Einungis læknar með sérfræðiviðurkenningu í almennum skurðlækningum, kvensjúkdómum og þvagfæraskurðlækningum mega framkvæma ófrjósemisaðgerðir.

Ráðherra getur þó í samráði við landlækni heimilað sjúkrahúslækni framkvæmd slíkrar aðgerðar.

Aðgerðirnar má einungis framkvæma í sjúkrahúsum er til þess hafa hlotið viðurkenningu ráðherra.

## IV. KAFLI

### Almenn ákvæði.

24. gr.

Umsókn, læknisvottorð og greinargerð, sem um getur í 11. og 19. gr. laga þessara, skal leggja með sjúkraskrá sjúklingsins á sjúkrahúsinu.

Að aðgerð lokinni skal senda landlækni greinargerð um framkvæmd hennar á þar til gerðum eyðublöðum sem landlæknir lætur í té.

25. gr.

Synjanir umsókna um fóstureyðingu eða ófrjósemisaðgerð skulu tilkynntar landlækni og þess skal getið hvers vegna umsókn hafi verið synjað.

26. gr.

Heilbrigðisyfirvöldum ber að hafa eftirlit með framkvæmd laganna og sjá um, að á sjúkrahúsum ríkisins sé hægt að framkvæma þær aðgerðir, sem lögin gera ráð fyrir, sbr. þó 15. gr. Stuðla ber að samræmi í framkvæmd þeirra í öllum landshlutum. Þeim, er starfa að framkvæmd laganna, skal veitt fræðsla og leiðbeiningar í því skyni.

27. gr.

Allir þeir, sem starfa á einn eða annan hátt að framkvæmd laga þessara, eru bundnir þagnarskyldu um öll persónuleg málefni, sem þeir í því sambandi kunna að fá vitneskju um.

28. gr.

Rísi ágreiningur um hvort framkvæma skuli fóstureyðingu eða ófrjósemisaðgerð, skal málinu tafarlaust vísað til landlæknis og skal hann tafarlaust leggja málið undir úrskurð nefndar, sem skipuð skal í þeim tilgangi að hafa eftirlit með framkvæmd laganna.

Í nefndinni skulu eiga sæti 3 menn og jafnmargir varamenn, einn læknir, einn lögfræðingur og einn félagsráðgjafi og skulu þeir skipaðir af heilbrigðis-

ráðherra til 4ra ára í senn. Nefndin skal úrskurða málið innan viku frá því að henni berst það í hendur.

Skal nefndinni búin starfsaðstaða og henni jafnframt tryggður aðgangur að þeirri sérfræðiþjónustu, sem þurfa þykir til að leysa þau verkefni sem nefndinni berast.

29. gr.

Sjúkratryggingar almannatrygginga greiði sjúkrakostnað vegna fóstureyðinga og ófrjósemisaðgerða.

Kostnaður vegna ráðgjafar og fræðslu á þessu sviði greiðist af almannafé.

30. gr.

Ákvæði þessara laga gilda ekki, ef um nauðsynlegar læknisaðgerðir á æxlunarfærum er að ræða vegna sjúkdóms í þeim, enda þótt fósturlát eða ófrjósemi hljótist af.

31. gr.

1. Læknir, sem framkvæmir fóstureyðingu eða ófrjósemisaðgerð, án þess að fullnægt sé skilyrðum 9., 10. eða 18. gr., skal sæta varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum, nema hærri refsing liggi við samkvæmt almennum hegningarlögum. Ef ríkar málsbætur eru fyrir hendi, má beita sektum. Hafi verkið verið framið án samþykkis konunnar, skal refsing vera fangelsi ekki skemur en 2 ár, og allt að 12 árum.
2. Læknir, sem framkvæmir fóstureyðingu eða ófrjósemisaðgerð án þess að fullnægt sé skilyrðum 11., 12., 13., 19. eða 21. gr., skal sæta sektum, nema hærri refsing liggi við samkvæmt almennum hegningarlögum.
3. Læknir, sem framkvæmir fóstureyðingu eða ófrjósemisaðgerð án þess að fullnægt sé skilyrðum 15. eða 23. gr., skal sæta sektum.
4. Framkvæmi aðrir en læknar aðgerðir samkvæmt lögum þessum, skulu þeir sæta fangelsi allt að 4 árum, nema hærri refsing liggi við samkvæmt almennum hegningarlögum. Hafi verkið verið framið án samþykkis konunnar, skal refsing vera fangelsi ekki skemur en 2 ár, og allt að 12 árum.
5. Hlutdeildarmönnum skal refsað samkvæmt 1. og 4. tl. þessarar greinar. Gáleysisbrot eru refsilaus samkvæmt lögum þessum.

32. gr.

Ákveða skal með reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara.

33. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Við gildistöku þessara laga falla niður lög nr. 38/1935, um leiðbeiningar fyrir konur um varnir gegn því að verða barnshafandi og um fóstureyðingar, og lög nr. 16/1938, um að heimila í viðeigandi tilfellum aðgerðir á fólki, er koma eiga í veg fyrir að það auki kyn sitt. Ákvæði l. nr. 16/1938 um afkynjanir halda þó gildi sínu.

## Ed. 472. Lög [21. mál]

um trúfélög.

(Afgreidd frá Ed., 17. apríl.)

Samhljóða þskj. 327 (sbr. 24).

Alþt. 1974. A (96. löggjafarþing). 185

**Ed.** **473. Frumvarp til laga** [248. mál]

um breyting á lögum um fjarskipti, nr. 30 frá 1941.

Flm.: Steingrímur Hermannsson.

1. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. skal iðnaðarmönnum á sviði fjarskiptatækni, sem löggildingu hafa hlotið, heimilt að smíða og gera við fjarskiptavirki. Slíkir aðilar skulu skrá sig hjá Landssíma Íslands og hafa undir höndum vottorð um slíka skráningu. Skylt skal þeim, sem taka að sér smíði og viðgerðir fjarskiptavirkja, að senda Landssíma Íslands skýrslu um starfsemi sína sé þess óskað. Ráðherra sá, sem fer með fjarskiptamál ríkisins, getur heimilað einstökum mönnum, félögum eða stofnunum að stofna fjarskiptavirki eða að flytja til landsins, selja, leigja eða dreifa út á annan hátt, breyta eða setja upp fjarskiptavirki eða hluta þeirra, sem í 2. gr. getur. Leyfi skal veitt um ákveðinn tíma með þeim skilyrðum og kröfum, sem ástæða þykir til í hvert skipti. Enn fremur getur ráðherra með reglugerð veitt almennt leyfi til tiltekinna minni háttar framkvæmda, sem ekki er hætta á að valdi truflunum á rekstri fjarskiptavirkja ríkisins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í lögum um fjarskipti frá 1941 eru ströng ákvæði um einkarétt ríkisins á sviði fjarskipta. Slíkt var eðlilegt á ófriðarárunum. Hins vegar má deila um nauðsyn þess nú, a. m. k. á sumum takmarkaðri sviðum fjarskipta. Ljóst er hins vegar að fylgjast verður vandlega með notkun slíkra tækja. Því er í þessu frumvarpi ekki lagt til að gerð verði breyting á þessum einkarétti ríkisins til þess að stofna og reka fjarskipti á Íslandi.

Ríkið hefur einnig einkarétt til þess að gera við fjarskiptavirki. Að mati flutningsmanns er þetta ákvæði úrelt og þjónar hvergi nærri þörfum hinna fjölmörgu notenda fjarskiptavirkja. Í 3. gr. frumvarpsins er ráðherra að vísu heimilað að veita undanþágu frá öllum atriðum einkaréttarins. Þessi heimild hefur verið notuð í víðtækum mæli á sumum sviðum, t. d. er notkun talstöðva mjög víðtæk og raunar er það skylda íslenskra fiskiskipa að hafa slíkar stöðvar.

Aftur á móti hefur ríkt furðuleg tregða á því að heimila fagmönnum á sviði fjarskipta að gera við fjarskiptavirki. Eðlilega hefur Landssími Íslands þó ekki getað haft viðgerðarmenn starfandi á hinum ýmsu útgerðarstöðum landsins. Afleiðingin hefur orðið sú, að þjónusta við notendur fjarskiptavirkja, t. d. talstöðva, er mjög léleg víða um landið. Þeir verða annaðhvort að senda talstöðvarnar til Reykjavíkur til viðgerðar eða bíða þess, að viðgerðarmaður komi frá Landssíma Íslands, sem er vitanlega mjög kostnaðarsamt. Þetta getur tekið langan tíma, ekki síst þegar ferðir eru strjálar að vetrum. Á meðan eru bátarnir talstöðvarlausir. Allir sjá, hvaða hættum slíkt býður heim.

Með öllu virðist ástæðulaust annað en að heimila þeim einstaklingum, sem hlotið hafa tilskilið nám og löggildingu, að gera við fjarskiptavirki. Það gæti jafnframt stuðlað að því, að slíkir menn settust að víða utan Reykjavíkur. Mundi það stórbæta þjónustu við notendur fjarskiptavirkja. Með þessu frumvarpi er lagt til, að slík viðgerðarþjónusta verði heimiluð.

Hins vegar er nauðsynlegt, að Landssími Íslands geti haft visst eftirlit með viðgerðum á fjarskiptavirkjum. Því er lagt til, að viðgerðarmenn láti skrá sig

hjá Landssímanum og að þeim sé skylt að veita Landssíma Íslands skýrslu um starfsemi sína, sé þess óskað.

Með þessu frumvarpi er jafnframt lagt til, að þeim, sem hlotið hafa tilskilda menntun og löggildingu, verði heimilað að smíða fjarskiptavirki. Engin hætta virðist vera í slíku fólgin. Ekki er heimilt að selja eða starfrækja slík tæki án heimildar ráðherra. Hann hefur því eftir sem áður nauðsynlegt eftirlit og úrslitavald. Þessi heimild getur hins vegar stuðlað að því, að unnið verði innanlands meira að endurbótum og nýjungum á fjarskiptasviðinu en verið hefur.

## Sþ. 474. Tillaga til þingsályktunar [249. mál]

um aukna tekjustofna sýslufélaga.

Flm.: Friðjón Þórðarson, Jóhannes Árnason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera nú þegar ráðstafanir til að auka tekjur sýslufélaga, svo að þeim verði gert kleift að sinna lögboðnu hlutverki og aðkallandi viðfangsefnum.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi, en varð þá eigi útrædd. Henni fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

Samkvæmt lögum eru sýslufélögum falin margþætt verkefni. Í 92. gr. sveitarstjórnarlaga segir m. a., að hlutverk þeirra sé að annast:

a) Eftirlit með fjárreiðum allra hreppa innan sýslufélagsins, endurskoðun og úrskurðun ársreikninga þeirra, svo og allra fyrirtækja, sem rekin eru á vegum hreppanna.
b) Umsjón með því, að hreppsnefndirnar starfi yfirleitt í sveitarstjórnarmálum samkvæmt gildandi lögum og reglugerðum.
c) Setningu reglugerða um notkun afrétta, fjallskil, fjárheimtur og smalanir heimalanda á haustum til fjallskila og á vorum til rúnings, svo og að prentaðar séu eigi sjaldnar en 10. hvert ár skrár yfir fjármörk, og einnig hestamörk, þar sem þess þykir þörf.
d) Umsjón og stjórn vegamála samkvæmt vegalögum og sýsluvegasamþykktum.
e) Afskipti af forðagæslu skv. búfjárræktarlögum, eftirlit skv. lögum um hundahald og varnir gegn sullaveiki og úrskurðum og greiðslu reikninga skv. lögum um eyðingu refa og minka.
f) Setningu byggingarsamþykkta fyrir sýsluna skv. lögum.
g) Álitsgerðir um mál, er varða einstaka hreppa eða sýsluna, enda skal engu slíku máli til lykta ráðið, fyrr en álitsgerðar sýslunefndar hefur verið leitað.
h) Tilnefningu þriggja hreppstjóraefna, þegar skipa skal hreppstjóra.
i) Stjórn allra sveitarstjórnarmála, er varða sýsluna í heild, svo og tillögur um hvað eina, sem verða má sýslunni til gagns eða til að afstýra bjargarskorti eða hallæri.
j) Önnur þau störf, er lög og reglugerðir mæla fyrir um.

Með hliðsjón af þessu má ljóst vera, að hlutverk sýslufélaga er ærið fjölþætt og mikilvægt. Verkefnin eru nánast óteljandi og ótæmandi. Sýslusjóðir hafa á undanförnum árum látið stórfé af hendi rakna, m. a. til menntamála, heilbrigðismála og atvinnumála. Þeir hafa víða verið aðilar að skólum af ýmsu tagi, bókasöfnum, byggðasöfnum og héraðsskjalasöfnum, elliheimilum, sjúkrahúsum, læknisbústöðum og hafnarframkvæmdum. Svo mætti lengi telja. Þá hafa mörg sýslufélög reynt af fremsta megni að styðja við og styrkja margs konar menningar- og líknarstarfsemi

í héraði, svo sem störf íþrótta- og ungmennafélaga og kvennasamtaka, björgunar- og sjúkrahjálp. Framlög hafa verið veitt til náttúruverndarmála, skógræktar og gróðurverndar. Þá hafa greiðslur verið inntar af hendi til jarðhitaleitar og til þess að hraða framkvæmdum í raforkumálum, svo að dæmi séu nefnd.

Tvö eða fleiri sýslufélög hafa iðulega unnið saman að ýmsum málum. Nefna má t. d. samstarf í byggingarmálum, skólamálum og orkumálum, sem vel hefur gefist og fer vaxandi.

Í 101. gr. sveitarstjórnarlaga er fjallað um tekjustofna sýslufélaga. Segir þar, að sýslunefnd skuli á aðalfundi semja áætlun um tekjur og gjöld sýslusjóðs fyrir yfirstandandi ár. Síðan segir: „Því, sem á vantar, að tekjur sýslusjóðs hrökkvi fyrir útgjöldum hans, skal jafnað niður á hreppana“ eftir vissum reglum. Miðað við þetta orðalag virðist gert ráð fyrir, að sýslusjóðir njóti annarra, verulegra tekjustofna. Svo hefur þó ekki verið. Sýslusjóðsgjaldið, þ. e. hið niðurjafnaða gjald á hreppana, er hið eina fjármagn að heita má, sem sýslufélög hafa yfir að ráða. Þar sem um slíka niðurjöfnun gjalda er að ræða á fámenna og fátæka hreppa, má geta nærri, að álögum verður að stilla í hóf, svo sem unnt er. Niðurstaðan verður því sú, að sýslusjóðir hafa yfirleitt mjög lítið fé til ráðstöfunar fram yfir brýnustu útgjöld. Það er að sjálfsögðu með öllu fráleitt, því að mörgum þörfum málum mætti án efa þoka áleiðis með auknum fjárráðum sýslusjóða, sbr. framanritað.

Að dómi flutningsmanna kæmi vel til álita, að sýslufélög fengju greiddan einhvern hluta af söluskatti til sinna þarfa. Einnig mætti benda á Byggðasjóð, en hlutverk hans er að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, svo sem alkunnugt er.

Fullljóst má vera af framansögðu, að hina mestu nauðsyn ber til að efla sýslusjóðina og auka tekjustofna þeirra. Það er tvímælalaust í flokki hinna allra mikilvægustu byggðamála.

## Nd. 475. Breytingartillögur [204. mál]

**við frv. til laga um ráðstafanir í efnahagsmálum og fjármálum til þess að stuðla að jafnvægi í þjóðarbúskapnum og treysta undirstöðu atvinnu og lífskjara.**

Frá Svövu Jakobsdóttur.

1. Við 3. gr. Í stað „Börn innan 16 ára aldurs“ í upphafi gr. komi: Börn innan 17 ára aldurs.
2. Við 9. gr. Í stað „16 ára“ á þrem stöðum í 1. efnismálsgr. komi: 17 ára.
3. Við 10. gr.
   a. Á eftir upphafsorðunum „Hjá hjónum sem samsköttuð eru, sbr. 3. gr. laga þessara“ í A-lið, 2 komi: og einstökum foreldrum sem halda heimili og framfæra þar börn sín.
   b. Í stað „16 ára“ í 1. málsgr. C-liðar komi: 17 ára.
   c. 2. málsgr. C-liðar orðist svo:
      Af heildarupphæð barnabóta greiðast til framfæranda barns 20 000 kr. með hverju barni. Upphæðin breytist í samræmi við skattvísitölu. Eftirstöðvum skal varið til greiðslu eftirtalinna opinberra gjalda framfærandans í þessari forgangsröð:
      1. Tekjuskatts sem á er lagður á greiðsluárinu skv. A-lið þessarar greinar.
      2. Annarra þinggjalda sem á eru lögð á geriðsluárinu.
      3. Ógoldinna þinggjalda frá fyrri árum.
      4. Útsvars sem á er lagt á greiðsluárinu.
      5. Aðstöðugjalds sem á er lagt á greiðsluárinu.
   d. 3. málsgr. C-liðar orðist svo:
      Eftirstöðvar, ef einhverjar verða, greiðast framfæranda. Framfærandi getur farið fram á að heildarupphæð barnabóta renni óskert til greiðslu

ofantalinna opinberra gjalda. Fjármálaráðherra skal ákveða gjalddaga útborgaðra barnabóta ár hvert. Búi foreldrar barns, sem ekki er fullra 17 ára í byrjun þess almanaksárs þegar skattur er á lagður, saman ógift telst faðir barnsins framfærandi þess skv. þessum staflið, en heimilt er samkvæmt reglugerð, sem fjármálaráðherra setur, að draga frá barnabótum greiðslu opinberra gjalda móður barnsins (barnanna) að því marki sem eftirstöðvum nemur á sama hátt og í sömu forgangsröð og fyrir er mælt í 2. mgr. þessa stafliðar.

4. Við 14. gr. Greinin orðist svo:

1. mgr. 26. gr. laga nr. 8/1972 hljóði svo:

Útsvar skv. 25. gr. hjá hjónum, sem telja fram sameiginlega, og einstæðum foreldrum, sem hafa fyrir heimili að sjá, skal lækka um 10 500 kr. og útsvar einstaklinga um 7 500 kr. Telji hjón fram hvort í sínu lagi skal hvort um sig fá samsvarandi lækkun og einstaklingur. Fyrir hvert barn innan 17 ára aldurs, sem gjaldandi hefur á framfæri sínu, skal lækka útsvar hans um 2 700 kr. Hafi gjaldandi fleiri en 3 börn innan 17 ára aldurs á framfæri sínu skal enn fremur lækka útsvar hans um 5 400 kr. fyrir hvert barn umfram 3. Fjárhæðir þessar skulu breytast í samræmi við skattvísitölu eins og hún er á hverjum tíma, sbr. 53. gr. laga nr. 68/1971 með síðari breytingum.

## Nd. 476. Nefndarálit [204. mál]

um frv. til laga um ráðstafanir í efnahagsmálum og fjármálum til þess að stuðla að jafnvægi í þjóðarbúskapnum og treysta undirstöðu atvinnu og lífskjara.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Lúðvík Jósepsson fjallaði um þetta frv í nefndinni af hálfu Alþýðubandalagsins meginhluta þess tíma sem það var til athugunar. Hann hefur flutt við það breytingartillögur sem prentaðar eru á sérstöku þingskjali. Einnig gekk hann frá nefndaráliti af sinni hálfu áður en hann hvarf af þingi, og fer sú ritgerð hér á eftir:

„Fjárhags- og viðskiptanefnd hefur haft frumvarp ríkisstjórnarinnar um ráðstafanir í efnahagsmálum til athugunar um nokkurt skeið. Nefndin hefur rætt við ýmsa embættismenn og ráðunauta ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum. Svör af þeirra hálfu við ýmsum spurningum, sem fram hafa komið í nefndinni, hafa verið mjög af skornum skammti, og í rauninni má segja, að enn hafi ekki fengist upplýsingar um fyrirætlun ríkisstjórnarinnar varðandi framkvæmd á ýmsum mikilvægustu ákvæðum frumvarpsins.

Í greinargerð þeirri, sem fylgir frumvarpinu, er reynt að gefa nokkrar skýringar á því, hvers vegna frv. er flutt og hvaða ástæður liggi til þess, að nú þykir nauðsynlegt að breyta í mjög verulegum atriðum nýlega samþykktum fjárlögum.

Það, sem sérstaklega er talið fram í þeim efnum, er, að „viðskiptakjör þjóðarbúsins gagnvart útlöndum“ hafi haldið áfram að versna og að ekki verði undan því vikist „að skerða lífskjör þjóðarinnar“ enn meir en áður var áætlað að þyrfti, og að í kjölfar gengislækkunarinnar frá í febrúar sé nauðsynlegt að gera ýmsar og víðtækar efnahagsráðstafanir.

### Stefna ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum einkennist af fáti og fumi.

Í sambandi við þetta nýja frumvarp ríkisstjórnarinnar „um ráðstafanir í efnahagsmálum og fjármálum til þess að stuðla að jafnvægi í þjóðarbúskapnum og treysta undirstöðu atvinnu og lífskjara“, eins og það heitir fullu nafni, er eðlilegt

að rifja nokkuð upp stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum eins og hún hefir komið fram í reynd þá rúmlega 7 mánuði, sem hún hefur verið við völd.

Þó að valdatími stjórnarinnar sé aðeins 7 mánuðir, er eigi að síður ástæða til að skipta efnahagsstefnu hennar í 3 tímabil.

**Fyrsta tímabilið** hefst að sjálfsögðu með valdatöku stjórnarinnar í lok ágústmánaðar 1974. Þá ákvað hún 17% gengislækkun, því að auðvitað þurfti að **skrá gengi krónunnar rétt**, eins og það heitir jafnan, þegar gengið er fellt. Söluskatturinn var hækkaður um 2% og ýmsir skattar aðrir hækkaðir um leið. Jafnframt var svo kaupgjaldið raunverulega bundið fast með afnámi vísitöluuppbóta á laun. Láglaunabætur fylgdu með, sem námu 5—7% á lægstu laun. Á þessu tímabili hækkaði verðlag meir en nokkru sinni áður og má í rauninni segja, að allar verðhækkanir hafi verið leyfðar, sem um var beðið, enda í samræmi við þá stefnuyfirlýsingu stjórnarinnar, að verðlagseftirlit ætti að leggja niður og gefa álagningu frjálsa. Samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands hækkaði framfærsluvísitalan á þessu tímabili, eða frá 1/8 1974 til 1/11 1974, úr 297 stigum í 342 stig, **eða um 15.2% á 3 mánuðum.**

**Annað tímabilið** í efnahagsaðgerðum ríkisstjórnarinnar hefst í desembermánuði með afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1975. Þá var komið að því, að Sjálfstæðisflokkurinn, sem í stjórnarandstöðu hafði deilt hart á vinstri stjórnina fyrir há fjárlög og mikla eyðslu, sýndi stefnu sína við afgreiðslu fjárlaga. Fjárlögin lækkuðu ekki; þau hækkuðu meir en dæmi voru til um áður, **eða um rúmlega 52%. Hækkun á almennum rekstrargjöldum** varð þó enn þá meiri **eða um 76%.** Fjárveitingar til verklegra framkvæmda minnkuðu að vísu nokkuð að magni, eða um 10—15% að áliti ríkisstjórnarinnar, en miklu meir þegar tillit er tekið til þeirra miklu verðbreytinga, sem síðan hafa orðið. Beinir skattar voru nú áætlaðir árið 1975 8.8 milljarðar, en voru árið 1974 8 milljarðar kr. Óbeinir skattar (tollar og söluskattur) voru nú áætlaðir 38.8 milljarðar, en voru árið 1974 áætlaðir 21.1 milljarður kr. Það varð því heldur lítið úr skattalækkunaráformum sjálfstæðismanna við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1975.

Á þessu **öðru tímabili** í framkvæmd efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar hélt dýrtíðni áfram að magnast. Frá 1/11 1974 til 1/2 1975, eða á þeim 3 mánuðum, hækkaði framfærsluvísitalan enn úr 342 stigum í 372 stig. Hún hafði þá hækkað á 6 mánuðum **um 25.3%.** Samkvæmt vísitöluútreikningum Hagstofunnar hafði matvara hækkað um 42.1%, hiti og rafmagn um 49%, sími og póstur um 55% og útvarps- og sjónvarpsgjöld munu hafa hækkað um 50—57%.

**Allar þessar gífurlegu verðhækkanir höfðu gengið yfir á aðeins fyrstu 6 mánuðum stjórnartímabilsins og voru komnar fram, áður en gengislækkunin 13. febrúar og afleiðingar hennar fóru að segja til sín.**

**Þriðja tímabilið** í framkvæmd stjórnarstefnunnar í efnahagsmálum hófst síðan með nýrri gengislækkun — 20% — hinn 13. febrúar, og þá voru jafnframt boðaðar margvíslegar efnahagsráðstafanir. Ljóst er, að áhrif gengislækkunarinnar 13. febrúar munu verða almennar verðhækkanir sem nema 10—12%, en verð á öllum innfluttum vörum mun hækka um 25%. Eins og jafnan áður mun þessi gengislækkun draga á eftir sér alls konar verðlagshækkanir á vörum og þjónustu, jafnvel þó að ekki sé hægt að tengja þær beint við gengislækkunina. Nú er því spáð af sérfræðingum ríkisstjórnarinnar að framfærsluvísitalan **muni hækka úr 372 stigum 1. febrúar í 422 stig 1. maí.** Sé við það miðað nemur hækkun framfærsluvísitölunnar **á þremur ársfjórðungum 42%.** Hér er um spádóm að ræða, og ef að líkum lætur, er sennilegra, að **hækkunin** verði enn þá meiri, og gæti svo farið, að hún næmi 45—50% á þessum 9 mánuðum.

Í upphafi þessa **þriðja tímabils** í framkvæmd á efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar boðar hún, að nú sé óhjákvæmilegt **að skerða lífskjör almennings** um meir en áður hafði verið áætlað. Nú er sagt, að nýlega samþykkt fjárlög fái ekki staðist

og þeim verði að breyta í veigamiklum atriðum. Og nú er boðaður mikill samdráttur í atvinnulífinu og nauðsyn þess **að skera niður fjárveitingar til verklegra framkvæmda og draga stórkostlega úr lánveitingum stofnlánasjóða atvinnuveganna.**

Þær staðreyndir, sem hér hafa verið raktar, um aðgerðir ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum þann stutta tíma, sem hún hefir verið við völd, bera þess glöggt vitni, að hún hefur enga heildarsýn haft yfir stöðuna í efnahagsmálum þjóðarinnar. Hún hefur rokið til og lækkað gengið tvisvar með 5 mánaða millibili, og í bæði skiptin þykist hún vera **að skrá gengi krónunnar rétt.**

Hún þykist vera að **bjarga atvinnuvegunum**, en bjargar sýnilega engu. Þegar síðari gengislækkunin var gerð lýstu forustumenn sjávarútvegsins því yfir, hver eftir annan, að gengislækkunin væri ekki gerð að þeirra óskum og að þeir teldu hana síður en svo þjóna hagsmunum útgerðarinnar.

Í bæði skiptin, sem gengi krónunnar var fellt, var því haldið fram af ríkisstjórninni, að gengislækkunin ætti að **bjarga gjaldeyrisstöðunni.** Reynslan hefur orðið allt önnur. Eftir gengislækkunina 2. september gekk hratt á gjaldeyrisvarasjóðinn og um áramót var gjaldeyrisstaðan orðin neikvæð, þ. e. a. s. gjaldeyrisvarasjóðurinn var tómur. Gengislækkunin 13. febrúar mun ekki heldur breyta miklu í þessum efnum, fyrst og fremst af þeirri ástæðu, **að enginn trúir lengur orðið á verðgildi íslenskrar krónu,** flestir búast enn við nýrri gengislækkun áður en langt um líður.

### Blekkingar ríkisstjórnarinnar um stöðu atvinnuveganna og horfur í efnahagsmálum.

Frá því að núverandi ríkisstjórn tók við völdum hefur hún haldið uppi látlausum áróðri um **„hallarekstur atvinnufyrirtækja“**, um nauðsyn þess, að **„kaup verði lækkað“**, að þjóðin hafi **„lifað um efni fram“** og að **„erlend skuldasöfnun þjóðarinnar væri orðin háskaleg“**. Þessi áróður hefur þjónað því markmiði að undirbúa jarðveginn **fyrir almenna kauplækkun,** því markmiði **að stöðva þá miklu atvinnuuppbyggingu, sem unnið var að,** því markmiði **að draga úr félagslegri þjónustu.**

Áróður ríkisstjórnarinnar um slæma afkomu atvinnufyrirtækja hefur af skiljanlegum ástæðum hlotið öflugan stuðning atvinnurekenda og málgagna þeirra, sem alltaf telja nauðsynlegt **að lækka kaup** og að hlutur rekstrarins verði meiri. Svo miskunnarlaus hefur þessi áróður verið, að enn er því haldið fram, **að á s. l. ári hafi orðið stórfelld verðlækkun** á útflutningsvörum þjóðarbúsins og að nánast hafi verið um að ræða „markaðshrun“ eða „gífurleg efnahagsleg áföll“.

**Hvaða staðreyndir liggja fyrir um markaðsmál og útflutningsverðlag?**

Þjóðhagsstofnunin hefur nýlega gefið út upplýsingar um meðalverðlag á útflutningsvörum þjóðarbúsins síðustu árin. Þannig hefir hún reiknað út vísitölu útflutningsverðs mælt í dollurum. Útreikningarnir eru þannig:

| | Vísitala miðuð við dollar |
|---|---|
| Ársmeðaltal 1972 | 100 |
| — 1973 | 139.4 |
| — 1974 | 167.1 |

Um árið 1974 segir stofnunin:

**„Verðlag útflutnings hækkaði að meðaltali á árinu um 34% í krónum — um 21—22% í erlendri mynt.“**

Árið 1973 var mjög hagstætt ár varðandi verð á útflutningsvörum íslendinga. Þá hækkaði verðið um 39%. **Það háa verðlag hækkaði enn á árinu 1974 um 21—22% mælt í erlendri mynt.**

Öllum má því vera ljóst, að fullyrðingar um **„gífurlegt verðfall á íslenskum útflutningsvörum“** á s. l. ári (1974) eru rangar. Á árinu lækkaði að vísu verð á

þorskblokk til Bandaríkjanna, og verð á fiskmjöli lækkaði einnig. Lækkanir á þessum vörutegundum voru þó fyrst og fremst miðaðar við hátt verð á þeim, sem stóð stuttan tíma í ársbyrjun 1974, **en lækkunin var hins vegar ekki veruleg frá meðalverðinu á árinu 1973.** Ýmsar aðrar útflutningsvörur hækkuðu hins vegar í verði á árinu 1974, eins og t. d. saltfiskur, skreið og lýsi.

Um verð á útflutningsvörum, þegar á heildina er litið, á yfirstandandi ári verður ekki mikið sagt með vissu. Þjóðhagsstofnunin gerði spá fyrir árið 1975 við afgreiðslu fjárlaga um miðjan desember. Þá áætlaði stofnunin að vísitala útflutningsverðs á árinu 1975 mundi verða 170.9 stig, mælt í dollurum, eða að meðalútflutningsverðið hækkaði enn frá meðaltali ársins 1974. Stofnunin hefur síðan breytt þessari spá og gerir nú ráð fyrir nokkurri lækkun eða sem nemur 4—5%. En nýlega hafa verið gerðir mjög hagstæðir sölusamningar um saltfisk, og skreið hefur einnig hækkað í verði.

**Margt bendir til að meðal-útflutningsverð árið 1975 verði svipað og árið 1974.**

Nú um miðjan aprílmánuð hefur meira verið selt af útflutningsvörum en venjulega, og er því augljóst, að ekki er hægt að tala um neinn vanda varðandi markaðsmál.

**Hver er staða atvinnuveganna?**

Ekki verður um það deilt, að árið 1973 var atvinnuvegunum hagstætt ár. Þjóðhagsstofnunin hefur sagt í skýrslu sinni um það ár, að **„á hvaða mælikvarða sem mælt væri virtist hagur sjávarútvegsins á árinu 1973 með því besta, sem gerst hefði“.** Stofnunin taldi, að brúttó-hagnaður sjávarútvegsins væri það ár **2300 millj. króna borið saman við 800 millj. kr. árið áður.** Hún taldi á sama hátt, að afkoma iðnaðarins hefði verið mun betri árið 1973 en árið áður, eða að brúttó-hagnaður hafi numið 6.9% af heildartekjum borið saman við 5.6% árið áður. Afkoma landbúnaðarins var mjög góð árið 1973, og hið sama má segja um afkomu verslunarfyrirtækja.

Á miðju ári 1974, eða um það leyti sem ríkisstjórnin tók við völdum, **var staða sjávarútvegsins yfirleitt góð, enda í samræmi við samninga um rekstrargrundvöll, sem atvinnurekendur höfðu sjálfir samið um.** Útreikningar, sem gerðir voru um afkomu iðnaðarins miðað við 1. ágúst 1974, sýndu einnig, að staða hans var mjög svipuð þá og árið áður, sem var gott ár, og svipað var talið um verslun og landbúnað.

**Það er því staðreynd, sem ekki er hægt að neita, að staða atvinnuveganna var yfirleitt góð á miðju ári 1974, eða um það leyti sem núverandi ríkisstjórn tók við völdum.** Sá áróður, sem þá var hafinn um „hallarekstur atvinnuveganna“, var að öllu leyti byggður á **spádómum um framvindu mála á næstu 12 mánuðum,** og í þeim spádómum var t. d. byggt á **minnkandi fiskafla, lækkandi verði og miklum afskriftum.** Reynslan átti eftir að sýna, að þeir spádómar **stóðust ekki.**

Ekki liggja enn fyrir nákvæmir reikningar um rekstrarafkomu einstakra fyrirtækja á öllu árinu 1974, en telja verður, miðað við þær upplýsingar sem fyrir liggja, **að afkoma iðnaðar og verslunar hafi orðið betri en áður, sem m. a. byggist á mjög aukinni veltu.** Afkoma landbúnaðarins varð góð samkvæmt mati forustumanna landbúnaðarins. Afkoma sjávarútvegsfyrirtækja **mun hafa orðið misjöfn,** mjög góð hjá þeim, sem verkuðu saltfisk, og allgóð hjá þeim, sem ráku skuttogara af minni gerð og fiskvinnslu sameiginlega. **Afkoma sjávarútvegsins alls hefur eflaust orðið lakari en góða árið 1973, en þó yfirleitt sæmileg.**

Allur áróður um mikinn hallarekstur atvinnufyrirtækja á árinu 1974 er því rangur og fluttur til að réttlæta skerðingu á kjörum vinnandi fólks.

**Efnahagsmálin, sem upp komu á árinu 1974.**

Þó að hér hafi verið bent á þá staðreynd, að það er blekking að halda því fram, að íslenska þjóðarbúið hafi orðið fyrir „gífurlegu áfalli“ vegna verðfalls

á útflutningsvörum, og að það er á sama hátt rangt að halda því fram, að atvinnuvegir þjóðarinnar hafi verið komnir í þrot og reknir með stórfelldu tapi, þá má ekki skilja þann málflutning þannig, að við engin efnahagsleg vandamál hafi verið að stríða á árinu 1974 og í upphafi þessa árs.

Það vandamál, sem hefur verið verst og vandasamast við að fást á þessum tíma og í rauninni einnig á árinu 1973, **er verðbólgan og þá alveg sérstaklega stórkostleg hækkun á verði innfluttra vara.** Þjóðhagsstofnunin hefur reiknað út vísitölu innflutningsverðs á þessum tíma og miðað við dollaraverð. Sú vísitala lítur þannig út:

| | | |
|---|---|---|
| Árið | 1972 | 100.0 stig |
| — | 1973 | 120.9 — |
| — | 1974 | 162.9 — |

Og við afgreiðslu fjárlaga í desember s. l. reiknaði hún með 176 4 stigum á árinu 1975. Síðan hefur hún jafnvel talið rétt að hækka þá tölu.

Eins og þessar tölur sýna, hækkaði innflutningsverð mikið, **eða um rétt 21% árið 1973,** og hafði auðvitað mikil áhrif á dýrtíðarvöxtinn á því ári, þó að stjórnarandstaðan þá kenndi vinstri stjórninni um allar verðhækkanir. Þessi erlenda verðhækkun hélt áfram á árinu 1974, og þá hækkaði verðlagið enn **um 34%** og hafði að sjálfsögðu sín miklu áhrif hér á sjaldna verðbólgu. Þessar verðhækkanir hlutu auðvitað að hafa sín áhrif í þjóðarbúskapnum, og gegn þeim þurfti að snúast með gagnráðstöfunum.

Á árinu 1974 var óhægt um vik í þeim efnum, því að þá var svo komið, að ríkisstjórnin hafði tapað sínum fullkomna meiri hluta á Alþingi, þ. e. a. s. meiri hluta í báðum deildum Alþingis. Bjarni Guðnason hafði þá gengið í lið stjórnarandstöðunnar, en hún lýsti því yfir opinberlega, **að hún mundi koma í veg fyrir samþykkt allra tillagna ríkisstjórnarinnar og skipti þá engu um efni þeirra.** Þannig stóð allt fast á Alþingi fyrri hluta árs 1974, og um vorið var síðan Alþingi rofið og efnt til almennra kosninga.

Það pólitíska ástand, sem upp kom í landinu á þessum tíma, gerði það að verkum, að engar teljandi gagnráðstafanir var hægt að gera í efnahagsmálum, en ástandið ýtti undir spákaupmennsku, mikinn innflutning og gjaldeyriseyðslu.

Á þessum tíma má því segja, að margt hafi verið óhagstætt fyrir heilbrigða þróun, einkum í viðskipta- og peningamálum. Erlendar verðhækkanir ýttu á eftir með óvenjumikinn innflutning, og óstöðugt stjórnmálaástand jók á óttann um ráðstafanir í peningamálum, og síðast, en ekki síst beitti svo **Sjálfstæðisflokkurinn öllu afli sínu í áróðri til þess að hræða fólk og ýta undir skyndiráðstafanir innflytjenda og peningabraskara.**

Þrátt fyrir þessa erfiðleika stóð þjóðarbúið vel á miðju ári 1974, eða um það leyti sem ný ríkisstjórn var mynduð. Ástæðurnar til þess voru, að atvinnuvegirnir komu mjög vel frá árinu 1973, **gjaldeyrisvarasjóðurinn hafði aukist öll ár vinstri stjórnarinnar og náði hámarki í árslokin 1973,** og auk þess höfðu svo framleiðslutæki þjóðarinnar verið aukin og endurbætt og framleiðslan var sívaxandi.

Gegn dýrtíðarvandamálinu þurfti að snúast, fyrst og fremst með verðlagsstöðvun eftir því sem unnt var, með því að halda vöxtum óbreyttum, en hækka þá ekki eins og gert var, með niðurgreiðslum að nokkru leyti og ráðstöfunum til að draga úr óeðlilegum útlánum banka og lífeyrissjóða og síðast, en ekki síst með samkomulagi við samtök launafólks um skynsamlegar breytingar á kaupgjaldsvísitölu og frestun á þeim kauphækkunum hinna hærra launuðu, sem mesta hækkun höfðu fengið í síðustu launasamningum.

Þau vandamál, sem við var að fást á þessu sviði, **gáfu engin tilefni til þeirrar stórfelldu kjaraskerðingar og samdráttar í atvinnulífinu, sem núverandi ríkisstjórn hefur beitt sér fyrir.**

**Kjaraskerðing og samdráttur.**

Stefna núverandi ríkisstjórnar í efnahagsmálum hefur miðað að stórfelldri kjaraskerðingu verkafólks, sjómanna og bænda. Eins og áður er að vikið, áætla sérfræðingar ríkisstjórnarinnar, að hækkun framfærsluvísitölunnar verði um 42% á 9 mánaða tímabili, frá 1. ágúst 1974 til 1. maí 1975. Á því er því lítill vafi, að á þessum tíma mun verðlag **á vörum og brýnustu þjónustu hækka um 50—60% að minnsta kosti.** Á móti þessum verðhækkunum mun láglaunafólk fá láglaunabætur, sem nema um 5—6% í fyrra skiptið og 10—12% í síðara skiptið, að viðbættri 3% grunnkaupshækkun 1. desember samkv. fyrri launasamningum. Meðal-verkamannskaup mun því hækka um nálægt 20% á móti verðlagshækkun 50—60%.

Í tíð vinstri stjórnarinnar hækkaði kaupmáttur launa allverulega, eða eins og þessi tafla sýnir:

| | | |
|---|---|---|
| Árið | 1970 | 86.0 stig |
| — | 1971 | 98.3 — |
| — | 1972 | 113.3 — |
| — | 1973 | 119.7 — |
| — | 1974 | 133.5 — |

**Kaupmáttur tímakaupsins hækkaði því um 33.5% eða rúmlega það í tíð vinstri stjórnarinnar.**

Nú, í tíð ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks, er ætlunin eins og opinberlega kemur fram, **að lækka kaupmátt launa niður á stig þess, sem var 1971—1972, kauphækkunin á almennt að verða um 25%.**

Með stefnu ríkisstjórnarinnar er verið að færa fjármuni frá verkafólki, sjómönnum, bændum og öðru launafólki sem nemur mörgum milljörðum á ári yfir til atvinnurekenda og milliliða.

Verði samdráttarstefna ríkisstjórnarinnar framkvæmd, eins og hún hefur boðað, **verður kjaraskerðingin miklu meiri í reynd,** því að þá dregur ekki aðeins úr yfirvinnu, heldur hlýtur þá að verða atvinnuleysi í ýmsum greinum.

Nú boðar ríkisstjórnin, að lækka þurfi fjárveitingar frá nýlega samþykktum fjárlögum um 3 500 milljónir króna á þessu ári. Öll þessi lækkun útgjalda á að koma fram í fjárlögum til verklegra framkvæmda, eins og skólabygginga, sjúkrahúsbygginga, hafnargerða og flugvallargerða. Auk þessa á svo að skera niður vegaframkvæmdir í stórum stíl.

Í frumvarpi ríkisstjórnarinnar, því sem hér liggur fyrir, kemur skýrt fram, að þessi niðurskurður, nær ekki til almennra rekstrarútgjalda ríkissjóðs og ríkisstofnana. Í greinargerð frumvarpsins segir, að rekstrarútgjöld muni hækka frá áætlun fjárlaga um 1 870 milljónir króna sem bein afleiðing gengislækkunarinnar. Frá því er hins vegar greint, að stjórnin geri sér vonir um að geta komið í veg fyrir 820 milljónir af þeirri útgjaldahækkun, og verður þá enn eftir hækkun rekstrarútgjalda sem nemur 1 050 milljónum króna. **Sú lækkun fjárveitinga — 3 500 millj. kr. — sem síðan er ráðgerð, á því að ná til annarra liða en rekstrarútgjalda.**

Þá er í frumvarpinu einnig gerð grein fyrir lántökum stofnlánasjóða og ráðgerðu starfsfé þeirra. Þar kemur fram að ætlunin er að **skera stórlega niður ráðsöfnunarfé stofnlánasjóðanna á þessu ári,** en það þýðir stöðvun framkvæmda eða samdrátt í atvinnulegri uppbyggingu. Sem dæmi um þennan niðurskurð má nefna:

Fiskveiðasjóður telur sig þurfa að hafa til útlána á árinu 1975 3 794 millj. kr. Sjóðurinn telur sig vera skuldbundinn að veita lán sem nema 3 368 millj. kr., en ríkisstjórnin áætlar, að ráðstöfunarfé sjóðsins verði **2 700 milli. kr.** Samkvæmt þessu er ráðgert að **Fiskveiðasjóður verði að stöðva lánveitingar til framkvæmda, sem nú eru í gangi, og að stöðva verði með öllu ný lánsloforð.** Afleiðingar slíkrar stefnu yrðu hrikalegar. Víðs vegar um land hefur verið unnið að byggingu nýrra frystihúsa og annarra fiskverkunarstöðva. Á nú að stöðva þessar framkvæmdir eða seinka þeim verulega?

Stofnlánadeild landbúnaðarins telur sig þurfa að hafa til útlána á árinu 1975 rúmlega 1 800 millj. kr. Ríkisstjórnin hefur áætlað deildinni starfsfé sem nemur **754 millj. króna.** Samkvæmt því yrði Stofnlánadeildin að stöðva nær allar lánveitingar til vinnslustöðva landbúnaðarins og neita nýjum lánbeiðnum vegna vélakaupa og ýmissa framkvæmda bænda.

Verði staðið að fjáröflun til stofnlánasjóða atvinnuveganna á þennan hátt, er augljóst, að stöðva á þá uppbyggingu í atvinnulífinu úti um land sem unnið hefur verið að.

Vegáætlun fyrir árið 1975 hefur nýlega verið lögð fram á Alþingi. Samkvæmt henni er gert ráð fyrir **að minnsta kosti 50% niðurskurði að magni til** í vega- og brúarframkvæmdum frá því, sem áður hafði verið áætlað.

Þessi dæmi nægja til að sýna, hvert er stefnt með samdráttarstefnunni, en mörg fleiri dæmi mætti nefna.

### Stóriðjustefnan.

Ein grein í framkvæmda- og atvinnumálum virðist þó hafa sérstöðu hjá núverandi ríkisstjórn, en það eru stóriðjuframkvæmdir á Suðvesturlandi.

Eins og fram hefur komið, sækir ríkisstjórnin það fast, að ráðist verði í byggingu járnblendiverksmiðju í Hvalfirði. Sú verksmiðja mun kosta, miðað við núgildandi verðlag, **um 11—12 milljarða króna.** Byggja verður sérstaka höfn fyrir verksmiðjuna, sem áætlað er að kosti um **500 millj. kr.**, og vegi þarf að leggja fyrir hana, sem kosta **um 100 millj. kr.** Vegna járnblendiverksmiðjunnar er óhjákvæmilegt að ráðast nú þegar í nýja stórvirkjun, svo að ekki verði rafmagnsskortur á Suðvesturlandi eftir 3 ár. Ákveðið er að gera Hrauneyjarfossvirkjun, en hún mun kosta, miðað við núgildandi verðlag, **14—15 milljarða króna.**

Þá hefur ríkisstjórnin samið við stjórnvöld í Bandaríkjunum um framkvæmdir á Keflavíkurflugvelli, sem kosta munu **8—9 milljarða kr.**

Hér er um miklar framkvæmdir að ræða og æðidýrar á íslenskan mælikvarða. Ljóst er, hvaða afleiðingar þessar framkvæmdir muni hafa á byggðaþróunina, þegar þess er líka gætt, að á sama tíma og bær eiga að vinnast **á að draga úr uppbyggingunni úti á landi „AF EFNAHAGSÁSTÆÐUM".**

Auðvitað verður að taka gífurlega mikil erlend lán til þessara stórframkvæmda, eða nánast að öllu leyti sem svarar íslenskum eignarhluta. Erlendar lántökur í þessum efnum verða því augljóslega **yfir 20 milljarða króna.** Slíkar lántökur segist ríkisstjórnin ekki óttast, því að hér sé „um arðbær fyrirtæki að ræða". Hins vegar hefur ríkisstjórnin og alveg sérstaklega fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, sem fyrir hana tala, haldið því fram, **að erlend lán vegna kaupa á nýjum fiskiskipum og vegna bygginga nýrra frystihúsa** séu stórhættuleg og **hafi stefnt efnahagslegu sjálfstæði þjóðarinnar í hættu. Sjávarútvegurinn er auðvitað ekki „arðbær atvinnuvegur".**

Í orkumálum virðist öll stefna ríkisstjórnarinnar miðuð við stóriðju og helst stóriðjufélagsskap við útlendinga. Húshitun landsmanna sjálfra er látin þoka fyrir raforkusölu til stóriðju, og svo er áhuginn mikill að koma fram stóriðju með útlendingum, að stórvirkjunum með stóriðju er lofað á báðar hendur. Þannig hefur ráðherra raforkumála, Gunnar Thoroddsen, nýlega lofað stórvirkjunum jafnhliða á Norðurlandi og Suðurlandi, og enn er svo þingað um meiri stórvirkjanir og stóriðju á Austurlandi.

### Stefna íhalds-framsóknar-stjórnarinnar í efnahagsmálum.

Á því, sem hér hefur verið sagt, má sjá, að stefna núverandi ríkisstjórnar einkennist fyrst og fremst af eftirfarandi:

**Í fyrsta lagi** stefnir ríkisstjórnin að almennri kauplækkun sem nemur 25—30%. Hún segir sjálf, að færa verði kaupmátt launa á það stig, sem var árin 1971—1972.

Með þessu á hún við, **að taka verði til baka allar þær kjarabætur, sem vinnandi fólk fékk á tímum vinstri stjórnarinnar.**

**Í öðru lagi** stefnir ríkisstjórnin að því að stöðva þá atvinnuuppbyggingu, sem hafin var í tíð vinstri ríkisstjórnarinnar, einkum úti um land. Hún krepnir að stofnlánasjóðum atvinnuveganna, leggur til að skera stórlega niður verklegar framkvæmdir úti um land, minnkar vegaframkvæmdir, hafnargerðir og skóla- og sjúkrahúsbyggingar.

**Í þriðja lagi** stefnir ríkisstjórnin að breyttri atvinnuþróun í landinu. **Hún dregur úr framkvæmdum í sjávarútvegi, landbúnaði og iðnaði landsmanna, en hún leggur kapp á stóriðjuframkvæmdir í slagtogi við útlendinga.** Hún telur, að „byggðastefna" sé hagkvæmt slagorð, og kastar því aðeins smá-fjárhæðum til Byggðasjóðs, sem jafnframt er gerður að helmingaskiptasjóði milli stjórnarflokkanna, á sama tíma og milljörðum er varið í nýja atvinnuþróun á Suðvesturlandi.

Það er vissulega táknrænt um þessa nýju stefnu og mat ríkisstjórnarinnar á því, hvað er nauðsynlegt og hvað er „hættulegt", að í frumvarpi hennar um „að treysta undirstöðu atvinnulífs", er sérstaklega lagt til **að fella niður úr lögum heimild ríkisstjórnarinnar um að veita ríkisábyrgð til kaupa á skuttogurum.** Ríkisstjórnin telur augljóslega kaup á skuttogurum slíka **hættu**, að ekki sé vogandi að láta ríkisstjórnina sjálfa hafa heimild til að veita ríkisábyrgð fyrir kaupum á skuttogurum. Verði af einhverjum ástæðum talið alveg óhjákvæmilegt að ráðast í slíka **áhættu** eins og að kaupa skuttogara hér eftir, þá á að flytja um slíkt sérstakt frumvarp á Alþingi og ræða það í báðum deildum við 6 umræður, áður en slíkt getur náð fram að ganga. Það er sannarlega vissara að hafa allar gætur á slíkum fjanda eins og að kaupa nýja skuttogara. Í þessari tillögu ríkisstjórnarinnar endurspeglast viðhorf hennar til uppbyggingar í sjávarútvegi.

## Afstaða Alþýðubandalagsins til frumvarpsins.

Eins og fram kom þegar við 1. umr. um frumvarpið, erum við Alþýðubandalagsmenn andvígir meginefni frumvarpsins, sem við teljum að komi fram í I. og VIII. kafla þess.

Í I. kaflanum er ákvæði um heimild til lækkunar útgjalda fjárlaga um 3 500 milljónir króna, augljóslega ætlað til niðurskurðar á verklegum framkvæmdum.

Í VIII. kaflanum er rammi settur um lántökur og ákveðið um starfsmöguleika Stofnlánasjóða og fjárveitingar til ýmissa framkvæmda.

**Í þessum tveimur köflum kemur fram samdráttar- og niðurskurðarstefna ríkisstjórnarinnar í atvinnu- og framkvæmdarmálum.**

Við Alþýðubandalagsmenn teljum, að ekki eigi að draga úr verklegum framkvæmdum né heldur fjárveitingum til félagslegra mála frá því, sem fjárlög gera ráð fyrir. Við teljum einnig, að það sé frumskylda ríkisstjórnarinnar að útvega stofnlánasjóðum atvinnuveganna nauðsynlegt starfsfé, þannig að hægt sé að halda áfram þeirri uppbyggingu, sem unnið hefur verið að.

Önnur ákvæði frumvarpsins eru að okkar dómi ekki mikilvæg. Lækkun beinna skatta, eins og frv. gerir ráð fyrir, er óveruleg. Ríkisstjórnin hefur ákveðið að heimila hækkun útsvara um 700—800 milljónir króna með því að álagningarprósenta verði 11 í stað 10, sem verið hefur. Með frumvarpinu er lagt til að lækka þessar álögur aftur um 360 milljónir króna. Skattalækkunin (tekjuskattur) nemur samkv. frumvarpinu 180 milljónum kr. umfram það, sem ákveðið var við afgreiðslu fjárlaga, en þá var gert ráð fyrir lækkun tekjuskatts um 700 millj. kr. Sú heimild, sem lagt er til að veita til lækkunar tolla og söluskatts, er ekki mikilvæg. Talað er um lækkun, sem gæti numið 600 millj. kr., en þar er þó aðeins um heimild að ræða.

Það er skoðun okkar Alþýðubandalagsmanna, **að rétt sé að stefna að afnámi söluskatts á brýnustu nauðsynjum, eins og t. d. á matvælum**, og að slíka skattalækkun eigi að taka fram yfir lækkun beinna skatta.

Ákvæði í frumvarpinu um flugvallagjald og skyldusparnað breyta ekki miklu. Að dómi okkar í Alþýðubandalaginu væri rétt að leggja nokkurn skatt á ferðagjaldeyri, og sömuleiðis teldum við rétt að hækka skatta á háum tekjum, en vissulega getur skyldusparnaður einnig komið til greina.

Á sérstöku þingskjali flyt ég nokkrar breytingartillögur við frumvarpið, en aðrir þingmenn Alþýðubandalagsins munu einnig flytja breytingartillögur við það.

Breytingartillögur mínar miða að því að koma í veg fyrir niðurskurð verklegra framkvæmda og framlög til félagslegra mála. Þær miða einnig að aukinni fjáröflun til stuðnings við stofnlánasjóði atvinnuveganna.

Þá flyt ég breytingartillögur, sem gera ráð fyrir hækkun beinna skatta á háum tekjum og um að á þessu ári verði ekki heimilað að fyrna eignir samkvæmt svonefndri flýtifyrningarreglu, og tillögur, sem koma eiga í veg fyrir lækkun skatta með auknum fyrningum samkvæmt nýjum verðhækkunarstuðli, sem ráð hefur verið gert samkv. reglugerð þar um. Á þennan hátt tel ég að hækka megi beina skatta á háum tekjum og á atvinnurekstri um verulegar fjárhæðir.

Þá legg ég til, að söluskattur verði felldur niður af kjöti og kjötvörum, korni og brauðvörum, samkvæmt nánari ákvörðun fjármálaráðherra.

Verði þær tillögur til breytinga á frumvarpinu, sem hér hefur verið minnst á, ekki samþykktar, munum við Alþýðubandalagsmenn greiða atkvæði gegn frumvarpinu, þar sem við teljum, að það feli í sér stórhættulega samdráttar- og niðurskurðarstefnu.

Alþingi, 11. apríl 1975.

Lúðvík Jósepsson.“

Undirritaður tók þátt í þremur síðustu fundum nefndarinnar. Þar voru lagðar fram breytingartillögur frá fulltrúum stjórnarflokkanna, en þær reyndust vera veigalitlar. Samkvæmt þeim á hin óverulega lækkun á tekjuskatti og útsvari að aukast um 140 milljónir króna, en helmingur þeirrar upphæðar er raunar fenginn með „leiðréttingu á reikningsskekkju“, og reynast síðari útreikningar vonandi haldbetri hinum fyrri. Einnig er ákveðið að lækka tolla af ávöxtum um 83 milljónir króna og gefið fyrirheit um að söluskattur verði lækkaður eða afnuminn á einhvern ótilgreindan hátt um 537 milljónir króna á ári. Þannig á að standa við það fyrirheit að lækka skatta um allt að 2 000 milljónir króna sem ríkisstjórnin birti í sambandi við bráðabirgðasamkomulag verkalýðsfélaga og atvinnurekenda frá 26. mars s. l. Gengur sú framkvæmd raunar í berhögg við óskir sem samninganefnd A.S.Í. hafði komið á framfæri við fjárhags- og viðskiptanefnd. Breytingartillögur þær, sem stjórnarflokkarnir leggja til, hagga í engu þeirri afstöðu Alþýðubandalagsins að greiða atkvæði gegn því frumvarpi sem hér er fjallað um.

Auk þeirra breytingartillagna við frv., sem Lúðvík Jósepsson og Svava Jakobsdóttir flytja, ber ég fram á sérstöku þingskjali tvær tillögur.

Sú fyrri er þess efnis að elli- og örorkulífeyrir hækki um 4 900 kr. á mánuði til einstaklings samkvæmt sömu reglum og frá var gengið í samningum verkafólks og atvinnurekenda frá 26. mars. Einnig legg ég til að annar lífeyrir hækki í sama hlutfalli. Þá geri ég tillögur um að þær tölur, sem notaðar eru til þess að reikna út svokallaða tekjutryggingu til aldraðs fólks og öryrkja, hækki í samræmi við framfærsluvísitölu frá 1. október 1974, svo að lágmarksbætur þeirra, sem afskiptastir eru í þjóðfélaginu, haldi kaupmætti sínum í óðaverðbólgunni.

Í annan stað legg ég til að framkvæmdir í orkumálum verði auknar um einn milljarð. Ég legg til að sú upphæð verði notuð til þess að flýta gerð stofnlínu milli Suðurlands og Norðurlands og undirbúa stofnlínur frá því orkuveitusvæði til Vest-

fjarða og Austfjarða. Þessar framkvæmdir eru forsenda þess að unnt sé að bæta úr orkuskorti og búa í haginn fyrir rafhitun húsa þar sem hitaveitur eru ekki tiltækar. Sé mönnum alvara að flýta þeim framkvæmdum þarf að tryggja til þeirra óhjákvæmilegt fjármagn.

Alþingi, 18. apríl 1975.

Magnús Kjartansson.

## Nd. 477. Nefndarálit [204. mál]

um frv. til laga um ráðstafanir í efnahagsmálum og fjármálum til þess að stuðla að jafnvægi í þjóðarbúskapnum og treysta undirstöðu atvinnu og lífskjara.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Frumvarp þetta hefur verið til athugunar hjá nefndinni síðan 24. mars s. l., en þann dag voru fjárhags- og viðskiptanefndir beggja deilda á sameiginlegum fundi svo og næsta dag. Til viðtals við nefndirnar komu þá ýmsir aðilar, svo sem skattanefndarmenn, ráðuneytisstjóri í fjármálaráðuneyti, seðlabankastjóri, ríkisskattstjóri, skattrannsóknastjóri, hagsýslustjóri, forstjóri Þjóðhagsstofnunar og fleiri. Þessir aðilar veittu nefndarmönnum ýmsar upplýsingar er frumvarpið varða.

Nefndinni bárust nokkur erindi, þar sem farið var fram á tilteknar breytingar á frumvarpinu.

Samninganefnd Alþýðusambands Íslands sendi nefndinni bréf, dags. 1. apríl s. l., þar sem mælst var til að því fjármagni, sem nýting V. kafla frv. mundi kosta ríkissjóð, yrði varið í sérstakan eða aukinn skattafslátt, sem kæmi til útborgunar með sama hætti og barnabætur, að vissum skilyrðum fullnægðum. Forseti ASÍ kom á fund nefndarinnar, ásamt tveimur fulltrúum samninganefndar 7. apríl, og gerðu þeir nefndarmönnum frekari grein fyrir tilmælum sínum.

Félag einstæðra foreldra sendi þingmönnum tillögur til breytinga á frv., ásamt greinargerð, og formaður félagsins gerði formönnum fjárhags- og viðskiptanefnda beggja deilda frekari grein fyrir þeim tillögum.

Stjórn Stéttarsambands bænda sendi n. ályktun þess efnis, að söluskattur verði felldur niður á kjöti og kjötvörum.

Flugleiðir hf. sendu athugasemdir vegna flugvallagjalds og hækkaðra lendingargjalda. Þeim athugasemdum fylgdi skýrsla til stjórnar Flugleiða hf. um þessi atriði.

Umsögn um flugvallagjald barst einnig frá ferðamálaráði, sem leggst gegn álagningu gjaldsins.

Heilbrigðiseftirlit ríkisins, Hydrol hf. og Félag íslenskra iðnrekenda gerðu athugasemdir við ákvæði V. kafla frv. að því er varðaði 15. kafla tollskrárlaga, og er lagt til að þau ákvæði verði felld úr frv.

Samband íslenskra sveitarfélaga óskaði eftir að nokkrar breytingartillögur yrðu teknar inn í III. kafla frv. og hefur að nokkru verið tekið tillit til þeirra óska.

Auk þess sem þessi erindi hafa að nokkru verið rædd á fundum nefndanna, hafa formenn nefnda beggja deilda átt fjölmarga fundi með starfshóp þeim, sem unnið hefur að athugun á skattalögum og tryggingabótum undanfarna mánuði. Hafa þessi erindi verið rædd ítarlega á þeim fundum svo og frumvarpið sjálft, útreikningar á áhrifum þess verið yfirfarnir og gerðar ýmsar fleiri kannanir.

Á grundvelli þessara athugana hafa mótast allmargar breytingartillögur, sem hafa verið kynntar nefndum beggja þingdeilda á sameiginlegum fundum síðustu daga. Einnig hafa þær verið kynntar fulltrúum Verslunarráðs Íslands og ASÍ.

Nefndarmenn urðu ekki sammála um afgreiðslu þessara tillagna. Meiri hluti nefndarinnar, fulltrúar stjórnarflokkanna, leggur til, að frv. verði samþykkt með þeim breytingartillögum, sem hann flytur á sérstöku þingskjali, en minni hlutinn skilar séráliti og öðrum breytingartillögum.

Hér verður nú gerð grein fyrir helstu breytingartillögunum, sem undirritaðir nefndarmenn flytja á þskj. 478.

Í II. kafla frv. er 6. gr. felld niður. Í C-lið 12. gr. gildandi laga um tekjuskatt og eignarskatt segir, að nánari ákvæði um ferðakostnað þeirra skattgreiðenda, sem fara langferðir vegna vinnu sinnar, skuli sett í reglugerð. Slík ákvæði hafa ekki verið sett til þessa. Þau eru í eðli sínu verklagsreglur og eiga því fremur heima í reglugerð en lögum.

9. gr. frv. er breytt þannig, að skattaleg meðferð á meðlagi vegna barns, sem er á 17. aldursári, verði eins og gildir um meðlög vegna yngri barna, enda lýkur meðlagsskyldu foreldra ekki fyrr en barn er fullra 17 ára.

Meðlagsgreiðsla til einstæðs foreldris telst ekki til tekna hjá því. Einstæðir foreldrar verða að þessu leyti betur settir en aðrir skattþegnar, er við meðlagsgreiðslum taka, en meðlagsgreiðslur til þeirra teljast að hálfu til tekna.

Breytt er því ákvæði varðandi nýtingu eftirstöðva persónuafsláttar, að þær gangi ekki til greiðslu eignarskatts. Útborgun til lífeyrisþega fellur niður, en tekjutrygging mun verða hækkuð um þá upphæð, sem ella hefði komið til útborgunar. Lögum um það efni verður því breytt og jafnframt breytt skerðingarákvæðum vegna þessa.

Miðað er við vergar tekjur til skatts í stað útsvarsskyldra tekna. Jafnframt eru frádrættir hækkaðir til að mæta mun vergra tekna til skatts- og útsvarsskyldra tekna. Þessi breyting er gerð vegna verulegrar vinnu, sem ella yrði lögð á skattstofurnar.

Gerð er tillaga um einfaldari reglu um skattalega meðferð fólks, sem býr saman í óvígðri sambúð og á barn saman, auk þess sem hið breytta orðalag tekur af tvímæli um að hvorugur sambýlinga geti jafnframt talist einstætt foreldri. Þá er tiltekið að foreldrar, sem búa saman í óvígðri sambúð og framfæra barn, sem þau hafa ekki átt saman, skulu hvorugt teljast einstætt foreldri, enda þótt þau fari ekki skriflega fram á samsköttun.

Kveðið er á um, að þeir, sem taka upp heimilisfesti hér á landi, skuli aðeins njóta afsláttar eða barnabóta í hlutfalli við dvalartíma sinn hér á landi á því ári.

Breytt er reglum um dráttarvexti af vangreiddum tekjuskatti til samræmis við dráttarvexti innlánsstofnana. Samsvarandi ákvæði eru tekin upp í III. kafla frumvarpsins að því er varðar vangreidd útsvör. Þessi ákvæði taki gildi 1. janúar 1976.

Breytt er ákvæðum 52. gr. skattalaga. Samkv. gildandi lögum er skattstjóra heimilt að lækka tekjuskatt. Við þá breytingu, sem gerð er með frv. þessu um persónuafslátt í stað persónufrádráttar, þykir rétt að breyta upphafi 52. gr. á þann veg, að skattstjóra sé heimilt að lækka skattgjaldstekjur. Með þessari breytingu er ívilnun orðin víðtækari en áður, þ. e. tekjulágir aðilar njóta hennar með frekari þátttöku í útsvarsgreiðslu þeirra þegar svo stendur á, en áður nutu þessara ívilnana eingöngu þeir aðilar, sem höfðu það háar tekjur að þeir báru tekjuskatt.

Lækkun tekjuskatts samkvæmt frumvarpinu, að samþykktum breytingartillögum meiri hluta nefndarinnar, er talin nema 970 milljónum króna.

Við III. kafla frumvarpsins eru ekki teljandi efnislegar breytingar, en teknar eru inn þrjár nýjar greinar að beiðni Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Breyttar reglur tekjustofnalaga eru taldar þýða um 410 milljón króna lækkun útsvara.

Lagt er til, að V. kafli frv. breytist á þá leið, að niður falli heimild til að lækka tolla á vörum, sem falla undir 15. kafla tollskrárlaga. Vörur þessar eru ekki mikilvægar neysluvörur og eru einkum notaðar til iðnaðar.

Hins vegar er lagt til, að í stað heimildar til að lækka eða fella niður tolla af þeim ávöxtum, sem í greininni eru taldir, skuli ákveðið með lögum að fella þá niður. Hér er um mikilvægan þátt í matarútgjöldum hverrar fjölskyldu að ræða.

Tollar af þessum vörum eru taldir nema 83 milljónum króna.

Samtals nemur því lækkun tekjuskatts, útsvara og tolla, samkv. II., III. og V. kafla frv., um 1460 milljónum króna. Það, sem á vantar, til þess að staðið verði við heit ríkisstjórnarinnar um 2000 millj. kr. lækkun skatta, mun nást með beitingu heimildar 19. gr. frv. um lækkun eða niðurfellingu söluskatts af einstökum matvörum eða matvöruflokkum.

Við VI. kafla eru breytingartillögur þess efnis, að flugvallagjald verði einnig innheimt vegna farþega sem ferðast innanlands. Þar á móti komi niðurfelling söluskatts af fólksflutningum með flugvélum innanlands. Þetta hefur ekki í för með sér tekjubreytingu fyrir ríkissjóð. Áætlað er að tekjur af flugvallagjaldi af innanlandsflugi muni á tímabilinu 1. maí til 31. desember 1975 nema 62 milljónum króna, en tekjur af söluskatti sama tímabil af innanlandsflugi 61.5 milljónum króna.

Við VII. kafla eru breytingartillögur sem eru efnislega samhljóða breytingum á 3. mgr. B-liðar 10. gr.

Við VIII. kafla eru ekki breytingartillögur fluttar. Gerð verður grein fyrir fjármögnun fjárfestingarlánasjóða við 3. umræðu frumvarpsins.

Eins og fram kom í greinargerð með frv., hefur Framkvæmdasjóður tekið lán hjá Viðreisnarsjóði Evrópu, að fjárhæð $ 1 875 þús., eða um 271 milljón króna miðað við núverandi gengi. Stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins samþykkti að taka lán þetta heim í aprílmánuði. Ráðgert er, að 215 milljónir króna af þessu láni fari til Norður- og Austurlandsáætlana í vegamálum, í samráði við stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins.

Samkvæmt lögum nr. 71/1973 er Framkvæmdasjóði Íslands heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, að taka lán bæði innanlands og erlendis. Ef nauðsyn krefur verður þessi heimild notuð, eða heimildin í 30. gr. frv. til lántöku erlendis hækkuð við 3. umræðu.

Nefndaráliti þessu fylgja töflur sem nefndin hefur látið reikna. Töflurnar sýna áætlun um meðallækkun beinna skatta á einstaka hópa skattgreiðenda samkvæmt ákvæðum frumvarpsins frá því sem verið hefði að gildandi lögum óbreyttum.

Í framsögu verður gerð nánari grein fyrir þeim breytingartillögum, sem meiri hlutinn, undirritaðir nefndarmenn, flytur.

Alþingi, 18. apríl 1975.

Ólafur G. Einarsson, form., frsm.
Lárus Jónsson, fundaskr.
Ey. Kon. Jónsson.
Sverrir Bergmann.
Tómas Árnason.

**Fylgiskjal 1.**

**Áætlun um meðallækkun beinna skatta á hjónum með 1—4 börn á framfæri skv. frumvarpinu eftir breytingartillögur við álagningu 1975 eftir tekjum.** [1])

Miðað er við gildandi lög.

| B = Bruttótekjur þús. kr. 1974 | Hjón með 1 barn | | | Hjón með 2 börn | | | Hjón með 3 börn | | | Hjón með 4 börn | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Lækkun | | | Lækkun | | | Lækkun | | | Lækkun | | |
| | Fjöldi | þús. kr. | % af B. | Fjöldi | þús. kr. | % af B. | Fjöldi | þús. kr. | % af B. | Fjöldi | þús. kr. | % af B. |
| 100 ..... | 86 | 4–7 | 4,0–7,0 | 64 | 29–31 | 29,0–31,0 | 20 | 54 | 54,0 | 10 | 79 | 79,0 |
| 200 ..... | 36 | 0–14 | 0,0–7,0 | 21 | 27–36 | 13,5–18,0 | 9 | 48–60 | 24,0–30,0 | 4 | 73 | 36,5 |
| 300 ..... | 41 | 2–17 | 0,7–5,7 | 25 | 31–41 | 10,3–13,7 | 14 | 52–65 | 17,3–21,7 | 3 | 79–87 | 26,5–29,0 |
| 400 ..... | 63 | 13–22 | 3,2–5,5 | 36 | 38–46 | 9,5–11,5 | 18 | 57–70 | 14,2–17,5 | 3 | 83–92 | 20,7–23,0 |
| 500 ..... | 88 | 17–27 | 3,4–5,4 | 58 | 45–51 | 9,0–10,2 | 24 | 69 | 13,8 | 7 | 93 | 18,6 |
| 600 ..... | 152 | 20–27 | 3,3–4,5 | 97 | 52 | 9,1 | 42 | 74 | 12,3 | 11 | 95 | 15,8 |
| 700 ..... | 235 | 29 | 4,1 | 135 | 51 | 7,3 | 72 | 80 | 11,5 | 21 | 103 | 14,7 |
| 800 ..... | 365 | 32 | 4,0 | 234 | 49 | 6,1 | 130 | 76 | 9,4 | 41 | 107 | 13,3 |
| 900 ..... | 477 | 29 | 3,2 | 362 | 40 | 4,3 | 211 | 61 | 6,7 | 58 | 84 | 9,3 |
| 1 000 ..... | 619 | 29 | 2,8 | 520 | 40 | 3,9 | 307 | 50 | 4,9 | 107 | 68 | 6,8 |
| 1 100 ..... | 719 | 35 | 3,0 | 671 | 40 | 3,5 | 442 | 47 | 4,2 | 148 | 59 | 5,3 |
| 1 200 ..... | 745 | 30 | 2,5 | 801 | 32 | 2,5 | 509 | 36 | 3,0 | 175 | 45 | 3,7 |
| 1 300 ..... | 796 | 30 | 2,3 | 807 | 29 | 2,1 | 534 | 29 | 2,2 | 190 | 36 | 2,7 |
| 1 400 ..... | 782 | 30 | 2,0 | 919 | 29 | 2,0 | 573 | 27 | 1,9 | 227 | 30 | 2,1 |
| 1 500 ..... | 1 201 | 30 | 2,0 | 1 361 | 29 | 1,8 | 853 | 27 | 1,7 | 354 | 27 | 1,8 |
| 1 750 ..... | 1 160 | 30 | 1,7 | 1 460 | 29 | 1,6 | 889 | 27 | 1,5 | 382 | 27 | 1,5 |
| 2 000 ..... | 912 | 30 | 1,4 | 1 150 | 29 | 1,3 | 804 | 27 | 1,3 | 352 | 27 | 1,3 |
| 2 500 ..... | 438 | 30 | 1,1 | 523 | 29 | 1,1 | 390 | 27 | 1,0 | 159 | 27 | 1,0 |
| 3 000 ..... | 193 | 30 | 0,9 | 214 | 29 | 0,8 | 168 | 27 | 0,8 | 75 | 27 | 0,9 |
| 4 000 ..... | 104[2]) | 30 | 0,6 | 121 | 29 | 0,6 | 104 | 27 | 0,6 | 36 | 27 | 0,6 |

1) Lækkunin við þær bruttótekjur, sem sýndar eru, miðast við meðalmismun bruttótekna, útsvarstekna og hreinna tekna til skatts umhverfis bruttótekjumarkið. Fjöldatölurnar eiga við þann fjölda framteljenda sem er t. d. við 400 þús. kr. bruttótekjur á bilinu 350—450 þús. kr. Í lækkun er ekki metinn sá hagur sem er af því að fjölskyldubætur verða einnig skattfrjálsar 1976.

2) Fjöldatölur við 4 000 þús. kr. fela þannig í sér alla sem eru fyrir ofan þetta tekjumark.

## Fylgiskjal II.

### Áætlun um meðallækkun beinna skatta á barnlausum hjónum og einhleypingum skv. frumvarpinu eftir breytingartillögur við álagningu 1975 eftir tekjuhæð. [1])

| B = Bruttótekjur 1974 | Hjón án barna | | | Einhleypingur | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Fjöldi | Lækkun þús. kr. | % af B. | Fjöldi | Lækkun þús. kr. | % af B. |
| 600 | 660 | 15 | 2,5 | 4 965 | 13 | 2,2 |
| 700 | 775 | 14 | 1,8 | 4 226 | 19 | 2,6 |
| 800 | 927 | 14 | 1,7 | 1 336 | 14 | 1,6 |
| 900 | 1 008 | 18 | 2,0 | 2 510 | 14 | 1,5 |
| 1 000 | 1 116 | 26 | 2,5 | 1 840 | 14 | 1,3 |
| 1 100 | 1 070 | 31 | 2,8 | 1 368 | 14 | 1,2 |
| 1 200 | 985 | 31 | 2,5 | 927 | 14 | 1,1 |
| 1 300 | 961 | 31 | 2,3 | 638 | 14 | 1,0 |
| 1 400 | 837 | 31 | 2,2 | 475 | 14 | 1,0 |
| 1 500 | 1 175 | 31 | 2,0 | 479 | 14 | 0,9 |
| 1 750 | 1 044 | 31 | 1,7 | 330 | 14 | 0,8 |
| 2 000 | 815 | 31 | 1,5 | 200 | 14 | 0,7 |
| 2 500 | 375 | 31 | 1,2 | 81 | 14 | 0,5 |
| 3 000 | 176 | 31 | 1,0 | 45 | 14 | 0,5 |
| 4 000 | 119[2]) | 31 | 0,8 | 32 | 14 | 0,3 |

1) 2) Sjá aths. við 1. töflu.

## Fylgiskjal III.

### Áætlun um meðaltal breytingar beinna skatta einstæðra foreldra með 1—2 börn á framfæri skv. frumvarpinu með breytingartill. meiri hluta við álagningu 1975. [1])

| B = Bruttótekjur 1974 | Einstætt foreldri með 1 barn | | | Einstætt foreldri með 2 börn | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Fjöldi | Lækkun þús. kr. | % af B. | Fjöldi | Lækkun þús. kr. | % af B. |
| 100 | 406 | 4–6 | 4,0–6,0 | 141 | 29 | 29,0 |
| 200 | 368 | 9–11 | 4,5–5,5 | 93 | 32 | 16,0 |
| 300 | 405 | 14–16 | 4,6–5,3 | 112 | 33 | 11,0 |
| 400 | 412 | 18 | 4,5 | 114 | 37 | 9,3 |
| 500 | 413 | 22 | 4,4 | 127 | 42 | 8,4 |
| 600 | 366 | 24 | 4,0 | 102 | 48 | 8,0 |
| 700 | 307 | 19 | 2,7 | 96 | 40 | 5,7 |
| 800 | 193 | 24 | 3,0 | 113 | 42 | 5,2 |
| 900 | 138 | 15 | 1,6 | 79 | 29 | 3,2 |
| 1 000 | 92 | 9 | 0,9 | 50 | 23 | 2,3 |
| 1 100 | 51 | 5 | 0,4 | 30 | 15 | 1,4 |
| 1 200 | 23 | 5 | 0,4 | 21 | 15 | 1,3 |
| 1 300 | 19 | 5 | 0,4 | 13 | 15 | 1,1 |
| 1 400 | 11 | 5 | 0,4 | 10 | 15 | 1,0 |
| 1 500 | 10 | 5 | 0,3 | 4 | 15 | 1,0 |
| 1 750 | 9 | 5 | 0,3 | 7 | 15 | 0,8 |
| 2 000 | 5 | 5 | 0,2 | 2 | 15 | 0,7 |
| 2 500 | 2 | 5 | 0,2 | 1 | 15 | 0,6 |
| 3 000 | 0 | 5 | 0,2 | 0 | – | – |
| 4 000 | 1[2]) | 5 | 0,1 | 0 | – | – |

1) 2) Sjá aths. við 1. töflu.

**Nd.** **478. Breytingartillögur** [204. mál]

við frv. til laga um ráðstafanir í efnahagsmálum og fjármálum til þess að stuðla að jafnvægi í þjóðarbúskapnum og treysta undirstöðu atvinnu og lífskjara.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Við II. kafla.

1. Við 6. gr. Greinin falli niður.
2. Við 9. gr. (er verði 8. gr.). Greinin orðist svo:

16. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 8. gr. laga nr. 7/1972 og 3. gr. laga nr. 10/1974, orðist svo:

Ef foreldrar barns, sem ekki er fullra 17 ára í byrjun þess almanaksárs þegar skattur er lagður á, búa ekki saman og annað þeirra hefur barnið hjá sér en hitt greiðir meðlag skal meðlagsgreiðslan talin að hálfu til tekna hjá því foreldri, sem við henni tekur, og að hálfu til frádráttar frá tekjum þess foreldris, sem innir hana af hendi. Meðlagsgreiðsla til einstæðs foreldris telst ekki til tekna hjá því. Greiddur barnalífeyrir skv. 14. gr. og 35. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar, vegna barns, sem ekki er fullra 17 ára í byrjun þess almanaksárs þegar skattur er lagður á, skal teljast að hálfu til tekna ef annað hvort foreldra er látið eða barnið er ófeðrað. Þó telst hann ekki til tekna hjá einstæðu foreldri. Meðlagsgreiðslur samkvæmt þessari málsgrein skulu takmarkaðar við sömu upphæð og fjárhæð þess barnalífeyris nemur, sem greiddur er skv. 14. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar.

Frá tekjum þeirra, sem eru við nám, er heimilt að draga námskostnað að mati ríkisskattstjóra.

3. Við 10. gr. (er verði 9. gr.)
   a) 3. tl. 1. mgr. B-liðar orðist svo:
      3. Fyrir einstætt foreldri, sem heldur heimili og framfærir þar barn sitt, sem ekki er fullra 16 ára í byrjun þess almanaksárs, sem skattur er lagður á, 145 000 kr.
   b) 2. mgr. B-liðar orðist svo:

      Nemi persónuafsláttur skv. 1., 2. eða 3. tl. þessa stafliðar hærri fjárhæð en reiknaður skattur af skattgjaldstekjum skv. 1. eða 2. tl. A-liðar þessarar greinar skal ríkissjóður leggja fram fé sem nemur allt að þessum mun og skal því ráðstafað fyrir hvern mann til greiðslu útsvars gjaldársins. Sá hluti persónuafsláttar mannsins, sem enn er óráðstafað, fellur niður.
   c) 3. mgr. B-liðar orðist svo:

      Þó skal aldrei koma til skuldajafnaðar hærri fjárhæð en sem nemur mismun persónuafsláttar og 20% af vergum tekjum til skatts, þegar frá þeim hafa verið dregnar 250 000 kr. hjá einstaklingi og hjá hvoru hjóna, sem telja fram hvort í sínu lagi, en 375 000 kr. hjá samsköttuðum hjónum.
   d) Í stað tveggja fyrstu málsliða 5. mgr. B-liðar komi:

      Karli og konu, sem búa saman í óvígðri sambúð og átt hafa barn saman, er heimilt, að skriflegri beiðni beggja, að fara þess á leit við skattstjóra að hann sameini skattgjaldstekjur þeirra og skattgjaldseign til skattgjalds á nafni karlmannsins, enda séu þau þá bæði háð ákvæðum 2. og 3. málsl. 1. mgr. og 4. mgr. 3. gr. um ábyrgð skattgreiðslu. Tekjuskattur reiknast þá samkvæmt 2. tl. A-liðar þessarar greinar og persónuafsláttur samkvæmt 2. tl. þessa stafliðar, eða skv. 16. gr. laganna. Nú búa foreldrar barns saman í óvígðri sambúð og skal þá hvorugt þeirra teljast einstætt foreldri skv. þessum staflið þótt þau framfæri á heimilinu barn sem þau hafa ekki átt saman.
   e) Við B-lið bætist ný mgr., er verði síðasta mgr. B-liðar og hljóði svo:

      Þeir, sem taka upp heimilisfesti hér á landi á skattárinu, skulu einungis njóta persónuafsláttar í hlutfalli við dvalartíma sinn hér á landi á því ári.

f) Á eftir orðinu „þess“ í 2. málsl. 3. mgr. C-liðar bætist:
Svo og annarra barna, sem þau framfæra saman á heimilinu

g) Við C-lið bætist ný mgr., er verði næstsíðasta mgr. C-liðar og hljóði svo:
Fyrir barn, sem öðlast heimilisfesti hér á landi á skattárinu, skal einungis greiða barnabætur í hlutfalli við dvalartíma þess hér á landi á því ári.

h) Orðið „Skattgjald“ í D-lið falli niður. Í stað þess komi orðið: Tekjuskattur.

4. Við 11. gr. (er verði 10. gr.). Greinin orðist svo:
2. ml. 1. mgr. 46. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 8. gr. laga nr. 60/1973, falli niður. Í hans stað komi þrír nýir málsliðir, er hljóði svo:
Sé skatturinn eigi greiddur innan mánaðar frá gjalddaga skal greiða ríkissjóði dráttarvexti af því, sem ógreitt er talið, frá og með gjalddaga. Dráttarvextir eru þeir sömu og hjá innlánsstofnununum, sbr. 13. gr. laga nr. 10 frá 29. mars 1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma. Dráttarvextir reiknast með sama hætti og hjá innlánsstofnunum.
Á eftir 1. mgr. 46. gr. sömu laga, sbr. 8. gr. laga nr. 60/1973, komi ný mgr., er orðist svo:
Nú hefur fjármálaráðherra ákveðið að gjalddagar tekju- og eignarskatts skuli vera fleiri en einn á ári og veldur þá vangreiðsla að hluta því að skattar gjaldandans á gjaldárinu falla í eindaga, þó ekki fyrr en 15. næsta mánaðar eftir að álagningu er lokið.

5. Á eftir 11. gr. (er verði 10. gr.) bætist ný grein, er verði 11. gr. og orðist svo:
1. ml. 1. mgr. 52. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 9. gr. laga nr. 60/1973, orðist svo:
Heimilt er skattstjóra að taka til greina umsókn skattþegns um lækkun skattgjaldstekna, þegar svo stendur á sem hér segir:
2. ml. 2. tl. 1. mgr. 52. gr. sömu laga, sbr. 9. gr. laga nr. 60/1973, orðist svo:
Fallist skattstjóri á umsókn skattþegns skulu skattgjaldstekjur hans lækkaðar um fjárhæð er nemur barnalífeyri skv. 14. gr. laga nr. 67/1971 fyrir hvert barn, sem þannig er ástatt um.
5. tl. 1. mgr. 52. gr. sömu laga, sbr. 9. gr. laga nr. 60/1973, orðist svo:
Ef skattþegn hefur orðið fyrir verulegu eignatjóni, m. a. af völdum náttúruhamfara, eldsvoða eða búfjársjúkdóma enda hafi hann ekki fengið tjón sitt bætt úr hendi annarra aðila.

Við III. kafla.

6. Á undan 13. gr. (er verði 15. gr.) bætist ný grein, er verði 13. gr. og orðist svo:
Á eftir 3. mgr. 3. gr. laga nr. 8/1972 komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
Í sveitarfélagi, þar sem bæði er þéttbýli og dreifbýli, er sveitarstjórn heimilt að undanþiggja fasteignir í dreifbýli álagi á fasteignaskatt, sbr. 3. mgr.

7. Á undan 13. gr. (er verði 15. gr.) bætist ný grein, er verði 14. gr. og orðist svo:
16. gr. laga nr. 8/1972 orðist svo:
Nú hefur fólksfækkun orðið í sveitarfélagi næstliðið ár og skal þá sveitarfélag fá sérstakt aukaframlag úr Jöfnunarsjóði, sbr. e-lið 8. gr. Framlagið skal nema meðalútsvari á íbúa í landinu í heild næstliðið ár margfaldað með íbúafækkunartölunni.
Fólksfækkunarframlag skal greitt hlutaðeigandi sveitarfélögum eigi síðar en 31. desember ár hvert.

8. Við 14. gr. (er verði 16. gr.). Greinin orðist svo:
1. mgr. 26. gr. laga nr. 8/1972 hljóði svo:
Útsvar skv. 25. gr. hjá hjónum, sem telja fram sameiginlega, og einstæðu foreldri, sem hefur fyrir heimili að sjá, svo og fólki í óvígðri sambúð, sem telur fram saman, sbr. 5. mgr. B-liðs 25. gr. laga nr. 68/1971 með áorðnum breytingum, skal lækka um 10 500 kr. og útsvar einstaklings um 7 500 kr. Telji hjón fram hvort í sínu lagi skal hvort um sig fá samsvarandi lækkun og einstaklingur. Fyrir hvert barn innan 16 ára aldurs, sem gjaldandi hefur á framfæri sínu, sbr. C-lið 25. gr. laga nr. 68/1971 með áorðnum breytingum, skal lækka útsvar hans

um 1 500 kr. Hafi gjaldandi fleiri en þrjú börn innan 16 ára aldurs á framfæri sínu skal enn fremur lækka útsvar hans um 3 000 kr. fyrir hvert barn umfram þrjú. Fjárhæðir þessar skulu breytast í samræmi við skattvísitölu eins og hún er á hverjum tíma, sbr. 53. gr. laga nr. 68/1971 með síðari breytingum.

Aftan við sömu gr. laga nr. 8/1972 bætist ný mgr., er hljóði svo:

Þeir, sem hafa tekið upp heimilisfesti hér á landi á næstliðnu almanaksári, skulu njóta lækkunar á útsvari samkvæmt þessari grein í hlutfalli við dvalartíma sinn hér á landi á því ári.

9. Við 15. gr. (sem verði 17. gr.) bætist ný mgr., er orðist svo:

c-liður 27. gr. laga nr. 8/1972 breytist svo:

Í stað orðanna „1.—4. tölulið“ komi orðin: 1.—7. tölulið. Aftan við orðin „laga nr. 68/1971“ komi orðin: með síðari breytingum.

10. 16. gr. (sem verði 18. gr.) orðist svo:

43. gr. laga nr. 8/1972 hljóði svo:

Séu gjöld samkvæmt lögum þessum eigi greidd innan mánaðar frá gjalddaga, skal greiða sveitarsjóði dráttarvexti af því sem ógreitt er, talið frá og með gjalddaga. Dráttarvextir eru þeir sömu og hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr.10 frá 29. mars 1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma. Dráttarvextir reiknast með sama hætti og hjá innlánsstofnunum.

11. Á eftir 16. gr. (sem verði 18. gr.) bætist ákvæði til bráðabirgða:

**Ákvæði til bráðabirgða.**

a) 43. gr. laga nr. 8/1972 gildi svo orðuð til og með 31. desember 1975:

Ef gjöld samkvæmt lögum þessum eru ekki greidd áður en 2 mánuðir eru liðnir frá gjalddaga, skal greiða sveitarsjóði dráttarvexti af því, sem ógreitt er, 1½% fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði sem líður, talið frá og með gjalddaga, uns gjaldið er greitt.

b) Þar til nýtt fasteignamat hefur tekið gildi, er ráðherra heimilt að ákveða fyrir 15. nóv. ár hvert, að gjöld næsta árs, sem reiknuð eru sem hlutfall af fasteignamati, megi breytast í hlutfalli við þá breytingu byggingarvísitölu, sem orðið hefur frá 1. nóv. árið áður til 1. nóv. ákvörðunarársins.

Við V. kafla.

12. Við 18. gr. (sem verði 20. gr.). Greinin orðist svo:

Afnema skal tolla af vörum, sem falla undir eftirfarandi tollskrárnúmer, sbr. lög nr. 6/1974, um tollskrá o. fl.:

08.01.10 Bananar, nýir.
08.02.10 Appelsínur, tangarínur, mandarínur og clementínur.
08.02.21 Sítrónur.
08.06.10 Epli.
08.09.01 Melónur.

Við VI. kafla.

13. Við 20. gr. (sem verði 22. gr.). Greinin orðist svo:

Á tímabilinu 1. maí 1975 til loka febrúar 1976 skal greiða flugvallagjald, er renni til ríkissjóðs, vegna hvers manns, sem ferðast með loftfari innanlands eða frá Íslandi til annarra landa.

Undanþegin gjaldskyldu eru börn innan 2 ára aldurs, skráðar áhafnir loftfara, þeir sem viðkomu hafa á Íslandi skv. farseðli milli annarra Evrópulanda og Ameríku og þeir sem ferðast með loftförum varnarliðs Bandaríkja Norður-Ameríku hér á landi.

Heimilt er að innheimta tilsvarandi gjald vegna farþega, sem fara með skipum frá Íslandi til annarra landa. Nánari ákvæði um framkvæmd ákvæða þessarar málsgreinar skulu sett í reglugerð. Að öðru leyti gilda um þessi gjöld ákvæði 23., 24., 25., 26. og 27. gr. þessa kafla.

14. Við 21. gr. (sem verði 23. gr.). Greinin orðist svo:
Flugvallagjald skal vera 2 500 kr. fyrir hvern farþega, sem ferðast frá Íslandi til annarra landa, þó 1 250 kr. fyrir farþega á aldrinum tveggja til tólf ára. Fyrir hvern farþega, er ferðast innanlands að eða frá Reykjavíkurflugvelli og Keflavíkurflugvelli, skal gjaldið nema 350 kr., þó 175 kr. fyrir farþega á aldrinum tveggja til tólf ára. Sama gjald skal greiða vegna farþega, er fara til Grænlands eða til Færeyja. Fyrir hvern farþega, er ferðast milli annarra flugvalla innanlands, skal gjaldið vera 175 kr., þó hálft gjald fyrir farþega á aldrinum tveggja til tólf ára. Flugvallagjald skal fella inn í verð farseðils.
15. Við 22. gr. (er verði 24. gr.). Orðin „frá Íslandi“ í 2. mgr. falli brott.
16. Við 23. gr. (er verði 25. gr.). Orðin „frá Íslandi“ í 2. mgr. falli brott.

Við VII. kafla.

17. Við 26. gr. (er verði 28. gr.). 2. mgr. breytist svo:
Í stað orðanna „útsvarsskyldra tekna“ komi orðin: vergra tekna til skatts. Í stað „200 000 kr. “ komi: 250 000 kr., og í stað „300 000 kr.“ komi: 375 000 kr.

Við IX. kafla.

18. Við 32. gr. Greinin falli brott.
19. Á eftir 33. gr. (sem verði 34. gr.) komi ný grein, er verði 35. gr. og orðist svo:
Á meðan innheimt er flugvallagjald skv. VI. kafla þessara laga skal fella niður söluskatt af fólksflutningum með loftförum innanlands.
20. Við 34. gr. (er verði 36. gr.). Greinin orðist svo:
I., II. og III. kafli laga þessara öðlast þegar gildi og skulu ákvæði II. og III. kafla koma til framkvæmda við álagningu skatta til ríkissjóðs og útsvara til sveitarsjóða fyrir skattárið 1974. Ákvæði 1. mgr. 10. gr. og 16. gr. skulu þó fyrst taka gildi 1. janúar 1976.
IV. kafli laga þessara öðlast gildi 1. júlí 1975.
V. kafli laga þessara öðlast þegar gildi.
VI. kafli laga þessara öðlast gildi 1. maí 1975.
VII., VIII. og IX. kafli laga þessara öðlast þegar gildi.

## Sþ. 479. Þingsályktun [57. mál]

um stækkun Áburðarverksmiðju ríkisins.

(Afgreidd frá Sþ., 15. apríl.)

Samhljóða þskj. 60.

## Sþ. 480. Tillaga til þingsályktunar [250. mál]

um innanlandsflugvöll á Reykjavíkursvæðinu.

Flm.: Guðmundur G. Þórarinsson, Steingrímur Hermannsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd sérfróðra manna til þess að kanna þá hugmynd að láta gera nýjan flugvöll, sem orðið gæti miðstöð innanlandsflugsins, á fyllingu við Löngusker í Skerjafirði.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hafa verið uppi háværar raddir, er telja, að Reykjavíkurflugvöllur í núverandi mynd geti ekki verið miðstöð innanlandsflugsins til frambúðar.

Flestir munu þeirrar skoðunar að nauðsynlegt sé, að á Reykjavíkursvæðinu sé flugvöllur, er uppfyllir kröfur Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO).

Mikið hefur verið um þetta mál fjallað, en óljóst, hver framtíðarskipan muni verða.

Margt veldur því, að erfitt mun reynast að láta Reykjavíkurflugvöll þjóna því hlutverki að vera miðstöð innanlandsflugsins, og skal þess freistað hér að drepa á helstu atriðin.

## I. Öryggi.

Til grundvallar um aðflugsskilyrði er eðlilegt og nauðsynlegt að leggja reglur Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, en þær helstu eru þessar:

a) Engar hindranir mega vera í fluglínu að og frá brautarendum. Mega þær ekki rísa upp fyrir hallandi flöt frá brautarenda með hallanum um 1:50 frá aðalbrautum og 1:40 frá þverbrautum.
b) Engar hindranir mega gnæfa upp yfir láréttan flöt (öryggisflötur) 45 m ofan flugvallar innan 4000 m fjarlægðar frá miðju hans.
c) Utan við hverja flugbraut verða að vera hindranalaus öryggissvæði og séu þau í sömu hæð og flugbrautin. Burðarþol öryggissvæða skal vera þannig, að sem minnstur skaði verði á loftfari, sem fer út af brautinni.

Öryggissvæði þetta skal ná 60 m út fyrir hvorn brautarenda og 75 m sín hvorum megin við miðlínu flugbrautar, ef um venjulega flugbraut er að ræða, en 150 m, ef um er að ræða blindflugsbraut.

Á Reykjavíkurflugvelli er öryggi flugs ekki í samræmi við þessar kröfur. Miklar tálmanir eru af hæðum og byggingum í nágrenni vallarins og í brautarstefnu. Takmarkar þetta notagildi vallarins sérstaklega í lágskýjuðu.

Fylgiskjal I. sýnir hindranir þær, sem standa upp úr „öryggisfleti“ (inner horizonal surface) Reykjavíkurvallar.

Helstu hindranir eru:

Sjómannaskólinn (86 m).
Borgarsjúkrahús (85 m).
Digranesháls (84 m).
Reykháfur á Kletti (83 m).
Háaleitishverfi (71 m).
Öskjuhlíð (69 m).
Laugaráshverfi (79 m).
Langholtshverfi (75 m).
Hallgrímskirkja (110 m).

Fylgiskjöl III og IV sýna hindranir í brautarstefnur. Er í báðum tilfellum miðað við hallann 1:40.

Verstu hindranir á flugtaks- og aðflugsfleti norður af flugbraut 02/20 eru tvö hús við Sóleyjargötu (1:23 og 1:25) og Fríkirkjan (1:32).

Kröfur um hindrunarlaus öryggisbelti meðfram brautum er ekki unnt að uppfylla, nema fjarlægðar verði byggingar.

Ljóst er, að sumar af nefndum kröfum um öryggi er unnt að uppfylla með ærnum kostnaði, en aðrar verða ekki uppfylltar.

Fleiri atriði mætti nefna, svo sem lengd flugbrauta og stefnur þeirra.

Auk öryggis flugfarenda er öryggi þeirra íbúa, er í nágrenni flugvallarins búa, nátengt þessum atriðum. Með aukinni flugumferð eykst slysahætta, þar eð aðflug og flugtak er mikið yfir byggð.

## II. Hljóðmengun.

Íbúar Reykjavíkur og nágrennis verða fyrir verulegu ónæði af hávaða vegna flugvallarins.

Á fylgiskjali V er sýndur hávaðaflötur vallarins. Hávaðafletir eru verstir yfir miðbæ Reykjavíkur og Kársnesi. Stærð hávaðaflatar stendur í nánu sambandi við fjölda flugtaka og munu því óþægindi af þessum orsökum aukast með aukinni flugumferð.

### III. Loftmengun.

Loftmengun fylgir að mestu hávaðaflötum. Sýnir það enn galla þess, hversu aðflug og flugtak er mikið yfir byggð.

### IV. Burðarþol.

Styrkleiki vallarins er mjög misjafn. Völlurinn er að mestu á þunnri fyllingu í mýri og yfirborð óslétt.

### V. Skipulag.

Verulega hefur verið þrengt að Reykjavíkurflugvelli á undanförnum árum með byggð, og er ástæða til að ætla, að þar komi að völlurinn verði að víkja, en byggingarland Reykjavíkur er senn á þrotum.

Sú óvissa, sem ríkir um framtíð flugvallarins, veldur augljóslega erfiðleikum við áætlanagerð þeirra fyrirtækja, sem í tengslum við völlinn starfa.

Þær tillögur, sem komið hafa fram um úrbætur, miða annars vegar að gerð nýrrar austur/vestur brautar, 1800 m langrar, og hins vegar að lengingu núverandi austur/vestur brautar í 1800 m.

Hvor tilhögun sem yrði valin er líklegt að kostnaður yrði 500—600 millj. kr., en eigi að síður yrði ekki unnt að fullnægja nefndum öryggiskröfum og fjöldamörg vandamál til frambúðar. Til þess að fullnægja alþjóðlegum kröfum um 95% opnun flugvallarins þarf, auk þess að endurbyggja og lengja NA—SV flugbrautina.

Árið 1967 skilaði Flugvallarnefnd 1965—67 itarlegu nefndaráliti.

Var þar fjallað um hugsanlega flugvallargerð á Álftanesi og í Kapelluhrauni.

Ákvörðun var aldrei tekin á grundvelli þess nefndarálits og mun margt hafa valdið.

Nýlega hefur ungur arkitekt, Trausti Valsson, varpað fram þeirri hugmynd, að gerður verði flugvöllur fyrir Reykjavíkursvæðið á fyllingu við Löngusker í Skerjafirði.

Þótt hugmyndin sé einföld og liggi nokkuð beint við, mun hún ekki hafa komið fram áður.

Hugmynd þessi hefur í för með sér verulega kosti umfram aðrar hugmyndir, sem fram hafa komið um flugvallargerð á svæðinu.

Verður þess freistað hér að benda á nokkra þeirra.

Fylgiskjal VI sýnir legu flugvallar samkvæmt þessari hugmynd.

### I. Öryggi.

Öryggi er augljóslega til muna meira en á núverandi flugvelli. Hindranir í „öryggisfleti“ og að flugs- og flugtaksflötum núverandi vallar hafa nær engin áhrif við þessa staðsetningu. Sjá fylgiskjal I og II.

Nauðsynlegt er þó að framkvæma á þessu athugun.

Flug er mun minna yfir byggð.

### II. Hljóðmengun.

Fylgiskjal V sýnir hávaðafleti þessarar staðsetningar og þar með augljósa kosti hennar fram yfir núverandi völl.

Fylgiskjal V sýnir einnig samsvarandi hávaðafleti fyrir flugvelli á Álftanesi og í Kapelluhrauni.

### III. Loftmengun.

Loftmengun verður mun minni en nú er, enda fylgir hún að mestu hávaðaflötum.

### IV. Skipulag.

Svo sem fram kemur að framan, gerir hugmyndin ráð fyrir, að flugvöllurinn sé gerður á fyllingu.

Staðsetningin hefur þá augljósu kosti fram yfir staðsetningu á Álftanesi og í Kapelluhrauni, að hún liggur mun nær þungamiðju byggðar og er því hagstæðari frá flutningalegum sjónarhól séð.

Vegagerð að vellinum yrði að vísu dýr, en hraðbraut þarna yrði til mikilla hagsbóta fyrir umferðarkerfið og er spurning, hvort hraðbraut í þessari mynd verði ekki að koma í framtíðinni.

Hún mundi að sjálfsögðu létta mjög á umferðaræðinni gegnum Kópavog og auðvelda alla umferð innan Stór-Reykjavíkursvæðisins.

Benda má á í þessu sambandi, að á Álftanesi gæti orðið um 30—40 þús. manna byggð. Vegalengd þangað er um 15 km, en um 5 km eftir vegi yfir fjörðinn.

Fylgiskjal VII sýnir hugsanlega gerð umferðarnets með þessa lausn fyrir augum.

Annar veigamikill kostur við þessa staðsetningu framtíðarflugvallar er, að núverandi byggingar á flugvallarsvæðinu er flestar auðvelt að reka í tengslum við flugvöll í Skerjafirði. Er hér að sjálfsögðu um verulega fjármuni að ræða.

Ákvörðun um flugvöll í Skerjafirði mundi auðvelda flugfélögum alla áætlanagerð og gera þeim kleift að miða fjárfestingar sínar í byggingum á núverandi flugvelli við það.

Núverandi flugvallarsvæði gæti Reykjavíkurborg tekið til bygginga í framtíðinni.

Ef áætlað er, að flugvallarsvæðið sé um 140 ha og verð lands þarna áætlað ca. 1 000 kr/m$^2$, er verð þessa landssvæðis, sem losnar, um 1 400 millj. kr.

Ef gert er ráð fyrir, að ríkissjóður eigi um 60 ha lands þarna, mætti meta eignir hans í landi um 600 millj. kr.

Með tilliti til þeirra gífurlegu hagsmuna, sem Reykjavíkurborg á í þessu máli, þarf öll framkvæmd og athugun að fara fram í náinni samvinnu við hana.

Ekki væri, með tilliti til þessa, óeðlilegt að hugsa sér, að borgin tæki þátt í gerð flugvallar í Skerjafirði, enda fengi hún til bygginga landssvæði að verðmæti um 800 millj. kr., þ. e. eitthvert besta byggingarsvæði borgarlandsins, suðurströndina í hjarta borgarinnar, jafnframt því sem staðsetning flugvallar í Skerjafirði þýddi framtíðaraðsetur flugfélaganna í borginni.

Stækkunarmöguleikar flugvallar í Skerjafirði í framtíðinni eru nokkrir, þótt dýpi aukist, er utar dregur.

Fylgiskjal VIII sýnir hugsanlega nýtingu Reykjavíkurborgar á núverandi flugvallarsvæði.

Uppdrætti hefur Trausti Valsson arkitekt gert.

### Kostnaðarathugun.

Ljóst er, að fyllingu undir flugvöll og vegstæði yrði að verja með brimbrjótum.

Nokkrar athuganir hafa verið gerðar á grynningu vestlægrar öldu á Faxaflóa og tilraunir gerðar til að reikna hættulegustu úthafsöldu.

Fylgiskjöl IX og X sýna ölduslóðir á umræddu svæði.

Tvær nærliggjandi ölduslóðir mynda braut í haffletinum, sem orka öldunnar berst eftir. Fjarlægð milli ölduslóða er mælikvarði á orku öldunnar og þar með ölduhæðina. Fylgiskjölin gefa möguleika til að meta ölduhæð og ölduorku á Skerjafirði, samanborið við nærliggjandi svæði.

Ekki er ólíklegt, að grjótstærð í brimbrjótum þyrfti að vera 2.5 tonn.

Gera mætti ráð fyrir að byrja framkvæmdir á varnargörðum, en dæla síðan sandi inn fyrir þá.

Við ákvörðun á kostnaði við dælingu er gert ráð fyrir, að unnt verði að notast við pramma og flotleiðslu.

Forsenda þessa er, að nægilegt sandmagn sé á botni fjarðarins innan t. d. 1.5 km. — Þetta þarf að sjálfsögðu að kanna nánar.

Ef gert væri ráð fyrir að gera tvær brautir, 1 500 m og 2 000 m langar, mætti hugsa sér að fylla í fyrsta áfanga um 100 ha. Síðar mætti auka þetta svæði í 250—300 ha eftir þörfum.

Mjög gróf kostnaðaráætlun, þar sem malbikun og endanlegur frágangur er ekki tekinn með, gæti þá litið svo út:

**Varnargarður fyrir uppfyllingu:**

Meðaldýpi 4 m.
220 $m^2$ × 2700 m = 594 000 $m^3$.
594 000 $m^3$ × 1500 kr/$m^3$ — 890 millj. kr.
Meðaldýpi 2 m.
112 $m^2$ × 2200 m = 246 400 $m^3$.
246 400 $m^3$ × 1500 kr/$m^3$ — 370 millj. kr.
Uppfylling 100 ha lands.
1 000 000 $m^2$ × 7.5 m dýpi × 70 kr/$m^3$ — 525 millj. kr.
Kostnaður alls 1 785 millj. kr.

Ef litið væri svo á, að sanngjarnt væri að reikna hluta af kostnaði við vegagerð beint á flugvallarframkvæmdina, gæti við þetta bæst:

Vegur að miðri fyllingu.
190 $m^2$ × 900 m = 171 000 $m^3$.
171 000 $m^3$ × 1500 kr/$m^3$ — 256 millj. kr.

Ekki er ólíklegt, að vegir í þessari mynd verði að koma í framtíðinni, þótt ekki væri þarna gerður flugvöllur.

Milli Álftaness og fyllingar er djúpur áll. Þar yrði að koma brú. Kostnaður við hana gæti verið um 500 millj. kr.

Af þessu má sjá, að verðmæti lands undir núverandi flugvelli ásamt kostnaði við nauðsynlegar breytingar gæti haldist nokkuð í hendur við kostnað við landvinninga í Skerjafirði.

Mat á hinum ýmsu þáttum við flugvallargerð er hins vegar mjög margbrotið og flókið.

Hugmyndin um nýjan flugvöll á Lönguskerjum í Skerjafirði er snjöll og stenst fyrstu gagnrýni.

Lagt er því til, að ríkisstjórnin skipi nefnd sérfræðinga til þess að fullkanna þessa hugmynd.

**Heimildir:**

1. Flugvallarnefnd 1965—67.
Nefndarálit.
2. Reykjavíkurflugvöllur.
Tillaga að flugstöð, flugskýlum, verkstæðum, vörugeymslum og afgreiðslu fyrir flugfragt.
3. Aðalskipulag Reykjavíkur 1962—83.
4. Hafnarstjórinn í Reykjavík.
Öldusveigja á Faxaflóa.

**Fylgiskjal I.**

**Reykjavíkurflugvöllur 1:50 000**

Hindranir í láréttum fleti og flugtaksflötum (lausleg athugun).



**Fylgiskjal II.**

**Skerjafjarðarflugvöllur 1:50 000**

Hindranir í látréttum fleti (lausleg athugun).



**Fylgiskjal III.**



**Fylgiskjal IV.**



**Fylgiskjal V.**

**90 db hávaðabelti við hugsanleg flugvallarsvæði.** (Myndirnar eru úr „Aðalskipulagi Reykjavíkur", bls. 82 — nema myndin af flugvallarsvæði í Skerjafirði).



**Fylgiskjal VI.**



**Fylgiskjal VII.**

Tillaga að hrað- og tengibrautakerfi.



**Fylgiskjal VIII.**



**Fylgiskjal IX.**



**Fylgiskjal X.**



## Nd. 481. Breytingartillögur [204. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir í efnahagsmálum og fjármálum og til þess að stuðla að jafnvægi í þjóðarbúskapnum og treysta undirstöðu atvinnu og lífskjara.

Frá Magnúsi Kjartanssyni.

Við IV. kafla.

1. Á undan 17. gr. bætast nýjar greinar, svo hljóðandi:
   a. (17. gr.) Frá 1. mars 1975 skal elli- og örorkulífeyrir einstaklinga hækka um 4900 kr. á mánuði samkvæmt sömu reglum og frá var gengið í samningum verkalýðsfélaga og atvinnurekenda 26. mars 1975. Aðrar bætur lífeyristrygginga svo og sjúkradagpeningar hækka í sama hlutfalli. Fjárhæðir þær, sem tilgreindar eru í 19. gr. laga um almannatryggingar, skulu breytast í samræmi við vísitölu framfærslukostnaðar frá 1. okt. 1974.
   b. (18. gr.) 10. gr. laga um almannatryggingar orðist svo:
      Lífeyristryggingar taka til ellilífeyris, örorkulífeyris, makabóta, barnalífeyris, mæðralauna, fæðingarstyrks, fæðingarorlofsfjár, ekkjubóta og ekkjulífeyris.
   c. (19. gr.) Við lög um almannatryggingar bætist ný grein, sem verði 17. gr., svo hljóðandi:
      Fæðingarorlofsfé skal vera jafnhátt þriggja mánaða dagvinnulaunum við almenna verkamannavinnu við hverja fæðingu til móður sem á lögheimili hér á landi og er íslenskur ríkisborgari. Greiðslur frá atvinnurekendum vegna fæðingarorlofs koma til frádráttar greiðslu samkvæmt þessari grein.
   d. (20. gr.) a.- og b-liðir 20. gr. laga um almannatryggingar orðist svo:
      a. Ríkissjóður 83.5%.
      b. Atvinnurekendur 16.5%.

Við VIII. kafla.

2. Við 30. gr.
   a. Fyrir „3 000 millj. kr.“ komi: 4 000 millj. kr.
   b. Fyrir „1 800 millj. kr.“ komi: 2 800 millj. kr.

3. Við 31. gr.
   a. Fyrir „5 000 millj. kr.“ komi: 6 000 millj. kr.
   b. Fyrir „3 520 millj. kr.“ komi: 4 520 millj. kr.
   c. Við upptalningu undir orkumál bætist nýr stafliður:
      f. Stofnlína milli Suðurlands og Norðurlands og undirbúningur að stofnlínum frá því orkuveitusvæði til Vestfjarða og Austfjarða.

## Nd. 482. Nefndarálit [204. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir í efnahagsmálum og fjármálum til þess að stuðla að jafnvægi í þjóðarbúskapnum og treysta undirstöðu atvinnu og lífskjara.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Frumvarp þetta og meðferð þess öll af hálfu ríkisstjórnarinnar og stjórnarflokkanna ber þess glöggt vitni, að ríkisstjórnin er ekki þeim vanda vaxin að stjórna efnahagsmálum þjóðarinnar. Það hljóta auðvitað að teljast undarleg vinnubrögð að samþykkja fjárlög í desember, en bera síðan fram frumvarp í mars, þar sem heimilað er að lækka þessi fjárlög um allt að 3 500 millj. kr. Enn undar-

legra verður málið allt, þegar haft er í huga, að þótt nú sé langt liðið á aprílmánuð hefur ríkisstjórnin enn enga grein gert sér fyrir því, hvaða útgjöld hún ætlar að lækka um allt að 3 500 millj. kr. Enn ríkir m. ö. o. alger óvissa um ríkisbúskapinn og opinberar framkvæmdir.

Svo sem kunnugt er, var frumvarp þetta lagt fram meðan á samningaviðræðum stóð milli aðila vinnumarkaðarins. Afgreiðslu þess var hins vegar frestað, meðan enn var óvíst, hvort samningar næðust eða ekki. Samningar tókust til bráðabirgða. Í því sambandi gaf hæstv. forsætisráðherra út yfirlýsingu fyrir hönd ríkisstjórnarinnar 26. mars. Aðalatriði hennar var þetta:

„Til þess að greiða fyrir samningum um kaup og kjör milli samtaka launafólks og vinnuveitenda og í trausti þess, að vinnufriður haldist, lýsir ríkisstjórnin yfir:

1. Í efnahags- og fjárlagafrumvarpi því, sem nú liggur fyrir Alþingi, eru tillögur ríkisstjórnarinnar um lækkun skatta og heimildir til lækkunar skatta, sem numið gætu í heild allt að 2 000 millj. kr. Ríkisstjórnin mun á Alþingi beita sér fyrir skattalækkun að þessu marki með það fyrir augum, að hún gagnist best þeim, sem við erfið kjör búa."

Í 2. lið yfirlýsingarinnar kvaðst ríkisstjórnin munu beita sér fyrir því, að innheimtu opinberra gjalda ársins 1975 verði dreift yfir lengri tíma en ella hjá þeim launþegum, sem í ár hafa sömu eða lægri peningatekjur en í fyrra. Og í 3. lið yfirlýsingarinnar kveðst ríkisstjórnin munu beita sér fyrir því, að tekjutryggingarmark almannatrygginga hækki í sama hlutfalli og lægstu kauptaxtar í samningum Alþýðusambandsins og vinnuveitenda, og skuli hækkun almenns lífeyris einnig ákveðin í samræmi við niðurstöður almennra kjarasamninga.

Skattaákvæði frumvarpsins, eins og það var, er það var lagt fram, voru þá talin lækka skatta um 1 240 millj. kr. Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar fólst því fyrirheit um að lækka skatta enn frekar sem næmi um það bil 800 millj. kr. Jafnframt hét ríkisstjórnin því að gera það á þann hátt, sem „gagnist best þeim, sem við erfið kjör búa".

Samninganefnd Alþýðusambands Íslands fjallaði, í beinu framhaldi af bráðabirgðasamningunum og yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, um það, með hverjum hætti fyrirhuguð viðbótarskattalækkun gæti gagnað þeim best, sem við erfið kjör búa. Niðurstaða hennar kom fram í bréfi, sem samninganefndin sendi fjárhags- og viðskiptanefnd neðri deildar 1. apríl. Þar segir m. a.:

„Eru það eindregin tilmæli samninganefndarinnar, að því fjármagni, sem nýting heimildarákvæða V. kafla frumvarpsins mundi kosta ríkissjóð, verði varið í sérstakan eða aukinn skattafslátt, sem kæmi til útborgunar með sama hætti og barnabætur, þegar svo stendur á, að skattafsláttur verði hærri en opinber gjöld viðkomanda.

Það er einróma skoðun nefndarinnar, að framangreind breyting mundi skila hinum tekjulægri hagsbótum með miklum mun skýrari og óumdeilanlegri hætti en verða mundi með lækkun söluskatts og tolla um jafnháa upphæð í báðum tilvikum. Styðst sú skoðun m. a. við athugun Þjóðhagsstofnunar og þau augljósu rök, að þeir, sem hafi meiri fjárráð, eyði hærri upphæðum í kaup á söluskattskyldum og tollskyldum varningi en hinir tekjulægri. Sú aðferð, sem ákvæði V. kafla frumvarpsins gerir ráð fyrir, mundi því skila minni hagsbótum til hinna efnaminni en hinna, sem betur eru settir, gagnstætt því, sem segir í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 26. fyrra mánaðar, og þeim tilgangi frumvarpsins, sem um er rætt í athugasemdum við það. Fyrir þessa annmarka yrði hins vegar girt, ef skattafsláttur, svarandi til sömu kostnaðarupphæðar og gert er ráð fyrir í frumvarpinu, kæmi jafnt til allra, án tillits til tekna. Sá háttur mundi einnig, að okkar dómi, skapa minni skatttæknileg vandamál en sá, sem frumvarpið gerir ráð fyrir."

Síðan samninganefnd Alþýðusambandsins bar fram þessa ósk sína, eru liðnar næstum þrjár vikur. Gera má ráð fyrir, að ríkisstjórnin og stuðningsflokkar hennar

hafi notað þennan tíma til þess að hugleiða vandlega tilmæli fulltrúa launþegasamtakanna. Hversu langur tími hefur liðið, án þess að afstaða væri tekin, gæti bent til þess, að ekki hafi verið samstaða um málið milli stjórnarflokkanna og kannske ekki innan þeirra heldur. En þær tillögur, sem meiri hluti nefndarinnar hefur nú flutt, sýna niðurstöðu ríkisstjórnarinnar og stjórnarflokkanna. Tilmælum samninganefndar Alþýðusambandsins er algjörlega hafnað. Ákvæði frumvarpsins um lækkun tekjuskatts og útsvars eru nú talin hafa í för með sér 1 380 millj. kr. skattalækkun, en sú lækkun, sem nauðsynleg er til viðbótar, til þess að heildarlækkunin nái 2 000 millj. kr., á að gerast með lækkun tolla, en þó fyrst og fremst með lækkun söluskatts á tilteknum vörutegundum, en ekki á þann hátt, sem samninganefnd Alþýðusambandsins hafði óskað eftir, þ. e. með auknum skattafslætti, sem komið gæti til útborgunar. Enn virðist þó ekki hafa verið tekin ákvörðun um, á hvaða vörum söluskattur skuli lækka, og er hér enn eitt dæmi um ráðleysi ríkisstjórnarinnar. Þar eð samninganefnd Alþýðusambandsins hefur lýst því yfir, að það sé skoðun sín, að lækkun söluskatts og tolla skili minni hagsbótum til hinna efnaminni en þeirra, sem betur eru settir, heldur en sú leið, sem hún hafði stungið upp á, hlýtur samninganefndin að telja, að ekki sé staðið við 1. og mikilvægasta lið yfirlýsingar forsætisráðherra frá 26. mars. Ég vil einnig láta í ljós þá skoðun, að verði tillögur meiri hluta nefndarinnar samþykktar, hafi ekki verið staðið við 1. lið yfirlýsingar forsætisráðherra.

Þjóðhagsstofnunin hefur gert samanburð á því, hver áhrif það hafi á kjör hjóna með tvö börn á framfæri, ef 800 millj. kr. skattalækkun sé framkvæmd annars vegar með frekari lækkun beinna skatta og hins vegar með lækkun óbeinna skatta af matvælum. Niðurstaðan er sú, að tekjuskattslækkunarleiðin færði slíkri fjölskyldu með 800 000 kr. tekjur 8.7% kjarabót, en söluskattslækkunarleiðin 8.4% kjarabót. Miðað við 900 000 kr. tekjur yrðu tölurnar 8.0% og 7.8%, 1 000 000 kr. tekjur 8.0% og 7.8%, 1 100 000 kr. tekjur 7.8% og 7.6% og 1 200 000 kr. tekjur 6.0% og 5.9%. Við öll þessi tekjumörk yrði kjarabótin meiri, ef tekjuskattslækkunarleiðin yrði farin en leið til lækkunar óbeinna skatta. Í krónum talið er niðurstaða Þjóðhagsstofnunarinnar sú, að hjón með 2 börn og 800 000 kr. tekjur mundu fá í viðbótarlækkun opinberra gjalda 12 900 kr. samkvæmt tekjuskattslækkunarleiðinni, en ekki nema 10 500 kr. eftir söluskattslækkunarleiðinni. Ef tekjurnar væru 900 000 kr., væri munurinn 2 700 kr., miðað við 1 000 000 kr. tekjur yrði hann 2 100 kr., við 1 100 000 kr. tekjur 1 800 kr. og við 1 200 000 kr. tekjur 1 500 kr. Það er á þessum athugunum Þjóðhagsstofnunar, sem samninganefnd Alþýðusambandsins hefur byggt þá skoðun sína, að tekjuskattslækkun mundi færa meiri hagsbætur en lækkun óbeinna skatta sem næmi sömu upphæð. Í umræðum um málið í fjárhags- og viðskiptanefnd var enginn rökstuðningur lagður fram fyrir því, að lækkun óbeinna skatta kæmi launþegum betur, en samkvæmt yfirlýsingu forsætisráðherra ber að haga viðbótarlækkun opinberra gjalda þannig, að „hún gagnist best þeim, sem við erfið kjör búa".

Í samræmi við þessi sjónarmið flyt ég á sérstöku þingskali tillögur um, að hver einstaklingur fái viðbótarívilnun, þ. e. lækkun tekjuskatts og útsvars eða greiðslu, sem svarar 4 300 kr. á einstakling, 8 600 kr. á hjón og 2 150 kr. á hvert barn. Er þetta í samræmi við óskir samninganefndar Alþýðusambandsins, og er þá að sjálfsögðu ekki gert ráð fyrir því, að heimildir frumvarpsins til samsvarandi lækkunnar tolla og söluskatts verði notaðar.

Þá er rétt að vekja athygli á því, að í breytingartillögum meiri hluta nefndarinnar er ekki að finna neinar tillögur varðandi 2. og 3. lið yfirlýsingar forsætisráðherra frá 26. mars, þ. e. um að innheimtu opinberra gjalda verði á árinu 1975 dreift á lengri tíma en ella hjá þeim launþegum, sem í ár hafa sömu eða lægri peningatekjur en í fyrra, né heldur um hækkun tekjutryggingarmarks og almenns lífeyris. Í nefndinni var að vísu frá því skýrt, að við þessi fyrirheit yrði staðið. Um hið fyrra þyrfti ekki lagasetningu, en vegna síðara atriðisins yrði öðrum lögum

breytt. Eðlilegast hefði þó verið, að skýr ákvæði hefðu verið sett um öll atriði yfirlýsingar forsætisráðherra í þessum lögum.

Þingflokkur Alþýðuflokksins er andvíkur ákvæðum frumvarpsins um flugvallagjald. Í fyrsta lagi telur hann varhugavert að leggja á slíkt gjald með þeim stutta fyrirvara, sem hér er ráðgerður. Í öðru lagi telur hann tekjur af þessu gjaldi ekki réttlæta þann skriffinnskukostnað, sem það hefði í för með sér, enda er hliðstætt gjald ekki innheimt í nálægum löndum. En mikilvægast er þó, að gjaldið mun skipta verulegu máli í augum efnalítils fólks og torvelda því að njóta orlofs erlendis, en skiptir hins vegar litlu eða engu máli fyrir hina tekjuháu eða þá, sem fá ferðakostnað sinn greiddan af fyrirtækjum eða opinberum aðilum.

Fyrst með frumvarpi þessu eru gerðar veigamiklar breytingar á skattakerfinu, telur þingflokkur Alþýðuflokksins rétt að minna á tillögur þær, sem flokkurinn hefur áður gert um sérsköttun hjóna. Þegar núgildandi skattalög voru sett vorið 1972, var af hálfu þingflokks Alþýðuflokksins flutt tillaga um, að kona skuli verða sjálfstæður skattþegn, hvort sem hún væri gift eða ekki og hvort sem hún ynni utan heimilis eða á heimili. Hugmyndinni var vel tekið af þáverandi fjármálaráðherra. Núverandi fjármálaráðherra hefur einnig lýst yfir skilningi á nauðsyn þess, að gerðar verði breytingar á núverandi skipan. En ekkert hefur enn gerst í málinu. Þess vegna er enn vakin athygli á nauðsyn breytinga.

Kjarni þessa máls er, að það ó auðvitað engin áhrif að hafa á skattgreiðslu konu, hvort hún hefur gifst eða ekki. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að lengst af galt kona þess herfilega, ef hún var gift og aflaði sér sjálfstæðra tekna, þar eð tekjur hennar voru lagðar við tekjur eiginmannsins og þannig greiddur af þeim hlutfallslega miklu hærri skattur en af hliðstæðum tekjum ógiftrar konu. Þetta hefur eflaust átt sinn þátt í því, að karl og kona hafa oft valið þann kost að búa saman án hjónabands, ef það varð til þess að létta skattbyrði. Nokkrar ráðstafanir hafa að vísu verið gerðar á undanförnum árum til þess að bæta úr þessu. Eina fullnægjandi ráðstöfunin er þó sú, að telja konu jafnan sjálfstæðan skattþegn, án tillits til stöðu hennar í þjóðfélaginu innan hjónabands eða utan, enda er það eitt í samræmi við nútímasjónarmið varðandi mannréttindi. Til þess að þetta geti orðið verður að ætla konu nokkurn hluta af tekjum eiginmanns sem laun hennar fyrir vinnu á heimilinu, og af þeim tekjum á hún að sjálfsögðu að greiða opinber gjöld. Skattar eiginmanns mitnnka þá hins vegar á móti. Sú hugmynd að skipta tekjum hjóna til helminga mundi vera tekjuháu fólki óeðlilegt hagstæð og ekki vera í samræmi við þau sjónarmið um réttmæta stighækkun tekjuskatts og útsvars, sem núgildandi skattakerfi grundvallast á.

Alþingi, 19. apríl 1975.

Gylfi Þ. Gíslason.

## Nd. 483. Breytingartillögur [204. mál]

**við frv. til l. um ráðstafanir í efnahagsmálum og fjármálum til þess að stuðla að jafnvægi í þjóðarbúskapnum og treysta undirstöðu atvinnu og lífskjara.**

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (GÞG)

1. Við 10. gr.
   a. 1. mgr. B-liðar orðist svo:
   Persónuafsláttur heimilisfastra manna hér á landi, sem skattskyldir eru samkvæmt 1. gr. laga þessara, skal vera sem hér segir:
   1. Fyrir einstaklinga, sbr. þó 3. tl., og hvort hjóna, sem telja fram hvort í sínu lagi 101 300 kr.

2. Fyrir hjón, sem samsköttuð eru 153 600 kr.
3. Fyrir einstætt foreldri, sem heldur heimili og framfærir þar börn sín, sem ekki eru fullra 16 ára í byrjun þess almanaksárs sem skattur er lagður á, 153 600 kr.

*b.* c-liður 2. mgr. B-liðar orðist svo:

Sá hluti persónuafsláttar, sem enn er óráðstafað, skal greiddur viðkomandi manni, þó aldrei hærri upphæð en 4 300 kr. til einstaklings og hjóna, sem telja fram hvort í sínu lagi, og 8 600 kr. til samskattaðra hjóna og einstæðra foreldra sem halda heimili og framfæra þar börn sín í byrjun þess almanaksárs, sem skattur er lagður á. Þó skulu þeim mönnum, sem náð hafa 67 ára aldri á skattárinu eða áttu rétt til örorkulífeyris samkvæmt lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum, greiddar eftirstöðvar allt að 24 300 kr. fyrir einstakling og hvort hjóna sem telja fram hvort í sínu lagi, en 38 600 kr. fyrir hjón sem eru samsköttuð. Fjármálaráðherra skal ákveða gjalddaga þessara eftirstöðva ár hvert.

c. C-liður orðist svo:

Með hverju barni, sem heimilisfast er hér á landi, þar með talin stjúpbörn, kjörbörn og fósturbörn, sem ekki eru fullra 16 ára í byrjun þess almanaksárs þegar skattur er lagður á og er á framfæri heimilisfastra manna greiða barnabætur til framfæranda barnsins er nemi 32 150 kr. með fyrsta hér á landi sem skattskyldir eru skv. 1. gr. laga þessara, skal ríkissjóður barni og 47 150 kr. með hverju barni umfram eitt. Þó skal fjárhæð barnabóta skert um þær barnabætur eða hliðstæðar bætur sem framfærandi hefur fengið erlendis á skattárinu vegna barnsins.

2. Aftan við ákvæði til bráðabirgða í lok II. kafla (á eftir 12. gr.) bætist nýr stafliður, svo hljóðandi:

Ríkisstjórnin skal halda áfram athugun á skattkerfinu og leggja niðurstöður þeirrar athugunar fyrir næsta Alþingi. Í því sambandi skal athugað sérstaklega, að hvort hjóna um sig verði sérstakur skattgreiðandi, þannig að vinni hjón utan heimilis, skuli hvor aðili greiða tekjuskatt af þeim tekjum, sem hann vinnur fyrir. Vinni annar aðilinn utan heimilis, skuli þeim, sem engar tekjur hefur, reiknaður til tekna hluti af tekjum hins, þó aldrei hærri fjárhæð en helmingur af tekjum hans.

## Nd. 484. Frumvarp til laga [251. mál]

um ráðstöfun gengismunar í þágu sjávarútvegsins skv. lögum nr. 2/1975 og um ráðstafanir vegna hækkunar brennsluolíuverðs til fiskiskipa.

(Lagt fyrir Alþingi á 96. löggjafarþingi, 1974—75.)

### 1. gr.

Fé það, sem kemur á reikning ríkissjóðs, skv. ákvæðum 2. gr. laga nr. 2/1975 um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu, umfram greiðslu skv. 4. mgr. þeirrar lagagreinar, skal lagt í sérstakan gengismunarsjóð, sem varið skal í þágu sjávarútvegsins með eftirgreindum hætti:

| | |
|---|---|
| a. Til lífeyrissjóða sjómanna til þess að auka lífeyrisgreiðslu til aldraðra sjómanna ..... | 75 m.kr. |
| b. Til þess að létta stofnfjárkostnaðarbyrði eigenda fiskiskipa, sem orðið hafa fyrir gengistapi vegna erlendra og gengistryggðra skulda með skilyrðum sem ráðuneytið setur ..... | 950 — |

Gert er ráð fyrir, að greiðslur samkvæmt þessum lið fari fram á þremur árum frá 14. febrúar 1975 að telja. Sjávarútvegsráðu-

neytinu er heimilt að ráðstafa allt að 400 m.kr. af heildarfjárhæð samkvæmt þessum lið til lánveitinga í sjávarútvegi til 2—3ja ára til að bæta lausafjárstöðu eigenda fiskiskipa og vinnslustöðva.

| | | | |
|---|---|---|---|
| c. | Til Fiskveiðasjóðs Íslands til þess að greiða fyrir lánveitingum sjóðsins til tækjakaupa og endurbóta á eldri fiskibátum. Fé þetta greiðist Fiskveiðasjóði sem óafturkræft framlag | 300 | — |
| d. | Til að bæta eigendum fiskiskipa það tjón sem þeir verða fyrir, er skip þeirra eru dæmd ónýt enda sé tjónið ekki bætt með öðrum hætti | 50 | — |
| e. | Til Olíusjóðs fiskiskipa til þess að jafna greiðsluhalla hans fram til 15. febrúar 1975 | 80 | — |
| f. | Til Tryggingasjóðs fiskiskipa til þess að bæta greiðslustöðu hans | 100 | — |
| g. | Til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, deildar fyrir afurðir síldar- og fiskimjölsverksmiðja, til greiðslu verðbóta vegna loðnumjöls og fiskmjöls á vetrarvertíð 1975 | 50 | — |
| h. | Til rannsókna og styrkveitinga vegna fiskiskipa, sem breyta vélbúnaði sínum til þess að geta nýtt svartolíu í stað gasolíu sem orkugjafa | 10 | — |
| i. | Til orlofshúsa sjómannasamtakanna | 12 | — |
| j. | Eftirstöðvar til ráðstöfunar samkvæmt nánari ákvörðun sjávarútvegsráðuneytisins. | | |

Sjávarútvegsráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessarar greinar og greiðslutíma framlaga.

**2. gr.**

Auk sérstaks útflutningsgjalds til Olíusjóðs fiskiskipa skv. 4. gr. laga nr. 106/1974 skal greiða til Olíusjóðs viðbótargjald af f.o.b.-verði sjávarafurða, sem framleiddar eru eftir 15. febrúar 1975, sem hér segir:

a. 4% af f.o.b.-verði útfluttra sjávarafurða, annarra en þeirra sem getið er í b. og c. lið þessarar greinar svo og lagmetis og þeirra afurða, sem koma frá hvalveiðum, selveiðum og hrognkelsaveiðum.
b. 6% af f.o.b.-verði útflutnings á saltfiski.
c. 2% af f.o.b.-verði útflutnings á loðnumjöli, loðnulýsi, fiskmjöli, karfamjöli, karfalýsi, humarmjöli, rækjumjöli, síldarmjöli og síldarlýsi.

Útflutningsgjaldið reiknast á sama hátt og annað útflutningsgjald af sömu vöru, og setur sjávarútvegsráðuneytið reglur um nánari framkvæmd á ákvæðum greinar þessarar.

**3. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

1. Ákvæði c.-liðar 2. gr. skal eigi taka gildi fyrr en 1. október 1975 og ná til afurða, sem framleiddar eru eftir þann tíma.
2. Stjórn Verðjöfnunarsjóðs er heimilt að greiða framleiðendum loðnumjöls upp í verðbætur, sbr. 6. gr. laga nr. 72/1969, vegna birgða loðnumjöls frá loðnuvertíð 1975, sem ekki hafa verið fluttar út. Sjóðsstjórnin setur reglur um greiðslur þessar, að fengnu samþykki ráðherra.
3. Ákvæði b.-liðar 1. mgr. 2. gr. laga nr. 2 13. febrúar 1975, um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu, um 20% frádrátt vegna gengismunar, skulu taka til afurða framleiddra úr loðnu, sem landað hefur verið fyrir 16. febrúar 1975.

## Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, felur í sér annars vegar ráðstöfun gengismunar í þágu sjávarútvegsins og hins vegar ráðstafanir vegna hækkunar brennsluolíuverðs.

Eins og jafnan fyrr, er tekju- og kostnaðaráhrifum gengisbreytingarinnar mjög misskipt milli greina sjávarútvegsins, þannig að gengislækkunin veldur sérlega miklum kostnaðarauka hjá útgerðinni en útflutningsgreinar njóta góðs af hagstæðum tekjuáhrifum gengislækkunarinnar. Þessi misskipting bætist ofan á það, að á síðustu misserum hafa viðskiptakjör útvegsins breyst mjög til hins verra, einkum vegna stórhækkaðs olíuverðlags og mikilla verðhækkana á veiðarfærum, auk þess sem greiðslubyrði erlendra lána hvílir þungt á öllum nýjum fiskiskipum, sem jafnframt hafa sum þegar átt í byrjunarörðugleikum. Allt orkar þetta til þess, að þörf er á ráðstöfunum innan sjávarútvegsins í kjölfar gengisbreytingarinnar og fiskverðshækkunarinnar 14. febrúar s. l. til þess að tryggja snurðulausan rekstur útvegsins á þessu ári. Frumvarp þetta er flutt í þessu skyni.

Með fiskverðshækkuninni 14. febrúar s. l. var einkum tekið mið af tvennu: Í fyrsta lagi að tryggja sanngjarna hækkun á aflahlutum sjómanna til samræmis við breytingar tekna annara stétta. Í öðru lagi að laga verðhlutföll milli fisktegunda og stærðarflokka að markaðsaðstæðum.

Afar örðugt er að meta nákvæmlega áhrif þessarar fiskverðsbreytingar á einstakar greinar útvegsins, en telja má nærri sanni að fiskverðshækkunin hafi að meðaltali orðið um 14.5%.

Fiskverðsbreytingin veldur um 1 500 m.kr. hækkun á hráefniskostnaði fiskvinnslu á ári. Skipshluturinn úr þessari hækkun er áætlaður um 900 m.kr., sem hrekkur skammt til þess að rétta stöðu útgerðarinnar, þegar þess er gætt, að hækkun olíuverðs, frá áramótum ein sér mun nema 1 000 m.kr. á heilu ári fyrir allan flotann.

Frumvarp þetta er flutt til þess að snúast við þessum vanda með tvennum hætti. Í fyrsta lagi er lagt til, að stærstum hluta gengismunar skv. lögum nr. 2/1975 verði varið til þess að greiða hluta gengistaps vegna erlendra skulda og til þess að létta stofnkostnaðarbyrði fiskiskipaflotans. Í öðru lagi er lagt til að tekjur Olíusjóðs fiskiskipa verði auknar frá því sem nú er með hækkun útflutningsgjalda til hans.

Þessar ráðstafanir eru að sjálfsögðu háðar þeim óvenjulegu aðstæðum, sem nú ríkja um olíukostnað og annan aðfangakostnað útvegsins. Fari þessi kostnaður lækkandi síðar hlýtur tekjuöflun til olíusjóðs að koma til endurskoðunar.

Þeim útgjaldaauka, sem ákvæði þessa frumvarps valda fiskvinnslunni verður að einhverju leyti að mæta með rýmkun á gildandi reglum um verðjöfnun fyrir frystingu, en það heildarsvigrúm, sem gengisbreytingin gefur sjávarútveginum var vísvitandi sett svo knappt, sem fært þótti.

## *Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

### Um 1. gr.

Með lögum nr. 2/1975 er kveðið á um myndun gengismunarsjóðs af birgðum sjávarafurða með hliðstæðum hætti og verið hefur við fyrri gengisbreytingar. Í 4. mgr. 2. gr. nefndra laga segir, að áður en umræddu fé er ráðstafað skuli greiða af því hækkanir á flutningskostnaði og öðrum sambærilegum kostnaði við útflutning vegna þeirra afurða, sem framleiddar hafa verið fyrir 15. febrúar 1975 en fluttar út eftir gengisbreytingu.

Taflan hér á eftir sýnir áætlun Seðlabanka Íslands um gengismun til ráðstöfunar í þágu sjávarútvegsins.

**Áætlun um gengismun skv. lögum nr. 2/1975, um ráðstafanir vegna breytingar á gengi íslenskrar krónu, 14. febrúar 1975.**

| | Stofn[1]) | Gengismunur |
|---|---|---|
| 1. Birgðir sjávarafurða skv. birgðaskýrslum 15. febr. 1975 | 4 500 | 1 125 |
| 2. Ógreiddur útflutningur 15. febrúar 1975 ..... | 2 874 | 719 |
| | | 1 844 |
| 3. Frá dregst, fragt og vátrygging af 1. og 2. og ófyrirséð[2]) | | 200 |
| 4. Til gengismunarsjóðs ..... | | 1 644 |

Fé þessu verður varið eins og greinir í stafliðum a. til j.

Um a.-lið.

Við setningu hinna sérstöku laga nr. 2/1975 um ráðstafanir vegna gengisbreytingarinnar, lýsti forsætisráðherra því yfir, að ríkisstjórnin myndi beita sér fyrir því, að 75 m.kr. af gengismun yrði varið til eflingar lífeyrissjóða sjómanna, einkum til þess að styrkja getu þeirra til að greiða lífeyri þeim sjómönnum, sem lífeyrisgreiðslna eiga að njóta á þessu ári og næstu árum, og til annarra umbóta á lífeyrisrétti sjómannastéttarinnar. Þessi liður er til fullnustu þessa fyrirheits.

Um b.-lið.

**Hækkun erlendra skulda útgerðarinnar** vegna gengisbreytingarinnar kemur að hluta til strax fram á þessu ári. Gert er ráð fyrir að með þeim 950 m.kr. sem varið verður samkvæmt þessum lið til að létta stofnfjárkostnaðarbyrði fiskiskipaeigenda vegna erlendra og gengistryggðra skulda, verði hægt að bæta gengistapið með um 6% á stofnupphæðina. Þar eð gert er ráð fyrir að öll gengistryggð lán hjá Fiskveiðasjóði njóti þessara bóta, má ætla að eigendur fiskibáta fái um 41% af heildarupphæðinni, en togareigendur um 59%. en þessar gengisbætur verði greiddar á þremur árum frá 14. febrúar að telja. Auk þessara greiðslna á gengistöpum af erlendum lánum á árinu, þá er sjávarútvegsráðuneytinu heimilað að ráðstafa á þessu ári allt að 400 m.kr. af heildarfjárhæð skv. þessum lið til lánveitinga í sjávarútvegi til 2—3 ára til að bæta lausafjárstöðu fyrirtækja. Gert er ráð fyrir, að sjávarútvegsráðuneytið setji nánari reglur um framkvæmd þessara lánveitinga.

Um c.-lið.

Vegna hinna miklu skuttogarakaupa og takmarkaðar getu Fiskveiðasjóðs af þeim sökum til þess að sinna öðrum aðkallandi verkefnum, þá er hér lagt til, að 300 m.kr. verði ráðstafað til Fiskveiðasjóðs, sem óafturkræfu framlagi, og verði því m. a. varið til lánveitinga til tækjakaupa og endurbóta á eldri fiskibátum. Er þess vænst, að þar með verði unnt að afgreiða slík lán jafnóðum og lánshæfar umsóknir berast.

Um d.-lið.

Sjávarútvegsráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

Um e.-lið.

Þegar lögin um Olíusjóð fiskiskipa voru sett á s. l. ári var ljóst, að héldist olíuverð óbreytt yrði greiðsluafkoma sjóðsins örðug. Að gengisbreytingunni 14.

1) Á eldra gengi.

2) Ófyrirséð eru afslættir og skaðabætur, sem gera má ráð fyrir eftir fyrri reynslu og er hér áætlað **kr. 40 millj.**

febrúar afstaðinni og með lagasetningu þessari er að því stefnt, að Olíusjóðurinn geti staðið undir greiðsluskuldbindingum sínum af eigin tekjum framvegis. Greiðslustaða hans um þessar mundir er örðug. Tillagan í e.-lið miðar að því að bæta úr þessu.

Um f.-lið.

Verulegur greiðsluhalli hefur myndast hjá Tryggingasjóði á síðustu mánuðum. Þannig var yfirdráttur sjóðsins hjá Seðlabankanum í febrúarlok 1975 121.1 m.kr. en var 61.8 m.kr. á sama tíma í fyrra. Mikil hækkun hefur nýlega orðið á iðgjöldum, og þótt greiðslureglum sjóðsins verði breytt þannig, að hann beri eitthvað lægra hlutfall iðgjalda en áður, er þörf á að styrkja fjárhag hans. Tillagan í f.-lið er við þetta miðuð.

Um g.-lið.

Vegna mikils verðfalls á loðnumjöli upp á síðkastið er nú hætta á, að innstæða loðnuafurða í Verðjöfnunarsjóði endist ekki til þess að gera fullnaðarskil á verðbótum skv. þeim reglum, sem settar voru fyrir vertíðina. Færi svo, kæmi þetta hart niður á þeim framleiðendum, sem sett hafa traust á þessar greiðslur við móttöku loðnu. Tillaga g.-liðar er til þess hugsuð að bæta úr þessu, en áætlað er að greiðslur út úr Verðjöfnunarsjóði gætu numið 350 m.kr. vegna loðnumjöls á þessari vertíð, en einhver innborgun af lýsi.

Um h.-lið.

Talið er að ná megi verulegum sparnaði í rekstri allmargra togara með því að breyta vélbúnaði þeirra þannig, að þeir geti brennt svartolíu í stað gasolíu. Hér er lagt til að ætla 10 m.kr til rannsókna á þessu sviði og til þess að styrkja eigendur þessara skipa til slíkra breytinga.

Um i.-lið.

Með lögum nr. 106/1974 var ráðstafað 11 m.kr. til orlofshúsa sjómannasamtakanna. En sjómannasamtökin vinna nú að undirbúningi orlofshúsa á sínum vegum. Í ljós hefur komið, að æskilegt er að auka nokkuð við þetta fé til þess að það komi að gagni víða.

Um j.-lið.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 2. gr.

Ákvæði þessarar greinar miða að því að bæta útgerðarfyrirtækjum að nokkru stórhækkaðan rekstrarkostnað á síðustu misserum, einkum olíuverðhækkun. Í árslok 1974 var verð á gasolíu til ísl. fiskiskipa kr. 5.80 pr. lítra, 11. janúar hækkaði verðið í 8.20 og 19. febrúar hækkaði það í 11.70 pr. lítra. Þessi hækkun ein úr 5.80 í 11.70 veldur um 950—1 000 m.kr. útgjaldaauka hjá útgerðinni á heilu ári.

Í þessari grein er því lagt til, að tekjur Olíusjóðs verði auknar í því skyni að greiða niður olíuverð til fiskiskipa enn frekar en orðið er. Samkvæmt ákvæðum þessarar greinar hækkar það gjald, sem innheimt er af f.o.b.-verði útflutningsins og renna á til Olíusjóðs, sem hér segir:

1) um 4% af þeim afurðum, sem getið er um í a.-lið greinarinnar þ. e. einkum frystiafurðum, skreið og löndunum veiðiskipa erlendis.
2) um 6% af þeim afurðum, sem getið er um í b.-lið greinarinnar þ. e. af saltfiski.
3) um 2% af þeim afurðum, sem getið er um í c.-lið greinarinnar þ. e. af afurðum síldar- og fiskmjölsverksmiðja.

Ætla má, að tekjuauki Olíusjóðs samkvæmt ákvæðum þessarar greinar nemi um 1 450 m.kr. á heilu ári miðað við verðlagsáætlun í mars 1975. Áætlað er að inn-

heimst gæti á almanaksárinu 1975 um 1 100 m.kr., sem ætti að duga til að bera uppi muninn á olíuverði kr. 5.80 pr. lítra gasolíu og kr. 11.70 pr. lítra og hliðstætt fyrir svartolíu. Eftir þessa breytingu næmi niðurgreiðsla á gasolíuverðinu til útgerðarinnar alls 14.40 kr. pr. lítra eða mismuninum á kr. 20.20 og 5.80.

Um 3. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

**Um ákvæði til bráðabirgða.**

Um 1. lið.

Vegna slakrar afkomu síldar- og fiskmjölsverksmiðja og erfiðs markaðsástands er eigi talið rétt að svo stöddu, að hækka frá því sem nú er, það gjald, sem innheimt er af f.o.b.-verðmæti útflutningsins.

Um 2. lið.

Við verðlagningu á loðnu til bræðslu á þeirri vertíð, sem nú er nýlokið, var ljóst þegar í upphafi að grípa yrði til innstæðna loðnuafurða í Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins. Var þetta afleiðing þess mikla verðfalls, sem orðið hafði á loðnumjöli frá síðustu vertíð. Samkvæmt gildandi lögum og reglum Verðjöfnunarsjóðs, er ráð fyrir því gert, að greiðslur úr sjóðnum eða í hann skuli fara fram, þegar framleiðsla verðjöfnunartímabils hefur verið greidd og gjaldeyri skilað. Nú er þannig ástatt, að nokkur hluti framleiðslu loðnuvertíðarinnar er óseldur og afskipanir á því, sem selt hefur verið munu að hluta til dragast fram á síðari hluta ársins. Þetta mun valda framleiðendum verulegum erfiðleikum, þar sem beinn vinnslukostnaður, svo sem hráefni, vinnulaun og rekstrarvörur, verður að greiðast þegar við framleiðsluna. Vegna þessara sérstöku aðstæðna þykir rétt að veita heimild til fráviks frá gildandi reglu um greiðslur úr sjóðnum eins og hér er gert, en það mundi létta nokkuð undir með loðnuverksmiðjunum.

Sjóðsstjórnin mun, að fengnu samþykki sjávarútvegsráðherra, setja um það reglur hvernig slíkar greiðslur skuli framkvæmdar.

Um 3. lið.

Sú loðna, sem á land var komin 16. febrúar s. l., var greidd á eldra verði, sem miðaðist við eldra gengi og aðföng til vinnslunnar voru einnig keypt með sama hætti á eldra gengi fyrir þennan tíma. Telst því sanngjarnt, að afurðir framleiddar úr loðnu, sem landað hefur verið fyrir 16. febrúar s. l., greiðist á eldra gengi.

## Nd. 485. Breytingartillaga [204. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir í efnahagsmálum og fjármálum til þess að stuðla að jafnvægi í þjóðarbúskapnum og treysta undirstöðu atvinnu og lífskjara.

Frá Svövu Jakobsdóttur.

Við 10. gr. Í stað „16 ára“ í 3. tölulið B-liðar komi: 17 ára.

## Nd. 486. Nefndarálit [163. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 8/1972, um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur skoðað frumvarpið og gerir á því tvær breytingar, sbr. framlagðar breytingartillögur. Annars vegar er um að ræða sjálfstæða viðbót um undanþágu fyrir skipbrotsmannaskýli og sæluhús. Hins vegar vill hún þrengja undanþágurnar, sem fram koma í frumvarpinu, og setja það í vald viðkomandi sveitarstjórna, hvaða fasteignir njóti undanþágu og hvenær tómstundaiðja skuli viðurkennd.

Með þessum breytingum mælir félagsmálanefnd með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 21. apríl 1975.

| | | |
|---|---|---|
| Gunnlaugur Finnsson, form. | Ellert B. Schram, fundaskr., frsm. | Stefán Valgeirsson. |
| Ólafur G. Einarsson. | Eðvarð Sigurðsson. | Magnús T. Ólafsson. |

## Nd. 487. Breytingartillaga [163. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 8/1972, um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá félagsmálanefnd.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

5. gr. laganna breytist þannig:

Á eftir orðunum „orlofsheimili launþegasamtaka“ í 1. mgr. komi: skipbrotsmannaskýli, sæluhús.

Aftan við greinina bætist ný mgr., svo hljóðandi:

Heimilt er sveitarstjórn að lækka eða fella niður fasteignaskatt af fasteignum, sem einvörðungu eru notaðar til tómstundaiðju, sem viðurkennd er af viðkomandi sveitarstjórn.

## Nd. 488. Nefndarálit [133. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 frá 1941 um fjarskipti.

Frá heilbrigðis- og tryggingánefnd.

Frv. er þess efnis að veita ráðherra heimild til að undanþiggja elli- og örorkulífsþega, sem hljóta uppbót á lífeyri skv. 19. gr. l. um almannatryggingar frá 1971, afnotagjald fyrir síma.

Nefndarmenn eru sammála um að eðlilegt sé, að ráðherra hafi slíka heimild, og að æskilegt sé, að allir örorku- og ellilífeyrisþegar eigi þess kost að hafa síma og þurfi ekki að neita sér um hann af fjárhagsástæðum. Nefndin mælir því með samþykkt frv.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Ragnhildur Helgadóttir og Jóhann Hafstein.

Alþingi, 21. apríl 1975.

Jón Skaftason, form., frsm. Guðm. G. Þórarinsson, fundaskr. Magnús Kjartansson.
Guðmundur H. Garðarsson. Karvel Pálmason.

## Sþ. 489. Nefndarálit [88. mál]

um till. til þál. um landmælingastjórn ríkisins.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar.

Alþingi, 19. apríl 1975.

Ellert B. Schram, form., frsm. Jón Helgason, fundaskr. Ólafur G. Einarsson.
Magnús T. Ólafsson. Lárus Jónsson. Jón Skaftason.
Jónas Árnason.

## Sþ. 490. Fyrirspurnir. [252. mál]

I. Til forsætisráðherra um hækkun almannatryggingabóta.

Frá Braga Sigurjónssyni.

a) Hefur ríkisstjórnin í hyggju að bæta lífeyrisþegum almannatrygginga þá miklu bótarýrnun, sem þeir hafa orðið fyrir óbætt nú um marga mánaða skeið?
b) Ef svo er, hve mikil verður uppbótin, frá hvaða tíma verður hún látin gilda og hvenær hefst greiðsla hennar?

II. Til forsætisráðherra um eignarráð yfir jarðhita.

Frá Braga Sigurjónssyni.

Hefur ríkisstjórnin markað sér ákveðna stefnu og þá hverja um eignarráð yfir jarðhita, sem borað er eftir á kostnað ríkisins.
a) háhita,
b) lághita?

III. Til sjávarútvegsráðherra um lausaskuldir sjávarútvegsins.

Frá Jóni Árm. Héðinssyni.

1. Hvað var búið að ganga frá hárri upphæð af lausaskuldum sjávarútvegsins 15. apríl s. l.?
2. Hvernig skiptist þessi fjárhæð eftir kjördæmum?
3. Hvenær má ætla að lokið verði að ganga frá þessum þætti skulda hjá sjávarútveginum og hve háa upphæð er hér um að ræða?

## Nd. 491. Breytingartillögur [130. mál]

við frv. til l. um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir.

Frá Gunnlaugi Finnssyni, Pálma Jónssyni, Lárusi Jónssyni og Karvel Pálmasyni.

1. Við 9. gr.
   a. Í stað orðanna „of erfið“ í 1. málsgr. 1. töluliðar komi orðið: ofraun.
   b. d-liður í 1. tölulið falli niður.
2. Við 10. gr. Í stað 1. og 2. málsgr. komi:
   Fóstureyðing skal framkvæmd eins fljótt og auðið er og aldrei eftir 12. viku meðgöngutímans, nema fyrir hendi séu ótvíræðar læknisfræðilegar ástæður og lífi og heilsu konunnar stefnt í því meiri hættu með lengri meðgöngu og fæðingu. Einnig skal fóstureyðing leyfileg eftir 12 vikur séu miklar líkur á vansköpun, erfðagöllum eða sköddun fósturs.
3. Við 26. gr. bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
   Þau skulu og hafa eftirlit með, að ákvæðum II. og III. kafla sé stranglega fylgt, og gera dómstólum viðvart ef grunur leikur á að út af sé brugðið.

## Nd. 492. Frumvarp til laga [253. mál]

um breyting á þjóðminjalögum nr. 52/1969.

(Lagt fyrir Alþingi á 96. löggjafarþingi, 1974—75.)

**1. gr.**

Við IV. kafla laganna (Friðun húsa og annarra mannvirkja) bætist þrjár nýjar greinar, er verði 39., 40. og 41. gr. og breytist greinatala laganna samkvæmt því:

**39. gr.**

Stofna skal sjóð, er nefnist húsafriðunarsjóður. Hlutverk hans er að veita styrki til viðhalds og endurbóta húsa, húshluta og annarra mannvirkja, sem að dómi húsafriðunarnefndar hafa menningarsögulegt gildi, og stuðla að friðun húsa.

Varsla og reikningshald sjóðsins skal falið einhverjum ríkisbankanna.

**40. gr.**

Tekjur sjóðsins eru:

1. árlegt framlag ríkissjóðs.
2. árlegt framlag sveitarfélaga.
3. frjáls framlög.

Framlag ríkissjóðs skal miða við að það nemi á ári hverju 20 kr. á hvern íbúa landsins. Framlag sveitarfélaga skal miðað við að það nemi 20 kr. á hvern íbúa hlutaðeigandi sveitarfélags. Þessi framlög skulu þó breytast árlega í hlutfalli við byggingavísitölu.

Framlög sveitarfélaga greiðast úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga sbr. 8. gr. laga nr. 8/1972, um tekjustofna sveitarfélaga.

**41. gr.**

Húsafriðunarnefnd stjórnar húsafriðunarsjóði og ákveður styrki úr honum samkvæmt sérstakri reglugerð sem menntamálaráðuneytið setur um sjóðinn. Skal þar m. a. kveðið á um skyldur þeirra, sem fjárframlög fá úr sjóðnum.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í þjóðminjalögum, sem sett voru árið 1969 (nr. 52) var kaflinn um húsafriðun að verulegu leyti nýmæli. Fram að því höfðu ekki verið önnur lagaákvæði um byggingavernd en í lögum nr. 40/1907, um verndun fornminja og lögum nr. 8/1947, um viðhald fornra mannvirkja og byggðasöfn. Hafði Þjóðminjasafnið annast varðveislu og viðhald allmargra gamalla bygginga og fé verið veitt til þess í fjárlögum. Gamla dómkirkjan á Hólum var fyrst þessara húsa tekin á fornleifaskrá 1924. Síðan bættust við önnur hús einkum hinar gömlu torfkirkjur og torfbæir og í seinni tíð timburkirkjur frá síðustu öld og gömul steinhús. Yfirleitt er hér um að ræða hús, sem hætt var að nota.

Með ákvæðum húsafriðunarkafla þjóðminjalaga var ráðgert að auka byggingavernd í landinu og hafa allmargar byggingar sem hafa menningarsögulegt gildi verið friðlýstar. En friðlýsingar geta haft allmikinn kostnað í för með sér, bæði sem bætur til eigenda og vegna viðgerða, viðhalds og varðveislu bygginga.

Alþingi hefur í ýmsum tilvikum veitt fé í fjárlögum til viðgerða og viðhalds merkra bygginga, svo sem kirkna, þegar söfnuðir eða aðrir umráðaaðilar hafa ekki haft fé til að standa einir straum af kostnaðinum.

Æskilegt er að koma þessum málum á fastari grundvöll og mynda sérstakan sjóð, húsafriðunarsjóð, sem húsafriðunarnefnd veiti fé úr í sambandi við þær húsafriðunarákvarðanir, sem teknar eru.

Árið 1975 er helgað byggingavernd samkvæmt ályktun Evrópuráðsins á sama hátt og árið 1970 var náttúruverndarár. Munu þá vafalaust ýmsar þjóðir Evrópu efla þennan menningarþátt og húsavernd og húsafriðun verða nokkuð í sviðsljósi.

Menntamálaráðuneytið fór fram á 5 milljónir króna við samningu gildandi fjárlaga, er skiptast skyldu á 2 ár, til framkvæmda í tilefni „byggingaverndarársins“, en fé var eigi veitt að því sinni.

Æskilegt verður að teljast að nokkurt fé sé jafnan tiltækt til að standast kostnað við ákvarðanir um húsafriðun og líklegt að húsafriðunarnefnd næði betri árangri, ef hún hefði yfir ákveðnu fjármagni að ráða og hagaði friðunartillögum sínum og framkvæmdum í samræmi við það.

Samkvæmt ákvæðum frumvarpsins myndi húsafriðunarsjóður fá árlega í tekjur 8—9 milljónir króna, og væri unnt að vinna skipulega að þessum málum, ef þau fjárráð væru tryggð.

## Nd. 493. Frumvarp til laga [204. mál]

um ráðstafanir í efnahagsmálum og fjármálum til þess að stuðla að jafnvægi í þjóðarbúskapnum og treysta undirstöðu atvinnu og lífskjara.

(Eftir 2. umr. í Nd., 22. apríl.)

### I. KAFLI

### Heimild til lækkunar ríkisútgjalda.

1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði fjárlaga fyrir árið 1975 er ríkisstjórninni heimilt að lækka fjárveitingar um allt að 3 500 millj. kr. Ákvörðun um skiptingu lækkunarinnar milli einstakra fjárlagaliða skal tekin með samþykki fjárveitinganefndar. Heimild þessi tekur einnig til útgjalda sem ákveðin eru með sérstökum lögum.

## II. KAFLI

**Um breyting á lögum nr. 68 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt, lögum nr. 7 23. mars 1972, lögum nr. 60 30. apríl 1973 og I. kafla laga nr. 10 22. mars 1974 um breyting á þeim lögum.**

2. gr.

3. mgr. 3. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 7/1972, orðist svo:

Þegar gift kona vinnur við fyrirtæki eða félag, sem annað hvort hjónanna eða bæði eða ófjárráða börn þeirra eiga eða reka að verulegu leyti, á hún rétt á því að helmingur launa hennar eða áætlaðs hluta hennar af sameiginlegum hreinum tekjum hjónanna af atvinnurekstrinum, miðað við beint vinnuframlag hennar við öflun teknanna, verði dreginn frá sameiginlegum tekjum hjónanna. Aldrei skal þó koma hærri fjárhæð til frádráttar af þessum sökum en helmingur sameiginlegra hreinna tekna hjónanna af atvinnurekstrinum eða 134 000 kr. hvor fjárhæðin sem lægri er.

**3. gr.**

1. mgr. 4. gr. laga nr. 68/1971 orðist svo:

Börn innan 16 ára aldurs, sem eru á framfæri foreldra sinna (stjúpforeldra, kjörforeldra, fósturforeldra), eru ekki sjálfstæðir skattþegnar. Teljast tekjur þeirra með tekjum foreldra að undanskildum skattfrjálsum tekjum skv. 2. mgr. 21. gr. Nemi hreinar tekjur barns hærri fjárhæð en 37 750 kr. er skattstjóra heimilt að ákveða barninu skatt sem sjálfstæðum skattþegni enda komi fram tilmæli um það frá foreldrum. Fallist skattstjóri á tilmæli foreldra um sérsköttun barns skal ávallt telja foreldrum til tekna 37 750 kr. af tekjum barnsins en barninu það sem umfram er.

**4. gr.**

Síðasti málsl. A-liðar 1. mgr. 7. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 1. tl. 3. gr. laga nr. 7/1972, orðist svo:

Til slíkra tekna telst fæði, húsnæði, endurgreiðsla flutningskostnaðar milli heimilis og vinnustaðar, afnot bifreiða, svo og hvers konar aðrar greiðslur eða hlunnindi sem látin eru í té sem kaupgjald eða jafna má til kaupgreiðslu.

5. gr.

Við 10. gr. laga nr. 68/1971 bætist nýr stafliður er verði I-liður og hljóði svo:

I. Persónuafsláttur og barnabætur samkvæmt ákvæðum B- og C-liða 25. gr.

6. gr.

Í stað „84 700 kr.“ í A-lið 13. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 10/1974, komi: 127 900 kr.

Í stað „38 500 kr.“ í 1. mgr. D-liðar 13. gr. sömu laga, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 10/1974, komi: 58 200 kr. og í stað „23 000 kr.“ í 5. mgr. D-liðar 13. gr., sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 10/1974, komi: 34 800 kr.

**7. gr.**

Í stað „1 500 kr.“ í 1. mgr. 14. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 10/1974, komi: 2 265 kr.

Í stað „9 500 kr.“ í 2. mgr. 14. gr. sömu laga, sbr. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 10/1974, komi: 14 345 kr.

8. gr.

16. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 8. gr. laga nr. 7/1972 og 3. gr. laga nr. 10/1974, orðist svo:

Ef foreldrar barns, sem ekki er fullra 17 ára í byrjun þess almanaksárs þegar skattur er lagður á, búa ekki saman og annað þeirra hefur barnið hjá sér

en hitt greiðir meðlag skal meðlagsgreiðslan talin að hálfu til tekna hjá því foreldri, sem við henni tekur, og að hálfu til frádráttar frá tekjum þess foreldris, sem innir hana af hendi. Meðlagsgreiðsla til einstæðs foreldris telst ekki til tekna hjá því. Greiddur barnalífeyrir skv. 14. gr. og 35. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar, vegna barns, sem ekki er fullra 17 ára í byrjun þess almanaksárs þegar skattur er lagður á, skal teljast að hálfu til tekna ef annað hvort foreldra er látið eða barnið er ófeðrað. Þó telst hann ekki til tekna hjá einstæðu foreldri. Meðlagsgreiðslur samkvæmt þessari málsgrein skulu takmarkaðar við sömu upphæð og fjárhæð þess barnalífeyris nemur, sem greiddur er skv. 14. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar.

Frá tekjum þeirra, sem eru við nám, er heimilt að draga námskostnað að mati ríkisskattstjóra.

**9. gr.**

25. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 11. gr. laga nr. 7/1972, 5. og 6. gr. laga nr. 60/1973 og 4. gr. laga nr. 10/1974, orðist svo:

A. Tekjuskattur þeirra manna, sem tekjuskattskyldir eru samkvæmt lögum þessum, skal reiknast svo:
   1. Hjá einstaklingi og hjónum telji þau fram hvort í sínu lagi: Af fyrstu 600 000 kr. skattgjaldstekjum greiðist 20% en af skattgjaldstekjum yfir 600 000 kr. greiðist 40%. Frá þeirri fjárhæð skal síðan dreginn persónuafsláttur skv. 1. eða 3. tl. B-liðar þessarar greinar eftir því sem við á.
   2. Hjá hjónum sem samsköttuð eru, sbr. 3. gr. laga þessara: Af fyrstu 850 000 kr. skattgjaldstekjum greiðist 20% en af skattgjaldstekjum yfir 850 000 kr. greiðist 40%. Frá þeirri fjárhæð skal síðan dreginn persónuafsláttur skv. 2. tl. B-liðar þessarar greinar.

B. Persónuafsláttur heimilisfastra manna hér á landi, sem skattskyldir eru samkvæmt 1. gr. laga þessara, skal vera sem hér segir:
   1. Fyrir einstakling, sbr. þó 3. tl., og hvort hjóna, sem telja fram hvort í sínu lagi, 97 000 kr.
   2. Fyrir hjón, sem samsköttuð eru, 145 000 kr.
   3. Fyrir einstætt foreldri, sem heldur heimili og framfærir þar barn sitt, sem ekki er fullra 16 ára í byrjun þess almanaksárs, sem skattur er lagður á, 145 000 kr.

   Nemi persónuafsláttur skv. 1., 2. eða 3. tl. þessa stafliðar hærri fjárhæð en reiknaður skattur af skattgjaldstekjum skv. 1. eða 2. tl. A-liðar þessarar greinar skal ríkissjóður leggja fram fé sem nemur allt að þessum mun og skal því ráðstafað fyrir hvern mann til greiðslu útsvars gjaldársins. Sá hluti persónuafsláttar mannsins, sem enn er óráðstafað, fellur niður.
   Þó skal aldrei koma til skuldajafnaðar hærri fjárhæð en sem nemur mismun persónuafsláttar og 20% af vergum tekjum til skatts, þegar frá þeim hafa verið dregnar 250 000 kr. hjá einstaklingi og hjá hvoru hjóna, sem telja fram hvort í sínu lagi, en 375 000 kr. hjá samsköttuðum hjónum.
   Hjá þeim skattþegnum, sem heimilt væri að beita ákvæðum 4. mgr. 23. gr. laga nr. 8/1972, um tekjustofna sveitarfélaga, skal hækka framangreindar vergar tekjur til skatts á þann veg er þar um ræðir.
   Karli og konu, sem búa saman í óvígðri sambúð og átt hafa barn saman, er heimilt, að skriflegri beiðni beggja, að fara þess á leit við skattstjóra að hann sameini skattgjaldstekjur þeirra og skattgjaldseign til skattgjalds á nafni karlmannsins, enda séu þau þá bæði háð ákvæðum 2. og 3. málsl. 1. mgr. og 4. mgr. 3. gr. um ábyrgð skattgreiðslu. Tekjuskattur reiknast þá samkvæmt 2. tl. A-liðar þessarar greinar og persónuafsláttur samkvæmt 2. tl. þessa stafliðar. Nú búa foreldrar barns saman í óvígðri sambúð og skal þá hvorugt

þeirra teljast einstætt foreldri skv. þessum staflið eða skv. 16. gr. laganna þótt þau framfæri á heimilinu barn sem þau hafa ekki átt saman. Sé um að ræða barn, sem ekki er fullra 16 ára í byrjun þess almanaksárs, þegar skattur er lagður á og fallist hefur verið á sérsköttun þess samkvæmt heimild í 4. málsl. 4. gr. og með farið um sérsköttun þess samkvæmt síðasta málsl. þeirrar lagagreinar, skal þó aldrei koma til greiðslu samkvæmt 2. mgr. þessa stafliðar hærri fjárhæð en 18 000 kr.

Þeir, sem taka upp heimilisfesti hér á landi á skattárinu, skulu einungis njóta persónuafsláttar í hlutfalli við dvalartíma sinn hér á landi á því ári.

C. Með hverju barni, sem heimilisfast er hér á landi, þar með talin stjúpbörn, kjörbörn og fósturbörn, sem ekki er fullra 16 ára í byrjun þess almanaksárs þegar skattur er lagður á og er á framfæri heimilisfastra manna hér á landi sem skattskyldir eru skv. 1. gr. laga þessara, skal ríkissjóður greiða barnabætur til framfæranda barnsins er nemi 30 000 kr. með fyrsta barni en 45 000 kr. með hverju barni umfram eitt. Þó skal fjárhæð barnabóta skert um þær barnabætur eða hliðstæðar bætur sem framfærandi hefur fengið erlendis á skattárinu vegna barnsins.

Barnabætur greiðast til framfæranda barns að því marki sem eftirstöðvar nema þegar frá hafa verið dregnar greiðslur eftirtalinna opinberra gjalda framfærandans í þessari forgangsröð:

1. Tekjuskatts sem á er lagður á greiðsluárinu skv. A-lið þessarar greinar.
2. Annarra þinggjalda sem á eru lögð á greiðsluárinu.
3. Ógoldinna þinggjalda frá fyrri árum.
4. Útsvars sem á er lagt á greiðsluárinu.
5. Aðstöðugjalds sem á er lagt á greiðsluárinu.

Fjármálaráðherra skal ákveða gjalddaga eftirstöðvanna ár hvert. Búi foreldrar barns, sem ekki er fullra 16 ára í byrjun þess almanaksárs þegar skattur er á lagður, saman ógift telst faðir barnsins framfærandi þess svo og annarra barna, sem þau framfæra saman á heimilinu, skv. þessum staflið, en heimilt er samkvæmt reglugerð, sem fjármálaráðherra setur, að draga frá barnabótum greiðslu opinberra gjalda móður barnsins (barnanna) að því marki sem eftirstöðvunum nemur á sama hátt og í sömu forgangsröð og fyrir er mælt í 2. mgr. þessa stafliðar.

Fyrir barn, sem öðlast heimilisfesti hér á landi á skattárinu, skal einungis greiða barnabætur í hlutfalli við dvalartíma þess hér á landi á því ári.

Þar sem innheimta þinggjalda og gjalda til sveitarsjóðs er sameiginleg er fjármálaráðherra heimilt með reglugerð að kveða svo á að þinggjöld og gjöld til sveitarsjóðs skuli vera samhliða í forgangsröðinni.

D. Tekjuskattur þeirra félaga og stofnana, er um ræðir í 5. gr., skal vera 53% af skattgjaldstekjum.

E. Tekjuskatt, sem ekki nær 100 kr., skal fella niður við álagningu.

**10. gr.**

2. ml. 1. mgr. 46. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 8. gr. laga nr. 60/1973, falli niður. Í hans stað komi þrír nýir málsliðir, er hljóði svo:

Sé skatturinn eigi greiddur innan mánaðar frá gjalddaga skal greiða ríkissjóði dráttarvexti af því sem ógreitt er, talið frá og með gjalddaga. Dráttarvextir eru þeir sömu og hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10 frá 29. mars 1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma. Dráttarvextir reiknast með sama hætti og hjá innlánsstofnunum.

Á eftir 1. mgr. 46. gr. sömu laga, sbr. 8. gr. laga nr. 60/1973 komi ný mgr., er orðist svo:

Nú hefur fjármálaráðherra ákveðið að gjalddagar tekju- og eignarskatts skuli vera fleiri en einn á ári og veldur þá vangreiðsla að hluta því að skattar gjaldandans á gjaldárinu falla í eindaga, þó ekki fyrr en 15. næsta mánaðar eftir að álagningu er lokið.

**11. gr.**

1. ml. 1. mgr. 52. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 9. gr. laga nr. 60/1973, orðist svo:

Heimilt er skattstjóra að taka til greina umsókn skattþegns um lækkun skattgjaldstekna, þegar svo stendur á sem hér segir:

2. ml. 2. tl. 1. mgr. 52. gr. sömu laga, sbr. 9. gr. laga nr. 60/1973, orðist svo:

Fallist skattstjóri á umsókn skattþegns skulu skattgjaldstekjur hans lækkaðar um fjárhæð er nemur barnalífeyri skv. 14. gr. laga nr. 67/1971 fyrir hvert barn, sem þannig er ástatt um.

5. tl. 1. mgr. 52. gr. sömu laga, sbr. 9. gr. laga nr. 60/1973, orðist svo:

Ef skattþegn hefur orðið fyrir verulegu eignatjóni, m. a. af völdum náttúruhamfara, eldsvoða eða búfjársjúkdóma enda hafi hann ekki fengið tjón sitt bætt úr hendi annarra aðila.

**12. gr.**

53. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 10. gr. laga nr. 60/1973 og 5. gr. laga nr. 10/1974, orðist svo:

Skylt er að hækka eða lækka þær fjárhæðir, sem um ræðir í 3. mgr. 3. gr.; 1. mgr. 4. gr.; A- og D-liðum 13. gr.; 14. gr. og A-, B- og C-liðum 25. gr., í samræmi við skattvísitölu sem ákveðin skal í fjárlögum ár hvert, í fyrsta sinn í fjárlögum fyrir árið 1976.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

a. Fjölskyldubætur greiddar á árinu 1974 og árinu 1975 teljast ekki til skattskyldra tekna, sbr. 10. gr. laga nr. 68/1971.
b. Fjölskyldubætur, sem greiddar eru framfæranda á árinu 1975, skulu koma til frádráttar barnabótum er framfærandi á rétt til skv. C-lið 25. gr. við ákvörðun barnabóta á árinu 1975.

## III. KAFLI

**Um breyting á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 8 22. mars 1972, sbr. lög nr. 36 24. apríl 1973 og lög nr. 104 24. desember 1973 um breyting á þeim lögum.**

**13. gr.**

Á eftir 3. mgr. 3. gr. laga nr. 8/1972 komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Í sveitarfélagi, þar sem bæði er þéttbýli og dreifbýli, er sveitarstjórn heimilt að undanþiggja fasteignir í dreifbýli álagi á fasteignaskatt, sbr. 3. mgr.

**14. gr.**

16. gr. laga nr. 8/1972 orðist svo:

Nú hefur fólksfækkun orðið í sveitarfélagi næstliðið ár og skal þá sveitarfélag fá sérstakt aukaframlag úr Jöfnunarsjóði, sbr. e-lið 8. gr. Framlagið skal nema meðalútsvari á íbúa í landinu í heild næstliðið ár margfaldað með íbúafækkunartölunni.

Fólksfækkunarframlag skal greitt hlutaðeigandi sveitarfélögum eigi síðar en 31. desember ár hvert.

**15. gr.**

1. mgr. 23. gr. laga nr. 8/1972 hljóði svo:

Útsvar skal leggja á tekjur þær sem taldar eru í 7. gr. að teknu tilliti til ákvæða 8. gr., 10. gr. og 1. mgr. 16. gr. laga nr. 68 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum:

**16. gr.**

1. mgr. 26. gr. laga nr. 8/1972 hljóði svo:

Útsvar skv. 25. gr. hjá hjónum, sem telja fram sameiginlega, og einstæðu foreldri, sem hefur fyrir heimili að sjá, svo og fólki í óvígðri sambúð, sem telur fram saman, sbr. 5. mgr. B-liðs 25. gr. laga nr. 68/1971 með áorðnum breytingum, skal lækka um 10 500 kr. og útsvar einstaklings um 7 500 kr. Telji hjón fram hvort í sínu lagi skal hvort um sig fá samsvarandi lækkun og einstaklingur. Fyrir hvert barn innan 16 ára aldurs, sem gjaldandi hefur á framfæri sínu, sbr. C-lið 25. gr. laga nr. 68/1971 með áorðnum breytingum, skal lækka útsvar hans um 1 500 kr. Hafi gjaldandi fleiri en þrjú börn innan 16 ára aldurs á framfæri sínu skal enn fremur lækka útsvar hans um 3 000 kr. fyrir hvert barn umfram þrjú. Fjárhæðir þessar skulu breytast í samræmi við skattvísitölu eins og hún er á hverjum tíma, sbr. 53. gr. laga nr. 68/1971 með síðari breytingum.

Aftan við sömu gr. laga nr. 8/1972 bætist ný mgr., er hljóði svo:

Þeir, sem hafa tekið upp heimilisfesti hér á landi á næstliðnu almanaksári, skulu njóta lækkunar á útsvari samkvæmt þessari grein í hlutfalli við dvalartíma sinn hér á landi á því ári.

**17. gr.**

a-liður 27. gr. laga nr. 8/1972 hljóði svo:

a. sem nýtur bóta samkvæmt II. kafla (Lífeyristrygginga) og IV. kafla (Slysatrygginga) laga nr. 67 20. apríl 1971 með síðari breytingum.

c-liður 27. gr. laga nr. 8/1972 breytist svo:

Í stað orðanna „1.—4. tölulið“ komi orðin: 1.—7. tölulið. Aftan við orðin „laga nr. 68/1971“ komi orðin: með síðari breytingum.

**18. gr.**

43. gr. laga nr. 8/1972 hljóði svo:

Séu gjöld samkvæmt lögum þessum eigi greidd innan mánaðar frá gjalddaga, skal greiða sveitarsjóði dráttarvexti af því sem ógreitt er, talið frá og með gjalddaga. Dráttarvextir eru þeir sömu og hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10 frá 29. mars 1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma. Dráttarvextir reiknast með sama hætti og hjá innlánsstofnunum.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

a. 43. gr. laga nr. 8/1972 gildi svo orðuð til og með 31. desember 1975:

Ef gjöld samkvæmt lögum þessum eru ekki greidd áður en 2 mánuðir eru liðnir frá gjalddaga, skal greiða sveitarsjóði dráttarvexti af því, sem ógreitt er, 1½% fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði sem líður, talið frá og með gjalddaga, uns gjaldið er greitt.

b. Þar til nýtt fasteignamat hefur tekið gildi, er ráðherra heimilt að ákveða fyrir 15. nóv. ár hvert, að gjöld næsta árs, sem reiknuð eru sem hlutfall af fasteignamati, megi breytast í hlutfalli við þá breytingu byggingarvísitölu, sem orðið hefur frá 1. nóv. árið áður til 1. nóv. ákvörðunarársins.

## IV. KAFLI

**Um breyting á lögum nr. 67 20. apríl 1971, um almannatryggingar, sbr. lög nr. 96 27. desember 1971, lög nr. 112 31. desember 1972, lög nr. 62 21. maí 1974 og brb.lög nr. 88 24. september 1974.**

### 19. gr.

Niður falli 26. gr. laga nr. 67/1971, sbr. 4. gr. laga nr. 62/1974 og 6. gr. laga nr. 88/1974. Jafnframt falli úr gildi önnur ákvæði laganna um fjölskyldubætur.

## V. KAFLI

**Heimild til lækkunar eða niðurfellingar söluskatts og afnáms tolla af nokkrum mikilvægum matvörum og hráefnum til matvælagerðar.**

### 20. gr.

Afnema skal tolla af vörum, sem falla undir eftirfarandi tollskrárnúmer, sbr. lög nr. 6/1974, um tollskrá o. fl.:

08.01.10 Bananar, nýir.
08.02.10 Appelsínur, tangarínur, mandarínur og clementínur.
08.02.21 Sítrónur.
08.06.10 Epli.
08.09.01 Melónur.

### 21. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að lækka eða fella niður söluskatt af einstökum matvörum eða matvöruflokkum, sbr. lög nr. 10/1960 með áorðnum breytingum.

Fjármálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessarar lækkunar, þar með skrá yfir þær vörur sem hún tekur til, svo og um bókhald og söluskattsframtal þeirra sem versla með vörur þessar.

## VI. KAFLI

**Flugvallagjald.**

### 22. gr.

Á tímabilinu 1. maí 1975 til loka febrúar 1976 skal greiða flugvallagjald, er renni til ríkissjóðs, vegna hvers manns, sem ferðast með loftfari innanlands eða frá Íslandi til annarra landa.

Undanþegin gjaldskyldu eru börn innan 2 ára aldurs, skráðar áhafnir loftfara, þeir sem viðkomu hafa á Íslandi skv. farseðli milli annarra Evrópulanda og Ameríku og þeir sem ferðast með loftförum varnarliðs Bandaríkja Norður-Ameríku hér á landi.

Heimilt er að innheimta tilsvarandi gjald vegna farþega, sem fara með skipum frá Íslandi til annarra landa. Nánari ákvæði um framkvæmd ákvæða þessarar málsgreinar skulu sett í reglugerð. Að öðru leyti gilda um þessi gjöld ákvæði 23., 24., 25., 26. og 27. gr. þessa kafla.

### 23. gr.

Flugvallagjald skal vera 2 500 kr. fyrir hvern farþega, sem ferðast frá Íslandi til annarra landa, þó 1 250 kr. fyrir farþega á aldrinum tveggja til tólf ára. Fyrir hvern farþega, er ferðast innanlands að eða frá Reykjavíkurflugvelli og Keflavíkurflugvelli, skal gjaldið nema 350 kr., þó 175 kr. fyrir farþega á aldrinum tveggja til tólf ára. Sama gjald skal greiða vegna farþega, er fara til Grænlands eða til Færeyja. Fyrir hvern farþega, er ferðast milli annarra flugvalla innanlands, skal gjaldið vera 175 kr., þó hálft gjald fyrir farþega á aldrinum tveggja til tólf ára. Flugvallagjald skal fella inn í verð farseðils.

24. gr.

Eigandi loftfars og sá er ábyrgð ber á rekstri þess bera ábyrgð á greiðslu flugvallagjalds.

Fyrir brottför loftfars frá Íslandi skal afhenda umboðsmanni ríkissjóðs á flugstöð skrá um farþega með því, áhöfn þess og hverjir séu gjaldfrjálsir skv. 2. mgr. 22. gr. eða greiða skulu hálft gjald skv. 23. gr. Skrá þessi skal undirrituð af flugstjóra.

25. gr.

Flugvallagjald vegna farþega, er ferðast með loftförum sem skráð eru erlendis, og allra loftfara sem ekki er flogið á áætlunarleiðum, skal greiða umboðsmanni ríkissjóðs fyrir brottför loftfars um leið og afhent er skrá skv. 2. mgr. 22. gr.

Flugvallagjald vegna farþega, sem ferðast í áætlunarflugi á viðurkenndum áætlunarleiðum, skal greiða til lögreglustjóra (í Reykjavík tollstjóra) eigi síðar en 15. dag næsta almanaksmánaðar eftir brottför.

26. gr.

Sé gjöldum ekki skilað á réttum gjalddaga skal sá, sem gjaldinu ber að skila, greiða af því viðurlög er nemi 1% fyrir hverja byrjaða viku frá gjalddaga. Nú er skrifstofa innheimtumanns lokuð 15. dag mánaðar og telst þá gjalddagi vera næsti dagur þar á eftir sem skrifstofan er opin til almennrar afgreiðslu.

Flugvallagjald nýtur lögtaksréttar.

Heimilt er innheimtumanni að láta lögregluna stöðva atvinnurekstur þess er eigi gerir skil á réttum gjalddaga, þar til skil eru gerð, meðal annars með því að setja skrifstofur, starfsstofur og flutningatæki hans undir innsigli.

27. gr.

Brot á þessum kafla laganna varða sektum, varðhaldi eða fangelsi svo og sviptingu starfsleyfis.

## VII. KAFLI
## Skyldusparnaður.

28. gr.

Allir menn sem tekjuskattskyldir eru samkvæmt ákvæðum laga nr. 68/1971 með síðari breytingum og ekki voru orðnir 67 ára fyrir 1. janúar 1975 skulu á árinu 1975 leggja til hliðar fé til varðveislu í ríkissjóði sem hér segir:

a. Einstaklingar: 5% af skattgjaldstekjum skattársins 1974 að frádregnum 1 000 000 kr., auk 75 000 kr. fyrir hvert barn sem er á framfæri þeirra, sbr. 1. mgr. C-liðar 9. gr. laga þessara.
b. Samsköttuð hjón og fólk í óvígðri sambúð sem telur fram saman, sbr. 5. mgr. B-liðar 25. gr. laga nr. 68/1971 með síðari breytingum: 5% af skattgjaldstekjum skattársins 1974 að frádregnum 1 250 000 kr., auk 75 000 kr. fyrir hvert barn sem er á framfæri þeirra, sbr. 1. mgr. C-liðar 9. gr. laga þessara.
c. Hjón sem telja fram hvort í sínu lagi: 5% af skattgjaldstekjum hvors um sig, að frádregnum 750 000 kr. hjá hvoru, auk 37 750 kr. hjá hvoru fyrir hvert barn sem er á framfæri þeirra, sbr. 1. mgr. C-liðar 9. gr. laga þessara.

Nemi munur vergra tekna til skatts og skattgjaldstekna hærri upphæð en 250 000 kr. hjá einstaklingi og hvoru hjóna sem telja fram hvort í sínu lagi en 375 000 kr. hjá samsköttuðum hjónum skal hækka skattgjaldstekjur samkvæmt stafliðum a., b. og c. um þá upphæð sem munurinn er umfram þessar upphæðir, eftir því sem við á, og reiknast skyldusparnaður þá miðað við þessar upphækkuðu skattgjaldstekjur, sbr. stafliði a., b. og c.

Hjá þeim skattþegnum sem heimilt væri að beita ákvæðum 4. mgr. 23. gr. laga nr. 8/1972, um tekjustofna sveitarfélaga, skal hækka framangreindar vergar tekjur til skatts á þann veg er þar um ræðir.

Skattstjórar sjá um útreikning skyldusparnaðar samkvæmt lögum þessum og gilda um hann ákvæði VI. kafla laga nr. 68/1971 með síðari breytingum, eftir því sem við á.

Skyldusparnaður skv. þessari grein skal reiknaður í heilum þúsundum króna og lægri fjárhæð sleppt. Skal hann greiðast jafnhliða þinggjöldum til ríkissjóðs. Skyldusparnaður telst að fullu greiddur þegar fullnaðarskil hafa verið gerð á öllum þinggjöldum gjaldanda til ríkissjóðs samkvæmt þinggjaldabók ásamt þar greindum skyldusparnaði.

Þegar maður hefur greitt skyldusparnað sinn að fullu skv. 1. og 3. mgr. skal ríkissjóður viðurkenna móttöku hans með afhendingu sérstakra skyldusparnaðarskírteina.

Skírteinin skulu skráð á nafn þess er sparar og er honum óheimilt ð framselja þau eða veðsetja.

Skírteini þessi skulu bera 4% ársvexti frá 1. janúar 1976 að telja eða lokagreiðsludegi skyldusparnaðar ef síðar er.

Skírteini þessi eru lengst til 15. desember 1990, en frá 1. febrúar 1978 er eiganda í sjálfsvald sett hvenær hann fær skírteinið innleyst.

29. gr.

Við endurgreiðslu skyldusparnaðarskírteina skv. 28. gr. greiðir ríkissjóður verðbætur á höfuðstól og vexti í hlutfalli við þá hækkun sem kann að verða á vísitölu framfærslukostnaðar frá 1. nóvember 1975 til 1. nóvember næst á undan endurgreiðslu.

Skyldusparnaður skv. 28. gr. er ekki frádráttarbær til tekjuskatts en skyldusparnaðarskírteini, svo og vextir og verðbætur af þeim, eru framtalsskyld, en njóta að öðru leyti skattfrelsis á sama hátt og skyldusparnaður skv. III. kafla laga nr. 30/1970.

30. gr.

Fjármálaráðherra skal með reglugerð mæla nánar fyrir um framkvæmd þessa kafla.

## VIII. KAFLI

### Lántökuheimildir vegna opinberra framkvæmda og Framkvæmdasjóðs. Ráðstöfun lánsfjár og skyldusparnaðar.

31. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að gefa út ríkisskuldabréf eða spariskírteini til sölu innanlands að fjárhæð allt að 500 millj. kr., svo og happdrættisskuldabréf að fjárhæð allt að 300 millj. kr., og gilda um þau ákvæði laga nr. 7/1974. Jafnframt falla niður lántökuheimildir samkvæmt liðunum í LXII., LXIII., LXIV., LXV. og LXVI. í 6. gr. fjárlaga fyrir árið 1975.

32. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka erlent lán að jafnvirði allt að 3 800 millj. kr. Af þeirri fjárhæð er heimilt að endurlána Framkvæmdasjóði 1 200 millj. kr. en 1 800 millj. kr. skal ráðstafað, svo sem fyrir er mælt í 33. gr.

33. gr.

Fé því, sem aflast samkvæmt heimildum í 31. gr. og 32. gr. þessara laga, samkvæmt liðnum LX. í 6. gr. fjárlaga fyrir árið 1975, af erlendu lánsfé vegna Þorláks-

hafnar, af erlendu láni Framkvæmdasjóðs hjá Viðreisnarsjóði Evrópu, af innheimtu endurlánuðu spariskírteinafé og með skyldusparnaði skv. 28. gr. VII. kafla þessara laga, en alls nema þær 5 000 millj. kr., skal varið sem hér segir:

| | Millj. kr. |
|---|---|
| Vegaframkvæmdir | 900 |
| Landshafnir | 350 |
| Þangverksmiðja að Reykhólum | 230 |
| Orkumál | 3 520 |

a. Framkvæmdir Rafmagnsveitna ríkisins og rafvæðing sveitanna.
b. Orkumál Norðurlands.
c. Kaup á jarðborum.
d. Virkjunarrannsóknir.
e. Orkuveitur sveitarfélaga.

## IX. KAFLI
## Ýmis ákvæði.

### 34. gr.

6. mgr. 26. gr. laga nr. 21/1963 um kirkjugarða hljóði svo:

Eindagi kirkjugarðsgjalda er hinn sami sem á útsvörum. Er oddvitum og innheimtumönnum bæjar- og sveitarsjóða skylt að innheimta þau gegn 6% innheimtulaunum ef kirkjugarðsstjórn óskar. Ella gerir hún það sjálf gegn sömu þóknun.

### 35. gr.

Á meðan innheimt er flugvallagjald skv. VI. kafla þessara laga skal fella niður söluskatt af fólksflutningum með loftförum innanlands.

### 36. gr.

I., II. og III. kafli laga þessara öðlast þegar gildi og skulu ákvæði II. og III. kafla koma til framkvæmda við álagningu skatta til ríkissjóðs og útsvara til sveitarsjóða fyrir skattárið 1974. Ákvæði 1. mgr. 10. gr. og 18. gr. skulu þó fyrst taka gildi 1. janúar 1976.

IV. kafli laga þessara öðlast gildi 1. júlí 1975.

V. kafli laga þessara öðlast þegar gildi.

VI. kafli laga þessara öðlast gildi 1. maí 1975.

VII., VIII. og IX. kafli laga þessara öðlast þegar gildi.

## Nd. 494. Breytingartillögur [204. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir í efnahagsmálum og fjármálum til þess að stuðla að jafnvægi í þjóðarbúskapnum og treysta undirstöðu atvinnu og lífskjara.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

1. Við 7. gr. bætist tvær nýjar málsgreinar, er orðist svo:
   Í stað „sex mánuði“ í 2. mgr. 14. gr. sömu laga komi: fjóra mánuði.
   Í stað „8%“ í 5. mgr. 14. gr. sömu laga, sbr. 6. gr. laga nr. 7/1972 og 2. gr. laga nr. 60/1973, komi: 10%.

2. Við 9. gr.
   a. Orðin „útsvarsskyldar tekjur“ í 4. mgr. B-liðar breytist í: vergar tekjur til skatts.
   b. Orðin „eða skv. 16. gr. laganna“ færist úr 2. málslið í 3. málslið 5. mgr. B-liðar og komi fyrir aftan orðið „staflið“.
   c. Orðin „stafliðum a. og b. í“ í síðasta málslið 5. mgr. B-liðar falli niður.

3. Við 28. gr.
   a. Við b-lið 1. mgr. bætist á eftir orðunum „samsköttuð hjón“ orðin: og fólk í óvígðri sambúð sem telur fram saman, sbr. 5. mgr. B-liðar 25. gr. laga nr. 68/1971 með síðari breytingum.
   b. Orðin „útsvarsskyldar tekjur“ í 3. mgr. breytist í: vergar tekjur til skatts.

4. Við 32. gr.
   a. Í stað „3 000 millj. kr.“ í 1. málslið komi: 3 800 millj. kr.
   b. Í stað „1 200 millj. kr.“ í 2. málslið komi: 2 000 millj. kr.

## Nd. 495. Breytingartillögur [204. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir í efnahagsmálum og fjármálum til þess að stuðla að jafnvægi í þjóðarbúskapnum og treysta undirstöðu atvinnu og lífskjara.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Við ákvæði til bráðabirgða (á eftir 12. gr.) bætist nýr liður, c-liður, er orðist svo:
Heimild til sérstakrar, óbeinnar fyrningar vegna verðhækkunar á fjármunum, sem notaðir eru til öflunar tekna í atvinnurekstri skv. 6. mgr. C-liðar 15. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 7. gr. laga nr. 7/1972, skal við álagningu fyrir skattárið 1974 takmörkuð við 70% af þeirri hækkun, sem ákveðin var með verðhækkunarstuðlum þeim, sem fjármálaráðuneytið auglýsti 23. desember 1974.

## Sþ. 496. Fyrirspurn [254. mál]

til iðnaðarráðherra um rafvæðingu dreifbýlisins.

Frá Steingrími Hermannssyni.

1. Hvað verður mikið fjármagn til ráðstöfunar vegna rafvæðingar dreifbýlisins í ár?
2. Nægir það til þess að ljúka við rafvæðingu samkvæmt þriggja ára áætlun um rafvæðingu dreifbýlisins?
3. Verður unnt að rafvæða sveitir sem hafa fengið vilyrði um framkvæmdir á þessu ári í framhaldi af þriggja ára áætluninni?

## Nd. 497. Nefndarálit [102. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 67 frá 20. apríl 1971, um almannatryggingar.

Frá heilbrigðis- og tryggingarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og sent það til umsagnar Tryggingastofnun ríkisins, Sjómannasambandi Íslands og Landssambandi íslenskra útvegsmanna.

Umsagnir bárust frá Tryggingastofnuninni og L.Í.Ú.

Nefndin er sammála um að hér sé hreyft miklu réttlætismáli, en telur það þess eðlis að nauðsyn sé nánari athugunar og umfjöllunar.

Nefndin er því sammála um að leggja til að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar í trausti þess að málið fái þar frekari athugun, sem leiði til jákvæðrar niðurstöðu þess.

Jóhann Hafstein og Ragnhildur Helgadóttir voru fjarstödd afgreiðslu málsins.

Alþingi, 22. apríl 1975.

Jón Skaftason, form. Guðm. G. Þórarinsson, fundaskr. Karvel Pálmason, frsm.

Magnús Kjartansson. Ingiberg J. Hannesson.

## Nd. 498. Breytingartillögur [204. mál]

við frv. til laga um ráðstafanir í efnahagsmálum og fjármálum til þess að stuðla að jafnvægi í þjóðarbúskapnum og treysta undirstöðu atvinnu og lífskjara og við brtt. á þskj. 495.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (MK og GÞG).

1. Við 1. gr. bætist: þó að undanteknum lögum um almannatryggingar.
2. Við brtt. á þskj. 495. (Við ákvæði til bráðabirgða á eftir 12. gr.). Í stað „70“ komi: 50%.

## Nd. 499. Nefndarálit [66. mál]

um frv. til laga um Sjóvinnuskóla Íslands.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur sent mál þetta til umsagnar nokkurra aðila sem mæltu með samþykkt þess. Tveir aðilar, Fiskifélag Íslands og Stýrimannaskólinn í Reykjavík, bentu þó á nauðsyn nokkurra breytinga og hefur verið komið til móts við flestar þeirra.

Meginbreytingin er, að nú er lagt til að skólinn verði undir yfirstjórn menntamálaráðuneytisins eins og aðrir skólar sem mennta þá sem í sjávarútvegi standa.

Nefndin mælir með samþykkt frv. með nokkrum breytingum. Þær breytingartillögur eru fluttar á sérstöku þingskjali. Fjarstaddir afgreiðslu málsins voru Sverrir Hermannsson og Tómas Árnason.

Alþingi, 23. apríl 1975.

Pétur Sigurðsson, form., frsm. Garðar Sigurðsson, fundaskr. Jón Skaftason.

Guðlaugur Gíslason. Sighv. Björgvinsson.

## Nd. 500. Breytingartillögur [66. mál]

við frv. til l. um Sjóvinnuskóla Íslands.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 2. gr. 5. og 6. töluliður falli niður.
2. 3. gr. falli niður.
3. 5. gr. falli niður.
4. 8. gr. orðist svo:
   Skólinn starfar allt að 10 mánuði á ári og skal skólatíma yfirleitt skipt í þriggja mánaða námskeið.
5. Við 9. gr. Fyrsti málsl. 9. gr. orðist svo:
   Forstöðumaður skólans skal hafa lokið annars stigs prófi frá stýrimannaskóla eða hlotið hliðstæða menntun.
6. Við 10. gr. Niðurlag gr. orðist svo: og fimmta manninn án tilnefningar og er hann formaður skólanefndar.
7. Við 11. gr. Upphaf gr. orðist svo:
   Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn skólans og setur reglugerð o. s. frv.

## Nd. 501. Nefndarálit [146. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um framleiðslueftirlit sjávarafurða.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins. Fjarstaddir afgreiðslu málsins voru Sverrir Hermannsson og Tómas Árnason.

Alþingi, 23. apríl 1975.

Pétur Sigurðsson, form., frsm. Garðar Sigurðsson, fundaskr. Jón Skaftason.
Guðl. Gíslason. Sighv. Björgvinsson.

## Ed. 502. Frumvarp til laga [132. mál]

um breyting á lögum nr. 31 frá 1970, um dýralækna.

(Eftir 2. umr. í Nd., 23. apríl.)

1. gr.

Í stað 16. og 17. töluliða 2. gr. laganna (sbr. 1. gr. laga nr. 38/1972) komi þrír töluliðir, er hljóði svo, og breytast töluliðir greinarinnar samkv. því:

16. Austurlandsumdæmi nyrðra: Norður-Múlasýsla að undanteknum Skeggjastaðahreppi og Vopnafjarðarhreppi, Seyðisfjörður, Neskaupstaður, Eskifjarðarkaupstaður og Suður-Múlasýsla að mörkum milli Skriðdalshrepps og Breiðdalshrepps og mörkum milli Reyðarfjarðarhrepps og Fáskrúðsfjarðarhrepps.
17. Austurlandsumdæmi syðra: Suður-Múlasýsla frá mörkum Reyðarfjarðarhrepps og Fáskrúðsfjarðarhrepps við ströndina og Skriðdalshrepps og Breiðdalshrepps

inn á landinu annars vegar að mörkum milli Suður-Múlasýslu og Austur-Skaftafellssýslu hins vegar.

18. Austur-Skaftafellssýsluumdæmi: Austur-Skaftafellssýsla.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1976.

## Ed. 503. Frumvarp til laga [204. mál]

um ráðstafanir í efnahagsmálum og fjármálum til þess að stuðla að jafnvægi í þjóðarbúskapnum og treysta undirstöðu atvinnu og lífskjara.

(Eftir 3. umr. í Nd., 23. apríl.)

Samhljóða þskj. 493 með þessum breytingum:

7. gr. hljóðar svo:

Í stað „1 500 kr.“ í 1. mgr. 14. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 10/1974, komi: 2 265 kr.

Í stað „9 500 kr.“ í 2. mgr. 14. gr. sömu laga, sbr. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 10/1974, komi: 14 345 kr.

Í stað „sex mánuði“ í 2. mgr. 14. gr. sömu laga komi: fjóra mánuði.

Í stað „8%“ í 5. mgr. 14. gr. sömu laga, sbr. 6. gr. laga nr. 7/1972 og 2. gr. laga nr. 60/1973, komi: 10%.

9. gr. hljóðar svo:

25. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 11. gr. laga nr. 7/1972, 5. og 6. gr. laga nr. 60/1973 og 4. gr. laga nr. 10/1974, orðist svo:

A. Tekjuskattur þeirra manna, sem tekjuskattsskyldir eru samkvæmt lögum þessum, skal reiknast svo:
   1. Hjá einstaklingi og hjónum telji þau fram hvort í sínu lagi: Af fyrstu 600 000 kr. skattgjaldstekjum greiðist 20% en af skattgjaldstekjum yfir 600 000 kr. greiðist 40%. Frá þeirri fjárhæð skal síðan dregin persónuafsláttur skv. 1. eða 3. tl. B-liðar þessarar greinar eftir því sem við á.
   2. Hjá hjónum sem samsköttuð eru, sbr. 3. gr. laga þessara: Af fyrstu 850 000 kr. skattgjaldstekjum greiðist 20% en af skattgjaldstekjum yfir 850 000 kr. greiðist 40%. Frá þeirri fjárhæð skal síðan dregin persónuafsláttur skv. 2. tl. B-liðar þessarar greinar.

B. Persónuafsláttur heimilisfastra manna hér á landi, sem skattskyldir eru samkvæmt 1. gr. laga þessara, skal vera sem hér segir:
   1. Fyrir einstakling, sbr. þó 3. tl., og hvort hjóna, sem telja fram hvort í sínu lagi, 97 000 kr.
   2. Fyrir hjón, sem samsköttuð eru, 145 000 kr.
   3. Fyrir einstætt foreldri, sem heldur heimili og framfærir þar barn sitt, sem ekki er fullra 16 ára í byrjun þess almanaksárs, sem skattur er lagður á, 145 000 kr.

   Nemi persónuafsláttur skv. 1., 2. eða 3. tl. þessa stafliðar hærri fjárhæð en reiknaður skattur af skattgjaldstekjum skv. 1. eða 2. tl. A-liðar þessarar greinar skal ríkissjóður leggja fram fé sem nemur allt að þessum mun og skal því ráðstafað fyrir hvern mann til greiðslu útsvars gjaldársins. Sá hluti persónuafsláttar mannsins, sem enn er óráðstafað, fellur niður.

   Þó skal aldrei koma til skuldajafnaðar hærri fjárhæð en sem nemur mismun

persónuafsláttar og 20% af vergum tekjum til skatts, þegar frá þeim hafa verið dregnar 250 000 kr. hjá einstaklingi og hjá hvoru hjóna, sem telja fram hvort í sínu lagi, en 375 000 kr. hjá samsköttuðum hjónum.
Hjá þeim skattþegnum, sem heimilt væri að beita ákvæðum 4. mgr. 23. gr. laga nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga, skal hækka framangreindar vergar tekjur til skatts á þann veg er þar um ræðir.
Karli og konu, sem búa saman í óvígðri sambúð og átt hafa barn saman, er heimilt að skriflegri beiðni beggja, að fara þess á leit við skattstjóra að hann sameini skattgjaldstekjur þeirra og skattgjaldseign til skattgjalds á nafni karlmannsins, enda séu þau þá bæði háð ákvæðum 2. og 3. málsl. 1. mgr. og 4. mgr. 3. gr. um ábyrgð skattgreiðslu. Tekjuskattur reiknast þá samkvæmt 2. tl. A-liðar þessarar greinar og persónuafsláttur samkvæmt 2. tl. þessa stafliðar. Nú búa foreldrar berns saman í óvígðri sambúð og skal þá hvorugt þeirra teljast einstætt foreldri skv. þessum staflið eða skv. 16. gr. laganna þótt þau framfæri á heimilinu barn sem þau hafa ekki átt saman. Sé um að ræða barn, sem ekki er fullra 16 ára í byrjun þess almanaksárs, þegar skattur er lagður á og fallist hefur verið á sérsköttun þess samkvæmt heimild í 4. málsl. 4. gr. og með farið um sérsköttun þess samkvæmt síðasta málsl. þeirrar lagagreinar, skal þó aldrei koma til greiðslu samkvæmt 2. mgr. þessa stafliðar hærri fjárhæð en 18 000 kr.
Þeir, sem taka upp heimilisfesti hér á landi á skattárinu, skulu einungis njóta persónuafsláttar í hlutfalli við dvalartíma sinn hér á landi á því ári.

C. Með hverju barni, sem heimilisfast er hér á landi, þar með talin stjúpbörn, kjörbörn og fósturbörn, sem ekki er fullra 16 ára í byrjun þess almanaksárs þegar skattur er lagður á og er á framfæri heimilisfastra manna hér á landi sem skattskyldir eru skv. 1. gr. laga þessara, skal ríkissjóður greiða barnabætur til framfæranda barnsins er nemi 30 000 kr. með fyrsta barni en 45 000 kr. með hverju barni umfram eitt. Þó skal fjárhæð barnabóta skert um þær barnabætur eða hliðstæðar bætur sem framfærandi hefur fengið erlendis á skattárinu vegna barnsins.
Barnabætur greiðast til framfæranda barns að því marki sem eftirstöðvar nema þegar frá hafa verið dregnar greiðslur eftirtalinna opinberra gjalda framfærandans í þessari forgangsröð:

1. Tekjuskatts sem á er lagður á greiðsluárinu skv. A-lið þessarar greinar.
2. Annarra þinggjalda sem á eru lögð á greiðsluárinu.
3. Ógoldinna þinggjalda frá fyrri árum.
4. Útsvars sem á er lagt á greiðsluárinu.
5. Aðstöðugjalds sem á er lagt á greiðsluárinu.

Fjármálaráðherra skal ákveða gjalddaga eftirstöðvanna ár hvert. Búi foreldrar barns, sem ekki er fullra 16 ára í byrjun þess almanaksárs þegar skattur er á lagður, saman ógift telst faðir barnsins framfærandi þess svo og annarra barna, sem þau framfæra saman á heimilinu, skv. þessum staflið, en heimilt er samkvæmt reglugerð, sem fjármálaráðherra setur, að draga frá barnabótum greiðslu opinberra gjalda móður barnsins (barnanna) að því marki sem eftirstöðvunum nemur á sama hátt og í sömu forgangsröð og fyrir er mælt í 2. mgr. þessa stafliðar.
Fyrir barn, sem öðlast heimilisfesti hér á landi á skattárinu, skal einungis greiða barnabætur í hlutfalli við dvalartíma þess hér á landi á því ári.
Þar sem innheimta þinggjalda og gjalda til sveitasjóðs er sameiginleg er fjármálaráðherra heimilt með reglugerð að kveða svo á að þinggjöld og gjöld til sveitarsjóðs skuli vera samhliða í forgangsröðinni.

D. Tekjuskattur þeirra félaga og stofnana, er um ræðir í 5. gr., skal vera 53% af skattgjaldstekjum.

E. Tekjuskatt, sem ekki nær 100 kr., skal fella niður við álagningu.

Ákvæði til bráðabirgða á eftir 12. gr. hljóðar svo:

**Ákvæði til bráðabirgða.**

a. Fjölskyldubætur greiddar á árinu 1974 og árinu 1975 teljast ekki til skattskyldra tekna, sbr. 10. gr. laga nr. 68/1971.
b. Fjölskyldubætur, sem greiddar eru framfæranda á árinu 1975, skulu koma til frádráttar barnabótum er framfærandi á rétt til skv. C-lið 25. gr. við ákvörðun barnabóta á árinu 1975.
c. Heimild til sérstakrar, óbeinnar fyrningar vegna verðhækkunar á fjárnámum, sem notaðir eru til öflunar tekna í atvinnurekstri skv. 6. mgr. C-liðar 15. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 7. gr. laga nr. 7/1972, skal við álagningu fyrir skattárið 1974 takmörkuð við 70% af þeirri hækkun, sem ákvæðin var með verðhækkunarstuðlum þeim, sem fjármálaráðuneytið auglýsti 23. desember 1974.

28. gr. hljóðar svo:

Allir menn sem tekjuskattskyldir eru samkvæmt ákvæðum laga nr. 68/1971 með síðari breytingum og ekki voru orðnir 67 ára fyrir 1. janúar 1975 skulu á árinu 1975 leggja til hliðar fé til varðveislu í ríkissjóði sem hér segir:

a. Einstaklingar: 5% af skattgjaldstekjum skattársins 1974 að frádregnum 1 000 000 kr., auk 75 000 kr. fyrir hvert barn sem er á framfæri þeirra, sbr. 1. mgr. C-liðar 10. gr. laga þessara.
b. Samsköttuð hjón og fólk í óvígðri sambúð sem telur fram saman, sbr. 5. mgr. B-liðar 25. gr. laga nr. 68/1971 með síðari breytingum: 5% af skattgjaldstekjum skattársins 1974 að frádregnum 1 250 000 kr., auk 75 000 kr. fyrir hvert barn sem er á framfæri þeirra, sbr. 1. mgr. C-liðar 10. gr. laga þessara.
c. Hjón sem telja fram hvort í sínu lagi: 5% af skattgjaldstekjum hvors um sig, að frádregnum 750 000 kr. hjá hvoru, auk 37 750 kr. hjá hvoru fyrir hvert barn sem er á framfæri þeirra, sbr. 1. mgr. C-liðar 10. gr. laga þessara.

Nemi munur vergra tekna til skatts og skattgjaldstekna hærri upphæð en 250 000 kr. hjá einstaklingi og hvoru hjóna sem telja fram hvort í sínu lagi en 375 000 kr. hjá samsköttuðum hjónum skal hækka skattgjaldstekjur samkvæmt stafliðum a., b. og c. um þá upphæð sem munurinn er umfram þessar upphæðir, eftir því sem við á, og reiknast skyldusparnaður þá miðað við þessar upphækkuðu skattgjaldstekjur, sbr. stafliði a., b. og c.

Hjá þeim skattþegnum sem heimilt væri að beita ákvæðum 4. mgr. 23. gr. laga nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga skal hækka framangreindar útsvarsskyldar tekjur á þann veg er þar um ræðir.

Skattstjórar sjá um útreiking skyldusparnaðar samkvæmt lögum þessum og gilda um hann ákvæði VI. kafla laga nr. 68/1971 með síðari breytingum, eftir því sem við á.

Skyldusparnaður skv. þessari grein skal reiknaður í heilum þúsundum króna og lægri fjárhæð sleppt. Skal hann greiðast jafnhliða þinggjöldum til ríkissjóðs. Skyldusparnaður telst að fullu greiddur þegar fullnaðarskil hafa verið gerð á öllum þinggjöldum gjaldanda til ríkissjóðs samkvæmt þinggjaldabók ásamt þar greindum skyldusparnaði.

Þegar maður hefur greitt skyldusparnað sinn að fullu skv. 1. og 3. mgr. skal ríkissjóður viðurkenna móttöku hans með afhendingu sérstakra skyldusparnaðarskírteina.

Skírteinin skulu skráð á nafn þess er sparar og er honum óheimilt að framselja þau eða veðsetja.

Skírteini þessi skulu bera 4% ársvexti frá 1. janúar 1976 að telja eða lokagreiðsludegi skyldusparnaðar ef síðar er.

Skírteini þessi eru lengst til 15. desember 1990, en frá 1. febrúar 1978 er eiganda í sjálfsvald sett hvenær hann fær skírteinið innleyst.

32. gr. hljóðar svo:

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka erlent lán að jafnvirði allt að 3 800 millj. kr. Af þeirri fjárhæð er heimilt að endurlána Framkvæmdasjóði 2 000 millj. kr. en 1 800 millj. kr. skal ráðstafað, svo sem fyrir er mælt í 33. gr.

## Ed. 504. Breytingartillaga [204. mál]

við frv. til laga um ráðstafanir í efnahagsmálum og fjármálum til þess að stuðla að jafnvægi í þjóðarbúskapnum og treysta undirstöðu atvinnu og lífskjara.

Frá Geir Gunnarssyni.

Við ákvæði til bráðabirgða á eftir 12. gr. bætist nýr stafliður:

d. Fyrir árslok 1975 skal fjármálaráðherra láta fara fram sem nákvæmasta könnun á framfærslukostnaði barna, þ. á m. hvernig honum er háttað eftir mismunandi aldri og fjölda barna í fjölskyldu, svo og hvort telja megi, að eðlilegt tillit sé tekið til þessa kostnaðar við álagningu skatta og ákvörðun tryggingabóta, sem greiddar eru vegna barna. Á grundvelli þessarar könnunar skal endurskoðuð upphæð barnabóta og frádráttur vegna barna við álagningu útsvara svo og upphæðir tryggingabóta sem greiddar eru vegna barna samkvæmt lögum um almannatryggingar.

Frumvörp um breytingar á þessum atriðum fyrrgreindra laga skulu lögð fyrir Alþingi sem fyrst eftir n. k. áramót, ef könnunin gefur tilefni til. Skýrsla um könnunina skal lögð fyrir Alþingi.

## Ed. 505. Tillaga til þingsályktunar [255. mál]

um rekstrarlán til sauðfjárbænda.

Flm.: Ragnar Arnalds, Helgi F. Seljan.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera ráðstafanir til að tryggja bændum viðunandi rekstrarlán út á sauðfjárafurðir, og skal við það miðað, að lánin verði veitt á tímabilinu frá ársbyrjun til ágústloka ár hvert og verði þá orðin 75% af væntanlegum afurðalánum.

### Greinargerð.

Fyrirsjáanlegt er, að bændur, sem stunda sauðfjárbúskap, og samvinnufélögin, sem við þá skipta, lenda þegar á þessu ári í iskyggilegum erfiðleikum vegna skorts á rekstrarfé, og útlit er fyrir, að þessi vandi muni enn aukast á árinu 1976.

Eins og kunnugt er, þarf sauðfjárbóndinn að leggja í mikinn kostnað við búskap sinn að vetri, vori og sumri, og þessi kostnaður skilar sér ekki aftur fyrr en síðla hausts. Veitt eru afurðalán til bænda frá Seðlabanka og viðskiptabönkum, þegar varan er kominn í söluhæft ástand, hvort sem um er að ræða mjólk eða kjöt, og nema lánin 65—68% af heildsöluverðmæti afurðanna. Dugar þetta fyrirkomulag þolanlega fyrir mjólkurframleiðendur, en sauðfjárbændur þurfa hins vegar að brúa bilið frá ársbyrjun og þar til afurðalánin fást greidd.

Reynt hefur verið að bæta úr þessum vanda með lánum úr bankakerfinu á tímabilinu frá mars til ágústmánaðar, en þessi lán, sem námu á liðnu sumri 900 kr. á slátraða kind haustið 1973, hafa farið hlutfallslega lækkandi um langt skeið og eru löngu orðin algerlega ófullnægjandi.

Í þessu sambandi má nefna hér tölur, sem fram komu á síðasta Búnaðarþingi: Rekstrarlán til bænda námu um 65% af framleiðsluverðmæti sauðfjárafurða ársins 1958, en á fyrstu árum „viðreisnarstjórnar“ rýrnuðu þau mjög verulega og voru árið 1963 komin niður í 34% af framleiðsluverðmæti afurðanna. Síðan hafa lánin

lækkað hlutfallslega ár frá ári og voru á árinu 1974 aðeins rúm 21% af framleiðsluverðmæti sauðfjárafurða.

Versnandi lánafyrirgreiðsla bankakerfisins hefur valdið vaxandi erfiðleikum í rekstri margra samvinnufélaga, og hefur vandinn orðið því stórfelldari, þeim mun stærri þáttur sem viðskipti sauðfjárbænda eru í rekstri félaganna, en eins og fram kemur í töflu úr Árbók landbúnaðarins 1972—1973, sem hér er prentuð sem fylgiskjal, er sauðfjárbúskapur stærsti þáttur landbúnaðarframleiðslunnar víða um land, einkum í Dölum, á Vestfjörðum og á Ströndum, í Húnavatnssýslu, Norður-Þingeyjarsýslu, á Austfjörðum og í Austur-Skaftafellssýslu.

Sýnt er, að á árinu 1975 mun rekstrarfjárskortur sauðfjárbænda og viðskiptaaðila þeirra aukast verulega vegna stórfelldrar verðbólgu og vaxtahækkana. Áburðarverð mun hækka á árinu um a. m. k. 76.5% og gífurlegar hækkanir hafa einnig orðið á öðrum rekstrarvörum, ekki síst kjarnfóðri.

Forráðamenn margra kaupfélaga, einkum norðanlands og austan, hafa varað við því, að rekstrinum væri stefnt í algert strand, ef úrlausn fengist ekki, og þarf ekki að færa frekari rök að því, að afkoma hundruða sauðfjárbænda er hér í húfi.

Þetta vandamál getur ríkisstjórnin að sjálfsögðu leyst með einföldum hætti í samvinnu við Seðlabankann. Óljósar yfirlýsingar hafa heyrst frá ráðherrum um væntanlegar úrbætur, en efndir á því loforði liggja ekki fyrir, enda flest sem bendir til þess að um verði að ræða algerlega ófullnægjandi ráðstafanir.

Í landbúnaðarmálum eru mörg óleyst viðfangsefni, til dæmis hvað varðar skipulagningu framleiðslunnar og aukningu á innlendri framleiðslu kjarnfóðurs og áburðar. Verulegar endurbætur á rekstrarlánum sauðfjárbænda eru hins vegar sjálfsagt réttlætismál og verulegt nauðsynjamál fyrir þessa atvinnugrein.

## Fylgiskjal.

Áætlun um verðmæti sauðfjárafurða og nautgripaafurða til fyrirtækja framleiðsluárið 1972/1973 eftir búnaðarsambandssvæðum.

| | Afurðir sauðfjár | | Afurðir nautgripa | |
|---|---|---|---|---|
| | Þús. kr. | %[1] | Þús kr. | %[1] |
| Bs. Kjalarnesþings | 60 906 | 46 | 70 946 | 54 |
| Bs. Borgarfjarðar | 149 001 | 36 | 263 632 | 64 |
| Bs. Snæfellsness | 70 453 | 52 | 64 519 | 48 |
| Bs. Dalamanna | 100 105 | 68 | 46 651 | 32 |
| Bs. Vestfjarða | 129 694 | 70 | 57 581 | 30 |
| Bs. Strandamanna | 84 490 | 92 | 7 389 | 8 |
| Bs. Vestur-Húnvetninga | 126 652 | 66 | 66 127 | 34 |
| Bs. Austur-Húnvetninga | 138 665 | 60 | 91 988 | 40 |
| Bs. Skagfirðinga | 152 520 | 45 | 187 707 | 55 |
| Bs. Eyjafjarðar | 143 558 | 21 | 531 571 | 79 |
| Bs. Suður-Þingeyinga | 150 515 | 45 | 182 365 | 55 |
| Bs. Norður-Þingeyinga | 101 894 | 91 | 10 213 | 9 |
| Bs. Austurlands | 278 056 | 76 | 86 770 | 24 |
| Bs. Austur-Skaftfellinga | 56 677 | 60 | 37 420 | 40 |
| Bs. Suðurlands | 366 808 | 29 | 911 167 | 71 |
| Samtals á grundvallarverði | 2 109 944 | 45 | 2 616 046 | 55 |
| Hlutfallsleg hækkun í vinnslu- og dreifingarlið, % | 23 89 | | 38 38 | |
| Samtals á heildsöluverði | 2 614 072 | | 3 620 084 | |

1 Af samanlögðum verðmætum afurða sauðfjár og nautgripa reiknað á meðalgrundvallarverði ársins 1972.

**Nd.** **506. Frumvarp til laga** [256. mál]

um breyting á lögum nr. 63 21. maí 1974, um grunnskóla.

Flm.: Sigurður Blöndal.

1. gr.

Aftan við 79. gr. laganna bætist:

Ríkissjóður greiðir upphitun skólahúsnæðis á móti sveitarsjóðum í því hlutfalli, sem nú skal greina:

Sveitarsjóðir greiða upphitun sem nemur meðaltalskostnaði á fermetra í skólahúsnæði þar sem nýtur jarðhita.

Ríkissjóður greiðir eftir á, samkvæmt endurskoðuðum reikningum og fylgiskjölum, upphitun, sem er yfir því marki, sem 4. mgr. tiltekur, upp að meðaltalskostnaði á fermetra í skólahúsnæði þar sem hitað er með olíu eða rafmagni.

2. gr.

Niður falli orðið „hitun“ í 1. línu 80. gr. laganna.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1976.

Greinargerð.

Tvær höfuðástæður eru til þess, að þetta frv. um breytingu á grunnskólalögum er lagt fram:

1. Hin gífurlega hækkun á verði olíu leggst af miklum þunga á þau sveitarfélög, sem hita skóla sína með olíu, alveg sér í lagi þá, sem hafa heimavist, en það er einmitt í fámennum sveitahreppum.
2. Mismunurinn á kostnaði við hitun skólahúsnæðis annars vegar með jarðhita og hins vegar með olíu er svo mikill, að við það skapast aðstöðumunur milli sveitarfélaga af slíkri stærð, að eðlilegt og sjálfsagt sýnist, að ríkið jafni hann.

Skv. þeim upplýsingum, sem menntamálaráðuneytið hefur gefið, varð hitunarkostnaður skólahúsnæðis á landinu árið 1974 sem hér segir:

| | | | |
|---|---|---|---|
| a. Hitaðir með olíu eða rafmagni 112 skólar ..... | | | kr. 50 241 625 |
| b. Hitaðir með jarðhita | | | |
| ba. Utan Reykjavíkur 24 skólar ..... | kr. | 4 927 077 | |
| bb. Í Reykjavík ..... | — | 17 099 530 | — 22 026 607 |
| | | Alls kr. | 72 268 232 |

Þegar þetta yfirlit var gert, vantaði enn þá kostnaðartölur ársins 1974 frá 5 skólum með hitaveitu og rúmum 30 skólum af „köldum svæðum“. Þeir eru þó flestir litlir og kostnaðurinn þar mundi ekki breyta heildarmyndinni, sem fram kemur í tölunum hér að ofan.

Þess verður og að geta, að í sumum skólunum er rafmagnskostnaður færður með hitakostnaði í einni upphæð, en svo vill til, að þeir eru nær allir hitaðir með jarðhita. Er því heildarupphæðin hér að ofan yfir þá, sem hitaðir eru með jarðhita, frekar of há en of lág.

Sem dæmi um mismun á hitunarkostnaði með olíu eða jarðhita má nefna, að í nokkrum þeirra skóla, sem hitað er með jarðhita, er kostnaður O, m. a. sumum stórum heimavistarskólum í sveit. Þegar hiti var virkjaður á þessum stöðum ýmsum,

var kostnaður við jarðborun felldur undir stofnkostnað, svo sem eðlilegt var, og var þá greiddur af ríkissjóði að ¾ hlutum.

Hins vegar er hitunarkostnaður við heimavistarskólana, þegar olíu er brennt, gífurlega hár. Flm. þekkir t. d. af eigin raun dæmi um slíkan skóla, sem er um 6000 m³ að rúmtaki, sem brennir olíu fyrir um 600 þús. kr., og í yfirliti menntamálaráðuneytisins er einn heimavistarskóli í sveit, þar sem hitunarkostnaður 1974 varð 1.4 millj. kr. Skóli á jarðhitasvæði af svipaðri stærð hafði O í hitunarkostnað.

Það er skoðun flm., að hinn gífurlega aðstöðumun sveitarfélaga að því er þennan sérstaka útgjaldalið varðar sé bæði rétt og skylt að ríkissjóður jafni.

Flm. er kunnugt um, að meðal forráðamanna sveitarfélaga á „köldum svæðum“ hefur óánægja yfir misskiptingu þeirri, sem dæmi hafa verið nefnd hér um, farið vaxandi. Eftir hina miklu olíuhækkun síðustu 2ja ára finnst mönnum þó að kasti tólfunum.

## Ed. 507. Nefndarálit [204. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir í efnahagsmálum og fjármálum til þess að stuðla að jafnvægi í þjóðarbúskapnum og treysta undirstöðu atvinnu og lífskjara.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Fjárhags- og viðskiptanefnd hefur athugað frumvarp þetta á sjö fundum. Fimm fundir hafa verið sameiginlegir með fjárhags- og viðskiptanefnd neðri deildar.

Ýmsir aðilar hafa komið til viðtals við nefndina og veitt margvíslegar upplýsingar, m. a. skattanefndarmenn, ráðuneytisstjóri í fjármálaráðuneytinu, seðlabankastjóri, ríkisskattstjóri, skattrannsóknarstjóri, hagsýslustjóri, forstjóri Þjóðhagsstofnunar, fulltrúar A. S. Í. o. fl.

Auk þess hafa nefndinni borist ýmis erindi, sem voru tekin til athugunar.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til, að frumvarpið verði samþykkt eins og það var afgreitt frá neðri deild.

Alþingi, 25. apríl 1975.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm. Jón Helgason. Oddur Ólafsson.

Jón G. Sólnes.

## Ed. 508. Nefndarálit [204. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir í efnahagsmálum og fjármálum til þess að stuðla að jafnvægi í þjóðarbúskapnum og treysta undirstöðu atvinnu og lífskjara.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Frumvarp þetta hefur verið til athugunar í rúman mánuð á sameiginlegum fundum fjárhags- og viðskiptanefnda beggja deilda þingsins. Í prentuðu nefndaráliti 1. minni hluta neðri deildar nefndarinnar er ítarleg grein gerð fyrir viðhorfum Alþýðubandalagsins til efnahagsaðgerða ríkisstjórnarinnar á seinustu 8 mánuðum, og er þar litlu við að bæta.

Í stuttu máli sagt er það afstaða okkar Alþýðubandalagsmanna til frv. að við erum meðmæltir skattalækkun, enda hefur núverandi ríkisstjórn aukið stórlega skattaálögur á þjóðina, m. a. með 2% hækkun söluskatts, um leið og hún hefur

rýrt lífskjör almennings mjög verulega, svo að fólk á nú fyrir höndum að greiða hæstu skatta, sem nokkurn tíma hafa verið á lagðir, með hlutfallslega minni tekjum en fólk hefur haft um langt skeið. Við Alþýðubandalagsmenn teljum það rétta stefnu, að talsverður hluti þessarar skattalækkunar sé framkvæmdur með afnámi söluskatts af matvörum og afnámi tolla af innfluttum ávöxtum. Við erum aftur á móti andvígir því, að ríkisstj. rétti hlut ríkissjóðs vegna þessara skattalækkana með niðurskurði á ríkisútgjöldum, einkum þar sem sýnt er, að þessi niðurskurður á fyrst og fremst að bitna á verklegum framkvæmdum víðs vegar um land.

Við viljum, að teknanna til að standa undir minnkuðum skatttekjum sé aflað á tvennan hátt. Við viljum afnema verulegan hluta af hinum fáránlegu fyrningarheimildum skattalaga, sem nú eru í gildi, einhvern verðhækkunarstuðul fyrningarreglnanna og ákvæðin um flýtifyrningu. Ætla má, að þessi breyting ein hefði í för með sér 1100—1200 millj. kr. auknar tekjur fyrir ríkissjóð.

Í öðru lagi viljum við hækka tekjuskatt af hátekjum. Samkv. frv. ríkisstj. getur tekjuskattur orðið 40% af skattgjaldstekjum, en við leggjum til, að skattur á tekjur hjóna, sem hafa meira en 1750 þús. kr. skattgjaldstekjur (þ. e. um 2 millj. 300 þús. kr. brúttótekjur), verði 45% af því, sem er fram yfir 1750 þús. kr. og 50% af því, sem er fram yfir 2 750 þús. kr. skattgjaldstekjur (3 millj. 700 þús. kr. brúttótekjur) hjóna.

Með hliðsjón af þessum tekjuöflunartill. teljum við sjálfsagt, að lækkun á útgjöldum ríkisins samkv. fjárl. ársins 1975 nemi ekki meira en 1500 millj. kr. Við leggjum á það þunga áherslu, að þar verði einungis um að ræða lækkun rekstrarútgjalda, en þess verði gætt, að þessi niðurskurður hafi engin áhrif á fjárveitingar til verklegra framkvæmda né á framlög til félagsmála. Við afgreiðslu fjárlaga 1975 varð furðulega mikil hækkun á almennum rekstrarútgjöldum ríkisins. Hækkaði þessi liður milli áranna 1974 og 1975 um 76%. Við teljum því allmiklar líkur á því, að skera mætti þar nokkuð niður að skaðlausu.

Ég hef hér gert grein fyrir afstöðu okkar Alþýðubandalagsmanna til tveggja meginatriði þessa frv. Þriðja meginatriðið er fjármögnun framkvæmda og stofnlánasjóða með innlendu og erlendu lánsfé. Þar er mikið stórmál á ferðinni enda ræðst hraðinn í uppbyggingu íslenskra atvinnuvega mjög af því, hvernig hagað er fjármögnun fjárfestingarlánasjóðanna. Nú eru horfur á því, að opinberum fjárfestingarlánasjóðum verði haldið á þessu ári í meira svelti en verið hefur um langt skeið. Á þetta einkum við Fiskveiðasjóð, Iðnlánasjóð og Stofnlánadeild landbúnaðarins, og bendir flest til þess, að þessir sjóðir geti engan veginn gegnt hlutverki sínu vegna þess, hve smátt er til þeirra skammtað miðað við þarfirnar. Ég flyt því till. um verulega aukna fjáröflun til stofnlánasjóða atvinnuveganna.

Frv. ríkisstj., eins og það var afgr. frá Nd., einkennist í stuttu máli sagt af samdráttar- og niðurskurðarstefnu ríkisstj. í atvinnu- og fjárfestingarmálum. Þessi stefna er röng og háskaleg og getur haft hinar verstu afleiðingar fyrir atvinnuástand í landinu og byggðaþróun víðs vegar um land.

Við Alþýðubandalagsmenn munum freista þess að koma fram gagngerum breytingum á þessu frv. í samræmi við þau sjónarmið, sem ég hef hér lýst, en nái þær ekki fram að ganga, munum við, enda þótt við séum samþykkir nokkrum jákvæðum atriðum þessa frv., greiða atkv. á móti því.

Alþingi, 25. apríl 1975.

Ragnar Arnalds.

**Ed.** **509. Nefndarálit** [204. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir í efnahagsmálum og fjármálum til þess að stuðla að jafnvægi í þjóðarbúskapnum og treysta undirstöðu atvinnu og lífskjara.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Frumvarp þetta og meðferð þess öll af hálfu ríkisstjórnarinnar og stjórnarflokkanna ber þess glöggt vitni, að ríkisstjórnin er ekki þeim vanda vaxin að stjórna efnahagsmálum þjóðarinnar. Það hljóta auðvitað að teljast undarleg vinnubrögð að samþykkja fjárlög í desember, en bera síðan fram frumvarp í mars, þar sem heimilað er að lækka þessi fjárlög um allt að 3 500 millj. kr. Enn undarlegra verður málið allt, þegar haft er í huga, að þótt nú sé langt liðið á aprílmánuð hefur ríkisstjórnin enn enga grein gert sér fyrir því, hvaða útgjöld hún ætlar að lækka um allt að 3 500 millj. kr. Enn ríkir m. ö. o. alger óvissa um ríkisbúskapinn og opinberar framkvæmdir.

Svo sem kunnugt er, var frumvarp þetta lagt fram meðan á samningaviðræðum stóð milli aðila vinnumarkaðarins. Afgreiðslu þess var hins vegar frestað, meðan enn var óvíst, hvort samningar næðust eða ekki. Samningar tókust til bráðabirgða. Í því sambandi gaf hæstv. forsætisráðherra út yfirlýsingu fyrir hönd ríkisstjórnarinnar 26. mars. Aðalatriði hennar var þetta:

„Til þess að greiða fyrir samningum um kaup og kjör milli samtaka launafólks og vinnuveitenda og í trausti þess, að vinnufriður haldist, lýsir ríkisstjórnin yfir:

1. Í efnahags- og fjármálafrumvarpi því, sem nú liggur fyrir Alþingi, eru tillögur ríkisstjórnarinnar um lækkun skatta og heimildir til lækkunar skatta, sem numið gætu í heild allt að 2 000 millj. kr. Ríkisstjórnin mun á Alþingi beita sér fyrir skattalækkun að þessu marki með það fyrir augum, að hún gagnist best þeim, sem við erfið kjör búa."

Í 2. lið yfirlýsingarinnar kvaðst ríkisstjórnin munu beita sér fyrir því, að innheimtu opinberra gjalda ársins 1975 verði dreift yfir lengri tíma en ella hjá þeim launþegum, sem í ár hafa sömu eða lægri peningatekjur en í fyrra. Og í 3. lið yfirlýsingarinnar kveðst ríkisstjórnin munu beita sér fyrir því, að tekjutryggingarmark almannatrygginga hækki í sama hlutfalli og lægstu kauptaxtar í samningum Alþýðusambandsins og vinnuveitenda, og skuli hækkun almenns lífeyris einnig ákveðin í samræmi við niðurstöður almennra kjarasamninga.

Skattaákvæði frumvarpsins, eins og það var, er það var lagt fram, voru þá talin lækka skatta um 1 240 millj. kr. Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar fólst því fyrirheit um að lækka skatta enn frekar sem næmi um það bil 800 millj. kr. Jafnframt hét ríkisstjórnin því að gera það á þann hátt, sem „gagnist best þeim, sem við erfið kjör búa".

Samninganefnd Alþýðusambands Íslands fjallaði, í beinu framhaldi af bráðabirgðasamningunum og yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, um það, með hverjum hætti fyrirhuguð viðbótarskattlækkun gæti gagnað þeim best, sem við erfið kjör búa. Niðurstaða hennar kom fram í bréfi, sem samninganefndin sendi fjárhags- og viðskiptanefnd neðri deildar 1. apríl. Þar segir m. a.:

„Eru það eindregin tilmæli samninganefndarinnar, að því fjármagni, sem nýting heimildarákvæða V. kafla frumvarpsins mundi kosta ríkissjóð, verði varið í sérstakan eða aukinn skattafslátt, sem kæmi til útborgunar með sama hætti og barnabætur, þegar svo stendur á, að skattafsláttur verður hærri en opinber gjöld viðkomanda.

Það er einróma skoðun nefndarinnar, að framangreind breyting mundi skila hinum tekjulægri hagsbótum með miklum mun skýrari og óumdeilanlegri hætti

en verða mundi með lækkun söluskatts og tolla um jafnháa upphæð í báðum tilvikum. Styðst sú skoðun m. a. við athugun Þjóðhagsstofnunar og þau augljósu rök, að þeir, sem hafi meiri fjárráð, eyði hærri upphæðum í kaup á söluskattskyldum og tollskyldum varningi en hinir tekjulægri. Sú aðferð, sem ákvæði V. kafla frumvarpsins gerir ráð fyrir, mundi því skila minni hagsbótum til hinna efnaminni en hinna, sem betur eru settir, gagnstætt því, sem segir í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 26. fyrra mánaðar, og þeim tilgangi frumvarpsins, sem um er rætt í athugasemdum við það. Fyrir þessa annmarka yrði hins vegar girt, ef skattafsláttur, svarandi til sömu kostnaðarupphæðar og gert er ráð fyrir í frumvarpinu, kæmi jafnt til allra, án tillits til tekna. Sá háttur mundi einnig, að okkar dómi, skapa minni skatttæknileg vandamál en sá, sem frumvarpið gerir ráð fyrir.“

Síðan samninganefnd Alþýðusambandsins bar fram þessa ósk sína, eru liðnar rúmar þrjár vikur. Gera má ráð fyrir, að ríkisstjórnin og stuðningsflokkar hennar hafi notað þennan tíma til þess að hugleiða vandlega tilmæli fulltrúa launþegasamtakanna. Hversu langur tími hefur liðið, án þess að afstaða væri tekin, gæti bent til þess, að ekki hafi verið samstaða um málið milli stjórnarflokkanna og kannske ekki innan þeirra heldur. En þær breytingar, sem gerðar voru á frumvarpinu í neðri deild, sýna niðurstöðu ríkisstjórnarinnar og stjórnarflokkanna. Tilmælum samninganefndar Alþýðusambandsins er algjörlega hafnað. Ákvæði frv. um lækkun tekjuskatts og útsvars eru nú talin hafa í för með sér 1 380 millj. kr. skattalækkun, en sú lækkun, sem nauðsynleg er til viðbótar, til þess að heildarlækkunin nái 2 000 millj. kr., á að gerast með lækkun tolla, en þó fyrst og fremst með lækkun söluskatts á tilteknum vörutegundum, en ekki á þann hátt, sem samninganefnd Alþýðusambandsins hafði óskað eftir, þ. e. með auknum skattafslætti, sem komið gæti til útborgunar. Enn virðist þó ekki hafa verið tekin ákvörðun um, á hvaða vörum söluskattur skuli lækka, og er hér enn eitt dæmi um ráðleysi ríkisstjórnarinnar. Þar eð samninganefnd Alþýðusambandsins hefur lýst því yfir, að það sé skoðun sín, að lækkun söluskatts og tolla skili minni hagsbótum til hinna efnaminni en þeirra, sem betur eru settir, heldur en sú leið, sem hún hafði stungið upp á, hlýtur samninganefndin að telja, að ekki sé staðið við 1. og mikilvægasta lið yfirlýsingar forsætisráðherra frá 26. mars. Ég vil einnig láta í ljós þá skoðun, að með frv. eins og það er nú hafi ekki verið staðið við 1. lið yfirlýsingar forsætisráðherra.

Þjóðhagsstofnunin hefur gert samanburð á því, hver áhrif það hafi á kjör hjóna með tvö börn á framfæri, ef 800 millj. kr. skattalækkun sé framkvæmd annars vegar með frekari lækkun beinna skatta og hins vegar með lækkun óbeinna skatta af matvælum. Niðurstaðan er sú, að tekjuskattslækkunarleiðin færði slíkri fjölskyldu með 800 000 kr. tekjur 8.7% kjarabót, en söluskattslækkunarleiðin 8.4% kjarabót. Miðað við 900 000 kr. tekjur yrðu tölurnar 8.0% og 7.8%, 1 000 000 kr. tekjur 8.0% og 7.8%, 1 100 000 kr. tekjur 7.8% og 7.6% og 1 200 000 kr. tekjur 6.0% og 5.9%. Við öll þessi tekjumörk yrði kjarabótin meiri, ef tekjuskattslækkunarleiðin yrði farin en leið til lækkunar óbeinna skatta. Í krónum talið er niðurstaða Þjóðhagsstofnunarinnar sú, að hjón með 2 börn og 800 000 kr. tekjur mundu fá í viðbótarlækkun opinberra gjalda 12 900 kr. samkvæmt tekjuskattslækkunarleiðinni, en ekki nema 10 500 kr. eftir söluskattslækkunarleiðinni. Ef tekjurnar væru 900 000 kr., væri munurinn 2 700 kr., miðað við 1 000 000 kr. tekjur yrði hann 2 100 kr., við 1 100 000 kr. tekjur 1 800 kr. og við 1 200 000 kr. tekjur 1 500 kr. Það er á þessum athugunum Þjóðhagsstofnunar, sem samninganefnd Alþýðusambandsins hefur byggt þá skoðun sína, að tekjuskattslækkun mundi færa meiri hagsbætur en lækkun óbeinna skatta, sem næmi sömu upphæð. Í umræðum um málið í fjárhags- og viðskiptanefnd var enginn rökstuðningur lagður fram fyrir því, að lækkun óbeinna skatta kæmi launþegum betur, en samkvæmt yfirlýsingu forsætisráðherra ber að haga viðbótarlækkun opinberra gjalda þannig, að „hún gagnist best þeim, sem við erfið kjör búa“.

Í samræmi við þessi sjónarmið flyt ég á sérstöku þingskjali tillögur um, að hver einstaklingur fái viðbótarívilnun, þ. e. lækkun tekjuskatts og útsvars eða greiðslu, sem svarar 4 300 kr. á einstakling, 8 600 kr. á hjón og 2 150 kr. á hvert barn. Er þetta í samræmi við óskir samninganefndar Alþýðusambandsins, og er þá að sjálfsögðu ekki gert ráð fyrir því, að heimildir frumvarpsins til samsvarandi lækkunar tolla og söluskatts verði notaðar.

Þá er rétt að vekja athygli á því, að í frumvarpinu eins og það kemur frá neðri deild er ekki að finna nein ákvæði varðandi 2. og 3. lið yfirlýsingar forsætisráðherra frá 26. mars, þ. e. um að innheimtu opinberra gjalda verði á árinu 1975 dreift á lengri tíma en ella hjá þeim launþegum, sem í ár hafa sömu eða lægri peningatekjur en í fyrra, né heldur um hækkun tekjutryggingarmarks og almenns lífeyris. Í nefndinni var að vísu frá því skýrt, að við þessi fyrirheit yrði staðið. Um hið fyrra þyrfti ekki lagasetningu, en vegna síðara atriðisins yrði öðrum lögum breytt. Eðlilegast hefði þó verið, að skýr ákvæði hefðu verið sett um öll atriði yfirlýsingar forsætisráðherra í þessum lögum.

Þingflokkur Alþýðuflokksins er andvígur ákvæðum frumvarpsins um flugvallagjald. Í fyrsta lagi telur hann varhugavert að leggja á slíkt gjald með þeim stutta fyrirvara, sem hér er ráðgerður. Í öðru lagi telur hann tekjur af þessu gjaldi ekki réttlæta þann skriffinnskukostnað, sem það hefði í för með sér, enda er hliðstætt gjald ekki innheimt í nálægum löndum. En mikilvægast er þó, að gjaldið mun skipta verulegu máli í augum efnalítils fólks og torvelda því að njóta orlofs erlendis, en skiptir hins vegar litlu eða engu máli fyrir hina tekjuháu eða þá, sem fá ferðakostnað sinn greiddan af fyrirtækjum eða opinberum aðilum.

Fyrst með frumvarpi þessu eru gerðar veigamiklar breytingar á skattakerfinu, telur þingflokkur Alþýðuflokksins rétt að minna á tillögur þær, sem flokkurinn hefur áður gert um sérsköttun hjóna. Þegar núgildandi skattalög voru sett vorið 1972, var af hálfu þingflokks Alþýðuflokksins flutt tillaga um, að kona skuli verða sjálfstæður skattþegn, hvort sem hún væri gift eða ekki og hvort sem hún ynni utan heimilis eða á heimili. Hugmyndinni var vel tekið af þáverandi fjármálaráðherra. Núverandi fjármálaráðherra hefur einnig lýst yfir skilningi á nauðsyn þess, að gerðar verði breytingar á núverandi skipan. En ekkert hefur enn gerst í málinu. Þess vegna er enn vakin athygli á nauðsyn breytinga.

Kjarni þessa máls er, að það á auðvitað engin áhrif að hafa á skattgreiðslu konu, hvort hún hefur gifst eða ekki. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að lengst af galt kona þess herfilega, ef hún var gift og aflaði sér sjálfstæðra tekna, þar eð tekjur hennar voru lagðar við tekjur eiginmannsins og þannig greiddur af þeim hlutfallslega miklu hærri skattur en af hliðstæðum tekjum ógiftrar konu. Þetta hefur eflaust átt sinn þátt í því, að karl og kona hafa oft valið þann kost að búa saman án hjónabands, ef það varð til þess að létta skattbyrði. Nokkrar ráðstafanir hafa að vísu verið gerðar á undanförnum árum til þess að bæta úr þessu. Eina fullnægjandi ráðstöfunin er þó sú, að telja konu jafnan sjálfstæðan skattþegn, án tillits til stöðu hennar í þjóðfélaginu innan hjónabands eða utan, enda er það eitt í samræmi við nútímasjónarmið varðandi mannréttindi. Til þess að þetta geti orðið verður að ætla konu nokkurn hluta af tekjum eiginmanns sem laun hennar fyrir vinnu á heimilinu, og af þeim tekjum á hún að sjálfsögðu að greiða opinber gjöld. Skattar eiginmanns minnka þá hins vegar á móti. Sú hugmynd að skipta tekjum hjóna til helminga mundi vera tekjuháu fólki óeðlilega hagstæð og ekki vera í samræmi við þau sjónarmið um réttlátari stighækkun tekjuskatts og útsvars, sem núgildandi skattakerfi grundvallast á.

Alþingi, 25. apríl 1975.

Jón Árm. Héðinsson.

## Ed. 510. Breytingartillögur [204. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir í efnahagsmálum og fjármálum til þess að stuðla að jafnvægi í þjóðarbúskapnum og treysta undirstöðu atvinnu og lífskjara.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (JÁH).

1. Við 9. gr.
   a. 1. mgr. B-liðar orðist svo:
   Persónuafsláttur heimilisfastra manna hér á landi, sem skattskyldir eru samkvæmt 1. gr. laga þessara, skal vera sem hér segir:
   1. Fyrir einstaklinga, sbr. þó 3. tl., og hvort hjóna, sem telja fram hvort í sínu lagi 101 300 kr.
   2. Fyrir hjón, sem samsköttuð eru 153 600 kr.
   3. Fyrir einstætt foreldri, sem heldur heimili og framfærir þar börn sín, sem ekki eru fullra 16 ára í byrjun þess almanaksárs sem skattur er lagður á, 153 600 kr.

   b. 1. mgr. C-liðar orðist svo:
   Með hverju barni, sem heimilisfast er hér á landi, þar með talin stjúpbörn, kjörbörn og fósturbörn, sem ekki eru fullra 16 ára í byrjun þess almanaksárs þegar skattur er lagður á og er á framfæri heimilisfastra manna hér á landi sem skattskyldir eru skv. 1. gr. laga þessara, skal ríkissjóður greiða barnabætur til framfæranda barnsins er nemi 32 150 kr. með fyrsta barni og 47 150 kr. með hverju barni umfram eitt. Þó skal fjárhæð barnabóta skert um þær barnabætur eða hliðstæðar bætur sem framfærandi hefur fengið erlendis á skattárinu vegna barnsins.
2. Aftan við ákvæði til bráðabirgða í lok II. kafla (á eftir 12. gr.) bætist nýr stafliður, svo hljóðandi:
   Ríkisstjórnin skal halda áfram athugun á skattakerfinu og leggja niðurstöður þeirrar athugunar fyrir næsta Alþingi. Í því sambandi skal athugað sérstaklega, að hvort hjóna um sig verði sérstakur skattgreiðandi, þannig að vinni hjón utan heimilis, skuli hvor aðili greiða tekjuskatt af þeim tekjum, sem hann vinnur fyrir. Vinni annar aðilinn utan heimilis, skuli þeim, sem engar tekjur hefur, reiknaður til tekna hluti af tekjum hins, þó aldrei hærri fjárhæð en helmingur af tekjum hans.

## Ed. 511. Breytingartillögur [204. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir í efnahagsmálum og fjármálum til þess að stuðla að jafnvægi í þjóðarbúskapnum og treysta undirstöðu atvinnu og lífskjara.

Frá Ragnari Arnalds.

1. Við 1. gr. Greinin orðist þannig:
   Ríkisstjórninni er heimilt að lækka almenn rekstrarútgjöld samkv. fjárlögum ársins 1975 um allt að 1500 milljónir króna, enda sé þess gætt að slík lækkun útgjalda hafi engin áhrif á fjárveitingar til verklegra framkvæmda né heldur á framlög til félagsmála.
2. Við 2. gr. Við greinina bætist:
   Þó skal framangreindur frádráttur vegna vinnu eiginkonu bónda við búrekstur aldrei nema lægri fjárhæð en 268 000 kr., enda gegni hún ekki öðrum launuðum störfum.

3. Við 9. gr.

a. A-liður orðist þannig:

Tekjuskattur þeirra manna, sem tekjuskattskyldir eru samkvæmt lögum þessum, skal reiknast svo:

1. Hjá einstaklingi og hjónum telji þau fram hvort í sínu lagi: Af fyrstu 600 000 kr. skattgjaldstekjum greiðist 20%, af skattgjaldstekjum yfir 600 000 kr., en undir 1 500 000 kr. greiðist 40%, af skattgjaldstekjum 1 500 000 kr. til 2 500 000 kr. greiðist 45% og af skattgjaldstekjum yfir 2 500 000 kr. greiðist 50%. Frá þeirri fjárhæð skal síðan dreginn persónuafsláttur skv. 1. eða 3. tl. B-liðar þessarar greinar, eftir því sem við á.
2. Hjá hjónum sem samsköttuð eru, sbr. 3. gr. laga þessara og einstökum foreldrum, sem halda heimili og framfæra þar börn sín: Af fyrstu 850 000 kr. skattgjaldstekjum greiðist 20%, af skattgjaldstekjum 850 000 kr., en undir 1 750 000 kr. greiðist 40%, af skattgjaldstekjum 1 750 000 kr. til 2 750 000 kr. greiðist 45% og af skattgjaldstekjum yfir 2 750 000 kr. greiðist 50%. Frá þeirri fjárhæð skal síðan dreginn persónuafsláttur skv. 2. tl. B-liðar þessarar greinar.

b. 2. málsgr. C-liðar orðist svo:

Af heildarupphæð barnabóta greiðast til framfæranda barns 20 000 kr. með hverju barni. Upphæðin breytist í samræmi við skattvísitölu. Eftirstöðvum skal varið til greiðslu eftirtalinna opinberra gjalda framfærandans í þessari forgangsröð:

1. Tekjuskatts sem á er lagður á greiðsluárinu skv. A-lið þessarar greinar.
2. Annarra þinggjalda sem á eru lögð á greiðsluárinu.
3. Ógoldinna þinggjalda frá fyrri árum.
4. Útsvars sem á er lagt á greiðsluárinu.
5. Aðstöðugjalds sem á er lagt á greiðsluárinu.

c. 3. málsgr. C-liðar orðist svo:

Eftirstöðvar, ef einhverjar verða, greiðast framfæranda. Framfærandi getur farið fram á að heildarupphæð barnabóta renni óskert til greiðslu ofantalinna opinberra gjalda. Fjármálaráðherra skal ákveða gjalddaga útborgaðra barnabóta ár hvert. Búi foreldrar barns, sem ekki er fullra 16 ára í byrjun þess almanaksárs þegar skattur er á lagður, saman ógift telst faðir barnsins framfærandi þess skv. þessum staflið, en heimilt er samkvæmt reglugerð, sem fjármálaráðherra setur, að draga frá barnabótum greiðslu opinberra gjalda móður barnsins (barnanna) að því marki sem eftirstöðvum nemur á sama hátt og í sömu forgangsröð og fyrir er mælt í 2. mgr. þessa stafliðar.

4. Við ákvæði til bráðabirgða í lok II. kafla á eftir 12. gr. bætist nýr stafliður, svo hljóðandi:

Við álagningu tekju- og eignarskatts árið 1975 skulu fyrningar reiknaðar samkv. ákvæðum 15. gr. gildandi skattalaga, með því fráviki, að engar flýtifyrningar skulu leyfðar né heldur verðbreytingar eigna samkvæmt verðhækkunarstuðli. Afskriftaverð (afskriftastofn) eigna skal því vera hið sama og s. l. ár, eða hliðstætt sé um nýjar eignir að ræða.

5. Við 16. gr. Fyrri efnismálsgr. orðist svo:

1. mgr. 26. gr. laga nr. 8/1972 hljóði svo:

Útsvar skv. 25. gr. hjá hjónum, sem telja fram sameiginlega, og einstæðum foreldrum, sem hafa fyrir heimili að sjá, skal lækka um 10 500 kr. og útsvar einstaklinga um 7 500 kr. Telji hjón fram hvort í sínu lagi skal hvort um sig fá samsvarandi lækkun og einstaklingur. Fyrir hvert barn innan 17 ára aldurs, sem gjaldandi hefur á framfæri sínu, skal lækka útsvar hans um 2 700 kr.

Hafi gjaldandi fleiri en 3 börn innan 16 ára aldurs á framfæri sínu skal enn fremur lækka útsvar hans um 5 400 kr. fyrir hvert barn umfram 3. Fjárhæðir þessar skulu breytast í samræmi við skattvísitölu eins og hún er á hverjum tíma, sbr. 53. gr. laga nr. 68/1971 með síðari breytingum.

6. 32. gr. orðist svo:
Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka erlent lán að jafnvirði allt að 5600 millj. kr. Af þeirri fjárhæð er heimilt að endurlána Framkvæmdasjóði 2800 millj. kr., en 2800 millj. skal ráðstafað svo sem fyrir er mælt í 33. gr.

7. Við 33. gr. Við upptalningu undir orkumál bætist nýr stafliður:
f. Stofnlína milli Suðurlands og Norðurlands og undirbúningur að stofnlínum frá því orkuveitusvæði til Vestfjarða og Austfjarða.

## Nd. 512. Frumvarp til laga [257. mál]

um breyting á sveitarstjórnarlögum, nr. 58 frá 29. mars 1961.

Flm.: Gunnlaugur Finnsson, Karvel Pálmason, Sighvatur Björgvinsson, Garðar Sigurðsson, Ólafur G. Einarsson.

1. gr.

40. gr. laganna orðist svo:

Í hreppum, þar sem sveitarstjóri er ekki starfandi, skulu oddvitar eiga rétt á launum úr sveitarsjóði vegna starfa sinna skv. 39. gr. Skulu laun oddvita vera 6% af rekstrartekjum sveitarsjóðs og fyrirtækja sveitarfélaga.

Ef um er að ræða sérstakar, umfangsmiklar framkvæmdir á vegum sveitarfélags, sem oddviti sér um, skal oddviti eiga rétt á sérstakri þóknun fyrir þau störf skv. ákvörðun sveitarstjórnar.

Láti oddviti í té húsnæði og aðra aðstöðu vegna skrifstofuhalds, fundahalda o. fl. í þágu sveitarfélags, á hann rétt á sérstakri greiðslu fyrir þá þjónustu, og skal hreppsnefnd meta hana hverju sinni.

Í hreppum, þar sem sveitarstjóri er starfandi, skal þóknun oddvita ákveðin með sama hætti og annarra sveitarstjórnarmanna, skv. 24. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1976.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hefur það farið í vöxt, að sveitarstjórar hafa verið ráðnir framkvæmdastjórar í hreppum. Hafa sveitarstjórar þannig tekið við framkvæmdastjórastörfum af oddvitum. Augljóst er þó, að hinir minni hreppar geta ekki af fjárhagsástæðum ráðið sér sveitarstjóra í fullt starf til að gegna framkvæmdastjórastörfum fyrir sveitarfélagið og verða hinir kjörnu oddvitar þar að gegna þeim störfum meira og minna sem aukastörfum samhliða aðalstörfum

Oddvitastarf er borgaraleg skylda, skv. 23. gr. sveitarstjórnarlaga, sem menn geta ekki skorast undan. Þó hefur þess orðið vart í sívaxandi mæli á undanförnum árum, að sveitarstjórnarmenn hafi skorast undan að gegna oddvitastörfum, aðallega af tvennum ástæðum. Oddvitastörf eru mjög erilsöm og oddvitalaun hafa verið mjög lág og í engu samræmi við almennt kaupgjald í landinu. Margir oddvitar hafa kvartað yfir þessu og óskað lagfæringa. Er frumvarpi þessu ætlað að bæta að nokkru launakjör oddvita.

Oddvitalaun eru nú 4% af tekjum, sem oddvitar innheimta fyrir sveitarsjóð, og auk þess visst gjald miðað við íbúafjölda sveitarfélagsins. Gjald þetta var s. l. ár, 195 kr. á íbúa.

Í frv. er lagt til, að oddvitalaun verði 6% af öllum rekstrartekjum sveitarfélagsins.

Miðað við s. l. ár mundi þessi breyting þýða um 30—50% hækkun á launum oddvita.

**Fylgiskjal.**

**Samanburður á oddvitalaunum í nokkrum sveitarfélögum skv. gildandi reglum og reglu frumvarpsins.**

| | | Árslaun | | |
|---|---|---|---|---|
| | | Skv. núgildandi reglum þús. kr. | Skv. reglum frv. þús. kr. | Hækkun % |
| 1. | Hreppur með 573 íbúa ..... | 730 | 1 017 | 33 |
| 2. | — — 408 — ..... | 480 | 768 | 37 |
| 3. | — — 306 — ..... | 248 | 372 | 50 |
| 4. | — — 266 — ..... | 274 | 320 | 50 |

## Ed. 513. Frumvarp til laga [258. mál]

um Viðlagatryggingu Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 96. löggjafarþingi, 1974—75.)

**1. gr.**

Setja skal á fót stofnun, er hafi það hlutverk að tryggja gegn tjóni af völdum náttúruhamfara.

Stofnun þessi nefnist Viðlagatrygging Íslands. Hún skal hafa heimili og varnarþing í Reykjavík.

**2. gr.**

Stjórn stofnunarinnar skulu skipa fimm menn. Skulu tveir kosnir af Sameinuðu Alþingi, einn skal valinn af þeim vátryggingarfélögum, sem innheimta iðgjöld, sbr. 3. mgr. 8. gr., en tryggingarráðherra skipar tvo og skal annar vera formaður. Varamenn skulu valdir á sama hátt. Stjórnarmenn skulu skipaðir til fjögurra ára í senn.

**3. gr.**

Stjórn Viðlagatryggingar Íslands skal gera sérstakt samkomulag við Seðlabanka Íslands um vörslu og ávöxtun fjár og bókhald stofnunarinnar. Við ávöxtun skal leitast við að tryggja verðgildi fjárins svo sem unnt er á hverjum tíma. Óheimilt er að ráðstafa fé stofnunarinnar til almennra útlána. Reikningar stofnunarinnar skulu endurskoðaðir, samkvæmt reglum um endurskoðun reikninga Seðlabankans. Reikningarnir skulu birtir árlega í Lögbirtingablaði.

**4. gr.**

Viðlagatrygging Íslands skal vátryggja gegn beinu tjóni af völdum eftirtalinna náttúruhamfara: Eldgosa, jarðskjálfta, skriðufalla, snjóflóða og vatnsflóða.

5. gr.

Vátryggingarskyldar eru allar húseignir og lausafé, þar með taldar vörubirgðir, vélar og tæki, sem brunatryggðar eru hjá vátryggingarfélagi, er starfsleyfi hefur hér á landi.

Tryggingarskyldan nær einnig til lausafjár, sem tryggt er samsettri tryggingu, er innifelur brunatryggingu, enda flokkist slík trygging undir eignatryggingar.

6. gr.

Vátryggingarfjárhæðir skulu vera hinar sömu og brunatryggingarfjárhæðir á hverjum tíma.

7. gr.

Eigin áhætta vátryggðs skal vera 5% af hverju tjóni, þó eigi lægri fjárhæð en kr. 100 000.00. Lágmark þetta má hækka eða lækka með reglugerð að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar.

8. gr.

Árleg iðgjöld skulu vera 0.25‰ af vátryggingarfjárhæðum tryggðra verðmæta.

Nú er hrein eign stofnunarinnar meiri en 2‰ af áætluðum vátryggingarfjárhæðum í lok árs og skal þá lækka iðgjöld um helming. Verði hrein eign meiri en 3‰ af áætluðum vátryggingarfjárhæðum í lok árs, skal innheimta iðgjalda falla niður. Fari eignin niður fyrir 2‰ af áætluðum vátryggingarfjárhæðum í lok árs, skal hefja innheimtu fullra iðgjalda að nýju. Fari hrein eign niður fyrir 1‰ af áætluðum vátryggingarfjárhæðum í lok árs, er stjórn stofnunarinnar heimilt að innheimta iðgjöld, sbr. 1. mgr., með 100% álagi þar til 2‰ markinu er náð.

Vátryggingarfélög þau, er brunatryggja eignir þær, sem tryggðar eru hjá stofnuninni, sbr. 5. gr., skulu innheimta iðgjöld til hennar ásamt brunatryggingariðgjöldum, enda skulu þau hafa sama gjalddaga.

Iðgjöld af tryggingum húseignar njóta lögveðréttar í hinni tryggðu húseign ásamt lóð eða landi, er hún stendur á.

Um innheimtu iðgjalda með uppboði eða lögtaki skal, eftir því sem við á, fara eftir reglum 18. gr. laga nr. 9/1955, 6. gr. laga nr. 25/1954, sbr. 2. gr. laga nr. 37/1965 og 5. gr. laga nr. 59/1954, sbr. 1. gr. laga nr. 93/1965.

9. gr.

Telji vátryggður að gerst hafi bótaskyldur tjónsatburður, skal hann tilkynna það vátryggingarfélagi því, er selt hefur honum vátrygginguna, svo fljótt sem unnt er, og í síðasta lagi innan 30 daga frá því að atburðurinn gerðist. Geri hann það ekki, er niður fallinn allur réttur hans til bóta.

Vátryggingarfélag, er fær slíka tilkynningu, skal innan viku frá því, að tilkynning barst því, tilkynna stjórn Viðlagatryggingar Íslands um tjónsatburðinn. Þegar vátryggingarfélag eða stjórn Viðlagatryggingar Íslands fær tilkynningu eða vitneskju um tjón, sem ætla má að geti fallið undir tryggingu þessa, skal, svo fljótt sem unnt er, gera ráðstafanir til að fá úr því skorið, hvort um sé að ræða bótaskylt tjón af völdum náttúruhamfara, og láta meta skaðann.

10. gr.

Rísi ágreiningur um, hvort bótaskyldur tjónsatburður hafi gerst eða að tjón sé bótaskylt, skal stjórn stofnunarinnar úrskurða málið. Vilji tjónþoli eigi sætta sig við úrskurð stjórnarinnar, skal hann innan 30 daga frá því, að honum barst tilkynning hennar, skjóta ágreiningnum til hamfaranefndar. Hamfaranefnd skal skipuð af ráðherra til 4 ára og eiga sæti í henni þrír menn. Einn skal skipaður samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar Íslands og skal hann vera formaður. Annar skal skipaður eftir tilnefningu Veðurstofu Íslands og hinn þriðji samkvæmt tilnefningu raunvísindadeildar Háskóla Íslands.

Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

11. gr.

Hafi bótaskyldur tjónsatburður gerst, skal stjórnin ákveða, hverjar séu nauðsynlegar ráðstafanir til björgunar tryggðum verðmætum og til að hindra frekara tjón á þeim. Stofnunin skal bera kostnað af slíkum aðgerðum. Aðgerðir þessar skulu, svo sem kostur er, framkvæmdar í samvinnu við Almannavarnir og aðra aðila, sem með slík mál hafa að gera.

12. gr.

Vátryggingarfélag það, er tjónþoli hefur tryggt hjá, skal að jafnaði hafa á hendi tjónsuppgjör. Stjórn stofnunarinnar getur ákveðið, hve stórt tjón vátryggingarfélag megi gera upp. Náist ekki samkomulag um tjónsuppgjör við tjónþola eða tjón nemi hærri fjárhæð en vátryggingarfélagi er heimilt að gera upp, skal stjórnin hafa á hendi uppgjör í samráði við fulltrúa frá vátryggingarfélagi því, er hlut á að máli.

Verði verulegt tjón hjá mörgum vátryggðum samtímis, sem hafa brunatryggt hjá fleiri en einu vátryggingarfélagi, getur stjórnin ákveðið, að hún skuli hafa allt tjónsuppgjör á hendi í samráði við fulltrúa þeirra vátryggingarfélaga, sem hlut eiga að máli.

13. gr.

Heimilt er að lækka eða synja alveg um bætur:

a. Þegar hús, sem tjón verður á, er reist á stað, sem almennt var vitað fyrirfram, að var hættulegur með tilliti til snjóflóða, skriðufalla eða vatnsflóða. Það telst ætíð almennt vitað í þessu sambandi, ef hús á sama stað hefur oftar en einu sinni orðið fyrir sams konar tjóni.
b. Þegar styrkleiki húss, byggingarlag og byggingarhættir eru óforsvaranlegir miðað við þær aðstæður, sem algengar eru á byggingarstað, og ljóst er, að tjón hefur orðið meira af þessum sökum.

Nú er bóta vegna tjóns á húseign synjað eða þær lækkaðar vegna atvika, er um ræðir hér að framan, og gilda þá sömu reglur um lausafé það, sem í þeim er geymt.

14. gr.

Nú vill tjónþoli eigi sætta sig við tjónsuppgjör og er honum þá heimilt að skjóta málinu til uppgjörsnefndar, en gera skal hann það innan fjögurra vikna frá því, að honum barst endanleg ákvörðun stofnunarinnar.

Uppgjörsnefnd skal skipuð af tryggingamálaráðherra til 4 ára. Í nefndinni skulu eiga sæti þrír menn. Einn skal skipaður eftir tilnefningu Hæstaréttar og skal hann vera formaður, annar eftir tilnefningu lagadeildar Háskóla Íslands og hinn þriðji án tilnefningar.

Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

15. gr.

Vátryggingarbætur skulu inntar af hendi svo fljótt sem unnt er.

Allar kröfur á hendur stofnuninni fyrnast á tveimur árum frá því að náttúruhamförum þeim lauk, sem orsökuðu tjónið.

16. gr.

Nú eru tryggðar eignir veðsettar og nær þá veðrétturinn til tryggingarbóta.

17. gr.

Bótaskylda Viðlagatryggingar Íslands vegna hvers tjónsatburðar takmarkast við 5‰ af heildarvátryggingarfjárhæð í upphafi hvers árs.

Nemi heildarfjárhæð bótaskyldra tjóna vegna eins tjónsatburðar hærri fjárhæð, skal hlutur allra tjónþola skerðast í sama hlutfalli.

18. gr.

Ríkissjóður endurtryggir án iðgjalds þann hluta einstaks tjóns, sem er umfram 2‰ af samanlögðum vátryggingarfjárhæðum í upphafi hvers árs.

Heimilt er stofnuninni að endurtryggja frekar eigin áhættu sína innanlands eða erlendis.

Nú verða bótaskyld tjón það mikil á einu ári, að eignir og endurtryggingar nægja ekki til að greiða þau, sbr. 1. mgr. 17. gr. og er stjórninni þá heimilt að taka lán til að geta fullnægt skuldbindingum stofnunarinnar. Ríkissjóður skal taka sjálfsskuldarábyrgð á slíkum lánum.

19. gr.

Stjórn stofnunarinnar er heimilt að veita fé til að styrkja framkvæmdir, sem ætlað er að varna tjóni af völdum náttúruhamfara.

20. gr.

Viðlagatrygging Íslands skal vera undanþegin greiðslu tekju- og eignarskatts til ríkissjóðs og útsvari og aðstöðugjaldi til sveitarsjóða. Skjöl stofnunarinnar skulu vera undanþegin stimpilgjaldi.

21. gr.

Viðlagatrygging Íslands skal taka við eignum og skuldum Viðlagasjóðs hinn 1. janúar 1977, enda falla þann dag úr gildi lög nr. 4 frá 27. mars 1973 og lög nr. 5 28. febrúar 1975, svo og öll lög um breytingu á þeim lögum.

Nemi skuldir Viðlagasjóðs þann dag meiru en eignir, skal ríkissjóður greiða þann mun.

22. gr.

Stjórnin skal semja við vátryggingarfélög þau, sem taka að sér störf fyrir stofnunina, um endurgjald fyrir þau. Náist ekki samkomulag um endurgjaldið skal tryggingamálaráðherra skera úr deilu.

Tryggingamálaráðherra skal að fengnum tillögum stjórnarinnar setja með reglugerð nánari ákvæði um allt, sem varðar framkvæmd laga þessara.

23. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 1975.

## Greinargerð með frumvarpi til laga um Viðlagatryggingu.

Með bréfi dags. 30. desember 1974 skipaði heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra

Ásgeir Ólafsson, forstjóra,
Benedikt Sigurjónsson, hæstaréttardómara og
Bjarna Þórðarson, tryggingafræðing

í nefnd, er fékk það hlutverk

„að gera tillögur um fyrirkomulag skyldutrygginga, er bæti tjón á húseignum og lausafé af völdum náttúruhamfara, svo sem jarðskjálfta, eldgosa, snjóflóða, skriðufalla, flóða og ofviðra og semja frumvarp til laga um slíkar tryggingar."

Nefndin kynnti sér gögn um fyrirkomulag slíkra trygginga í ýmsum löndum, sem líkt er ástatt um og hérlendis hvað náttúruhamfarir snertir, s. s. í Japan, Nýja Sjálandi, Sviss, Austurríki, Noregi og víðar.

Tryggingar þær, sem starfræktar eru í þessum löndum, eru um margt ólíkar, en segja má að eftirtalin fjögur atriði séu lík hjá þeim flestum.

1. Skylt er að kaupa tryggingu gegn náttúruhamförum sem viðauka við brunatryggingu húseigna og lausafjár.
2. Vátryggingarfélögin innheimta iðgjöldin.
3. Ríkið er endurtryggjandi, þegar um meiri háttar tjón er að ræða.
4. Fremur há eigin áhætta hinna tryggðu.

Við samning þessa frumvarps hefur nefndin haft þessi meginatriði í huga.

Um þörfina fyrir náttúruhamfaratryggingu hér á landi þarf vart að fjölyrða nú. Nýfengin og dýrkeypt reynsla af eignatjóni í eldgosinu í Vestmannaeyjum 1973 og í snjóflóðunum í Neskaupstað á sl. ári er enn í fersku minni.

Þegar skyggnst er til baka, kemur í ljós, að sagan geymir upplýsingar um, að af og til hefur þjóðin orðið fyrir geysilegu tjóni af völdum náttúruhamfara ýmiss konar — einkum þó eldgosa, jarðskjálfta, snjóflóða og skriðufalla.

Árið 1784 lögðu t. d. jarðskjálftarnir 14. og 16. ágúst um 400 bæi í rúst í Árnes- og Rangárvallasýslu og í jarðskjálftanum 1896 varð einnig meira og minna tjón á 971 býli í sömu sýslum. Árið 1934 varð mikið tjón á Dalvík og víðar. Skriðuföll og snjóflóð hafa líka valdið miklu eignatjóni og það sem verra er, þau hafa tekið mikinn toll af mannslífum, einkum snjóflóðin. Vitað er að milli 5 og 6 hundruð manns hafa farist í snjóflóðum hér á landi. Flestir hafa farist, er snjóflóð féll á hús og má því gera sér í hugarlund þau miklu verðmæti, sem eyðilagst hafa. Þá er og vitað að mikil verðmæti hafa eyðilagst í snjóflóðum og skriðuföllum, þótt ekki yrði manntjón.

Löggjafinn hefur ótvírætt sýnt og raunar þjóðin öll, að fullur vilji er fyrir hendi að bæta slík tjón.

Í landinu eru nú starfandi tveir sjóðir, sem hafa það hlutverk að veita aðstoð vegna tjóna af völdum náttúruhamfara. Viðlagasjóður, sem starfar samkv. lögum nr. 4 frá 27. mars 1973 og nr. 5, 28. febrúar 1975 og hefur það hlutverk m. a. að bæta tjón af völdum eldgossins í Vestmannaeyjum og snjóflóðanna í Neskaupstað. Þegar þessum verkefnum er lokið, sem áætlað er að verði í árslok 1976, er gert ráð fyrir að starfsemi hans verði lögð niður, en eignir og skuldir, eins og þær þá verða, renni til Viðlagatryggingarinnar, sbr. 22. gr. frumvarpsins.

Hinn sjóðurinn er Bjargráðasjóður, sem starfar nú samkvæmt lögum nr. 51, 26. maí 1972. Bjargráðasjóði er skipt í tvær deildir, almenna deild og búnaðardeild. Fjárhagsaðstoð beggja þessara deilda er ýmist fólgin í styrkveitingum eða veitingu vaxtalausra lána. Frumvarp það, er hér liggur fyrir um Viðlagatryggingu, gerir ráð fyrir því að eingöngu verði um eignartryggingu að ræða, er bæti tjón af völdum tiltekinna náttúruhamfara. Starfsemi Viðlagatryggingar grípur því eigi inn á svið þessara sjóða. Þó er ljóst, að tryggingin mun létta mjög á almennri deild Bjargráðasjóðs, þar eð Bjargráðasjóður mun yfirleitt ekki veita lán eða styrki, þegar vátrygging er fyrir hendi.

Tilgangur með því að koma á fót Viðlagatryggingu þeirri, er frumvarp þetta gerir ráð fyrir, er sá að vera fyrirfram viðbúinn með fjármagn og reglur, hvernig bæta skuli, ef menn verða fyrir eignatjóni af völdum náttúruhamfara, og um leið að tryggt sé, að allir sitji við sama borð í þessu efni. Tjónið, sem einstaklingur bíður af völdum náttúruhamfara, er jafn tilfinnanlegt fyrir hann, hvort heldur hann verður einn fyrir því eða fleiri samtímis.

Nefndin lítur svo á, að Viðlagatrygging Íslands eins og stofnunin er nefnd í frumvarpinu, þurfi ekki að ráða fast starfsfólk. Heldur er gert ráð fyrir því, að stjórn hennar semji við Seðlabanka Íslands um vörslu og ávöxtun sjóða stofnunarinnar og hann annist bókhald hennar. Leggja verður áherslu á, að sjóðirnir séu eins vel verðtryggðir á hverjum tíma og kostur er. Óheimilt er að verja þeim til almennra útlána.

Lagt er til, að innheimt verði tiltölulega vægt iðgjald af hinum tryggðu verðmætum eða 0.25‰. Er áætlað, að ársiðgjöld nemi m. v. núverandi verðlag um kr. 150 miljónum. Þá er reiknað með, að heildarverðmæti hins tryggða séu 600 miljarðar.

Gert er ráð fyrir því, að hámarksbætur, sem stofnunin bæti í einu og sama tjóni, verði 5‰ af vátryggingarverðmætinu eða sem næst 3 miljarðar miðað við þær tölur, er að ofan getur.

**Um einstakar greinar frumvarpsins skal þetta tekið fram:**

Um 1. gr.

Hér er skýrgreint hlutverk stofnunarinnar, nafn hennar, heimili og varnarþing.

Um 2. gr.

Í þessari grein er kveðið á um val stjórnarmanna.

Um 3. gr.

Skv. þessari grein skal stjórn stofnunarinnar gera samkomulag við Seðlabanka Íslands um ávöxtun og vörslu fjár stofnunarinnar og skal leitast við að tryggja sem best verðgildi fjárins. Ætti þetta að hafa í för með sér nokkurn sparnað.

Um 4. gr.

Hér er kveðið á um til hvaða náttúruhamfara tryggingin skuli taka.

Nefndin hefur ekki talið rétt, að tryggingin taki til tjóna af völdum ofviðra. Væru slík tjón bótaskyld, mundi það fjölga mjög bótaskyldum atburðum og auka umsvif stofnunarinnar, auk þess sem afar erfitt er að skilgreina hugtakið ofviðri. Auk þess má benda á, að foktryggingar eru orðnar allalgengar.

Um 5. gr.

Í þessari grein er skýrgreint, hvaða verðmæti eru vátryggingarskyld. Gert er ráð fyrir, að öll verðmæti, sem brunatryggð eru sem slík, séu vátryggð skv. lögum þessum.

Um 6. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Hér er kveðið á um eigin áhættu sérhvers vátryggðs og gert ráð fyrir að hún verði 5% af hverju tjóni og þó eigi lægri en kr. 100 000.00. Nefndin telur eðlilegt að eigin áhætta sé nokkur til þess að koma í veg fyrir afskipti af óverulegum tjónum, sem ætla verður að tjónþoli geti borið sjálfur.

Um 8. gr.

Í þessari grein er kveðið á um iðgjöld þau, er greiða skal af hinum tryggðu verðmætum. Er gert ráð fyrir, að þau nemi 0.25‰ af vátryggingarfjárhæðum. Áætlað er, að heildarvátryggingarfjárhæð nemi nú um 600 miljörðum króna og mundu árleg iðgjöld þá nema um 150 miljónum króna. Verði hrein eign stofnunarinnar meiri en 2‰ af heildarvátryggingarfjárhæð eða 1.2 miljarðar, miðað við fjárhæðir í dag, lækka iðgjöld um helming og fari eignin yfir 3‰, eða 1.8 miljarða, fellur iðgjaldsinnheimta niður. Fari eignin niður fyrir 2‰ markið, skal hefja fulla iðgjaldsinnheimtu að nýju. Fari hrein eign niður fyrir 1‰ af vátryggingarfjárhæðum eða sem svarar 0.6 miljörðum, er gert ráð fyrir heimild til handa stjórn stofnunarinnar um að innheimta iðgjöld með 100% álagi, þar til 2‰ markinu hefur verið náð.

Skoðanir nefndarmanna voru allskiptar um framangreind atriði. Annars vegar voru uppi sjónarmið um verulega minni sjóðsmyndun og hærri viðbótariðgjöld og hins vegar um meiri sjóðsmyndun og lægri viðbótariðgjöld.

Þá er í greininni gert ráð fyrir, að þau vátryggingarfélög, sem brunatryggja eignir þær, sem falla undir trygginguna, skulu innheimta iðgjöldin. Nefndin telur

það heppilegustu tilhögunina, þar eð þá þarf ekki að koma á fót sérstöku innheimtukerfi, sem yrði til muna dýrara í framkvæmd.

Iðgjöld af tryggingum húseigna skulu njóta lögveðréttar, eins og iðgjöld lögboðinna brunatrygginga húseigna — og fara skal um innheimtu þeirra með uppboði eða lögtaki á sama hátt.

Um 9. gr.

Mjög brýnt er, að þeir, sem fyrir bótaskyldu tjóni verða, tilkynni um það hið fyrsta, svo unnt sé að ganga úr skugga um bótaskyldu og bótafjárhæð. Skv. þessari grein er gert ráð fyrir, að réttur til bóta falli niður, ef tilkynning berst ekki innan 30 daga frá því að tjónsatburðurinn varð.

Skal tilkynna vátryggingarfélagi því, er innheimtir iðgjöldin og það skal aftur tilkynna stjórn stofnunarinnar innan viku.

Um 10. gr.

Hér er fjallað um meðferð ágreinings um bótaskyldu stofnunarinnar. Sætti tjónþoli sig ekki við úrskurð stjórnar stofnunarinnar, getur hann skotið ágreiningnum til hamfaranefndar, en gert er ráð fyrir, að í henni eigi sæti þrír menn og þar af a. m. k. tveir sérfróðir á sviði raunvísinda.

Um 11. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 12. gr.

Að jafnaði skal vátryggingarfélag tjónþola hafa á hendi tjónsuppgjör. Hins vegar er gert ráð fyrir, að stjórn stofnunarinnar hafi umsjón eða stjórn á uppgjöri, ef um meiri háttar tjón er að ræða.

Um 13. gr.

Í greininni er að finna heimildarákvæði um lækkun eða niðurfellingu bóta, þegar hús eru á hættusvæðum með tilliti til snjóflóða, skriðufalla eða vatnsflóða eða þegar vikið er verulega frá viðurkenndum byggingarstöðlum.

Hér er um heimildarákvæði að ræða, sem rétt er að kveða nánar á um í reglugerð.

Um 14. gr.

Hér er gert ráð fyrir skipun sérstakrar uppgjörsnefndar, sem tjónþolar geta skotið til ágreiningi um tjónsuppgjör. Ljóst er, að þessi háttur mun mjög hraða afgreiðslu ágreiningsmála í þessu efni.

Um 15. gr.

Fyrningarfrestur er hér skemmri en almennt er í vátryggingarsamningum, en engu að síður verður hann að teljast alveg nægilegur fyrir tjónþola, þegar gætt er eðlis tryggingar þessarar.

Um 16. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 17. gr.

Í þessari grein er ákveðið hámark bótaskyldu Viðlagatryggingar Íslands vegna hvers einstaks tjónsatburðar. Skoðanir kunna að vera skiptar um þetta efni, en nefndin telur sér ekki unnt að mæla með hærra hámarki en 5‰ af heildarvátryggingarfjárhæð, en það svarar nú til 3 miljarða króna. Fari tjóngreiðslur vegna eins atburðar fram úr þessu marki skerðast tjónbætur til hvers einstaks í sama hlutfalli.

Um 18. gr.

Gert er ráð fyrir, að ríkissjóður endurtryggi þann hluta einstakra tjóna, sem eru umfram 2‰ eða sem svarar um 1.2 miljörðum, miðað við fjárhæðir í dag.

Í greininni er jafnframt að finna heimild til handa stjórn stofnunarinnar um að endurtryggja eigin áhættu hennar og til að taka lán til fullnægingar skuldbindingum sínum.

Um 19. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 20. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 21. gr.

Nefndin gerir ráð fyrir, að Viðlagasjóður verði lagður niður þegar hann hefur lokið meginverkefnum sínum, sem honum hafa verið falin með lögum. Er ófært, að tvær stofnanir hafi á hendi lausn sömu verkefna. Virðist því eðlilegt, að Viðlagatrygging Íslands yfirtaki eignir og skuldir Viðlagasjóðs.

## Nd. 514. Frumvarp til laga [259. mál]

um skákkennslu.

Flm.: Gylfi Þ. Gíslason.

1. gr.

Ráðherra er heimilt að skipa íslenska skákmenn í fast starf til kennslu í skák. Skilyrði er að skákmaður hafi hlotið stórmeistaratitil eða annan alþjóðlegan titil í skák. Laun skulu vera hámarkslaun menntaskólakennara. Kennsluskylda skal ákveðin með reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Lengi hefur verið mikill áhugi á skák á Íslandi. Skákkunnátta er mjög útbreidd og hefur farið vaxandi. Jafnframt hafa íslendingar eignast marga afburða skákmenn, og hafa ýmsir þeirra komist í fremstu röð skákmanna, ekki aðeins á Norðurlöndum, heldur einnig á heimsmælikvarða.

Ástundun skákíþróttarinnar er meðal hollustu og bestu tómstundaiðkana, sem völ er á. Engin leið er líklegri til þess að vekja áhuga ungs fólks á taflmennsku og efla þann áhuga, sem fyrir er, en sú, að það eigi þess kost að njóta tilsagnar í skák og tefla við snjalla skákmenn á vegum skóla þess, sem það sækir. Nokkuð hefur kveðið að því, að góðir skákmenn tefldu við skólafólk. En því starfi þyrfti að koma í fast horf. Þess vegna er lagt til í frv. þessu, að ráðherra sé heimilt að ráða skákmenn til þess að kenna skák í skólum og tefla við skólafólk. Er þá eðlilegt, að þeir, sem mestum árangri hafa náð á alþjóðavettvangi, gangi fyrir um slík störf, ef þeir óska þess, en nokkrir íslendingar hafa nú öðlast stórmeistaratitil og aðra alþjóðlega titla í skák. Flutningsmanni frv. er ljóst, að slíkt starf mætti skipuleggja á margan hátt og að mörg sjónarmið gætu komið til greina við val á skákmönnum til slíkra starfa. Þess vegna eru ákvæði frv. almenn heimildarákvæði um aðalatriði málsins, þ. e. að efnt verði til skákkennslu í skólum og að bestu skákmenn þjóðarinnar eigi kost á slíku starfi, ef þeir óska þess, og ætti það að geta verið þeim stuðningur við iðkun skáklistarinnar. Framkvæmd málsins yrði í hendi ráðherra, og væri eðlilegt, að hann hefði um framkvæmdaratriði öll samráð við samtök skákmanna.

## Ed. 515. Nefndarálit [210. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 17/1965, um landgræðslu.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt frv. á þremur fundum og fengið landgræðslustjóra til fundar við sig. Einnig hafa nefndinni borist umsagnir um frv. frá Stéttarsambandi bænda og Búnaðarfélagi Íslands. Að lokinni athugun og umræðu um frv. var nefndin sammála um að mæla með samþykkt þess með þeim breytingum, sem hún flytur á sérstöku þingskjali. Fjarstaddur afgreiðslu málsins var Axel Jónsson.

Alþingi, 25. apríl 1975.

| | | |
|---|---|---|
| Steinþór Gestsson, form., frsm. | Ingi Tryggvason, fundaskr. | Helgi Seljan. |
| Jón Árm. Héðinsson. | Ásgeir Bjarnason. | Jón Árnason. |

## Ed. 516. Breytingartillögur [210. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 17/1965, um landgræðslu.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 6. gr. Í 3. málsgrein falli niður orðin „ef við verður komið“.
2. Við 7. gr. 4. málsliður orðist svo:
   Funda- og ferðakostnaður svo og þóknun fyrir unnin störf gróðurverndarnefndar greiðist af fé Landgræðslunnar að ⅔ hlutum og viðkomandi sýslusjóði að ⅓ hluta.
3. Við 8. gr. Greinin orðist svo:
   20. gr. laganna orðist svo:
   Gróðurverndarnefndir skulu í samvinnu við landnýtingarráðunaut Búnaðarfélags Íslands fylgjast með notkun afrétta og heimalanda í viðkomandi sýslu, vera ráðgefandi fyrir stjórnendur fjallskilamála í umdæminu um notkun og meðferð beitilanda og aðstoða Landgræðslu ríkisins við verndun og eflingu gróðurs.
   Gróðurverndarnefndir skulu halda gerðabækur um störf sín og skila árlegum skýrslum til viðkomandi búnaðarsambanda, landnýtingarráðunautar og landgræðslustjóra. Landgræðslustjóri skal setja reglur um störf gróðurverndarnefnda.
4. Á eftir 11. gr. komi ný grein, sem verður 12. gr.
   Fyrir „kr. 1 000 til kr. 20 000“ í 43. gr. laganna komi: kr. 2 000 til kr. 40 000.

## Ed. 517. Breytingartillögur [204. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir í efnahagsmálum og fjármálum til þess að stuðla að jafnvægi í þjóðarbúskapnum og treysta undirstöðu atvinnuvega og lífskjara.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

1. Á eftir 20. gr. komi ný gr., er verði 21. gr. og hljóði svo:
   Fjármálaráðuneytinu er heimilt að fella niður tolla af þeim lyfjum, er falla undir tollskrárnúmer 30.01.00 og 30.02.00, og af þeim sérlyfjum, sem skráð

eru á sérlyfjaskrá, og af þeim óskráðum sérlyfjum, sem til landsins eru flutt með heimild heilbrigðisyfirvalda skv. 3. mgr. 54. gr. laga nr. 30/1963, er falla undir tollskrárnúmer 30.03.09.

2. 34. gr. (er verði 35. gr.) orðist svo:

6. mgr. 26. gr. laga nr. 21/1963, um kirkjugarða, hljóði svo:

Eindagi kirkjugarðsgjalda er hinn sami sem á útsvörum. Stjórnir kirkjugarða geta falið ríkissjóði innheimtu kirkjugarðsgjalda. Í hreppsfélögum geta stjórnir kirkjugarðanna þó falið sveitarsjóðum innheimtuna. Innheimtulaun skulu vera 6% af innheimtu fé. Stjórnum kirkjugarðanna er heimilt að hafa innheimtuna í eigin höndum gegn sömu þóknun.

## Ed. 518. Frumvarp til laga [204. mál]

um ráðstafanir í efnahagsmálum og fjármálum til þess að stuðla að jafnvægi í þjóðarbúskapnum og treysta undirstöðu atvinnu og lífskjara.

(Eftir 2. umr. í Ed., 25. apríl.)

Samhljóða þskj. 493 og 503 með þessum breytingum:
21.—37. gr. hljóða svo:

### 21. gr.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að fella niður tolla af þeim lyfjum, er falla undir tollskrárnúmer 30.01.00 og 30.02.00, og af þeim sérlyfjum, sem skráð eru á sérlyfjaskrá, og af þeim óskráðum sérlyfjum, sem til landsins eru flutt með heimild heilbrigðisyfirvalda skv. 3. mgr. 54. gr. laga nr. 30/1963, er falla undir tollskrárnúmer 30.03.09.

### 22. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að lækka eða fella niður söluskatt af einstökum matvörum eða matvöruflokkum, sbr. lög nr. 10/1960 með áorðnum breytingum.

Fjármálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessarar lækkunar, þar með skrá yfir þær vörur sem hún tekur til, svo og um bókhald og söluskattsframtal þeirra sem versla með vörur þessar.

## VI. KAFLI
## Flugvallagjald.

### 23. gr.

Á tímabilinu 1. maí 1975 til loka febrúar 1976 skal greiða flugvallagjald, er renni til ríkissjóðs, vegna hvers manns, sem ferðast með loftfari innanlands eða frá Íslandi til annarra landa.

Undanþegin gjaldskyldu eru börn innan 2 ára aldurs, skráðar áhafnir loftfara, þeir sem viðkomu hafa á Íslandi skv. farseðli milli annarra Evrópulanda og Ameríku og þeir sem ferðast með loftförum varnarliðs Bandaríkja Norður-Ameríku hér á landi.

Heimilt er að innheimta tilsvarandi gjald vegna farþega, sem fara með skipum frá Íslandi til annarra landa. Nánari ákvæði um framkvæmd ákvæða þessarar málsgreinar skulu sett í reglugerð. Að öðru leyti gilda um þessi gjöld ákvæði 24., 25., 26., 27. og 28. gr. þessa kafla.

### 24. gr.

Flugvallagjald skal vera 2 500 kr. fyrir hvern farþega, sem ferðast frá Íslandi til annarra landa, þó 1 250 kr. fyrir farþega á aldrinum tveggja til tólf ára. Fyrir

hvern farþega, er ferðast innanlands að eða frá Reykjavíkurflugvelli og Keflavíkurflugvelli, skal gjaldið nema 350 kr., þó 175 kr. fyrir farþega á aldrinum tveggja til tólf ára. Sama gjald skal greiða vegna farþega, er fara til Grænlands eða til Færeyja. Fyrir hvern farþega, er ferðast milli annarra flugvalla innanlands, skal gjaldið vera 175 kr., þó hálft gjald fyrir farþega á aldrinum tveggja til tólf ára. Flugvallagjald skal fella inn í verð farseðils.

25. gr.

Eigandi loftfars og sá er ábyrgð ber á rekstri þess bera ábyrgð á greiðslu flugvallagjalds.

Fyrir brottför loftfars frá Íslandi skal afhenda umboðsmanni ríkissjóðs á flugstöð skrá um farþega með því, áhöfn þess og hverjir séu gjaldfrjálsir skv. 2. mgr. 25. gr. eða greiða skulu hálft gjald skv. 24. gr. Skrá þessi skal undirrituð af flugstjóra.

26. gr.

Flugvallagjald vegna farþega, er ferðast með loftförum sem skráð eru erlendis og allra loftfara sem ekki er flogið á áætlunarleiðum, skal greiða umboðsmanni ríkissjóðs fyrir brottför loftfars um leið og afhent er skrá skv. 2. mgr. 24. gr.

Flugvallagjald vegna farþega, sem ferðast í áætlunarflugi á viðurkenndum áætlunarleiðum, skal greiða til lögreglustjóra (í Reykjavík tollstjóra) eigi síðar en 15. dag næsta almanaksmánaðar eftir brottför.

27. gr.

Sé gjöldum ekki skilað á réttum gjalddaga skal sá, sem gjaldinu ber að skila, greiða af því viðurlög er nemi 1% fyrir hverja byrjaða viku frá gjalddaga. Nú er skrifstofa innheimtumanns lokuð 15. dag mánaðar og telst þá gjalddagi vera næsti dagur þar á eftir sem skrifstofan er opin til almennrar afgreiðslu.

Flugvallagjald nýtur lögtaksréttar.

Heimilt er innheimtumanni að láta lögregluna stöðva atvinnurekstur þess er eigi gerir skil á réttum gjalddaga, þar til skil eru gerð, meðal annars með því að setja skrifstofur, starfsstofur og flutningatæki hans undir innsigli.

28. gr.

Brot á þessum kafla laganna varða sektum, varðhaldi eða fangelsi svo og sviptingu starfsleyfis.

## VII. KAFLI

## Skyldusparnaður.

29. gr.

Allir menn sem tekjuskattskyldir eru samkvæmt ákvæðum laga nr. 68/1971 með síðari breytingum og ekki voru orðnir 67 ára fyrir 1. janúar 1975 skulu á árinu 1975 leggja til hliðar fé til varðveislu í ríkissjóði sem hér segir:

a. Einstaklingar: 5% af skattgjaldstekjum skattársins 1974 að frádregnum 1 000 000 kr., auk 75 000 kr. fyrir hvert barn sem er á framfæri þeirra, sbr. 1. mgr. C-liðar 10. gr. laga þessara.
b. Samsköttuð hjón og fólk í óvígðri sambúð sem telur fram saman, sbr. 5. mgr. B-liðar 25. gr. laga nr. 68/1971 með síðari breytingum: 5% af skattgjaldstekjum skattársins 1974 að frádregnum 1 250 000 kr., auk 75 000 kr. fyrir hvert barn sem er á framfæri þeirra, sbr. 1. mgr. C-liðar 10. gr. laga þessara.
c. Hjón sem telja fram hvort í sínu lagi: 5% af skattgjaldstekjum hvors um sig, að frádregnum 750 000 kr. hjá hvoru, auk 37 750 kr. hjá hvoru fyrir hvert barn sem er á framfæri þeirra, sbr. 1. mgr. C-liðar 10. gr. laga þessara.

Nemi munur vergra tekna til skatts og skattgjaldstekna hærri upphæð en 250 000 kr. hjá einstaklingi og hvoru hjóna sem telja fram hvort í sínu lagi en 375 000 kr. hjá samsköttuðum hjónum skal hækka skattgjaldstekjur samkvæmt stafliðum a., b. og c. um þá upphæð sem munurinn er umfram þessar upphæðir, eftir því sem við á, og reiknast skyldusparnaður þá miðað við þessar upphækkuðu skattgjaldstekjur, sbr. stafliði a., b. og c.

Hjá þeim skattþegnum sem heimilt væri að beita ákvæðum 4. mgr. 23. gr. laga nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga skal hækka framangreindar vergar tekjur til skatts á þann veg er þar um ræðir.

Skattstjórar sjá um útreikning skyldusparnaðar samkvæmt lögum þessum og gilda um hann ákvæði VI. kafla laga nr. 68/1971 með síðari breytingum, eftir því sem við á.

Skyldusparnaður skv. þessari grein skal reiknaður í heilum þúsundum króna og lægri fjárhæð sleppt. Skal hann greiðast jafnhliða þinggjöldum til ríkissjóðs. Skyldusparnaður telst að fullu greiddur þegar fullnaðarskil hafa verið gerð á öllum þinggjöldum gjaldanda til ríkissjóðs samkvæmt þinggjaldabók ásamt þar greindum skyldusparnaði.

Þegar maður hefur greitt skyldusparnað sinn að fullu skv. 1. og 3. mgr. skal ríkissjóður viðurkenna móttöku hans með afhendingu sérstakra skyldusparnaðarskírteina.

Skírteinin skulu skráð á nafn þess er sparar og er honum óheimilt að framselja þau eða veðsetja.

Skírteini þessi skulu bera 4% ársvexti frá 1. janúar 1976 að telja eða lokagreiðsludegi skyldusparnaðar ef síðar er.

Skírteini þessi eru lengst til 15. desember 1990, en frá 1. febrúar 1978 er eiganda í sjálfsvald sett hvenær hann fær skírteinið innleyst.

### 30. gr.

Við endurgreiðslu skyldusparnaðarskírteina skv. 29. gr. greiðir ríkissjóður verðbætur á höfuðstól og vexti í hlutfalli við þá hækkun sem kann að verða á vísitölu framfærslukostnaðar frá 1. nóvember 1975 til 1. nóvember næst á undan endurgreiðslu.

Skyldusparnaður skv. 29. gr. er ekki frádráttarbær til tekjuskatts en skyldusparnaðarskírteini, svo og vextir og verðbætur af þeim, eru framtalsskyld, en njóta að öðru leyti skattfrelsis á sama hátt og skyldusparnaður skv. III. kafla laga nr. 30/1970.

### 31. gr.

Fjármálaráðherra skal með reglugerð mæla nánar fyrir um framkvæmd þessa kafla.

## VIII. KAFLI

## Lántökuheimildir vegna opinberra framkvæmda og Framkvæmdasjóðs. Ráðstöfun lánsfjár og skyldusparnaðar.

### 32. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að gefa út ríkisskuldabréf eða spariskírteini til sölu innanlands að fjárhæð allt að 500 millj. kr., svo og happdrættisskuldabréf að fjárhæð allt að 300 millj. kr., og gilda um þau ákvæði laga nr. 7/1974. Jafnframt falla niður lántökuheimildir samkvæmt liðunum í LXII., LXIII., LXIV., LXV. og LXVI. í 6. gr. fjárlaga fyrir árið 1975.

33. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka erlent lán að jafnvirði allt að 3 800 millj. kr. Af þeirri fjárhæð er heimilt að endurlána Framkvæmdasjóði 2 000 millj. kr. en 1 800 millj. kr. skal ráðstafað, svo sem fyrir er mælt í 34. gr.

34. gr.

Fé því, sem aflast samkvæmt heimildum í 32. gr. og 33. gr. þessara laga, samkvæmt liðnum LX. í 6. gr. fjárlaga fyrir árið 1975, af erlendu lánsfé vegna Þorlákshafnar, af erlendu láni Framkvæmdasjóðs hjá Viðreisnarsjóði Evrópu, af innheimtu endurlánuðu spariskírteinafé og með skyldusparnaði skv. 29. gr. VII. kafla þessara laga, en alls nema þær 5 000 millj. kr., skal varið sem hér segir:

| | Millj. kr. |
|---|---|
| Vegaframkvæmdir | 900 |
| Landshafnir | 350 |
| Þangverksmiðja að Reykhólum | 230 |
| Orkumál | 3 520 |

a. Framkvæmdir Rafmagnsveitna ríkisins og rafvæðing sveitanna.
b. Orkumál Norðurlands.
c. Kaup á jarðborum.
d. Virkjunarrannsóknir.
e. Orkuveitur sveitarfélaga.

## IX. KAFLI
## Ýmis ákvæði.

35. gr.

6. mgr. 26. gr. laga nr. 21/1963, um kirkjugarða, hljóði svo:

Eindagi kirkjugarðsgjalda er hinn sami sem á útsvörum. Stjórnir kirkjugarða geta falið ríkissjóði innheimtu kirkjugarðsgjalda. Í hreppsfélögum geta stjórnir kirkjugarðanna þó falið sveitarsjóðum innheimtuna. Innheimtulaun skulu vera 6% af innheimtu fé. Stjórnum kirkjugarðanna er heimilt að hafa innheimtuna í eigin höndum gegn sömu þóknun.

36. gr.

Á meðan innheimt er flugvallagjald skv. VI. kafla þessara laga skal fella niður söluskatt af fólksflutningum með loftförum innanlands.

37. gr.

I., II. og III. kafli laga þessara öðlast þegar gildi og skulu ákvæði II. og III. kafla koma til framkvæmda við álagningu skatta til ríkissjóðs og útsvara til sveitarsjóða fyrir skattárið 1974. Ákvæði 1. mgr. 10. gr. og 18. gr. skulu þó fyrst taka gildi 1. janúar 1976.

IV. kafli laga þessara öðlast gildi 1. júlí 1975.

V. kafli laga þessara öðlast þegar gildi.

VI. kafli laga þessara öðlast gildi 1. maí 1975.

VII., VIII. og IX. kafla laga þessara öðlast þegar gildi.

## Ed. 519. Breytingartillaga [204. mál]

við frv. til laga um ráðstafanir í efnahagsmálum og fjármálum til þess að stuðla að jafnvægi í þjóðarbúskapnum og treysta undirstöðu atvinnu og lífskjara.

Frá Geir Gunnarssyni.

Við ákvæði til bráðabirgða á eftir 12. gr. bætist nýr stafliður:

d. Fyrir árslok 1975 skal fjármálaráðherra láta fara fram sem nákvæmasta könnun á framfærslukostnaði barna, þ. á m. hvernig honum er háttað eftir mismunandi aldri og fjölda barna í fjölskyldu, svo að hafa megi niðurstöður könnunarinnar til hliðsjónar við álagningu skatta og ákvörðun tryggingabóta, sem greiddar eru vegna barna. Skýrsla um könnunina skal lögð fyrir Alþingi.

## Nd. 520. Frumvarp til laga [204. mál]

um ráðstafanir í efnahagsmálum og fjármálum til þess að stuðla að jafnvægi í þjóðarbúskapnum og treysta undirstöðu atvinnu og lífskjara.

(Eftir 3. umr. í Ed., 25. apríl.)

Samhljóða þskj. 493 og 503 með þessum breytingum:

Ákvæði til bráðabirgða á eftir 12. gr. hljóðar svo:

**Ákvæði til bráðabirgða.**

a. Fjölskyldubætur greiddar á árinu 1974 og árinu 1975 teljast ekki til skattskyldra tekna, sbr. 10. gr. laga nr. 68/1971.
b. Fjölskyldubætur, sem greiddar eru framfæranda á árinu 1975, skulu koma til frádráttar barnabótum er framfærandi á rétt til skv. C-lið 25. gr. við ákvörðun barnabóta á árinu 1975.
c. Heimild til sérstakrar, óbeinnar fyrningar vegna verðhækkunar á fjárnámum, sem notaðir eru til öflunar tekna í atvinnurekstri skv. 6. mgr. C-liðar 15. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 7. gr. laga nr 7/1972, skal við álagningu fyrir skattárið 1974 takmörkuð við 70% af þeirri hækkun, sem ákveðin var með verðhækkunarstuðlum þeim, sem fjármálaráðuneytið auglýsti 23 desember 1974
d. Fyrir árslok 1975 skal fjármálaráðherra láta fara fram sem nákvæmasta könnun á framfærslukostnaði barna, þ. á m. hvernig honum er háttað eftir mismunandi aldri og fjölda barna í fjölskyldu, svo að hafa megi niðurstöður könnunarinnar til hliðsjónar við álagningu skatta og ákvörðun tryggingabóta, sem greiddar eru vegna barna. Skýrsla um könnunina skal lögð fyrir Alþingi.

21.—37. gr. hljóða svo:

21. gr.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að fella niður tolla af þeim lyfjum, er falla undir tollskrárnúmer 30.01.00 og 30.02.00, og af þeim sérlyfjum, sem skráð eru á sérlyfjaskrá, og af þeim óskráðum sérlyfjum, sem til landsins eru flutt með heimild heilbrigðisyfirvalda skv. 3. mgr. 54. gr. laga nr. 30/1963, er falla undir tollskrárnúmer 30.03.09.

22. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að lækka eða fella niður söluskatt af einstökum matvörum eða matvöruflokkum, sbr. lög nr. 10/1960 með áorðnum breytingum.

Fjármálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessarar lækkunar, þar með skrá yfir þær vörur sem hún tekur til, svo og um bókhald og söluskattsframtal þeirra sem versla með vörur þessar.

## VI. KAFLI
## Flugvallagjald.

### 23. gr.

Á tímabilinu 1. maí 1975 til lok febrúar 1976 skal greiða flugvallagjald, er renni til ríkissjóðs, vegna hvers manns, sem ferðast með loftfari innanlands eða frá Íslandi til annarra landa.

Undanþegin gjaldskyldu eru börn innan 2 ára aldurs, skráðar áhafnir loftfara, þeir sem viðkomu hafa á Íslandi skv. farseðli milli annarra Evrópulanda og Ameríku og þeir sem ferðast með loftförum varnarliðs Bandaríkja Norður-Ameríku hér á landi.

Heimilt er að innheimta tilsvarandi gjald vegna farþega, sem fara með skipum frá Íslandi til annarra landa. Nánari ákvæði um framkvæmd ákvæða þessarar málsgreinar skulu sett í reglugerð. Að öðru leyti gilda um þessi gjöld ákvæði 24., 25., 26., 27. og 28. gr. þessa kafla.

### 24. gr.

Flugvallagjald skal vera 2 500 kr. fyrir hvern farþega, sem ferðast frá Íslandi til annarra landa, þó 1 250 kr. fyrir farþega á aldrinum tveggja til tólf ára. Fyrir hvern farþega, er ferðast innanlands að eða frá Reykjavíkurflugvelli og Keflavíkurflugvelli, skal gjaldið nema 350 kr., þó 175 kr. fyrir farþega á aldrinum tveggja til tólf ára. Sama gjald skal greiða vegna farþega, er fara til Grænlands eða til Færaeyja. Fyrir hvern farþega, er ferðast milli annarra flugvalla innanlands, skal gjaldið vera 175 kr., þó hálft gjald fyrir farþega á aldrinum tveggja til tólf ára. Flugvallagjald skal fella inn í verð farseðils.

### 25. gr.

Eigandi loftfars og sá er ábyrgð ber á rekstri þess bera ábyrgð á greiðslu flugvallagjalds.

Fyrir brottför loftfars frá Íslandi skal afhenda umboðsmanni ríkissjóðs á flugstöð skrá um farþega með því, áhöfn þess og hverjir séu gjaldfrjálsir skv. 2. mgr. 23. gr. eða greiða skulu hálft gjald skv. 24. gr. Skrá þessi skal undirrituð af flugstjóra.

### 26. gr.

Flugvallagjald vegna farþega, er ferðast með loftförum sem skráð eru erlendis og allra loftfara sem ekki er flogið á áætlunarleiðum, skal greiða umboðsmanni ríkissjóðs fyrir brottför loftfars um leið og afhent er skrá skv. 2. mgr. 25. gr.

Flugvallagjald vegna farþega, sem ferðast í áætlunarflugi á viðurkenndum áætlunarleiðum, skal greiða til lögreglustjóra (í Reykjavík tollstjóra) eigi síðar en 15. dag næsta almanaksmánaðar eftir brottför.

### 27. gr.

Sé gjöldum ekki skilað á réttum gjalddaga skal sá, sem gjaldinu ber að skila, greiða af því viðurlög er nemi 1% fyrir hverja byrjaða viku frá gjalddaga. Nú er skrifstofa innheimtumanns lokuð 15. dag mánaðar og telst þá gjalddagi vera næsti dagur þar á eftir sem skrifstofan er opin til almennrar afgreiðslu.

Flugvallagjald nýtur lögtaksréttar.

Heimilt er innheimtumanni að láta lögregluna stöðva atvinnurekstur þess er eigi gerir skil á réttum gjalddaga, þar til skil eru gerð, meðal annars með því að setja skrifstofur, starfsstofur og flutningatæki hans undir innsigli.

**28. gr.**

Brot á þessum kafla laganna varða sektum, varðhaldi eða fangelsi svo og sviptingu starfsleyfis.

## VII. KAFLI

### Skyldusparnaður.

**29. gr.**

Allir menn sem tekjuskattskyldir eru samkvæmt ákvæðum laga nr. 68/1971 með síðari breytingum og ekki voru orðnir 67 ára fyrir 1. janúar 1975 skulu á árinu 1975 leggja til hliðar fé til varðveislu í ríkissjóði sem hér segir:

a. Einstaklingar: 5% af skattgjaldstekjum skattársins 1974 að frádregnum 1 000 000 kr., auk 75 000 kr. fyrir hvert barn sem er á framfæri þeirra, sbr. 1. mgr. C-liðar 9. gr. laga þessara.

b. Samsköttuð hjón og fólk í óvígðri sambúð sem telur fram saman, sbr. 5. mgr. B-liðar 25. gr. laga nr. 68/1971 með síðari breytingum: 5% af skattgjaldstekjum skattársins 1974 að frádregnum 1 250 000 kr., auk 75 000 kr. fyrir hvert barn sem er á framfæri þeirra, sbr. 1. mgr. C-liðar 9. gr. laga þessara.

c. Hjón sem telja fram hvort í sínu lagi: 5% af skattgjaldstekjum, hvors um sig, að frádregnum 750 000 kr. hjá hvoru, auk 37 750 kr. hjá hvoru fyrir hvert barn sem er á framfæri þeirra, sbr. 1. mgr. C-liðar 9. gr. laga þessara.

Nemi munur vergra tekna til skatts og skattgjaldstekna hærri upphæð en 250 000 kr. hjá einstaklingi og hvoru hjóna sem telja fram hvort í sínu lagi en 375 000 kr. hjá samsköttuðum hjónum skal hækka skattgjaldstekjur samkvæmt stafliðum a., b. og c. um þá upphæð sem munurinn er umfram þessar upphæðir, eftir því sem við á, og reiknast skyldusparnaður þá miðað við þessar upphækkuðu skattgjaldstekjur, sbr. stafliði a., b. og c.

Hjá þeim skattþegnum sem heimilt væri að beita ákvæðum 4. mgr. 23. gr. laga nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga skal hækka framangreindar vergar tekjur til skatts á þann veg er þar um ræðir.

Skattstjórar sjá um útreikning skyldusparnaðar samkvæmt lögum þessum og gilda um hann ákvæði VI. kafla laga nr. 68/1971 með síðari breytingum, eftir því sem við á.

Skyldusparnaður skv. þessari grein skal reiknaður í heilum þúsundum króna og lægri fjárhæð sleppt. Skal hann greiðast jafnhliða þinggjöldum til ríkissjóðs. Skyldusparnaður telst að fullu greiddur þegar fullnaðarskil hafa verið gerð á öllum þinggjöldum gjaldanda til ríkissjóðs samkvæmt þinggjaldabók áamt þar greindum skyldusparnaði.

Þegar maður hefur greitt skyldusparnað sinn að fullu skv. 1. og 3. mgr. skal ríkissjóður viðurkenna móttöku hans með afhendingu sérstakra skyldusparnaðarskírteina.

Skírteinin skulu skráð á nafn þess er sparar og er honum óheimilt að framselja þau eða veðsetja.

Skírteini þessi skulu bera 4% ársvexti frá 1. janúar 1976 að telja eða lokagreiðsludegi skyldusparnaðar ef síðar er.

Skírteini þessi eru lengst til 15. desember 1990, en frá 1. febrúar 1978 er eiganda í sjálfsvald sett hvenær hann fær skírteinið innleyst.

30. gr.

Við endurgreiðslu skyldusparnaðarskírteina skv. 29. gr. greiðir ríkissjóður verðbætur á höfuðstól og vexti í hlutfalli við þá hækkun sem kann að verða á vísitölu framfærslukostnaðar frá 1. nóvember 1975 til 1. nóvember næst á undan endurgreiðslu.

Skyldusparnaður skv. 29. gr. er ekki frádráttarbær til tekjuskatts en skyldusparnaðarskírteini, svo og vextir og verðbætur af þeim, eru framtalsskyld, en njóta að öðru leyti skattfrelsis á sama hátt og skyldusparnaður skv. III. kafla laga nr. 30/1970.

31. gr.

Fjármálaráðherra skal með reglugerð mæla nánar fyrir um framkvæmd þessa kafla.

## VIII. KAFLI

## Lántökuheimildir vegna opinberra framkvæmda og Framkvæmdasjóðs. Ráðstöfun lánsfjár og skyldusparnaðar.

32. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að gefa út ríkisskuldabréf eða spariskírteini til sölu innanlands að fjárhæð allt að 500 millj. kr., svo og happdrættisskuldabréf að fjárhæð allt að 300 millj. kr., og gilda um þau ákvæði laga nr. 7/1974. Jafnframt falla niður lántökuheimildir samkvæmt liðunum í LXII., LXIII., LXIV., LXV. og LXVI. í 6. gr. fjárlaga fyrir árið 1975.

33. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka erlent lán að jafnvirði allt að 3 800 millj. kr. Af þeirri fjárhæð er heimilt að endurlána Framkvæmdasjóði 2 000 millj. kr. en 1 800 millj. kr. skal ráðstafað, svo sem fyrir er mælt í 34. gr.

34. gr.

Fé því, sem aflast samkvæmt heimildum í 32. gr. og 33. gr. þessara laga, samkvæmt liðnum LX. í 6. gr. fjárlaga fyrir árið 1975, af erlendu lánsfé vegna Þorlákshafnar, af erlendu láni Framkvæmdasjóðs hjá Viðreisnarsjóði Evrópu, af innheimtu endurlánuðu spariskírteinafé og með skyldusparnaði skv. 29. gr. VII. kafla þessara laga, en alls nema þær 5 000 millj. kr., skal varið sem hér segir:

| | |
|---|---|
| Vegaframkvæmdir | 900 |
| Landshafnir | 350 |
| Þangverksmiðja að Reykhólum | 230 |
| Orkumál | 3 520 |

a. Framkvæmdir Rafmagnsveitna ríkisins og rafvæðing sveitanna.
b. Orkumál Norðurlands.
c. Kaup á jarðborum.
d. Virkjunarrannsóknir.
e. Orkuveitur sveitarfélaga.

## IX. KAFLI

## Ýmis ákvæði.

35. gr.

6. mgr. 26. gr. laga nr. 21/1963, um kirkjugarða, hljóði svo:

Eindagi kirkjugarðsgjalda er hinn sami sem á útsvörum. Stjórnir kirkjugarða geta falið ríkissjóði innheimtu kirkjugarðsgjalda. Í hreppsfélögum geta stjórnir

kirkjugarðanna þó falið sveitarsjóðum innheimtuna. Innheimtulaun skulu vera 6% af innheimtufé. Stjórnun kirkjugarðanna er heimilt að hafa innheimtuna í eigin höndum gegn sömu þóknun.

36 gr.

Á meðan innheimt er flugvallagjald skv. VI. kafla þessara laga skal fella niður söluskatt af fólksflutningum með loftförum innanlands.

37. gr.

I., II. og III. kafli laga þessara öðlast þegar gildi og skulu ákvæði II. og III. kafla koma til framkvæmda við álagningu skatta til ríkissjóðs og útsvara til sveitarsjóða fyrir skattárið 1974. Ákvæði 1. mgr. 10. gr. og 18. gr. skulu þó fyrst taka gildi 1. janúar 1976.

IV. kafli laga þessara öðlast gildi 1. júlí 1975.

V. kafli laga þessara öðlast þegar gildi.

VI. kafli laga þessara öðlast gildi 1. maí 1975.

VII., VIII. og IX. kafli laga þessara öðlast þegar gildi.

## Ed. 521. Breytingartillögur [130. mál]

við frv. til l. um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir.

Frá Soffíu Guðmundsdóttur.

1. 9. gr. orðist svo:
   Fóstureyðing er heimil:
   1. **að ósk konu,** sem búsett er hér á landi eða hefur íslenskan ríkisborgararétt, ef aðgerðin er framkvæmd fyrir lok 12. viku meðgöngu og ef engar læknisfræðilegar ástæður mæla móti aðgerð. Skilyrði er, að konan hafi verið frædd um áhættu samfara aðgerð og hafi hlotið fræðslu um, hvaða félagsleg aðstoð stendur til boða í þjóðfélaginu fyrir þungaða konu og við barnsburð,
   2. **að læknisráði** og í viðeigandi tilfellum að undangenginni félagslegri ráðgjöf:
      a) Þegar ætla má, að heilsu konu, líkamlegri eða andlegri, sé hætta búin af áframhaldandi meðgöngu og fæðingu.
      b) Þegar ætla má, að barn, sem kona gengur með, eigi á hættu að fæðast vanskapað eða haldið alvarlegum sjúkdómi vegna erfða eða sköddunar í fósturlífi.
      c) Þegar sjúkdómur, líkamlegur eða geðrænn, dregur alvarlega úr getu konu eða barnsföður til að annast og ala upp barn.
      d) Þegar ætla má, að þessi þungun og tilkoma barns verði konunni og hennar nánustu erfið vegna félagslegra ástæðna, sem ekki verður ráðin bót á.
      e) Þegar konan getur ekki vegna æsku eða þroskaleysis, þegar þungun á sér stað, annast barnið á fullnægjandi hátt.
      f) Ef konu hefur verið nauðgað eða hún orðið þunguð sem afleiðing af öðru refsiverðu atferli.
2. 11. gr. orðist svo:
   1. Fóstureyðingu má framkvæma samkvæmt 9. gr. 1. tölulið þessara laga, þegar fyrir liggur umsókn konu og greinargerð læknis um, að ekkert læknisfræðilegt mæli gegn aðgerð og skilyrðum um meðgöngutímalengd og fræðslu sé fullnægt.

2. Fóstureyðingu má framkvæma samkvæmt 9. gr. 2. tölulið a, b og c, þegar fyrir liggur umsókn konu og greinargerð læknis um nauðsyn aðgerðar.
3. Fóstureyðingu má framkvæma samkvæmt 9. gr. 2. tölulið d, e og f, þegar fyrir liggur umsókn konu, studd greinargerð heimilislæknis eða félagsráðgjafa um nauðsyn aðgerðarinnar, ásamt vottorði aðgerðarlæknis um, að skilyrðum 10. gr. laga þessara um lengd meðgöngutíma sé fullnægt.
Umsókn og vottorð skulu rituð á þar til gerð eyðublöð.

3. 13. gr. orðist svo:
1. Konan skal að jafnaði sjálf standa fyrir umsókn sinni um fóstureyðingu.
2. Ef hún er vegna geðsjúkdóms, mikils greindarskorts eða af öðrum ástæðum ófær um að gera sér grein fyrir nauðsyn aðgerðarinnar, er heimilt að veita leyfi til aðgerðarinnar samkvæmt umsókn sérstaklega skipaðs lögráðamanns.
3. Sé konan yngri en 16 ára eða svipt sjálfræði, skulu foreldrar eða lögráðamaður taka þátt í umsókn með henni, nema sérstakar ástæður mæli gegn því.
4. Ef mögulegt er, skal barnsfaðir taka þátt í umsókn konunnar, nema sérstakar ástæður mæli gegn því.

## Ed. 522. Tillaga til þingsályktunar [260. mál]

um takmörkun á rétti atvinnurekenda til að segja upp fastráðnu starfsfólki að eigin geðþótta.

Flm.: Soffía Guðmundsdóttir, Ragnar Arnalds.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa og leggja fyrir Alþingi lagafrumvarp, er m. a. kveði á um réttindi og skyldur fastráðins starfsfólks og heimildir atvinnurekenda til að segja því upp. Skal að því stefnt að takmarka rétt atvinnurekenda til að segja upp fastráðnu starfsfólki að eigin geðþótta, t. d. vegna skoðanaágreinings, og verði uppsögn því aðeins lögleg, að hún sé nægilega rökstudd, svo sem að sýnt sé fram á vanrækslu í starfi eða verið sé að fækka starfsfólki.

### Greinargerð.

Nýlega stóðu yfir verkfallsátök á Selfossi milli Kaupfélags Árnesinga annars vegar og hóps starfsmanna á einu af verkstæðum þess hins vegar.

Deila þessi átti rætur sínar að rekja til óréttmætrar og tilefnislausrar uppsagnar starfsmanns, sem um áratugaskeið hefur unnið hjá Kaupfélagi Árnesinga. Var þá gripið til verkfallsaðgerða til þess að standa vörð um þau mannréttindi verkafólks að búa við atvinnuöryggi og þurfa ekki að sæta uppsögnum að geðþótta atvinnurekenda.

Verkfallsmenn á Selfossi beindu þeirri áskorun til Alþingis að hraða setningu laga um vinnuvernd, er tryggi verkafólki atvinnuöryggi.

Deilan á Selfossi er nú til lykta leidd, þar eð sá starfsmaður, er vikið var úr starfi, hefur verið endurráðinn, en þessi verkfallsátök gefa tilefni til þess, að ráðstafanir séu gerðar, sem komið geti í veg fyrir átök af þessu tagi.

Sú skoðun hefur lengi verið uppi, að brýn þörf sé lagasetningar um vinnuvernd, og í tíð vinstri stjórnarinnar var skipuð nefnd til að vinna að gerð frumvarps til laga um vinnuvernd, en það frumvarp hefur enn ekki séð dagsins ljós.

Sem stendur er það raunar á valdi atvinnurekenda að haga ráðningum og uppsögnum starfsmanna að eigin geðþótta, þó að víðtæk samstaða og stéttvísi verkafólks geti hnekkt þessu valdi, svo sem nýlegt dæmi sannar. Sú vernd, sem fyrirfinnst í íslenskum lögum, er í lögum um stéttarfélög og vinnudeilur, nr. 80 1938, og tekur til trúnaðarmanna á vinnustað. Réttur þeirra samkvæmt lögum er þó ekki meiri en svo, að atvinnurekandi verður ekki dæmdur til að taka aftur til starfa trúnaðarmann, sem hann hefur vikið úr starfi ólöglega.

Á Norðurlöndum hafa yfirleitt verið sett lög um almenna vinnuvernd, og má þar til nefna norsku vinnuverndarlögin, sem gera ráð fyrir, að atvinnurekandi verði ekki aðeins dæmdur til skaðabóta vegna ólöglegrar uppsagnar, heldur er einnig gert ráð fyrir, að starfsmann megi dæma inn í starf sitt á ný (sbr. 43. grein norskra vinnuverndarlaga). Svipaða reglu er að finna í sænskum rétti.

Það er skoðun flutningsmanna þessarar þingsályktunartillögu, að það sé löngu tímabært, að hér á landi verði sett löggjöf um vinnuvernd, sem tryggi atvinnuöryggi starfsmanna.

## Nd. 523. Frumvarp til laga [66. mál]

um Sjóvinnuskóla Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd., 26. apríl.)

1. gr.

Heimilt er að stofna farskóla, sem heitir Sjóvinnuskóli Íslands, og hefur hann heimilisfang í Reykjavík.

2. gr.

Markmið skólans er:

1. Að annast þá kennslu í verklegri sjóvinnu, sem krafist er fyrir fiskimanna- og farmannapróf við stýrimannaskóla.
2. Að annast slíka kennslu utan Reykjavíkur og Vestmannaeyja, þar sem stýrimannaskólanám er stundað.
3. Að standa fyrir sjóvinnunámskeiðum fyrir pilta og stúlkur er hyggja á nám við stýrimannaskóla, enda veiti próf þaðan sömu réttindi og próf frá sjóvinnuskólanum (skv. liðum 1 og 2).
4. Að annast kennslu í sjóvinnubrögðum við verknám gagnfræðastigsins við unglingaskóla og fjölbrautaskóla hinna stærri staða í samvinnu við viðkomandi fræðsluyfirvöld.
5. Að standa fyrir námskeiðum, ef þurfa þykir, fyrir leiðbeinendur sem annist kennslu í sjóvinnubrögðum meðal fullorðinna, kennara og unglinga, þó eigi oftar en annað hvert ár.
6. Að beita sér fyrir fræðslu í öllum framhaldsskólum í samráði við Slysavarnafélag Íslands og sjóslysanefnd um slysa- og öryggismál sjófarenda með fyrirlestrum og fræðslumyndum.
7. Að tengja enn betur saman nám þeirra, sem á skipum ætla að starfa, við fiskiðnaðarnámið með fræðslu í meðferð og verkun sjávarafla meðal nemenda unglinga- og gagnfræðaskóla og gefa þeim, sem sjómennsku stunda, frekari tækifæri til áframhaldandi náms á þessum sviðum.

3. gr.

Í skólanum skal kenna:

Sjómennsku verklega og munnlega, heilsufræði og vélfræði. Enn fremur skal með fyrirlestrum og heimsóknum í fiskiðjuver og um borð í skip og á annan hátt gefa nemendum leiðbeiningar um meðferð og verkun sjávarafurða.

4. gr.

Nemendur, sem lokið hafa prófi frá sjóvinnuskólanum, skulu fá prófskírteini er sýni aðaleinkunn þeirra og séreinkunnir.

5. gr.

**Almenn inntökuskilyrði:**

1. Að hafa náð 15 ára aldri.
2. Að vera ekki haldinn neinum næmum sjúkdómi eða líkamskvilla, er getur orðið öðrum nemendum skaðvænn.

6. gr.

Skólinn starfar allt að 10 mánuði á ári og skal skólatíma skipt í 3ja mánaða námskeið.

7. gr.

Forstöðumaður skólans skal hafa lokið annars stigs prófi frá stýrimannaskóla eða hlotið hliðstæða menntun. Hann skal ráða kennara við námskeiðin í samráði við Fiskifélag Íslands. Laun forstöðumanns og kennara skulu vera samkvæmt kjarasamningi starfsmanna ríkisins.

8. gr.

Ráðherra skipar fjóra menn í skólanefnd skv. tilnefningu eftirtalinna aðila: Sjómannasambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Landssambands ísl. útvegsmanna, Félags ísl. botnvörpuskipaeigenda og fimmta manninn án tilnefningar og er hann formaður skólanefndar.

9. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn skólans og setur reglugerð um námsskrá, kennslutíma o. fl., en Fiskifélag Íslands annast allan daglegan rekstur skólans. Kostnaður við skólann greiðist úr ríkissjóði.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Nd. 524. Frumvarp til laga [163. mál]

um breyting á lögum nr. 8/1972, um tekjustofna sveitarfélaga.

(Eftir 2. umr. í Nd., 26. apríl.)

1. gr.

5. gr. laganna breytist þannig:

Á eftir orðunum „orlofsheimili launþegasamtaka“ í 1. mgr. komi: skipbrotsmannaskýli, sæluhús.

Aftan við greinina bætist ný mgr., svo hljóðandi:

Heimilt er sveitarstjórn að lækka eða fella niður fasteignaskatt af fasteignum, sem einvörðungu eru notaðar til tómstundaiðju, sem viðurkennd er af viðkomandi sveitarstjórn.

2. gr.

Lög þessi öðlast nú þegar gildi.

## Nd. 525. Lög [204. mál]

um ráðstafanir í efnahagsmálum og fjármálum til þess að stuðla að jafnvægi í þjóðarbúskapnum og treysta undirstöðu atvinnu og lífskjara.

(Afgreidd frá Nd., 26. apríl.)

Samhljóða þskj. 520 (sbr. 493 og 503).

**Nd.** **526. Frumvarp til laga** [261. mál]

um breyting á lögum nr. 29 29. apríl 1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Flm.: Sverrir Hermannsson, Gylfi Þ. Gíslason, Magnús T. Ólafsson, Magnús Kjartansson, Tómas Árnason.

1. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Stjórn sjóðsins skal heimilt að taka í tölu sjóðfélaga starfsmenn bæjar-, sýslu- og hreppsfélaga og stofnana, er þeim til heyra og sérstakan fjárhag hafa, starfsmenn landshlutasamtaka sveitarfélaga, starfsmenn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og starfsmenn aðildarfélaga bandalagsins ásamt starfsfólki sparisjóða, samnorrænna stofnana og uppeldis- og heilbrigðisstofnana, sem reknar eru af sjálfstæðum styrktar- eða líknarfélögum, svo og starfsmenn stjórnmálaflokka, sem voru í starfi árið 1971 eða hófu starf síðar, enda séu uppfyllt skilyrði 3. gr. I.a. um ráðningartíma og aðalstarf.

2. gr.

Aftan við 10. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Iðgjöld starfsmanna stjórnmálaflokka, svo og iðgjöld launagreiðenda þeirra, skulu miðuð við tiltekna launaflokka ríkisstarfsmanna eftir samkomulagi starfsmanna og launagreiðenda að tilskildu samþykki fjármálaráðherra. Sama gildir um kaup þeirra á réttindum fyrir liðinn starfstíma, sem þeir skulu eiga rétt til, sbr. 5. gr.

3. gr.

1. málsliður 2. málsgr. 14. gr. laganna orðist svo:

Upphæð makalífeyris er hundraðshluti af launum þeim, sem á hverjum tíma fylgja starfi því, er hinn látni gegndi síðast.

4. gr.

Á eftir 5. málslið 1. málsgreinar 17. gr. laganna komi:

Hafi hann verið sjóðfélagi í 15 ár eða lengur í þjónustu ríkisins eða sjálfseignarstofnunar, sem fengið hefur aðild að sjóðnum, miðast elli- og makalífeyrir þó við launin eins og þau eru, þegar lífeyrisgreiðslur byrja.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru felld úr gildi lög nr. 23 22. apríl 1967 og lög nr. 49 26. maí 1972, um breyting á lögum nr. 29 29. apríl 1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Greinargerð.

Lífeyrissjóðsréttindi eða eftirlaun fyrir starfsmenn stjórnmálaflokkanna hafa verið til athugunar um skeið. Viðræður um þau efni hófust fyrir fjórum árum og hafa ýmsar leiðir verið kannaðar í því sambandi.

Hér er um að ræða fámennan hóp, sem ekki á fyllilega samleið með öðrum starfsmönnum. Pólitísk veðrabrigði geta valdið því, að starf þeirra er ótryggt, líkt og þingseta alþingismanna. Þeir eiga ekki fyllilega samleið með öðru skrifstofufólki vegna sérstaks eðlis starfsins. Vinnutími þessara manna getur ekki verið fastbundinn við ákveðinn skrifstofutíma og verður stundum næsta óreglulegur. Launakjör eru breytileg og oft á tíðum ýmsum óvissum atvikum háð.

Í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir, að umræddum starfsmönnum verði opnuð leið inn í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins með hliðstæðum hætti og áður hefur verið gert varðandi starfsfólk ýmissa sjálfseignarstofnana, sbr. 1. gr. frumvarpsins.

Með starfsfólki stjórnmálaflokka er hér einnig átt við starfsfólk þingflokka. Hins vegar er ekki átt við blaðamenn eða annað starfsfólk við blöð flokkanna, enda á það aðild að lífeyrissjóðum sinna fagfélaga.

Það munu vera 15—20 menn, sem fengju rétt til aðildar að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins samkvæmt frumvarpinu. Sumir þeirra eru þegar í öðrum lífeyrissjóðum, einkum Lífeyrissjóði verslunarmanna, og óvíst, að þeir mundu allir óska eftir breytingu.

Ákvæði 2. gr. miða að því að tryggja starfsmönnum stjórnmálaflokkanna eðlileg eftirlaun miðað við það starf, sem þeir gegndu, þó að útborguð laun þeirra hafi í sumum tilvikum verið lægri en svaraði til starfsins eða úr fleiri áttum.

Gert er ráð fyrir, að starfsmennirnir og launagreiðendur þeirra komi sér saman um við hvaða launaflokka iðgjaldagreiðslur til lífeyrissjóðsins skuli miðaðar svo og um rétt til kaupa á lífeyrisréttindum fyrir liðinn starfstíma, sem þeir skulu eiga rétt til. Að því er launaflokksviðmiðun varðar þarf þó samþykki fjármálaráðherra í hverju tilviki. Í framkvæmd er gert ráð fyrir að launagreiðendur geti samið við fjármálaráðuneytið um greiðslutilhögun vegna þeirra réttindakaupa sem samþykkt þessa frumvarps kann að hafa í för með sér.

Í 3. og 4. gr. frumvarpsins eru tekin upp ákvæði úr lögum nr. 23 1967 og nr. 49 1972, svo að unnt sé að fella þau lög úr gildi.

## Sþ. 527. Nefndarálit [44. mál]

um afnám vínveitinga á vegum ríkisins.

Frá allsherjarnefnd.

Með vísun til nefndarálits allsherjarnefndar um tillögu til þingsályktunar um nefndarskipun um áfengismál (110. mál), leggur nefndin til, að þessari tillögu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 25. apríl 1975.

| | | |
|---|---|---|
| Ellert B. Schram, form., frsm. | Ólafur G. Einarsson. | Jón Skaftason. |
| Magnús T. Ólafsson. | Jónas Árnason. | Lárus Jónsson. |

## Sþ. 528. Nefndarálit [110. mál]

um till. til þál. um nefndarskipun um áfengismál.

Frá allsherjarnefnd.

Á þessu þingi hefur tveim tillögum til þingsályktunar um áfengismál verið vísað til nefndarinnar. Önnur er sú, sem hér um ræðir, en hin er um afnám vínveitinga á vegum ríkisins.

Nefndin er sammála um að baráttan gegn áfengisbölinu eigi skilið fullan stuðning af hálfu Alþingis og raunar forustu af þess hendi í fjárveitingum og aðgerðum. Sú ógæfa — misgjörðir og andleg og líkamleg skipbrot sem ómældur fjöldi einstaklinga verður fyrir vegna ofneyslu áfengis — blasir hvarvetna við. Margvísleg samtök áhugafólks hafa unnið aðdáunarvert starf í baráttunni gegn ofneyslu áfengis, og

það er sameiginleg skylda þjóðfélagsins, stjórnvalda og Alþingis að veita þeim lið með góðu fordæmi, hvatningu og liðveislu.

Sú ákvörðun menntamálaráðherra að veita ekki áfenga drykki í þeim móttökum eða samsætum, sem hann býður til, hefur vakið verðskuldaða athygli.

Það er hins vegar mat nefndarinnar, að Alþingi geti ekki sett ráðherrum reglur í þeim efnum, heldur sé það þeirra sjálfra að ráða sínum veitingum, eins og aðstæður bjóða hverju sinni.

Þar er einnig á að líta, að afnám vínveitinga á vegum ríkisins hefur ekki úrslitaáhrif á almenna vínneyslu, frekar en aðrar takmarkaðar ákvarðanir. Í þessum efnum stoða skammt boð og bönn. Mestu skiptir skipulegur áróður og starf, sem mótað gæti almenn viðhorf og afstöðu borgaranna, einkum unglinganna, til áfengisneyslu.

Nefndin er fylgjandi þeirri tillögu til þingsályktunar um nefndarskipun um áfengismál, sem hér um ræðir, í því skyni að sameina hugmyndir og áhuga þeirra fjölmörgu, sem leggja vilja þessu málefni lið. Mætti þá kanna og gera tillögur um, á hvern hátt hið opinbera gæti með árangursríkari hætti tekið þátt í baráttunni gegn áfengisbölinu.

Nefndin leggur til að tillaga til þingsályktunar, 110. mál, verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

2. málsgr. tillgr. hljóði svo:

Nefndin skal leitast við að gera tillögur til úrbóta, hún skal hraða störfum sem mest og leggja bráðabirgðaálit og tillögur fyrir þingflokkana á næsta reglulegu Alþingi.

Alþingi, 25. apríl 1975.

| | | |
|---|---|---|
| Ellert B. Schram, form., frsm. | Ólafur G. Einarsson. | Jón Skaftason. |
| Magnús T. Ólafsson. | Jónas Árnason. | Lárus Jónsson. |

## Sþ. 529. Nefndarálit [113. mál]

um till. til þál. um öryggisbúnað flugvalla.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur kynnt sér tillöguna og leitað umsagnar nokkurra aðila, þ. á m. flugmálastjóra og Félags atvinnuflugmanna. Ljóst er, að tillaga þessi er fyllilega tímabær. Flugsamgöngur fara ört vaxandi hér á landi, en mikið skortir á, að öryggisbúnaður á þeim fjölda flugvalla, sem byggðir hafa verið á skömmum tíma, fullnægi þeim kröfum um öryggisbúnað, sem nauðsynlegur er.

Ljóst er, að flugmálastjórnin hefur ekki legið á liði sínu að bæta hér um og gert athuganir og tillögur um úrbætur, en beiðnum hennar um fjárveitingar og framkvæmdir hefur aðeins verið unnt að sinna að takmörkuðu leyti.

Nefndin álítur, að þessu máli þurfi að gefa betri gaum, og telur sjálfsagt að ríkisstjórnin geri sérstaka athugun á því, hvernig fjármagna og setja megi upp á sem skemmstum tíma nauðsynlegan öryggisbúnað á flugvöllum landsins.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt.

Alþingi, 25. apríl 1975.

| | | |
|---|---|---|
| Ellert B. Schram, form., frsm. | Ólafur G. Einarsson. | Jón Skaftason. |
| Magnús T. Ólafsson. | Jónas Árnason. | Lárus Jónsson. |

## Ed. 530. Frumvarp til laga [66. mál]

um Sjóvinnuskóla Íslands.

(Eftir 3. umr. í Nd., 26. apríl.)

Samhljóða þskj. 523 með þessari breytingu:

6. gr. hljóðar svo:

Skólinn starfar allt að 10 mánuði á ári og skal skólatíma yfirleitt skipt í þriggja mánaða námskeið.

## Nd. 531. Lög [149. mál]

um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði.

(Afgreidd frá Nd., 26. apríl.)

Samhljóða þskj. 382 (sbr. 376).

## Nd. 532. Lög [146. mál]

um breyting á lögum nr. 108 31. des. 1974, um Framleiðslueftirlit sjávarafurða.

(Afgreidd frá Nd., 26. apríl.)

Samhljóða þskj. 271.

## Nd. 533. Nefndarálit [25. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 26. apríl 1975.

| | | |
|---|---|---|
| Ellert B. Schram, form., frsm. | Gunnlaugur Finnsson, fundaskr. | Ingólfur Jónsson. |
| Friðjón Þórðarson. | Svava Jakobsdóttir. | Páll Pétursson. |
| | Sighv. Björgvinsson. | |

## Nd. 534. Nefndarálit [53. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 20 8. mars 1954, um vátryggingarsamninga.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 26. apríl 1975.

| | | |
|---|---|---|
| Ellert B. Schram, form., frsm. | Gunnlaugur Finnsson, fundaskr. | Ingólfur Jónsson. |
| Friðjón Þórðarson. | Svava Jakobsdóttir. | Páll Pétursson. |
| | Sighv. Björgvinsson. | |

## Nd. 535. Nefndarálit [213. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um framsal sakamanna til Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, nr. 7 14. mars 1962.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 26. apríl 1975.

| | | |
|---|---|---|
| Ellert B. Schram, form., frsm. | Gunnlaugur Finnsson, fundaskr. | Ingólfur Jónsson. |
| Friðjón Þórðarson. | Svava Jakobsdóttir. | Páll Pétursson. |
| | Sighv. Björgvinsson. | |

## Nd. 536. Nefndarálit [155. mál]

um frv. til laga um Ríkisforlag.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur rætt málið og sent það til umsagnar. Kemur í ljós í umsögn Fjárlaga- og hagsýslustofnunar, að rætt hefur verið um að koma á fót starfsemi svipaðri þeirri sem lagt er til í frv. að ríkisforlag hafi með höndum, en stofnunin telur málið þurfa nánari könnun. Nefndin telur þörf á bættri dreifingu upplýsingarita ríkis og ríkisstofnana og leggur til með hliðsjón af framanrituðu að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 28. apríl 1975.

| | | |
|---|---|---|
| Gunnlaugur Finnsson, form. | Ellert B. Schram, fundaskr. | Magnús T. Ólafsson, frsm. |
| Stefán Valgeirsson. | Eðvarð Sigurðsson. | Ólafur G. Einarsson. |

## Nd. 537. Breytingartillögur [95. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 80 10. júlí 1973.

Frá Karvel Pálmasyni, Sighvati Björgvinssyni, Sigurlaugu Bjarnadóttur og Sigurði Blöndal.

1. Við 10. gr. 1. málsgr. orðist svo:
   Í stað 1. málsliðar 1. málsgr. 32. gr. laganna komi:
   Árlega skal veita ákveðna fjárhæð til lagningar þjóðvega og annarrar gatnagerðar í kaupstöðum og kauptúnum, sem hafa 200 íbúa eða fleiri, og skal ⅔ hlutum fjárins skipt eftir íbúafjölda. Fjárveitinganefnd Alþingis skiptir ⅓ hluta þessa fjár að fengnum tillögum vegamálastjóra og skal þeim hluta fjárins varið til annarra varanlegra gatnagerðarframkvæmda í kaupstöðum og kauptúnum, sem skemmst eru á veg komin í slíkum framkvæmdum.
2. Aftan við greinina bætist:
   Í stað orðsins „eingöngu“ í 2. málsgr. 32. gr. komi orðið: fyrst.

## Sþ. 538. Fyrirspurn [262. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um greiðslu sjúkrasamlaga vegna tannlækninga.

Frá Magnúsi Kjartanssyni.

Hvað líður framkvæmd á 44. gr. almannatryggingalaga um tannlæknaþjónustu?

## Nd. 539. Tillaga til þingsályktunar [263. mál]

um aðstoð við vangefna og fjölfatlaða.

Flm.: Ragnhildur Helgadóttir.

Alþingi skorar á ríkisstjórnina að undirbúa hið fyrsta ráðstafanir til að bæta aðstöðu vangefinna og fjölfatlaðra, m. a. með aukningu hjálparstofnana vegna þeirra, sem dveljast í heimahúsum, og aukningu hjúkrunarrýma fyrir þá, sem eiga við þessi vanheilindi á háu stigi að stríða.

### Greinargerð.

Undanfarið hafa talsverðar umræður átt sér stað, sem leitt hafa hugann að því, að ekki sé nægilega vel séð fyrir aðstoð við vangefna og fjölfatlaða af þjóðfélagsins hálfu. Engan veginn skulu þó vanmetin þau framfaraspor, sem í þessum málum hafa verið stigin, svo sem dagvistun, sérkennsla og örorkubætur vegna barna, svo að nokkuð sé nefnt.

Fjöldi foreldra vangefinna barna og fjölfatlaðra vill, ef nokkur kostur er, fremur annast þau í heimahúsum en vista þau á stofnunum. Þarf ekki að ræða það, hvers virði það er þessum einstaklingum að njóta foreldraumhyggju. En ef til vill eru of fáir, sem hugsa út í það, hvílíkt álag slík umönnun getur verið foreldrum eða aðstandendum. Það er ekki einfalt mál fyrir það fólk að njóta hvíldar smátíma, þótt þreki þess geti ella hæglega verið ofboðið. Oft vakna líka

vandasamar spurningar og áhyggjur í sambandi við uppeldi og aðhlynningu þessa vanheila fólks.

Hjálparstofnanir, sem veitt gætu þessum foreldrum ýmiss konar aðstoð og leiðbeiningar og tekið gætu að sér umönnun þessara einstaklinga smátíma í senn stöku sinnum, t. d. nokkra daga, gætu orðið að ómetanlegu liði og í sumum tilvikum forðað uppgjöf.

Við hið daglega álag bætist, að áhyggjur sækja á marga þessa foreldra vegna óvissu um það, hvað við taki, er þeirra nýtur ekki lengur við. Sum þessara barna eru svo illa sett, að þau virðast lenda eins og á mörkum ýmissa stofnana, milli þeirra eða jafnvel utan við þær vegna þrengsla og skorts á möguleikum í þeim stofnunum, sem fyrir eru.

Önnur eru bæði vangefin og auk þess svo mjög fötluð og vanheil að öðru leyti, að þau þurfa mikla hjúkrun og sérstæða umönnun. Vegna þessara einstaklinga þyrfti t. d. verulega að efla og bæta hjúkrunardeild Kópavogshælis.

Auk þessara ráðstafana er þörf á að gefa vaxandi gaum ráðstöfunum til kennslu og þjálfunar við hæfi hinna ýmsu hópa vangefinna og fjölfatlaðra og kappkosta, að nútímaþekking nýtist þeim til nokkurs þroska.

## Nd. 540. Nefndarálit [137. mál]

um frv. til l. um breyting á bráðabirgðalögum um launajöfnunarbætur, bætur almannatrygginga og verðlagsmál, nr. 88 24. sept. 1974.

Frá minni hl. heilbrigðis- og tryggingánefndar.

Nefndin hefur orðið ósammála um afgreiðslu frv. Undirritaðir nefndarmenn leggja til að frv. verði samþykkt og þannig tryggt að viðbótarlífeyrir til aldraðs fólks og öryrkja, sem hefur engar eða sáralitlar aðrar tekjur en bætur almannatrygginga, haldi kaupmætti sínum í þeirri óðaverðbólgu sem dunið hefur yfir þjóðina að undanförnu og ekkert lát virðist ætla að verða á.

Alþingi, 29. apríl 1975.

Magnús Kjartansson, frsm. Karvel Pálmason.

## Nd. 541. Nefndarálit [138. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um almannatryggingar, nr. 67 frá 20. apríl 1971.

Frá minni hl. heilbrigðis- og tryggingánefndar.

Nefndin hefur orðið ósammála um afgreiðslu frv. Meiri hlutinn vill hafna frv. með því að vísa því til ríkisstjórnarinnar. Undirritaðir nefndarmenn leggja hins vegar til að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 29. apríl 1975.

Magnús Kjartansson, frsm. Karvel Pálmason.

## Nd. 542. Nefndarálit [193. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar.

Frá minni hl. heilbrigðis- og tryggingarnefndar.

Frumvarp þetta fjallar um einn þátt af því vandamáli sem 138. mál Nd. tekur til. Verði því frumvarpi drepið á dreif með því að vísa því til ríkisstjórnarinnar eins og meiri hluti nefndarinnar leggur til, telja undirritaðir nefndarmenn einsætt að þetta frumvarp verði samþykkt.

Alþingi, 29. apríl 1975.

Karvel Pálmason, frsm. Magnús Kjartansson.

## Nd. 543. Nefndarálit [76. mál]

um till. til þál. um nýtingu innlendra orkugjafa í stað olíu.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur orðið ósammála um afgreiðslu tillögunnar. Undirritaðir nefndarmenn leggja til að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 29. apríl 1975.

Magnús Kjartansson, frsm. Bragi Sigurjónsson.

## Nd. 544. Nefndarálit [76. mál]

um till. til þál. um nýtingu innlendra orkugjafa í stað olíu.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Nefndin ræddi efni tillögunnar á tveimur fundum, en gat ekki orðið sammála um afgreiðslu hennar. Meiri hluti nefndarinnar (IngJ, IG, SvB, LárJ og PS) leggur til að tillöginni verði vísað til ríkisstjórnarinnar. Minni hlutinn (MK og BrS) mælir með því, að tillagan verði samþykkt.

Alþingi, 29. apríl 1975.

Ingólfur Jónsson, form., frsm. Lárus Jónsson, fundaskr. Ingvar Gíslason.
Pétur Sigurðsson. Sverrir Bergmann.

**Ed.** **545. Frumvarp til laga** [264. mál]

um breytingu á lögum nr. 72 28. maí 1969 um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins.

(Lagt fyrir Alþingi á 96. löggjafarþingi, 1974—75.)

**1. gr.**

Á eftir 2. gr. laganna komi tvær nýjar greinar, sem verða 3. og 4. gr., en töluröð síðari greina breytist samkvæmt því:

a) Seðlabanki Íslands hefur á hendi bókhald og rekstur Verðjöfnunarsjóðs, og skal ávaxta fé hans í samráði við stjórn sjóðsins, annað hvort í erlendum eða íslenskum gjaldeyri. Í því skyni að tryggja það, að eign sjóðsins í vörslum Seðlabankans haldi verðgildi sínu, án tillits til breytinga á skráðu gengi íslenskrar krónu, er bankanum heimilt að lána bönkum, sparisjóðum, opinberum fjárfestingarsjóðum og ríkissjóði, eða með ríkisábyrgð, fé með þeim lánskjörum, að endurgreiðsla höfuðstóls og vaxta sé háð breytingum á gengi erlends gjaldeyris gagnvart íslenskri krónu. Seðlabankinn ákveður hæð vaxta af lánum þessum svo og önnur lánskjör.

b) Ef samanlagt verðmæti hreinnar gjaldeyriseignar Seðlabankans og skuldabréfa hans með gengistryggingu, sbr. 1. gr., nægir ekki eftir 1. janúar 1975 til að tryggja verðgildi innstæðu Verðjöfnunarsjóðs hjá Seðlabankanum skal það, er á vantar, fært til skuldar ríkissjóði á sérstakan reikning hjá bankanum. Um endurgreiðslu þeirrar skuldar og önnur lánakjör skal gert sérstakt samkomulag milli fjármálaráðherra og Seðlabankans.

**2. gr.**

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 18 4. apríl 1972 um breyting á lögum nr. 72 28. maí 1969 um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins.

**3. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögunum frá 28. maí 1969, sem hér er lagt til að breyta, var sú kvöð lögð á Seðlabanka Íslands, að gengistryggja inneign Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins, eins og hún væri á hverjum tíma. Í umsögn sinni um frv. benti Seðlabankinn m. a. á að gera mætti ráð fyrir þeim möguleika, að þegar til gengislækkunar kæmi og gengistryggingin yrði virk, þá væri enginn gjaldeyrisvarasjóður fyrir hendi, sem hugsanleg inneign Verðjöfnunarsjóðs gæti talist hluti af. Með þessu var í rauninni vakin athygli á því megin atriði, að gengistryggingin gæti aðeins náð svo langt sem nettógjaldeyriseign Seðlabankans hrykki til og að það, sem væri greitt þar fram yfir, yrði af eigin fé bankans, en slík ráðstöfun á fé bankans verður að teljast óeðlileg, auk þess sem um væri að ræða beina peningaútgáfu. Eftir setningu laganna hefur Seðlabankinn séð svo um, að reikningar sjóðsins væru umreiknaðir í samræmi við breytingar á gengi krónunnar til hækkunar eða lækkunar gagnvart dollar. Þetta var unnt að framkvæma svo á meðan hrein gjaldeyriseign bankans nægði til að vega upp á móti inneign Verðjöfnunarsjóðs, sem tryggja átti. Þannig var ástatt fram að gengislækkuninni 2. september 1974. Frá gildistöku laganna og fram til loka ágústmánaðar 1974, höfðu innstæður sjóðsins verið færðar upp eða niður í samræmi við allar gengisbreytingar krónunnar á því tímabili og nam uppfærslan nettó kr. 234.7 millj.

Við gengisbreytinguna 2. september 1974 var hins vegar svo komið, að nettógjaldeyriseign Seðlabankans nam aðeins rúmlega 487 millj. kr., þannig að gengishagnaður af þeirri upphæð til að mæta gengistapi Verðjöfnunarsjóðs nam aðeins 99.8 millj. kr. Á hinn bóginn nam gengisuppfærsla innstæðna Verðjöfnunarsjóðs 393.3 millj. kr. Það skorti því um 293.5 millj. kr. á að Seðlabankinn gæti greitt að fullu gengistryggingu Verðjöfnunarsjóðs af gjaldeyriseign sinni, en það samsvarar, að gjaldeyriseign bankans hefði þurft að vera um 1 434 millj. kr. hærri en í rauninni var við gengislækkunina. Af þessum ástæðum þótti eðlilegt, að hluta af verðhækkun, sem varð vegna gengislækkunarinnar yrði varið til að bæta Verðjöfnunarsjóði það tap, sem hann varð fyrir vegna gengisbreytingarinnar, sbr. b-lið 2. gr. laga nr. 78 frá 30. ágúst 1974 um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu. Hin brýna þörf fyrir stuðning við sjávarútveginn, sem komið hefur í ljós síðar, leiddi til þess, að ekki þótti fært að skerða gengishagnaðarsjóð eins og fyrrgreint lagaákvæði hafði gert ráð fyrir. Var því ákveðið við afgreiðslu laganna um ráðstafanir í sjávarútvegi og um ráðstöfun gengishagnaðar í desember 1974, að sú upphæð, sem átti að fara til að gengisbæta Verðjöfnunarsjóð, skyldi renna í gengishagnaðarsjóð, sem varið er til styrktar sjávarútveginum.

1. að viðhalda, eða ganga úr skugga um, að viðhaldið sé, nægri ókeypis þjónustu til að aðstoða slíkt verkafólk, einkum við að afla sér nákvæmra upplýsinga, og að gera allar viðeigandi ráðstafanir, sem landslög og reglugerðir leyfa, til að koma í veg fyrir villandi áróður varðandi útflutning og innflutning fólks,

Article 19

**The right of migrant workers and their families to protection and assistance**

With a view to ensuring the effective exercise of the right of migrant workers and their families to protection and assistance in the territory of any other Contracting Party, the Contracting Parties undertake:

1. to maintain or to satisfy themselves that there are maintained adequate and free services to assist such workers, particularly in obtaining accurate information, and to take all appropriate steps, so far as national laws and regulations permit, against misleading propaganda relating to emigration and immigration;

2. að gera viðeigandi ráðstafanir innan lögsagnarumdæma sinna til að auðvelda brottför, ferðalög og móttöku slíks verkafólks og fjölskyldna þess, og láta í té innan lögsagnarumdæma sinna viðeigandi þjónustu á sviði heilbrigðismála, læknisþjónustu og góðra hollustuhátta meðan á ferðinni stendur,

3. að efla, eftir því sem við á, samvinnu félagslegra þjónustustofnana opinberra aðila og einkaaðila í löndum, sem flutt er frá eða til,

4. að tryggja slíku verkafólki, sem löglega dvelur í löndum þeirra, að því marki sem lög eða reglugerðir taka til slíkra mála eða þau eru háð eftirliti stjórnvalda, meðferð, sem sé ekki óhagstæðari meðferð eigin þegna, þegar um er að ræða:

a) launakjör og önnur starfs- og vinnuskilyrði,
b) aðild að stéttarfélögum og að njóta góðs af heildarsamningum,
c) húsnæði,

5. að tryggja slíku verkafólki, sem löglega dvelur í löndum þeirra, meðferð, sem sé eigi óhagstæðari meðferð eigin þegna, að því er varðar skatta, gjöld eða framlög, sem lögð eru á vinnandi fólk,

6. að greiða fyrir því, eftir því sem hægt er, að fjölskylda erlends starfsmanns, sem fengið hefir heimild til að setjast að í landinu, geti flutt til hans,

7. að tryggja slíku verkafólki, sem löglega dvelur í löndum þeirra, meðferð, sem sé eigi óhagstæðari meðferð eigin þegna að því er varðar dómsmeðferð mála, er um getur í þessari grein,

8. að tryggja, að slíkt verkafólk, sem löglega dvelur í löndum þeirra, verði ekki gert landrækt nema öryggi þjóðarinnar stafi hætta af því, eða það gerist brotlegt við almenningshagsmuni eða siðgæði,

9. að leyfa innan lögmætra takmarka yfirfærslu þess hluta tekna og sparifjár slíks vinnandi fólks, sem það kann að óska eftir,

10. að láta þá vernd og aðstoð, sem kveðið er á um í grein þessari, einnig ná

2. to adopt appropriate measures within their own jurisdiction to facilitate the departure, journey and reception of such workers and their families, and to provide, within their own jurisdiction, appropriate services for health, medical attention and good hygienic conditions during the journey;

3. to promote co-operation, as appropriate, between social services, public and private, in emigration and immigration countries;

4. to secure for such workers lawfully within their territories, insofar as such matters are regulated by law or regulations or are subject to the control of administrative authorities, treatment not less favourable than that of their own nationals in respect of the following matters:

(a) remuneration and other employment and working conditions;
(b) membership of trade unions and enjoyment of the benefits of collective bargaining;
(c) accommodation;

5. to secure for such workers lawfully within their territories treatment not less favourable than that of their own nationals with regard to employment taxes, dues or contributions payable in respect of employed persons;

6. to facilitate as far as possible the reunion of the family of a foreign worker permitted to establish himself in the territory;

7. to secure for such workers lawfully within their territories treatment not less favourable than that of their own nationals in respect of legal proceedings relating to matters referred to in this Article;

8. to secure that such workers lawfully residing within their territories are not expelled unless they endanger national security or offend against public interest or morality;

9. to permit, within legal limits, the transfer of such parts of the earnings and savings of such workers as they may desire;

10. to extend the protection and assistance provided for in this Article to

til farandverkafólks í eigin atvinnu að því marki, sem slíkar ráðstafanir eiga við.

self-employed migrants insofar as such measures apply.

## III. KAFLI

### 20. gr.

### Skuldbindingar.

1. Sérhver samningsaðili skuldbindur sig til:

a) að líta á I. kafla sáttmála þessa sem yfirlýsingu um markmið, sem hann mun vinna að á allan viðeigandi hátt, eins og um getur í inngangi þess kafla,

b) að álíta sig bundinn af a. m. k. fimm af eftirtöldum greinum II. kafla sáttmála þessa: 1., 5., 6., 12., 13., 16. og 19. gr.

c) að telja sig, auk þeirra greina, sem hann velur samkvæmt næsta staflið hér á undan, bundinn af þeim fjölda greina eða töluliða II. kafla sáttmálans, sem hann sjálfur velur, enda sé samanlagður fjöldi greina eða tölusettra málsgreina, sem hann er bundinn af, eigi minni en 10 greinar eða 45 tölusettar málsgreinar.

2. Greinar eða málsgreinar, sem valdar eru samkvæmt stafliðum b) og c) í 1. mgr. þessarar greinar, ber að tilkynna aðalritara Evrópuráðsins þegar fullgildingar- eða samþykktarskjal viðkomandi samningsaðila er afhent.

3. Sérhver samningsaðili getur síðar lýst því yfir með tilkynningu til aðalritarans, að hann telji sig bundinn af hvaða grein eða tölulið II. kafla sáttmálans sem er og hann hefir ekki þegar samþykkt samkvæmt skilmálum 1. málsgreinar þessarar greinar. Líta ber á slíkar síðar gefnar skuldbindingar sem óskiptan hluta fullgildingar eða samþykktar, og taka þær sama gildi þrjátíu dögum eftir dagsetningu tilkynningarinnar.

4. Aðalritaranum ber að senda öllum ríkisstjórnum, sem sáttmálann undirrita, og aðalframkvæmdastjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, allar tilkynningar,

## PART III

### Article 20

### Undertakings

1. Each of the Contracting Parties undertakes:

(a) to consider Part I of this Charter as a declaration of the aims which it will pursue by all appropriate means, as stated in the introductory paragraph of that Part;

(b) to consider itself bound by at least five of the following Articles of Part II of this Charter: Articles 1, 5, 6, 12, 13, 16 and 19;

(c) in addition to the Articles selected by it in accordance with the preceding sub-paragraph, to consider itself bound by such a number of Articles or numbered paragraphs of Part II of the Charter as it may select, provided that the total number of Articles or numbered paragraphs by which it is bound is not less than 10 Articles or 45 numbered paragraphs.

2. The Articles or paragraphs selected in accordance with sub-paragraphs (b) and (c) of paragraph 1 of this Article shall be notified to the Secretary-General of the Council of Europe at the time when the instrument of ratification or approval of the Contracting Party concerned is deposited.

3. Any Contracting Party may, at a later date, declare by notification to the Secretary-General that it considers itself bound by any Articles or any numbered paragraphs of Part II of the Charter which it has not already accepted under the terms of paragraph 1 of this Article. Such undertakings subsequently given shall be deemed to be an integral part of the ratification or approval, and shall have the same effect as from the thirtieth day after the date of the notification.

4. The Secretary-General shall communicate to all the signatory Governments and to the Director-General of the International Labour Office any notification

sem hann tekur við samkvæmt þessum kafla sáttmálans.

5. Sérhver samningsaðili skal halda uppi kerfisbundnu vinnueftirliti, sem hentar aðstæðum í landinu.

## IV. KAFLI

### 21. gr.

### Skýrslur um samþykkt ákvæði.

Samningsaðilar skulu senda aðalritara Evrópuráðsins skýrslu á tveggja ára fresti í því formi, sem ráðherranefndin ákveður, um framkvæmd þeirra ákvæða II. kafla sáttmálans, sem þeir hafa samþykkt.

### 22. gr.

### Skýrslur um ákvæði, sem ekki hafa verið samþykkt.

Samningsaðilar skulu senda aðalritaranum með hæfilegu millibili, að beiðni ráðherranefndarinnar, skýrslur varðandi þau ákvæði II. kafla sáttmálans, sem þeir hafa ekki fallist á við fullgildingu eða samþykkt eða með síðari tilkynningu. Ráðherranefndin ákveður hverju sinni um hvaða ákvæði ber að óska eftir slíkum skýrslum, svo og form þeirra.

### 23. gr.

### Sending samrita.

1. Sérhver samningsaðili skal senda samrit af skýrslum sínum, sem um er getið í 21. og 22. gr., til þeirra innlendra samtaka, sem eru aðilar að þeim alþjóðlegu samtökum vinnuveitenda og verkalýðsfélaga, sem bjóða ber samkvæmt 2. mgr. 27. gr. að eiga fulltrúa á fundum undirnefndar ráðherranefndarinnar um félagsmál.

2. Samningsaðilar skulu senda aðalritaranum allar athugasemdir, sem berast frá þessum innlendu samtökum um áðurnefndar skýrslur, ef samtökin óska þess.

which he shall have received pursuant to this Part of the Charter.

5. Each Contracting Party shall maintain a system of labour inspection appropriate to national conditions.

## PART IV

### Article 21

### Reports concerning accepted provisions

The Contracting Parties shall send to the Secretary-General of the Council of Europe a report at two-yearly intervals, in a form to be determined by the Committee of Ministers, concerning the application of such provisions of Part II of the Charter as they have accepted.

### Article 22

### Reports concerning provisions which are not accepted

The Contracting Parties shall send to the Secretary-General, at appropriate intervals as requested by the Committee of Ministers, reports relating to the provisions of Part II of the Charter which they did not accept at the time of their ratification or approval or in a subsequent notification. The Committee of Ministers shall determine from time to time in respect of which provisions such reports shall be requested and the form of the reports to be provided.

### Article 23

### Communication of copies

1. Each Contracting Party shall communicate copies of its reports referred to in Articles 21 and 22 to such of its national organisations as are members of the international organisations of employers and trade unions to be invited under Article 27, paragraph 2, to be represented at meetings of the Sub-committee of the Governmental Social Committee.

2. The Contracting Parties shall forward to the Secretary-General any comments on the said reports received from these national organisations, if so requested by them.

24. gr.
**Athugun á skýrslunum.**

Skýrslurnar, sem aðalritaranum eru sendar samkvæmt 21. og 22. gr., skulu athugaðar af sérfræðinganefnd, sem einnig fái til athugunar þær athugasemdir, sem sendar hafa verið til aðalritarans samkvæmt 2. mgr. 23. gr.

Article 24
**Examination of the reports**

The reports sent to the Secretary-General in accordance with Articles 21 and 22 shall be examined by a Committee of Experts, who shall have also before them any comments forwarded to the Secretary-General in accordance with paragraph 2 of Article 23.

25. gr.
**Sérfræðinganefndin.**

1. Sérfræðinganefndina skipa eigi fleiri en sjö menn, sem ráðherranefndin skipar úr hópi óháðra og einstaklega réttsýnna sérfræðinga, sem eru viðurkenndir kunnáttumenn á sviði félagsmála á alþjóðavettvangi og tilnefndir eru af samningsaðilum.

2. Nefndarmennirnir skulu skipaðir til sex ára í senn. Heimilt er að endurskipa þá. Embættistími tveggja af þeim nefndarmönnum, sem fyrst eru skipaðir, skal þó renna út að fjórum árum liðnum.

3. Þá nefndarmenn, sem ganga eiga út í lok fjögurra ára byrjunartímabilsins, skal ráðherranefndin velja með hlutkesti þegar að fyrstu skipun lokinni.

4. Sérfræðinganefndarmaður, sem skipaður er í stað nefndarmanns, þegar embættistími hins síðarnefnda hefir eigi runnið út, haldi embætti til loka skipunartíma fyrirrennara síns.

Article 25
**Committee of experts**

1. The Committee of Experts shall consist of not more than seven members appointed by the Committee of Ministers from a list of independent experts of the highest integrity and of recognised competence in international social questions, nominated by the Contracting Parties.

2. The members of the Committee shall be appointed for a period of six years. They may be reappointed. However, of the members first appointed, the terms of office of two members shall expire at the end of four years.

3. The members whose terms of office are to expire at the end of the initial period of four years shall be chosen by the Committee of Ministers immediately after the first appointment has been made.

4. A member of the Committee of Experts appointed to replace a member whose term of office has not expired shall hold office for the remainder of his predecessor's term.

26. gr.
**Þátttaka Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.**

Bjóða skal Alþjóðavinnumálastofnuninni að tilnefna fulltrúa til að taka þátt í umræðum sérfræðinganefndarinnar sem ráðunautur.

Article 26
**Participation of the International Labour Organisation**

The International Labour Organisation shall be invited to nominate a representative to participate in a consultative capacity in the deliberations of the Committee of Experts.

27. gr.
**Undirnefnd félagsmálanefndar ráðherranefndarinnar.**

1. Skýrslur samningsaðilanna og niðurstöður sérfræðinganefndarinnar skal

Article 27
**Sub-Committee of the Governmental Social Committee**

1. The reports of the Contracting Parties and the conclusions of the Commit-

leggja fyrir undirnefnd félagsmálanefndar ráðherranefndar Evrópuráðsins til athugunar.

2. Undirnefndina skipa einn fulltrúi frá hverjum samningsaðila. Hún skal bjóða eigi fleiri en tveimur alþjóðlegum vinnuveitendasamtökum og eigi fleiri en tveimur alþjóðlegum verkalýðssamtökum, eftir eigin vali, að senda ráðgefandi áheyrnarfulltrúa á fundi nefndarinnar. Enn fremur getur hún ráðfært sig við allt að tvo fulltrúa alþjóðlegra stofnana, sem ekki eru ríkisstofnanir, en eru í ráðgefandi aðstöðu gagnvart Evrópuráðinu, um málefni, sem stofnanirnar eru sérstaklega hæfar að fjalla um, svo sem félagslega velferð og efnahagslega og félagslega vernd fjölskyldunnar,

3. Undirnefndin skal leggja fyrir ráðherranefndina skýrslu um niðurstöður sínar og láta fylgja henni skýrslu sérfræðinganefndarinnar.

28. gr.

**Ráðgjafasamkoma.**

Aðalritari Evrópuráðsins skal senda ráðgjafasamkomunni niðurstöður sérfræðinganefndarinnar. Ráðgjafasamkoman skal senda ráðherranefndinni álit sitt á niðurstöðum þessum.

29. gr.

**Ráðherranefndin.**

Ráðherranefndin getur lagt hvers kyns nauðsynlegar tillögur fyrir sérhvern samningsaðila á grundvelli skýrslu undirnefndarinnar og að höfðu samráði við ráðgjafasamkomuna. Þarf til þess tvo þriðju atkvæða meirihluta þeirra, sem rétt eiga til setu í nefndinni.

V. KAFLI

30. gr.

**Takmarkanir á styrjaldar- eða hættutímum.**

1. Á styrjaldartímum eða öðrum hættutímum, þegar tilveru þjóðar er ógnað,

tee of Experts shall be submitted for examination to a Sub-committee of the Governmental Social Committee of the Council of Europe.

2. The Sub-committee shall be composed of one representative of each of the Contracting Parties. It shall invite no more than two international organisations of employers and no more than two international trade union organisations as it may designate to be represented as observers in a consultative capacity at its meetings. Moreover, it may consult no more than two representatives of international non-governmental organisations having consultative status with the Council of Europe, in respect of questions with which the organisations are particularly qualified to deal, such as social welfare, and the economic and social protection of the family.

3. The Sub-committee shall present to the Committee of Ministers a report containing its conclusions and append the report of the Committee of Experts.

Article 28

**Consultative Assembly**

The Secretary-General of the Council of Europe shall transmit to the Consultative Assembly the conclusions of the Committee of Experts. The Consultative Assembly shall communicate its views on these Conclusions to the Committee of Ministers.

Article 29

**Committee of Ministers**

By a majority of two-thirds of the members entitled to sit on the Committee, the Committee of Ministers may, on the basis of the report of the Sub-committee, and after consultation with the Consultative Assembly, make to each Contracting Party any necessary recommendations.

PART V

Article 30

**Derogations in time of war or public emergency**

1. In time of war or other public emergency threatening the life of the nation

getur sérhver samningsaðili gert ráðstafanir, sem takmarka skuldbindingar hans samkvæmt sáttmála þessum, að svo miklu leyti sem bráð nauðsyn krefur vegna ástandsins, enda brjóti þær ráðstafanir ekki í bága við aðrar skuldbindingar hans samkvæmt alþjóðalögum.

2. Sérhver samningsaðili, sem hefir notfært sér þennan takmörkunarrétt, skal innan hæfilegs frests láta aðalritara Evrópuráðsins í té tæmandi upplýsingar um ráðstafanir, sem gerðar hafa verið, og ástæður fyrir þeim. Einnig skal samningsaðilinn tilkynna aðalritaranum, þegar slíkum aðgerðum er lokið og þau ákvæði sáttmálans, sem hann hefir samþykkt, koma að fullu til framkvæmda á ný.

3. Aðalritarinn skal svo tilkynna öðrum samningsaðilum og aðalframkvæmdastjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar um öll erindi, sem móttekin hafa verið samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar.

any Contracting Party may take measures derogating from its obligations under this Charter to the extent strictly required by the exigencies of the situation, provided that such measures are not inconsistent with its other obligations under international law.

2. Any Contracting Party which has availed itself of this right of derogation shall, within a reasonable lapse of time, keep the Secretary-General of the Council of Europe fully informed of the measures taken and of the reasons therefore. It shall likewise inform the Secretary-General when such measures have ceased to operate and the provisions of the Charter which it has accepted are again being fully executed.

3. The Secretary-General shall in turn inform other Contracting Parties and the Director-General of the International Labour Office of all communications received in accordance with paragraph 2 of this Article.

### 31. gr.
### Höft.

1. Þegar réttindin og meginreglurnar, sem um getur í 1. kafla, hafa komist í framkvæmd samkvæmt ákvæðum II. kafla, mega þær ekki vera háðar neinum höftum eða takmörkunum, sem eigi eru tilgreind í þeim köflum, utan það sem lög kveða á um og sem nauðsynlegt er í lýðræðisþjóðfélagi til verndar réttindum og frelsi annarra, eða til verndar almannahagsmunum, öryggi þjóðarinnar, heilsu eða siðgæði almennings.

2. Höft þau, sem heimilt er samkvæmt sáttmála þessum að setja á réttindi og skyldur, er um getur í honum, má eigi setja í neinum öðrum tilgangi en þeim, sem mælt hefir verið fyrir um.

### Article 31
### Restrictions

1. The rights and principles set forth in Part I when effectively realised and their effective exercise as provided for in Part II, shall not be subject to any restrictions or limitations not specified in those Parts, except such as are prescribed by law and are necessary in a democratic society for the protection of the rights and freedoms of others or for the protection of public interest, national security, public health, or morals.

2. The restrictions permitted under this Charter to the rights and obligations set forth herein shall not be applied for any purpose other than that for which they have been prescribed.

### 32. gr.
### Samband sáttmálans og landslaga eða alþjóðasamninga.

Ákvæði sáttmála þessa mega ekki brjóta í bága við ákvæði landslaga eða ákvæði neinna tvíhliða eða fjölhliða samninga eða samþykkta, sem þegar hafa tekið gildi

### Article 32
### Relations between the Charter and domestic law or international agreements

The provisions of this Charter shall not prejudice the provisions of domestic law or of any bilateral or multilateral treaties, conventions or agreements which

eða kunna að taka gildi og gera ráð fyrir hagstæðari meðferð hins verndaða fólks.

33. gr.

**Framkvæmd byggð á heildarsamningum.**

1. Í aðildarríkjum þar sem ákvæði 1., 2., 3., 4. og 5. mgr. 2. gr., 4., 6. og 7. mgr. 7. gr. og 1., 2., 3. og 4. mgr. 10. gr. II. kafla sáttmála þessa eru málefni, sem venjulega eru látin vera háð samkomulagi milli vinnuveitenda, eða samtaka þeirra, og verkalýðssamtaka, eða eru venjulega framkvæmd á annan hátt en með lagafyrirmælum, má telja skuldbindingum þessara málsgreina fullnægt og samþykkt þeirra gilda, ef ákvæðum þeirra er fullnægt með slíkum samningum, eða á annan hátt, að því er mikinn meirihluta hins vinnandi fólks varðar.

2. Í aðildarríkjum, þar sem ákvæði þessi eru venjulega háð lagafyrirmælum, er á sama hátt hægt að undirgangast skuldbindingarnar og telja framkvæmd þeirra gilda, ef ákvæðin eru framkvæmd með lagafyrirmælum að því er mikinn meirihluta hins vinnandi fólks varðar.

34. gr.

**Landssvæði, sem sáttmálinn tekur til.**

1. Sáttmáli þessi skal ná til heimalands sérhvers samningsaðila. Sérhver ríkisstjórn, sem undirritar sáttmálann, getur tiltekið það landsvæði, sem hún telur vera heimaland sitt í þessu tilliti, með yfirlýsingu stílaðri til aðalritara Evrópuráðsins þegar undirritun fer fram eða þegar fullgildingar- eða samþykktarskjal er afhent.

2. Sérhver samningsaðili getur, þegar fullgilding eða viðurkenning á sáttmála þessum fer fram, eða hvenær sem er síðar, lýst því yfir með tilkynningu stílaðri til aðalritara Evrópuráðsins, að sáttmálinn skuli að öllu eða einhverju leyti ná til landsvæðis eða landsvæða utan heimalandsins, sem tiltekin eru í tilkynningunni, hverra milliríkjamál hann annast eða ber ábyrgð á. Samningsaðilinn skal

are already in force, or may come into force, under which more favourable treatment would be accorded to the persons protected.

Article 33

**Implementation by collective agreements**

1. In member States where the provisions of paragraphs 1, 2, 3, 4 and 5 of Article 2, paragraphs 4, 6 and 7 of Article 7 and paragraphs 1, 2, 3 and 4 of Article 10 of Part II of this Charter are matters normally left to agreements between employers or employers' organisations and workers' organisations, or are normally carried out otherwise than by law, the undertakings of those paragraphs may be given and compliance with them shall be treated as effective if their provisions are applied through such agreements or other means to the great majority of the workers concerned.

2. In member States where these provisions are normally the subject of legislation, the undertakings concerned may likewise be given, and compliance with them shall be regarded as effective if the provisions are applied by law to the great majority of the workers concerned.

Article 34

**Territorial application**

1. This Charter shall apply to the metropolitan territory of each Contracting Party. Each signatory Government may, at the time of signature or of the deposit of its instrument of ratification or approval, specify, by declaration addressed to the Secretary-General of the Council of Europe, the territory which shall be considered to be its metropolitan territory for this purpose.

2. Any Contracting Party may, at the time of ratification or approval of this Charter or at any time thereafter, declare by notification addressed to the Secretary-General of the Council of Europe, that the Charter shall extend in whole or in part to a non-metropolitan territory or territories specified in the said declaration for whose international relations it is responsible or for which it

tilgreina í tilkynningunni hvaða greinar eða málsgreinar í II. kafla sáttmálans hann samþykki sem bindandi að því er varðar landsvæðin, er um getur í tilkynningunni.

3. Sáttmálinn skal taka til landsvæðis eða landsvæða, sem um getur í áðurnefndri tilkynningu, frá og með þrítugasta degi eftir að aðalritaranum hefir borist tilkynningin.

4. Sérhver samningsaðili getur lýst því yfir síðar með tilkynningu stílaðri til aðalritara Evrópuráðsins, að hann samþykki sem bindandi fyrir eitt eða fleiri landsvæði, sem sáttmálinn hefir verið látinn ná til skv. 2. mgr. þessarar greinar, greinar eða málsgreinar, sem hann hefir ekki þegar samþykkt fyrir það eða þau landsvæði. Slíkar síðar gefnar skuldbindingar teljast óskiptur hluti upprunalegrar tilkynningar að því er viðkomandi landsvæði varðar og skulu hafa sama gildi frá og með þrítugasta degi eftir að tilkynningin er dagsett.

5. Aðalritarinn skal senda öðrum ríkisstjórnum, sem undirritað hafa sáttmálann, og aðalframkvæmdastjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, sérhverja tilkynningu, sem honum berst samkvæmt þessari grein.

35. gr.
**Undirskrift, fullgilding og gildistaka.**

1. Aðildarríkjum Evrópuráðsins er frjálst að undirrita sáttmála þennan. Hann skal fullgilda eða samþykkja. Fullgildingar- eða samþykktarskjöl ber að afhenda aðalritara Evrópuráðsins.

2. Sáttmáli þessi tekur gildi á þrítugasta degi eftir afhendingu fimmta fullgildingar- eða samþykktarskjals.

3. Að því er varðar ríkisstjórn, sem undirritað hefir sáttmála þennan og síðar fullgilt hann, tekur sáttmálinn gildi á þrítugasta degi eftir afhendingardag fullgildingar- eða samþykktarskjals.

assumes international responsibility. It shall specify in the declaration the Articles or paragraphs of Part II of the Charter which it accepts as binding in respect of the territories named in the declaration.

3. The Charter shall extend to the territory or territories named in the aforesaid declaration as from the thirtieth day after the date on which the Secretary-General shall have received notification of such declaration.

4. Any Contracting Party may declare at a later date by notification addressed to the Secretary-General of the Council of Europe, that, in respect of one or more of the territories to which the Charter has been extended in accordance with paragraph 2 of this Article, it accepts as binding any Articles or any numbered paragraphs which it has not already accepted in respect of that territory or territories. Such undertakings subsequently given shall be deemed to be an integral part of the original declaration in respect of the territory concerned, and shall have the same effect as from the thirtieth day after the date of the notification.

5. The Secretary-General shall communicate to the other signatory Governments and to the Director-General of the International Labour Office any notification transmitted to him in accordance with this Article.

**Article 35**
**Signature, ratification and entry into force**

1. This Charter shall be open for signature by the Members of the Council of Europe. It shall be ratified or approved. Instruments of ratification or approval shall be deposited with the Secretary-General of the Council of Europe.

2. This Charter shall come into force as from the thirtieth day after the date of deposit of the fifth instrument of ratification or approval.

3. In respect of any signatory Government ratifying subsequently, the Charter shall come into force as from the thirtieth day after the date of deposit of its instrument of ratification or approval.

4. Aðalritarinn skal tilkynna öllum aðildarríkjum Evrópuráðsins og aðalframkvæmdastjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar um gildistöku sáttmálans, nöfn samningsaðila, sem fullgilt hafa hann eða samþykkt, og síðari afhendingu fullgildingar- eða samþykktarskjala.

4. The Secretary-General shall notify all the Members of the Council of Europe and the Director-General of the International Labour Office, of the entry into force of the Charter, the names of the Contracting Parties which have ratified or approved it and the subsequent deposit of any instruments of ratification or approval.

36. gr.
**Breytingar.**

Sérhvert aðildarríki Evrópuráðsins getur borið fram tillögu um breytingu á sáttmála þessum í erindi stíluðu til aðalritara Evrópuráðsins. Aðalritarinn skal senda öðrum aðildarríkjum Evrópuráðsins allar breytingatillögur, sem þannig eru bornar fram, en ráðherranefndin tekur þær síðan til athugunar, og því næst skulu þær bornar undir álit ráðgjafasamkomunnar. Breytingatillögur, sem ráðherranefndin hefir fallist á, skulu gilda frá þrítugasta degi eftir að allir samningsaðilar hafa tilkynnt aðalritaranum samþykki sitt. Aðalritarinn skal tilkynna öllum aðildarríkjum Evrópuráðsins og aðalframkvæmdastjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar um gildistöku slíkra breytinga.

Article 36
**Amendments**

Any Member of the Council of Europe may propose amendments to this Charter in a communication addressed to the Secretary-General of the Council of Europe. The Secretary-General shall transmit to the other Members of the Council of Europe any amendments so proposed, which shall then be considered by the Committee of Ministers and submitted to the Consultative Assembly for opinion. Any amendments approved by the Committee of Ministers shall enter into force as from the thirtieth day after all the Contracting Parties have informed the Secretary-General of their acceptance. The Secretary-General shall notify all the Members of the Council of Europe and the Director-General of the International Labour Office of the entry into force of such amendments.

37. gr.
**Uppsögn.**

1. Sérhver samningsaðili getur einungis sagt sáttmála þessum upp er liðin eru fimm ár frá gildistöku hans að því er hann varðar, eða í lok hvers tveggja ára tímabils eftir það, og í hverju tilfelli eftir að hafa tilkynnt aðalritara Evrópuráðsins það með sex mánaða fyrirvara, en hann skal tilkynna það hinum aðilunum og aðalframkvæmdastjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar. Slík uppsögn skal ekki hafa áhrif á gildi sáttmálans að því er aðra samningsaðila varðar, enda séu slíkir samningsaðilar aldrei færri en fimm.

2. Sérhver samningsaðili getur samkvæmt ákvæðum næstu málsgreinar hér

Article 37
**Denunciation**

1. Any Contracting Party may denounce this Charter only at the end of a period of five years from the date on which the Charter entered into force for it, or at the end of any successive period of two years, and, in each case, after giving six months notice to the Secretary-General of the Council of Europe, who shall inform the other Parties and the Director-General of the International Labour Office accordingly. Such denunciation shall not affect the validity of the Charter in respect of the other Contracting Parties provided that at all times there are not less than five such Contracting Parties.

2. Any Contracting Party may, in accordance with the provisions set out in the

á undan, sagt upp hvaða grein eða málsgrein II. kafla sáttmála þessa, sem hann hefir samþykkt, enda sé fjöldi greina eða málsgreina, sem samningsaðilinn er bundinn af, aldrei minni en 10 í fyrra tilfellinu og 45 í því síðara, og halda skal þessi fjöldi greina eða málsgreina áfram að fela í sér greinar þær, sem samningsaðili valdi úr og sem sérstaklega er vikið að í 20. gr., 1. mgr., staflið b.

3. Sérhver samningsaðili getur sagt upp sáttmála þessum eða sérhverri grein eða málsgrein í II. kafla hans, samkvæmt þeim skilmálum, sem greindir eru í 1. mgr. þessarar greinar, að því er varðar hvert það landsvæði, sem sáttmálinn nær til samkvæmt tilkynningu, sem gefin hefir verið samkvæmt 2. mgr. 34. gr.

preceding paragraph, denounce any Article or paragraph of Part II of the Charter accepted by it provided that the number of Articles or paragraphs by which this Contracting Party is bound shall never be less than 10 in the former case and 45 in the latter and that this number of Articles or paragraphs shall continue to include the Articles selected by the Contracting Party among those to which special reference is made in Article 20, Paragraph 1, sub-paragraph (b).

3. Any Contracting Party may denounce the present Charter or any of the Articles or paragraphs of Part II of the Charter, under the conditions specified in paragraph 1 of this Article in respect of any territory to which the said Charter is applicable by virtue of a declaration made in accordance with paragraph 2 of Article 34.

**38. gr.**
**Viðauki.**

Viðaukinn við sáttmála þennan skal vera óskiptur hluti hans.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir undirritað sáttmála þennan með fullu umboði.

Gert í Turin hinn 18. dag októbermánaðar 1961 á ensku og frönsku, og skulu báðir textarnir vera jafngildir. Sáttmálinn er gerður í einu eintaki, sem varðveita skal í skjalasafni Evrópuráðsins. Aðalritarinn skal senda sérhverjum aðila, sem sáttmálann undirritar, staðfest endurrit hans.

**Article 38**
**Appendix**

The Appendix to the Charter shall form an integral part of it.

In witness whereof, the undersigned, being duly authorised thereto, have signed this Charter.

Done at Turin,
this 18th day of October 1961, in English and French, both texts being equally authoritative, in a single copy which shall be deposited within the archives of the Council of Europe. The Secretary-General shall transmit certified copies to each of the Signatories.

---

## VIÐAUKI
## VIÐ FÉLAGSMÁLASÁTTMÁLANN

**Gildissvið félagsmálasáttmálans að því er varðar verndað fólk.**

1. Án þess að það skuli hafa áhrif á 12. gr., 4. mgr. og 13. gr., 4. mgr., taka 1.—17. gr. því aðeins til útlendinga, að þeir séu þegnar annarra samningsaðila og hafi löglega búsetu eða vinni að staðaldri í landi viðkomandi samningsaðila,

## APPENDIX TO THE SOCIAL CHARTER

**Scope of the Social Charter in terms of persons protected**

1. Without prejudice to Article 12, paragraph 4 and Article 13, paragraph 4, the persons covered by Articles 1 to 17 include foreigners only insofar as they are nationals of other Contracting Parties lawfully resident or working regu-

að því tilskildu að túlka ber greinar þessar í ljósi ákvæða 18. og 19. greinar.

Þessi túlkun á ekki að vera því til hindrunar, að samningsaðilar veiti öðru fólki sömu aðstöðu.

2. Sérhver samningsaðili mun veita flóttamönnum, eins og þeir eru skilgreindir í Samþykkt um réttarstöðu flóttamanna, undirritaðri í Genf hinn 28. júlí 1951, sem dvelja löglega í landi hans, eins góð kjör og unnt er, og alla vega ekki óhagstæðari en samkvæmt skuldbindingum þeim, sem samningsaðilinn hefir fallist á samkvæmt téðri samþykkt og hverjum öðrum alþjóðasamþykktum, sem taka til þessara flóttamanna.

larly within the territory of the Contracting Party concerned, subject to the understanding that these Articles are to be interpreted in the light of the provisions of Articles 18 and 19.

This interpretation would not prejudice the extension of similar facilities to other persons by any of the Contracting Parties.

2. Each Contracting Party will grant to refugees as defined in the Convention relating to the Status of Refugees, signed at Geneva on 28th July 1951, and lawfully staying in its territory, treatment as favourable as possible, and in any case not less favourable than under the obligations accepted by the Contracting Party under the said Convention and under any other existing international instruments applicable to those refugees.

I. kafli, II. kafli,
18. mgr. og 18. gr., 1. mgr.

Gert er ráð fyrir, að ákvæði þessi varði ekki komu til lands samningsaðila og skerði ekki ákvæði Evrópu-samþykktar um gagnkvæmt jafnrétti borgaranna, sem undirrituð var í París hinn 13. desember 1955.

Part I, Part II
Paragraph 18 and Article 18, paragraph 1

It is understood that these provisions are not concerned with the question of entry into the territories of the Contracting Parties and do not prejudice the provisions of the European Convention on Establishment, signed at Paris on 13th December 1955.

II. KAFLI
1. gr., 2. mgr.

Eigi skal túlka ákvæði þetta þannig, að það banni eða heimili nokkur ákvæði eða venju varðandi kröfu um aðild að stéttarfélagi.

PART II
**Article 1, paragraph 2**

This provision shall not be interpreted as prohibiting or authorising any union security clause or practice.

4. gr., 4. mgr.

Skilja ber ákvæði þetta þannig, að það banni ekki tafarlausan brottrekstur vegna alvarlegra misgerða.

**Article 4, paragraph 4**

This provision shall be so understood as not to prohibit immediate dismissal for any serious offence.

4. gr., 5. mgr.

Gert er ráð fyrir því, að samningsaðili geti veitt skuldbindingu þá, sem krafist er í málsgreininni, ef mikill meirihluti verkafólks verður ekki fyrir kauplækkun, hvorki samkvæmt lögum, heildarsamningum né úrskurðum gerðardóma,

**Article 4, paragraph 5**

It is understood that a Contracting Party may give the undertaking required in this paragraph if the great majority of workers are not permitted to suffer deductions from wages either by law or through collective agreements or arbitra-

en undanskilið er það verkafólk, sem reglurnar taka ekki til.

6. gr., 4. mgr.

Gert er ráð fyrir því, að sérhver samningsaðili geti, að því er hann sjálfan varðar, takmarkað verkfallsrétt með lögum, að því tilskildu, að réttlæta megi hvers kyns frekari takmarkanir, sem þetta kann að hafa á verkfallsréttinn, með ákvæðum 31. greinar.

7. gr., 8. mgr.

Gert er ráð fyrir því, að samningsaðili geti veitt skuldbindingu þá, sem ráð er fyrir gert í málsgreininni, ef hann fylgir anda hennar eftir með lagaákvæðum þess efnis, að meginhluti fólks innan 18 ára aldurs skuli ekki látið vinna næturvinnu.

12. gr., 4. mgr.

Orðin „samkvæmt þeim skilyrðum, sem sett eru í slíkum samningum“ í inngangi málsgreinar þessarar, teljast þýða meðal annars, að varðandi bætur, sem fáanlegar eru óháðar nokkru tryggingaframlagi, geti samningsaðili krafist þess, að lokið sé tilskildu búsetutímabili áður en hann veiti þegnum annarra samningsaðila slíkar bætur.

13. gr., 4. mgr.

Ríkisstjórnir, sem ekki eru aðilar að Evrópu-samþykktinni um félagslega aðstoð og læknishjálp, geta fullgilt félags málasáttmálann að því er þessa málsgrein varðar, svo fremi þeir veiti þegnum annarra samningsaðila meðferð, sem sé í samræmi við ákvæði greindrar samþykktar.

19. gr., 6. mgr.

Að því er ákvæði þetta varðar er gert ráð fyrir því að orðin „fjölskylda erlends starfsmanns“ merki a. m. k. eiginkonu hans og börn á framfæri yngri en 21 árs.

III. KAFLI

Gert er ráð fyrir því, að sáttmálinn feli í sér lagaskuldbindingar alþjóðlegs eðlis,

tion awards, the exceptions being those persons not so covered.

**Article 6, paragraph 4**

It is understood that each Contracting Party may, insofar as it is concerned, regulate the exercise of the right to strike by law, provided that any further restriction that this might place on the right can be justified under the terms of Article 31.

**Article 7, paragraph 8**

It is understood that a Contracting Party may give the undertaking required in this paragraph if it fulfils the spirit of the undertaking by providing by law that the great majority of persons under 18 years of age shall not be employed in night work.

**Article 12, paragraph 4**

The words "and subject to the conditions laid down in such agreements“ in the introduction to this paragraph are taken to imply inter alia that with regard to benefits which are available independently of any insurance contribution a Contracting Party may require the completion of a prescribed period of residence before granting such benefits to nationals of other Contracting Parties.

**Article 13, paragraph 4**

Governments not Parties to the European Convention on Social and Medical Assistance may ratify the Social Charter in respect of this paragraph provided that they grant to nationals of other Contracting Parties a treatment which is in conformity with the provisions of the said Convention.

**Article 19, paragraph 6**

For the purpose of this provision, the term "family of a foreign worker“ is understood to mean at least his wife and dependent children under the age of 21 years.

PART III

It is understood that the Charter contains legal obligations of an international

og framkvæmd þeirra sé eingöngu háð eftirliti því, sem gert er ráð fyrir í IV. kafla hans.

20. gr., 1. mgr.

Gert er ráð fyrir, að „tölusettar málsgreinar" geti falið í sér greinar, sem aðeins séu ein málsgrein.

V. KAFLI

30. gr.

Orðin „á styrjaldartímum eða öðrum hættutímum" ber að skilja þannig, að þau nái einnig til stríðshótunar.

character, the application of which is submitted solely to the supervision provided for in Part IV thereof.

**Article 20, paragraph 1**

It is understood that the "numbered paragraphs" may include Articles consisting of only one paragraph.

PART V

**Article 30**

The term "in time of war or other public emergency" shall be so understood as to cover also the threat of war.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Í stofnskrá Evrópuráðsins segir, að markmið þess sé að koma á nánari einingu meðal þátttökuríkja þess, í því skyni að vernda og koma í framkvæmd þeim hugsjónum og meginreglum, sem eru sameiginleg arfleifð þeirra, svo og að stuðla að framförum á sviði efnahags- og félagsmála. Unnið skal að markmiði þessu innan ráðsins með umræðum um mál, sem sameiginlega þýðingu hafa, og með samningum og sameiginlegum aðgerðum á sviði efnahags- og félagsmála, menningarmála og vísinda-, laga- og stjórnarfarsmála, og með varðveislu og frekari framkvæmd mannréttinda og mannfrelsis.

Að þessu yfirlýsta markmiði Evrópuráðsins hefur verið unnið með ýmsu móti allt frá stofnun ráðsins 1949 til þessa dags. Einn þátturinn í þessu starfi er gerð Félagsmálasáttmála Evrópu, sem undirritaður var í Turin á Ítalíu hinn 18. október 1961 eftir u. þ. b. sjö ára undirbúningsstarf.

Sáttmálinn gekk í gildi í febrúar 1965, þegar fimm ríki höfðu fullgilt hann. Nú hafa 11 af 17 aðildarríkjum Evrópuráðsins fullgilt sáttmálann. En þau sex, sem ekki hafa fullgilt hann eru: Belgía, Holland, Ísland, Luxemborg, Sviss og Tyrkland. Á fundum félagsmálanefndar Evrópuráðsins er jafnan spurt hvað líði undirbúningi fullgildingar og þau ríki, sem ekki hafa fullgilt sáttmálann, hvött til að hraða fullgildingu.

Félagsmálasáttmálinn skiptist í fimm kafla.

Í I. kafla er að finna viljayfirlýsingu samningsaðila um að skapa þau skilyrði, sem þarf til að framfylgja þeim réttindum og meginreglum, sem þar næst eru upptalin í 19 tölusettum málsgreinum.

Í II. kafla eru 19 greinar, sem byggjast á tölusettum málsgreinum I. kafla. Samningsaðilar eru bundnir af skyldum þeim, sem tilgreindar eru í þessum greinum, er þeir hafa samþykkt þær. Greinarnar fjalla um:

Rétt til vinnu.
Rétt til sanngjarnra vinnuskilyrða.
Rétt til öryggis við störf og heilsusamlegra vinnuskilyrða.
Rétt til sanngjarns kaups.
Rétt til að stofna félög.
Rétt til að semja sameiginlega.
Rétt barna og ungmenna til verndar.
Rétt vinnandi kvenna til verndar.

Rétt til leiðbeininga um stöðuval.
Rétt til starfsþjálfunar.
Rétt til heilsuverndar.
Rétt til félagslegs öryggis.
Rétt til félagslegrar aðstoðar og læknishjálpar.
Rétt til að njóta góðs af félagslegri velferðarþjónustu.
Rétt líkamlega eða andlega fatlaðra til starfsþjálfunar, endurhæfingar og endurheimtar félagslegrar aðstöðu.
Rétt fjölskyldunnar til félagslegrar, lagalegrar og efnahagslegrar verndar.
Rétt mæðra og ungbarna til félagslegrar og efnahagslegrar verndar.
Rétt til að stunda arðbært starf í landi annars samningsaðila.
Rétt farandverkafólks og fjölskyldna þess til verndar og aðstoðar.

III. kafli fjallar um skuldbindingar samningsaðila m. a. í sambandi við fullgildingu á greinum II. kafla.

Í IV. kafla eru ákvæði um skýrslugjafir og nefndir.

Í V. kafla er að finna ýmis ákvæði, svo sem um takmarkanir, skuldbindingar, höft, gildissvið, fullgildingu, gildistöku, uppsögn og viðauka við sáttmálann.

Aðildarríki Evrópuráðsins getur fullgilt sáttmálann þótt það uppfylli ekki öll skilyrði II. kafla hans, en lágmarkið er, að það taki á sig skuldbindingar samkvæmt 10 af 19 greinum kaflans eða 45 tölusettum málsgreinum hans. Af þessum 10 greinum skal hlutaðeigandi ríki telja sig bundið af a. m. k. fimm eftirtalinna greina: 1., 5., 6., 12., 13., 16. og 19. gr. Síðar getur ríki tekið á sig skuldbindingar samkvæmt greinum, sem það hefir undanskilið í upphafi.

Ljóst er, að Ísland getur nú uppfyllt þau skilyrði, sem þarf til fullgildingar á félagsmálasáttmálanum. Einnig má geta þess, að nú er í undirbúningi frumvarp til laga um vinnuvernd, sem veita mun möguleika til viðtækari skuldbindinga, ef það verður að lögum.

Þar sem möguleiki er fyrir hendi að uppfylla skuldbindingar umræddrs félagsmálasáttmála, er nú farið fram á heimild Alþingis til að fullgilda hann fyrir Íslands hönd.

**Nd.** **552. Nefndarálit** [230. mál]

um frv. til l. um breyt. á hjúkrunarlögum, nr. 8 frá 13. mars 1974.

Frá heilbrigðis- og tryggingnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og mælir með samþykkt þess. Jóhann Hafstein var ekki viðstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 29. apríl 1975.

| | | |
|---|---|---|
| Jón Skaftason, form. | Guðm. G. Þórarinsson, fundaskr. | Ingiberg J. Hannesson, frsm. |
| Ragnhildur Helgadóttir. | Karvel Pálmason. | Magnús Kjartansson. |

**Ed.** **553. Frumvarp til laga** [269. mál]

um breyting á mörkum lögsagnarumdæma Reykjavíkur og Kópavogs.

(Lagt fyrir Alþingi á 96. löggjafarþingi, 1974—75.)

**1. gr.**

Mörk Reykjavíkur og Kópavogs, sem ákveðin eru í 1. gr. laga nr. 46/1923 um stækkun lögsagnarumdæmis Reykjavíkur og 1. gr. laga nr. 30/1955 um bæjarstjórn í Kópavogskaupstað, skulu breytast þannig að þau verði framvegis þessi:

| Punktur nr: | X-hnit: | Y-hnit: |
|---|---|---|
| H (7) (óbreyttur) | 17444.17 | 11785.70 |
| 8 | 17861.46 | 12061.14 |
| 9 | 18668.74 | 12717.36 |
| 36 | 18783.596 | 13475.884 |
| 33 | 18649.643 | 13493.396 |
| 37 | 18359.852 | 13563.293 |
| 38 | 18240.244 | 13606.054 |
| 15 | 18128.737 | 13671.225 |
| 16 | 18197.711 | 13711.123 |
| 17 | 17998.943 | 14005.547 |
| 18 | 17979.921 | 14077.254 |
| 40 (óbreyttur) | 18111.777 | 14426.875 |
| E (4) (óbreyttur) | 17947.99 | 14658.30 |

Mörkin eru beinar línur eða hringbogar milli ofangreindra punkta, þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Milli H (7) og 8 | : | Bein lína. |
| Milli 8 og 9 | : | Bein lína. |
| Milli 9 og 36 | : | Bein lína. |
| Milli 36 og 33 | : | Bein lína. |
| Milli 33 og 37 | : | Hringbogi með radíus R = 1400 m með miðju vinstra megin, þegar horft er frá punkti nr. 33 að punkti nr. 37. |
| Milli 37 og 38 | : | Bein lína. |
| Milli 38 og 15 | : | Hringbogi með radíus R = 350 m með miðju vinstra megin, þegar horft er frá punkti nr. 38 að punkti nr. 15. |
| Milli 15 og 16 | : | Bein lína. |
| Milli 16 og 17 | : | Hringbogi með radíus R = 679.5 m með miðju vinstra megin, þegar horft er frá punkti nr. 16 að punkti nr. 17. |
| Milli 17 og 18 | : | Hringbogi með radíus R = 530 m með miðju vinstra megin, þegar horft er frá punkti nr. 17 að punkti nr. 18. |
| Milli 18 og 40 | : | Hringbogi með radíus R = 441.4 m með miðju vinstra megin, þegar horft er frá punkti nr. 18 að punkti nr. 40. |
| Milli 40 og E (4) | : | Bein lína. |

**2. gr.**

Nú kemur í ljós við nánari hönnun vegakerfis, að ráðlegt þykir að víkja frá þeim mörkum, sem um ræðir í 1. gr., og er þá heimilt að gera það með reglugerð,

sem félagsmálaráðuneytið setur samkvæmt tillögu borgarstjórnar Reykjavíkur og bæjarstjórnar Kópavogs, sbr. samning þeirra, dags. 9. október 1973.

**3. gr.**

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni borgarstjórnar Reykjavíkur og bæjarstjórnar Kópavogs í samráði við dómsmálaráðuneytið.

Hinn 9. október 1973 var gerður svo felldur samningur milli þeirra:

**SAMKOMULAG**

**milli Reykjavíkurborgar og Kópavogskaupstaðar um breytingu á mörkum kaupstaðanna o. fl.**

**1. gr.**

Aðilar eru sammála um að leita lagaheimildar til breytingar á mörkum kaupstaðanna, þannig að mörkin verði í samræmi við hjálagðan bráðabirgðauppdrátt, dags. 13.8.1973, þ. e. a. s. í stórum dráttum sem hér segir: Meðfram Reykjanesbraut að vestan, suður yfir Breiðholtsbraut, en sunnan við hana verða þau sunnan og austan við Reykjanesbraut. Á Selhrygg færast mörkin til vesturs og suðurs. Á mörkum frá Reykjanesbraut að Markakletti (H) skal vera óbyggt svæði fyrir gönguleiðir o. fl., 25—50 m breitt Reykjavíkurmegin við mörkin.

**2. gr.**

Í framhaldi af þessu samkomulagi munu fulltrúar aðila ákveða mörkin skv. hnitakerfi landmælinga og færa inn á uppdrátt nákvæmlega. Jafnframt munu fulltrúar aðila ganga frá lagafrumvarpi í samræmi við samkomulag þetta.

**3. gr.**

Reykjavíkurborg lætur Kópavogskaupstað í té kvaðalaust og án endurgjalds land það, er lendir vestan Reykjanesbrautar.

**4. gr.**

Reykjavíkurborg sér sjálf um kaup á landi á Selhrygg, en það tilheyrir Fífuhvammi.

**5. gr.**

Ákvörðun um breytingu á mörkum kaupstaðanna í Fossvogsdal verði skotið á frest um 2 ár. Aðilar eru sammála um að nota þennan frest til eftirfarandi:

a) Endurskoðunar á umferðarkerfi höfuðborgarsvæðisins og þá sérstaklega til athugunar á nauðsyn Fossvogsbrautar. Að þeim þætti endurskoðunar skulu báðir aðilar standa.
b) Með hvaða hætti megi gera Fossvogsbraut, ef nauðsynleg reynist, þannig úr garði, að hún valdi sem minnstri röskun á umhverfi Fossvogsdals.
c) Athuganir á samtengingu útivistarsvæða kaupstaðanna í dalnum, þar með tengingu skógræktarstöðvar Skógræktarfélags Reykjavíkur við fyrirhugað útivistarsvæði Kópavogskaupstaðar í landi Lundar.

6. gr.

Leiði endurskoðun á umferðarkerfi höfuðborgarsvæðisins, skv. 5. gr. a), í ljós, að nauðsynlegt reynist að ráðast í gerð Fossvogsbrautar, þ. e., að í ljós komi, að ekki finnist aðrar viðunandi lausnir á umferðarkerfi höfuðborgarsvæðisins að dómi beggja aðila, skulu eftirfarandi ákvæði gilda:

Suðurbrún Fossvogsbrautar verði mörk kaupstaðanna. Þegar til framkvæmda kemur, þó eigi fyrr en að 4 árum liðnum frá dagsetningu samkomulags þessa, lætur Kópavogskaupstaður Reykjavík í té kvaðalaust og án endurgjalds land það, er hann á í Fossvogsdal og lendir innan marka Reykjavíkur skv. samkomulagi þessu.

Um Meltungu skal þó sá háttur hafður, að hvor aðili um sig greiði land og mannvirki, sem innan marka hans lenda.

7. gr.

Aðilar eru sammála um, að stærð þess lands, sem um ræðir í samkomulagi þessu, sé sem hér segir:

Skv. 3. gr. ca. 30.6 ha.

Skv. 4. gr. ca. 33.7 ha.

8. gr.

Nú rís ágreiningur um framkvæmd á samningi þessum, og skal hann þá lagður fyrir gerðardóm, skipaðan einum fulltrúa frá hvorum aðila.

Ef þeir verða sammála, gildir niðurstaða þeirra, en að öðrum kosti skal dómkvaddur oddamaður af Hæstarétti og ræður þá meiri hluti.

Úrskurði gerðardóms verður ekki áfrýjað.

Reykjavík, 9. okt. 1973.

F. h. Reykjavíkurborgar,

Birgir Ísl. Gunnarsson.

F. h. Kópavogskaupstaðar,

Björgvin Sæmundsson.

Tekið hefur alllangan tíma að ákveða mörk skv. hnitakerfinu, en því er lokið nýlega. Þar sem ætlað er að haga mörkum þannig, að sem eðlilegast verði miðað við frambúðarumferðarmannvirki, er lagt til, að heimilt verði að víkja frá ákvæðum 2. gr., ef báðir aðilar eru sammála og ráðherra getur á slíkt fallist.

Meðfylgjandi uppdráttur sýnir fyrirhuguð mörk. Vafaatriði eru annars vegar belti meðfram fyrirhugaðri Fossvogsbraut, en óvíst er um lagningu hennar, sbr. 5. gr. framangreinds samnings og hins vegar svæði austast á Digraneshálsi, milli punkta 18—39, en þar er um að ræða óhannaða braut fyrir hægri beygju af Fossvogsbraut til suðurs á Reykjanesbraut. Svæði þessi eru skástrikuð á uppdrætti.

Aðkallandi er vegna væntanlegrar byggðar á Selhrygg og á austanverðum Digraneshálsi að frumvarp þetta verði afgreitt á þessu þingi.


REYKJAVÍK OG NÁGRENNI
1:5000
Uppdráttur

## Ed. 554. Nefndarálit [211. mál]

um frv. til laga um heftingu landbrots og varnir gegn ágangi vatna.

Frá landbúnaðarnefnd.

Landbúnaðarnefnd hefur skoðað frumvarpið og leitað umsagnar Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda um efni þess. Þá hefur vegamálastjóri komið á fundi nefndarinnar og gefið henni upplýsingar um ýmsa þætti frumvarpsins og framkvæmd þessara mála.

Að athugun lokinni er nefndin sammála um að mæla með samþykkt frv. með þeim breytingum sem hún flytur á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 29. apríl 1975.

| | | |
|---|---|---|
| Steinþór Gestsson, form., frsm. | Ingi Tryggvason, fundaskr. | Jón Árm. Héðinsson. |
| Jón Árnason. | Axel Jónsson. | Helgi F. Seljan. |
| | Ásgeir Bjarnason. | |

## Ed. 555. Breytingartillögur [211. mál]

við frv. til l. um heftingu landbrots og varnir gegn ágangi vatna.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. 2. gr. orðist svo:

   Í hverri sýslu skal starfa matsnefnd skipuð fulltrúa Búnaðarfélags Íslands og Vegagerðar ríkisins.

   Matsnefndir skulu fylgjast með landbroti og hættu á landspjöllum af völdum vatna. Þær skulu taka við erindum frá landeigendum, sem telja nytjalönd sín eyðast eða vera í yfirvofandi hættu af þessum sökum.

   Matsnefndir skulu semja álitsgerð um varnarframkvæmdir samkvæmt 1. gr. fyrir 1. maí ár hvert. Skal þar koma fram áætlaður kostnaður við fyrirhleðslur og aðrar lagfæringar á árfarvegum í sýslunni fyrir næsta ár eða fleiri, ef um meiri háttar framkvæmdir er að ræða. Enn fremur sé gefin stutt lýsing á tilhögun fyrirhugaðra framkvæmda á hverjum stað.

   Álitsgerðina skal matsnefnd senda til landbúnaðarráðuneytisins, en afrit af henni til Vegagerðar ríkisins, Búnaðarfélags Íslands, búnaðarsambands sýslunnar og þeirra landeigenda, sem hlut eiga að máli.

2. 4. gr. orðist svo:

   Ríkissjóður greiðir ⅞ hluta kostnaðar við undirbúning og framkvæmdir samkvæmt því, sem ákveðið er í fjárlögum hverju sinni. Landeigendur, sem hag hafa af varnaraðgerðum á landi sínu eða landsnytjum, greiða ⅛ hluta, sem skiptist á milli þeirra að tiltölu við það, hvers virði hagurinn verður hverjum þeirra talinn. Verði ekki samkomulag um skiptingu á kostnaðarhluta landeigenda, skera matsnefndir úr. Ef ágreiningur verður innan matsnefndar, skipar ráðherra oddamann og ræður þá afl atkvæða niðurstöðu. Framkvæmdum má fresta, ef ekki er samkomulag um þær eða kostnaðarskiptingu milli landeigenda.

3. Í stað setningarhlutans „Nú telja matsmenn“ í 7. gr. komi: Nú telur matsnefnd.

4. 9. gr. orðist svo:
Bætur fyrir landspjöll vegna framkvæmda, t. d. ef vatni er veitt á land annars manns, skal telja með kostnaði við verkið. Bætur skal ákveða með mati eftir ákvæðum vatnalaga, nr. 15 frá 1923, ef eigi semur.

5. Á eftir 9. gr. komi ný grein, 10. gr., sem orðist svo:
Landbúnaðarráðherra hefur yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum.

## Sþ. 556. Fyrirspurnir. [270. mál]

I. Til menntamálaráðherra um viðbótarritlaun.

Frá Sigurlaugu Bjarnadóttur.

1. Hver hafa orðið viðbrögð menntamálaráðherra við áskorun sextán rithöfunda til Alþingis og ráðherrans 10. mars s. l. um endurskoðun á störfum úthlutunarnefndar viðbótarritlauna 1973 og 1974, og hvers má vænta af hálfu ráðherra sem andsvars við beiðni sextánmenninganna um leiðréttingu mála sinna?
2. Hvaða leið er fær til leiðréttingar?
3. Dugir ákvæði í væntanlegri reglugerð um úthlutun fjárins, t. d. að úthlutunin í ár megi ná til verka útgefinna 1970—1974, eða þarf til að koma breyting á fjárlögum?

II. Til menntamálaráðherra um framkvæmd grunnskólalaga.

Frá Sverri Bergmann.

Hvenær má vænta reglugerðar um kennslufyrirkomulag og sérstofnanir skv. 52. gr. laga um grunnskóla, nr. 63 frá 21. maí 1974, til kennslu barna á skyldunámsstigi, sem talin eru víkja svo frá eðlilegum þroskaferli, að þau fái ekki notið venjulegrar kennslu í einni eða fleiri námsgreinum skv. skilgreiningu í 50. og 51. gr. sömu laga?

## Ed. 557. Nefndarálit [115. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um verðjöfnun á olíu og bensíni, nr. 34 frá 18. febr. 1953.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. á nokkrum fundum sínum. Umsögn hefur borist frá olíufélögunum og til fundar við nefndina kom Indriði Pálsson forstjóri.

Nefndin mælir með því að frumvarpið verði samþykkt með þeirri breytingu sem hún flytur tillögu um á þingskjali 558.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Albert Guðmundsson og Ragnar Arnalds.

Alþingi, 29. apríl 1975.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm. Jón G. Sólnes. Axel Jónsson.
Jón Árm. Héðinsson. Ólafur Ólafsson.

## Ed. 558. Breytingartillaga [115. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum um verðjöfnun á olíu og bensíni, nr. 34 frá 18. febr. 1953.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

1. gr. orðist svo:
5. gr. laganna orðist svo:
Ákvæði laga þessara gilda ekki um flugsteinolíu og flugvélabensín til utanlandsflugs.

## Sþ. 559. Tillaga til þingsályktunar [271. mál]

um athugun á framfærslukostnaði.

Flm.: Steingrímur Hermannsson, Lárus Jónsson, Ingvar Gíslason, Helgi F. Seljan, Karvel Pálmason, Þorv. Garðar Kristjánsson.

Alþingi ályktar, að ríkisstjórnin skuli fela Hagstofu Íslands að reikna út framfærslukostnað a. m. k. á einum stað í hverjum landsfjórðungi. Þessari athugun verði hraðað, þannig að niðurstöður liggi fyrir við endurskoðun á vísitölugrundvelli.

### Greinargerð.

Í þeirri sjálfsögðu viðleitni að jafna lífskjörin um land allt veldur það erfiðleikum, að framfærslukostnaður er aðeins reiknaður fyrir Reykjavíkursvæðið. Munur á framfærslukostnaði eftir búsetu er aftur á móti allmikill.

Nefna má gífurleg áhrif á framfærslukostnað, þar sem olía er notuð til upphitunar. Vegna flutningskostnaðar er vöruverð einnig almennt töluvert hærra á landsbyggðinni en í innflutningshöfn í Reykjavík. Þó geta verið undantekningar frá þessu um einstakar nauðsynjar.

Ferðakostnaður er víða mjög stór liður í framfærslukostnaði utan Reykjavíkursvæðisins, því að sækja þarf fjölmargar nauðsynjar, t. d. í mörgum tilfellum heilsugæslu og erindi til opinberra stofnana, til Reykjavíkur. Aftur á móti er ferðakostnaður til og frá vinnu víðast hvar minni í dreifbýlinu en í Reykjavík.

Ofangreind atriði eru nefnd sem dæmi um mismunandi framfærslukostnað. Fjölmargt fleira þarf að sjálfsögðu að athuga til þess að raunhæfur samanburður fáist.

Eins og kunnugt er, er vísitala framfærslukostnaðar nú byggð á úrtaki, sem er eingöngu bundið við Reykjavík. Við þá endurskoðun á vísitölugrundvellinum, sem nú fer fram, er nauðsynlegt að taka tillit til framfærslukostnaðar sem víðast um landið. Því er lögð áhersla á, að þessari athugun verði hraðað, þannig að niðurstöður liggi fyrir við umrædda endurskoðun.

Tillaga þessi er flutt á vegum milliþinganefndar um byggðamál.

## Nd. 560. Frumvarp til laga [81. mál]

um innflutning og eldi sauðnauta.

(Eftir 2. umr. í Nd., 30. apríl.)

Samhljóða þskj. 89 með þessari breytingu:

6. gr. hljóðar svo:

Nú hafa sauðnautin verið nægilega lengi í einangrunarstöð, að dómi yfirdýralæknis, og má flytja þau eða hluta þeirra út fyrir stöðina til framhaldsræktunar eða sleppa þeim lausum á til þess valinn stað eða staði, sem samþykktir eru af landbúnaðarráðherra, Náttúruverndarráði og yfirdýralækni.

## Ed. 561. Frumvarp til laga [210. mál]

um breyting á lögum nr. 17/1965, um landgræðslu.

(Eftir 2. umr. í Ed., 30. apríl.)

Samhljóða þskj. 403 með þessum breytingum:

6. gr. hljóðar svo:

11. gr. laganna orðist svo:

Landgræðslugirðingar skulu vera fjárheldar löggirðingar.

Liggi landgræðslugirðing um alfaraleið, skal vera traust hlið á henni, sem auðvelt er að fara um. Vegfarendum er skylt að loka hliðum, enda sé áminning þess efnis við hliðin. Varðar sektum, ef út af er brugðið, og bótaskyldu, ef tjón verður á gróðri af þeim sökum.

Hver, sem verður þess var, að girðing skemmist svo, að hætta sé á, að hún haldi ekki sauðfé, skal skýra hreppstjóra eða eftirlitsmanni frá því hið fyrsta.

Landgræðslustjóri getur bannað alla umferð um landgræðslusvæði, þar sem honum þykir ástæða til. Skal þá bannið auglýst við girðingarhliðin.

7. gr. hljóðar svo:

19. gr. laganna orðist svo:

Í hverri sýslu skal starfa þriggja manna gróðurverndarnefnd. Sýslunefnd kýs nefndina til 4 ára í senn, að fengnum tillögum frá viðkomandi búnaðarsambandi. Nefndin kýs sér formann. Funda- og ferðakostnaður svo og þóknun fyrir unnin störf gróðurverndarnefndar greiðist af fé Landgræðslunnar að ⅔ hlutum og viðkomandi sýslusjóði að ⅓ hluta.

8. gr. hljóðar svo:

20. gr. laganna orðist svo:

Gróðurverndarnefndir skulu í samvinnu við landnýtingarráðunaut Búnaðarfélags Íslands fylgjast með notkun afrétta og heimalanda í viðkomandi sýslu, vera ráðgefandi fyrir stjórnendur fjallskilmála í umdæminu um notkun og meðferð beitilanda og aðstoða Landgræðslu ríkisins við verndun og eflingu gróðurs.

Gróðurverndarnefndir skulu halda gerðabækur um störf sín og skila árlegum skýrslum til viðkomandi búnaðarsambanda, landnýtingarráðunautar og landgræðslustjóra. Landgræðslustjóri skal setja reglur um störf gróðurverndarnefnda.

12. gr. hljóðar svo:

Fyrir „kr. 1 000 til kr. 20 000“ í 43. gr. laganna komi: kr. 2 000 til kr. 40 000.

13. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Nd.** **562. Frumvarp til laga** [272. mál]

um íslenzka stafsetningu.

Flm.: Gylfi Þ. Gíslason.

1. gr.

Ein skal vera stafsetning íslenzkrar nútímatungu:

1. sem kennd er í öllum skólum, er styrks njóta af ríkisfé,
2. sem höfð er á öllum bókum, er prentaðar verða til þess að nota við kennslu í þeim skólum, enn fremur öllum ritum, sem gefin eru út af ríkinu, með styrk af ríkisfé eða af félögum og stofnunum, sem njóta ríkisstyrks. Þó má halda óbreyttri stafsetningu á þeim ritum, sem byrjuð eru að koma út í heftum eða bindum, unz þeim ritverkum er lokið.

Um eftirtalin atriði skulu gilda þær reglur, sem nú segir:

I. Rita skal yfirleitt **é**, þar sem svo er fram borið (þó aldrei á eftir **g** og **k**, hvort sem þar er um að ræða fornt **é** eða fornt **e**, sem lengzt hefur, t. d. **léð, vér, vél, fé;** — **hérað, hélt, féll.**

Þó skal rita je í fleirtölu af lýsingarhætti nútíðar með nafnorðsbeygingu, þar sem nafnháttur endar á **ja**, enda skiptast þá atkvæði á milli **j** og **e**, t. d. **kveðjendur, seljendur, þiggjendur, sækjendur.**

Í upphafi nafna af erlendum uppruna skal og rita **je**, t. d. Jens, Jerúsalem, Jesús.

II. Rita skal **f**, en ekki **p**, á undan **t** í sama atkvæði, þar sem hvorki kemur fyrir p né **pp** í öðrum beygingarmyndum sama orðs né öðrum orðum af sama stofni, t. d. **aftur, eftir, loft, Skafti, lyfta, rifta.** En aftur á móti skal rita **gljúpt** (gljúpur), **hleypt** (hleypa), **dýpt** (djúp), **sleppti** (sleppa), **hneppt** (hneppa), **yppta** (upp, yppa).

III. Rita skal **z** fyrir upprunalegt **ds, ðs, ts**, bæði í stofni og endingum, þar sem tannstafurinn (**d, ð** eða **t**) er fallinn burt í skýrum framburði, t. d. **hanzki** (handski), **lenzka** (lendska), **gæzka** (gæðska); — þið (þér), **kallizt** (kallið-st), **berjizt** (berjið-st), (setjið-st); — hefur (hafði) **kallazt** (kallað-st), **barizt** (barið-st), **snúizt** (snúið-st); **flutzt** (flutt-st), **breytzt** (breytt-st), **hitzt** (hitt-st), **stytztur** (stytt-stur) — hann **sezt** (set-st), **brýzt** (brýt-st), **flyzt** (flyt-st).

IV. Rita skal tvöfaldan samhljóða á undan samhljóða, þar sem stofn vísar til, t. d. **dyggð** (dygg-ur), **styggði** (styggja), **felldi** (fella), **kenndi** (kenna), **grynnka** (grunn-ur), **böggtar** (böggull), **krypplingur** (kryppa), **allra, alls, allt** (all-ur), **manns, menntir** (mann), **nokkrir** (nokk-ur), **rökkri** (rökk-ur).

Aftur á móti skal rita einfaldan samhljóða, þar sem uppruni sýnir, t. d. **sagði** (segja, saga), **dugði** (duga), **heild** (heil-ir), **reynd** (reyna), **þöglir** (þögull), **stöplar** (stöpull), **depla** (depill), **opna** (opinn), **eins** (einir), **hans** (stofn: han, sbr. honum, hana), **hins** (hin-ir), **als** (alur), **heilt** (heil-ir), **seint** (sein-ir).

Þar eð í orðunum **hyggja, leggja** er að uppruna einfalt **g** (sbr. **hugur, lag**), skal rita **hugði, lagði, lagt.**

2. gr.

Þess skal ekki krafizt í barnaskólum, að kennt sé að nota **z**, heldur má í þess stað nota **s** í skólum þessum, og í stað **tzt** má nota **st.** Má t. d. rita styst, stystur, flust, breyst o. s. frv.

3. gr.

Úr gildi skulu falla auglýsing menntamálaráðuneytisins nr. 272 frá 4. september 1973 og auglýsing sama ráðuneytis nr. 132 frá 3. maí 1974.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Engin lög eru nú í gildi um stafsetningu íslenzkrar tungu. Hefur Alþingi þó sett löggjöf um fjölmargt, sem minna máli skiptir en hver skuli vera stafsetning íslenzks máls. Fyrstu reglur, sem settar voru af opinberri hálfu um stafsetningu, voru settar í auglýsingu nr. 15 frá 27. mars 1919 af dóms- og kirkjumáladeild stjórnarráðsins, og fjallaði hún um eina og sömu stafsetningu í skólum og á skólabókum. Tók hún til stafsetningar í þeim skólum, sem kostaðir eða styrktir eru að einhverju leyti af landssjóðsfé, þeirra bóka, sem notaðir eru við kennslu í þessum skólum, og þeirra bóka, sem gefnar væru út á kostnað landssjóðs eða með styrk af landssjóðsfé. Ekki verður séð, að útgáfa þessarar auglýsingar hafi stuðzt við heimild í neinum lögum.

Þessi auglýsing var í gildi í ellefu ár. Hinn 25. febrúar 1929 gaf dóms- og kirkjumálaráðuneytið út auglýsingu um íslenzka stafsetningu. Tekur hún, eins og hin fyrri, til skóla, er styrks njóta af ríkisfé, bóka, sem notaðar eru í slíkum skólum, og rita, sem gefin eru út af ríkinu eða með styrk af ríkisfé, en jafnframt til rita, sem gefin eru út af félögum og stofnunum, sem njóta ríkisstyrks. Var hér um verulega breytingu að ræða á þeirri stafsetningu, sem mælt var fyrir um í auglýsingunni frá 1918. Hinn 17. ágúst 1934 er síðan birt í Lögbirtingablaði tilkynning frá fræðsluskrifstofunni um, að dóms- og kirkjumálaráðuneytið hafi fallizt á þá breytingu á auglýsingunni frá 1928, að þess skuli ekki krafizt í barnaskólum, að tiltekin atriði stafsetningarinnar skuli ekki kennd í barnaskólum.

Stafsetningin, sem gefin var út auglýsing um 1928, var í gildi í nær hálfa öld og hafði náð traustri fótfestu. Svo að segja allt prentað mál, sem út hefur verið gefið á Íslandi, hefur undanfarna áratugi fylgt þessari stafsetningu. En hinn 4. september 1973 gaf menntamálaráðuneytið út auglýsingu nr. 272/1973 um afnám z úr íslenzku ritmáli og síðan auglýsingu um íslenzka stafsetningu hinn 3. maí 1974, nr. 132/1974.

Síðan þessar auglýsingar voru gefnar út, hefur ríkt alger ringulreið varðandi stafsetningu íslenzks ritmáls. Miklar deilur hafa verið háðar um það, hvor stafsetningin sé hentugri eða réttari, hin fyrri, sem notuð var í nær hálfa öld, eða sú, sem mælt var fyrir um fyrir tæpum tveim árum. Hér skal enginn dómur lagður á það mál. Hitt er mergur málsins, að fátt er varhugaverðara fyrir samhengi í málhefð og virðingu fyrir gildi tungunnar en hringl með reglur um stafsetningu, enda forðast menningarþjóðir slíkt í lengstu lög. Hvað sem um stafsetninguna frá 1928 kann að mega segja, er það staðreynd, að hún hafði náð fótfestu og viðurkenningu. Breytingar á henni hlutu því að valda skaða og ringulreið, enda hefur rúmlega hálfs annars árs reynsla sýnt, að svo hefur farið. Því fer fjarri, að eftir henni sé farið í reynd. Haldið er áfram að gefa út bækur og blöð samkvæmt hinni fyrri stafsetningu. Þess eru jafnvel dæmi, að opinberir aðilar neiti að nota hana. Alþingi hefur fjallað um málið á grundvelli þingsályktunartillögu, þar sem skorað var á menntamálaráðherra að falla frá ákvörðun sinni um afnám z úr ritmáli. Meiri hluti alþingismanna reyndist styðja þá áskorun. En samkvæmt þeim reglum, sem taldar hafa verið gilda, hefur ráðherra vald til þess að ráða stafsetningunni, og tók hann því ekki tillit til þessarar áskorunar. Ýmsir, sem greiddu atkvæði gegn þessari tillögu, gerðu það vegna þess, að þeir töldu afskipti Alþingis af máli sem þessu ættu ekki að vera í formi áskorunar á ráðherra, sem vitað væri, að hann teldi sér ekki skylt að hlíta, en ekki vegna hins, að þeir væru fylgjandi hinum nýju stafsetningarreglum, og átti það t. d. við um flutningsmann þessa frumvarps.

Þess var getið að framan, að vafasamt er, hvort ráðherra hafi nokkurn tíma haft heimild til þess fyrirskipa opinbera stafsetningu með auglýsingum. Segja má hins vegar, að hefð hafi komizt á þennan rétt. En óeðlilegur er hann engu að síður. Það er í raun og veru fráleitt, að það skuli vera á valdi ráðherra að taka ákvörðun um jafnflókið og vandasamt viðfangsefni og reglur um stafsetningu eru. Lög eru almennt talin nauðsynleg um ótal atriði, sem eru í eðli sínu einfaldari

og minna deiluefni en stafsetningarmál eru. Þess vegna er þetta frumvarp flutt. Það er Alþingi og Alþingi eitt, sem taka á ákvörðun um stafsetningu íslenzkrar tungu.

Efni þessa frumvarps er, að horfið skuli aftur til þeirrar stafsetningar, sem gilti á árunum 1928 til 1973. Efni frumvarpsins er auglýsingin frá 1928, ásamt þeirri breytingu, sem gerð var 1934. Ástæða þess, að frumvarpið er flutt, er sú, að það er rangt að gera breytingar á stafsetningu, sem náð hefur fótfestu og notuð hefur verið í næstum hálfa öld. Breytingin hefur ekki hlotið stuðning né viðurkenningu. Í áskorun til núverandi menntamálaráðherra hafa á annað hundrað af helztu menntamönnum þjóðarinnar skorað á hann að breyta stafsetningarreglunum og kveða aftur á um, að horfið verði að hinni fyrri stafsetningu. Færa þeir gagnmerk rök fyrir máli sínu, sem birt hafa verið opinberlega. Það er hins vegar ekki eðlilegt, að ráðherra gefi út nýja auglýsingu um þetta mál. Það, sem gerast á, er, að Alþingi setji lög um stafsetninguna og að þetta mikilvæga menningarmál verði héðan af löggjafaratriði.

## Nd. 563. Frumvarp til laga [273. mál]

um breyting á lögum nr. 93 24. des. 1971, um Framkvæmdastofnun ríkisins.

Flm.: Gylfi Þ. Gíslason, Bragi Sigurjónsson, Sighvatur Björgvinsson.

**1. gr.**

4. gr. laganna orðist svo:

Ríkisstjórnin skipar framkvæmdastjóra Framkvæmdastofnunar ríkisins, er annast daglega stjórn stofnunarinnar. Framkvæmdastjórinn og forstöðumenn deilda mynda framkvæmdaráð stofnunarinnar.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð:

Þegar gildandi lög um Framkvæmdastofnun ríkisins voru sett, varð um þau verulegur ágreiningur. Þingflokkur Alþýðuflokksins var fylgjandi þeirri meginstefnu frumvarpsins að halda áfram þeirri áætlunargerð, sem tekin hafði verið upp í vaxandi mæli á undanförnum áratug og hafði verið í höndum Efnahagsstofnunar, Framkvæmdasjóðs, Atvinnujöfnunarsjóðs og einstakra ráðuneyta. Þessi áætlunargerð hafði reynst mjög nytsamleg. Um var að ræða samningu þjóðhags- og framkvæmdaáætlunar fyrir þjóðarbúið í heild, árlegar áætlanir um opinberar framkvæmdir og fjáröflun til þeirra, áætlun um þróun iðnaðarins, samgönguáætlun fyrir Vestfirði og Austurland og atvinnuáætlun fyrir Norðurland, sérstakar áætlanir á sviði menntamála og gagnasöfnun til að gera mögulega áætlun um þróun landbúnaðarins. Þá hafði Efnahagsstofnunin í samvinnu við Verðlagsráð sjávarútvegsins og samtök í þeirri grein komið á fót ítarlegu upplýsingakerfi um afkomu sjávarútvegsins, sem var og hlýtur að verða grundvöllur stefnumótunar og áætlunargerðar á því sviði. Efnahagsstofnunin hafði enn fremur verið ríkisstjórnum til ráðuneytis, og hafði það gefið mjög góða raun. Hún hafði einnig unnið að hlutlausum hagrannsóknum, sem reynst höfðu hafa ómetanlega þýðingu við gerð kjarasamninga og ákvörðun fiskverðs.

Samkvæmt frumvarpinu átti að halda allri þessari nytsömu starfsemi áfram. Að einu leyti var fyrra skipulag í þessum efnum bætt, þ. e. með ákvæðum frumvarpsins um sameiningu Framkvæmdasjóðs og Atvinnujöfnunarsjóðs undir eina stjórn. Öll þessi atriði frumvarpsins studdi þingflokkur Alþýðuflokksins.

Hins vegar taldi flokkurinn stjórnarfyrirkomulag stofnunarinnar mjög varhuga-

vert og raunar einsdæmi. Flokkurinn taldi eðlilegt, að yfirstjórn slíkrar stofnunar væri í höndum þingkjörinnar stjórnar. En frumvarpið gerði jafnframt ráð fyrir pólitísku framkvæmdaráði, skipuðu af ríkisstjórninni, og skyldi það hafa úrslitavald í stofnuninni, þar eð það átti að gera allar áætlanir stofnunarinnar, tillögur um allar rekstraráætlanir og starfsáætlanir, um allar lánveitingar og meira að segja ráða starfsfólk hinna þriggja deilda stofnunarinnar. Sérfræðilegir forstöðumenn deildanna áttu að vera undirmenn þessara pólitísku fulltrúa og engan tillögurétt hafa um störf deilda sinna og ekki einu sinni að ráða starfsfólki sínu. Þessum ákvæðum var þingflokkur Alþýðuflokksins algjörlega andvígur og flutti því í báðum deildum breytingartillögu um, að ríkisstjórnin skyldi skipa framkvæmdastjóra stofnunarinnar, er annist daglega stjórn hennar, en síðan skuli framkvæmdastjórinn og forstöðumenn deilda mynda framkvæmdaráð stofnunarinnar. Þessar tillögur voru felldar. Hins vegar tókst þingflokki Alþýðuflokksins að fá þá breytingu á frumvarpinu, að hagrannsóknadeildin var gerð óháð hinni pólitísku yfirstjórn stofnunarinnar og látin heyra beint undir ríkisstjórnina, með svipuðum hætti og Hagstofa Íslands heyrir beint undir ráðherra, en hefur ekki sérstaka stjórn. Réttmæti þeirrar breytingar hefur síðar verið staðfest með því að gera hagrannsóknadeildina að sjálfstæðri stofnun, Þjóðhagsstofnuninni.

Reynsla af hinni pólitísku framkvæmdastjórn var mjög slæm. Ýmsir munu hafa búist við því, að ný ríkisstjórn gerði sér ljóst, að með skipun pólitískrar framkvæmdastjórnar yfir jafnmikilvæga stofnun og Framkvæmdastofnunin er hafi verið stigið víxlspor á sínum tíma. Þeim mun meiri ástæða var til þess að vona þetta, þegar haft er í huga, að þingflokkur Sjálfstæðisflokksins var á sínum tíma öldungis sammála þingflokki Alþýðuflokksins um þetta efni. Þingflokkur Sjálfstæðisflokksins var að vísu á móti málinu í heild. En hann kvaðst samt vilja freista þess að sníða af því verstu annmarkana, og þá taldi hann einmitt vera ákvæðin um hina pólitísku framkvæmdastjóra, sem í umræðum voru nefndir „kommissarar“. Í efri deild fluttu fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í fjárhags- og viðskiptanefnd, þeir Geir Hallgrímsson og Halldór Blöndal, tillögu um, að ákvæðin um hina pólitísku framkvæmdastjóra skyldu felld niður, en í staðinn koma eftirfarandi ákvæði:

„Forstöðumenn deilda skipa framkvæmdaráð. Skal það annast daglega stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins“.

Í nefndaráliti segja þeir um þetta mál:

„Í stað Efnahagsstofnunarinnar, sem lýtur stjórn embættismanna undir beinni yfirstjórn forsætisráðherra og í nánum tengslum við aðra ráðherra á að setja á stofn Framkvæmdastofnun ríkisins. Verður hún geysilegt bákn, sem lúta skal daglegri stjórn þriggja pólitískra eftirlitsmanna stjórnarflokkanna, sem hlotið hafa heitið „kommissarar“ manna á meðal að austrænni fyrirmynd. Til marks um það ofurvald, sem þessum pólitísku „kommissörum“ er veitt í frumvarpinu, er, að verksvið þeirra er ekki skilgreint til neinnar hlítar, og ekki verður annað séð en þeim sé einum ætlað að gefa umsagnir um einstakar lánsumsóknir frá einkaaðilum eða sveitarfélögum og fái þannig vald til að „raða“ umsóknum að vild. Geta þeir þannig í framkvæmdinni haft sömu óheillaáhrifin á athafnalífið í landinu og lamandi haftakerfi hefur áður haft. Ef ekki er verið að sækjast eftir slíkum pólitískum afskiptum af atvinnulífinu, væru hinir pólitísku „kommissarar“ með öllu óþarfir. Af þeim ástæðum er lagt til á þskj. 156, að í stað þeirra fari forstöðumenn deilda með daglega stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins, enda er það eðlilegast, að sérmenntaðir og hlutlausir menn hafi það starf með höndum, þar sem pólitísk afskipti af útlánum til fjárfestingar í atvinnulífinu eru óæskileg. Þar á að leggja hlutlaust hagkvæmnismat til grundvallar.“

Í neðri deild fluttu fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í fjárhags- og viðskiptanefnd, þeir Matthías Bjarnason og Matthías Á. Mathiesen, breytingartillögu, sem var efnislega séð alveg samhljóða þeirri tillögu, sem flutt var af hálfu fulltrúa Alþýðuflokksins í nefndinni, Gylfa Þ. Gíslasonar, og því frumvarpi, sem hér er flutt. Breytingartillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins var svo hljóðandi:

„Að fengnum tillögum Framkvæmdastofnunar ríkisins skipar ríkisstjórnin forstjóra stofnunarinnar, er hefur yfirumsjón með daglegum rekstri áætlunardeildar og lánadeildar hennar. Forstjórinn og forstöðumenn áætlunardeildar og lánadeildar mynda framkvæmdaráð.

Stjórn Framkvæmdastofnunarinnar tekur ákvörðun fyrir hönd stofnunarinnar um launakjör forstjóra, forstöðumanna deilda og annarra starfsmanna."

Þegar núverandi ríkisstjórn var mynduð, var því lýst yfir, að gildandi lög um Framkvæmdastofnunina skyldu endurskoðuð og þá væntanlega fyrst og fremst ákvæðin um hina pólitísku framkvæmdastjórn, sem annar stjórnarflokkurinn hafði á sínum tíma gagnrýnt harðlega og réttilega. Þótt langt sé nú liðið á þingtímann, hefur ríkisstjórnin engar tillögur gert um breytingar á þessu varhugaverða skipulagi stofnunarinnar. Það eitt hefur gerst, að í stað fulltrúa Alþýðubandalags og Samtaka frjálslyndra og vinstri manna hefur einn af þingmönnum Sjálfstæðisflokksins tekið sæti í hinni pólitísku framkvæmdastjórn, við hlið þingmanns úr Framsóknarflokknum, og eru báðir fulltrúar sama kjördæmis. Hefur þetta orðið mörgum, bæði innan þings og utan, mikið undrunarefni. Frv. þetta er flutt til þess að freista þess að fá breytingu á þessu varhugaverða stjórnkerfi mikilvægrar ríkisstofnunar.

## Ed. 564. Frumvarp til laga [274. mál]

um breyting á lögum nr. 72 1. júní 1972 um breyting á lögum nr. 30 12. maí 1970 um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 96. löggjafarþingi, 1974—75.)

**1. gr.**

Í stað orðanna „allt að 80 milljónum króna árlega" í 3. gr. laganna komi: allt að 160 milljónum króna árlega.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í gildandi lögum er kveðið svo á, að ekki megi verja meiru en 80 milljónum króna árlega til lánveitinga til kaupenda eldri íbúða og til endurbóta á eigin húsnæði öryrkja.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að hækka þessa upphæð í 160 milljónir króna.

## Sþ. 565. Tillaga til þingsályktunar [275. mál]

um ráðstafanir til aukningar sérmenntaðs starfsliðs á sviði hæfingar og endurhæfingar.

Flm.: Sverrir Bergmann, Oddur Ólafsson.

Alþingi ályktar, að skora á ríkisstjórnina að gera nú þegar ráðstafanir til þess að draga úr þeim mikla skorti, sem nú er á sérmenntuðu starfsliði til hæfingar- og endurhæfingarstarfa með það fyrir augum:

a) að endurhæfingu sjúkra verði sem fyrst komið í viðunandi horf,
b) að tryggja, að hæfing vanþroska, seinþroska og þroskaheftra verði svo fljótt sem auðið er í samræmi við nútímaþekkingu á einstökum sviðum þessarar þjálfunar,

c) að grundvöllur skapist hérlendis í náinni framtíð fyrir aðstöðu til sérmenntunar á sem flestum sviðum hæfingar og endurhæfingar, enda megi þá fyrst vænta þess, að hægt verði að sinna þessu mikilsverða starfi svo að fullnægjandi sé.

## Greinargerð.

Mikilvægi sjúkraþjálfunar er óumdeilt. Hún er sérlega nauðsynleg þeim, sem hafa orðið fyrir slysum eða líða af sjúkdómum í miðtaugakerfi og stoðkerfi. Sjúkraþjálfun er oft einasta meðferðin, sem þessum sjúklingum verður veitt, en sem betur fer einnig sú meðferð sem dugir. Mikill skortur hefur verið á sjúkraþjálfurum hérlendis, stétt þeirra hefur verið allt of fáliðuð. Þau sannindi eru vafalaust öllum háttvirtum alþingismönnum vel kunn. Eðlilega hefur skortur þessi leitt til þess, að mjög hefur verið erfitt að koma við nauðsynlegri sjúkraþjálfun fyrir alla þá, sem á henni þurfa að halda. Hafa þó sjúkraþjálfarar þeir, sem til staðar eru, unnið af miklum dugnaði og oftast reynt að anna tvöföldu dagsverki.

Á síðustu árum hefur orðið þó nokkur aukning á rými og aðstöðu til sjúkraþjálfunar, þótt betur megi, ef duga skal. Eitt nær það þó skammt, ef ekki eru sjúkraþjálfarar fyrir hendi. Því er mjög fagnað, að nú er ákveðið að hefja kennslu hérlendis í sjúkraþjálfun, enda má ljóst vera, að einasta leiðin til þess, að hér verði nægur fjöldi sjúkraþjálfara, er sú, að í landinu sé aðstaða til menntunar þeirra. Þessa staðreynd hafa allir háttvirtir alþingismenn raunar viðurkennt.

Hæfing og endurhæfing eru hins vegar víðari hugtök en sú sjúkraþjálfun ein, sem hér er frá greint að framan. Þjálfunar er þörf hvað viðkemur hugsun, skilningi og tjáningu og er sú þjálfun og kennsla jafnoft hæfing sem endurhæfing. Hæfing á hér við um þá einstaklinga, sem vegna meðfæddra orsaka eða slysa og sjúkdóma, áður en fullum þroska er náð, eru á eftir á þeim sviðum, sem áður greinir. Slíka nefnum við vanþroska, seinþroska eða þroskahefta. Tekur þetta stundum aðeins til eins sviðs, en stundum til margra. Endurhæfing á hér við um þá, er vegna sjúkdóma og slysa eftir að fullum þroska er náð glata hæfileikum sínum til hugsunar, skilnings og tjáningar í hinum margbreytilegustu myndum. Er hér auðvitað fyrst og fremst um að ræða afleiðingar sjúkdóma í miðtaugakerfi.

Skortur sérmenntaðs fólks til hæfingar og endurhæfingar á þessu sviði er hérlendis nánast alger. Aðstaða til sérmenntunar á þessu sviði hérlendis er og nánast engin.

Nú er hér með skorað á stjórnvöld að gera nú þegar allar þær ráðstafanir, er bætt geta úr þessu ástandi hið bráðasta. Nauðsynlegt er, að könnun fari fram á því, hversu marga þurfi að sérmennta til nefndrar hæfingar og endurhæfingar þegar í upphafi og hversu það skuli gert. Hér er um mjög vítt hæfingar- og endurhæfingarsvið að ræða. Misjafnrar undirbúningsmenntunar mun þurfa við til sérmenntunar á þessu sviði eftir því hvern þátt þjálfunarinnar hún miðast við. Mun nánar verða gerð grein fyrir þessum atriðum í framsögu með þessari þingsályktunartillögu. Hins vegar verður beinlínis nauðsynlegt ekki aðeins að hvetja til, heldur jafnframt að styrkja eða kosta með beinum fjárframlögum ákveðinn fjölda fólks með nauðsynlega undirstöðumenntun til sérmenntunar á því hæfingar- og endurhæfingarsviði, sem hér er til umræðu. Með því einasta móti verður hægt að koma við nauðsynlegu hæfingar- og endurhæfingarstarfi á þessu sviði hið allra fyrsta og með þessum hætti einum verður mögulegt að koma upp hérlendis sérmenntunaraðstöðu á þessu sama sviði í náinni framtíð, og þá fyrst má vænta þess að hægt verði að sinna þessari hæfingu og endurhæfingu svo að viðunandi sé.

Mikilvægi þessa má öllum vera ljóst. Víst er með öllu ómetanleg sú þjálfun, sem að því miðar að styrkja og liðka, lina kvalir eða bæta jafnvægi og samræmi hreyfinga. Hins vegar má það ekki gleymast, að sjúkdómar í miðtaugakerfi valda ekki aðeins röskun á hreyfingum og tilfinningum, heldur draga og einatt úr hæfi-

leikum til þess að hugsa, skilja og tjá sig í margbreytilegum myndum, eins og nánar mun skýrt í framsögu. En einnig þessa röskun má færa til eðlilegs horfs með endurhæfingu, og því mega menn trúa, að einstaklingnum nægir ekki það eitt að geta staðið uppréttur í hinni eiginlegu merkingu þess. Við skulum hafa það hugfast, að þeir einstaklingar, jafnvel á besta aldri, eru allt of margir í okkar þjóðfélagi, sem eftir sjúkdóma í miðtaugakerfi hafa glatað hæfileikanum til þess að tjá sig, rata, klæðast eða jafnvel til þess að ganga, þótt ekki skorti þá aflið — svo að fátt eitt sé nefnt. Möguleika til endurhæfingar þessara þátta verðum við að skapa og koma sem allra fyrst í viðunandi horf.

Ekki er síður mikilvæg þjálfun þeirra, sem vanþroska eru eða seinþroska eða þroskaheftir á einu sviði eða fleirum, hvort heldur er af meðfæddum orsökum eða til komnum áður en fullum þroska er náð vegna sjúkdóma eða slysa. Hér er því bæði um hæfingu og endurhæfingu að ræða og hæfingu þó kannske meir. Hér er þegar mikið verk að vinna. Hér höfum við sofið á verðinum og ekki gætt þess í velmegunarkappinu að rækja skyldur okkar við þá, sem minnst mega sín og hafa ekki það afl, sem þarf til að fá fram kröfur. Án sérmenntaðs fólks fáum við aldrei unnið að gagni það, er við viljum öll áreiðanlega veita þessum einstaklingum. Augljóst má það og vera, að framkvæmd sérkennslu og sérþjálfunar þessara einstaklinga skv. grunnskólalögunum frá 1974, hvort heldur eru á skyldunáms- eða forskólaaldri, getur aldrei orðið nema nafnið tómt, ef ekki er til taks nægjanlegur fjöldi sérmenntaðs starfsliðs með nauðsynlega undirbúningsmenntun eftir því til hverra þátta nefndrar sérkennslu starf þeirra tekur.

Það er góðra gjalda vert að reisa sérstofnanir og skapa aukið rými og aðstöðu fyrir þá, sem vanþroska, seinþroska eða þroskaheftir eru. Raunar er það nauðsynlegt. En hugsunin verður að ná lengra, því að sé þess ekki jafnframt gætt að hafa til taks sérmenntað starfsfólk meira en að nafninu til í ljósi nútímaþekkingar verða allar sérdeildir, heimili eða skólar, ætluð þessum einstaklingum, aldrei annað en geymslurými, kannske vistleg, en þar sem hinum sömu einstaklingum verður aldrei komið svo fram á veg sem mögulegt væri í krafti sérþekkingar.

Við skulum hafa hugfast, að það tekur lengri tíma að afla sér nauðsynlegrar þekkingar til sérkennslu og sérþjálfunar en það tekur að reisa hús.

Loks er ástæða til þess að vekja athygli á tveimur staðreyndum. Hin fyrri er, að sú þekking, sem fyrir liggur um möguleika til hæfingar og endurhæfingar vanþroska, seinþroska og þroskaheftra, er enn nánast á frumstigi. Hin er sú, að þrátt fyrir hina fyrri hefur á þessu sviði náðst undraverður árangur. Það er í ljósi þessara staðreynda, að hugmyndum um geymslustofnanir eingöngu fyrir vanþroska, seinþroska eða þroskahefta hefur löngu verið fyrir borð kastað meðal menningarþjóða.

## Ed. 566. Breytingartillögur [226. mál]

við frv. til l. um heimilisfræðaskóla.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 1. gr. Í stað orðsins „heimilisfræðaskóli“ í greininni og í öðrum greinum frv. komi: hússtjórnarskóli.
2. Við 2. gr. Í stað „36 vikur“ komi: 28—36 vikur samkvæmt nánari ákvörðun menntamálaráðuneytisins.
3. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Inntökuskilyrði skulu vera þessi:
   a) Að nemandinn hafi lokið skyldunámi grunnskóla.
   b) Að nemandinn sýni læknisvottorð um að hann sé eigi haldinn neinum andlegum eða líkamlegum kvilla eða annmarka, er hamli honum í námi eða

starfi að dómi skólastjóra og skólanefndar. Skólarnir eru bæði fyrir stúlkur og pilta.

4. Við 5. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
Í hússtjórnarskólum skal veita kennslu í því námsefni, sem hér er talið, sbr. þó 15. gr.

5. Við 7. gr. Greinin orðist svo:
Menntamálaráðuneyti fer með yfirstjórn hússtjórnarskóla. Menntamálaráðherra skipar skólastjóra að fengnum tillögum skólanefndar. Hann skipar einnig fasta kennara, að fengnum tillögum skólastjóra og skólanefndar. Til þess að verða settur eða skipaður skólastjóri eða kennari við hússtjórnarskóla þarf kennarapróf frá Húsmæðrakennaraskóla Íslands, Hússtjórnarkennaraskóla Íslands, Kennaraskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands eða frá hliðstæðri menntastofnun erlendis, og einnig má setja eða skipa þá sem kennara, er lokið hafa prófi frá vefnaðarkennaradeild Myndlista- og handíðaskóla Íslands. Þá eina má setja skólastjóra, er gegnt hafa kennslu í að minnsta kosti eitt ár.

6. Við 8. gr. Greinin orðist svo:
Við hússtjórnarskóla skal starfa skólanefnd, sem menntamálaráðuneytið skipar, og starfar hún samkvæmt erindisbréfi, er ráðuneytið setur. Formann skal skipa án tilnefningar, en tvo nefndarmanna skal skipa samkvæmt tilnefningu héraðssambands kvenfélaga í byggðarlagi skólans, tvo tilnefnda af viðkomandi landshlutasamtökum og tvo tilnefnda af nemendum úr hópi reglulegra nemenda skólans. Tilnefning nemendafulltrúa gildir til eins árs, en annarra nefndarmanna til fjögurra ára. Sjö varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Skólastjóri á rétt til setu á fundum skólanefndar með tillögurétti og málfrelsi, nema þegar fjallað er um mál, er varða hann persónulega.

7. Við 15. gr. Greinin orðist svo:
Stofna skal 36 vikna handíðaskóla, þegar fé er til þess veitt í fjárlögum.
Námsefni skal í meginatriðum vera hliðstætt því, sem er í öðrum hússtjórnarskólum, sbr. 5. gr., en þó skal sérstök áhersla lögð á handíða og textilgreinar.
Heimilt er að ráða kennara við skólann, sem sérstaklega eru þjálfaðir til handíða- eða teiknikennslu, án þess að þeir uppfylli skilyrði 7. gr.
Í reglugerð skal ákveða nánar um fjölda námsgreina og hvað kenna skal í hverri grein.
Að öðru leyti gilda sömu ákvæði um handíðaskólann og aðra hússtjórnarskóla.

8. Fyrirsögn frv. verði:
Frumvarp til laga um hússtjórnarskóla.

## Ed. 567. Nefndarálit [226. mál]

um frv. til l. um heimilsfræðaskóla.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess með þeim breytingum, er hún flytur á sérstöku þingskjali.

Fjarstaddir afgreiðslu málsins voru Ragnar Arnalds, Jón Árm. Héðinsson og Ingi Tryggvason.

Alþingi, 2. maí 1975.

| | | |
|---|---|---|
| Axel Jónsson, form., frsm. | Steinþór Gestsson, fundaskr. | Steingr. Hermannsson. |

Þorv. Garðar Kristjánsson.

## Nd. 568. Nefndarálit [138. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um almannatryggingar, nr. 67 frá 20. apríl 1971.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og trygginganefndar.

Með tilliti til þess, að ríkisstjórnin lætur nú vinna að heildarendurskoðun almannatryggingakerfisins og undirbýr nú löggjöf varðandi það mál, sem hér um fjallar, teljum við rétt **að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 30. apríl 1975.

Jón Skaftason, form.
Guðm. G. Þórarinsson, fundaskr., frsm.
Ingiberg J. Hannesson.
Ragnhildur Helgadóttir.

## Nd. 569. Nefndarálit [137. mál]

um frv. til l. um breyt. á bráðabirgðalögum um launajöfnunarbætur, bætur almannatrygginga og verðlagsmál, nr. 88 24. sept. 1974.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og trygginganefndar.

Með tilliti til þess, að ríkisstjórnin lætur nú vinna að heildarendurskoðun almannatryggingakerfisins og undirbýr nú löggjöf varðandi það mál, sem hér um fjallar, teljum við rétt **að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 30. apríl 1975.

Jón Skaftason, form.
Guðm. G. Þórarinsson, fundaskr., frsm.
Ingiberg J. Hannesson.
Ragnhildur Helgadóttir.

## Nd. 570. Nefndarálit [193. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og trygginganefndar.

Frumvarp þetta fjallar um einn þátt þess máls er 138. mál Nd. tekur til. Með tilliti til þess, að ríkisstjórnin lætur nú vinna að heildarendurskoðun almannatryggingakerfisins og undirbýr nú löggjöf varðandi það mál, sem hér er um fjallað, teljum við rétt **að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 30. apríl 1975.

Jón Skaftason, form.
Guðm. G. Þórarinsson, fundaskr., frsm.
Ingiberg J. Hannesson.
Ragnhildur Helgadóttir.

## Ed. 571. Nefndarálit [266. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 107/1973, um þörungavinnslu við Breiðafjörð.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins óbreytts. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögur.

Fjarverandi við afgreiðslu málsins voru Eggert G. Þorsteinsson og Albert Guðmundsson.

Alþingi, 2. maí 1975.

Steingr. Hermannsson, form., frsm. Ingi Tryggvason, fundaskr. Soffía Guðmundsdóttir.

Þorv. Garðar Kristjánsson. Jón G. Sólnes.

## Ed. 572. Frumvarp til laga [225. mál]

um Hússtjórnarkennaraskóla Íslands.

(Eftir 2. umr. í Ed., 2. maí.)

Samhljóða þskj. 419 með þessum breytingum:

5. gr. hljóðar svo:

Inntökuskilyrði í Hússtjórnarkennaraskóla Íslands eru:

Stúdentspróf ásamt 20 vikna hússtjórnarnámskeiði eða próf úr hússtjórnarskóla að viðbættu prófi úr tveggja ára framhaldsdeildum gagnfræðaskóla.

Með samþykki menntamálaráðuneytis má veita umsækjendum með annað nám að baki skólavist, ef skólastjórn telur það jafngilt og mælir með því. Þeir, sem besta undirbúningsmenntun hafa, sitja fyrir um skólavist.

Nemandi skal sýna læknisvottorð um að hann sé eigi haldinn neinum kvilla, er öðrum geti að meini orðið og hamli skólavist að dómi skólastjórnar.

14. gr. hljóðar svo:

Þá eina má setja skólastjóra og kennara við Hússtjórnarkennaraskóla Íslands, sem lokið hafa fullnaðarprófi frá Húsmæðrakennaraskóla Íslands, Hússtjórnarkennaraskóla Íslands eða hafa kennarapróf frá hliðstæðum kennaraskólum erlendum og hafa stundað framhaldsnám í hússtjórnarfræðum, uppeldisfræðum eða „diet"-fræðum.

Þeir kennarar, er lokið hafa kandidatsprófi frá Norræna búsýsluskólanum eða kandidatsprófi frá annarri hliðstæðri stofnun í einhverri aðalkennslugrein skólans, að viðbættri menntun í uppeldisfræðum, sitja að öðru jöfnu fyrir um stöður.

Til þess að fá skipun við skólann þurfa kennarar að hafa stundað framhaldsnám, sem menntamálaráðuneyti metur gilt á hverjum tíma. Skólastjóri ræður sérfræðinga til stundakennslu.

## Ed. 573. Breytingartillaga [225. mál]

við frv. til l. um Hússtjórnarkennaraskóla Íslands.

Frá Axel Jónssyni.

Við 2. gr. Í stað orðsins „heimilisfræðum" í 2. mgr. komi: hússtjórn.

**Ed.** **574. Frumvarp til laga** [276. mál]

um virkjun Hvítár í Borgarfirði.

Flm.: Jón Árnason, Ásgeir Bjarnason.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að veita Andakílsárvirkjun s/f leyfi til þess að reisa og reka vatnsaflsstöð við Kláffoss í Hvítá í Borgarfirði með allt að 13.5 MW. afli og orkuveitu til tengingar við orkuflutningskerfið í Borgarfirði.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs lán, er Andakílsárvirkjun tekur, allt að 1500 millj króna, eða jafngildi þeirrar upphæðar í erlendri mynt, til greiðslu þeirra mannvirkja, sem um getur í 1. gr.

Einnig er ríkisstjórninni heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán, er komi að hluta eða öllu í stað ábyrgðar skv. 1. málsgr. þessarar greinar, og endurlána Andakílsárvirkjun. Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða kjör og skilmála sjálfskuldarábyrgðar og endurláns.

3. gr.

Fella skal niður aðflutningsgjöld og söluskatt af efni, tækjum og vélum til virkjunarinnar, sbr. 1. gr.

4. gr.

Andakílsárvirkjun er undanþegin tekjuskatti, stimpilgjaldi, útsvari, aðstöðugjaldi og öðrum gjöldum til ríkis, sýslusjóða og sveitarfélaga.

Andakílsárvirkjun skal þó greiða sýslusjóðum og sveitarsjóðum, þau opinber gjöld, sem þeim er gert að greiða vegna húseigna Andakílsárvirkjunar samkvæmt öðrum lögum.

5. gr.

Um stofnun og rekstur orkuvers og orkuveitna, sem um getur í 1. gr., fer eftir ákvæðum orkulaga, nr. 58 frá 29. apríl 1967, svo og eftir samþykktum Andakílsárvirkjunar s/f.

Setja skal reglugerð, sem stjórn Andakílsárvirkjunar semur og ráðherra staðfestir. Skal þar m. a. setja ákvæði um stjórn og rekstur Andakílsárvirkjunar, orkuveitusvæði og skilmála fyrir orkusölu.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Undirbúningur að virkjun Kláffoss í Hvítá var fyrst gerður á árunum 1963 og 1964. Virkjunarmat, sem þá var gefið út, var unnið af þeim Rögnvaldi Þorlákssyni verkfræðingi og Ásgeir Sæmundssyni tæknifræðingi. Umræddar virkjunarrannsóknir, svo og allar þær rannsóknir, sem síðan hafa átt sér stað varðandi virkjunina, hafa verið unnar að frumkvæði Andakílsárvirkjunar og á hennar kostnað.

Virkjunarmat það, sem út var gefið í aprílmánuði 1964, bar það með sér, að virkjun Hvítár við Kláffoss væri hagstæð virkjun, borið saman við aðra valkosti og með tilliti til þess öryggis sem orkuverið mundi veita Vesturlandi.

Eins og fram kemur í 1. gr. frumvarpsins, er gert ráð fyrir að vatnsaflsstöðin verði með allt að 13.5 MW. afli, og er sú stærð ákveðin með tilliti til þess, að þá fer minna landssvæði undir vatn vegna stíflugerðar en ella, ef orkuverið væri miðað við allt að 15 MW. eins og möguleikar eru með aukinni stíflugerð.

Einn af aðalkostum Hvítár til orkuframleiðslu er talinn vera sá, hvað vatnsstreymið í ánni er jafnt. Eftir 22 ára rannsókn og vatnsmælingar er orkuvinnslugetan talin vera 88 GWst. í meðalári. Lægsta framrennsli á þessu tímabili var árið 1963 og hefði orkuvinnslan það ár verið um 72 GWst. mælt við stöðvarvegg. Forgangsorka er talin vera 75 GWst.

Nýtt virkjunarmat hefur nú verið framkvæmt um Kláffossvirkjun og er virkjunarkostnaður nú áætlaður, eftir breytingu á skráðu gengi ísl. krónunnar í febrúar s. l., 1156 milljónir króna. Er þá ekki meðtalinn kostnaður við tengingu orkuversins við orkuflutningskerfið í Borgarfirði, ekki greiðslur fyrir land og vatnsréttindi og vextir á byggingartíma. Að þessu meðtöldu verður stofnkostnaður virkjunarinnar talinn 1450 milljónir króna.

Með tilliti til þessa verður kostnaðarverð forgangsorkunnar, miðað við 40 ára annuitet og 8% reiknivexti, ásamt 0.75% stofnkostnaðar í rekstri, kr. 1.77 á KWst. Sé reiknað með 10% vöxtum er kostnaðarverð forgangsorkunnar kr. 2.12 á KWst.

Eftir gildandi gjaldskrá kaupir Andakílsárvirkjun orku frá Rafmagnsveitum ríkisins á kr. 2.58 KWst. Væri orkan keypt frá Landsvirkjun milliliðalaust, yrði verðið kr. 2.32 á KWst.

Vesturland frá Hvalfirði að Gilsfirði er að lokinni byggingu tengilínu frá Stykkishólmi í Dali orðið eitt samveitusvæði. Íbúar svæðisins eru um 14 000 manns. Af þeim eru um 9 500 í þéttbýli.

Afl orkuvera á svæðinu var í árslok 1974 sem hér segir:

| **Vatnsorkuver** | | **Dísilrafstöðvar** | |
|---|---|---|---|
| Andakíll | 7 920 KW. | Ólafsvík | 1 695 KW. |
| Rjúkandi | 950 KW. | Stykkishólmur | 1 200 KW. |
| | | Búðardalur | 1 000 KW. |
| Samtals | 8 870 KW. | Samtals | 3 895 KW. |

Afl rafstöðva alls á svæðinu 12 765 KW.

Orkuöflun á árinu 1974 var þannig:

| | |
|---|---|
| Unnið í Andakílsá | 26.9 GWst. |
| Unnið í Rjúkanda | 8.1 GWst. |
| Keypt frá Landsvirkjun | 32.2 GWst. |
| Vatnsorka samtals | 67.2 GWst. |

Unnið í dísilrafstöðvum:

| | |
|---|---|
| Ólafsvík | 4.7 GWst. |
| Stykkishólmur | 5.6 GWst. |
| Búðardalur | 3.0 GWst. |
| Dísilorka samtals | 13.3 GWst. |
| Alls | 80.5 GWst. |

Gera má ráð fyrir verulegri aukningu raforkunotkunar á næstu árum, 10% eða meira árlega. Stærsti þáttur aukningarinnar verður væntanlega sala til húshitunar. Þá er talið sennilegt að raforka verði tekin í notkun sem varmagjafi í atvinnurekstri, eftir því sem tæki þróast og verð raforku verður hagstæðara.

Samfara þessari auknu raforkunotkun aukast kröfur um örugga orkuafhendingu. Húshitun með rafmagni gerir menn viðkvæmari fyrir truflunum en áður. Jafnframt verður mjög kostnaðarsamt að sjá fyrir varaorku með dísilvélum. Dreifing vatnsaflsstöðvanna um landið verður þannig stöðugt þýðingarmeiri þáttur í uppbyggingu raforkukerfisins um land allt.

Með virkjun Kláffoss rúmlega tvöfaldast afl orkuvera á Vesturlandi og vatnsorkuvinnslan þrefaldast.

Kláffossvirkjun verður í miðju Borgarfjarðarhéraði og eykur það verulega öryggi rafmagnsnotenda á svæðinu og minnkar um leið orkutap í flutningi.

Með hliðsjón af þeim athugunum á jarðhita og möguleikum á hitaveitum á Vesturlandi, sem gerðar hafa verið, má gera ráð fyrir, að um helmingur íbúa á þessu landssvæði fái hitaveitur frá jarðvarma. Hinn helmingurinn eða um 7 000 manns þarf því raforku til hitunar á öllu húsnæði, sem hita þarf, til atvinnu, þjónustu og íbúðar. Talið er að þessi þörf sé um 12 000 KWst. á íbúa á ári. Verður raforkuþörf til húsahitunar þannig 84 GWst. á ári.

Nú þegar er fyrir hendi nokkur rafhitun á svæðinu, eða um 12 GWst., þannig að viðbótarþörfin er 72 GWst. á ári miðað við íbúafjölda í árslok 1974.

Enda þótt stefna beri að því að halda áfram stórvirkjunum til að efla stóriðju og fullnægja aukinni eftirspurn eftir raforku í landinu til húshitunar og annarra almenningsþarfa, þá ber einnig að hafa í huga, að slík orkuver sem hér um ræðir eru þýðingarmikill þáttur í heildarkerfinu og skapa nauðsynlegt öryggi fyrir hin einstöku byggðarlög.

Svo sem kunnugt er, þá eru eigendur Andakílsárvirkjunar Akraneskaupstaður og Mýra- og Borgarfjarðarsýslur. Er þetta frumvarp flutt að eindreginni beiðni stjórnar Andakílsárvirkjunar og fyrrnefndra eignaraðila. Þess skal og getið, að fyrir hendi er algjör samstaða eigenda Andakílsárvirkjunar um að eignaraðild að fyrirhugaðri virkjun við Kláffoss verði aukin þannig, að Snæfellsnessýsla og Dalasýsla verði meðeigendur orkuversins, og þannig stefnt að því að öll grunnorkuvinnsla á Vesturlandi verði sameign íbúanna sem sjálfstæð Vesturlandsveita.

Þá er þess að geta, að á aðalfundi Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi, sem haldinn var á s. l. hausti, var allmikið rætt um þetta mál og var þar gerð einróma samþykkt um að skora á Alþingi og ríkisstjórn að greiða fyrir því, að Kláffoss verði virkjaður og enn fremur áskorun til þeirra aðila sem hér eiga hlut að máli, að þeir myndi sameign um orkuverið.

Stjórn Andakílsárvirkjunar og bændur, sem land eiga að Hvítá, þar sem landspjöll verða vegna fyrirhugaðrar virkjunar, hafa þegar átt með sér fund, þar sem rætt var um bætur fyrir umrædd landsvæði. Á þeim fundi var algjör samstaða um málið og samkomulag um málsmeðferð, ef til þess kemur að ekki náist samkomulag milli aðila án matsákvörðunar. Fylgir fundargerð þess fundar hér með sem fylgiskjal.

## Fylgiskjal I.

Sameiginlegur fundur landeigenda við Hvítá ofan Kláffoss og framkvæmdastjórnar Andakílsárvirkjunar, haldinn í Borgarnesi 21. febrúar 1975, samþykkir að halda áfram undirbúningi að virkjun Kláffoss í Hvítá. Í því efni taka báðir aðilar fram, að þeir telja eðlilegt að komið verði á laggirnar 6 manna nefnd, þannig að landeigendur tilnefni úr sínum hópi 3 fulltrúa og virkjunarstjórnin einnig 3 fulltrúa, sem sameiginlega leitast við að ná samkomulagi um greiðslu fyrir vatnsréttindi og bætur vegna landspjalla.

Náist samkomulag ekki eftir þeirri leið fallast aðilar á, að skipuð skuli sérstök matsnefnd 3ja manna, sem þannig verði valin: 1 fulltrúi tilnefndur af landeigendum, annar af virkjunarstjórn og sá þriðji af Hæstarétti Íslands.

Náist samkomulag milli aðila verði helmingi matskostnaðar bætt við bætur til landeigenda. Aðilar eru sammála um að hraða samkomulagsumleitunum eftir mætti.
Virkjunarstjórnin greiðir sérfræðilegan kostnað sem leiðir af samningsgerðinni.

Borgarnesi, 21. febr. 1975.

| | | |
|---|---|---|
| Daníel Brandsson. | Jón Þórisson. | Magnús Bjarnason. |
| Þorv. Hjálmarsson. | Ketill Jónmundsson. | Marinó Jakobsson. |
| Snæbjörn Stefánsson. | Þórður Stefánsson. | Bjarni Þorsteinsson. |
| Magnús Guðmundsson. | Ásgeir Pétursson. | Ingimundur Ásgeirsson. |
| | Óskar Eggertsson. | |

## Fylgiskjal II.

### Kostnaðaráætlun, endurskoðuð í mars 1975.

Einingarverð mannvirkja er miðað við upplýsingar um kostnað hliðstæðra framkvæmda og gengi í mars 1975.
Verð véla og rafbúnaðar er eftir upplýsingum frá nokkrum þekktum framleiðendum í árslok 1974. Umreiknuð á gengi í mars 1975.
Greiðslur fyrir vatnsréttindi og landspjöll eru ekki meðtaldar.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Byggingarmannvirki: | | | |
| Jarðstífla | 98.0 Mkr. | | |
| Flóðgáttir | 139.0 — | | |
| Stöðvarhús | 136.0 — | | |
| Fisklyfta | 7.0 — | | |
| Íbúð stöðvarvarðar | 8.0 — | | |
| Vegir og ræktun | 5.0 — | | |
| | 393.0 Mkr. | | |
| Ófyrirséð | 59.0 — | | |
| | | 452.0 Mkr. | |
| Vélar og rafbúnaður: | | | |
| Túrbína með hjálpartækjum | 194.0 Mkr. | | |
| Rafali og rafbúnaður | 206.0 — | | |
| Stöðvarhússkrani. lokur, ristar | 31.0 — | | |
| Flóðgáttalokur | 75.0 — | | |
| | 506.0 Mkr. | | |
| Ófyrirséð | 25.0 — | | |
| | | 531.0 Mkr. | |
| Uppsetning á vélum og lokum | 48.0 Mkr. | | |
| Innréttingar á vinnustað | 20.0 — | | |
| | 68.0 Mkr. | | |
| Ófyrirséð | 10.0 — | | |
| | | 78.0 Mkr. | |
| Undirbúningur og umsjón, 9% af 1 061 | | 95.0 — | |
| Heildarkostnaður | | | 1 156.0 Mkr. |

Andakílsá, 12.3.75
Ásgeir Sæmundsson

**Fylgiskjal III.**



**Fylgiskjal IV.**



**Fylgiskjal V.**



## Ed. 575. Nefndarálit [129. mál]

um till. til þál. um fisksölusamstarf við Belgíumenn.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin var sammála um að mæla með samþykkt tillögunnar. Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Jón G. Sólnes og Halldór Ásgrímsson.

Alþingi, 3. maí 1975.

Steingrímur Hermannsson, form. Oddur Ólafsson, frsm. Soffía Guðmundsdóttir.
Jón Árm. Héðinsson. Jón Árnason.

## Nd. 576. Nefndarálit [251. mál]

um frv. til l. um ráðstöfun gengismunar í þágu sjávarútvegsins skv. l. nr. 2/1975 og um ráðstafanir vegna hækkunar brennsluolíuverðs til fiskiskipa.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Í rúman mánuð voru drög að frv. þessu til athugunar og umræðu hjá stjórnarflokkunum. Það var lagt fram í Nd. Alþingis 22. apríl, tekið til umræðu og vísað til nefndar 25. apríl.

Til að flýta fyrir afgreiðslu frv. kaus sjávarútvegsnefnd að hafa þann hátt á að senda það ekki til umsagnar, en fá heldur fulltrúa viðkomandi hagsmunasamtaka á fund nefndarinnar, heyra álit þeirra og leita upplýsinga hjá þeim.

Óhætt er að fullyrða, að efni frv. þessa hafi ekki komið þessum aðilum á óvart, enda hafði sjávarútvegsráðherra skýrt flestum þeirra frá efni þess.

Nokkrar breytingar hafa þó verið gerðar frá upprunalegri mynd þess, m. a. vegna ábendinga frá útgerðarmönnum og sjómönnum og frá fulltrúum stjórnarflokkanna í sjávarútvegsnefndum, en þeir hafa á liðnum vikum átt fjölmarga fundi með ráðherra um málið.

Nefndin hefur fengið á fundi sína eftirtalda aðila: Aðstoðarmann sjávarútvegsráðherra, Einar Ingvarsson, forstöðumann Þjóðhagsstofnunarinnar, Jón Sigurðsson, formann Landssambands íslenskra útvegsmanna og formann Félags ísl. botnvörpuskipaeigenda.

Þá komu einnig á fund n. formaður Sölusambands ísl. fiskframleiðenda með fríðu ellefu manna föruneyti, en þessi samtök sendu einnig skrifleg harðorð mótmæli, m. a. með „ófrávíkjanlegum kröfum stjórnar S. Í. F.“. Þá komu fulltrúar frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og Sjávarafurðadeild SÍS, fulltrúar frá bræðsluverksmiðjum og loks fulltrúar sjómannasamtakanna: formaður Sjómannasambands Íslands, sem jafnframt er fulltrúi sjómanna í Verðlagsráði sjávarútvegsins, formaður Vélstjórafélags Íslands, sem er annar fulltrúi sjómanna í Verðlagsráði, og framkvæmdastjóri Farmanna- og fiskimannasambands Íslands.

Allir lögðu þessir fulltrúar mikla áherslu á, að þeir hagsmunir, sem þeir ættu að gæta, væru ekki fyrir borð bornir og að þeirra greinar yrðu að halda öllu sínu.

Ekki kom fram hjá neinum þessara hagsmunafulltrúa, að það jaðraði við að um væri að ræða neyðarástand í efnahagsmálum þjóðarinnar og að aðgerðir, sem nú væri verið að gera með þessu frv. og fleirum, beindust fyrst og fremst að því að halda sem flestum atvinnutækjum gangandi til að koma í veg fyrir atvinnuleysi og auka gjaldeyrisforða þjóðarinnar. Ef atvinnuleysi bættist ofan á þá miklu verðbólgu, sem þjóðin býr við, mundi það valda hörmungum meðal alþýðu manna.

Ríkisstjórnin beitti sér fyrir launahækkun til láglaunafólks og kjarabótum til þeirra og annarra launþega með breytingum á skattalöggjöf. Með þessu frv. er verið að flytja til innan sjávarútvegsins, frá þeim, sem högnuðust beint og óbeint á gengisfellingunni, til útgerðarinnar, svo að hún fái gengið á sem næst eðlilegan hátt.

Þeim, sem að flutningi þessa frv. standa, hefur nokkuð verið legið á hálsi fyrir að auka sjóðafarganið svokallaða, þrátt fyrir yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar um að draga úr því kerfi, sem nú er búið við.

Að vísu var engum nýjum sjóði bætt við, en tekjur olíusjóðs eru auknar með hækkun útflutningsgjalda til að mæta mikilli hækkun olíunnar og reyndar nær allra rekstrarliða útgerðarinnar.

Þær tímabundnu aðgerðir, sem vonandi felast í frv. þessu, og þær breytingar, sem gerðar hafa verið frá því að frv. var fyrst kynnt, eiga sínar ástæður, sem nánar verða skýrðar í framsögu.

Tveir nefndarmenn í sjávarútvegsnefnd, þeir Guðlaugur Gíslason og Garðar Sigurðsson, voru erlendis í opinberum erindagerðum meðan á afgreiðslu málsins stóð. Þar sem varamenn þeirra tóku ekki sæti á Alþingi, þótti sjálfsagt að bjóða fulltrúa frá þingflokki Alþýðubandalagsins að taka þátt í störfum n. í fjarveru Garðars Sigurðssonar, og tók Gils Guðmundsson það starf að sér. Sjávarútvegsnefnd hefur náð samkomulagi um brtt. við frv., sem fluttar eru á sérstöku þingskjali, en meiri hl. n. mælir að öðru leyti með samþykkt frv. Minni hl. n. mun skila séráliti.

Sjávarútvegsráðherra gaf veigamiklar yfirlýsingar við 1. umræðu málsins um framkvæmd lánamála skv. 1. gr. frv., b-lið, síðari málsgrein, sem allir ættu að geta unað við.

Undirrituðum nefndarmönnum er ljós knýjandi nauðsyn þess að mál þetta nái hið fyrsta fram að ganga, svo að innheimta megi útflutningsgjöldin og hefja greiðslu gengismunar til viðkomandi aðila. Því mælir meiri hl. sjávarútvegsnefndar eindregið með, að frv. fái lagagildi svo fljótt sem kostur er.

Alþingi, 5. maí 1975.

| Pétur Sigurðsson, form., frsm. | Sverrir Hermannsson, fundaskr. | Tómas Árnason, með fyrirvara. |
|---|---|---|

Jón Skaftason.

## Nd. 577. Breytingartillögur [251. mál]

við frv. til l. um ráðstöfun gengismunar í þágu sjávarútvegsins skv. lögum nr. 2/1975 og um ráðstafanir vegna hækkunar brennsluolíuverðs til fiskiskipa.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 1. gr., a-lið. Liðurinn orðist svo:
   Til lífeyrissjóða sjómanna til þess að verðbæta örorku- og lífeyrisgreiðslur til sjómanna og aðrar tryggingabætur 75 m.kr.
2. Við ákvæði til bráðabirgða.
   a. Nýr liður, sem verði nr. 4.
      Heimilt er að endurgreiða útflutningsgjald skv. lögum nr. 19/1973 og a-lið 2. gr. þessara laga af saltsíld og saltsíldarflökum, sem framleidd er á árinu 1975.
   b. Nýr liður, sem verði nr. 5.
      Heimilt er að endurgreiða útflutningsgjald skv. b-lið 2. gr. að hluta eða öllu leyti af þurrkuðum saltfiski, þ. á m. af þurrkuðum saltufsa.

## Sþ. 578. Fyrirspurn [277. mál]

til orkumálaráðherra um raforkuframkvæmdir og rannsóknir í Vestfjarðakjördæmi.

Frá Steingrími Hermannssyni.

1. Hvaða meginframkvæmdir á sviði orkumála eru ráðgerðar í Vestfjarðakjördæmi í ár?
2. Hvaða rannsóknir á sviði raforkumála til undirbúnings framkvæmdum eru ráðgerðar á Vestfjörðum í ár?
3. Verður mælt í ár fyrir háspennulínu sem tengi Vestfirðina væntanlegri byggðalínu?
4. Hvenær mætti ljúka lagningu slíkrar línu?
5. Hvenær má vænta ákvörðunar um virkjun í Dynjandisá?
6. Hvaða framkvæmdir til úrlausnar í raforkumálum Vestfjarða eru líklegastar á næstu árum?

## Nd. 579. Nefndarálit [251. mál]

um frv. til laga um ráðstöfun gengismunar í þágu sjávarútvegsins skv. lögum nr. 2/1975 og um ráðstafanir vegna hækkunar brennsluolíuverðs til fiskiskipa.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Í annað skipti á örfáum mánuðum eru nú til meðferðar ráðstafanir vegna gengisfellingarstefnu þeirrar íhaldsstjórnar, sem við völd situr í landinu. Enda þótt langt sé liðið frá síðari gengisfellingu hennar, sem gerð var 14. febr. s. l., er það fyrst nú fyrir nokkrum dögum, sem Alþingi fékk til meðferðar tillögur ríkisstjórnarinnar um ráðstöfun gengishagnaðarsjóðsins og aðrar aðgerðir, sem hlutust af gengisfellingunni fyrir útgerð og fiskvinnslu í landinu. Þessi langi dráttur á, að ríkisstjórnin léti frá sér heyra, lýsir því betur en mörg orð, hversu mikill ágreiningur hefur verið og er enn í stjórnarliðinu með efnahagsstefnu stjórnarinnar og úrræði hennar.

Sjávarútvegsnefnd hefur haft mjög takmarkaðan tíma til þess að fjalla um þetta mál. Þó hefur hún átt viðræður við alla þá hagsmunaaðila í útgerð og fiskvinnslu, sem málið snertir. Í þeim viðræðum kom í ljós mikil og eindregin andstaða allra þessara aðila við meginefni frv., einkum efni 2. gr. þess. Lýstu allir þessir aðilar miklum áhyggjum yfir þeirri stefnu stjórnvalda, sem fram kemur í frv., að efla stórlega millifærslu og sjóðakerfi sjávarútvegsins. Var það einróma álit allra þeirra, sem að máli komu við sjávarútvegsnefnd, að slíkt kerfi yrði eðlilegum rekstri í þessari atvinnugrein mikill fjötur um fót.

Minni hl. sjávarútvegsnefndar er sömu skoðunar um þessi mál og þeir hagsmunaaðilar og félagssamtök í útgerð og fiskvinnslu, sem sjávarútvegsnefnd fékk umsagnir frá. Mun minni hl. því á sérstöku þingskjali flytja breytingartillögur við frv., þar sem m. a. er gert ráð fyrir því, að útvegurinn sjálfur geti borið olíuverðshækkunina, sem orðið hefur, með því að fiskverð verði hækkað um það, sem vitað er að fiskverkendur geta greitt. Að sjálfsögðu á sú fiskverðshækkun að koma til skipta milli sjómanna og útvegsmanna og er ráð fyrir því gert í brtt. minni hlutans.

Minni hlutinn leggur til, að ríkisstj. verði heimilað að greiða til Olíusjóðs fiskiskipa allt að 200 millj. króna úr ríkissjóði til þess að auka niðurgreiðslu á olíu til fiskiskipa, komi í ljós að hluti útgerðar úr fiskverðshækkunum ársins dugi

ekki til að mæta hækkun á olíukostnaði. Frekari grein fyrir brtt. minni hluta n. verður gerð í framsögu.

Alþingi, 5. maí 1975.

Garðar Sigurðsson, frsm. Sighv. Björgvinsson.

## Nd. 580. Breytingartillögur [251. mál]

við frv. til laga um ráðstöfun gengismunar í þágu sjávarútvegsins skv. lögum nr. 2/1975 og um ráðstafanir vegna hækkunar brennsluolíuverðs til fiskiskipa.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar (GS, SighB).

1. Við 1. gr.
   a. Síðari mgr. b. liðar orðist svo:
      Greiðslur samkvæmt þessum lið fari fram á þremur árum frá 14. febrúar 1975 að telja. Fiskveiðasjóði er heimilt að ráðstafa að fengnum tillögum viðskiptabanka sjávarútvegsins 330 m.kr. af þessari fjárhæð til lánveitinga í sjávarútvegi til 2—3 ára til að bæta lausafjárstöðu fyrirtækja, enda verði kraf-ist öruggra trygginga fyrir lánum þessum. Þá er sjóðnum heimilt að verja 70 m.kr. af þessari fjárhæð til lánveitinga til 2—3 ára til fiskverkunarstöðva til framkvæmda við að bæta hreinlætisaðstöðu og aðra aðbúð verkafólks.
   b. Við i-lið. Í stað „12“ komi: 20.
   c. Við j-lið. Í stað „sjávarútvegsráðuneytisins“ komi: Alþingis.
2. 2. gr. orðist svo:
   Verðlagsráð sjávarútvegsins skal auglýsa nýtt lágmarksverð á öllum tegundum bolfiskafla og skal það verð vera 13% hærra en það fiskverð, sem nú er í gildi. Hið nýja fiskverð skal gilda frá og með 15. febrúar s. l.
   Ríkisstjórninni er heimilt að verja allt að 200 m.kr. úr ríkissjóði á árinu 1975 til Olíusjóðs fiskiskipa til þess að auka niðurgreiðslur á olíuverði til fiskiskipa frá því sem nú er, komi í ljós, að hlutur útgerðarinnar í fiskverðshækkunum á árinu nægi ekki til þess að standa undir kostnaði við verðhækkanir á olíu.
3. Við ákvæði til bráðabirgða. 1. töluliður falli niður.

## Sþ. 581. Tillaga til þingsályktunar [278. mál]

um fullgildingu á samkomulagi um breyting á samstarfssamningi frá 23. mars 1962 milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar.

(Lögð fyrir Alþingi á 96. löggjafarþingi, 1974—75.)

Alþingi ályktar að veita ríkisstjórninni heimild til þess fyrir Íslands hönd að fullgilda samkomulag um breyting á samstarfssamningi frá 23. mars 1962 milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar, er undirritað var í Kaupmannahöfn 11. mars 1974 og prentað er hér sem fylgiskjal.

Fylgiskjal.

## SAMKOMULAG UM BREYTINGU Á SAMSTARFSSAMNINGNUM FRÁ 23. MARS 1962 MILLI DANMERKUR, FINNLANDS, ÍSLANDS, NOREGS OG SVÍÞJÓÐAR.

Ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar,

sem með samkomulaginu frá 13. febrúar 1971 hafa breytt samstarfssamningnum frá 23. mars 1962,

sem telja ráðvænlegt að gera ákveðnar frekari breytingar á samningnum og auka við hann,

hafa orðið sammála um eftirfarandi:

I.

1. grein samstarfssamningsins orðist svo:

**Inngangsákvæði.**

1. gr.

Samningsaðilar skulu kappkosta að varðveita og efla enn frekar samstarf ríkjanna á sviði réttarfars, menningarmála, félagsmála og efnahagsmála, svo og um samgöngur og umhverfisvernd.

II.

Á eftir núverandi 29. gr. komi ný fyrirsögn og þrjár nýjar greinar, er verða nr. 30—32, svo hljóðandi:

**Samstarf á sviði umhverfisverndar.**

30. gr.

Samningsaðilar skulu í innlendri löggjöf og við beiting hennar svo sem framast er unnt leggja umhverfisverndarhagsmuni annarra samningsaðila að jöfnu við hagsmuni síns eigin lands á því sviði.

31. gr.

Samningsaðilar skulu kappkosta að samhæfa umhverfisverndarreglur sínar í því skyni að á verði komið sem mestu samræmi, að því er varðar viðmiðunarmörk og meginreglur um losun úrgangs, notkun umhverfismengandi eiturefna og aðra umhverfisröskun.

32. gr.

Samningsaðilar skulu kappkosta að samhæfa ákvarðanir um náttúruverndar- og útivistarsvæði, svo og varðandi friðun og aðrar ráðstafanir til verndar jurtum og dýrum.

III.

Núverandi 30.—34. greinar verða nr. 33—37. Á eftir þessum greinum komi ný fyrirsögn og ný grein, er verður nr. 38, svo hljóðandi:

**Sérstakir samningar.**

38. gr.

Nánari ákvæði um samstarfið á þeim sviðum, sem hér voru talin, má setja í sérstökum samningum.

IV.

Núverandi 35.—38. greinar verða nr. 39—42. Á eftir þessum greinum komi ný grein, nr. 43, svo hljóðandi:

43. gr.

Veita ber almenningi aðgang að upplýsingum um norræn samstarfsmálefni, svo sem framast er kostur.

V.

Núverandi 39.—55. greinar verða nr. 44—60.
Núverandi 56. grein verði nr. 61 og orðist svo:

61. gr.

Í ráðherranefndinni eiga sæti fulltrúar úr ríkisstjórn hvers lands. Í undantekningartilvikum getur embættismaður, sem til þess hefur umboð, verið fulltrúi ríkisstjórnar á fundi ráðherranefndarinnar, þó verða hverju sinni fulltrúar þriggja ríkja hið fæsta að vera ráðherrar.

Hvert ríki tilnefnir ráðherra, er með aðstoð embættismanns skal annast samræmingu norrænna samstarfsmála.

Til aðstoðar ráðherranefndinni við störf hennar eru embættismannanefndir og skrifstofa ráðherranefndarinnar.

VI.

Núverandi 57.—65. greinar verða nr. 62—70.

VII.

Samkomulag þetta skal fullgilda, og skulu fullgildingarskjölin svo skjótt sem við verður komið afhent utanríkisráðuneyti Finnlands til varðveislu.

Samkomulagið skal varðveitt í utanríkisráðuneyti Finnlands, og skal það ráðuneyti láta hverjum samningsaðila í té staðfest afrit.

Samkomulagið öðlast gildi þrjátíu dögum eftir að fullgildingarskjöl allra samkomulagsaðila hafa borist.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir fulltrúar, er til þess höfðu umboð, undirritað samkomulag þetta í Kaupmannahöfn hinn 11. mars 1974 í einu eintaki á dönsku, finnsku, íslensku, norsku og sænsku, og skulu þeir textar allir jafngildir.

Fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands.

Sigurður Bjarnason.
(sign.)

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Helsingforssamningurinn um norræna samvinnu var gerður árið 1962. Árið 1971 var gerð sú breyting á samningnum að grundvallarákvarðanirnar um starfsemi Norðurlandaráðs voru teknar inn í hann og norræna ráðherranefndin sett á stofn.

Hinn 11. mars, 1974 undirrituðu fulltrúar Norðurlanda aðra breytingu á samningnum, með fyrirvara um fullgildingu ríkisstjórna Norðurlandanna. Eins og skýrt kemur fram í þingsályktunartillögunni felur breytingin í sér fjögur meginatriði, en þau eru:

1) Ákvæði um samstarf Norðurlandanna á sviði umhverfismála. Er hér gert ráð fyrir að Norðurlöndin samræmi viðleitni sína í umhverfismálum og skipu-

lagningu útivistarsvæða, en sem kunnugt er hafa þessi málefni verið ofarlega á döfinni undanfarin ár.

2) Ákvæði um „sérstaka samninga". Ástæðan fyrir þessu ákvæði er sú að ekki var álitið hagkvæmt að taka inn í Helsingforssamninginn samninga sem gerðir hafa verið eða gerðir verða á hinum ýmsu sérsviðum. Mundi það hafa í för með sér stöðuga endurskoðun á Helsingforssamningnum. Var álitið að nægilegt sé að vísa til þessara samninga sem vísbendingar um framkvæmd Helsingforssamningsins.

3) Ákvæði um að auðvelda almenningi aðgang að upplýsingum um norræn samstarfsmálefni. Frá því í febrúarmánuði 1973 hefur verið starfandi norræn embættismannanefnd sem falið var að leggja fram tillögur um reglur er varða upplýsingaskyldu Norðurlandaráðs. Nefndin var skipuð eftir að nokkrar umræður höfðu farið fram milli stjórnarnefndar og ráðherranefndar Norðurlandaráðs.

4) Ákvæði um hverjir skuli sitja ráðherranefnd Norðurlandaráðs. Í breytingunni frá 1971 var gert ráð fyrir að í ráðherranefnd sæti einn ráðherra frá hverju Norðurlandanna með þeirri undantekningu að íslenski ráðherrann mætti tilnefna embættismann sem fulltrúa sinn, gæti hann ekki sjálfur setið fundi nefndarinnar. Nú er hins vegar gert ráð fyrir að ráðherrar hinna Norðurlandanna geti einnig tilnefnt embættismenn í stað ráðherra, geta þeir ekki setið vissa fundi, en þrjá Norðurlandaráðherra þarf til að nefndin sé starfhæf.

Samningurinn tekur gildi með ofangreindum breytingum þrjátíu dögum eftir að fullgildingarskjöl allra landanna hafa verið afhent utanríkisráðuneyti Finnlands.

## Ed. 582. Nefndarálit [109. mál]

um frv. til laga um stofnun sjóðs til aðstoðar við drykkjusjúka.

Frá heilbrigðis- og tryggingarnefnd.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til þess að flytja eða fylgja breytingartillögum.

Fjarstaddur afgreiðslu málsins var Albert Guðmundsson.

Alþingi, 7. maí 1975.

| | | |
|---|---|---|
| Oddur Ólafsson, form., frsm. | Halldór Ásgrímsson, fundaskr. | Ásgeir Bjarnason. |
| Helgi Seljan. | Eggert G. Þorsteinsson. | Steinþór Gestsson. |

## Ed. 583. Nefndarálit [43. mál]

um frv. til l. um breyt. á ljósmæðralögum, nr. 17 19. júní 1933.

Frá heilbrigðis- og tryggingarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á allmörgum fundum. Þar eð breyting á stöðu ljósmæðra er til athugunar hjá sérstakri nefnd á vegum heilbrigðisráðuneytisins

leggur nefndin til, að frumvarpinu verði vísað til **ríkisstjórnarinnar** í trausti þess, að réttindaatriði frv. ljósmæðrum til handa verði tryggð í nýrri lagasetningu.

Fjarstaddur afgreiðslu málsins var Albert Guðmundsson.

Alþingi, 7. maí 1975.

| | | |
|---|---|---|
| Oddur Ólafsson, form. | Halldór Ásgrímsson, fundaskr., frsm. | Ásgeir Bjarnason. |
| Helgi Seljan. | Eggert G. Þorsteinsson. | Steinþór Gestsson. |

## Ed. 584. Nefndarálit [130. mál]

um frv. til laga um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir.

Frá meiri. hl. heilbrigðis- og tryggingnefndar.

Nefndin hefur fjallað um frv. og kynnt sér umsagnir um það. Einnig hefur nefndin fjallað um allmörg erindi varðandi frv. er henni hafa borist. Nefndarmenn eru sammála um að nauðsynlegt sé að mál þetta fái endanlega afgreiðslu á þessu þingi. Meiri hl. nefndarinnar leggur því til, að frumvarpið verði samþ. óbreytt.

Minni hlutinn, Helgi F. Seljan, mun skila séráliti.

Fjarstaddur afgreiðslu málsins var Albert Guðmundsson.

Alþingi, 7. maí 1975.

| | | |
|---|---|---|
| Oddur Ólafsson, form., frsm. | Halldór Ásgrímsson, fundaskr. | Ásgeir Bjarnason. |
| Eggert G. Þorsteinsson. | Steinþór Gestsson. | |

## Ed. 585. Frumvarp til laga [279. mál]

um sóknargjöld.

(Lagt fyrir Alþingi á 96. löggjafarþingi, 1974—75.)

**1. gr.**

Hver maður, karl eða kona, á aldrinum 16 til 67 ára á skattárinu, sem er heimilisfastur hér á landi, er í þjóðkirkjusöfnuði og greiðir útsvar samkvæmt IV. kafla laga nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga, skal árlega greiða sóknargjald.

**2. gr.**

Sóknargjaldið skal vera 1% af útsvari gjaldanda, en þó skal það eigi vera lægra en 500 krónur fyrir einstakling og 1000 krónur fyrir hjón.

Nú telja hjón fram sameiginlega og einungis annað hjóna er innan aldursmarka samkvæmt 1. gr. og skal sóknargjaldið þá reiknað af hálfu útsvari þeirra.

Sóknarnefndum er heimilt að ákveða, að fengnu samþykki ráðherra, að sóknargjald skuli vera allt að 1½% af útsvari gjaldanda. Í Reykjavíkurprófastsdæmi tekur safnaðarráð, sbr. 2. gr. l. nr. 35/1970, ákvörðun um þetta efni, eftir tillögum sóknarnefnda í prófastsdæminu og að fengnu samþykki ráðherra.

3. gr.

Hver sá, er telst til skráðs trúfélags utan þjóðkirkjunnar, sbr. lög um trúfélög, skal greiða árlega til trúfélags síns eigi lægri fjárhæð en honum annars hefði borið að greiða til þjóðkirkjunnar.

4. gr.

Nú er maður utan þjóðkirkjunnar og telst eigi til skráðs trúfélags, sbr. 3. gr., og skal hann þá greiða til Háskóla Íslands í Háskólasjóð fjárhæð, er nemur sóknargjaldi, er honum annars hefði borið að greiða.

5. gr.

Þeir, sem annast álagningu útsvara, skulu jafnframt annast álagningu sóknargjalda og gjalda samkvæmt 4. gr. svo og gjalda samkvæmt 3. gr., ef viðkomandi trúfélag óskar þess. Um álagningu þessara gjalda gilda að öðru leyti sömu reglur og um útsvör, eftir því sem við á.

Sóknarnefndir skulu tilkynna þeim, er álagninguna annast, ákvarðanir, er varða álagninguna, fyrir 1. febrúar ár hvert.

6. gr.

Gjalddagi og eindagi sóknargjalda og gjalda samkvæmt 3. og 4. gr. er hinn sami sem á útsvörum. Um dráttarvexti og innheimtu að öðru leyti gilda sömu ákvæði um gjöld þessi og gilda um útsvör eftir því sem við á.

7. gr.

Sóknargjald skal greiðast til þeirrar sóknar, sem gjaldandi átti lögheimili í næstliðinn 1. desember samkvæmt þjóðskrá.

Gjald samkvæmt 3. og 4. gr. skal greiðast til viðkomandi trúfélags eða Háskólans í samræmi við trúfélagsskráningu hjá þjóðskrá miðað við næstliðinn 1. desember.

8. gr.

Sóknarnefndir skulu hafa á hendi innheimtu sóknargjalda gegn hæfilegri innheimtuþóknun, þó aldrei hærri en 6% af innheimtu fé.

Stjórn skráðs trúfélags getur á sama hátt haft á hendi innheimtu gjalds skv. 3. gr.

Ríkissjóður skal innheimta gjöld skv. 4. gr.

Sóknarnefndir og stjórnir skráðra trúfélaga geta falið sveitarstjórnum eða ríkissjóði innheimtu sóknargjalda og gjalda skv. 3. gr.

Ef sveitarstjórnir eða ríkissjóður innheimta framangreind gjöld, skal þeim skilað viðkomandi söfnuði, trúfélagi eða Háskólanum eigi sjaldnar en ársfjórðungslega.

9. gr.

Lögtaksréttur fylgir gjöldum þeim, sem mælt er fyrir um í lögum þessum.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skulu þau koma til framkvæmda við álagningu á árinu 1975.

11. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 36 1. apríl 1948 um sóknargjöld svo og lög nr. 40 20. maí 1964 um breyting á þeim lögum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Gildandi lög um sóknargjöld eru að meginstofni til frá árinu 1948. Samkvæmt þeim er sóknargjald persónugjald eða nefskattur, sem allir menn á aldrinum 16

til 67 ára skulu greiða. Gjaldið er mismunandi hjá hinum einstöku sóknum, þar sem ákvörðunarvald um álagningu gjaldsins er, innan vissra marka, hjá söfnuðunum sjálfum.

Eftir lagabreytingu, er gerð var á árinu 1972, þegar almannatryggingagjaldið var fellt niður, er sóknargjaldið eini nefskatturinn, sem enn er lagður á. Veldur þetta óhagræði og auknum kostnaði við framkvæmd álagningar og innheimtu opinberra gjalda, einkum í Reykjavík, þar sem allmargir tekjulitlir gjaldendur greiða nú engan annan skatt en sóknargjald.

Breyting sú, er í frumvarpinu felst, er fyrst og fremst sú, að horfið er frá gildandi reglu að innheimta sóknargjaldið sem nefskatt. Í stað þess er það lagt á sem ákveðinn hundraðshluti af álögðu útsvari gjaldanda. Helsti kosturinn við þessa tilhögun er sá, að hún tryggir sjálfkrafa aðlögun að hækkandi verðlagi og tekjum og þar með útgjöldum safnaðanna. Auk þess er sniðinn af sá vankantur, er áður greinir, um óhæfilegan kostnað við innheimtu gjalda hjá þeim, er engan annan skatt greiða. Í frumvarpinu er þó gert ráð fyrir, að hver gjaldandi sóknargjalds greiði lágmarksfjárhæð, sem í frumvarpinu er ákveðin 500 krónur fyrir einstakling og 1000 krónur fyrir hjón. Með lágmarksgjaldi þessu er tryggt ákveðið samræmi í álagningu gjaldsins og verður fámennari og fátækari sóknum einkum til hagsbóta.

Á síðasta kirkjuþingi var álagning sóknargjalda til meðferðar og var þar samþykkt frumvarp, er gengur í öllum meginatriðum í sömu átt og frumvarp þetta gerir. Þar var þó gert ráð fyrir meiri gjaldtöku en þetta frumvarp gerir ráð fyrir.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

**Um 1. gr.**

Hér er gert ráð fyrir, að þeir einir greiði sóknargjald, sem greiða útsvar. Er hér að framan getið þeirra ástæðna, er liggja til grundvallar þessari breytingu frá gildandi lögum.

**Um 2. gr.**

Breyting frá gildandi lögum er fyrst og fremst sú, að sóknargjaldið skal samkvæmt þessari grein innheimt sem hundraðshluti af útsvari en ekki sem nefskattur. Skal sóknargjaldið nema 1% af útsvari, en þó eigi lægri fjárhæð en 500 krónum fyrir einstakling og 1000 krónum fyrir hjón. Áður er getið meginástæðna, er liggja hér til grundvallar ákvæði þessu.

Í 3. mgr. er ákvæði, er gefur sóknarnefndum möguleika til þess að hækka greindan hundraðshluta í allt að 1½% að fengnu samþykki ráðherra.

Ákvæði í 3. gr. gildandi laga um sóknargjöld, er heimila sóknarnefndum að leggja á viðbótargjald, ef tekjur kirkju hrökkva ekki fyrir nauðsynlegum útgjöldum, er eigi tekið upp í frumvarp þetta, enda kemur 3. mgr. þar nokkuð í stað. Greint ákvæði 3. gr. gildandi laga hefur eftir því sem best verður vitað, sjaldan verið notað. Ákvæði síðari hluta 3. mgr. er fyrst og fremst sett af hagkvæmnisástæðum og er í samræmi við venju, er skapast hefur.

Þjóðhagsstofnun hefur reiknað út, hvernig álagning muni koma út fyrir þetta ár samkvæmt ákvæðum frumvarpsins miðað við álagningu á síðasta ári og er niðurstaðan í meginatriðum þessi: Á árinu 1974 nam álagning í Reykjavík 35 milljónum króna og var sóknargjaldið þá 750 krónur á einstakling og 1500 krónur á hjón. Ekki liggja fyrir öruggar upplýsingar um samanlögð sóknargjöld utan Reykjavíkur á síðasta ári vegna þess, hve sóknargjaldið er mismunandi í hinum einstöku sóknum. Sé gert ráð fyrir, að sóknargjaldið hafi alls staðar verið það sama og í Reykjavík, þ. e. 750 krónur á einstakling og 1500 krónur á hjón, þá áætlar Þjóðhagsstofnun að samtals hefðu sóknargjöld utan Reykjavíkur getað numið 55 milljónum króna á síðasta ári. Sé miðað við álagningu eftir ákvæðum 1. mgr., þá áætlar Þjóðhagsstofnun, að sóknargjöld í Reykjavík í ár gætu numið 35 milljónum króna, en utan Reykja-

víkur 51 milljón króna. (Hér er gert ráð fyrir, að sveitarfélög neyti heimildar um 11% álagningu). Neyti sóknarnefndir heimildar 3. mgr., þá verður niðurstaðan sú, að sóknargjöld í Reykjavík gætu numið 56 milljónum króna, en utan Reykjavíkur 76 milljónum króna. (Hér er einnig miðað við 11% útsvarsálagningu).

Um 3. gr.

Ákvæði þessarar greinar er efnislega samhljóða 3. mgr. 1. gr. gildandi laga um sóknargjöld með þeim breytingum, er leiða af ákvæðum laga um trúfélög.

Um 4. gr.

Ákvæði þessarar greinar er samhljóða 4. mgr. 1. gr. gildandi laga um sóknargjöld að öðru leyti en því, að í stað núverandi ákvæða þess efnis, að gjaldið skuli renna í prófgjaldasjóð, kemur ákvæði um, að það renni í Háskólasjóð. Hér er þó í rauninni um sama sjóð að ræða, þar sem prófgjaldasjóður hefur verið lagður niður, en í stað hans hefur Háskólasjóður að verulegu leyti komið.

Um 5. gr.

Þegar sóknargjaldið er lagt á sem ákveðið hlutfall af útsvari, eins og frumvarp þetta kveður á um, þá er æskilegt af hagkvæmnisástæðum, að sami aðili fjalli um álagningu sóknargjaldsins og annast álagningu útsvara. Önnur tilhögun gæti leitt til óhagræðis fyrir þann, sem innheimtir gjaldið og þá ekki síst fyrir gjaldanda sjálfan, einkum í þeim tilfellum, þegar breyting verður á útsvari hans og álagningargrundvöllur sóknargjaldsins breytist. Það er nauðsynlegt, að allar breytingar, er verða á útsvari gjaldanda, leiði sjálfkrafa til breytinga á sóknargjaldinu. Því er talið æskilegt, að þeir aðilar, er leggja á útsvarið, skattstjórar eða sveitarstjórnir, annist jafnframt álagningu sóknargjaldsins. Í þessari grein er ákvæði um, að trúfélög geti lagt sjálf á gjald samkvæmt 3. gr. og er það í samræmi við áralanga venju.

Um 6. gr.

Ef gjöld, samkvæmt lögum þessum, eru innheimt af innheimtumönnum ríkissjóðs eða sveitarstjórnum, er nauðsynlegt, að sömu innheimtureglur gildi um þau og önnur opinber gjöld.

Um 7. gr.

Hér er um að ræða reglur, sem að verulegu leyti hefur verið fylgt í raun, enda þótt ákvæði hafi skort um það í lögum. Ákvæði 2. mgr. er í samræmi við ákvæði 4. mgr. 8. gr. laga um trúfélög. Hér er þó nánar kveðið á um hvaða tímamark eigi að miða við.

Um 8. gr.

Að verulegu leyti er ákvæði þessarar greinar efnislega samhljóða ákvæðum 6. gr. gildandi laga um sóknargjöld. Hér er þó nánar kveðið á um innheimtu gjalda utanþjóðkirkjumanna. Ákvæði er um að innheimtumenn ríkissjóðs skuli annast innheimtu gjalda samkvæmt 4. gr. og stjórnir trúfélaga geta innheimt gjöld, er renna eiga til þeirra. Eigi er tekið upp í frumvarpið ákvæði 5. mgr. 1. gr. gildandi laga um sóknargjöld þess efnis, að utanþjóðkirkjumönnum beri að sýna innheimtumanni sóknargjalda skilríki fyrir því, að þeir hafi greitt gjald sitt til síns safnaðar eða Háskólans, ella beri þeim að greiða gjöld þessi til sóknarkirkju sinnar. Þetta ákvæði samrýmist ekki fyllilega ákvæðum 7. gr., þar sem trúfélagsskráning hjá þjóðskrá er lögð til grundvallar álagningu þessara gjalda.

Um 9.—11. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

**Nd.** **586. Frumvarp til laga** [280. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968, sbr. lög nr. 23 3. maí 1972 og lög nr. 25 24. apríl 1974.

(Lagt fyrir Alþingi á 96. löggjafarþingi, 1974—75.)

1. gr.

Á eftir liðnum „Létt bifhjól" í 2. gr. komi nýr liður, svo hljóðandi:

*Beltabifhjól:* Vélknúið ökutæki, sem aðallega er ætlað til fólks- eða vöruflutninga og/eða til að draga annað ökutæki og er búið beltum og eftir atvikum hjólum eða meiðum og er 400 kg eða minna að eigin þyngd.

2. gr.

6. gr. orðist svo:

Dráttarvélar og beltabifhjól skulu búin öruggum tengibúnaði og tækjum þeim, sem um getur í 5. gr., eftir því sem við á og nánar skal ákveðið í reglugerð.

3. gr.

10. gr. orðist svo:

Dómsmálaráðherra getur með reglugerð sett frekari ákvæði um gerð ökutækja, búnað o. fl. Hann getur og veitt nauðsynlegar undanþágur fyrir ökutæki, sem ætluð eru til sérstakra nota, og enn fremur kveðið á um áritanir og merki, sem nauðsynlegt er að setja á ökutæki til eftirlits.

Dómsmálaráðherra getur ákveðið, að óheimilt sé að nota tiltekna hluti eða búnað í ökutæki eða til verndar ökumanni, farþegum eða öðrum vegfarendum, sem eigi hafa hlotið viðurkenningu bifreiðaeftirlits ríkisins. Hann getur og bannað viðskipti með hluti eða búnað, sem ekki hefur verið viðurkenndur.

4. gr.

11. gr. orðist svo:

Áður en bifreið, bifhjól, létt bifhjól, beltabifhjól eða dráttarvél er tekin í notkun, skal eigandi ökutækisins eða umráðamaður senda bifreiðaeftirliti ríkisins tilkynningu um það. Sama er um tengi- eða festivagna, sem eru 500 kg að eigin þyngd eða meira.

Fullnægi ökutækið settum reglum, skal það fært á ökutækjaskrá. Jafnframt skulu sett skráningarmerki á ökutækið. Á bifreiðum skulu vera tvö skráningarmerki, að framan og að aftan. Á öðrum skráningarskyldum ökutækjum skal vera eitt skráningarmerki.

Á hverjum ársfjórðungi ber forstöðumanni bifreiðastöðvar að senda hlutaðeigandi lögreglustjóra skrá um allar bifreiðar og bifreiðastjóra á stöðinni.

Bifreiðaeftirlit ríkisins gefur út skráningarskírteini ökutækis, og skal það ávallt fylgja því.

5. gr.

12. gr. orðist svo:

Bifreiðaeftirlit ríkisins lætur í té skráningarmerki af þeirri gerð og gegn því gjaldi, sem dómsmálaráðherra ákveður. Merkin skulu ávallt vera læsileg, og má eigi hylja þau.

Nú glatast skráningarmerki eða verður ónothæft, og skal það þegar tilkynnt á næstu lögreglustöð. Er þá heimilt að nota ökutækið, samkvæmt nánari reglum, sem dómsmálaráðherra setur.

6. gr.

13. gr. orðist svo:

Bifreiðaeftirlit ríkisins getur, er sérstaklega stendur á, heimilað, samkvæmt reglum, sem dómsmálaráðherra setur, akstur skráningarskyldra ökutækja án skráningar. Skal í þessum reglum ákveða, að gjald komi fyrir leyfið.

7. gr.

14. gr. orðist svo:

Nú verða eigendaskipti að skráðu ökutæki, og skal þá bæði hinn fyrri og hinn nýi eigandi tilkynna það til ökutækjaskrár innan hálfs mánaðar. Sama gildir, ef eigandi ökutækis breytir um nafn eða lögheimili.

8. gr.

15. gr. orðist svo:

Bifreiðaeftirlit ríkisins annast skráningu, skoðun og eftirlit ökutækja.

Dómsmálaráðherra skipar bifreiðaeftirlitinu framkvæmdastjóra, svo og eftirlitsmenn ökutækja, bifreiðaeftirlitsmenn, sem hafa lögregluvald á starfssviði sínu. Hann ákveður umdæmi þeirra og starfssvið. Eftirlitsmenn skulu vera sérfróðir um þau mál, er vélknúin ökutæki varða, gerð þeirra, akstur og aðra meðferð, svo og lög þau og reglur, er um þau gilda. Engan má skipa eftirlitsmann, nema hann hafi lokið prófi, er sýni, að hann sé þeim kostum búinn og hafi þá kunnáttu, sem nauðsynleg er til starfsins. Dómsmálaráðherra setur reglur um kennslu, prófkröfur og önnur hæfnisskilyrði eftirlitsmanna, svo og reglur um starfsemi bifreiðaeftirlits ríkisins.

9. gr.

1. mgr. 17. gr. orðist svo:

Þegar tilkynning hefur borist bifreiðaeftirliti ríkisins um ökutæki, sbr. 11. gr., skal eftirlitsmaður skoða ökutækið og sker hann úr um, hvort það fullnægir kröfum laga og reglugerða.

10. gr.

18. gr. orðist svo:

Dómsmálaráðherra ákveður, hve oft almenn skoðun skráningarskyldra ökutækja skuli fara fram. Hann getur ákveðið, að tilteknar gerðir ökutækja séu skoðaðar á skemmra fresti en almennt er boðið. Lögreglustjórar eða bifreiðaeftirlitsmenn geta, hvenær sem er, krafist þess, að skráningarskyld ökutæki, sem eru í umdæmi þeirra, séu færð til skoðunar, svo að ganga megi úr skugga um, hvort þau séu í lögmæltu ástandi. Bifreiðaeftirlit ríkisins ákveður hvar og hvenær almenn skoðun ökutækja fer fram. Eftirlitsmenn rita vottorð um skoðun ökutækja í skráningarskírteini.

11. gr.

19. gr. orðist svo:

Lögreglustjóri eða bifreiðaeftirlitsmaður getur, hvenær sem er, krafist þess, að skráningarskylt ökutæki, sem er í umdæmi hans, sé fært til sérstakrar skoðunar á þann stað, er hann ákveður.

Lögreglumönnum og bifreiðaeftirlitsmönnum er heimilt, hvenær sem er, að stöðva ökutæki, skoða það samstundis og athuga ökuskírteini.

Verði starfsmaður viðgerðarverkstæðis þess var, að öryggisbúnaði vélknúins ökutækis, sem þar er til viðgerðar eða breytinga, sé áfátt, skal hann skýra yfirmanni verkstæðis frá því, en honum ber að gera eiganda ökutækisins aðvart og síðan tilkynna það bifreiðaeftirlitsmanni eða lögreglustjóra, ef eigi verður úr bætt.

12. gr.

20. gr. orðist svo:

Nú kemur í ljós, að skráningarskylt ökutæki fullnægir ekki lögum og reglum eða er eigi fært til skoðunar, þegar krafist er, og getur þá lögreglustjóri eða bifreiðaeftirlitsmaður bannað notkun þess og tekið af því skráningarmerki, unz bætt hefur verið úr því, sem áfátt var eða vanrækt. Skal þá eftirlitsmaður skoða ökutækið, áður en skráningarmerkin eru afhent aftur.

Heimilt er að afskrá ökutæki án samþykkis eiganda, ef það er ónýtt að dómi eftirlitsmanns. Tilkynna skal nafnskráðum rétthöfum ökutækisins um afskráninguna með hæfilegum fyrirvara.

Nú vill eigandi ökutækis fá það afskráð, og skal því aðeins sinna þeirri beiðni, að telja megi ökutækið ónýtt.

Um leið og ökutæki er afskráð skal skráningarmerkjum þess skilað.

13. gr.

3. mgr. 23. gr. orðist svo:

Ef eigandi (umráðamaður) skráningarskylds ökutækis, sem flutt hefur verið hingað frá útlöndum, er búsettur hér á landi, skal skrá ökutækið hjá bifreiðaeftirliti ríkisins eða afhenda skráningarmerki þess innan hálfs mánaðar eftir að það kom til landsins. Taki eigandi (umráðamaður) hins erlenda ökutækis sér búsetu hér á landi, eða ef ökutækið verður eign aðila, sem hér er búsettur, skal skrá ökutækið eða afhenda hin erlendu skráningarmerki innan hálfs mánaðar.

14. gr.

Á eftir 3. mgr. 28. gr. komi ný mgr., svo hljóðandi:

Enginn má stýra beltabifhjóli nema hann hafi skírteini til aksturs bifreiða, bifhjóla, dráttarvéla eða léttra bifhjóla.

15. gr.

55. gr. breytist sem hér segir:

a. Á eftir 2. mgr. komi ný mgr., svo hljóðandi:
   Lengd ökutækis má ekki vera meiri en 12 m. Ökutæki með festivagni má þó vera 15 m að lengd og ökutæki með tengivagni 18 m.
b. 6. mgr., sem verður 7. mgr., orðist svo:
   Ákvæðin hér að framan um breidd, lengd og hæð ökutækis gilda einnig um farm þess.

16. gr.

Í stað orðsins „vegamálastjóri“ í 3. og 4. mgr. 56. gr. komi: veghaldari.

17. gr.

57. gr. orðist svo:

Við bifreið, beltabifhjól eða dráttarvél má aðeins tengja einn tengivagn eða festivagn. Lögreglustjóri getur þó veitt undanþágu frá ákvæðum þessum, ef sérstök nauðsyn er, enda komi samþykki vegamálastjóra til um akstur á vegum utan kaupstaða.

Skráningarskyldan tengi- eða festivagn má aðeins tengja við bifreið, beltabifhjól eða dráttarvél, sem til þess er talin hæf og hefur um það áritun í skráningarskírteini. Auk skráningarmerkis skal hver tengi- eða festivagn auðkenndur að aftan skráningartölu dráttartækisins.

18. gr.

Til dráttar tengitækis má nota beltabifhjól, dráttarvél eða vinnuvél. Enn fremur bifreið, sem skráð er til aksturs með tengivagn eða viðurkennd til aksturs með tengitæki. Ekki má aka með meira en eitt tengitæki.

19. gr.

70. gr., sbr. 1. gr. laga nr. 25 24. apríl 1974, breytist sem hér segir:

a. 1. mgr. orðist svo:

Eiganda skráðs, vélknúins ökutækis er skylt að kaupa í vátryggingafélagi, sem viðurkennt er af dómsmálaráðherra, og halda við vátryggingu fyrir ökutæki sitt, sem nemi kr. 12 000 000 fyrir bifreið og kr. 6 000 000 fyrir önnur ökutæki.

b. Í stað „kr. 400 000.00“ í 2. mgr. komi: kr. 600 000.

20. gr.

Í stað „2‰“ í 1. mgr. 73. gr., sbr. 1. gr. laga nr. 23 3. maí 1972 og 2. gr. laga nr. 25 24. apríl 1974, komi: 1.25‰.

21. gr.

Dómsmálaráðherra ákveður, hvenær bifreiðaeftirlit ríkisins tekur við skráningu ökutækja samkvæmt lögum þessum. Fram til þess annast lögreglustjórar skráningu ökutækja samkvæmt núgildandi ákvæðum.

Ákvæði 11. gr. um skráningu beltabifhjóla koma til framkvæmda 1. júní 1975. Nægilegt er þó, að beltabifhjól, sem tekin hafa verið í notkun fram til 1. júní 1975, séu tilkynnt til skráningar fyrir 1. október 1975.

Ákvæði 19. og 20. gr. koma til framkvæmda 1. júní 1975. Ábyrgðartryggingar teknar fyrir þann tíma skulu þá breytast þannig, að þær fullnægi ákvæðum 19. og 20. gr.

22. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Meginefni frumvarps þessa felur í sér þær breytingar á ákvæðum umferðarlaga, að gert er ráð fyrir því, að hætt verði að umskrá ökutæki vegna flutninga milli lögsagnarumdæma, svo og því að Bifreiðaeftirlit ríkisins annist skráningu ökutækja í stað lögreglustjóra. Frumvarpið hefur ennfremur að geyma ákvæði um skráningu og notkun beltabifhjóla (vélsleða) og um hámarkslengd ökutækja. Þá er lagt til, að hækkaðar verði vátryggingarfjárhæðir fyrir hina lögboðnu ábyrgðartryggingu ökutækja og ennfremur gert ráð fyrir nokkrum öðrum breytingum á umferðarlögunum.

Samkvæmt gildandi ákvæðum umferðarlaga skal skrá öll skráningarskyld ökutæki hjá lögreglustjóra, þar sem eigandi ökutækisins er búsettur. Þá er eigendaskipti verða að skráðu ökutæki og hinn nýi eigandi er búsettur í öðru lögsagnarumdæmi, skal tilkynna lögreglustjórum beggja umdæma eigendaskiptin. Skal ökutækið þá skráð að nýju, en afskráð í umdæminu, sem það fluttist frá. Þegar eigandi ökutækis flyst búferlum með ökutæki sitt í annað lögsagnarumdæmi, skal eigandi senda tilkynningu um flutninginn til lögreglustjóra beggja umdæmanna. Skal ökutækið þá afskráð í því umdæmi, sem það fluttist frá, en skráð að nýju í umdæminu, sem flutt er í. Gildir þetta þó eigi, þegar um skemmri dvöl er að ræða. Auk þess sem þannig hefur verið lögskylt að umskrá ökutæki vegna flutnings ökutækja milli umdæma, hefur tíðkast að umskrá ökutæki að ósk eiganda, þótt eigi hafi það verið skylt að lögum.

Með auknum bifreiðafjölda hefur umskráningum farið mjög fjölgandi, og umsvif tengd þeim hafa aukist ár frá ári hjá hinum ýmsu lögreglustjóraembættum, svo og við Bifreiðaeftirlit ríkisins. Undanfarið hefur bifreiðafjöldi (í árslok), nýskráningar og umskráningar verið sem hér segir:

| Ár | Fjöldi bifreiða | Nýskráningar | Umskráningar |
|---|---|---|---|
| 1971 ..... | 52489 | 7193 | 13321 |
| 1972 ..... | 57155 | 6123 | 16900 |
| 1973 ..... | 63189 | 7666 | 19800 |
| 1974 ..... | 70159 (áætl.) | 9435 | 27340 |

Þessi auknu umsvif hafa kallað á fjölgun starfsliðs og aukinn rekstrarkostnað. Hefur því á undanförnum árum verið til athugunar á hvern hátt draga megi úr kostnaði á þessu sviði og gera skráningarkerfið einfaldara, bæði fyrir þegnana og hið opinbera. Er með frumvarpi þessu lagður grundvöllur að því að skráningu ökutækja verði breytt á þann veg, að tekið verði upp fast númerakerfi fyrir allt landið, þar sem meginreglan er sú, að ökutæki haldi óbreyttum skráningarmerkjum frá því það er fyrst skráð og þar til það er tekið af skrá sem ónýtt. Kostir við þessa breytingu eru fyrst og fremst sparnaður í vinnu og aðstöðu, þar sem hætt yrði að umskrá ökutæki vegna flutnings milli umdæma eða annarra ástæðna. Jafnframt mundu falla niður þær skoðanir, sem nú er skylt að framkvæma við umskráningu. Sparnaður þessi mundi ekki einungis koma fram hjá þeim opinberu stofnunum, sem hlut eiga að máli (lögreglustjórum, bifreiðaeftirliti og þinglýsingadómurum), heldur einnig hjá eigendum ökutækjanna, svo og öðrum, t. d. vátryggingafélögum. Breytt skráningarkerfi mundi og auðvelda viðhald ökutækjaskrár og skýrsluvélavinnu, og draga úr hættu á misskráningum. Með breytingunni mundu falla niður þau auðkenni á ökutækjum, sem leiða af skiptingu landsins í skráningarumdæmi. Gert er þó ráð fyrir því, að hver lögreglustjóri haldi áfram skrá yfir ökutæki í umdæmi sínu, auk þess sem allsherjarspjaldskrá verður haldin, svo sem nú er, og unnin í skýrsluvélum.

Undirbúningur að nýju skráningarkerfi er þegar hafinn, m. a. með kaupum á skráningarvél, sem skráir upplýsingar um ökutæki vegna spjaldskrár og á skráningarskírteini, auk þess sem hún gatar á strimil upplýsingar til úrvinnslu í skýrsluvélum. Er gert ráð fyrir því, að hvert ökutæki verði auðkennt með tveimur bókstöfum og þremur tölustöfum. Þessi undirbúningur er óháður því, hvort skráningarmerkjum verður breytt eða ekki, en kemur að notum, ef horfið verður að því ráði að breyta þeim, en ekki er nauðsynlegt að skipta um merki á öllum ökutækjum samtímis.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Á undanförnum árum hafa verið fluttir til landsins allmargir vélsleðar. Ökutæki þessi eru mörg hver mjög hraðskreið. Eigi hafa vélsleðarnir verið skráðir, og nokkur óvissa ríkt um, hvaða reglur skuli gilda um þá. Með frumvarpinu er lagt til, að tekin verði upp sérstök skýrgreining fyrir ökutæki þessi og önnur skyld og þau nefnd beltabifhjól. Jafnframt er gert ráð fyrir sérstökum reglum um beltabifhjól, svo sem um skráningu, vátryggingu og ökuréttindi. Skýrgreining sú, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, er í samræmi við hliðstæða skýrgreiningu í norskri og sænskri umferðarlöggjöf.

Um 2. gr.

Gert er ráð fyrir því, að í reglugerð verði kveðið á um búnað beltabifhjóla, svo sem nú er um dráttarvélar.

Um 3. gr.

Með breytingu á upphafsákvæði gildandi 10. gr. er lagt til, að heimild ráðherra til að setja ákvæði um gerð og búnað ökutækja verði skýrari, þannig að hann hafi heimild til að setja frekari ákvæði um það efni en eigi aðeins nánari

ákvæði, svo sem nú er. Eru breytingar á gerð ökutækja, búnaði o. þ. h. það örar, að rétt þykir, að ráðherra hafi heimild til að kveða á um frekari atriði.

Síðari málsgreinin er nýmæli. Er lagt til, að dómsmálaráðherra verði heimilað að banna notkun búnaðar, sem eigi hefur hlotið viðurkenningu Bifreiðaeftirlits ríkisins, svo og viðskipti með slíka hluti eða búnað. Er nauðsynlegt að hafa í lögum þessa heimild til að koma í veg fyrir notkun búnaðar, sem getur verið hættulegur, svo og til að koma í veg fyrir sölu búnaðar, sem eigi uppfyllir tilskildar kröfur um gerð og gæði, t.d. öryggisbelti.

Um 4. gr.

Yfirgnæfandi fjöldi nýrra ökutækja er í upphafi skráður í Reykjavík, þar sem þau eru flutt inn. Með breyttu skráningarkerfi mun þeim ökutækjum fjölga að mun, sem þar verða skráð, án tillits til þess, hvar eigandi er búsettur. Þegar þessa er gætt og svo þess, að hætt verður að umskrá ökutæki vegna flutnings milli umdæma, er eðlilegt, að Bifreiðaeftirlit ríkisins, sem eigi er bundið við einstök lögsagnarumdæmi, taki við skráningarhlutverki því, sem lögreglustjórar nú hafa, jafnframt því sem það heldur allsherjarspjaldskrá yfir ökutæki, svo sem verið hefur. Eftir sem áður er gert ráð fyrir því, að lögreglustjórar haldi skrá yfir ökutæki í umdæmum þeirra samkvæmt gögnum frá bifreiðaeftirlitinu.

Með breytingu þeirri, sem í frumvarpsgreininni felst, er gert ráð fyrir því, að tekin verði upp skráning beltabifhjóla.

Samkvæmt gildandi ákvæðum skulu vera skráningarmerki framan og aftan á öllum skráningarskyldum ökutækjum, þ. á m. bifhjólum, léttum bifhjólum og dráttarvélum. Nokkur slysahætta er talin stafa af skráningarmerkjum framan á bifhjólum og léttum bifhjólum. Þá eru skráningarmerki aftan á dráttarvélum oft hulin vegna tækja, sem við dráttarvélina eru tengd, auk þess sem oft er erfitt að festa þar merki. Sömu sjónarmið eiga við um beltabifhjól. Með frumvarpsgreininni er gert ráð fyrir því, að á ökutækjum þessum verði einungis eitt skráningarmerki. Í reglugerð verður kveðið nánar á um, hvar skráningarmerki skulu fest á ökutæki þessi.

Um 5. gr.

Samkvæmt 1. málsgr. er gert ráð fyrir því, að bifreiðaeftirlitið láti í té skráningarmerki í stað lögreglustjóra, og er það í samræmi við breytt hlutverk bifreiðaeftirlitsins.

Þá er efni 2. málsgr. 12. gr. laganna nokkuð breytt, og er gert ráð fyrir því, að settar verði reglur um heimild til að nota ökutæki, þegar skráningarmerki hefur glatast.

Um 6. gr.

Hér kemur bifreiðaeftirlit í stað lögreglustjóra.

Um 7. gr.

Í samræmi við meginbreytingu á skráningarkerfi fellur niður skylda til að umskrá ökutæki vegna flutnings milli umdæma. Hins vegar verður áfram nauðsynlegt að tilkynna eigendaskipti, og hvílir sú skylda bæði á seljanda og kaupanda, en kveðið er skýrar á um það, innan hvaða frests tilkynning skuli hafa borist. Þá er kveðið á um það, að eiganda skuli ætíð skylt að tilkynna breytingu á lögheimili, hvort sem er vegna flutnings innan lögsagnarumdæmis eða milli umdæma. Loks felst í greininni það nýmæli, að tilkynna skuli, ef eigandi ökutækis breytir um nafn. Er nauðsynlegt, að í ökutækjaskrá séu ætíð fyrir hendi glöggar upplýsingar um eigendur ökutækja.

Um 8. gr.

Breyting sú, sem felst í 1. málsgr., er vegna hins nýja hlutverks Bifreiðaeftirlits ríkisins við skráningu ökutækja. Þá er með 2. málsgr. bætt inn ákvæði um, að dómsmálaráðherra skipi bifreiðaeftirlitinu framkvæmdastjóra, og loks er lagt til,

að í lögum verði kveðið á um það, að bifreiðaeftirlitsmenn hafi lögregluvald á starfssviði sínu.

Um 9. gr.

Breyting á grein þessari er vegna hins nýja hlutverks bifreiðaeftirlitsins við skráningu ökutækja.

Um 10. gr.

Efni greinar þessarar er skipað á annan veg en áður. Vegna breytts skráningarkerfis er gert ráð fyrir því, að Bifreiðaeftirlit ríkisins taki framvegis ákvörðun um það, hvar og hvenær almenn skoðun skuli fram fara. Þá má gera ráð fyrir því að samfara endurbótum á starfsaðstöðu bifreiðaeftirlitsins verði reistar skoðunarstöðvar, þar sem skoðuð verða ökutæki úr fleiri umdæmum en einu.

Um 11. gr.

Breyting sú, sem felst í 1. málsgr., er til samræmis við aðrar breytingar. Þá er fellt niður ákvæði gildandi 3. málsgr. 19. gr., enda á það eigi lengur við, er umskráningar falla niður með breyttu skráningarkerfi.

Um 12. gr.

Breytingar á grein þessari eru til samræmis við aðrar breytingar frumvarpsins. Ákvæði 4. málsgr. er flutt úr gildandi 14. gr.

Um 13. gr.

Hér kemur bifreiðaeftirlit í stað lögreglustjóra.

Um 14. gr.

Ákvæði greinar þessarar er nýmæli. Er gert ráð fyrir, að til aksturs beltabifhjóla þurfi ætíð ökuskírteini, er veiti rétt til aksturs einhvers vélknúins ökutækis.

Um 15. gr.

Í gildandi lögum eru eigi ákvæði um hámarkslengd ökutækja. Þykir rétt að lögfesta ákvæði um þetta efni, og er ákvæði greinarinnar í samræmi við það, sem víða tíðkast erlendis.

Um 16. gr.

Samkvæmt 56. gr. umferðarlaga er gert ráð fyrir því, að vegamálastjóri geti leyft frávik frá reglum um öxulþunga og heildarþyngd ökutækja, almennt og vegna sérstakra flutninga. Telja verður, að vegamálastjóri geti einungis fjallað um þá vegi, sem hann hefur umsjón með samkvæmt vegalögum. Umferðarlög gera þannig ekki ráð fyrir aðila, sem leyft getur frávik frá þungaákvæðum, þegar um er að ræða vegi, þar sem Vegagerð ríkisins er eigi veghaldari. Er því lagt til, að fráviksheimild greinarinnar verði í höndum veghaldara, en veghaldari er sá, sem sér að öllu leyti um vegagerð og viðhald vega.

Um 17. og 18. gr.

Breytingar á 57. og 58. gr. umferðarlaga eru vegna hinna nýju reglna um beltabifhjól, en gert er ráð fyrir, að um notkun beltabifhjóla gildi hliðstæðar reglur og um dráttarvélar að því er varðar drátt tengi- og festivagna og tengitækja.

Um 19. gr.

Vátryggingarfjárhæðir fyrir hina lögboðnu ábyrgðartryggingu ökutækja voru á síðasta ári hækkaðar í 6 millj. kr. fyrir bifreiðar, 3 millj. kr. fyrir bifhjól og dráttarvélar og 2 millj. kr. fyrir létt bifhjól. Vegna verðlagsþróunar þeirrar, sem síðan hefur orðið, er lagt til, að vátryggingarfjárhæðirnar verði nú hækkaðar á ný, þannig að aukið verði öryggi þeirra, sem fyrir tjóni kunna að verða, svo og eigenda

ökutækjanna. Er gert ráð fyrir því, að vátryggingarfjárhæð vegna bifreiða tvöfaldist og verði 12 millj. kr., en vátryggingarfjárhæð vegna annarra ökutækja verði 6 millj. kr. Til athugunar hefur verið að breyta ákvæðum um vátryggingu og vátryggingarfjárhæðir frekar, en að svo stöddu eru eigi gerðar tillögur um það efni, enda vátryggingartímabil nýlega hafið.

Um 20. gr.

Eigin áhætta þess, sem fébótaábyrgð ber á tjóni af völdum bifreiðar, er nú allt að 12 000 krónur. Með hækkun vátryggingarfjárhæða og óbreyttu ákvæði 73. gr. umferðarlaga yrði eigin áhætta allt að 24 000 krónur. Þykir eigi rétt að hækka eigin áhættu svo mjög að krónutölu, og er því lagt til, að eigin áhætta vegna tjóns af völdum bifreiðar hækki í allt að 15 000 krónur.

Um 21. gr.

Svo sem greinir í almennum athugasemdum frumvarpsins er undirbúningur að nýju skráningarkerfi þegar hafinn. Enn er þó eigi unnt að tímasetja, hvenær nýtt skráningarkerfi gæti að fullu komið til framkvæmda, og er því lagt til, að dómsmálaráðherra ákveði, hvenær hin nýju ákvæði um skráningu skuli taka gildi.

Þegar eru í notkun allmörg ökutæki, sem teljast beltabifhjól samkvæmt frumvarpinu. Er nauðsynlegt að ætla eigendum þeirra hæfilegan tíma til að tilkynna þau til skráningar.

Vátryggingartímabil ábyrgartrygginga ökutækja hófst 1. mars s. l. Er nauðsynlegt að kveða á um það, að hækkun vátryggingarfjárhæðanna skuli koma til framkvæmda á vátryggingartímabilinu að því er varðar ábyrgðartryggingar, sem teknar hafa verið áður en hækkunin kemur til framkvæmda. Sama gildir um hækkun eigin áhættu.

## Sþ. 587. Skýrsla

utanríkisráðherra um utanríkismál í maí 1975.

### Inngangur.

Eins og venja mín hefur verið undanfarin ár mun ég nú gefa Alþingi skýrslu um utanríkismál, bæði á sviði alþjóðamála og eins að því er varðar tvíhliða og marghliða samskipti Íslands við aðrar þjóðir.

**Þróun alþjóðamála.** Það, sem einkennt hefur þróunina í alþjóðamálum, eru áframhaldandi tilraunir stórveldanna til þess að draga úr spennu í heiminum. Bandaríkin og Sovétríkin halda áfram tilraunum sínum til að draga úr spennu í heiminum. Æðstu menn þessara stórvelda hafa hist í Vladivostok og viðræður um afvopnunarmál þeirra á milli halda áfram. Í Genf er rætt um takmarkanir á framleiðslu og útbreiðslu langdrægra vopna og í Vínarborg fara fram samningsviðræður milli austurs og vesturs um jafnan og gagnkvæman samdrátt herafla í Mið-Evrópu (MBFR). Mál þessi eru afar flókin svo hægt miðar áfram, en ég álít að þessar viðræður séu mjög mikilvægur liður í þeirri viðleitni að koma á samkomulagi um raunverulega afvopnun í heiminum. Þótt árangur hafi náðst, er enn þá óvíst um margt.

Alvarlegt ástand hefur ríkt undanfarið eitt og hálft ár á sviði efnahagsmála í heiminum. Erfiðleikar þessir hafa fyrst og fremst orðið vegna orkukreppunnar, sem skapaðist þegar olíuframleiðendur í Miðausturlöndum gripu til hins svonefnda „olíuvopns“ og hækkuðu verð á olíu. Þessi ákvörðun þeirra bitnaði ekki einungis á iðnþróuðu löndunum, heldur urðu afleiðingar hennar mun alvarlegri fyrir þróun-

arlöndin. Allur hagvöxtur í þessum löndum og aðstoð til þeirra urðu nær að engu vegna verðhækkana, en ástandið þar er þannig, að þau þola ekki slíkar sveiflur.

Augljóst er því, að efnahagsmálin og sérstaklega erfiðleikar þróunarlandanna verða meir og meir á dagskrá hjá flestum eða öllum alþjóðastofnunum. Sjöunda auka-allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna, sem saman kemur í byrjun september, mun til dæmis, fjalla eingöngu um þessi mál.

Skipan mála innan Sameinuðu þjóðanna hefur vakið nokkurn ugg manna á meðal. Eru það einkum hópskiptingarnar, sem orðið hafa, með þeim afleiðingum að stærri hópurinn knýr í gegn samþykktir, sem oft á tíðum þykja fljótfærnislega unnar og jafnvel brjóta í bága við sáttmála Sameinuðu þjóðanna eða eru í ósamræmi við anda hans. Eins og til dæmis þegar vafasamar túlkanir á fundarsköpum allsherjarþingsins eru notaðar til að útiloka aðildarríki frá fullri þátttöku í störfum þess.

Sérstökum áhyggjum veldur einnig ástandið fyrir botni Miðjarðarhafs og á Kýpur, og loks er nú lokið í Víet-Nam hernaðarátökum, sem staðið hafa nær samfleytt í 35 ár.

Mun ég síðar fjalla um einstök framangreind atriði, auk fleiri þátta utanríkis- og alþjóðamála.

## Öryggisráðstefna Evrópu.

Annar áfangi ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu með þátttöku Bandaríkjanna og Kanada heldur áfram í Genf og undirbýr þriðja og lokaáfangann. Þótt hægt hafi gengið hafa umræður þær, sem fram hafa farið, bæði á fundum og utan funda, þó meðal annars haft það gott í för með sér, að nú má segja með töluverðum rétti að flest mál liggi ljós fyrir. Gangur ráðstefnunnar héðan af mun því byggjast nær eingöngu á samkomulagsvilja og veltur endanlegur árangur á því hvort hann reynist mikill eða lítill. Þótt samkomulag hafi náðst á ráðstefnunni um ýmis atriði, þá eru því miður enn þá óbrúuð bil. Ég leyfi mér samt sem áður að álíta að það, sem þegar hefur áunnist, gefi góðar vonir um að hægt verði að ljúka þessum áfanga innan skamms svo að lokafundur ráðstefnunnar geti komið saman með þátttöku æðstu manna hlutaðeigandi ríkja sem allra fyrst. Stefnt er að því að halda lokafundinn í Helsingfors í júlímánuði í sumar, en þá verða liðin rétt tvö ár síðan hún formlega hófst.

## Deilumálin fyrir botni Miðjarðarhafs.

Tilraunir utanríkisráðherra Bandaríkjanna til að finna lausn á deilumálum landanna fyrir botni Miðjarðarhafs hafa nú farið út um þúfur, a. m. k. um sinn. Hann reyndi að fara „skref fyrir skref leiðina", eins og það var kallað, vinna að lausn eins þáttar þessara flóknu deilumála í einu, þannig að grundvöllur samkomulags væri fundinn áður en komið væri saman að nýju í Genf og heildarsamkomulag gert.

Við höfum stutt á alþjóðavettvangi allar tilraunir til að koma á samkomulagi á þessu svæði og stvðjum að sjálfsögðu að Genfarráðstefnan verði kölluð saman sem fyrst með þátttöku allra hlutaðeigandi aðila.

Það er álit mitt, að nauðsynlegt sé að framkvæma samþykktir Sameinuðu þjóðanna varðandi þessi vandamál og réttlátur og varanlegur friður í þessum heimshluta hlýtur að byggjast á, að fullt tillit sé tekið til allra aðstæðna, sem máli skipta, þar á meðal lögmætra réttinda palestínumanna og tilveruréttur allra ríkja á svæðinu verði virtur.

## Kýpur.

Fyrir atbeina Sameinuðu þjóðanna sátu fulltrúar þjóðarbrotanna tveggja á Kýpur nýlega ráðstefnu í Vínarborg. Undirnefndir á vegum þessarar ráðstefnu starfa nú áfram að lausn vandamálanna.

Ísland mun styðja allar tilraunir Sameinuðu þjóðanna og aðalritara þeirra til að finna réttláta lausn, sem báðir aðilar geta unað við. Slík lausn verður að byggjast á fullu tilliti til sjálfstæðis, fullveldis og óskertra yfirráða Kýpurlýðveldisins yfir landssvæði sínu.

## Indókína.

Nú virðist lokið hernaðarátökum í Indókína. Segja má, að styrjöld og hörmungar hafi hrjáð þjóðirnar á þessu svæði í nærfellt 35 ár.

Það er von mín að takast megi að koma á varanlegum friði svo endurbyggingarstarfið geti hafist sem allra fyrst. Ríkisstjórnin hefur ákveðið að veita kr. 1 500 000 til mannúðar- og líknarstarfsemi á vegum Alþjóða Rauða Krossins í Indókína.

Það er skoðun mín, að þar sem Ísland hefur stjórnmálasamband við löglega ríkisstjórn í Suður-Víet-Nam er ekki nauðsynlegt að viðurkenna formlega bráðabirgðabyltingarstjórnina.

Ef sú ríkisstjórn, sem tekur við stjórn af hernaðaryfirvöldum, óskar að skipta um sendiherra á Íslandi, munum við að sjálfsögðu veita nýjum sendiherrum viðurkenningu.

## Sameinuðu þjóðirnar.

Senn verða 30 ár liðin frá því að sáttmáli Sameinuðu þjóðanna var undirritaður í San Francisco hinn 26. júní 1945, en samtökin tóku formlega til starfa þá um haustið eins og kunnugt er — og rúmu ári síðar gerðist Ísland aðili. Mörg hnjóðsyrði hafa fallið í garð samtakanna á þessu árabili, en þegar grannt er skoðað munu þó flestir vera sammála um, að án slíkra samtaka væri heimurinn verr settur. Sameinuðu þjóðirnar hafa löngum átt erfitt uppdráttar við gæslu friðar og öryggis í heiminum, sem er meginhlutverk þeirra. Þó vil ég halda, að með töluðum orðum á vettvangi samtakanna eða fyrir þeirra tilstilli hafi oftar en sannað verður óyggjandi tekist að hindra að vopnin væru látin tala. Þá má eigi heldur gera of lítið úr starfi samtakanna til að vinna bug á hugri og fátækt — og auka frelsi og velmegun. En á öllum þessum sviðum er því miður enn þá gífurlega margt óunnið — og gerir það miklar kröfur til þeirra þjóða allra, sem að samtökunum standa.

29. Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna stóð yfir í New York frá 17. september til 18. desember síðastliðins, eða um þriggja mánaða skeið eins og venja er orðin. Ég sótti þingið í byrjun og flutti þar ræðu í almennu umræðunum hinn 30. september. Þar leitaðist ég við að gera grein fyrir afstöðu okkar til helstu alþjóðamála, en notaði jafnframt tækifærið til þess að fjalla allítarlega um hafréttarmálin og ryðja frekari braut sjónarmiðum okkar á því sviði. Þar sem ræðan var birt hérlendis, þegar eftir að hún hafði verið flutt, þykir mér ekki ástæða til að rekja hana nánar hér.

Þetta þing Sameinuðu þjóðanna var eitt hið gustmesta um langt skeið. Það bar glögg merki þeirrar breytingar á valdahlutföllum sem fylgt hefur fjölgun aðildarríkjanna úr 51. sem þau voru í byrjun, í 138, sem þau nú eru orðin, en 3 ný aðildarríki bættust í hópinn að þessu sinni: Bangladesh, Grenada og Ginea Bissau. Kurt Waldheim, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, lét svo ummælt í lok þingsins, að Sameinuðu þjóðirnar væru fyrst og fremst stjórnmálaleg samtök, sem endurspegla og taka mið af pólitískum straumum og breytingum í heiminum. Slíkt hefði aldrei gerst á eins áberandi hátt og á 29. Allsherjarþinginu. Ég hygg að framkvæmdastjórinn hafi þarna mikið til síns máls. Hin nýrri ríki samtakanna virtust sér nú meira meðvitandi en áður um það vald, sem hin mikla fjölgun þeirra innan samtakanna hefur lagt þeim í hendur. Þessu valdi var nú beitt meira en margir töldu góðu hófi gegna. Var sú valdbeiting á vissan hátt bergmál og bar keim af undanfarandi baráttu Arabaríkja á sviði olíumálanna, enda hittist nú svo á, að þingforsetinn var úr þeirra hópi.

Meðal hörðustu deilumála þingsins, þar sem þessarar nýju valdbeitingar gætti á mest áberandi hátt, voru tvímælalaust Palestínumálið og Suður-Afríkumálið. En nú eins og stundum áður var einnig deilt hart um Kóreu, Kambódíu og Kýpur.

Palestínumálið olli bitrustum deilum. Jarðvegur fyrir hagstæða afgreiðslu þess frá sjónarmiði Arabaríkjanna var nú betri en nokkru sinni fyrr og því máske skiljanlegt að þau létu til skarar skríða. Pólitísk áhrif þessara land höfðu aukist gífurlega á skömmum tíma vegna samvinnu olíuframleiðslulandanna um framleiðslutakmarkanir og verðhækkanir á olíu til þeirra ríkja, sem þau töldu sér ekki vinsamleg, að þeim var full alvara að nota olíuvopnið til hins ýtrasta. Þá voru Arabalöndin orðin stórveldi á fjármálasviðinu vegna olíugróðans og voru orðin aflögufær um lánsfjármagn í stórum stíl. Aðstaða Arabalandanna styrktist einnig pólitískt eftir að þeim tókst á fundi sínum í Rabat í október 1974 að ná samkomulagi um frelsishreyfingu Palestínu-araba (PLO) sem hinn eina lögmæta fulltrúa Palestínu-þjóðarinnar.

Fyrir forgöngu Arabaríkjanna var samþykkt með yfirgnæfandi meiri hluta á þinginu að bjóða frelsishreyfingu Palestínu-araba, sem fulltrúa Palestínuþjóðarinnar, að taka þátt í afgreiðslu Palestínumálsins á sjálfu þinginu. Einungis fjögur ríki greiddu atkvæði gegn þessari ákvörðun, en Ísland og Danmörk voru í hópi 20 ríkja, sem sátu hjá (Finnland, Noregur og Svíþjóð greiddu atkvæði með). Sú afstaða byggðist einkum á því, að það hefur verið viðtekin regla hjá Sameinuðu þjóðunum, að aðeins fulltrúar aðildarríkja hafi heimild til að ávarpa Allsherjarþingið eða taka þátt í umræðum þar og því varhugavert fordæmi að brjóta þá reglu. Yasser Arafat, leiðtogi PLO, ávarpaði síðan þingið 14. nóvember og talaði í hálfan annan klukkutíma. Hefur ræða hans verið túlkuð á ýmsa vegu, en varla þykir fara hjá því, að út úr henni megi lesa það, að markmið PLO sé að stofna Palestínuríki á landssvæði, sem nú er Ísrael. Fulltrúi Ísraels talaði síðar sama dag og var mjög harðorður í garð PLO og Arafats. Samkvæmt úrskurði þingforseta, sem hlaut staðfestingu þingsins (75 atkv.), var Ísrael síðan útilokað frá frekari umræðum um málið. Öll Norðurlönd voru í hópi 25 ríkja, sem greiddu atkvæði gegn úrskurðinum, en 18 ríki sátu hjá.

Í lok mjög einhliða umræðu um Palestínumálið voru samþykktar tvær tillögur. Önnur almennt um réttindi Palestínu-araba í Palestínu, þ. á m. rétt til sjálfsákvörðunar, sjálfstæðis og fullveldis, auk þess sem í tillögunni var lýst yfir viðurkenningu á rétti þeirra til að hverfa aftur til fyrri heimkynna og eigna — og neyta til þess allra tiltækra ráða í samræmi við sáttmála Sameinuðu þjóðanna. Hvorki var beint né óbeint í tillögunni vikið að tilverurétti Ísraels. Þótti mörgum þannig vera enn aukin óvissan í hinum viðkvæmu deilumálum fyrir botni Miðjarðarhafs, ekki síst þegar tekið var tillit til vaxandi harðýðgi í málinu. Áður hefur verið kappkostað að gæta jafnvægis í ályktunum Sameinuðu þjóðanna um þetta vandleysta deilumál, en allar tilraunir nú til þess að fá tillögunni breytt í jafnvægisátt voru árangurslausar. Fór því svo, að 37 ríki, þ. á m. Danmörk, Finnland og Svíþjóð, töldu sig knúin til að sitja hjá og 8 ríki þ. á m. Ísland og Noregur, til að greiða atkvæði gegn henni, en tillagan hlaut samþykki 89 ríkja. Ég hafði þegar í ræðu minni við almennu umræðurnar lagt áherslu á það, að lausn deilunnar í Mið-Austurlöndum yrði að fela í sér tillit til réttinda Palestínu-araba. Að lokinni atkvæðagreiðslu um framangreinda tillögu var þessi afstaða áréttuð enn frekar af fastafulltrúa Íslands. Hann lýsti því yfir á þinginu í greinargerð fyrir mótatkvæði Íslands gegn tillögunni, að þá afstöðu bæri á engan hátt að túlka sem synjun á lögmætum réttindum Palestínu-þjóðarinnar, heldur væri hún grundvölluð á þeirri sannfæringu, að sérhver tillaga, sem Sameinuðu þjóðirnar létu frá sér fara um málefni Palestínu, ætti ekki eingöngu að fjalla um réttindi og hagsmuni Palestínu-araba, heldur um réttindi og hagsmuni allra íbúa á svæðinu. Lausn vandamálanna í Austurlöndum nær yrði að grundvallast á ályktunum Öryggisráðsins nr. 242 frá 1967 og nr. 338 frá 1973 og staðfesta yrði réttindi allra

ríkja á svæðinu, þ. á m. ísraelsmanna, til að lifa í friði innan öruggra og viðurkenndra landamæra.

Hin tillagan var um að veita frelsishreyfingu Palestínu-araba (PLO) áheyrnarfulltrúastöðu hjá Sameinuðu þjóðunum. Ísland, Noregur og Danmörk voru meðal 17 ríkja, sem greiddu atkvæði gegn þeirri tillögu, og Svíþjóð eitt af 19, sem sátu hjá, en Finnland í hópi 95 ríkja, er studdu þessa ákvörðun. Til þessa hefur aðeins ríkjum og samtökum fullvalda ríkja verið veitt áheyrnarfulltrúastaða hjá Sameinuðu þjóðunum. Þeir, sem ekki greiddu tillögunni atkvæði, töldu, að hér væri farið inn á nýja og hættulega braut. Var talið, að ákvörðun sem þessi gæti dregið dilk á eftir sér með tilliti til annarra frelsishreyfinga, sem tilkall gera til viðurkenningar.

Afgreiðsla Palestínumálsins var þannig Arabaríkjunum og frelsishreyfingu Palestínu-araba mjög í vil. Reynslan ein mun skera úr um, hvaða áhrif þetta kann að hafa. Að því er frelsishreyfingu Palestínu-araba snertir, ber að vona að hún reynist verðug þeirrar auknu viðurkenningar, sem henni hefur hlotnast, og að hún komi fram af fullri ábyrgð við áframhaldandi tilraunir til lausnar deilumálanna í þessum hrjáða heimshluta.

Hitt málið, sem umdeildast var hvað beitingu forseta- og meirihlutavalds snertir, var ákvörðunin um að meina Suður-Afríku að taka þátt í störfum 29. Allsherjarþingsins. Löng og bitur umræða átti sér stað um það mál. Öll Norðurlöndin voru meðal 22 ríkja, sem greiddu atkvæði gegn þessari ráðstöfun, 19 sátu hjá — en úrskurður þingforseta um þetta var staðfestur með 91 atkvæði. Slík réttindasvipting er ekki samkvæmt stofnskrá Sameinuðu þjóðanna á valdi Allsherjarþingsins, heldur þarf til að koma atbeini Öryggisráðsins. Í stjórnmálalegu tilliti er ráðstöfun af þessu tagi einnig mjög umdeilanleg, svo að ekki sé meira sagt, og samræmist ekki þeim skoðunum, sem Norðurlönd hafa aðhyllst um sem víðtækasta aðild ríkja að samtökum Sameinuðu þjóðanna. Að sjálfsögðu á framangreind afstaða til brottvísunar fulltrúa Suður-Afríku af Allsherjarþinginu ekkert skylt við stuðning við kynþáttastefnu þarlendra stjórnvalda, enda gafst við meðferð málsins tækifæri til þess að árétta eindregna andstöðu Norðurlandanna allra við þá stefnu, sem Suður-Afríkustjórn hefur fylgt í þeim málum um langa hríð. En hér er raunar ástæða til að geta þess, að nú þykir örla á eilítið meiri samkomulagsvilja Suður-Afríkustjórnar í þeim málum — og ber vissulega að vona að það leiði til umtalsverðra úrbóta sem allra fyrst.

Ég skal nú víkja í fáum orðum að Kóreu, Kambódíu og Kýpur.

Í Kóreumálinu var samþykkt ályktun, sem Ísland studdi, þar sem ríkin tvö í landinu voru hvött til að halda áfram viðræðum í því skyni að þau verði sameinuð með friðsamlegum hætti. Einnig var í ályktuninni gert ráð fyrir, að Öryggisráðið fjallaði um það, hvort rétt væri að leysa upp herstjórn Sameinuðu þjóðanna í Kóreu. Um þetta síðarnefnda atriði vildu norður-kóreumenn að gengið yrði feti framar, þ. e. a. s. að þingið slægi því föstu, að draga bæri til baka allt erlent herlið frá Suður-Kóreu, sem þar er undir fána Sameinuðu þjóðanna. Háðu norður-kóreumenn og stuðningsríki þeirra harða baráttu fyrir því máli. Með hliðsjón af því mikilvæga hlutverki, sem lið Sameinuðu þjóðanna hefur gegnt við friðargæslu í landinu, er vandséð, hvernig brottflutningur þess gæti bætt ástandið. Einn mikilvægasti þáttur Kóreudeilunnar nú er að sjálfsögðu sá, að reyna að koma í veg fyrir að þar brjótist út vopnuð átök á ný. Mikil nauðsyn er jafnframt á, að samningaviðræðum ríkjanna verði haldið áfram, en því miður eru horfur í því efni ekki góðar eins og sakir standa.

Í Kambódíu-málinu var deilt um tvennt: Hvort lýsa ætti yfir viðurkenningu á útlagastjórn Nordom Sihanouks sem löglegri stjórn Kambodíu og veita þeirri ríkisstjórn fyrirsvar landsins hjá Sameinuðu þjóðunum og reka um leið fulltrúa stjórnar Lon Nol, — eða samþykkja ályktun þar sem deiluaðilar í landinu voru hvattir til að hefja viðræður í þeim tilgangi að reyna að finna friðsamlega lausn í Kambódíu-vandamálinu, þar sem fullt tillit væri tekið til vilja þjóðarinnar. Í

tillögunni um síðari leiðina var jafnframt gert ráð fyrir, að fela framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna að veita aðstoð sína til þess að markmiði hennar yrði náð. Þessi síðari kostur hlaut stuðning 56 ríkja, en 54 voru á móti; 24 ríki sátu hjá þ. á m. Ísland og önnur Norðurlönd nema Danmörk, sem greiddi atkvæði með. Fulltrúar stjórnar Lon Nol héldu þannig sætum sínum á þinginu, en öllum er kunnugt hvað nú er að gerast heima fyrir í landi þeirra þessa dagana.

Hið slæma ástand á Kýpur, sem hófst með stjórnarbyltingunni þar í júlí 1974, kom einnig til kasta Allsherjarþingsins. Samkomulag um vopnahlé hafði verið undirritað 30. júlí, en það dugði illa og var margsinnis brotið. Þingið samþykkti ályktun, þar sem öll ríki eru hvött til að virða fullveldi og sjálfstæði Kýpur og forðast íhlutun og árásir á landið. Hvatt var til þess, að allt erlent herlið yrði hið bráðasta á brott úr eynni og að samningaviðræður færu fram með aðstoð Sameinuðu þjóðanna. Framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna var beðinn að halda áfram aðstoð við íbúa landsins og skorað var á öll ríki að leggja af mörkum til þeirrar aðstoðar. Þótt varanleg lausn á Kýpur-vandamálunum eigi enn langt í land, hefur öldurnar lægt og tækifæri skapast til viðræðna milli þjóðabrotanna, ekki aðeins um mannúðarmál, heldur einnig um stjórnmálaleg samskipti. Þessum viðræðum er stöðugt haldið áfram með aðstoð sérstaks fulltrúa framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna á Kýpur og er hér glöggt dæmi um mikilvægt hlutverk samtakanna á sviði friðargæslu.

Eftir 6. sérstaka Allsherjarþingið, Mannfjöldaráðstefnuna og Matvælaráðstefnuna var eðlilegt, að Allsherjarþingið nú fjallaði í ríkum mæli um hin mjög alvarlegu vandamál, sem skapast hafa, og þann glundroða, sem ríkir á sviði efnahags- og félagsmála í heiminum. Samkomulag varð um nokkrar merkar ákvarðanir varðandi þessi vandamál, svo sem stofnun Alþjóðamatvælaráðsins, en um önnur vandamál, einkum efnahagslegs eðlis, urðu hatrammar deilur. Samþykktur var að vísu einnig sáttmáli um efnahagsleg réttindi og skyldur ríkja (Charter of Economic Rights and Duties of States), en því miður skorti töluvert á að nægur samkomulagsandi ríkti við frágang á efni hans og orðalagi. Upphaf þessa sáttmála má rekja til 3ju viðskipta- og þróunarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna (UNCTAD), sem haldin var í maí 1972. Þar var ákveðið að setja á fót vinnuhóp 31 ríkis, sem síðar var fjölgað í 40 ríki, til að gera uppkast að sáttmála um efnahagsleg réttindi og skyldur þjóða. Um tíma á árinu 1974 þóttu líkur benda til samkomulags, en síðar dró í sundur með iðnvæddum ríkjum og hinum vanþróuðu. Einkum ollu ágreiningi ákvæði um þjóðnýtingu erlendra eigna og skaðabótagreiðslur í því sambandi, svo og ákvæði um visitölukerfi, er tengdi verðlagningu hráefnisútflutnings vanþróuðu ríkjunum. Lítið þokaðist í átt til samkomulags á sjálfu Allsherjarþinginu. Töldu því margir hyggilegt að ætla rýmri tíma til þess að ljúka gerð sáttmálans, þar sem raunhæft gildi hans væri að verulegu leyti komið undir því að flest eða öll ríkustu og áhrifamestu aðildarríkin gengju til fylgis við hann. Hinn nýi meiri hluti innan samtakanna kaus hins vegar að leiða málið til lykta nú og var sáttmálinn því samþykktur á þinginu og hlaut að vísu yfirgnæfandi meiri hluta atkvæða. Ísland, Finnland og Svíþjóð voru meðal þeirra ríkja, sem greiddu atkvæði á móti honum.

Auk þeirra mála, sem ég hef nú getið, fjallaði Allsherjarþingið um marga hefðbundna dagskrárliði, t. d. á sviði afvopnunar, félagsmála, kynþáttamála og nýlendumála. Léttara var yfir umræðum um nýlendumálin nú en oft áður vegna stefnubreytingar Portúgals og ákvörðunar nýrra ráðamanna í því landi um að veita nýlendum landsins í Afríku frelsi. Ætla má, að þrotlaust starf að þessum málum innan vébanda Sameinuðu þjóðanna eigi sinn þátt í þessari þróun. Fækkar nú þeim löndum, sem ekki hafa hlotið sjálfstæði.

Sú beiting meirihlutavalds á þinginu, sem ég hef vikið að, skapaði óneitanlega spennu, er mjög gætti í störfum þess lengst af. En undir lokin gerðist það svo, að þessi breyttu viðhorf innan samtakanna urðu sérstakt umræðuefni. Tókust um málið allsnarpar deilur. Hygg ég að þær hafi orðið til þess að hreinsa nokkuð

andrúmsloftið. Er því ekki útilokað, að aftur muni komast á meira jafnvægi í störfum samtakanna — enda er heillavænlegur árangur af þeim mjög kominn undir því að samkomulagsvilji sé ráðandi.

Ég skal ekki gera störf síðasta Allsherjarþings að frekara umtalsefni, enda hef ég nú varið til þeirra ríflegri tíma en áður. Fulltrúar þingflokkanna sátu þingið eins og undanfarin ár. Síðustu vikur Allsherjarþinganna eru þar miklar annir, þegar nefndir eru að ljúka afgreiðslu mála og þau eru tekin til lokaafgreiðslu á fullskipuðum fundum Allsherjarþingsins sjálfs. Mér er kunnugt um, að í hópi fulltrúa þingflokkanna hafa heyrst raddir um, að æskilegt væri, að þeir væru ekki eins bundnir við setu á nefndarfundum og þingfundum eins og nú er raunin, heldur hefðu frjálsari aðstöðu til að kynna sér þingmál og alþjóðamálefni. Hefur í þessu sambandi verið bent á, að t. d. þingmenn í sendinefndum hinna Norðurlandanna hafi rýmri aðstöðu að þessu leyti. Ég tel, að þetta sjónarmið eigi við nokkur rök að styðjast. En meðan utanríkisþjónustunni er ekki sköpuð aðstaða til að hafa við þingstörfin fleiri fulltrúa en verið hefur, er óhjákvæmilegt að slíkar fundarsetukvaðir fylgi þátttöku þingflokkanna í störfum Allsherjarþingsins, þar sem hinar 7 föstu þingnefndir sitja tíðum að störfum samtímis auk alls kyns funda ríkjahópa og annarra, sem sinna þarf. Ég er hins vegar fús til að íhuga fyrirkomulag þessara mála nánar með fulltrúum þingflokkanna, ef þess væri óskað.

Burtséð frá Allsherjarþinginu vildi ég í sambandi við Sameinuðu þjóðirnar geta hér um samstarf Íslands við Þróunarstofnun Sameinuðu þjóðanna, áframhaldandi setu Íslands í Auðlindanefnd samtakanna og víkja að Háskóla Sameinuðu þjóðanna.

Samkvæmt yfirstandandi áætlun um samstarf Ísland og Þróunarstofnunar Sameinuðu þjóðanna, sem nær yfir árin 1972—1976, fær Ísland að jafnaði 200 þúsund dala framlag á ári frá Þróunarstofnuninni eða sem svarar um 30 milljónum króna á núverandi gengi, þ. e. nálægt 150 milljónir króna á tímabilinu öllu. Innan ramma þessarar áætlunar hefur verið unnið að yfir 20 verkefnum á margvíslegum sviðum þjóðlífsins, þ. á m. málmleit, ferðamálum, útflutningsstarfsemi iðnaðarins, lax og silungsrannsóknum, fiskvinnslurannsóknum, nýtingu og vernd beitilanda, loftmynda- og kortagerð, ylrækt, endurskipulagningu og margs konar framförum á sviði iðnaðar- og þannig mætti fleira telja. Hygg ég, að nú að um það bil hálfnuðu tímabilinu sé farinn að koma í ljós ýmis árangur þessarar starfsemi. Það er gagnlegt fyrir Ísland að geta þannig notið sérfræðiaðstoðar og leiðbeininga frá og fyrir milligöngu Þróunarstofnunar Sameinuðu þjóðanna. En því er ekki að leyna, að hinar háu meðaltekjur á mann hérlendis gera það að nokkru samviskuspursmáli að þiggja frá stofnuninni meira fé en við sjálfir leggjum til hennar. Á fjárlögum þessa árs nemur okkar skerfur til Þróunarstofnunarinnar 9.6 milljónum króna. Ég tel, að við þurfum að stefna að því, að árlegt framlag okkar hækki svo að það sem fyrst svari til þess, sem við hljótum frá stofnuninni — enda er henni fyrst og fremst ætlað að ráðstafa fé sínu til hinna svonefndu þróunarríkja.

Ísland var endurkjörið í Auðlindanefnd Sameinuðu þjóðanna frá 1. janúar 1975 til næstu fjögurra ára. Nefndin gegnir því hlutverki að gera tillögur til Efnahags- og félagsmálaráðs Sameinuðu þjóðanna um stefnumörkun varðandi nýtingu og varðveislu náttúruauðlinda. Nefndin heldur fundi annað hvert ár og kom hún nýverið saman í Tókíó. Þar var samþykkt tillaga frá Íslandi, auk Indlands, Ítalíu, Japans og Kenya, þar sem m. a. var bent á mikilvægi jarðhitans sem orkugjafa og lagt til, að hinn nýstofnaði Háskóli Sameinuðu þjóðanna annist rannsóknir og gangist fyrir hagnýtri fræðslu á þessu sviði.

Háskóli Sameinuðu þjóðanna hefur nú verið settur á fót, rektor verið kjörinn og skólanum valinn staður í Tókíó, en jafnframt er gert ráð fyrir að hann geti staðið að starfsemi víðar um heim. Er nú unnið að frekara undirbúningi að starfsemi skólans. Ef skólinn lætur jarðorkumál til sín taka, kemur fyllilega til álita, að starfsemi skólans á því sviði verði valinn staður hér á landi. Sömuleiðis hefur

verið ræddur sá möguleiki, að hérlendis fari fram vísinda- og rannsóknarstarfsemi í haf- og fiskifræðum á vegum skólans. Þessi mál þurfa nú nánari athugunar við af Íslands hálfu, en að sjálfsögðu veltur einnig mikið á því, hvernig fer um fjármögnun til starfsemi skólans.

### Hafréttarráðstefna Sameinuðu þjóðanna.

Þegar á heildina er litið, verður að telja, að fundir hafréttarráðstefnunnar í Caracas s. l. sumar hafi borið þann árangur, sem með sanngirni var hægt að ætlast til. Það eru einkum þrjú höfuðatriði, sem hafa verður í huga í því sambandi, þ. e. (1) ástæður fyrir hægum gangi mála, (2) núverandi stöðu mála á ráðstefnunni og (3) framhald ráðstefnunnar.

**Í fyrsta lagi** er ýmislegt, sem gerði störfin seinunnin þrátt fyrir mikinn undirbúning á undanförnum árum. Má þar minna á, að nokkur tími fór í það að ganga frá þingsköpum ráðstefnunnar og var þar m. a. staðfest það sjónarmið, sem Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna hafði ákveðið, að þrautreyna skyldi allar leiðir til samkomulags áður en til atkvæðagreiðslu kæmi. Fór því mikill tími í að sendinefndir hinna einstöku ríkja settu fram sýnar ýtrustu kröfur, þannig að minna var um að til raunverulegrar samningaviðleitni kæmi. Þá ber þess og að minnast, að slíkar kröfugerðir taka langan tíma þegar um er að ræða 138 þjóðir, en einungis 90 þeirra höfðu haft fulltrúa í undirbúningsnefndinni. Loks er þess að geta, að ráðstefnunni er ætlað að fjalla um 100 málaflokka, sem unnið er að heildarlausn á. Þar sem öll málin eru nátengd koma upp alls konar sveiflur, ekki aðeins innan hvers málaflokks, heldur og ekki síður milli málaflokka, þar sem mismundandi mikið er lagt upp úr hinum ýmsu atriðum. Sem dæmi má taka það, að fjölmörg ríki hafa engan áhuga á að styðja 200 mílna efnahagslögsögu, nema þau fái eitthvað í staðinn. Svo er því farið um landluktu ríkin og ríki, sem telja sig hafa óhagstæða landfræðilega legu. Ekkert þeirra getur beitt 200 mílna lögsögu hjá sér, og þegar þess er gætt að slík ríki eru um 50 talsins gætu þau e. t. v. haft ⅓ atkvæða á valdi sínu og þar með komið í veg fyrir heildarlausn, sem væri þeim ekki að skapi. Og svo mætti lengi telja.

**Í öðru lagi** er rétt að rekja hér í höfuðdráttum stöðuna í helstu málaflokkum.

### Fyrsta nefnd — alþjóðahafsbotnssvæðið.

Enda þótt samkomulag sé um, að auðlindir alþjóðahafsbotnssvæðisins beri að nýta í þágu mannkynsins og einkum þróunarlandanna, er mikill ágreiningur fyrir hendi. Þróunarlöndin vilja, að Alþjóðahafsbotnsstofnunin hafi sem mest völd og sjái sjálf um rannsókn og hagnýtingu auðlindanna. Iðnþróuðu ríkin telja þetta óraunhæft og vilja að stofnunin gefi út leyfi til ríkja eða stofnana og fyrirtækja á þeirra vegum. Er hér um grundvallarágreining að ræða, en reynt er að finna milliveg og þá aðallega þannig að tryggt sé að þau fyrirtæki, sem verkin taka að sér, hafi fastákveðnar reglur til að byggja störf sín á. Mikil vinna hefur verið lögð í að finna lausn í þessum málum mörg undanfarin ár og liggja valkostir nú að mestu leyti fyrir. Inn í umræðurnar hafa blandast ýmis efnahagsleg sjónarmið varðandi áhrif vinnslu á heimsverð málmtegunda og hömlur í því sambandi. Loks er um að ræða stjórnunarfyrirkomulag á svæðinu og er þar gert ráð fyrir þingi, ráði, dómstól og skrifstofu, en ýmsar skoðanir eru uppi um skipan þessara mála.

### Önnur nefnd.

Önnur nefnd fjallar um öll önnur mál ráðstefnunnar en alþjóðahafsbotnssvæðið (fyrsta nefnd), mengun og vísindalegar rannsóknir (þriðja nefnd). Er þar um að ræða landhelgi, efnahagslögsögu, fiskveiðar á úthafinu o. s. frv. Er nú svo

komið, að mikill stuðningur er fyrir 12 mílna landhelgi og allt að 200 mílna efnahagslögsögu, og flutti Ísland ásamt nokkrum öðrum strandríkjum tillögu sem byggðist á þessu (ráðstefnuskjal L.4). Hitt er jafnljóst, að mörg ríki binda stuðning sinn við þessi sjónarmið því skilyrði að virtur sé réttur annarra þjóða til að stunda veiðar innan 200 mílna markanna, og er þá rætt um að þau fái aðgang að því magni, sem strandríkið ekki getur hagnýtt sjálft innan leyfilegs hámarksafla á svæðinu. Þá ber þess og að geta, að ýmis ríki vilja því aðeins fallast á þetta fyrirkomulag, að tryggð sé óhindruð umferð um alþjóðleg sund.

Á fundunum í Caracas voru mál þau, sem II. nefnd fjallar um, flokkuð og settir fram valkostir á hinum ýmsu sviðum. Var gengið frá sérstöku skjali í 243 gr. (skjal 62/c.2/W.P.1), sem er mjög viðamikið og flókið. Verður það nú eitt höfuðviðfangsefnið á Genfarfundinum að reyna að fækka þessum valkostum eftir megni og undirbúa þar með atkvæðagreiðslur.

Skjal þetta hefur verið sent meðlimum utanríkismálanefndar.

## Þriðja nefnd.

### 1) Mengun.

Almennt samkomulag er um, að samvinna skuli höfð um að fyrirbyggja mengun og setja alþjóðlegar reglur í því efni í samræmi við samþykktir Stokkhólmsráðstefnunnar um umhverfismál, Londonar- og Oslósamningana um varnir gegn mengun o. s. frv. Hins vegar er mikill ágreiningur um hvort það mál skuli vera í höndum heimaríkis hlutaðeigandi skips. Þá er og mikill ágreiningur um það, að hve miklu leyti strandríkið sjálft hafi rétt til að setja reglur sem gangi lengra en hinar alþjóðlegu reglur.

### 2) Vísindalegar rannsóknir.

Aðalágreiningsefnið hér er að hve miklu leyti strandríki geti bannað vísindalegar rannsóknir. Ýmis þróunarlönd vilja að það mál sé algjörlega í höndum strandríkisins, en iðnþróuðu ríkin berjast fyrir víðtæku frelsi til rannsókna í samvinnu við strandríkið.

**Í þriðja lagi** er svo spurningin um framhald ráðstefnunnar.

Næsti fundur ráðstefnunnar er í Genf dagana 17. mars—10. maí 1975 og ákveðið er að undirritun væntanlegs alþjóðasamnings skuli fara fram í Caracas. Á Allsherjarþinginu reyndi forseti ráðstefnunnar að beita áhrifum sínum til þess að tekið væri inn í ályktun þingsins ákvæði um, að ráðstefnunni verði heimilt að ákveða annan fund til viðbótar við Genfarfundinn, ef þess þætti þörf, áður en til undirskriftarfundarins kæmi í Caracas. Þessu fékk hann þó ekki framgengt, enda þótt flestir séu á þeirri skoðun að nauðsynlegt muni verða að hafa einn fund til viðbótar eftir Genfarfundinn og áður en til Caracasfundarins kemur. Verður ekkert endanlega um það sagt fyrr en í lok Genfarfundarins.

Á Genfarfundi ráðstefnunnar er haldið áfram þar sem frá var horfið og reynt enn að ná samkomulagi án atkvæðagreiðslu. Ef það tekst ekki tiltölulega fljótt á Genfarfundinum, verður gripið til atkvæðagreiðslu.

Málin standa nú þannig, að mikil átök eru um ýmis veigamikil atriði. Ljóst er, að útlínur heildarlausnar muni byggjast á 12 mílna landhelgi, allt að 200 mílna efnahagslögsögu og stjórnunarfyrirkomulagi á alþjóðahafsbotnssvæðinu. En hinu má ekki gleyma, að ýmis ríki, sem ekki fá neitt fyrir sig með því að styðja 200 mílna efnahagslögsögu, leggja meira upp úr að fá sterkari aðstöðu varðandi alþjóðahafsbotnssvæðið. Einnig má nefna hér, að sum ríki vilja ekki fallast á 12 mílna landhelgi, nema tryggð sé umferð um sund, og önnur vilja ekki fallast á að landhelgin sé takmörkuð við 12 mílur nema jafnframt sé tryggð efnahagslögsaga allt að 200 mílum. Ýmis ríki vilja að vísu fallast á 200 mílna efnahagslögsögu, ef ekki er gengið of langt í yfirráðum strandríkisins yfir mengun og vísindalegum rann-

sóknum. Og ekki þýðir að loka augunum fyrir því, að ýmis ríki binda stuðning sinn við 200 mílna efnahagslögsögu við það að aðrar þjóðir fái aðgang að þeim hluta fiskstofna, sem strandríkið nýtir ekki sjálft, og eru á meðal þeirra ríki, sem þar leggja áherslu á „hefðbundin réttindi".

Nú er það að vísu svo, að miklir möguleikar eru á því að hægt sé að fá ⅔ atkvæða fyrir ýtrustu kröfum í öllum þessum atriðum, þ. e. a. s. 12 mílna landhelgi og allt að 200 mílna efnahagslögsögu. Hins vegar er ekki síður ljóst, að ekki er talið raunhæft að þvinga fram slíka samninga, sem ekki gætu orðið traustur grundvöllur. Er því höfuðáhersla lögð á að reyna nú enn frekar á fundinum í Genf að finna sem traustastan grundvöll fyrir heildarlausn. Aðalatriðið verður þá, að hve miklu leyti tekst að samræma sjónarmið meiri hlutans og minni hlutans. Meiri hlutinn teflir því þá fram, að unnt sé að ganga frá alþjóðasamningi þrátt fyrir mótmæli minni hlutans, en minni hlutinn bendir stöðugt á, að ef ekki verði samkomulag muni hann telja slíkar reglur sér óviðkomandi og á það þá bæði við efnahagslögsöguna og hagnýtingu auðlinda alþjóðahafsbotnssvæðisins. Meiri hlutinn vill því nokkuð á sig leggja til að ná samkomulagi. Hitt er ljóst, að minni hlutinn gerir sér grein fyrir því, að þróuninni í hafréttarmálum verður ekki snúið við eða hún stöðvuð, og er því reiðubúinn til að sýna sanngirni og gera ýmsar tilslakanir. Af þessum sökum verður nú gerð ýtrasta tilraun til að ná samkomulagi á Genfarfundinum.

Að því er sérstaklega varðar efnahagslögsöguna er ljóst, að mikið fylgi er fyrir því, að erlendir aðilar fái aðstöðu til að hagnýta þann hluta leyfilegs hámarksafla, sem strandríkið hagnýtir ekki. Jafnframt eru miklar kröfur uppi um, að gerðardómur fjalli um deilur sem upp kunna að koma vegna hafréttarmála. Afstaða íslensku sendinefndarinnar hefur frá öndverðu verið, að ákvörðun um leyfilegan hámarksafla og leyfi erlendra manna til fiskveiða innan efnahagslögsögunnar verði að vera í höndum strandríkisins sjálfs. Ekki hefur komið til átaka um þessi atriði, en þau munu ekki langt undan og verður að halda áfram að afla afstöðu íslensku sendinefndarinnar fylgis.

Þriðji þáttur hafréttarráðstefnunnar fer fram í Genf dagana 17. mars til 10. maí 1975. Í upphafi þeirra funda var ráðgert, að hinn 31. mars yrði staða mála metin í því skyni að sannreyna, hvort allar leiðir til að ná samkomulagi án atkvæðagreiðslu hefðu verið þrautkannaðar. Samkvæmt fundarsköpum ráðstefnunnar er slík ákvörðun nauðsynleg, áður en atkvæðagreiðsla getur hafist. Síðar var ákveðið að framlengja þetta tímabil til 7. apríl. Það hefur nú verið framlengt um óákveðinn tíma og rík áhersla verið lögð á störf í margs konar vinnuhópum, þar sem fulltrúar allra ríkja eiga sæti og fjallað er um hina einstöku málaflokka. Er þá miðað við, að árangur sé vænlegastur með þeim hætti. Á þessu stigi verður ekkert um það fullyrt, hversu lengi þessu fyrirkomulagi verður fram haldið né hvern árangur það ber, enda störfin seinunnin, þar sem nær 150 þjóðir eiga hlut að máli.

Undirnefndir, þær sem nú sitja að störfum, fjalla um ýmsa þætti landhelgi, umferð um sund, reglur á úthafinu, mengun, vísindalegar rannsóknir og alþjóðahafsbotnssvæðið. Jafnframt hefur Eversen-nefndin fundi á hverjum degi til að reyna að ná samkomulagi um einn texta fyrir hvern þátt hinna ýmsu málaflokka. Hefur hún lagt höfuðáherslu á efnahagslögsöguna, en tekur einnig fyrir aðra þætti með hliðsjón af gangi mála í undirnefndum ráðstefnunnar.

Þegar á heildina er litið, verður að telja, að talsvert þoki í átt til samkomulags og að ágreiningur sé minnkandi, enda þótt enn þá séu mikil átök um ýmis veigamikil atriði og þá einkum um fyrirkomulag stjórnunar á alþjóðahafsbotnssvæðinu, réttindi landluktra ríkja og þeirra, sem takmarkaða möguleika hafa á eigin efnahagslögsögu, svo og um yfirráð ríkja yfir hafsbotni utan 200 mílna. Öll eru þessi mál í deiglunni, en verða að leysast í heild. Sendinefnd Íslands tekur þátt í öllum vinnunefndum og miðar störf sín við að sem mestur árangur náist varðandi efnahagslögsöguna. Miðað er nú við, að gengið verði frá heildaruppkasti frá öllum

nefndum fyrir lok Genfarfundarins, en síðar verði lagðar til grundvallar frekari umræður snemma á næsta ári, en endanlega verði gengið frá málum í Caracas sumarið 1976.

### Fiskveiðilögsagan.

Ríkisstjórnin hefur sem kunnugt er á stefnuskrá sinni útfærslu fiskveiðitakmarkanna í 200 mílur fyrir árslok 1975. Hafa margvísleg tækifæri verið notuð til kynningar á þessari ákvörðun meðal annarra þjóða — og til þess að ávinna henni skilning og stuðning. Nánari ákvörðun um útfærsludag mun verða tekin síðar.

Í febrúar s. l. áttu sér stað í Reykjavík viðræður við fulltrúa landsstjórnar Færeyja um fiskveiðiréttindi færeyinga við Ísland. Staðfesting á niðurstöðu viðræðnanna var til meðferðar hér á Alþingi fyrir fáum dögum og skal ég því ekki fjölyrða málið hér, heldur einungis láta þess getið, að nú var í fyrsta sinn sett hámark á aflamagn færeyinga hér við land, 20 þúsund smálestir, en það er svipað og afli þeirra hefur verið allra síðustu ár. Færeyingar hafa um langt skeið notið sérstöðu til fiskveiða við Ísland, enda hygg ég að allir stjórnmálaflokkar og reyndar þjóðin öll, eða því sem næst, hafi verið sammála um þá ráðstöfun af ástæðum sem óþarft er að rekja hér. Slíkrar sérstöðu njóta færeyingar enn um sinn samkvæmt hinu nýja samkomulagi, sem gerir ráð fyrir áframhaldandi handfæra-, línu- og togveiðum þeirra innan hinna almennu fiskveiðimarka hér við land — með nokkrum takmörkunum vegna friðunarráðstafana og af tilliti til íslenskra sjómanna, auk aflahámarksins er ég nefndi. Því er ekki að leyna, að færeyingar kysu að hafa hér enn þá rýmri réttindi, einkum að vera án aflahámarks, en þó hygg ég að þeir eftir atvikum uni vel hinu nýja samkomulagi.

### Öryggismál.

Árið 1974 voru 25 ár liðin frá undirritun Atlantshafssáttmálans og stofnun Atlantshafsbandalagsins. Í því tilefni var vorfundur utanríkisráðherra bandalagsins haldinn í Ottawa í júnímánuði síðastliðnum. Á fundi þessum var gengið frá og samþykkt yfirlýsing um samband Atlantshafsríkjanna. Yfirlýsingin var síðar undirrituð á fundi æðstu manna í Brussel í júlímánuði.

Ég tel rétt að lesa hér upp síðustu greinina í þessari yfirlýsingu, en þar koma skýrt fram markmið bandalagsins og meðlimaríkja þess:

„Nú á þessu ári, þegar 25 ár eru liðin frá því að Norður-Atlantshafssamningurinn var undirritaður, lýsa aðildarríki bandalagsins enn á ný yfir stuðningi sínum við þau markmið og þær hugsjónir, sem sá samningur byggist á. Aðildarríki bandalagsins líta til framtíðarinnar af öryggi og eru þess fullviss að þjóðir þær, sem lönd þeirra byggja, búa yfir þeirri lífsorku og sköpunarmætti, sem gera mun þeim kleift að ráða fram úr þeim vandamálum, er þær standa frammi fyrir. Þau lýsa yfir þeirri staðföstu ályktun sinni, að Norður-Atlantshafsbandalagið muni hér eftir sem hingað til gegna sínu ómissandi hlutverki við að skapa þann varanlega frið, sem þau eru ákveðin í að koma á og viðhalda um ókomin ár."

Alþingi hefur þegar verið gerð grein fyrir samkomulagi ríkisstjórnarinnar við stjórn Bandaríkjanna um varnarliðið á Keflavíkurflugvelli, svo ég mun ekki dvelja við það atriði, nema hvað þess má geta, að viðræður embættismanna um framkvæmd samkomulagsins ganga eins og ráð var fyrir gert.

### Norðurlandasamvinna.

Norræn samvinna skipar nú sem áður háan sess í samskiptum okkar við önnur lönd. Þetta kemur meðal annars fram í tíðum norrænum viðræðum um hin margvíslegustu málefni og sífellt fleiri samningagerðum á ýmsum hagnýtum sviðum.

Af meiri háttar norrænum skoðanaskiptum er skemmst að minnast þings Norðurlandaráðs hér í Reykjavík, auk hinna reglubundnu ráðherrafunda, og á samningasviði er nú síðast að geta Norðurlandasamnings um bætur vegna veikinda, meðgöngu og barnsburðar, sem undirritaður var í Kaupmannahöfn nýlega.

Norðurlönd hafa komið ár sinni vel fyrir borð með nokkuð mismunandi hætti í milliríkjasamskiptum — en þau eru einhuga að því er viðvíkur eflingu norræns samstarfs. Mismunandi fyrirkomulag á samskiptum þeirra við önnur ríki hefur að sjálfsögðu fyrst og fremst sprottið af viðleitni Norðurlandanna hvers um sig til að gæta sem best eigin hagsmuna, en um leið hefur þessi fjölbreytni á vissan hátt orðið þeim sem heild styrkur. Og með hinu nána samstarfi sín á milli um alþjóðamál hefur þeim oft tekist að hafa áhrif til farsællar þróunar langt umfram það, sem ætla mætti um ekki fjölmennari ríki. Þess er að vænta, að norrænt samstarf haldi áfram að eflast og dafna.

## Evrópuráðið.

Starfsemi Evrópuráðsins og þátttaka Íslands í henni var með svipuðum hætti á árinu 1974 og áður var.

Þær urðu helstar breytingar á starfsemi og rekstri Evrópuráðsins, að nýr aðalframkvæmdastjóri tók þar við störfum. Er það þjóðverjinn Georg Kahn-Ackermann úr hópi sósíaldemókrata. Átti hann um árabil sæti á þjóðþingi (Bundestag) Sambandslýðveldisins Þýskalands sem þingmaður úr flokki sósíaldemókrata og var jafnframt lengi einn af fulltrúum V.-Þýskalands á Evrópuþinginu. Hann hlaut kosningu til þessa embættis á maífundi Evrópuráðsins og tók við störfum í september.

Hinn nýi aðalframkvæmdastjóri hefur að undanförnu heimsótt ýmis aðildarríki Evrópuráðsins, eins og venja mun vera þegar nýr maður tekur við því embætti. Mun hann hafa í hyggju að ljúka við þær heimsóknir á þessu ári og hefur hann m. a. boðað komu sína hingað til Íslands einhvern tíma á þessu ári og er enn ekki ákveðið nánar hvenær það kann að verða.

Á stjórnmálasviðinu má það til tíðinda teljast, að því er Evrópuráðið varðar, að eftir að stjórnarskiptin urðu í Grikklandi, þegar herforingjastjórninni var velt af stóli og ný og lýðræðislegri stjórn tók við völdum, þóttu stjórnarhættir þar í landi hafa breyst í nægilega lýðræðislegt horf aftur, til þess að unnt væri að veita Grikklandi á nýjan leik fulla aðild að Evrópuráðinu. Gerðist það á fundi ráðherranefndarinnar í París á s. l. hausti, en áður hafði Evrópuráðsþingið gert samþykkt um að veita Grikklandi aðild að ráðinu á nýjan leik.

Evrópuráðið lét Kýpurdeiluna mjög til sín taka, einkum eftir að átök hörðnuðu þar á árinu. Meðal annars beitti Evrópuráðið sér fyrir fjársöfnun til aðstoðar flóttafólki á Kýpur, og lagði Ísland til nokkra fjárhæð (800 þús. kr.) í söfnun þessa.

Í Mannréttindadómstól Evrópu á nú sæti af Íslands hálfu prófessor Þór Vilhjálmsson, en fulltrúi Íslands í Mannréttindanefndinni er dr. Gaukur Jörundsson prófessor.

Fulltrúar Íslands, aðallega frá ýmsum ráðuneytum stjórnarráðsins og sérstofnunum ríkisins, sóttu fundi á árinu í ýmsum hinna fjölmörgu nefnda, sem á vegum Evrópuráðsins starfa að athugunum og skoðanaskiptum á fjölmörgum sviðum stjórnsýslunnar. Fulltrúar þeir, sem slíka fundi sóttu, voru m. a. frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, félagsmálaráðuneytinu, menntamálaráðuneytinu, viðskiptaráðuneytinu, samgönguráðuneytinu og fleiri stofnunum. Er ekki fjarri lagi, að fjöldi þeirra nefndarfunda, sem íslenskir embættismenn hafa tekið þátt í, séu að minnsta kosti 40—50 að tölu, og fóru þeir fram ýmist í Strasbourg eða einhverjum aðildarríkjanna. Skal það tekið fram, að Evrópuráðið greiðir öll fargjöld og dvalarkostnað fyrir þá fulltrúa, sem af Íslands hálfu hafa sótt fundi þessa.

**Viðskiptamál.**

Fríverslunarsamningur Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu tók gildi 1. apríl 1973. Verndartollar á iðnaðarvörum frá aðildarríkjum bandalagsins hafa síðan verið lækkaðir þrívegis, fyrst um 30% við gildistöku samningsins, síðan um 10% 1. janúar 1974 og loks um 10% í ársbyrjun 1975. Umsamin tollalækkunaráætlun gagnvart Efnahagsbandalaginu er hin sama og í samningnum við EFTA, en skv. henni er gert ráð fyrir að verndartollar á iðnaðarvörum lækki hérlendis gagnvart aðildarríkjum þessara samtaka á tímabilinu fram til 1. janúar 1980 og verði þá að fullu afnumdir. Við framkvæmd tollalækkananna hefur þess jafnframt verið gætt, að tollamismunur milli EBE og EFTA-landa annars vegar og landa utan þessara samtaka hins vegar aukist ekki frá því sem hann var við upphaf tollalækkananna.

Að því er snertir tollfríðindi fyrir íslenskar iðnaðarvörur, sem fluttar eru út til Efnahagsbandalagsins, þá hafa tollar á þeim lækkað þrívegis, samtals um 60%, í samræmi við ákvæði fríverslunarsamningsins. Hins vegar hafa umsamin tollfríðindi fyrir íslenskar sjávarafurðir enn ekki komið til framkvæmda vegna þess ákvæðis í samningnum, að gildistaka þeirra sé bundin því skilyrði, að viðunandi lausn náist fyrir aðildarríki Efnahagsbandalagsins á sviði fiskveiðiréttinda. Þar sem þjóðverjar hafa enn ekki náð samkomulagi, þá hafa þeir lagst gegn því að ákvæði samningsins um tollfríðindi fyrir sjávarafurðir tækju gildi. Þar af leiðandi hefur samningurinn ekki enn haft verulega þýðingu fyrir útflutninginn í heild. Tollar á sjávarafurðum í gömlu efnahagsbandalagslöndunum hafa því enn þá ekki lækkað eins og samningurinn kveður á um, og af sömu sökum hafa tollar verið lagðir að nýju á sjávarafurðir, eins og t. d. frysta rækju, freðfiskflök og lagmeti, í Bretlandi og Danmörku frá 1. janúar 1974, sem fara síðan hækkandi í áföngum fram til 1. júlí 1977, þegar þeir verða hinir sömu og ytri tollur Efnahagsbandalagsins. Vörur þessar urðu tollfrjálsar í Bretlandi og Danmörku við aðild okkar að EFTA 1. mars 1970. Við þetta bætist svo, að v-þjóðverjar settu óformlegt löndunarbann á ísfisk í október 1974. Þeirri aðgerð var mótmælt af Íslands hálfu í GATT svo og í OECD og enn fremur við Efnahagsbandalagið.

Á reglulegum fundum með Efnahagsbandalaginu, þar sem fjallað er um framkvæmd fríverslunarsamningsins, hefur af Íslands hálfu verið lýst óánægju með að jafnvægi það, sem samningurinn gerir ráð fyrir milli kvaða og hagsbóta samningsaðilanna, sé alls ekki fyrir hendi, meðan fríðindi fyrir sjávarafurðirnar koma ekki til framkvæmda.

Ráðherraráð EFTA hefur látið málið til sín taka, er það samþykkti á fundi sínum í nóvember 1974 að lýsa áhyggjum sínum yfir því, að fríverslunarsamningur Íslands við Efnahagsbandalagið væri ekki að fullu kominn til framkvæmda. EFTA-ríkin áréttuðu þessa afstöðu sína í reglulegum viðræðum sínum við bandalagið í desember s. l.

Framkvæmd áætlunar um lækkun verndartolla á vörum frá EFTA-löndum er nú hálfnuð, en tollfrelsi fyrir íslenskar vörur í EFTA-löndum fékkst þegar við aðild að samtökunum 1. mars 1970. Meginverkefni samtakanna er samræming á framkvæmd fríverslunarsamninga aðildarríkjanna við Efnahagsbandalagið. Þá fer og fram athugun á því hvort heppilegt sé og á hvern hátt auka megi samráð aðildarríkjanna um efnahags- og viðskiptamál á alþjóðavettvangi.

Sökum þess hversu þýðingarmikil utanríkisviðskiptin eru fyrir efnahag okkar, þá hlýtur það að vera okkur hagsmunamál, að alþjóðleg viðskipti séu sem frjálsust. Þess vegna er rík ástæða til að taka þátt í alþjóðasamstarfi á vegum GATT, sem hefur afnám hindrana á viðskiptum þjóða í milli að markmiði. Á ráðherrafundi GATT í Tókíó í september 1973 var ákveðið að hefja nýjar viðræður um frekara afnám hindrana á viðskiptum. Viðræður þessar virðast nú vera að komast á nokkuð skrið, enda hafa bæði Bandaríkin og Efnahagsbandalagið markað stefnu sína í þeim í höfuðdráttum. Upphaflega var gert ráð fyrir, að þessum viðræðum yrði lokið á árinu 1975, en vafalítið eiga þær eftir að taka nokkru lengri tíma.

**Þátttaka í fundum alþjóðastofnana og ferðalög.**

Ég hef sótt fundi utanríkisráðherra Norðurlanda vor og haust og einnig hina reglubundnu NATO-fundi í apríl og desember eins og venja er til. Enn fremur sótti ég Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna að vanda.

Ég tel þátttöku í þessum fundum mjög gagnlega, ekki einungis vegna mála þeirra, sem fjallað er um, heldur einnig vegna persónulegra kynna við starfsbræður mína, sem þar þróast og nauðsynleg eru á þessum tímum snöggra breytinga og aukinna samskipta.

Í febrúarbyrjun þáði ég og kona mín boð í opinbera heimsókn til Sovétríkjanna. Dvöldum við þar ásamt ráðuneytisstjóra utanríkisráðuneytisins í 9 daga. Móttökur allar voru með ágætum, og tel ég að ferðin hafi verið til gagns fyrir samskipti Íslands og Sovétríkjanna. Ég bauð A.A. Gromyko utanríkisráðherra, fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands, að koma í opinbera heimsókn til Íslands þegar tækifæri gæfist.

**Samstarfið við utanríkismálanefnd.**

Ég hef eins og áður leitast við að hafa náið samband við utanríkismálanefnd Alþingis. Ég hef setið flesta fundi nefndarinnar og gert henni grein fyrir gangi utanríkismála og skýrt afstöðu ríkisstjórnarinnar til þeirra.

Vil ég bera fram þakkir mínar til nefndarinnar fyrir samstarfið.

## Ed. 588. Breytingartillögur [130. mál]

við frv. til l. um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingu og ófrjósemisaðgerðir.

Frá Þorv. Garðari Kristjánssyni.

1. Við 9. gr. Greinin orðist svo:
   Fóstureyðing er heimil:
   a) Þegar ætla má, að heilsu konu, líkamlegri eða andlegri, sé hætta búin af áframhaldandi meðgöngu og fæðingu.
   b) Þegar ætla má, að barn, sem konan gengur með, eigi á hættu að fæðast vanskapað eða haldið alvarlegum sjúkdómi vegna erfða eða sköddunar í fósturlífi.
   c) Þegar sjúkdómur, líkamlegur eða geðrænn, dregur alvarlega úr getu konu eða manns til að annast og ala upp barn.
   d) Ef konu hefur verið nauðgað eða hún orðið þunguð sem afleiðing af öðru refsiverðu atferli.
2. Við 11. gr. Greinin orðist svo:
   Áður en fóstureyðing má fara fram, verður að liggja fyrir skrifleg rökstudd greinargerð tveggja lækna um nauðsyn aðgerðarinnar. Annar þessara lækna sé sérfræðingur í kvensjúkdómum eða almennum skurðlækningum við það sjúkrahús, þar sem aðgerðin fer fram, en hinn að jafnaði sá læknir, sem ráðlagt hefur konunni að leita sjúkrahúss þessara erinda.
   Þar sem ástæða þykir til skal viðkomandi sérfræðingur styðjast við álitsgerð geðlæknis, sé um geðræna sjúkdóma að ræða.
3. Við 28. gr. 2. mgr. orðist svo:
   Í nefndinni skulu eiga sæti 3 menn og jafnmargir varamenn, tveir læknar og einn lögfræðingur, og skulu þeir skipaðir af heilbrigðisráðherra til 4 ára í senn. Nefndin skal úrskurða málið innan viku frá því að henni berst það í hendur.

## Ed. 589. Nefndarálit [140. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 51 frá 16. maí 1974, um gatnagerðargjöld.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur tekið frumvarpið til meðferðar og mælir með að það verði samþykkt.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Eggert G. Þorsteinsson, Steingrímur Hermannsson og Ólafur Ólafsson.

Alþingi, 7. maí 1975.

Þorv. Garðar Kristjánsson, form., frsm. Steinþór Gestsson, fundaskr. Axel Jónsson.

Helgi F. Seljan.

## Ed. 590. Nefndarálit [163. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 8/1972, um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur tekið frumvarpið til meðferðar og mælir með að það verði samþykkt.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Eggert G. Þorsteinsson, Steingrímur Hermannsson og Ólafur Ólafsson.

Alþingi, 7. maí 1975.

Þorv. Garðar Kristjánsson, form., frsm. Steinþór Gestsson, fundaskr. Axel Jónsson.

Helgi F. Seljan.

## Ed. 591. Nefndarálit [269. mál]

um frv. til l. um breyting á mörkum Reykjavíkur og Kópavogs.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Steingrímur Hermannsson, Ólafur Ólafsson og Eggert G. Þorsteinsson.

Alþingi, 7. maí 1975.

Þorv. Garðar Kristjánsson, form. Steinþór Gestsson, fundaskr. Axel Jónsson, frsm.

Helgi F. Seljan.

## Nd. 592. Nefndarálit [55. mál]

um frv. til l. um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Undirritaður meiri hluti nefndarinnar **mælir með samþykkt frv.** með þeim breytingum, sem prentaðar verða á sérstöku þingskjali. MTÓ ritar undir með fyrirvara. Breytingar þær, sem um ræðir, varða einungis 9. gr. frv., en sú grein fjallar um lagalega stöðu og fjárveitingarétttindi Verslunarskóla Íslands og Samvinnuskólans að Bifröst í Borgarfirði.

Að dómi meiri hluta nefndarinnar er sú stefna eðlileg, sem fram kemur í frumvarpinu, að virða beri sjálfstæði þessara skóla og sérstöðu í menntakerfi þjóðarinnar um margra áratuga skeið. Undirritaður meiri hluti telur því ekki ástæðu til að breyta þeirri skipan, að skólarnir séu áfram að formi til sjálfseignarstofnanir eða einkaskólar, þótt þeim yrði nú að lögum fenginn ríkur réttur til fjárveitinga úr ríkissjóði. Eigi að síður teljum við **nauðsynlegt** að tryggja ríkinu aðild að stjórn skólanna, og felur umorðun okkar á 9. gr. m. a. í sér slíka tryggingu. Samkvæmt tillögu okkar skal menntamálaráðherra tilnefna fulltrúa af sinni hálfu til setu í stjórnarnefnd hvors skóla. Einnig felst það í umorðun okkar á 9. gr., að eignarráð yfir skólahúsnæði flyst yfir til ríkisins í réttu hlutfalli við stofnframlög þess, ef skólar þessir verða lagðir niður eða ef svo fer, að slíkt skólahúsnæði er ekki hagnýtt í þágu skólanna. Með þessu ákvæði telur meiri hluti nefndarinnar girt fyrir það, að eignaraðilar skólanna geti auðgast á kostnað ríkisins. Þá gerir nefndin það einnig að tillögu sinni í umræddri umorðun 9. gr., að lögfest verði, að skólaráð, skipað fulltrúum kennara og nemenda ásamt skólastjóra, starfi við Samvinnuskólann og Verslunarskóla Íslands.

Að öðru leyti telur undirritaður meiri hluti ekki ástæðu til breytinga á frv. Gunnlaugur Finnsson var fjarverandi þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 3. maí 1975.

| | | |
|---|---|---|
| Ingvar Gíslason, form., frsm. | Sigurlaug Bjarnadóttir, fundaskr. | Magnús T. Ólafsson, með fyrirvara. |
| Ey. Kon. Jónsson. | Ellert B. Schram. | |

## Nd. 593. Breytingartillaga [55. mál]

við frv. til l. um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

9. gr. orðist svo:

Samvinnuskólinn og Verslunarskóli Íslands hafa rétt til þess að halda áfram að rækja það fræðslustarf, sem þeir hingað til hafa annast, og til að auka það og sérhæfa eftir því sem aðstæður leyfa og þörf krefur á hverjum tíma.

Um fjárveitingu úr ríkissjóði til nefndra skóla skulu eftirfarandi ákvæði gilda:

a) Rekstrarkostnaður skólanna skal greiddur að fullu, annar en rekstrarkostnaður heimavistar, þar sem hennar er þörf, en til hennar skal veitt fjárveiting, er nemur 80% kostnaðar. Framlag ríkissjóðs samkvæmt þessum staflið skal að hámarki miða við kostnað í ríkisskólum á sama fræðslustigi.

b) Stofnkostnaður þess kennsluhúsnæðis, sem byggt verður eftir gildistöku laga þessara, skal greiddur úr ríkissjóði að 80% og skal hið sama gilda um heimavist, þar sem hennar er talin þörf.

Skilyrði nefndra fjárveitinga er, að menntamálaráðuneytið hafi samþykkt árlega áætlun rekstrarkostnaðar skólanna og að fé sé veitt í fjárlögum fyrir stofnkostnaði, enda liggi áður fyrir samþykki stjórnvalda fyrir nýjum byggingarframkvæmdum.

Framlög ríkisins samkvæmt þessari grein miðast við, að skólar þessir starfi í samræmi við meginstefnu 5. gr. þessara laga svo og skv. þeim reglugerðum, sem settar verða.

Nú eru skólar þessir lagðir niður eða svo fer, að ekki er hagnýtt í þágu skólanna skólahúsnæði, hvort sem er til kennslu eða heimavistar, og fær ríkið þá eignarráð yfir hlutaðeigandi húsnæði í samræmi við stofnkostnaðarframlög sín. Ef ágreiningur verður um eignaskiptingu, skal dómkveðja þrjá óvilhalla menn til þess að kveða á um skiptinguna og er úrskurður þeirra endanlegur.

Skólanefndir skulu starfa við Samvinnuskólann og Verslunarskóla Íslands. Hafa þær með höndum fjárreiður skólanna og eignaumsýslu í umboði eigenda. Skólanefndir ráða skólastjóra svo og kennara í samráði við hann. Í skólanefnd sitja fimm fulltrúar. Skal einn tilnefndur af menntamálaráðherra, en eignaraðilar tilnefna fjóra. Nefndin kýs sér sjálf formann og varaformann.

Við Samvinnuskólann og Verslunarskóla Íslands skulu starfa skólaráð, skipuð fulltrúum kennara og nemenda ásamt skólastjóra.

## Nd. 594. Nefndarálit [100. mál]

um till. til þál. um sérkennslumál.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur rætt tillöguna á nokkrum fundum. Leitað var umsagna frá rektor Kennaraháskóla Íslands, Félagi íslenskra sérkennara og Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Umsagnir þessara þriggja aðila voru allar jákvæðar. Félag íslenskra sérkennara lagði áherslu á, að ráðinn verði sérstakur starfsmaður innan menntamálaráðuneytisins, sem hafi yfirumsjón með sérkennslumálum alls landsins, og að skjótra úrbóta sé þörf í þessum málum úti á landsbyggðinni.

Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar með lítið eitt breyttu orðalagi — Gunnlaugur Finnsson var fjarstaddur við afgreiðslu málsins.

BREYTINGARTILLAGA:

Tillgr. hljóði svo:

Alþingi ályktar, að brýna nauðsyn beri til að gera hið fyrsta ráðstafanir til að bæta úr vöntun á sérkennslu afbrigðilegra barna í grunnskólum landsins. Á það sérstaklega við um skóla landsbyggðarinnar.

Í því skyni skal að því stefnt, að sérstökum starfsmanni innan menntamálaráðuneytisins verði falið könnunar- og skipulagningarstarf á þessu sviði. Sé hann um leið skólastjórum og fræðsluráðum til ráðuneytis og aðstoðar í þessum málum.

Jafnframt skal áhersla lögð á menntun sérkennara við Kennaraháskóla Íslands og námskeið fyrir almenna kennara í kennslu og handleiðslu afbrigðilegra barna.

Alþingi, 7. maí 1975.

| | | |
|---|---|---|
| Ingvar Gíslason, form. | Sigurlaug Bjarnadóttir, fundaskr., frsm. | Ellert B. Schram. |
| Svava Jakobsdóttir. | Ey. Kon. Jónsson. | Magnús T. Ólafsson. |

**Sþ.** **595. Þingsályktun** [113. mál]

um öryggisbúnað flugvalla.

(Afgreidd frá Sþ. 7. maí.)

Samhljóða þskj. 138.

**Nd.** **596. Breytingartillaga** [251. mál]

um frv. til l. um ráðstöfun gengismunar í þágu sjávarútvegsins skv. lögum nr. 2/1975 og um ráðstafanir vegna hækkunar brennsluolíuverðs til fiskiskipa.

Frá Pétri Sigurðssyni og Jóni Skaftasyni.

Við 3. tölulið ákvæða til bráðabirgða bætist:

Sjávarútvegsráðuneytið skal setja reglur um framkvæmd þessa liðar, þar sem m. a. verði kveðið á um hvernig meta skuli það afurðamagn, sem framleitt hefur verið úr hráefnisbirgðum loðnuverksmiðja eins og þær voru um miðnætti 15. febrúar 1975.

**Sþ.** **597. Þingsályktun** [88. mál]

um landmælingastjórn ríkisins.

(Afgreidd frá Sþ. 7. maí.)

Samhljóða þskj. 96.

**Ed.** **598. Nefndarálit** [66. mál]

um frv. til laga um Sjóvinnuskóla Íslands.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin mælir með samþykkt frv. með þeim breytingum sem neðri deild hefur á því gert.

Alþingi, 3. maí 1975.

Steingr. Hermannsson, form., frsm. Halldór Ásgrímsson, fundaskr. Soffía Guðmundsdóttir.

Oddur Ólafsson. Jón Árnason. Jón G. Sólnes.

Jón Árm. Héðinsson.

**Sþ.** **599. Þingsályktun** [110. mál]

um nefndarskipan um áfengismál.

(Afgreidd frá Sþ. 7. maí.)

Alþingi ályktar að kjósa nú þegar nefnd manna, er hafi það verkefni að gera úttekt á stöðu áfengismálanna í dag, sérstaklega með tilliti til hrikalegra afleiðinga af ofneyslu áfengis, sem hvarvetna blasa við.

Nefndin skal leitast við að gera tillögur til úrbóta, hún skal hraða störfum sem mest og leggja bráðabirgðaálit og tillögur fyrir þingflokkana á næsta reglulegu Alþingi.

Nefndin skal skipuð 5 mönnum eftir tilnefningu hvers þingflokks.

## Nd. 600. Frumvarp til laga [281. mál]

um breyting á lögum nr. 73 25. nóv. 1952, um tilkynningar aðsetursskipta.

Frá allsherjarnefnd.

**1. gr.**

Aftan við 4. gr. laganna (2. gr. laga nr. 15 17. nóv. 1956) komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Hver sá, sem hefur í hyggju að skipta um aðsetur á tímabilinu 16. nóvember til 1. desember á ári hverju, skal tilkynna það hlutaðeigandi sveitarstjórn eigi síðar en 15. nóvember, enda liggi þá fyrir, hvert hann flytur. Sama tilkynningarskylda hvílir á þeim, sem áformar að taka sér nýtt heimilisfang á fyrr greindu tímabili, án þess að hann flytji þangað aðsetur sitt að svo stöddu.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Greinargerð.

Nefndin flytur frv. þetta að beiðni Hagstofu Íslands, en nefndarmenn hafa óbundnar hendur um afgreiðslu málsins. Frv. fylgdi eftirfarandi greinargerð:

Samkvæmt lögum nr. 54/1962, um þjóðskrá og almannaskráningu, er þjóðskráin færð fram til 1. desember árlega á grundvelli aðseturstilkynninga, skýrslna um fæðingar, skírnir, hjónavígslur og mannslát og ýmissa annarra heimildargagna. Í samræmi við þetta hafa tilkynningar um aðsetursskipti til nóvemberloka verið teknar til greina við gerð íbúaskráa, sem gefnar eru út eftir þjóðskrá 1. desember. Af þessum sökum hefur lokaátak við færslu þjóðskrár fram til 1. desember ekki getað hafist fyrr en um þau mánaðamót. — Verki þessu verður að ljúka fyrir áramót, til þess að Skýrsluvélar ríkisins og Reykjavíkurborgar geti þá tekið við og haft árituð framtöl allra gjaldenda og önnur skattálagningargögn tilbúin í tæka tíð í janúar.

Áður fyrr gekk tiltölulega greiðlega að ljúka framfærslu þjóðskrár á Hagstofunni fyrir áramót, en á síðustu árum hefur, vegna vaxandi gagnamagns og af öðrum ástæðum, staðið alltæpt, að þetta tækist, og til þess hefur raunar þurft að láta vinna meiri yfirvinnu en hóflegt getur talist, bæði í nóvember og desember.

Ákvæði þessa frumvarps miða að því að auka svigrúm Hagstofunnar til að ljúka árlegri framfærslu þjóðskrár fyrir áramót. Gert er ráð fyrir, að þeir, sem hafa í hyggju að flytja á tímabilinu 16. nóvember til 1. desember á ári hverju, skuli tilkynna það eigi síðar en 15. nóvember, enda liggi þá fyrir, hvert menn flytja. Með þessu mundi lokaátak til árlegrar framfærslu þjóðskrár geta hafist þegar um miðjan nóvember, eða tveimur vikum fyrr en hingað til. Af þessu leiddi, að unnt yrði að draga verulega úr yfirvinnu við framfærslu þjóðskrár í nóvember og desember. Annar ávinningur af þessari breyttu tilhögun er sá, að með henni ættu vinnuóhöpp á Hagstofunni, sem alltaf eru möguleg, ekki að geta leitt til þess, að þjóðskráin verði of seint tilbúin til nauðsynlegrar skattvinnslu í janúarmánuði.

Á það skal bent, að ákvæði þessa frumvarps fela ekki í sér neina nýja kvöð á almenningi að heitið geti. Tilgangurinn með þessari breytingu er sá einn að

heimila, að lokað verði fyrir árlega móttöku aðseturstilkynninga um miðjan nóvember, í stað þess að halda henni áfram til 1. desember, eins og skylt hefur verið að gera hingað til.

## Nd. 601. Lög [25. mál]

um breyting á lögum nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

(Afgreidd frá Nd. 7. maí.)

Samhljóða þskj. 28.

## Sþ. 602. Tillaga til þingsályktunar [282. mál]

um breytta tilhögun niðurgreiðslna á innlendum landbúnaðarafurðum.

Flm: Gylfi Þ. Gíslason, Benedikt Gröndal, Eggert G. Þorsteinsson, Jón Árm. Héðinsson, Sighvatur Björgvinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta kanna, hvort ekki sé hægt að verja því fé, sem nú er greitt úr ríkissjóði til þess að lækka söluverð innlendra landbúnaðarafurða á innlendum markaði, þannig, að það annars vegar komi neytendum að betri notum og þá sérstaklega, að það verði til þess að stuðla að aukinni kjarajöfnun, og hins vegar, að það komi í veg fyrir þá mismunun, sem núgildandi niðurgreiðslukerfi veldur milli einstakra greina í landbúnaði, og eins, hvort ekki megi beita þessu almannafé betur til þess að styðja við þá bændur, sem við erfið kjör búa.

Könnun þessa skal ríkisstjórnin fela fulltrúum, kjörnum af eftirgreindum samtökum: Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Bandalagi háskólamanna, Stéttarsambandi bænda, Framleiðsluráði landbúnaðarins og Búnaðarfélagi Íslands, einum frá hverju þessara samtaka. Ríkisstjórnin skipar formann nefndarinnar.

### Greinargerð.

Íslenskar landbúnaðarvörur hafa verið greiddar niður á innlendum markaði í áratugi. Upphaflega var fraið inn á þessa braut til þess að koma í veg fyrir hækkun verðs landbúnaðarafurðanna og þau áhrif, sem það mundi hafa til hækkunar á vísitölu framfærslukostnaðar. Á þeim árum voru innlendar landbúnaðarafurðir stærri þáttur í útgjöldum vísitölufjölskyldunnar en síðar varð og nú á sér stað, svo að vísitalan var mjög viðkvæm fyrir breytingum á verði landbúnaðarafurða, eins og hún er raunar enn, þótt ekki sé í jafn ríkum mæli.

Í fyrstu voru þessar niðurgreiðslur ekki verulegar. En þær fóru smám saman vaxandi, og á síðari árum hafa þær aukist stórlega. Á árinu 1947 námu niðurgreiðslurnar tæplega 3 800 millj. kr. Á þessu ári er áætlað, að þær muni nema 4 200—4 300 millj. kr., miðað við þær niðurgreiðslur, sem nú eru í gildi.

Aukning niðurgreiðslanna hefur jafnan verið rökstudd með sama hætti og þegar þær voru fyrst teknar upp. Niðurgreiðslurnar hafa verið hagstjórnartæki stjórnvalda í baráttu við vaxandi dýrtíð. Þeim hefur verið ætlað að koma í veg fyrir hækkun vísitölu framfærslukostnaðar með sérstöku tilliti til þess, að kaupgjald hefur lengst af verið tengt breytingum á framfærsluvísitölu, með nokkrum takmörkunum þó, að því er snertir þátt kaupgjalds bænda í afurðaverði. Það eru því að sjálfsögðu fyrst og fremst neytendur, sem notið hafa þess í lægra verði á innlendum landbúnaðarafurðum, að ríkisvaldið hefur varið miklu af fé skattgreið-

enda til niðurgreiðslna. Á hinn bóginn hafa framleiðendur landbúnaðarafurða notið þess á óbeinan hátt, að vörur þeirra hafa verið til sölu á miklu lægra verði en ella, ef engar eða minni niðurgreiðslur hefðu átt sér stað. Innlendar landbúnaðarvörur hafa með þessum hætti orðið samkeppnishæfari en ella við erlendar matvörur.

Niðurgreiðslur á innlendum landbúnaðarafurðum tíðkast víða um lönd. Sums staðar er ástæðan hliðstæð þeirri, sem hér hefur ráðið stefnunni. Verið er að halda niðri verði á mikilvægum og hollum neysluvörum almennings. Annars staðar er verið að vernda innlenda landbúnaðarframleiðslu gegn samkeppni af hálfu erlends landbúnaðar. Slíku er ekki til að dreifa hér, þar eð bannaður er innflutningur allrar erlendrar landbúnaðarvöru, sem framleidd er í landinu sjálfu. Hér er hlutverk niðurgreiðslnanna fyrst og fremst að halda niðri innlendu verðlagi, að koma í veg fyrir hækkun á framfærslukostnaði, sem ella mundi eiga sér stað.

Þegar niðurgreiðslur eru hvorki verulegur hluti af framleiðsluverði afurðanna né heldur af tekjum þeirra neytenda, sem þær kaupa, má segja, að þær hafi ekki teljandi efnahagsáhrif umfram það, sem þeim er ætlað, þ. e. að hafa áhrif til verðlagslækkunar frá því, sem ella ætti sér stað. En þegar niðurgreiðslur eru orðnar mjög miklar, fara þær að hafa alls konar aukaáhrif, sem ekki var gert ráð fyrir í upphafi né ætlast til.. Niðurgreiðslur á íslenskum landbúnaðarvörum eru nú orðnar hlutfallslega meiri en tíðkast í nokkru nálægu landi, og á það við, hvort sem miðað er við framleiðslukostnað þeirra innanlands eða tekjur neytenda. Á síðasta framleiðsluári, árinu 1973—74, mun heildsöluverð íslenskra landbúnaðarafurða hafa numið um 11 500 millj. kr. Niðurgreiðslur á þessum vörum innanlands námu um 3 000 millj. kr. eða 26% heildsöluverðsins. Á framleiðsluárinu 1974—75 má gera ráð fyrir, að heildsöluverð afurðanna verði um 15 000 millj. kr. Miðað við þær reglur um niðurgreiðslur, sem nú eru í gildi, nema þær um 4 000—4 200 millj. kr. á þessa framleiðslu á ársgrundvelli, og svarar það til 26—27% heildsöluverðsins. Ráðstöfunartekjur heimilanna á þessu ári má áætla um 105—110 millj. kr. Niðurgreiðslurnar nema því um 4% af heildarupphæð tekna heimilanna.

Áhrif niðurgreiðslnanna á einstakar vörutegundir sést best, ef athugað er, hvað nokkrar helstu landbúnaðarafurðirnar mundu kosta, ef þær væru ekki greiddar niður, og hver áhrif niðurgreiðslurnar hafa á útsöluverðið. Súpukjöt mundi nú kosta óniðurgreitt 509 kr. kg. Niðurgreiðsla nemur 155.90 kr. eða 37% af verðinu óniðurgreiddu. Mjólk mundi kosta 65.13 kr. lítrinn, ef hún væri ekki greidd niður. Niðurgreiðslan nemur 32.13 kr. eða 49% af verðinu óniðurgreiddu. Neytandinn greiðir því um helming þess, sem mjólkin kostar raunverulega. 45% ostur mundi kosta 467 kr. hvert kg. Niðurgreiðslan nemur 90 kr. eða 19%. Smjör mundi kosta 845 kr. Niðurgreiðslan nemur 47% eða næstum helmingi raunverulegs verðs. Á hinn bóginn er hvorki nautakjöt, svínakjöt né alifuglakjöt greitt niður. Þessar landbúnaðarafurðir greiðir neytandinn fullu verði.

Þegar niðurgreiðslur eru orðnar svo miklar sem hér um ræðir, hljóta ýmsar spurningar að vakna. Að því er neytanda snertir, hlýtur spurningin að vera sú, hvort svo miklar niðurgreiðslur sem hér um ræðir torveldi honum ekki að hagnýta tekjur sínar á þann hátt, að hann hafi af þeim sem mest notagildi. Til þess að njóta þess hagræðis, sem ríkisvaldið vill veita honum með því að verja jafngífurlegum fjárhæðum og raun ber vitni til niðurgreiðslna, verður hann að kaupa hinar niðurgreiddu vörur til þess að njóta hagræðisins. Hann nýtur hagræðisins t. d., ef hann kaupir súpukjöt, en hann nýtur einskis hagræðis, ef hann kaupir kjúkling, svo að ekki sé talað um einhverja aðra vöru, t. d. innlenda iðnaðarvöru, svo sem fatnað, hreinlætisvöru eða húsgagn, sem hann kann fremur að kjósa en matvöru. Mjög miklar niðurgreiðslur knýja neytendur m. ö. o. til neysluvals, sem verið getur, að þeir kæri sig ekki um og telji í raun og veru rýra raungildi tekna sinna. Þá hlýtur sú spurning einnig að vakna, hvort ástæða sé til þess að greiða tekjuháu fólki jafnmikið fé í niðurgreiðslur og á sér stað, þegar þær hafa náð þeim gífurlegu upphæðum, sem nú er varið í þessu skyni. Tiltölulega litlar niðurgreiðslur á matvælum hafa ekki teljandi áhrif á raunverulega tekjuráðstöfun og tekjuskiptingu. Neysla

þeirra, sem háar tekjur hafa, er auðvitað meiri en hinna, sem lægri hafa tekjur, einnig neysla þeirra af matvælum, þótt eflaust sé meiri munur á annarri neyslu. Af þessu leiðir að sjálfsögðu, að þeim mun meiri sem niðurgreiðslur eru, þeim mun meira fá hinir tekjuhærri í sinn hlut af þeirri heildarfúlgu, sem ríkisvaldið ver til niðurgreiðslna, en hinir tekjulægri hlutfallslega minna.

Að því er framleiðendur landbúnaðarafurða snertir vakna tvær spurningar í sambandi við hinar miklu niðurgreiðslur. Þær eru mjög misjafnar á einstakar landbúnaðarafurðir og skapa því framleiðendum mjög misjöfn söluskilyrði. Samkeppnisaðstaða einstakra greina innan landbúnaðarins hefur verið gerð mjög ójöfn. Vissar kjöttegundir, svo sem nautakjöt, svínakjöt og fuglakjöt, eru svo dýrar miðað við kindakjöt, að sala hinna fyrr nefndu kjöttegunda hefur dregist mjög saman, meira að segja í svo ríkum mæli, að slíkum búrekstri er stefnt í hættu. Hin spurningin, sem vaknar, er sú, hvort óeðlilega lágt söluverð á vissum landbúnaðarafurðum, miðað við framleiðslukostnað, hvetji bændur ekki til fjárfestingar og framleiðslu, sem eigi síðar meir eftir að reynast óarðbær, þar eð afurðirnar reynist ekki seljanlegar, ef dregið yrði úr niðurgreiðslum, en svo miklar niðurgreiðslur sem hér eiga sér nú stað geta ekki staðið til frambúðar. Hefur þá bænda verið freistað til framkvæmda og framleiðsluhátta, sem skaða þá fjárhagslega síðar.

Enn eitt sjónarmið verður að hafa í huga í þessu sambandi. Á undanförnum árum hefur landbúnaðarframleiðsla vaxið mun meir en eftirspurn innanlands. Hefur eftirspurnin þó einmitt vegna sívaxandi niðurgreiðslna vaxið talsvert meir en ella hefði átt sér stað. Þetta hefur haft í för með sér, að útflutningur landbúnaðarafurða hefur farið mjög vaxandi á undanförnum árum. Af margvíslegum ástæðum er við því að búast, að nokkrar sveiflur verði á framleiðslu helstu afurða landbúnaðarins frá ári til árs. Áður fyrr urðu bændur að bera tjón af því sjálfir, ef selja þurfti afurðir þeirra úr landi og minna fékkst fyrir þær á erlendum markaði en innanlands. Síðar var það lögheimilað, að hækka mætti verð á innanlandsmarkaði á einstökum afurðum, sem væru fluttar út fyrir lægra verð en innanlandsverð, þannig að bændur fengju sama verð fyrir vöruna, hvort sem hún væri seld innanlands eða erlendis. Neytendum þótti þessi skipan mjög óeðlileg, og var hún gagnrýnd. Voru þá sett lög um, að ríkið skyldi greiða mismun þess, sem útflutningsverð kynni að vera lægra en heildsöluverð innanlands, ef verðmunurinn færi fram úr 10%. Þessi lagaheimild hefur verið framkvæmd þannig, að þetta eigi ekki aðeins við um hverja einstaka afurðategund, eins og upphaflega var gert ráð fyrir, heldur sé ríkissjóði skylt að greiða allt að 10% af heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar í útflutningsbætur, ef útflutningsverð reynist lægra en heildsöluverð innanlands. Þessi túlkun hefur valdið því, að framleiðsla landbúnaðarafurða fyrir erlendan markað hefur haldið áfram að aukast á undanförnum árum, þótt verð erlendis sé ekki nema nokkur hluti af heildsöluverðinu innanlands. Ákvæðum, sem upphaflega var ætlað að tryggja, að framleiðsla tiltekinnar vörutegundar færi ekki nema að vissu marki fram úr innanlandsþörfinni, hefur verið beitt þannig, að heildarframleiðslan getur farið 10% fram úr innanlandsþörfinni, en ríkissjóður greiðir mismun útflutningsverðs og heildsöluverðs innanlands, hversu mikill sem sá munur kann að vera. Útflutningur kjöts var á síðasta framleiðsluári, 1973—74, 2795 smál. eða 24% af heildarframleiðslunni, sem nam 11721 smál. Ekki eru enn fyrir hendi tölur um, hversu mikill hluti framleiðslukostnaðarins innanlands fékkst fyrir þetta útflutta kjöt. En tölur eru til um árið á undan, 1972—73. Þá nam útflutningurinn einnig 24% af heildarframleiðslunni, en verðið, sem fékkst fyrir útflutta kindakjötið, nam 67.2% af innlendu kostnaðarverði. Verðið, sem fékkst fyrir útflutta osta, nam hins vegar aðeins 26.9% af innlendu kostnaðarverði.

Á þessu ári er gert ráð fyrir, að útflutningsbætur í heild muni nema um 1 200 millj. kr. Er auðséð, að svo getur ekki orðið til frambúðar. Sú spurning hlýtur að vakna, hvort ekki séu tengsl milli mikillar aukningar niðurgreiðslnanna á undanförnum árum og þeirrar aukningar landbúnaðarframleiðslunnar, sem haft hefur sívaxandi útflutning landbúnaðarafurða í för með sér.

Um það ætti ekki að þurfa að vera ágreiningur, að yfir 4 000 millj. kr. niðurgeriðslur á landbúnaðarvörum innanlands og um 1 200 millj. kr. útflutningsbætur á útfluttar landbúnaðarvörur séu orðið efnahagsvandamál, sem brýn þörf sé orðin á að athuga vandlega, þótt niðurgreiðslurnar innanlands séu að vísu annars eðlis en útflutningsuppbæturnar, þar eð hinum fyrr nefndu er ætlað að lækka söluverð til neytenda, en hinum síðar nefndu að auka tekjur bænda. Engu að síður er í báðum tilfellum um að ræða vandamál tengt landbúnaðinum, sem réttlætir, að athugað sé, hvort samband sé milli þeirra og þá með hverjum hætti.

Það, sem brýnast er þó að athuga í þessu sambandi, er, hvort ekki mætti nýta þá rúma fjóra milljarða króna, sem nú er varið til niðurgreiðslna á íslenskum landbúnaðarafurðum í þágu neytenda, þannig, að það komi þeim að betri notum en nú á sér stað og stuðli að aukinni kjarajöfnun. Leið, sem kæmi til greina í þessu sambandi og væri gaumgæfilegrar athugunar verð, væri fólgin í því, að í stað þess, að kjör neytenda séu bætt með því að lækka verð landbúnaðarafurðanna, sem nú eru greiddar niður, verði neytendum greidd í peningum sú fjárhæð, sem ríkissjóður nú ver til niðurgreiðslna, og neytendum síðan í sjálfsvald sett, hvernig þeir ráðstöfuðu þeim. Ætti þá að sjálfsögðu ekki að greiða tekjuskatt eða útsvar af þessum greiðslum né heldur ætti opinberum aðilum að vera heimilt að taka þetta fé til greiðslu opinberra gjalda.

Svo sem áður segir, er nú á þessu ári gert ráð fyrir um 4 200—4 300 millj. kr. niðurgreiðslum á innlendum landbúnaðarvörum. Landsmenn, eldri en 16 ára, munu vera um 147 000 og yngri menn um 71 000. Til þess að veita einhverja hugmynd um, hvaða tölur hér gætu komið til greina, mætti taka sem dæmi, að niðurgreiðslunum yrði skipt jafnt á alla einstaklinga, eldri en 16 ára, hvort sem þeir eru skattgreiðendur eða ekki og hvort sem um er að ræða fólk, sem vinnur utan heimilis, eða konur, sem vinna heimilisstörf, og að greiðslur yngri einstaklinga yrðu helmingi lægri. Kæmu þá 23 000 kr. í hlut hvers fullorðins manns eða konu og 11 500 kr. í hlut yngra fólks. Hjón með 3 börn fengju þannig um 80 000 kr. sem greiðslu vegna hlutdeildar sinnar í niðurgreiðsluupphæð fjárlaganna, en yrðu hins vegar að greiða óniðurgreitt verð fyrir þær landbúnaðarafurðir, sem fjölskyldan keypti.

Ýmis rök hníga að því, að neytendur teldu það auka raungildi tekna sinna að geta ráðið því sjálfir, hvernig þeir ráðstafa þeim tekjum, sem ríkisvaldið ætlar þeim til þess að vega á móti vaxandi dýrtíð, í stað þess að þurfa að verja þeim til kaupa á fáum tilteknum vörum til þess að verða aðnjótandi þeirra fríðinda, sem þeir eru taldir eiga rétt á. Augljóst er, að það er ekki kostnaðarauki fyrir ríkissjóð að greiða neytendum niðurgreiðsluna beint í peningum í stað þess að verja sömu upphæð til lækkunar vöruverðs. Ef greiðslurnar væru látnar fara um hendur Tryggingastofnunar ríkisins, er ekki víst, að kostnaður við framkvæmdina yrði meiri en hann er nú við framkvæmd niðurgreiðslnanna. Ef greiðslurnar yrðu hafðar jafnháar til einstaklinga án tillits til tekna, eins og sjálfsagt virðist vera, leiddi slík ráðstöfun tvímælalaust til kjarajöfnunar, miðað við núgildandi niðurgreiðslukerfi. Þá er þess síðast en ekki síst að geta í sambandi við slíka breytingu á niðurgreiðslunum, að afnumið yrði misrétti það, sem nú ríkir milli einstakra framleiðenda landbúnaðarafurða. Allir stæðu þeir þá eins að vígi á markaðnum. Neytandinn fengi þá vöru, sem hann helst kýs, miðað við kostnaðarverð, og framleiðsla landbúnaðarins beindist smám saman inn á þær brautir, sem neytendur óska.

Auðvitað yrði hér um róttæka breytingu að ræða á mikilvægum þætti í efnahagskerfi þjóðarinnar. Ekki yrði þó hér um algert nýmæli að ræða. Á fimmta áratugnum var um tíma greiddur svo nefndur „kjörstyrkur“ í stað þess að auka niðurgreiðslur á kjöti. En engu að síður er hér um svo viðamikil mál að ræða, að ekki ber að framkvæma slíka breytingu nema að vandlegri athugun undangenginni. Þess vegna er í tillögu þessari lagt til, að helstu samtök neytenda og framleiðenda tilnefni fulltrúa í nefnd til þess að kanna hinar ýmsu hliðar málsins.

**Ed.** **603. Frumvarp til laga** [226. mál]

um hússtjórnarskóla.

(Eftir 2. umr. í Ed., 7. maí.)

## I. KAFLI
### Markmið, námstími.

**1. gr.**

Hlutverk hússtjórnarskóla er að veita verklega og bóklega menntun í hagnýtum greinum heimilisfræða og búa nemendur undir:

1. Hirðingu og umönnun heimilis og fjölskyldu.
2. Störf og þjónustu í hússtjórnargreinum og félagsmálum.
3. Framhaldsnám í æðri skólum, t. d. kennaraskólum, félagsmálaskólum, fósturskólum, hjúkrunarskólum, hótelskólum o. fl.

Enn fremur að veita nemendum á skyldunámsstigi kennslu í heimilisfræðum svo og framhaldsskólanemendum, ef þeir hafa slíkt nám sem valgrein, og skal kveða nánar á um þetta í reglugerð.

Kennslan skal miða að því að þroska sjálfstæði, dómgreind og félagsanda nemenda, jafnframt skal hvetja þá til þess að varðveita menningararf þjóðarinnar.

**2. gr.**

Starfstími hússtjórnarskóla skal vera 28—36 vikur samkvæmt nánari ákvörðun menntamálaráðuneytis — kennsla og próf — þar sem verkleg kennsla skiptist í þrjár annir: matreiðslu, sauma og þvott og ræstingu, en bóknám dreifist jafnt á allan námstímann. Þó getur ráðuneytið ákveðið frávik frá þessu. Um nánari skiptingu í verklegt og bóklegt nám skal ákveða í reglugerð.

**3. gr.**

Stofna má til framhaldsnáms í hússtjórnar- og heimilisfræðum fyrir þá, sem hyggjast veita forstöðu mötuneytum og viststofnunum. Menntamálaráðuneyti ákveður hvort og hvenær stofna skuli til slíks framhaldsnáms og setur í reglugerð ákvæði um námsgreinar og lengd námstíma.

## II. KAFLI
### Inntökuskilyrði, námsgreinar og próf.

**4. gr.**

Inntökuskilyrði skulu vera þessi:

a) Að nemandinn hafi lokið skyldunámi grunnskóla.
b) Að nemandinn sýni læknisvottorð um að hann sé eigi haldinn neinum andlegum eða líkamlegum kvilla eða annmarka, er hamli honum í námi eða starfi að dómi skólastjóra og skólanefndar. Skólarnir eru bæði fyrir stúlkur og pilta.

**5. gr.**

Í hússtjórnarskólum skal veita kennslu í því námsefni, sem hér er talið, sbr. þó 15. gr.:

a) Íslensku, dönsku, ensku og stærðfræði.
b) Manneldisfræðigreinum.
c) Hagfræðigreinum og verkstjórn.
d) Uppeldis- og félagsfræðigreinum.
e) Heilbrigðisfræðigreinum og umhverfisvernd.
f) Handíðagreinum.

Í reglugerð skal ákveða nánar um fjölda námsgreina og hvað kenna skal í hverri grein.

6. gr.

Próf skal halda í lok hverrar annar. Þau skulu vera samræmd í ákveðnum fjölda námsgreina, sem menntamálaráðuneytið ákveður hverju sinni. Í reglugerð skal setja ákvæði um samræmingu prófa og námsbækur. Um próf og einkunnir skal setja ákvæði í reglugerð. Menntamálaráðuneyti skipar prófdómara að fengnum tillögum skólastjóra.

Eins árs nám í hússtjórnarskóla skal veita sömu réttindi til framhaldsnáms og eins árs nám í almennum framhaldsskóla að loknu skyldunámi.

## III. KAFLI
## Skólastjórn og kennarar.

7. gr.

Menntamálaráðuneyti fer með yfirstjórn hússtjórnarskóla. Menntamálaráðherra skipar skólastjóra að fengnum tillögum skólanefndar. Hann skipar einnig fasta kennara, að fengnum tillögum skólastjóra og skólanefndar. Til þess að verða settur eða skipaður skólastjóri eða kennari við hússtjórnarskóla þarf kennarapróf frá Húsmæðrakennaraskóla Íslands, Hússtjórnarkennaraskóla Íslands, Kennaraskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands eða frá hliðstæðri menntastofnun erlendis, og einnig má setja eða skipa þá sem kennara, er lokið hafa prófi frá vefnaðarkennaradeild Myndlista- og handíðaskóla Íslands. Þá eina má setja skólastjóra, er gegnt hafa kennslu í að minnsta kosti eitt ár.

8. gr.

Við hússtjórnarskóla skal starfa skólanefnd, sem menntamálaráðuneytið skipar, og starfar hún samkvæmt erindisbréfi, er ráðuneytið setur. Formann skal skipa án tilnefningar, en tvo nefndarmanna skal skipa samkvæmt tilnefningu héraðssambands kvenfélaga í byggðarlagi skólans, tvo tilnefnda af viðkomandi landshlutasamtökum og tvo tilnefnda af nemendum úr hópi reglulegra nemenda skólans. Tilnefning nemendafulltrúa gildir til eins árs, en annarra nefndarmanna til fjögurra ára. Sjö varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Skólastjóri á rétt til setu á fundum skólanefndar með tillögurétti og málfrelsi, nema þegar fjallað er um mál, er varða hann persónulega.

9. gr.

Skólastjóri fer með stjórn hússtjórnarskóla samkvæmt gildandi lögum og reglugerðum þar um og í samræmi við erindisbréf, er menntamálaráðuneytið setur. Hann ræður stundakennara og annað starfsfólk með samþykki menntamálaráðuneytis. Skólastjóra til aðstoðar skal vera kennararáð. Í kennararáði skulu vera allir fastráðnir kennarar skólans og skólastjóri, sem er sjálfkjörinn formaður. Heimilt er nemendum að kjósa úr sínum hópi einn til tvo fulltrúa í kennararáð til ráðuneytis um málefni nemenda.

10. gr.

Skólastjóri og kennarar eru embættismenn ríkisins og taka laun samkvæmt gildandi kjarasamningum á hverjum tíma.

11. gr.

Heimilt er skólastjóra að kveðja kennara sér til aðstoðar við eftirlit og umsjón í skólanum. Enn fremur skulu kennarar starfa með nemendum utan kennslustunda í samráði við skólastjóra og vinna önnur störf í þágu skólans eftir því, sem ástæður leyfa og ákveðið er í reglugerð og erindisbréfi. Má þá fækka skyldustundum kennara svo og vegna mikillar heimavinnu eða annarra aukastarfa, að fengnu samþykki menntamálaráðuneytis.

**Orlof.**

**12. gr.**

Nú óskar kennari að hverfa frá störfum um skeið til að efla þekkingu sína eða kennarahæfni, og skal hann þá senda menntamálaráðuneytinu beiðni um orlof ásamt greinargerð um, hvernig hann hyggst verja orlofstímanum, sem skal notaður til a) reglulegs náms í viðurkenndri menntastofnun, eða b) a. m. k. tveggja mánaða námsferðar, sem skipulögð er og/eða boðið til af aðila eða stofnun, sem menntamálaráðuneytið viðurkennir.

Ef menntamálaráðuneytið telur umsókn og greinargerð kennara fullnægjandi, getur það veitt honum orlof allt að einu ári með föstum embættislaunum.

Menntamálaráðuneytið getur veitt kennara, er orlof hlýtur, styrk til að standa straum af kostnaði við ferðalög og námsdvöl í sambandi við orlofið, ef hann ver því til að stunda reglulegt nám við viðurkennda menntastofnun eða til námsferðar, sem hann nýtur ekki sambærilegs styrks til frá öðrum aðilum. Þá getur menntamálaráðuneytið auglýst eftir umsækjendum til að leggja fyrir sig tiltekið nám, gegn veitingu orlofs og/eða sérstakra styrkja. Styrki til viðbótar orlofi má veita af fé því, sem í fjárlögum er hverju sinni ætlað til að kosta orlof kennara. Þá getur menntamálaráðuneytið eða aðrir aðilar í samstarfi við það efnt til allt að þriggja vikna námsferða með hópum kennara á þeim árstíma, sem skólar hérlendis starfa ekki, og veitt af orlofsfjárveitingu styrk, sem nemur allt að ⅔ af áætluðum ferða- og dvalarkostnaði þeirra kennara, sem þátt taka í slíkum hópferðum.

Orlof skv. 2. mgr. má veita kennara, sem gegnt hefur embætti í 10 ár, settur eða skipaður. Skemmra orlof en 4 mánuðum nemur, til tiltekins náms eða námsferða skv. 3. málsgr., má veita kennara, sem gegnt hefur embætti í 5 ár, settur eða skipaður. Enginn kennari getur fengið á starfsævi sinni hærri fjárhæð í orlof en nemur tveggja ára embættislaunum.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um framkvæmd orlofs kennara. Skal þess gætt eftir föngum, að umsóknir og ákvarðanir um orlof berist réttum aðilum tímanlega og að orlof torveldi ekki störf skólanna yfirleitt. Að orlofi loknu er kennurum skylt að senda ráðuneytinu skýrslu um störf sín og nám á orlofstímanum, og er ráðuneytinu heimilt að birta slíkar skýrslur. Skilyrði má setja þeim, sem hljóta orlof og/eða styrk til reglulegs náms, að þeir starfi að náminu loknu að skólamálum eða kennslu á Íslandi minnst þrjú ár.

Ákvæði þessarar greinar taka einnig til skólastjóra.

## IV. KAFLI
## Fjármál.

**13. gr.**

Hússtjórnarskólar skulu vera ríkisskólar og kostaðir að fullu úr ríkissjóði. Nemendur skulu þó greiða efniskostnað vegna verklegrar kennslu og kostnað við mötuneyti svo sem gert er í öðrum heimavistarskólum. Nemendur greiði einnig húsaleigu samkvæmt ákvörðun menntamálaráðuneytisins.

**14. gr.**

Miða skal stærð hússtjórnarskóla við það, að þar sé kennsluaðstaða og annað húsrými fyrir að minnsta kosti 36—40 nemendur. Þar sem sá fjöldi reglulegra nemenda hefur eigi verið síðastliðin tvö ár, getur ráðuneytið ákveðið að skólinn skuli eigi rekinn um sinn eða í öðru formi svo sem námskeiðum. Ef hússtjórnarskóli er eigi rekinn, er heimilt að nota eignir hans til annarrar menningarstarfsemi. Í verklegum greinum, skal nemendafjöldi ekki vera lægri en 12 í hópi að jafnaði. Að fengnum tillögum skólastjóra og skólanefnda skal menntamálaráðuneyti sjá

skólanum fyrir nauðsynlegu húsnæði, er nægi til allrar starfsemi þeirra ásamt heimavist og íbúðum handa starfsliði, þar sem þess gerist þörf, eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum. Hússtjórnarskólunum skal á sama hátt séð fyrir nægilegum kennslutækjum og bókasafni, sem nemendur hafa aðgang að.

Í reglugerð skal ákveða nánar um lágmarksbúnað skólanna.

## V. KAFLI
## Handíðaskóli.

### 15. gr.

Stofna skal 36 vikna handíðaskóla, þegar fé er til þess veitt í fjárlögum.

Námsefni skal í meginatriðum vera hliðstætt því, sem er í öðrum hússtjórnarskólum, sbr. 5. gr., en þó skal sérstök áhersla lögð á handíða- og textilgreinar.

Heimilt er að ráða kennara við skólann, sem sérstaklega eru þjálfaðir til handíða- eða teiknikennslu, án þess að þeir uppfylli skilyrði 7. gr.

Í reglugerð skal ákveða nánar um fjölda námsgreina og hvað kenna skal í hverri grein.

Að öðru leyti gilda sömu ákvæði um handíðaskólann og aðra hússtjórnarskóla.

## VI. KAFLI
## Námskeið.

### 16. gr.

Heimilt er að starfrækja í hússtjórnar- og handíðaskóla námskeið með mismunandi námsefni og stundafjölda, svo sem framhaldsnámskeið í sérgreinum og námskeið fyrir starfshópa, sem vilja afla sér menntunar á afmörkuðum sviðum heimilisfræða og handíða, heimilishjálpar o. fl.

Setja skal reglugerð um starfsemi þeirra hússtjórnarskóla, sem starfa eftir föstu námskeiðafyrirkomulagi, svo og önnur námskeið, enda hafi menntamálaráðuneyti samþykkt námskeiðshald, námsefni og námskeiðsgjöld.

## VII. KAFLI
## Ýmis ákvæði.

### 17. gr.

Í reglugerð skal setja ákvæði um heilsuvernd í skólunum.

### 18. gr.

Menntamálaráðuneytið setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara. Má setja hverjum skóla sérstaka reglugerð og ákveða þeim mismunandi verkefni, t. d. einungis kennslu í formi námskeiða með lausráðnu starfsliði svo og að skólarnir taki að sér hússtjórnarkennslu þá, sem fram á að fara í grunnskólum, og önnur slík verkefni, ef henta þykir.

### 19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda að því er varðar þá húsmæðraskóla, sem nú eru starfandi, jafnóðum og samið hefur verið um yfirtöku ríkissjóðs á skuldum þeirra og eignum, ef forráðamenn þeirra æskja, að skólarnir komi undir ákvæði laga þessara. Þangað til skulu um þá gilda áfram lög nr. 49/1946, um húsmæðrafræðslu, og lög nr. 49/1967, um skólakostnað.

Yfirtöku ríkissjóðs á eignum og skuldum skólanna fylgir ekki kvöð um, að þeir verði reknir áfram sem húsmæðra(hússtjórnar)skólar, nema umsóknir um skólavist fullnægi því lágmarki, sem nauðsynlegt telst á hverjum tíma til þess að slíkur skóli verði rekinn.

**Ed.** **604. Frumvarp til laga** [211. mál]

um heftingu landbrots og varnir gegn ágangi vatna.

(Eftir 2. umr. í Ed., 7. maí.)

1. gr.

Vinna skal að heftingu landbrots og hindra önnur spjöll á nytjalandi af völdum vatna með fyrirhleðslum og lagfæringum á árfarvegum, svo sem fyrir er mælt í lögum þessum.

2. gr.

Í hverri sýslu skal starfa matsnefnd skipuð fulltrúa Búnaðarfélags Íslands og Vegagerðar ríkisins.

Matsnefndir skulu fylgjast með landbroti og hættu á landspjöllum af völdum vatna. Þær skulu taka við erindum frá landeigendum, sem telja nytjalönd sín eyðast eða vera í yfirvofandi hættu af þessum sökum.

Matsnefndir skulu semja álitsgerð um varnarframkvæmdir samkvæmt 1. gr. fyrir 1. maí ár hvert. Skal þar koma fram áætlaður kostnaður við fyrirhleðslur og aðrar lagfæringar á árfarvegum í sýslunni fyrir næsta ár eða fleiri, ef um meiri háttar framkvæmdir er að ræða. Enn fremur sé gefin stutt lýsing á tilhögun fyrirhugaðra framkvæmda á hverjum stað.

Álitsgerðina skal matsnefnd senda til landbúnaðarráðuneytisins, en afrit af henni til Vegagerðar ríkisins, Búnaðarfélags Íslands, búnaðarsambands sýslunnar og þeirra landeigenda, sem hlut eiga að máli.

3. gr.

Vegagerð ríkisins skal annast verkfræðilegan undirbúning, þegar um meiri háttar framkvæmdir er að ræða samkvæmt ákvæðum þessara laga.

Í því skyni skal hún, þegar við verður komið, afla sér sérhæfðra starfskrafta á þessu sviði svo og til að gera vatnafræðilegar athuganir á því, hvernig heppilegast er að vinna gegn ágangi vatna.

4. gr.

Ríkissjóður greiðir ⅞ hluta kostnaðar við undirbúning og framkvæmdir samkvæmt því, sem ákveðið er í fjárlögum hverju sinni. Landeigendur, sem hag hafa af varnaraðgerðum á landi sínu eða landsnytjum, greiða ⅛ hluta, sem skiptist á milli þeirra að tiltölu við það, hvers virði hagurinn verður hverjum þeirra talinn. Verði ekki samkomulag um skiptingu á kostnaðarhluta landeigenda, skera matsnefndir úr. Ef ágreiningur verður innan matsnefndar, skipar ráðherra oddamann og ræður þá afl atkvæða niðurstöðu. Framkvæmdum má fresta, ef ekki er samkomulag um þær eða kostnaðarskiptingu milli landeigenda.

5. gr.

Nú þarf með fyrirhleðslum eða á annan hátt að stöðva landbrot, sem stofnar opinberum mannvirkjum, svo sem vegum, í hættu, og greiðir ríkissjóður þá allan kostnað, enda þótt í landi einstaklinga sé. Á sama hátt greiðir ríkissjóður að fullu kostnað við framkvæmdir, sem vinna þarf til þess að hindra landbrot eða ágang vatns, sem hefst vegna aðgerða opinberra aðila, t. d. þar sem þrengt er að ám við vega- og brúargerðir, straumrennsli breytist vegna efnistöku úr árfarvegi o. s. frv.

6. gr.

Þar sem framkvæmdir samkv. lögum þessum kunna að snerta veiði eða fiskræktarmöguleika í viðkomandi vatni, er skylt að kynna framkvæmdaáætlanir fyrir

stjórn viðkomandi veiðifélags, þannig að þeim gefist kostur á að gefa um þær umsögn.

7. gr.

Nú telur matsnefnd, að ekki megi dragast að hefja framkvæmdir, vegna yfirvofandi skemmda á nytjalandi, og skal það þá heimilt, enda komi samþykki landbúnaðarráðuneytisins til. Framlög til slíkra framkvæmda skulu njóta forgangs á fjárlögum næsta árs.

8. gr.

Vegagerð ríkisins sér um byggingu og viðhald mannvirkja samkvæmt fjárveitingum á fjárlögum hverju sinni. Vegagerðin skal og annast greiðslu á hluta ríkisins af framkvæmdakostnaði, að því marki, sem fjárlög heimila.

9. gr.

Bætur fyrir landspjöll vegna framkvæmda, t. d. ef vatni er veitt á land annars manns, skal telja með kostnaði við verkið. Bætur skal ákveða með mati eftir ákvæðum vatnalaga, nr. 15 frá 1923, ef eigi semur.

10. gr.

Landbúnaðarráðherra hefur yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Ed. 605. Frumvarp til laga [115. mál]

um breyting á lögum um verðjöfnun á olíu og bensíni, nr. 34 frá 18. febr. 1953.

(Eftir 2. umr. í Ed., 7. maí.)

1. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Ákvæði laga þessara gilda ekki um flugsteinolíu og flugvélabensín til utanlandsflugs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Nd. 606. Lög [53. mál]

um breyting á lögum nr. 20 8. mars 1954, um vátryggingarsamninga.

(Afgreidd frá Nd. 7. maí.)

Samhljóða þskj. 56.

## Sþ. 607. Tillaga til þingsályktunar [283. mál]

um lagningu aðalflutningslínu milli Grímsárvirkjunar og Hornafjarðar.

Flm.: Þorsteinn Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina, að á árinu 1976 verði hafist handa um lagningu aðalflutningslínu milli Grímsárvirkjunar og Hornafjarðar og tryggt verði nægilegt fjármagn til framkvæmdanna.

Greinargerð.

Fyrir atbeina fyrrverandi orkumálaráðherra var hafist handa um að nýta enn frekar en orðið var innlenda orku til húsahitunar og lagður grundvöllur að því markmiði. Á þeim svæðum, þar sem jarðvarmi var ekki fyrir hendi, þótti einsýnt að raforkan ein leysti þetta viðfangsefni. Þannig var m. a. ástatt á Austurlandi.

Austurland hefur lengi búið við vöntun á nægri raforku frá vatnsorkuverum og dísilorka verið notuð til að bæta þar úr brýnni þörf. Oft hafa vandamál skapast vegna raforkuskorts, en hann hefur stafað m. a. af mikilli aukningu orkunotkunar á svæðinu.

Með tilkomu Lagarfossvirkjunar hefur brýnasti vandinn verið leystur um stund, en fljótlega verður að koma til ný vatnsaflsvirkjun og samtenging alls Austurlandssvæðisins.

Á Austurlandi eru fjögur aðskilin veitusvæði. Meginsvæðið er frá Borgarfirði eystra til Lónsheiðar með Grímsár- og Lagarfossvirkjanir, en Vopnafjörður, Bakkafjörður og A.-Skaftafellssýsla eru aðskildar einingar.

Um það verður naumast deilt, að samtenging þessara svæða með einum eða öðrum hætti er brýnt nauðsynjamál.

Á veitusvæði A.-Skaftafellssýslu, er eina vatnsaflsvirkjunin þar, Smyrlbjargaárvirkjun, nú þegar fullnýtt. Orkuframleiðsla með dísilvélum er þar nú töluverð, og verður því aukinni raforkuþörf komandi tíma aðeins mætt með dísilorku ef annað kemur ekki fljótlega til.

Þess má geta, að meðalaukning á notkun raforku í A.-Skaftafellssýslu hefur verið um 26% á s. l. 4 árum.

Nú er svo komið að leyfi til rafhitunar húsa á Hornafirði er ófáanlegt vegna skorts á ódýrri raforku. Auk þjóðhagslegrar óhagkvæmni slíks ástands ber og að geta þess, að húsbyggjendur eru neyddir til að leggja vatnsmiðstöðvar í hús sín til stóraukins kostnaðar við byggingarframkvæmdirnar, en sá kostnaður er nálægt því að vera þrefaldur, miðað við rafmagnsupphitun.

Af framangreindum ástæðum er flutningslína milli Fljótsdalshéraðs og Hornafjarðar um Djúpavog mjög brýn, auk þess sem öryggi byggðarlaganna á núverandi samveitusvæði eykst að miklum mun. Á ég þar sérstaklega við Fáskrúðsfjörð, Stöðvarfjörð, Breiðdalsvík og Djúpavog og sveitirnar þar í kring.

Þrátt fyrir Lagarfossvirkjun er núverandi aðflutningslína til þessara staða svo veikburða að verulegt spennufall er á þessum stöðum og verða dísilvélar því að ganga til að halda þar uppi fullri spennu og því engir möguleikar á aukinni orkunotkun á þessu svæði.

Margir þættir við uppbyggingu atvinnulífsins kalla á aukna raforku. Má þar m. a. nefna ný frystihús á Hornafirði og Djúpavogi og heykögglaverksmiðju í Flatey á Mýrum, auk þess sem ýmsir möguleikar gætu skapast fyrir iðnað á svæðinu.

Það er augljóst mál, að endurbætur á flutningskerfi orkunnar með samtengingu svæðisins eru aðkallandi til úrlausnar, bæði vegna vaxtar og viðgangs byggðarlaganna og um leið skapa þær öryggi fyrir íbúana.

## Nd. 608. Nefndarálit [55. mál]

um frv. til l. um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Í frv. til l. um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi er m. a. kveðið á um lögboðnar fjárveitingar til Verslunarskóla Íslands og Samvinnuskólans. Skv. frum-

varpinu skal ríkið greiða rekstrarkostnað skólanna að fullu, rekstur heimavistar að 80 af hundraði og af stofnkostnaði kennsluhúsnæðis, heimavistar, sem byggt verður eftir gildistöku laganna, sama hlutfall.

Þrátt fyrir þá umtalsverðu stórauknu fjármuni, sem þannig munu renna til þessara skóla úr ríkissjóði, er ekki gert ráð fyrir að eignarhlutur ríkisins eða hlutdeild þess í stjórnun skólanna sé viðurkenndur. Brtt. meiri hl. nefndarinnar breyta hér litlu sem engu.

Slík tilhögun brýtur í bága við reglur, sem gilda almennt um skólastofnanir sem ríkið stendur að í samvinnu við aðra, t. d. sveitarfélög, og fæ ég ekki komið auga á nein þau rök, er mæli með því að einkaaðilar njóti forréttinda umfram sveitarfélög að því er varðar umráð yfir almannafé.

Ég leyfi mér því að flytja brtt. við frv. sem prentaðar eru á þingskjali 609.

Alþingi, 7. maí 1975.

Svava Jakobsdóttir.

## Nd. 609. Breytingartillögur [55. mál]

við frv. til l. um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi.

Frá Svövu Jakobsdóttur.

9. gr. orðist svo:

Samvinnuskólinn og Verslunarskóli Íslands hafa rétt til að rækja áfram það fræðslustarf, sem þeir hafa hingað til annast, og til að auka það og sérhæfa, eftir því sem aðstæður leyfa og þörf krefur á hverjum tíma.

Rekstrarkostnaður skólanna skal greiddur að fullu úr ríkissjóði ásamt 80% af kostnaði við rekstur heimavistar, þar sem hennar er þörf, og skal framlag ríkissjóðs að hámarki miðað við kostnað í skólum ríkisins á sama fræðslustigi.

Stofnkostnaður kennslu- og heimavistarhúsnæðis, sem byggt verður í þágu þessara skóla eftir gildistöku laganna, skal greiddur úr ríkissjóði að 80 hundraðshlutum.

Nefndar fjárveitingar eru háðar því skilyrði, að menntamálaráðuneytið hafi samþykkt árlega áætlun rekstrarkostnaðar skólanna og að fé hafi verið veitt í fjárlögum fyrir stofnkostnaði, enda liggi áður fyrir samþykki stjórnvalda fyrir nýjum byggingarframkvæmdum. Framlag ríkissjóðs til stofnkostnaðar kennslu- og heimavistarhúsnæðis telst áfram eign ríkisins, og getur ráðuneytið tekið sinn hluta húsnæðisins til annarra nota, er það er ekki hagnýtt í þágu viðkomandi skólastofnana.

Framlög ríkisins skv. þessari grein miðast við, að skólar þessir starfi í samræmi við meginstefnu 5. gr. þessara laga, svo og skv. þeim reglugerðum, sem settar verða.

Ráðherra skipar 5 manna skólanefndir við Samvinnuskólann og Verslunarskólann. Einn fulltrúa frá menntamálaráðuneytinu skipar ráðherra án tilnefningar, en aðra skv. tilnefningu eignaraðila annarra en ríkisins.

Nefndin kýs sér formann og varaformann.

Skólanefnd ræður skólastjóra og kennara í samráði við hann og fer með fjárreiður skólans.

Við Samvinnuskólann og Verslunarskóla Íslands skal starfa skólaráð skipað 5 mönnum: skólastjóra, tveimur fulltrúum kennara, kjörnum á almennum kennarafundi, og tveimur fulltrúum nemenda, kjörnum af nemendum skólans.

## Sþ. 610. Nefndarálit [131. mál]

um till. til þál. um rannsóknir á snjóflóðum og skriðuföllum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt tillöguna á fundum sínum og er sammála um að mæla með samþykkt hennar með eftirfarandi

BREYTINGU:

Úr 2. mgr. tillgr. falli niður orðin „eðli þeirra og orsökum".

Alþingi, 6. maí 1975.

| | | |
|---|---|---|
| Ellert B. Schram, form., frsm. | Lárus Jónsson. | Jón Skaftason. |
| Ólafur Ólafsson. | Ólafur G. Einarsson. | Jónas Árnason. |
| | Magnús T. Ólafsson. | |

## Sþ. 611. Nefndarálit [175. mál]

um till. til þál. um skipunartíma opinberra starfsmanna.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fengið umsagnir tveggja aðila varðandi þessa þingsályktunartillögu. Bandalag háskólamanna telur tillöguna spor í rétta átt og álítur að hún njóti stuðnings félagsmanna BHM.

Bandalagið óskar eftir að eiga umsagnarrétt um væntanleg lagafrv. um þetta efni, og telur nefndin sjálfsagt að tekið verði tillit til þessarar óskar.

Bandalag starfsmanna ríkis og bæja vekur athygli á, að sérstök nefnd hafi verið skipuð af fjármálaráðherra til að endurskoða lög nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, og telur eðlilegt að umrætt mál verði tekið þar til athugunar.

Nefndin er þeirri málsmeðferð samþykk og kemur þessari ábendingu á framfæri, um leið og hún mælir með samþykkt tillögunnar með eftirfarandi

BREYTINGU:

Á eftir orðunum „opinberra starfsmanna" í tillgr. komi: og starfsmanna ríkisstofnana.

Alþingi, 6. maí 1975.

| | | |
|---|---|---|
| Ellert B. Schram, form., frsm. | Lárus Jónsson. | Jón Skaftason. |
| Ólafur Ólafsson. | Ólafur G. Einarsson. | Jónas Árnason. |
| | Magnús T. Ólafsson. | |

**Ed.** **612. Nefndarálit** [130. mál]

um frv. til laga um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir.

Frá minni hl. heilbrigðis- og tryggingánefndar.

Ég hef talið rétt að skila séráliti um þetta mál, þó að ég sé samþykkur megin-efni þessa frumvarps og styðji framgang þess, þó að breytingartillögur þær nái ekki fram að ganga, sem ég hefði talið sjálfsagðar og snerta veigamikinn þátt málsins og um leið hinn umdeildasta.

Þýðingarmesti kafli frumvarpsins fjallar um fræðsluþáttinn og ráðgjöf alla varðandi kynlíf og barneignir. Atriði þessa kafla eru öll til bóta og í sumu um mikla framför að ræða frá gildandi lagaákvæðum.

Mestu skiptir þó, hvernig framfylgt verður þeim ákvæðum, sem nú verða lögfest. Þar þarf stórátök, ekki síst hvað snertir fræðsluþáttinn í skólum landsins.

Það er von mín, að hin mikla umræða, sem orðið hefur almennt um þessi mál nú, muni verða til þess m. a., að betur verði fyrir þessum málum séð en gert hefur verið, þau losni úr viðjum þess gamalgróna almenningsálits, dyggilega studds af valdamiklum stofnunum þjóðfélagsins, svo sem kirkjunni, þ. e. að hér sé um að ræða feimnismál, sem best fari á að sem minnst séu rædd af opinskárri hreinskilni. Í kjölfar þeirrar breytingar væri fyrst að vænta raunhæfrar framkvæmdar fræðslukaflans, svo sem brýn þörf er á.

Á þingskjali 521 flytur Soffía Guðmundsdóttir breytingartillögur, sem snerta þá hlið þessa frv., sem mest hefur verið umdeild, þ. e. um fóstureyðingar. Þessum breytingartillögum hafði áður verið hafnað í neðri deild, en þar flutti Magnús Kjartansson þær, enda samhljóða upphaflegri gerð frv., eins og það var lagt fram af honum sem ráðherra á þinginu 1973—74. Meiri hluti heilbrigðis- og tryggingánefndar efri deildar hafnaði þessum tillögum, en ég hlýt að taka þær upp sem mínar, þar sem þær fara saman við eigin skoðanir.

Varðandi kaflann um fóstureyðingar hefur svo margt verið rætt og ritað allt frá því að frv. kom upphaflega fram, að út í það skal ekki farið náið hér í nefndaráliti.

Upphaflega frumvarpsgerðin fól í sér það mikilvæga ákvæði, að ákvörðunarrétturinn um fóstureyðingu var færður til konunnar, en núverandi frumvarpsgerð gerir hins vegar ráð fyrir því, að ákvörðunarvaldið skuli áfram í höndum embættismanna og sérfræðinga. Hér er um grundvallarmismun að ræða. Ótalin dæmi sýna það, að sérfræðingar og embættismenn geta engan veg talist sá óskeikuli dómsaðili sem oft er látið í veðri vaka. Því síður hefur það verið sannað með nokkrum siðferðilegum rökum, að þeir séu réttari ákvörðunaraðili en konan sjálf, sem tekur á sig jafnt ábyrgð sem afleiðingar.

Sérstök áhersla skal á það lögð, hvers eðlis fóstureyðing er, ekki síst frá sjónarhóli konunnar, þ. e. hreint neyðarúrræði. Ekki síst þess vegna hlýtur konan að vera sá ákvörðunaraðili, sem að öllu jöfnu á að vera best að treysta, auk þess sjálfsagða réttar, er konan ætti hér að hafa sem veigamikinn þátt almennra mannréttinda.

Með því að tryggja konunni sjálfsákvörðunarrétt er um leið lögð á herðar henni siðferðileg ábyrgð, ábyrgð, sem ég treysti íslenskum konum fyllilega til að axla af hvoru tveggja: dómgreind og siðgæðisþroska.

Ótakmarkaður er þessi sjálfsákvörðunarréttur ekki og á heldur ekki að vera skv. þeim breytingartillögum, sem ég styð. Hann er þar háður skilyrðum sem ég tel fullnægjandi og er ekki í vafa um að veiti ærið aðhald.

Sjálfsákvörðunarrétturinn er hér meginágreiningsefni. Hann hefur oft og víða verið studdur gildum rökum, sem ekki skulu endurtekin hér í nefndaráliti, en munu rædd nánar í framsögu.

Alþingi, 7. maí 1975.

Helgi Seljan.

## Nd. 613. Frumvarp til laga [251. mál]

um ráðstöfun gengismunar í þágu sjávarútvegsins skv. lögum nr. 2/1975 og um ráðstafanir vegna hækkunar brennsluolíuverðs til fiskiskipa.

(Eftir 2. umr. í Nd., 7. maí.)

1. gr.

Fé það, sem kemur á reikning ríkissjóðs, skv. ákvæðum 2. gr. laga nr. 2/1975, um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu, umfram greiðslu skv. 4. mgr. þeirrar lagagreinar, skal lagt í sérstakan gengismunarsjóð, sem varið skal í þágu sjávarútvegsins með eftirgreindum hætti:

a. Til lífeyrissjóða sjómanna til þess að verðbæta örorku- og lífeyrisgreiðslur til sjómanna og aðrar tryggingabætur ..... 75 m.kr.
b. Til þess að létta stofnfjárkostnaðarbyrði eigenda fiskiskipa, sem orðið hafa fyrir gengistapi vegna erlendra og gengistryggðra skulda, með skilyrðum sem ráðuneytið setur ..... 950 —

Gert er ráð fyrir, að greiðslur samkvæmt þessum lið fari fram á þremur árum frá 14. febrúar 1975 að telja. Sjávarútvegsráðuneytinu er heimilt að ráðstafa allt að 400 m.kr. af heildarfjárhæð samkvæmt þessum lið til lánveitinga í sjávarútvegi til 2—3ja ára til að bæta lausafjárstöðu eigenda fiskiskipa og vinnslustöðva.

c. Til Fiskveiðasjóðs Íslands til þess að greiða fyrir lánveitingum sjóðsins til tækjakaupa og endurbóta á eldri fiskibátum. Fé þetta greiðist Fiskveiðasjóði sem óafturkræft framlag ..... 300 —
d. Til að bæta eigendum fiskiskipa það tjón sem þeir verða fyrir, er skip þeirra eru dæmd ónýt, enda sé tjónið ekki bætt með öðrum hætti 50 —
e. Til Olíusjóðs fiskiskipa til þess að jafna greiðsluhalla hans fram til 15. febrúar 1975 ..... 80 —
f. Til Tryggingasjóðs fiskiskipa til þess að bæta greiðslustöðu hans 100 —
g. Til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, deildar fyrir afurðir síldar- og fiskimjölsverksmiðja, til greiðslu verðbóta vegna loðnumjöls og fiskmjöls á vetrarvertíð 1975 ..... 50 —
h. Til rannsókna og styrkveitinga v. fiskiskipa, sem breyta vélbúnaði sínum til þess að geta nýtt svartolíu í stað gasolíu sem orkugjafa 10 —
i. Til orlofshúsa sjómannasamtakanna ..... 12 —
j. Eftirstöðvar til ráðstöfunar samkvæmt nánari ákvörðun sjávarútvegsráðuneytisins.

Sjávarútvegsráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessarar greinar og greiðslutíma framlaga.

2. gr.

Auk sérstaks útflutningsgjalds til Olíusjóðs fiskiskipa skv. 4. gr. laga nr. 106/1974 skal greiða til Olíusjóðs viðbótargjald af fob.-verði sjávarafurða, sem framleiddar eru eftir 15. febrúar 1975, sem hér segir:

a. 4% af fob.-verði útfluttra sjávarafurða, annarra en þeirra sem getið er í b- og c-lið þessarar greinar, svo og lagmetis og þeirra afurða, sem koma frá hvalveiðum, selveiðum og hrognkelsaveiðum.
b. 6% af fob.-verði útflutnings á saltfiski.
c. 2% af fob.-verði útflutnings á loðnumjöli, loðnulýsi, fiskmjöli, karfamjöli, karfalýsi, humarmjöli, rækjumjöli, síldarmjöli og síldarlýsi.

Útflutningsgjaldið reiknast á sama hátt og annað útflutningsgjald af sömu vöru, og setur sjávarútvegsráðuneytið reglur um nánari framkvæmd á ákvæðum greinar þessarar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

1. Ákvæði c-liðar 2. gr. skal eigi taka gildi fyrr en 1. október 1975 og ná til afurða, sem framleiddar eru eftir þann tíma.
2. Stjórn Verðjöfnunarsjóðs er heimilt að greiða framleiðendum loðnumjöls upp í verðbætur, sbr. 6. gr. laga nr. 72/1969, vegna birgða loðnumjöls frá loðnuvertíð 1975, sem ekki hafa verið fluttar út. Sjóðsstjórnin setur reglur um greiðslur þessar, að fengnu samþykki ráðherra.
3. Ákvæði b-liðar 1. mgr. 2. gr. laga nr. 2 13. febrúar 1975, um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu, um 20% frádrátt vegna gengismunar, skulu taka til afurða framleiddra úr loðnu, sem landað hefur verið fyrir 16. febrúar 1975. Sjávarútvegsráðuneytið skal setja reglur um framkvæmd þessa liðar, þar sem m. a. verði kveðið á um hvernig meta skuli það afurðamagn, sem framleitt hefur verið úr hráefnisbirgðum loðnuverksmiðja eins og þær voru um miðnætti 15. febrúar 1975.
4. Heimilt er að endurgreiða útflutningsgjald skv. lögum nr. 19/1973 og a-lið 2. gr. þessara laga af saltsíld og saltsíldarflökum, sem framleidd er á árinu 1975.
5. Heimilt er að endurgreiða útflutningsgjald skv. b-lið 2. gr. að hluta eða öllu leyti af þurrkuðum saltfiski, þ. á m. af þurrkuðum saltufsa.

## Nd. 614. Frumvarp til laga [225. mál]

um Hússtjórnarkennaraskóla Íslands.

(Eftir 3. umr. í Ed., 7. maí.)

Samhljóða þskj. 419 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:

Hússtjórnarkennaraskóli Íslands skal starfa í tveimur deildum, kennaradeild og matráðsmannadeild.

Kennaradeild býr nemendur undir kennslu í hússtjórn, svo og þeim greinum öðrum, er reglugerð ákveður, í grunnskólum og framhaldsskólum ásamt störfum við rannsóknir og leiðbeiningaþjónustu neytenda og atvinnuvega.

Matráðsmannadeild menntar starfsmenn til þess að veita forstöðu mötuneytum sjúkrahúsa, heimavistarskóla, vistheimila og annarra stofnana.

5. gr. hljóðar svo:

Inntökuskilyrði í Hússtjórnarkennaraskóla Íslands eru:

Stúdentspróf ásamt 20 vikna hússtjórnarnámskeiði eða próf úr hússtjórnarskóla að viðbættu prófi úr tveggja ára framhaldsdeildum gagnfræðaskóla.

Með samþykki menntamálaráðuneytis má veita umsækjendum með annað nám að baki skóliavist, ef skólastjórn telur það jafngilt og mælir með því. Þeir, sem besta undirbúningsmenntun hafa, sitja fyrir um skólavist.

Nemandi skal sýna læknisvottorð um að hann sé eigi haldinn neinum kvilla, er öðrum geti að meini orðið og hamli skólavist að dómi skólastjórnar.

14. gr. hljóðar svo:

Þá eina má setja skólastjóra og kennara við Húsmæðrakennaraskóla Íslands, sem lokið hafa fullnaðarprófi frá Húsmæðrakennaraskóla Íslands, Húsmæðrakennaraskóla Íslands eða hafa kennarapróf frá hliðstæðum kennaraskólum erlendum og hafa stundað framhaldsnám í húsmæðrafræðum, uppeldisfræðum eða „diet"-fræðum.

Þeir kennarar, er lokið hafa kandidatsprófi frá Norræna búsýsluskólanum eða kandidatsprófi frá annarri hliðstæðri stofnun í einhverri aðalkennslugrein skólans, að viðbættri menntun í uppeldisfræðum, sitja að öðru jöfnu fyrir um stöður.

Til þess að fá skipun við skólann þurfa kennarar að hafa stundað framhaldsnám, sem menntamálaráðuneyti metur gilt á hverjum tíma. Skólastjóri ræður sérfræðinga til stundakennslu.

## Ed. 615. Frumvarp til laga [284. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmda og reksturs Rafmagnsveitna ríkisins og Vegagerðar ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 96. löggjafarþingi, 1974—75.)

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka erlent lán að jafnvirði 1 260 millj kr.

2. gr.

Af lánsfé því sem aflað er skv. 1. gr. skal verja 931 millj. kr. til að greiða skuld ríkissjóðs er myndaðist á viðskiptareikningi í Seðlabanka Íslands vegna hallareksturs Rafmagnsveitna ríkisins og framkvæmd þeirra umfram fjárhagsáætlun til ársloka 1974.

Jafnframt er heimilt að verja 329 millj. kr. af lánsfé þessu til að greiða skuld ríkissjóðs er myndast hafði til ársloka 1974 á viðskiptareikningi í Seðlabanka Íslands vegna útgjalda Vegagerðar ríkisins umfram fjárveitingar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lagafrumvarpi þessu er leitað heimildar fyrir ríkisstjórnina til að greiða hluta af skuldum á viðskiptareikningi ríkissjóðs í Seðlabankanum með fé er tekið er að láni erlendis.

Hér er að meginhluta um að ræða skuldir sem urðu til á s. l. ári vegna reksturs og framkvæmda Rafmagnsveitna ríkisins umfram fjárhagsáætlun, en ekki var hjá því komist að ríkissjóður greiddi til bráðabirgða úr erfiðleikum þeim sem leiddu af starfsemi þeirra.

Til þess að mæta þörf ríkissjóðs til að standa við skuldbindingar Rafmagnsveitna ríkisins endurlánaði Seðlabanki Íslands fé af svokölluðu olíuláni er tekið var hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum á s. l. ári.

Þá er hér ennfremur um að ræða lántöku vegna Vegagerðar ríkisins en á undanförnum árum hafa safnast upp lausaskuldir sem flultar hafa verið milli ára án þess að frá þeim væri gengið á formlegan hátt.

Talið var rétt að gera skuldir þessar upp á árinu 1974. Heimild sú til lántöku sem hér er leitað eftir er nauðsynleg vegna þessarar ráðstöfunar. Seðlabankinn veitti ríkissjóði fyrirgreiðslu vegna skuldar þessarar á s. l. ári af fé því sem tekið hafði verið að láni hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og áður er til vitnað.

## Nd. 616. Frumvarp til laga [285. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast lán fyrir Flugleiðir hf.

(Lagt fyrir Alþingi á 96. löggjafarþingi, 1974—75.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, gegn þeim tryggingum sem hún metur gildar og með þeim skilyrðum sem hún ákveður, þ. á m. um hlutafjáraukningu og eftirlit með fjárhagslegum ákvörðunum félagsins, að veita Flugleiðum hf. sjálfskuldarábyrgð á lánum sem nemi allt að 18,5 milljónum bandaríkjadala, enda taki Flugleiðir hf. lán þessi til kaupa á flugvélum og til að bæta rekstrarfjárstöðu félagsins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í lok október 1974 sneru forráðamenn Flugleiða hf. sér til ríkisstjórnarinnar og greindu henni frá áformum sínum um kaup á tveim flugvélum af gerðinni DC-8-63 CF. Jafnframt gerðu þeir ríkisstjórninni grein fyrir fjárhagslegum erfiðleikum í rekstri fyrirtækisins síðari hluta árs 1974 og á árinu 1975. Fóru þeir óformlega þess á leit við ríkisstjórnina að veitt yrði ábyrgð ríkissjóðs á áðurnefndum flugvélakaupum og aðstoð við að tryggja rekstrarfjárstöðu fyrirtækisins. Formlega sneri fyrirtækið sér til ríkisstjórnarinnar með beiðni um ábyrgðir ríkissjóðs með bréfum 5. febrúar og 16. apríl sl.

Flugvélarnar tvær af gerðinni DC-8-63 CF hyggst fyrirtækið kaupa af Seaboard World Airlines Inc., New York, Bandaríkjunum. Flugvélarnar hafa Loftleiðir hf. haft á leigu samkvæmt kaupleigusamningi allt frá árinu 1970 og hafa þær verið í notkun á flugleiðum félagsins. Flugvélarnar hyggst félagið nota áfram aðallega á flugleiðunum New York - Luxemburg og Chicago - Luxemburg en einnig á leiðunum til Skandinavíu og Stóra Bretlands. Flugvélar þessar taka 249 farþega í sæti og geta jafnframt borið allt að 5 tonn af fragt í ferð. Hafa þær að sögn forráðamanna fyrirtækisins reynst Loftleiðum vel og sama er að segja um önnur fyrirtæki sem notað hafa flugvélar af þessari gerð.

Kaupleigusamningurinn, sem áður var getið, rennur út á miðju þessu ári. Við gerð kaupleigusamningsins var verðmæti flugvélanna beggja 21 milljón bandaríkjadala. Það hefur nú verið greitt niður að u. þ. b. einum þriðja hluta. Kaupverð flugvélanna beggja er því nú 13,5 milljónir bandaríkjadala. Lán til þessara flugvélakaupa hyggst fyrirtækið taka hjá Export Import-bankanum í Washington og hjá viðskiptabönkum í Bandaríkjunum.

Ríkisstjórnin tók áðurnefnda málaleitan Flugleiða hf. til athugunar og fól trúnaðarmönnum sínum að kanna fjárhagsstöðu fyrirtækisins og önnur þau atriði í rekstri fyrirtækisins sem snerta þetta mál. Skiluðu trúnaðarmenn ríkisstjórnarinnar

greinargerð með niðurstöðum sínum í febrúar sl. Það var meginniðurstaða trúnaðarmanna ríkisstjórnarinnar, að fyrirgreiðsla ríkisins við útvegun rekstrarfjármagns yrði ekki skilin frá fyrirsjáanlegum og nauðsynlegum flugvélakaupum félagsins á þessu ári. Með því að nýta ekki kaupréttinn á flugvélunum fyrirgerði félagið þeim möguleikum á aukningu á eigin fé sem það hefði þegar greitt í formi leigu af flugvélunum. Lögðu trúnaðarmenn ríkisstjórnarinnar til, að Flugleiðum hf. yrði gert kleift að nota kaupréttinn. Talið er að markaðsverð vélanna í dag sé um 22 milljónir bandaríkjadala, en kaupréttarverðið er 13,5 milljónir bandaríkjadala. Mismunur á þessu tvennu jafngildir eiginfjáraukningu hjá Flugleiðum hf. og veitir jafnframt ríkissjóði verulega aukna tryggingu fyrir þeim ábyrgðum sem kunna að verða veittar félaginu.

Rekstur Flugleiða hf. hefur ekki farið varhluta af þeim erfiðleikum, sem flugfélög víða um heim hafa átt árið 1974 í kjölfar aukins rekstrarkostnaðar, einkum af völdum eldsneytishækkana og almenns efnahagssamdráttar, sem víðast hefur leitt af sér samdrátt í farþegaflugi. Með hliðsjón af þessu ástandi tóku forráðamenn Flugleiða hf. rekstraráform sín árið 1975 til gagngerðrar endurskoðunar á síðari hluta árs 1974. Leiddi það m. a. af sér að ákveðið var að fækka um eina DC-8 flugvél í sumaráætlun 1975. Verða þær þrjár í stað fjögurra áður. Samræming á áætlunum Flugfélags Íslands hf. og Loftleiða hf. komst á þegar eftir sameiningu flugfélaganna á árinu 1973. Án þeirrar sameiningar hefðu erfiðleikar í rekstrinum orðið miklum mun meiri.

Þrátt fyrir endurskoðuð rekstraráform ársins 1975 til lækkunar útgjalda var það mat forráðamanna Flugleiða hf. seinni hluta árs 1974, að til þess að tryggja rekstur fyrirtækisins yfir vetrarmánuðina og út árið 1975 þyrfti félagið, auk árstíðabundinna lána, lán til 5 ára að upphæð 5 milljónir bandaríkjadala. Ríkisstjórnin telur að hér sé um raunhæft mat að ræða á þörfum félagsins fyrir rekstrarfé. Í frumvarpinu er því gert ráð fyrir að ríkissjóði verði heimilað að veita sjálfskuldarábyrgð fyrir rekstrarláni að upphæð 5 milljónir bandaríkjadala.

Á árinu 1974 fluttu Flugleiðir hf. samtals 603 030 farþega til og frá landinu og innanlands. Þar af voru fluttir 401 655 farþegar í millilandaflugi en innanlands 201 375 farþegar. Vöruflutningar námu á árinu samtals 10 793 tonnum, þar af 6 029 milli landa en 4 764 í innanlandsflugi. Flogið var til 10 staða erlendis í reglubundnu áætlunarflugi en innanlands var haldið uppi ferðum til 13 staða í reglubundnu áætlunarflugi. Í árslok 1974 störfuðu hjá félaginu samtals 1 623 við þennan flugrekstur og skylda starfsemi, þar af 1 167 á Íslandi.

Flugsamgöngur sem atvinnuvegur og móttaka erlendra ferðamanna eru í dag þýðingarmikill liður í gjaldeyrisöflun þjóðarinnar.

Á árinu 1974 var fjöldi útlendinga, ferðamanna og annarra, sem komu til landsins rúmlega 68 þúsund og voru nær allir fluttir til landsins með íslenskum flugvélakosti. Ekkert erlent flugfélag heldur uppi reglubundnu farþegaflugi til Íslands nú á eigin spýtur.

Sú hefur jafnan verið stefna íslenskra stjórnvalda að tryggja yrði forræði íslendinga á samgöngum sínum við umheiminn. Í samræmi við þessa meginstefnu hefur ríkissjóður komið flugfélögum til aðstoðar við flugvélakaup og ábyrgð á rekstrarlánum.

Ríkisstjórnin telur að eignir Flugleiða hf. séu nægileg trygging fyrir ábyrgðum þeim sem leitað er eftir með frumvarpi þessu. Það hefur tíðkast við fyrri ábyrgðarveitingar til flugfélaganna að sett hafa verið skilyrði um upplýsingagjöf um afkomu og rekstur og fylgst hefur verið með meiri háttar fjárhagslegum ákvörðunum félaganna. Þar sem um óvenjuháa ábyrgðarveitingu er nú að ræða telur ríkisstjórnin hins vegar rétt að færa í ákveðnara form aðstöðu til eftirlits með fjárhagslegum ákvörðunum félagsins, svo og öðrum þeim ákvörðunum um rekstur er hún metur nauðsynlegar.

## Ed. 617. Nefndarálit [264. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Með löggjöf um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins var lögð sú kvöð á alla aðila í sjávarútvegi að geyma eftir atvikum hluta af verðhækkun, sem kæmi fram yfir ákveðna viðmiðun. Með þessu móti skyldi reynt að hamla á móti áhrifum verðsveiflna á sjávarafurðum. Í 1. gr. laga um sjóðinn segir: „Hlutverk sjóðsins er að draga úr áhrifum verðsveiflna, er verða kunna á útflutningsafurðum fiskiðnaðarins.“ Með þessu móti var lögð sérstök kvöð umfram aðra aðila þjóðfélagsins á alla þátttakendur í sjávarútvegi í þeim tilgangi að hefta verðbólguþróun. Þeim var sem sagt gert að skyldu að afsala sér hluta tekna sinna og geyma um óákveðinn tíma. Í raun þýddi þetta, að ekki var skilað öllum gjaldeyri til framleiðenda eða þjóðarbúsins fyrir seldar afurðir. Það, sem haldið var eftir, átti að varðveita í Seðlabanka Íslands. Í 2. gr. laganna er kveðið nánar á um, hvernig með skuli fara það fé, sem geymt er. Þar segir: „Verði breyting á gengi íslensku krónunnar, skal fé sjóðsins umreiknast til hækkunar eða lækkunar, eftir því sem við á, í samræmi við gengisbreytinguna, að því leyti sem það kann að vera ávaxtað í íslenskum krónum.“

Hér er komið að efni þessa frumvarps. Eins og lögin gera ráð fyrir má ætla, að stór hluti sjóðsins eða jafnvel allt fé hans sé geymt í erlendri mynt og varðveitt þannig. Þetta er tilgangur laganna, svo að ekki komi til verðrýrnunar, vegna gengisfalls á íslensku krónunni. Ef allt væri með felldu í búskap okkar og Seðlabankinn ætti jafnan eitthvað af erlendum gjaldeyri, sýndist réttmætt, að eign Verðjöfnunarsjóðs væri varðveitt eingöngu sem hreint geymslufé í erlendri mynt og þá sem hreinn varasjóður fyrir sjávarútveginn eins og upphaflega var til ætlast. En svo ömurlega hefur tekist til, að við síðustu gengisfellingu reyndist eign Seðlabankans í erlendum gjaldeyri svo örsmá, að bankinn getur ekki staðið við gengistrygginguna og því er þetta frv. flutt, til þess að losa hann undan skyldu sinni og koma tapinu yfir á ríkissjóð. Það hefur sem sé komið í ljós, að búið var að lána þetta fé út í raun og auka þar með á verðbólguna þvert ofan í tilgang laganna. Eins og oft áður verður svo ríkissjóður að hlaupa undir bagga og hann skal bjarga, þótt rýr sé, og veit enginn hve miklu er hér á hann ávísað gagnvart framtíðinni. Þetta kann að vera óhjákvæmilegt miðað við ríkjandi ástand, en er ömurlegt tákn um stjórnlaust efnahagsástand.

Einnig er í þessu frv. sett inn nýtt ákvæði, sem er þó í heimildarformi, en það kveður svo á, að eftirleiðis megi lána bönkum og öðrum sjóðum fé á vegum Verðjöfnunarsjóðs hér innanlands með 100% gengisáhættu. Gera má ráð fyrir að þetta sé nauðsynlegt og ætti að tryggja eign sjóðsins í íslenskum krónum talið. En varla verður fýsilegt fyrir atvinnulífið að taka slík lán, ef höfð er í huga tíðni gengisfellinga á síðastliðnum árum og hin geygvænlega verðrýrnun íslensku krónunnar.

Þetta frv. er talið eiga rétt á sér, þar sem ekki hefur reynst unnt að varðveita inneign Verðjöfnunarsjóðs sérstaklega í erlendum gjaldeyri og ráðstafa eingöngu í beinu sambandi við verðsveiflur á sjávarafurðum okkar, sem þó var upphaflegur tilgangur laganna um sjóðinn.

Við undirritaðir höfum hér að framan gert grein fyrir skoðunum okkar á þessu máli. En með hliðsjón af því, að staðreynd er, að gjaldeyrissjóðir okkar eru uppétnir, munum við ekki greiða atkvæði gegn frv., en það verður að koma í hlut stjórnarflokkanna að bera ábyrgð á þróun þessara mála.

Alþingi, 8. maí 1975.

Jón Árm. Héðinsson, frsm. Stefán Jónsson.

## Ed. 618. Nefndarálit [265. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 78/1974, um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Með þessu frv. er ríkisstjórnin að viðurkenna, að hún hafi haft rangt fyrir sér og raunar ekki verið unnt, nema breyta um leið lögum um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins, er hún lagði til í frv. um ráðstöfun á gengishagnaði vegna gengisbreytingarinnar frá 29. ágúst s. l. að taka um 400 milljónir af væntanlegum gengismismun og verðbæta þannig inneign í Verðjöfnunarsjóðnum. Þessi fyrirætlan var lögfest þrátt fyrir harða gagnrýni hér á hv. Alþingi og einnig gegn mjög ákveðnum mótmælum frá öllum aðilum sjávarútvegsins. En hæstv. ríkisstjórn virti allt þetta að vettugi og fór sínu fram um skeið. En nú eftir marga mánuði þóknast þeim háu herrum að leiðrétta misferlin og skila aftur til Verðjöfnunarsjóðsins réttmætri eign sinni.

Það er látið í veðri vaka, að vegna þess, hve staða sjávarútvegsins var slæm og aðstoð við hann brýn, sé þetta gert nú. En þrátt fyrir tvær gengisfellingar með stuttu millibili, sem sagt er að gerðar séu til þess að bjarga við stöðu sjávarútvegsins, er meira öngþveiti ríkjandi nú en nokkru sinni. Allur stærri togaraflotinn liggur bundinn í verkfalli og rekstrarmöguleikar fyrir þá gerð virðast lengra undan en áður. Það er engu líkara en ráðamenn hafi gleymt því eða ekki hugað að því, að hvert þessara nýju skipa var keypt fyrir erlent lánsfé, jafnvel allt að 90% kaupverðs. Gengisfelling var því ekki lausnarleið fyrir þennan þátt í sjávarútveginum. Það mun vera sjaldgæft, að allir aðilar innan raða sjávarútvegsins hafi talið rangt að fella gengið eins og gert var í febr. s. l. Þrátt fyrir þetta heldur hæstv. ríkisstjórn sína leið með þeim afleiðingum er alþjóð er nú kunnugt um. Til þess að halda uppi sæmilegum lífskjörum í landinu höfum við orðið að þiggja hvert lánið á fætur öðru erlendis frá, svo að við gætum keypt lífsnauðsynjar. Þessi efnahagsstefna stefnir beint í steinvegginn.

Undirritaðir hafa fyrirvara um afgreiðslu þessa frv. Þar sem það er fram komið vegna fyrri mistaka ríkisstjórnarinnar, verður hún ein og stuðningsmenn hennar að bera ábyrgð á mistökum sínum.

Alþingi, 8. maí 1975.

Jón Árm. Héðinsson, frsm. Stefán Jónsson.

## Ed. 619. Nefndarálit [11. mál]

um frv. til laga um launajöfnunarbætur, bætur almannatrygginga og verðlagsmál.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur rætt málið á nokkrum fundum sínum. Nefndarmenn urðu ekki sammála um afgreiðslu málsins.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að frv. verði samþykkt með þeim breytingartillögum, sem hann flytur á þskj. 620, en minni hlutinn skilar séráliti. Jón G. Sólnes var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Í 5. gr. bráðabirgðalaga frá 24. sept. 1974, er ákvæði þess efnis, að launajöfnunarbætur skuli teknar til endurskoðunar, fari vísitala fram úr 358 stigum á gildistíma þeirra laga.

Aðilar vinnumarkaðarins hafa samið um upphæð láglaunabóta og koma þær bætur til viðbótar þeim láglaunabótum, sem voru ákveðnar í bráðabirgðalögum frá 24. sept. 1974.

Nefndin gerir tillögu um hækkun bóta almannatrygginga og kemur sú hækkun til viðbótar þeirri hækkun, sem var ákveðin í áðurnefndum bráðabirgðalögum.

Samkvæmt tillögu nefndarinnar hækka bætur samkvæmt lögum um almannatryggingar, aðrar en fjölskyldubætur, fæðingarstyrkur og tekjutrygging, um 9%.

Hækkun tekjutryggingar og skerðingarhlutfall vegna annarra tekna eru skýrð á fylgiskjali I með nefndarálitinu.

Á fylgiskjali II er áætlaður sá kostnaðarauki, er hækkunin veldur.

Í breytingartillögum nefndarinnar eru tillögur um greiðslur láglaunabóta til bænda og verkafólks þeirra. Greiðslur til bænda hafa enn ekki verið inntar af hendi, en skulu nú greiddar í samræmi við tillögur þessar. Enn fremur er gerð tillaga um útlán og lánskjör fjárfestingarlánasjóða.

Í framsögu verður gerð nánari grein fyrir þeim breytingartillögum, sem meiri hlutinn, undirritaðir nefndarmenn, flytur.

Alþingi, 9. maí 1975.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm. — Axel Jónsson, fundaskr. — Ólafur Ólafsson.

Albert Guðmundsson.

## Fylgiskjal I.

### Dæmi um hækkun tekjutryggingar.

Fjárhæðir í þús. kr.

| | Núgildandi bótafjárhæðir | | Bótafjárhæðir frá ¼ skv. frv. | | Hækkun % | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Einst. | Hjón | Einst. | Hjón | Einst. | Hjón |
| 1. Grunnlífeyrir | 160.1 | 288.2 | 174.5 | 314.1 | 9.0 | 9.0 |
| 2. Tekjutrygging | 96.7 | 174.1 | 141.1 | 238.6 | 45.9 | 37.0 |
| 3. Tekjutryggingarmark = lágmarkstekjur (1.+2.) | 256.8 | 462.3 | 315.6 | 552.7 | 22.5 | 19.6 |
| 4. Tekjutrygging óskert að | 41.3 | 74.3 | 45.0 | 81.0 | 9.0 | 9.0 |
| 5. Hámarkstekjur án skerðingar | 298.1 | 536.6 | 360.6 | 633.7 | 21.0 | 18.1 |
| 6. Tekjutr. skert að ⅔ við | 166.5 | 299.7 | 216.1 | 370.2 | 29.8 | 23.5 |
| 7. Heildartekjur við tekjutr. skerta að ⅔ | 358.8 | 645.9 | 437.6 | 763.8 | 22.0 | 18.3 |
| 8. Tekjutr. fullskert við | 229.1 | 412.4 | 301.6 | 514.9 | 31.6 | 24.9 |
| 9. Heildartekjur við fullskerta tekjutryggingu | 389.2 | 700.6 | 476.1 | 829.0 | 22.3 | 18.3 |
| 10. Skerðingarhlutfall | 51.5% | 51.5% | 55% | 55% | | |

**Fylgiskjal II.**

**Áætlaður kostnaðarauki vegna breytinga bótafjárhæða skv. 6. og 7. gr.**

**6. gr.**

**Kostnaðarauki, m.kr.**

| | Á heilu ári | 1975 |
|---|---|---|
| Hækkun lífeyrisbóta | 420 | 315 |
| (þar af hækkun elli- og örorkulífeyris) | (320) | (240) |
| Hækkun sjúkratrygginga | 35 | 26 |
| **Samtals** | **455** | **336** |

**7. gr.**

| | | |
|---|---|---|
| Hækkun tekjutryggingar vegna launajöfnunarbóta | 280 | 210 |
| Hækkun tekjutryggingar vegna skattafsláttar | 210 | 210 |
| **Samtals** | **490** | **420** |

## Ed. 620. Breytingartillögur [11. mál]

við frv. til l. um launajöfnunarbætur, bætur almannatrygginga og verðlagsmál.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

1. Við 1. gr.
   a. Upphaf 1. málsgr. hljóði svo:
   Frá 1. október 1974 til 31. maí 1975 og þar til heildarsamtök aðila vinnumarkaðarins hafa samið um annað skulu launagreiðendur greiða launajöfnunarbætur í stað almennrar verðlagsuppbótar á laun umfram þá verðlagsuppbót, sem svarar til kaupgreiðsluvísitölu 106.18 stig, sem hér segir:
   b. 3. töluliður hljóði svo:
   Á hærri laun greiðast ekki launajöfnunarbætur. Hækkun grunnlauna um 3% hinn 1. desember 1974 og enn um 3% hinn 1. júní 1975 hefur þó engin áhrif á greiðslur launajöfnunarbóta skv. 1. og 2. tölulið þessarar greinar eða hækkun grunnlauna í samræmi við samninga heildarsamtaka aðila vinnumarkaðarins.
2. Aftan við 3. gr. bætist: og þar til annað verður ákveðið.
3. 4. gr. hljóði svo:
   Hækkun sú á búvöruverði til bænda, sem hlýst af hækkun skv. 3. gr., skal ekki greidd út í hlutfalli við framleiðsluverðmæti, heldur jafnað þannig til bænda, að hún gagnist eingöngu hinum tekjulægri í þeirra hópi með líkum hætti og launajöfnunarbætur launþegum skv. lögum þessum. Heimilt er, að setja reglugerð um innheimtu og úthlutun þessara bóta í samráði við Stéttarsamband bænda.

Framleiðsluráð landbúnaðarins skal annast úthlutun launajöfnunarbóta samkvæmt 1. málsgr.

Eftirfarandi reglur skulu gilda um launajöfnunarbætur til bænda:

1. Launajöfnunarbætur greiðast þeim einum, er reka bú á lögbýli. Einstaklingar, sem eru aðilar að félagsbúi samkvæmt mati úthlutunarnefndar, hafa sama rétt til launajöfnunarbóta og aðrir bændur. Hlutafélög, önnur félög með tak-

markaðri ábyrgð, stofnanir og aðrir ópersónulegir aðilar eiga ekki rétt á launajöfnunarbótum.

2. Aðeins framleiðendur nautgripaafurða, sauðfjárafurða og kartaflna eiga rétt á launajöfnunarbótum.
3. Aðilar, sem í árslok 1974 voru með minni bú eða búshluta en svarar 60 ærgildum í nautgripum og/eða sauðfé, eiga ekki rétt á launajöfnunarbótum. Sama gildir um aðila með bú, sem á árinu 1974 gaf bónda og skylduliði hans hærri vinnulaunatekjur af nautgripa- og/eða sauðfjáreign en svarar til meðalvinnulauna af 500 ærgilda búi í nautgripum og/eða sauðfé, samkvæmt útreikningi og ákvörðun Framleiðsluráðs landbúnaðarins. Kartöflframleiðendur 1974, sem eru utan fyrrgreindra marka varðandi búfjáreign, eiga rétt á launajöfnunarbótum eftir reglum, er Framleiðsluráð landbúnaðarins setur.
4. Búvöruframleiðendur, sem á árinu 1974 höfðu tekjur af atvinnu utan landbúnaðar, skulu — ef þeir fullnægja settum skilyrðum að öðru leyti — fá greiddar skertar launajöfnunarbætur samkvæmt mati Framleiðsluráðs landbúnaðarins.
5. Réttur til launajöfnunarbóta er bundinn því skilyrði, að hlutaðeigandi telji tekjur sínar og eignir 1974 fram til skatts á fullnægjandi hátt að dómi Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

Framleiðsluráði landbúnaðarins er heimilt að takmarka eða fella niður launajöfnunarbætur til búvöruframleiðenda, sem eru með hærri fyrningarfrádrátt á skattframtali en reiknað er með í verðlagsgrundvelli búvöru, enda sé bústofn þeirra stærri en svarar 500 ærgildum í nautgripum og/eða sauðfé.

Nú rekur aðili fleiri en eitt bú, og skal þá litið á þau sem eina heild við ákvörðun launajöfnunarbóta.

Umsóknir um launajöfnunarbætur skulu sendar Framleiðsluráði landbúnaðarins fyrir lok frests, er hún ákveður. Afrit af skattframtali 1975 skal fylgja hverri umsókn. Umsóknir mega vera í formi ljósrits af framtali (þ. e. almennu skattframtali og landbúnaðarskýrslu), sem skattstjóri sendir Framleiðsluráði landbúnaðarins með áritun um, að hlutaðeigandi sæki um að fá greiddar launajöfnunarbætur. Framleiðsluráð landbúnaðarins ákveður nánari tilhögun umsókna.

Framleiðsluráð landbúnaðarins ákveður fjárhæðir launajöfnunarbóta, er skulu vera breytilegar eftir hæð vinnutekna af búrekstri 1974, innan þess ramma, sem ákveðin er í þessari grein, og í sem fyllstu samræmi við þau ákvæði, sem gilda um launajöfnunarbætur til launþega, sbr. 1. og 2. gr. þessara laga og reglugerð nr. 267/1974, um launajöfnunarbætur.

4. 5. gr. falli niður.
5. 6. gr. verði 5. gr. og hljóði svo:

Greiðsla fjölskyldubóta, sbr. 26. gr. laga nr. 67/1971, sbr. lög nr. 62/1974, skal á tímabilinu 1. október til 30. júní 1975 miðuð við það, að árlegar fjölskyldubætur með barni séu 20 000 kr.

6. 7. gr. verði 6. gr. og hljóði svo:

Fjárhæðir bóta samkvæmt lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, sbr. lög nr. 96/1971, nr. 112/1972 og nr. 62/1974, aðrar en fjölskyldubætur, fæðingarstyrkur og tekjutrygging skv. 19. gr., skulu taka breytingum sem hér segir:

Frá 1. október 1974 skulu þær hækka um 6% frá því, sem í gildi var í sept. 1974.

Frá 1. desember 1974 skulu þær hækka um 3% frá því, sem í gildi var í nóv. 1974.

Frá 1. apríl 1975 skulu þær hækka um 9% frá því, sem í gildi var í mars 1975.

Frá 1. júlí 1975 skulu þær hækka enn um 3% frá því, sem í gildi var í júní 1975.

Breytingar þessar skulu einnig taka til greiðslna skv. 73. gr. laganna.

Þannig verði fullur, árlegur ellilífeyrir einstaklinga, sbr. 11. gr. laga nr. 67/1971, sem hér segir, eftirgreind tímabil, miðað við að lífeyrir sé fyrst tekinn við 67 ára aldur:

| | |
|---|---|
| Frá 1. október 1974 til 30. nóvember 1974 | 155 400 kr. |
| Frá 1. desember 1974 til 31. mars 1975 | 160 068 — |
| Frá 1. apríl 1975 til 30. júní 1975 | 174 480 — |
| Frá 1. júlí 1975 | 179 760 — |

7. 8. gr. verði 7. gr. og hljóði svo:

| Tímabil: | 1. okt. 1974 til 30. nóv. 1974 kr. | 1. des. 1974 til 31. mars 1975 kr. | 1. apríl 1975 til 30. júní 1975 kr. | Frá 1. júlí 1975 kr. |
|---|---|---|---|---|
| 1. Fjárhæð annarra árstekna lífeyrisþega en lífeyris almannatrygginga (reiknaðrar leigu af eigin húsnæði og tekna barna), sem ekki skerðir rétt til uppbótar á lífeyri (tekjutryggingar): | | | | |
| Einstaklingar | 41 300 | 41 300 | 45 000 | 46 380 |
| Hjón | 74 340 | 74 340 | 81 000 | 83 460 |
| 2. Uppbót á lífeyri (tekjutrygging) á ári: | | | | |
| Einstaklingar | 93 900 | 96 720 | 141 120 | 145 380 |
| Hjón | 169 020 | 174 096 | 238 620 | 245 760 |
| 3. Hafi bótaþegi aðrar tekjur, sbr. 1., umfram fjárhæðirnar, sem tilgreindar eru í 1., skal skerða uppbótina um ákveðinn hundraðshluta af tekjum umfram nefnd mörk sem hér segir | 50% | 51.5% | 55% | 55% |

8. 9. gr. verði 8. gr. og hljóði svo:
Breytingar bóta almannatrygginga skv. 6. og 7. gr. skulu m. a. koma í stað breytinga skv. 1. mgr. 78. gr. laga nr. 67/1971, sbr. 12. gr. laga nr. 96/1971, af tilefni launajöfnunarbóta skv. lögum þessum, 3% almennrar hækkunar grunnlauna 1. desember 1974, launahækkunar skv. samkomulagi ASÍ og vinnuveitenda frá 26. mars 1974 og 3% almennrar hækkunar grunnlauna frá 1. júní 1975.

9. 10. gr. verði 9. gr. og hljóði svo:
Frá 1. október 1974 til 31. maí 1975 og þar til öðruvísi verður ákveðið skulu niðurgreiðslur vöruverðs úr ríkissjóði ekki vera lægri en þær eru við gildistöku laga þessara.

10. 11. gr. verði 10. gr. og upphaf gr. hljóði svo:
Frá 1. október 1974 til 31. maí 1975 og þar til öðruvísi verður ákveðið má ekki hækka o. s. frv.

11. Á eftir 11. gr. (sem verði 10. gr.) komi ný gr., sem verði 11. gr. og hljóði svo:
Fjárfestingarlánasjóðir endurláni það fé, sem þeir fá til ráðstöfunar, með sambærilegum kjörum og þeir njóta sjálfir. Á þetta við um vaxtakjör (að viðbættum eðlilegum vaxtamun), lánstíma, lántökukostnað, gengisákvæði, sé um erlent lánsfé að ræða, og verðtryggingarákvæði sé fjárins aflað á þeim grundvelli. Heimilt er að ákveða lánskjör þessara sjóða þannig, að ákvæði um verðtryggingu eða gengisákvæði nái til ákveðins hluta hvers láns í tilteknum lánaflokkum, er ákvarðast af því, hve stór hluti verðtryggt eða gengis-

tryggt fé er af heildarráðstöfunarfé sjóðanna. Jafnframt skal tryggja hæfilega ávöxtun eigin fjár þeirra.

Ríkisstjórnin lætur fram fara árlega endurskoðun á lánskjörum sjóðanna, sbr. ákvæði 1. málsgr., og skal þá hafa hliðsjón af samsetningu þess fjármagns, sem sjóðirnir hafa yfir að ráða. Skal slík endurskoðun fyrst fara fram fyrir 15. júní n. k., vegna ársins 1975.

Ríkisstjórnin skal, að fengnum tillögum Seðlabanka Íslands og Framkvæmdastofnunar ríkisins, setja meginreglur um lánskjör allra opinberra fjárfestingarlánasjóða í samræmi við ákvæði 1. málsgr.

Stjórnir sjóða þeirra, sem hlut eiga að máli, skulu síðan gera tillögur um lánskjör innan ramma meginreglnanna skv. 3. málsgr. Að fengnum þeim tillögum skal ríkisstjórnin taka endanlega ákvörðun um lánskjör fjárfestingarlánasjóða og kemur sú ákvörðun í stað lagaákvæða og reglna þeirra, sem nú gilda um þetta efni.

12. Á eftir 13. gr. komi ákvæði til bráðabirgða, er hljóði svo:

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Fyrir árslok 1975 skal heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra láta fram fara könnun:

a) á framfærslukostnaði elli- og örorkulífeyrisþega og skal könnunin bæði ná til einstaklinga og hjóna, er njóta elli- og örorkulífeyris.

Hliðsjón af könnun þessari skal höfð við ákvörðun elli- og örorkulífeyris og tekjutryggingar hjóna og einstaklinga.

b) á framfærslukostnaði barna einstæðra foreldra. Hliðsjón af könnun þessari skal höfð við ákvörðun barnalífeyris.

13. Fyrirsögn frv. verði:

Frumvarp til laga um launajöfnunarbætur, bætur almannatrygginga, verðlagsmál o. fl.

## Ed. 621. Nefndarálit [11. mál]

um frv. til l. um launajöfnunarbætur, bætur almannatrygginga og verðlagsmál.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Frumvarp þetta er upphaflega flutt til staðfestingar á bráðabirgðalögum um launajöfnunarbætur, en gildi þess nú felst einkum í nýjum ákvæðum um bætur almannatrygginga. Margir eru þeir, sem orðið hafa að þola stórfellda skerðingu lífskjara af völdum núverandi ríkisstjórnar, en enginn hópur láglaunamanna hefur þó verið jafnhart leikinn og þeir sem nær eingöngu fá tekjur sínar frá almannatryggingum. 1. apríl 1974 fékk einstaklingur í elli- eða örorkulífeyri 146 580 kr., en tekjutrygging nam 80 052 kr. eða samtals 226 632 kr. Hinn 1. mars s. l. var framfærslukostnaður orðinn 46% hærri en hann var einu ári áður, en samanlagður lífeyrir og tekjutrygging, þ. e. tekjulágmark, tekjutryggingarmark, hafði aðeins hækkað um 13.3% og var komið í 256 788 kr. á ári eða um 21 400 kr. á mánuði. En til þess að samanlagður lífeyrir og tekjutrygging héldu gildi sínu miðað við hækkun framfærslukostnaðar ætti upphæðin nú að nema rúmlega 27 600 kr. á mánuði, og mundi þó flestum einstaklingum veitast nógu erfitt að lifa á þeim mánaðartekjum.

Í breytingartillögum meiri hluta n. felst nokkur úrbót, en hún nær skammt til að brúa þá kjaraskerðingu, sem aldraðir og öryrkjar hafa orðið fyrir. Samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar og tillögum meiri hlutans fá einstaklingar um 24 600 kr. á mánuði úr kerfi almannatrygginga, en það er rétt um helmingur af því, sem á

vantar að lífeyrisgreiðslur fylgi hækkun framfærslukostnaðar. Hjón fá rétt um 43 þús. kr. á mánuði, en ættu að fá um 50 þús. kr.

Eins og kunnugt er, var það fyrsta verk vinstri stjórnarinnar að bæta verulega kjör aldraðra og öryrkja, en síðan voru lífeyrisgreiðslur hækkaðar jafnt og þétt í kjölfar hækkunar á framfærslukostnaði.

Við Alþýðubandalagsmenn teljum þó, að þau kjör, sem öldruðum og öryrkjum voru þá búin, megi ekki lakari vera og tillögur mínar miðast því við, að elli- og örorkulífeyrir hækki nú fyllilega til jafns við hækkun framfærslukostnaðar á liðnu ári, en til þess þarf almennur lífeyrir einstaklings að verða tæpar 17 900 kr. á mánuði og tekjutryggingin um 10 000 kr. Því til viðbótar kemur svo útborgun skattafsláttar, eins og lofað var við afgreiðslu skattalaganna nú fyrir skemmstu, 20 þús. kr. á einstakling og 36 þús. kr. á hjón, en skattafslátturinn er uppbót til lífeyrisþega, sem ekki greiða tekjuskatt og hafa því engan hag haft af lækkun tekjuskattsins, en hafa þó mátt taka á sig stórfellda hækkun söluskatts.

Af hálfu meiri hlutans er augljós tilhneiging til að reyna að láta líta svo út, að tekjutryggingin hækki sem nemur þessum 20 000 kr., og 36 000 kr., en það er að sjálfsögðu blekking, og er eðlilegast að skattafslættinum sé haldið sérgreindum, eins og lagt er til í breytingartillögum mínum, sem fylgja á sérstöku þingskjali.

Í tillögum þessum er einnig lagt til, að greiðsla fæðingarorlofs verði tekin upp í kerfi almannatrygginga. Það er sjálfsagt réttlætismál, að sérhver móðir fái þriggja mánaða laun vegna fæðingar, og er eðlilegt, að þær greiðslur komi úr kerfi almannatrygginga.

Alþingi, 9. maí 1975.

Ragnar Arnalds.

## Ed. 622. Breytingartillögur [11. mál]

við frv. til l. um launajöfnunarbætur, bætur almannatrygginga og verðlagsmál og við brtt. á þskj. 619.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (RA).

1. Við 6. brtt. Við 7. gr., er verði 6. gr.
   a. Í stað orðanna „Frá 1. apríl 1975 .... í júní 1975“ í 1. málsgr. komi: Frá 1. apríl 1975 skulu þær hækka um 34% frá því sem í gildi var í mars 1975, en síðan breytast ársfjórðungslega í samræmi við vísitölu vöru, þjónustu og húsnæðis.
   b. Í stað orðanna „Frá 1. apríl 1975 .... kr. 179 760“ komi: Frá 1. apríl 1975 kr. 214 491, en breytist síðan ársfjórðungslega í samræmi við vísitölu vöru, þjónustu og húsnæðis.
2. Við 7. brtt. Við 8. gr., er verði 7. gr.
   a. Á eftir 1. tölulið kemur nýr liður, sem orðist svo:
      Viðbót vegna útborgaðs skattafsláttar á árinu 1975 kr. 20 000 fyrir einstaklinga og kr. 36 000 fyrir hjón.
   b. Á eftir 2. tölulið komi nýr málsliður, svo hljóðandi:
      Tekjutrygging skal síðan breytast ársfjórðungslega í samræmi við vísitölu vöru, þjónustu og húsnæðis.
   c. Dálkur undir fyrirsögninni „Frá 1. júlí 1975“ falli niður.
3. Á eftir 12. gr. komi 3 nýjar greinar, er orðist svo:
   a) (13. gr.) 10. gr. laga um almannatryggingar orðist svo:
      Lífeyristryggingar taka til ellilífeyris, örorkulífeyris, makabóta, barnalífeyris, mæðralauna, fæðingarstyrks, fæðingarorlofsfjár, ekkjubóta og ekkjulífeyris.

b) (14. gr.) Við lög um almannatryggingar bætist ný grein, sem verði 17. gr., svo hljóðandi:
Fæðingarorlofsfé skal vera jafnhátt þriggja mánaða dagvinnulaunum við almenna verkamannavinnu við hverja fæðingu til móður sem á lögheimili hér á landi og er íslenskur ríkisborgari. Greiðslur frá atvinnurekendum vegna fæðingarorlofs koma til frádráttar greiðslu samkvæmt þessari grein.
c) (15. gr.) a- og b-liðir 20. gr. laga um almannatryggingar orðist svo:
a. Ríkissjóður 83.5%.
b. Atvinnurekendur 16.5%.

## Ed. 623. Frumvarp til laga [286. mál]

um iðnaðarmálagjald.

(Lagt fyrir Alþingi á 96. löggjafarþingi, 1974—75.)

1. gr.

Leggja skal 0.1% gjald, iðnaðarmálagjald, á allan iðnrekstur í landinu, sem af er greitt iðnlánasjóðsgjald samkv. ákvæðum 5. gr. laga nr. 68 10. október 1967. Skal gjaldstofn þess vera hinn sami og iðnlánasjóðsgjaldsins samkv. ákvæðum þessum. Undanþegin gjaldinu eru fyrirtæki í einkaeign opinberra aðila, svo og fyrirtæki, sem stofnuð eru samkvæmt sérstökum lögum til að vera eign opinberra aðila að verulegu leyti, nema annars sé getið í þeim lögum.

Iðnaðarmálagjald skal lagt á af skattstjórum og innheimt af innheimtumönnum ríkisins. Gjalddagi skal vera hinn 1. ágúst ár hvert, og má taka gjaldið lögtaki, sbr. lög nr. 29 16. desember 1885.

Iðnaðarmálagjald skal vera frádráttarbært sem rekstrarkostnaður við álagningu tekjuskatts, svo og tekjuútsvars, ef um er að ræða. Óheimilt er að leggja gjaldið við útsöluverð á vörum eða þjónustu iðnfyrirtækja.

2. gr.

Tekjum af iðnaðarmálagjaldi skal þannig varið:

1. Upphæð, sem svarar til iðnaðarmálagjalds Sambands ísl. samvinnufélaga og kaupfélaga innan þess, skal renna til starfsemi í þágu iðnaðar samvinnufélaganna eftir nánari ákvörðun stjórnar sambandsins.
2. Eftirstöðvar iðnaðarmálagjaldsins skiptast að jöfnu milli Félags íslenskra iðnrekenda og Landssambands iðnaðarmanna, sem hvort um sig ráðstafar sínum hluta til þess að vinna að eflingu iðnaðar og iðnþróunar í landinu.

Aðilar þeir, sem iðnaðarmálagjaldið rennur til samkv. framansögðu, skulu senda iðnaðarráðuneytinu árlega skýrslu um ráðstöfun andvirðis þess.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal í fyrsta sinn lagt á iðnaðarmálagjald árið 1975 á gjaldstofn ársins 1974.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp það, sem hér er lagt fram, er flutt að tilmælum Félags íslenskra iðnrekenda, Landssambands iðnaðarmanna og Sambands íslenskra samvinnufélaga. Af hálfu þessara aðilja fylgir frumvarpinu svohljóðandi greinargerð:

„Heildarsamtök iðnaðarins í landinu, Félag íslenskra iðnrekenda og Landssamband iðnaðarmanna, hafa nú, ásamt Sambandi íslenskra samvinnufélaga, verið

leiðandi aðilar í iðnþróun hér á landi um meira en fjögurra áratuga skeið. Á þessu tímabili hefur iðnaðurinn vaxið mjög verulega og er nú svo komið, að um það bil þriðjungur þjóðarinnar starfar við iðnað, þ. e. framleiðslu þjónustu- og byggingariðnað.

Á undanförnum árum hafa innlendir sérfræðingar unnið að athugunum á einstökum iðngreinum og áætlanagerð fyrir alhliða iðnþróun í landinu. Í fjölmörgum skýrslum, sem þessir aðilar hafa unnið, svo og í mannfjöldaskýrslum og spám um dreifingu vinnuafls á komandi árum, hefur glögglega komið í ljós, að á næstu árum mun þurfa að verða meiri vöxtur í iðnaðinum en nokkru sinni fyrr. Auk þess sem iðnaðurinn þarf að taka við meginhluta þess vinnuafls, sem kemur á vinnumarkaðinn á næstu árum, þarf framleiðni hans að stóraukast, til þess að hann geti haldið velli í síharðnandi samkeppni. Sérfræðingar þeir, sem unnið hafa að áætlanagerð fyrir iðnaðinn, hafa lagt áherslu á nauðsyn markvissrar stefnumótunar af hálfu opinberra aðila annars vegar, og bent á að gera þurfi ákveðnar kröfur til einstakra iðnfyrirtækja hinsvegar. Hvorttveggja gerir brýnar kröfur til heildarsamtaka iðnaðarins.

Um það þarf ekki að fara mörgum orðum, hve mikill léttir er fyrir opinbera aðila að geta snúið sér til fárra en öflugra aðila, sem eru fulltrúar margra smærri, bæði þegar um er að ræða mótun og framkvæmd einstakra stefnumála. Hvað þetta varðar geta heildarsamtök atvinnuvega komið opinberum aðilum að mjög góðu haldi, sé rétt að farið. Heildarsamtök iðnaðarins hafa verið sá aðili, sem hið opinbera hefur getað snúið sér til í þessum efnum.

Nauðsynlegt er, að iðnaðurinn sjálfur eigi sem ríkastan þátt í að móta stefnuna í málefnum sínum og um leið þarf hann að meira eða minna leyti að vera fær um að framfylgja þeirri stefnu, sem mótuð er á hverjum tíma. Þetta á einkum við um innri mál iðnaðarins, svo sem þróun skipulagsbyggingar einstakra iðngreina, framleiðniaukandi aðgerðir hjá iðnfyrirtækjum, sameiginlegar aðgerðir í sölu- og markaðsmálum, þjálfun og menntun starfsfólks og fleira. Allt eru þetta verkefni, sem heildarsamtök iðnaðarins þurfa að vinna að, og hafa raunar gert, en ekki getað sinnt eins og þau hefðu viljað.

Í þessu sambandi ber að hafa í huga, að ef starfsemi heildarsamtakanna, sem miðar að því að framfylgja þeirri iðnaðarstefnu, sem mótuð er á hverjum tíma, er nægilega öflug, er hægt að gera meiri kröfur til einstakra iðnfyrirtækja, sem eru aðilar að heildarsamtökunum. Ef t. d. heildarsamtökin hafa ákveðna getu til þess að sinna framleiðniaukandi aðgerðum hjá iðnfyrirtækjum, þjálfun og menntun starfsfólks o. fl., verður afleiðingin sú, að hægt yrði að gera mun meiri kröfur til fyrirtækjanna sjálfra en sanngjarnt er að gera sem stendur. Engum blandast hugur um, að tæplega er hægt að gera verulegar kröfur um það, eins og nú standa sakir, að fyrirtækin séu undir það búin að gera þær breytingar á rekstri, sem nauðsynlegar eru til að æskilegum árangri verði náð í iðnþróuninni, þrátt fyrir góðan vilja. Talsvert hefur verið unnið að því að aðstoða þau á þessu sviði að undanförnu með góðri aðstoð Iðnþróunarsjóðs og hins opinbera. Þetta hefur verið gert í samráði við heildarsamtökin, en þau hafa ekki haft þeim mannafla og því fé á að skipa, sem nauðsynlegt er til þess að geta tekið nægilega mikinn þátt í þessari starfsemi. Ef vel á að vera þyrfti að koma á fót öflugri ráðgjafarstarfsemi á vegum samtakanna, og má öllum vera ljóst hve mikið ynnist við slíkt.

Til þess að mæta þeirri þróun, sem óhjákvæmileg er, og til þess að hafa æskileg áhrif á þá þróun, verða heildarsamtök iðnaðarins að vera virk og leiðandi í mótun og framkvæmd iðnaðarstefnunnar. Ef samtökin eiga að geta komið til móts við þessar auknu kröfur þurfa þau að hafa fjármagn til þess að geta haft í sinni þjónustu nauðsynlegt starfslið til að sinna þeim verkefnum, sem úrlausnar krefjast. Ennfremur þurfa þau aukið fjármagn til margskonar útgáfu-, fræðslu-, kynningar- og rannsóknarstarfsemi.

Núverandi megintekjustofnar iðnaðarsamtakanna eru félagsgjöld. Slíkri tekjuöflunaraðferð eru nokkur takmörk sett, þar sem há félagsgjöld geta fælt þá frá samtökunum, sem þar eiga að réttu lagi heima. Hins vegar virðist eðlilegt að afla þess fjár, sem iðnaðarsamtökin þurfa til starfsemi sinnar, hjá þeim, sem iðnrekstur stunda og njóta á beinan og óbeinan hátt góðs af starfsemi samtakanna.

Með lagafrumvarpi þessu er gerð tillaga um, að lagt verði á allan iðnað í landinu, sem greiðir iðnlánasjóðsgjald, sérstakt gjald, er renni til heildarsamtaka iðnaðarins. Gjald þetta verði 0.1% og lagt á sama stofn og iðnlánasjóðsgjaldið. Miðað við innheimt iðnlánasjóðsgjald hefðu tekjur af slíku gjaldi numið um 12.9 millj. króna árið 1972, en 13.6 millj. króna árið 1973 og um 18.2 millj. króna árið 1974.

Skattlagning af þessu eða svipuðu tagi á sér fordæmi frá öðrum atvinnugreinum. Má t. d. benda á, að samkv. lögum nr. 38 15. febr. 1945 er greitt sérstakt gjald af söluvörum landbúnaðarins, er rennur í búnaðarmálasjóð, en tekjur sjóðsins skiptast síðan að jöfnu á milli Stéttarsambands bænda annars vegar og búnaðarsambandanna hins vegar. Ennfremur rennur hluti af útflutningsgjaldi af sjávarafurðum til samtaka útvegsmanna og sjómanna, sbr. lög nr. 4 28. febr. 1966 og síðari breytingar á þeim.

Langflestir þeir, sem iðnrekstur stunda, eru aðilar að þeim félagssamtökum iðnaðarins, sem fá eiga tekjur af iðnaðarmálagjaldinu til starfsemi sinnar, og þau eru öllum opin, sem iðnað stunda. Þeir, sem nú standa utan samtakanna, geta því gerst beinir aðilar að þeim, og á þann hátt haft áhrif á starf þeirra.

Þá má benda á, að iðnfyrirtæki og aðilar, sem hafa með höndum sjálfstæðan iðnrekstur, annast innheimtu á margvíslegum gjöldum fyrir opinbera aðila, bæði af starfsfólki sínu og neytendum. Þessi skattheimta, sem þeir inna af hendi og eru ábyrgir fyrir, skiptir milljörðum króna á ári og kemur engin þóknun fyrir. Það sýnist því ekki óeðlilegt, að ríkisvaldið taki að sér að innheimta fyrir samtök þessara aðila gjald, sem er aðeins lítið brot af því, sem þeir innheimta fyrir ríkið.

Með tekjustofni þessum ætti að vera skapaður fjárhagslegur grundvöllur fyrir virkari þátttöku samtaka iðnaðarins í mótun iðnþróunarinnar í framtíðinni."

Með tilliti til þeirra sjónarmiða, sem að framan eru rakin, telur ríkisstjórnin eðlilegt að bera málið upp á Alþingi í því formi, sem hér liggur fyrir.

Um einstakar greinar frumvarpsins fylgja eftirfarandi skýringar:

Um 1. gr.

Lagt er til, að lagt verði sérstakt gjald á iðnaðinn í landinu, er renni til heildarsamtaka iðnaðarins, og er kveðið á um ráðstöfun þess í 2. gr. frv.

Með orðinu „iðnrekstur" í 1. málsgr. er átt við bæði framleiðsluiðnað, þjónustuiðnað og byggingariðnað, en samkvæmt hefð er ekki til þess ætlast, að fiskiðnaður verði þar meðtalinn. Er þetta síðasttalda nánar tryggt með tilvísun málsgreinarinnar í lögin um iðnlánasjóð, en þar er beinlínis svo á kveðið, að nokkrar greinar framleiðsluiðnaðar séu undanþegnar greiðslu iðnlánasjóðsgjalds, þ. e. allur kjötiðnaður, mjólkuriðnaður og fiskiðnaður. Þessar iðngreinar yrðu einnig undanþegnar iðnaðarmálagjaldi.

Auk þess er gert ráð fyrir því í frv., að iðnfyrirtæki í einkaeign opinberra aðila verði undanþegin iðnaðarmálagjaldinu. Raunar eru þau það flest þegar af þeirri ástæðu, að þau greiða landsútsvar, en ekki aðstöðugjald, og eru þannig undanþegin iðnlánasjóðsgjaldi, sem fylgir hinu síðarnefnda. Þetta gildir þó ekki um Landssmiðjuna og Ríkisprentsmiðjuna Gutenberg, sem báðar greiða nú aðstöðugjald jafnframt landsútsvari, og þá einnig iðnlánasjóðsgjaldið.

Með fyrirtækjum í einkaeign opinberra aðila er í frv. átt við öll fyrirtæki, sem eru í einkaeign ríkisins eða ríkisfyrirtækja, svo og fyrirtæki, sem eru í einkaeign sveitarfélaga, eins eða fleiri, eða í sameign þessara aðila. Úr þessum hópi má t. d.

nefna Áburðarverksmiðju ríkisins og Sementsverksmiðju ríkisins, auk framangreindra dæma, en þær mundu báðar verða undanþegnar gjaldinu eins og nú stendur á, þar sem þær greiða aðeins landsútsvar, sbr. framanritað.

Eðlilegt þykir, að umrædd undanþága frá gjaldinu nái einnig til fyrirtækja, sem stofnuð eru með sérstökum lögum til að vera eign ríkisins að verulegu leyti. Af þessu tagi eru t. d. Þörungavinnslan hf. og Kísiliðjan hf. Raunar mundi gjaldið ekki falla á hina síðarnefndu, þar sem hún greiðir sérstakan tekjuskatt í stað aðstöðugjalds, iðnlánasjóðsgjalds og annarra beinna skatta.

Ákvæði greinarinnar um gjalddaga og frádráttarhæfni gjaldsins sem reksturskostnaðar eru hliðstæð ákvæðum í lögum um iðnlánasjóðsgjald. Verður iðnaðarmálagjaldið yfirleitt hliðstætt iðnlánasjóðsgjaldinu, en það er nú 0.5% af sama stofni.

Þá eru í greininni ákvæði þess efnis, að óheimilt verði að leggja iðnaðarmálagjaldið við útsöluverð á vörum eða þjónustu iðnfyrirtækja, þar sem ætlast er til, að iðnaðurinn taki gjald þetta á sig sjálfur.

Um 2. gr.

Til þess er ætlast, að tekjum af iðnaðarmálagjaldinu verði varið til þess að efla íslenskan iðnað og vinna að jákvæðri iðnþróun í landinu. Eðlilegt þykir, að S.Í.S. fái til ráðstöfunar þann hluta gjaldsins, sem greiddur er vegna iðnrekstrar Sambandsins og kaupfélaga innan vébanda þess, en að öðru leyti skiptist það til helminga milli heildarsamtaka iðnaðarins, Félags íslenskra iðnrekenda og Landssambands iðnaðarmanna.

Starfsemi samtaka iðnaðarins hefur að höfuðmarkmiði eflingu iðnaðarins og mótun almennrar iðnaðarstefnu, er stuðli að þjóðhagslega hagkvæmri iðnþróun. Nauðsynlegt er að auka starfsemi samtakanna verulega, t. d. á sviði alhliða kynningar- og útbreiðslustarfsemi, sviði hagrannsókna, útgáfustarfsemi o. fl. Ennfremur þurfa samtökin að hafa bolmagn til að taka virkan þátt í aðgerðum, er miða að jákvæðum breytingum á skipulagsbyggingu einstakra iðngreina, framleiðniaukandi aðgerðum í einstökum iðngreinum eða iðnfyrirtækjum, sölu- og útflutningseflandi aðgerðum og loks í fræðslu og þjálfun starfsfólks og stjórnenda iðnfyrirtækja.

Í greininni er ákvæði, sem ætlað er að tryggja, að opinberum aðilum verði jafnan gerð eðlileg grein fyrir ráðstöfun iðnaðarmálagjaldsins.

Um 3. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

## Ed. 624. Nefndarálit [209. mál]

um frv. til l. um félagsráðgjöf.

Frá heilbrigðis- og tryggingarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess með þeim breytingum, er hún flytur till. um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 9. maí 1975.

Oddur Ólafsson, form., frsm. Halldór Ásgrímsson, fundaskr. Helgi Seljan.
Eggert G. Þorsteinsson. Steinþór Gestsson.

## Ed. 625. Breytingartillögur [209. mál]

við frv. til l. um félagsráðgjöf.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

1. 1. gr. orðist svo:
   Rétt til að kalla sig félagsráðgjafa hefur sá einn, sem til þess hefur leyfi heilbrigðisráðherra.
2. Upphaf 3. gr. orðist svo:
   Takmörkuð og/eða tímabundin réttindi má einnig veita þeim, sem eru í starfi þegar lög þessi öðlast gildi, en uppfylla ekki skilyrði 2. gr.
   Slík réttindi má því aðeins veita o. s. frv.

## Ed. 626. Nefndarálit [258. mál]

um frv. til laga um Viðlagatryggingu Íslands.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess með þeirri breytingu, er hún flytur tillögu um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 9. maí 1975.

Oddur Ólafsson, form., frsm.
Halldór Ásgrímsson, fundaskr.
Helgi Seljan, með fyrirvara.
Eggert G. Þorsteinsson.
Steinþór Gestsson.

## Ed. 627. Breytingartillaga [258. mál]

við frv. til laga um Viðlagatryggingu.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

2. gr. orðist svo:
Stjórn stofnunarinnar skulu skipa fimm menn. Skulu þrír kosnir af sameinuðu Alþingi, einn valinn af þeim vátryggingarfélögum, sem innheimta iðgjöld, sbr. 3. mgr. 8. gr., en tryggingaráðherra skipar einn og skal hann vera formaður. Varamenn skulu valdir á sama hátt. Stjórnarmenn skulu skipaðir til 4 ára í senn.

## Ed. 628. Nefndarálit [224. mál]

um frv. til l. um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess með breytingu, sem flutt er tillaga um á þskj. 632.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja öðrum breytingartillögum.

Fjarstaddir afgreiðslu málsins voru Ingi Tryggvason og Steingrímur Hermannsson.

Alþingi, 9. maí 1975.

Axel Jónsson, form., frsm. Steinþór Gestsson, fundaskr. Jón Árm. Héðinsson.
Þorv. Garðar Kristjánsson. Ragnar Arnalds.

## Ed. 629. Nefndarálit [264. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin mælir með samþykkt frv., en Jón Árm. Héðinsson og Stefán Jónsson munu gera í sérstöku nefndaráliti grein fyrir afstöðu sinni.
Jón G. Sólnes var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 9. maí 1975.

Steingrímur Hermannsson, form., frsm. Oddur Ólafsson. Jón Árnason.
Halldór Ásgrímsson.

## Ed. 630. Nefndarálit [265. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 78/1974, um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin mælir með samþykkt frv., en Jón Árm. Héðinsson og Stefán Jónsson munu gera í sérstöku nefndaráliti grein fyrir afstöðu sinni.
Jón G. Sólnes var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 9. maí 1975.

Steingrímur Hermannsson, form., frsm. Halldór Ásgrímsson, fundaskr. Jón Árnason.
Oddur Ólafsson.

## Nd. 631. Nefndarálit [95. mál]

um frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 80 10. júlí 1973.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur kynnt sér frumvarpið og rætt það á nokkrum fundum. Ráðuneytisstjóri samgönguráðuneytis og vegamálastjóri voru kvaddir á fund nefndarinnar til skrafs og ráðagerða. Nefndarmenn eru í meginatriðum sammála um að

mæla með samþykkt frumvarpsins. Þeir hafa þó allir áskilið sér rétt til að breyta eða fylgja breytingartillögum. Nánari grein verður gerð fyrir málinu í framsögu.

Óhjákvæmilegt er að breyta frv. í þeim búningi, sem það kom í frá Ed., á þann hátt, að 15. gr. skiptist í tvær greinar og aðrar dagsetningar verði í ákvæði til bráðabirgða en nú eru þar. Eru nefndarmenn sammála um þessar

BREYTINGAR:

1. Við 15. gr. Á eftir orðunum „um framkvæmd eignarnáms“ í 1. málsgr. komi ný greinatala og þar hefjist 16. gr.
2. Við ákvæði til bráðabirgða. Dagsetningar breytist þannig, að í stað „15. apríl“ komi: 25. maí, og í stað „1. maí“ komi: 1. júní.

Alþingi, 9. maí 1975.

| | | |
|---|---|---|
| Friðjón Þórðarson, form., frsm. | Sverrir Hermannsson. fundaskr. | Sigurlaug Bjarnadóttir. |
| Karvel Pálmason. | Garðar Sigurðsson. | Stefán Valgeirsson. |
| | Guðrún Benediktsdóttir. | |

## Ed. 632. Breytingartillaga [224. mál]

við frv. til l. um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.

Frá menntamálanefnd.

Við 2. gr. Við gr. bætist: Ef fleiri en eitt sveitarfélag standa að rekstri tónlistarskóla, gera þau samning um fyrirkomulag greiðslna og kostnaðarskiptingu.

## Nd. 633. Nefndarálit [222. mál]

við frv. til l. um Leiklistarskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað þetta mál ítarlega og orðið sammála um að mæla með samþykkt frv. með þeim breytingum, sem prentaðar verða á sérstöku þingskjali.

Efnisbreytingar eru m. a., að skýrar yrði kveðið á um hlutverk skólans en frv. mælir um. Þá er sú breyting lögð til, að heimilt sé að reka undirbúningsdeildir utan Reykjavíkur í tengslum við skólann og að starfrækja „nemendaleikhús“ á vegum hans. Nemendaleikhús í þessu sambandi merkir að sjálfsögðu ekki nýtt leikhús í venjulegri merkingu orðsins, heldur sjálfstæðar leiksýningar nemenda, uppfærslu leikverka á þeirra vegum sem þátt í menntun þeirra og þjálfun til leiklistarstarfa.

Nefndin leggur til, að skólastjóri verði ráðinn til 4 ára í senn, en ekki ævilangt, og eins, að skýrt sé kveðið á um það, að kennarar séu ráðnir að skólanum í samráði við skólanefnd. Jafnframt leggur nefndin til, að notað verði orðið „kennarar“ í stað orðsins „stundakennarar“. Þykir eigi ástæða til að lögfesta, að ekki megi aðrir starfa við skólann en stundakennarar.

Nefndin leggur einnig til að í skólanefnd verði bætt 2 fulltrúum, þ. e. frá Leikfélagi Akureyrar og kennurum skólans. Þykir eðlilegt, að Leikfélag Akur-

eyrar, sem rekur fast leikhús, eigi aðild að skólanefnd, svo og að kennarar skólans eigi þar fulltrúa til jafns við nemendur.

Nefndin leggur til, að ákvæði til bráðabirgða verði breytt verulega að efni og orðalagi. Ákvæði þetta fjallar um rétt nemenda núverandi leiklistarskóla, þ. e. Leiklistarskóla leikfélaganna og Leiklistarskóla Samtaka áhugamanna um leiklist (SÁL). Menntamálanefnd telur, eftir að hafa kynnt sér störf þessara skóla, að virða beri framtak þeirra og námsáhuga nemenda þeirra og tryggja að þeir geti haldið áfram námi í væntanlegum Leiklistarskóla ríkisins, þannig að tekið verði tillit til þess náms, sem nemandi hefur þegar lokið, og þess, hvort hann hefur staðist hæfnismat í skóla sínum.

Leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með þeim breytingum, sem hér hafa verið nefndar.

Alþingi, 8. maí 1975.

| | | |
|---|---|---|
| Ingvar Gíslason, form., frsm. | Sigurlaug Bjarnadóttir, fundaskr. | Ey. Kon. Jónsson. |
| Magnús T. Ólafsson. | Svava Jakobsdóttir. | Ellert B. Schram. |
| | Gunnlaugur Finnsson. | |

## Nd. 634. Breytingartillögur [222. mál]

við frv. til l. um Leiklistarskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Stofna skal á vegum ríkisins leiklistarskóla, og er heiti hans Leiklistarskóli Íslands.
   Hlutverk skólans er að þroska leiklistarhæfileika nemenda og þjálfa þá til leiklistarstarfa.
   Skólinn starfar í Reykjavík, en heimilt er að reka undirbúningsdeildir í tengslum við skólann annars staðar á landinu.
   Heimilt er að starfrækja nemendaleikhús á vegum skólans.
   Allur kostnaður við skólann greiðist úr ríkissjóði.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Leiklistarskóli Íslands heyrir undir menntamálaráðuneytið. Skólinn er þriggja vetra skóli og skal starfa sem næst 8 mánuði á ári. Ákveða skal með reglugerð, hvert skuli vera námsefni skólans, inntökuskilyrði, hæfnismat (próf) og annað, er varðar starfsemi skólans og undirbúningsdeilda skv. 1. gr.
3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Við skólann starfar skólastjóri, sem settur skal eða skipaður af ráðherra til fjögurra ára í senn. Skólastjóri getur sá einn orðið, sem öðlast hefur menntun og reynslu í leiklistarstörfum. Um starfskjör hans fer eftir hinu almenna launakerfi ríkisins, eftir því sem við á. Skólastjóri ræður kennara að skólanum í samráði við skólanefnd, eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum.
4. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Skólanefnd er til ráðuneytis skólastjóra um málefni skólans. Menntamálaráðherra skipar skólanefndina, sem í eiga sæti 9 fulltrúar. Ráðherra skipar einn nefndarmanna án tilnefningar, og er hann formaður. Aðrir nefndarmenn eru skipaðir samkvæmt tilnefningu eftirtalinna aðila: Þjóðleikhússráðs, leikhússráðs Leikfélags Reykjavíkur, Leikfélags Akureyrar, Bandalags ísl. leikfélaga, Ríkisútvarpsins, Félags íslenskra leikara, kennara Leiklistarskóla Íslands, nemenda Leiklistarskóla Íslands. Nefndarmenn skulu skipaðir til fjög-

urra ára í senn nema fulltrúar nemenda og kennara, sem skipaðir eru til eins árs hverju sinni.

5. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   Þjóðleikhús og önnur leikhús í landinu, sem ríkisstyrks njóta, svo og Ríkisútvarp (hljóðvarp og sjónvarp) skulu veita Leiklistarskóla Íslands aðstoð í starfi hans eftir því sem um semst milli aðila hverju sinni og við verður komið.
6. Við 6. gr. Greinin falli niður.
7. Við 7. gr. Greinin falli niður.
8. Við ákvæði til bráðabirgða. Ákvæðið orðist þannig:
   Vegna þess að leiklistarkennsla hefur farið fram undanfarið á vegum tveggja aðila, annars vegar Leiklistarskóla leikhúsanna, hins vegar Leiklistarskóla Samtaka áhugafólks um leiklist (SÁL), skulu nemendur þessara skóla, sem kjósa að halda áfram námi sínu í Leiklistarskóla Íslands, eiga rétt á því. Ber í því sambandi að taka tillit til þess náms, sem nemandi hefur þegar lokið í skóla sínum, og hvort hann hefur staðist þar hæfnismat. Ráðherra getur sett nánari reglur um þetta efni og á um það úrskurðarvald.

## Nd. 635. Nefndarálit [177. mál]

um till. til þál. um beislun orku og orkusölu á Austurlandi.

Frá iðnaðarnefnd.

Iðnaðarnefnd ræddi um tillöguna á tveimur fundum, en varð ekki sammála um að samþykkja hana óbreytta.

Nefndin telur nauðsynlegt að flýta virkjunarrannsóknum á Austurlandi eins og við verður komið. Fjarstaddur afgreiðslu málsins var Pétur Sigurðsson.

Iðnaðarnefnd leggur til, að tillagan á þingskjali 347 verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Tillögugreinin orðist svo:
   Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að Orkustofnun ljúki eins fljótt og við verður komið rannsókn á byggingu Fljótsdalsvirkjunar.
2. Fyrirsögn tillögunnar verði:
   Till. til þál. um rannsókn á byggingu Fljótsdalsvirkjunar.

Alþingi, 9. maí 1975.

| | | |
|---|---|---|
| Ingólfur Jónsson, form., frsm. | Lárus Jónsson, fundaskr. | Magnús Kjartansson. |
| Ingvar Gíslason. | Sverrir Bergmann. | Benedikt Gröndal. |

## Sþ. 636. Nefndarálit [122. mál]

um till. til þál. um endurskoðun laga nr. 63 frá 12. maí 1970, um skipan opinberra framkvæmda.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd hefur haft til athugunar till. til þál. um endurskoðun laga nr. 63 frá 12. maí 1970, um skipan opinberra framkvæmda. Nefndin mælir með samþ. tillögunnar með eftirgreindri

BREYTINGU:

Síðasti málsliður tillögunnar orðist svo:

Ríkisstjórnin skal leggja fram á næsta þingi lagafrumvarp um þetta efni, ef athugun leiðir í ljós að tilefni sé til.

Alþingi, 7. maí 1975.

| | | |
|---|---|---|
| Ellert B. Schram, form. | Lárus Jónsson, frsm. | Magnús T. Ólafsson. |
| Jónas Árnason. | Ólafur Ólafsson. | Ólafur G. Einarsson. |
| | Jón Skaftason. | |

## Nd. 637. Nefndarálit [220. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 57 27. apríl 1973, um atvinnuleysistryggingar (fæðingarorlof).

Frá meiri hl. heilbrigðis- og trygginganefndar.

Nefndin hefur rætt málið á fundum sínum og meiri hluti hennar mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 9. maí 1975.

| | | |
|---|---|---|
| Jón Skaftason, form. | Þórarinn Sigurjónsson, fundaskr. | Ragnhildur Helgadóttir, frsm. |
| | Guðm. H. Garðarsson. | Jóhann Hafstein. |

## Ed. 638. Breytingartillaga [224. mál]

við frv. til l. um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.

Frá Ragnari Arnalds og Axel Jónssyni.

2. gr. orðist svo:

Tónlistarskólar, sem fullnægja framangreindum skilyrðum, skulu fá styrk úr ríkissjóði og frá viðkomandi sveitarfélagi, er nemi launagreiðslum til skólastjóra og kennara skólanna. Sveitarstjórn ræður skólastjóra og kennara að fengnum tillögum skólanefndar og teljast þeir starfsmenn sveitarfélagsins. Sveitarfélagið annast launagreiðslur, en ríkisstyrkur, er nemi 50% launakostnaðar skal mánaðarlega greiddur sveitarfélaginu, enda séu laun greidd samkvæmt gildandi kjarasamningum á hverjum tíma.

Skólanefnd, skipuð fulltrúum eignaraðila skólans, fer með fjárreiður skólans, en viðkomandi sveitarfélag skal ávallt eiga fulltrúa í nefndinni.

Ef fleiri en eitt sveitarfélag standa að rekstri tónlistarskóla, gera þau með sér samning um fyrirkomulag greiðslna og kostnaðarskiptingu.

Stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins er heimilt að taka starfsmenn tónlistarskóla, sem starfa samkvæmt lögum þessum, í tölu sjóðfélaga, sbr. 4. gr. l. um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og önnur ákvæði þeirra laga.

## Ed. 639. Frumvarp til laga [11. mál]

um launajöfnunarbætur, bætur almannatrygginga, verðlagsmál o. fl.

(Eftir 2. umr. í Ed., 9. maí.)

1. gr.

Frá 1. október 1974 til 31. maí 1975 og þar til heildarsamtök aðila vinnumarkaðarins hafa samið um annað skulu launagreiðendur greiða launajöfnunarbætur í stað almennrar verðlagsuppbótar á laun umfram þá verðlagsuppbót, sem svarar til kaupgreiðsluvísitölu 106.18 stig, sem hér segir:

1. Á laun, sem eru lægri en 50 000 krónur á mánuði fyrir fulla dagvinnu, miðað við kaupgreiðsluvísitölu 106.18 stig, greiðist 3 500 króna bætur á mánuði til þeirra, sem skila fullum dagvinnutíma, en hlutfallslega lægra til annarra. Bætur á yfirvinnukaup greiðist hlutfallslega þannig að gildandi tengsl yfirvinnu- og dagvinnukauptaxta haldist.
2. Á laun á bilinu 50 000 til 53 500 krónur fyrir fulla dagvinnu, miðað við kaupgreiðsluvísitölu 106.18 stig, greiðist 3 500 króna bætur á mánuði að frádreginni þeirri fjárhæð, sem kauptaxtinn er hærri en 50 000 krónur á mánuði, til þeirra, sem skila fullum dagvinnutíma, en hlutfallslega lægra til annarra.

   Bætur á hvern yfirvinnutíma greiðast á þessu taxtabili í sama hlutfalli við bætur á dagvinnulaun og greindi í 1. lið þessarar greinar.
3. Á hærri laun greiðast ekki launajöfnunarbætur. Hækkun grunnlauna um 3% hinn 1. desember 1974 og enn um 3% hinn 1. júní 1975 hefur þó engin áhrif á greiðslur launajöfnunarbóta skv. 1. og 2. tölulið þessarar greinar eða hækkun grunnlauna í samræmi við samninga heildarsamtaka aðila vinnumarkaðarins.

2. gr.

Setja skal reglugerð um ákvörðun launajöfnunarbóta skv. 1. gr. Við samningu reglugerðarinnar skal haft náið samráð við aðila vinnumarkaðarins.

Þess skal gætt, þegar metin er hæð kauptaxta fyrir reglulega dagvinnu, sem ákveðinn er með álagi á annan lægri taxta, eða sem hlutfall af hærri taxta, að jafnan sé miðað við hinn endanlega taxta, en ekki þann grunn, sem hann er á reistur. Með taxta skal telja hvers konar álög og kaupauka, sem ekki svara með beinum og ótvíræðum hætti til útlagðs kostnaðar launþega vegna öflunar launatekna. Með taxta skal einnig telja vaktaálag að því leyti, sem það kann að vera hærra en svarar til eftirvinnu-, næturvinnu- og helgidagsálags.

Þegar metin er hæð mánaðarlauna fyrir fulla dagvinnu skv. ákvæðisvinnutöxtum, til ákvörðunar launajöfnunarbótat, skal m. a. taka tillit til þess vinnuálags, sem fylgja kann ákvæðisvinnu, og fyrirliggjandi upplýsinga Kjararannsóknarnefndar um tekjur ákvæðisvinnufólks. Launajöfnunarbætur til ákvæðisvinnufólks skulu gerðar upp mánaðarlega eftir á á grundvelli vinnutíma og tekna í liðnum mánuði.

3. gr.

Laun bónda og verkafólks hans í verðlagsgrundvelli búvöru, sbr. lög nr. 101/1966, skulu hækka vegna launajöfnunarbóta um 5.5% og skal sú hækkun haldast til 31. maí 1975 og þar til annað verður ákveðið.

4. gr.

Hækkun sú á búvöruverði til bænda, sem hlýst af hækkun skv. 3. gr., skal ekki greidd út í hlutfalli við framleiðsluverðmæti, heldur jafnað þannig til bænda, að hún gagnist eingöngu hinum tekjulægri í þeirra hópi með líkum hætti og launajöfnunarbætur launþega skv. lögum þessum. Heimilt er, að setja reglugerð um innheimtu og úthlutnun þessara bóta í samráði við Stéttarsamband bænda.

Framleiðsluráð landbúnaðarins skal annast úthlutnun launajöfnunarbóta samkvæmt 1. málsgr.

Eftirfarandi reglur skulu gilda um launajöfnunarbætur til bænda:

1. Launajöfnunarbætur greiðast þeim einum, er reka bú á lögbýli. Einstaklingar, sem eru aðilar að félagsbúi samkvæmt mati úthlutunarnefndar, hafa sama rétt til launajöfnunarbóta og aðrir bændur. Hlutafélög, önnur félög með takmarkaðri ábyrgð, stofnanir og aðrir ópersónulegir aðilar eiga ekki rétt á launajöfnunarbótum.
2. Aðeins framleiðendur nautgripaafurða, saufjárafurða og kartaflna eiga rétt á launajöfnunarbótum.
3. Aðilar, sem í árslok 1974 voru með minni bú eða búshluta en svarar 60 ærgildum í nautgripum og/eða sauðfé, eiga ekki rétt á launajöfnunarbótum. Sama gildir um aðila með bú, sem á árinu 1974 gaf bónda og skylduliði hans hærri vinnulaunatekjur af nautgripa- og/eða sauðfjáreign en svarar til meðal vinnulauna af 500 ærgilda búi í nautgripum og/eða sauðfé, samkvæmt útreikningi og ákvörðun Framleiðsluráðs landbúnaðarins. Kartöfluframleiðendur 1974, sem eru utan fyrrgreindra marka varðandi búfjáreign, eiga rétt á launajöfnunarbótum eftir reglum, er Framleiðsluráð landbúnaðarins setur.
4. Búvöruframleiðendur, sem á árinu 1974 höfðu tekjur af atvinnu utan landbúnaðar, skulu — ef þeir fullnægja settum skilyrðum að öðru leyti — fá greiddar skertar launajöfnunarbætur samkvæmt mati Framleiðsluráðs landbúnaðarins.
5. Réttur til launajöfnunarbóta er bundinn því skilyrði, að hlutaðeigandi telji tekjur sínar og eignir 1974 fram til skatts á fullnægjandi hátt að dómi Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

Framleiðsluráði landbúnaðarins er heimlt að takmarka eða fella niður launajöfnunarbætur til búvöruframleiðenda, sem eru með hærri fyrningarfrádrátt á skattframtali en reiknað er með í verðlagsgrundvelli búvöru, enda sé bústofn þeirra stærri en svarar 500 ærgildum í nautgripum og/eða sauðfé.

Nú rekur aðili fleiri en eitt bú, og skal þá litið á þau sem eina heild við ákvörðun launajöfnunarbóta.

Umsóknir um launajöfnunarbætur skulu sendar Framleiðsluráði landbúnaðarins fyrir lok frests, er hún ákveður. Afrit af skattframtali 1975 skal fylgja hverri umsókn. Umsóknir mega vera í formi ljósrits af framtali (þ. e. almennu skattframtali og landbúnaðarskýrslu), sem skattstjóri sendir Framleiðsluráði landbúnaðarins með áritun um, að hlutaðeigandi sæki um að fá greiddar launajöfnunarbætur. Framleiðsluráð landbúnaðarins ákveður nánari tilhögun umsókna.

Framleiðsluráð landbúnaðarins ákveður fjárhæðir launajöfnunarbóta, er skulu vera breytilegar eftir hæð vinnutekna af búrekstri 1974, innan þess ramma, sem ákveðin er í þessari grein, og í sem fyllstu samræmi við þau ákvæði, sem gilda um launajöfnunarbætur til launþega, sbr. 1. og 2. gr. þessara laga og reglugerð nr. 267/1974, um launajöfnunarbætur.

5. gr.

Greiðsla fjölskyldubóta, sbr. 26. gr. laga nr. 67/1971, sbr. lög nr. 62/1974, skal á tímabilinu 1. október til 30. júní 1975 miðuð við það, að árlegur fjölskyldubætur með barni séu 20 000 kr.

6. gr.

Fjárhæðir bóta samkvæmt lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, sbr. lög nr. 96/1971, nr. 112/1972 og nr. 62/1974, aðrar en fjölskyldubætur, fæðingarstyrkur og tekjutrygging skv. 19. gr., skulu taka breytingum sem hér segir:

Frá 1. október 1974 skulu þær hækka um 6% frá því, sem í gildi var í sept. 1974.

Frá 1. desember 1974 skulu þær hækka um 3% frá því, sem í gildi var í nóv. 1974.

Frá 1. apríl 1975 skulu þær hækka um 9% frá því, sem í gildi var í mars 1975.

Frá 1. júlí 1975 skulu þær hækka enn um 3% frá því, sem í gildi var í júní 1975.

Breytingar þessar skulu einnig taka til greiðslna skv. 73. gr. laganna.

Þannig verði fullur, árlegur ellilífeyrir einstaklinga, sbr. 11. gr. laga nr. 67/1971, sem hér segir, eftirgreind tímabil, miðað við að lífeyrir sé fyrst tekinn við 67 ára aldur:

| | |
|---|---|
| Frá 1. október 1974 til 30. nóvember 1974 | 155 400 kr. |
| Frá 1. desember 1974 til 31. mars 1975 | 160 068 — |
| Frá 1. apríl 1975 til 30. júní 1975 | 174 480 — |
| Frá 1. júlí 1975 | 179 760 — |

7. gr.

Fjárhæðir 1. mgr. 19. gr. laga nr. 67/1971, sbr. lög nr. 96/1971, og lög nr. 62/1974, skulu vera sem hér segir eftirgreind tímabil:

| | 1. okt. 1974 til 30. nóv. 1974 kr. | 1. des. 1974 til 31. mars 1975 kr. | 1. apríl 1975 til 30. júní 1975 kr. | Frá 1. júlí 1975 kr. |
|---|---|---|---|---|
| 1. Fjárhæð annarra árstekna lífeyrisþega en lífeyris almannatrygginga (reiknaðrar leigu af eigin húsnæði og tekna barna), sem ekki skerðir rétt til uppbótar á lífeyri (tekjutryggingar): | | | | |
| Einstaklingar | 41 300 | 41 300 | 45 000 | 46 380 |
| Hjón | 74 340 | 74 340 | 81 000 | 83 460 |
| 2. Uppbót á lífeyri (tekjutrygging) á ári: | | | | |
| Einstaklingar | 93 900 | 96 720 | 141 120 | 145 380 |
| Hjón | 169 020 | 174 096 | 238 620 | 245 760 |
| 3. Hafi bótaþegi aðrar tekjur, sbr. 1., umfram fjárhæðirnar, sem tilgreindar eru í 1., skal skerða uppbótina um ákveðinn hundraðshluta af tekjum umfram nefnd mörk sem hér segir: | 50% | 51.5% | 55% | 55% |

8. gr.

Breytingar bóta almannatrygginga skv. 6. og 7. gr. skulu m. a. koma í stað breytinga skv. 1. mgr. 78. gr. laga nr. 67/1971, sbr. 12. gr. laga nr. 96/1971, af tilefni launajöfnunarbóta skv. lögum þessum, 3% almennrar hækkunar grunnlauna 1. desember 1974, launahækkunar skv. samkomulagi ASÍ og vinnuveitenda frá 26. mars 1974 og 3% almennrar hækkunar grunnlauna frá 1. júní 1975.

9. gr.

Frá 1. október 1974 til 31. maí 1975 og þar til öðruvísi verður ákveðið skulu niðurgreiðslur vöruverðs úr ríkissjóði ekki vera lægri en þær eru við gildistöku laga þessara.

10. gr.

Frá 1. október 1974 til 31. maí 1975 og þar til öðruvísi verður ákveðið má ekki hækka verð vöru eða þjónustu eða endurgjald fyrir afnot af fasteign eða lausafé

frá því, sem var 23. september 1974, nema að fengnu samþykki réttra yfirvalda og skulu þau ekki leyfa neina hækkun nema þau telji hana óhjákvæmilega. Leyfi til hækkunar tekur þó ekki gildi fyrr en það hefur hlotið staðfestingu ríkisstjórnarinnar.

Á því tímabili, er greinir í 1. mgr., má ekki hækka hundraðshluta álagningar á vöru í heildsölu, smásölu eða öðrum viðskiptum frá því, sem var 23. september 1974, nema að fengnu samþykki réttra yfirvalda og staðfestingu ríkisstjórnarinnar, sbr. 1. mgr. Gildir þetta einnig um hvers konar umboðslaun vegna sölu vöru eða þjónustu og um hvers konar álagningu, sem ákveðin er sem hundraðshluti á selda vöru eða þjónustu, þar með vinnu.

Ákvæði 1. og 2. mgr. taka einnig til verðs hvers konar vöru og þjónustu, sem ríki, sveitarfélög, stofnanir þeirra aðila eða aðrir opinberir aðilar láta í té gegn gjaldi.

Ríkisstjórnin getur ákveðið lækkun á verði vöru eða þjónustu telji hún til þess gilda ástæðu eða brýna nauðsyn.

11. gr.

Fjárfestingarlánasjóður endurláni það fé, sem þeir fá til ráðstöfunar, með sambærilegum kjörum og þeir njóta sjálfir. Á þetta við um vaxtakjör (að viðbættum eðlilegum vaxtamun), lánstíma, lántökukostnað, gengisákvæði, sé um erlent lánsfé að ræða, og verðtryggingarákvæði sé fjárins aflað á þeim grundvelli. Heimilt er að ákveða lánskjör þessara sjóða þannig, að ákvæði um verðtryggingu eða gengisákvæði nái til ákveðins hluta hvers láns í tilteknum lánaflokkum, er ákvarðast af því, hve stór hluti verðtryggt eða gengistryggt fé er af heildarráðstöfunarfé sjóðanna. Jafnframt skal tryggja hæfilega ávöxtun eigin fjár þeirra.

Ríkisstjórnin lætur fram fara árlega endurskoðun á lánskjörum sjóðanna, sbr. ákvæði 1. málsgr., og skal þá hafa hliðsjón af samtengingu þess fjármagns, sem sjóðirnir hafa yfir að ráða. Skal slík endurskoðun fyrst fara fram fyrir 15. júní n. k., vegna ársins 1975.

Ríkisstjórnin skal, að fengnum tillögum Seðlabanka Íslands og Framkvæmdastofnunar ríkisins, setja meginreglur um lánskjör allra opinberra fjárfestingarlánasjóða í samræmi við ákvæði 1. málsgr.

Stjórnir sjóða þeirra, sem hlut eiga að máli, skulu síðan gera tillögur um lánskjör innan ramma meginreglnanna skv. 3. málsgr. Að fengnum þeim tillögum skal ríkisstjórnin taka endanlega ákvörðun um lánskjör fjárfestingarlánasjóða og kemur sú ákvörðun í stað lagaákvæða og reglna þeirra, sem nú gilda um þetta efni.

12. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum nema þyngri viðurlög séu ákveðin með öðrum lögum.

Mál út af brotum á lögum þessum fara að hætti opinberra mála.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Fyrir árslok 1975 skal heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra láta fram fara könnun:

a) á framfærslukostnaði elli- og örorkulífeyrisþega og skal könnunin bæði ná til einstaklinga og hjóna, er njóta elli- og örorkulífeyris.
   Hliðsjón af könnun þessari skal höfð við ákvörðun elli- og örorkulífeyris og tekjutryggingar hjóna og einstaklinga.
b) á framfærslukostnaði barna einstæðra foreldra. Hliðsjón af könnun þessari skal höfð við ákvörðun barnalífeyris.

## Ed. 640. Frumvarp til laga [258. mál]

um Viðlagatryggingu Íslands.

(Eftir 2. umr. í Ed., 9. maí.)

Samhljóða þskj. 513 með þessari breytingu:
2. gr. hljóðar svo:
Stjórn stofnunarinnar skulu skipa fimm menn. Skulu þrír kosnir af sameinuðu Alþingi, einn valinn af þeim vátryggingarfélögum, sem innheimta iðgjöld, sbr. 3. mgr. 8. gr., en tryggingaráðherra skipar einn og skal hann vera formaður. Varamenn skulu valdir á sama hátt. Stjórnarmenn skulu skipaðir til 4 ára í senn.

## Ed. 641. Breytingartillaga [269. mál]

við frv. til l. um breyting á mörkum Reykjavíkur og Kópavogs.

Frá Axel Jónssyni.

Fyrirsögn frv. verði: Frumvarp til laga um breyting á mörkum lögsagnarumdæma Reykjavíkur og Kópavogs.

## Ed. 642. Nefndarálit [230. mál]

um frv. til l. um breyt. á hjúkrunarlögum, nr. 8 frá 13. mars 1974.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 9. maí 1975.

Oddur Ólafsson, form., frsm. Halldór Ásgrímsson, fundaskr. Eggert G. Þorsteinsson.
Albert Guðmundsson. Helgi F. Seljan. Ásgeir Bjarnason.
Steinþór Gestsson.

## Ed. 643. Frumvarp til laga [269. mál]

um breyting á mörkum lögsagnarumdæma Reykjavíkur og Kópavogs.

(Eftir 2. umr. í Ed., 9. maí.)

1. gr.

Mörk Reykjavíkur og Kópavogs, sem ákveðin eru í 1. gr. laga nr. 46/1923 um stækkun lögsagnarumdæmis Reykjavíkur og 1. gr. laga nr. 30/1955 um bæjarstjórn í Kópavogskaupstað, skulu breytast þannig að þau verði framvegis þessi:

| Punktur nr: | X-hnit: | Y-hnit: |
|---|---|---|
| H (7) (óbreyttur) | 17444.17 | 11785.70 |
| 8 | 17861.46 | 12061.14 |
| 9 | 18668.74 | 12717.36 |

| Punktur nr: | X-hnit: | Y-hnit: |
|---|---|---|
| 36 | 18783.596 | 13475.884 |
| 33 | 18649.643 | 13493.396 |
| 37 | 18359.852 | 13563.293 |
| 38 | 18240.244 | 13606.054 |
| 15 | 18128.737 | 13671.225 |
| 16 | 18197.711 | 13711.123 |
| 17 | 17998.943 | 14005.547 |
| 18 | 17979.921 | 14077.254 |
| 40 (óbreyttur) | 18111.777 | 14426.875 |
| E (4) (óbreyttur) | 17947.99 | 14658.30 |

Mörkin eru beinar línur eða hringbogar milli ofangreindra punkta, þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Milli H (7) og 8 | : | Bein lína. |
| Milli 8 og 9 | : | Bein lína. |
| Milli 9 og 36 | : | Bein lína. |
| Milli 36 og 33 | : | Bein lína. |
| Milli 33 og 37 | : | Hringbogi með radíus R = 1400 m með miðju vinstra megin, þegar horft er frá punkti nr. 33 að punkti nr. 37. |
| Milli 37 og 38 | : | Bein lína. |
| Milli 38 og 15 | : | Hringbogi með radíus R = 350 m með miðju vinstra megin, þegar horft er frá punkti nr. 38 að punkti nr. 15. |
| Milli 15 og 16 | : | Bein lína. |
| Milli 16 og 17 | : | Hringbogi með radíus R = 679.5 m með miðju vinstra megin, þegar horft er frá punkti nr. 16 að punkti nr. 17. |
| Milli 17 og 18 | : | Hringbogi með radíus R = 530 m með miðju vinstra megin, þegar horft ter frá punkti nr. 17 að punkti nr. 18. |
| Milli 18 og 40 | : | Hringbogi með radíus R = 441.4 m með miðju vinstra megin, þegar horft er frá punkti nr. 18 að punkti nr. 40. |
| Milli 40 og E (4) | : | Bein lína. |

2. gr.

Nú kemur í ljós við nánari hönnun vegakerfis, að ráðlegt þykir að víkja frá þeim mörkum, sem um ræðir í 1. gr. og er þá heimilt að gera það með reglugerð, sem félagsmálaráðuneytið setur samkvæmt tillögu borgarstjórnar Reykjavíkur og bæjarstjórnar Kópavogs, sbr. samning þeirra, dags. 9. október 1973.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

## Ed. 644. Tillaga til þingsályktunar [100. mál]

um sérkennslumál.

(Eftir eina umr. í Nd., 9. maí.)

Alþingi ályktar, að brýna nauðsyn beri til að gera hið fyrsta ráðstafanir til að bæta úr vöntun á sérkennslu afbrigðilegra barna í grunnskólum landsins. Á það sérstaklega við um skóla landsbyggðarinnar.

Í því skyni skal að því stefnt, að sérstökum starfsmanni innan menntamálaráðuneytisins verði falið könnunar- og skipulagningarstarf á þessu sviði. Sé hann um leið skólastjórum og fræðsluráðum til ráðuneytis og aðstoðar í þessum málum.

Jafnframt skal áhersla lögð á menntun sérkennara við Kennaraháskóla Íslands og námskeið fyrir almenna kennara í kennslu og handleiðslu afbrigðilegra barna.

## Ed. 645. Frumvarp til laga [209. mál]

um félagsráðgjöf.

(Eftir 2. umr. í Ed., 9. maí.)

Samhljóða þskj. 402 með þessum breytingum:

1. gr. hljóðar svo:

Rétt til að kalla sig félagsráðgjafa hefur sá einn, sem til þess hefur leyfi heilbrigðisráðherra.

3. gr. hljóðar svo:

Takmörkuð og/eða tímabundin réttindi má einnig veita þeim, sem eru í starfi þegar lög þessi öðlast gildi, en uppfylla ekki skilyrði 2. gr.

Slík réttindi má því aðeins veita að fyrir liggi meðmæli þeirrar stofnunar, sem umsækjandi vinnur hjá. Jafnframt skal leita umsagnar Stéttarfélags íslenskra félagsráðgjafa.

Slíku leyfi fylgir ekki réttur til að kallast félagsráðgjafi.

## Ed. 646. Lög [130. mál]

um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir.

(Afgreidd frá Ed. 9. maí.)

Samhljóða þskj. 471.

## Ed. 647. Frumvarp til laga [224. mál]

um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.

(Eftir 2. umr. í Ed., 9. maí.)

Samhljóða þskj. 418 með þessari breytingu:

2. gr. hljóðar svo:

Tónlistarskólar, sem fullnægja framangreindum skilyrðum, skulu fá styrk úr ríkissjóði og frá viðkomandi sveitarfélagi, er nemi launagreiðslum til skólastjóra og kennara skólanna. Sveitarstjórn ræður skólastjóra og kennara að fengnum tillögum skólanefndar og teljast þeir starfsmenn sveitarfélagsins. Sveitarfélagið annast launagreiðslur, en ríkisstyrkur, er nemi 50% launakostnaðar skal mánaðarlega greiddur sveitarfélaginu, enda séu laun greidd samkvæmt gildandi kjarasamningum á hverjum tíma.

Skólanefnd, skipuð fulltrúum eignaraðila skólans, fer með fjárreiður skólans, en viðkomandi sveitarfélag skal ávallt eiga fulltrúa í nefndinni.

Ef fleiri en eitt sveitarfélag stendur að rekstri tónlistarskóla, gera þau með sér samning um fyrirkomulag greiðslna og kostnaðarskiptingu.

Stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins er heimilt að taka starfsmenn tónlistarskóla sem starfa samkvæmt lögum þessum í tölu sjóðfélaga, sbr. 4. gr. l. um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og önnur ákvæði þeirra laga.

## Nd. 648. Nefndarálit [240. mál]

um frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1972.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 10. maí 1975.

| | | |
|---|---|---|
| Ólafur G. Einarsson, form., frsm. | Lárus Jónsson, fundaskr. | Magnús Kjartansson. |
| Gylfi Þ. Gíslason. | Tómas Árnason. | Sverrir Bergmann. |
| | Ey. Kon. Jónsson. | |

## Nd. 649. Nefndarálit [261. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 29. apríl 1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Fjárhags- og viðskiptanefnd hefur haft mál þetta til athugunar og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 10. maí 1975.

| | | |
|---|---|---|
| Ólafur G. Einarsson, form., frsm. | Lárus Jónsson, fundaskr. | Magnús Kjartansson. |
| Gylfi Þ. Gíslason. | Tómas Árnason. | Sverrir Bergmann. |
| | Ey. Kon. Jónsson. | |

## Nd. 650. Breytingartillögur [95. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 80 10. júlí 1973.

Frá Pálma Jónssyni.

1. Á undan 1. gr. komi tvær nýjar gr.
   a) (1. gr.) 8. gr. orðist svo:
      Vegagerð ríkisins er veghaldari allra opinberra vega samkv. lögum þessum nema sýslunefndir ákveði annað um sýsluvegi.
   b) (2. gr.) Burt falli úr 1. málsl. 9. gr. orðin „svo og sýslunefndum að annast sýsluvegi á sama hátt“.

2. Á eftir 3. gr. (er verði 5. gr.) komi ný gr. (er verði 6. gr.), svo hljóðandi:
   1. málsgr. 17. gr. orðist svo:
   Sýslunefndir semja, í samráði við Vegagerð ríkisins, framkvæmdaáætlun fyrir sýsluvegi til fjögurra ára í senn.
3. Við 6. gr. (er verði 9. gr.) bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
   Kauptúnahreppar með 200 íbúa eða fleiri eru undanþegnir gjaldi þessu. Sú undanþága nær þó aðeins til þess hluta hrepps, sem er innan eðlilegra þéttbýlismarka.
4. 8. gr. (er verði 11. gr.) orðist svo:
   28. gr. orðist svo:
   Af tekjum vegamála samkv. lögum um fjáröflun til vegagerðar skal árlega veita til sýsluvega fjárhæð, sem sé eigi lægri en þreföld heildarupphæð álagðra sýsluvegasjóðsgjalda um allt land.
   Vegamálastjóri annast greiðslu á framlagi ríkissjóðs til sýsluvegasjóða samkv. 1. málsgr. eftir reglugerð, sem ráðherra setur.
   Framlag, sem hreppur kann að hafa greitt umfram lágmark samkv. 21. gr., skal ásamt mótframlagi ríkissjóðs renna óskipt til sýsluvega í þeim hreppi.
5. Við 10. gr. (sem verði 13. gr.). Við gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
   Í stað orðanna „12½ af hundraði“ komi: 12 af hundraði.

## Nd. 651. Breytingartillaga [95. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 80 10. júlí 1973.

Frá Ólafi G. Einarssyni, Guðmundi H. Garðarssyni, Eyjólfi K. Jónssyni, Gils Guðmundssyni, Sverri Bergmann og Gylfa Þ. Gíslasyni.

Við 11. gr. Í stað orðanna „25 af hundraði“ komi: 10 af hundraði.

## Sþ. 652. Nefndarálit [164. mál]

um till. til þál. um viðbrögð gegn hafískomum að Norðurlandi.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd hefur haft till. til meðferðar og mælir með því að hún verði samþykkt með þeirri breytingu að niður falli síðasta málsgreinin.

BREYTINGARTILLAGA:

Tillögugreinin orðist því svo:
Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta kanna afleiðingar truflana á vöruflutningum til byggðarlaga á Norðurlandi, ef hafís kynni að leggjast þar að landi og gera áætlun um hvernig bregðast skuli við slíkum vanda.

Alþingi, 10. maí 1975.

| | | |
|---|---|---|
| Ellert B. Schram, form. | Lárus Jónsson, frsm. | Ólafur G. Einarsson. |
| Magnús T. Ólafsson. | Ólafur Ólafsson. | Jónas Árnason. |
| | Jón Skaftason. | |

## Sþ. 653. Nefndarálit [180. mál]

um till. til þál. um ráðstafanir til sparnaðar á gjaldeyri og eflingar útflutningsstarfsemi.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd hefur haft þetta mál til athugunar og m. a. sent það til umsagnar samtökum iðnverkafólks, iðnaðarmanna og iðnrekenda. Umsagnir voru jákvæðar og leggur n. einróma til, að till. verði samþykkt.

Alþingi, 10. maí 1975.

Ellert B. Schram, form. Lárus Jónsson, frsm. Ólafur G. Einarsson.
Magnús T. Ólafsson. Ólafur Ólafsson. Jónas Árnason.
Jón Skaftason.

## Nd. 654. Breytingartillögur [220. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 57 27. apríl 1973, um atvinnuleysistryggingar (fæðingarorlof).

Frá minni hl. heilbrigðis- og tryggingnefndar (MK og KP).

Á undan 1. gr. frv. komi þrjár nýjar greinar, svo hljóðandi:

a. (1. gr.) Fyrir „1%“ í 5. gr. laganna komi: 1.9%.
b. (2. gr.) Fyrir orðin „jafnhátt álögðum iðgjöldum“ í 11. gr. laganna komi: 53% af árlegum iðgjöldum.
c. (3. gr.) Fyrir orðin „tvöfalt hærra en álögð iðgjöld atvinnurekenda“ í 12. gr. laganna komi: 106% af álögðum iðgjöldum atvinnurekenda.

## Sþ. 655. Nefndarálit [32. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1971.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur haft frumvarpið til athugunar og rætt það á fundum sínum. Leggur nefndin til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 10. maí 1975.

Jón Árnason, form., frsm. Þórarinn Sigurjónsson, fundaskr. Gunnlaugur Finnsson.
Geir Gunnarsson. Lárus Jónsson. Karvel Pálmason.
Ingvar Gíslason. Steinþór Gestsson. Pálmi Jónsson.
Jón Árm. Héðinsson.

## Sþ. 656. Nefndarálit [228. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1972.

Frá fjáfveitinganefnd.

Nefndin hefur haft frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 1972 til athugunar og rætt það á fundum sínum. Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 10. maí 1975.

| | | |
|---|---|---|
| Jón Árnason, form., frsm. | Þórarinn Sigurjónsson, fundaskr. | Gunnlaugur Finnsson. |
| Geir Gunnarsson. | Lárus Jónsson. | Karvel Pálmason. |
| Ingvar Gíslason. | Steinþór Gestsson. | Pálmi Jónsson. |
| | Jón Árm. Héðinsson. | |

## Nd. 657. Nefndarálit [220. mál]

um frv. til l. um breyting á l. nr. 57 27. apríl 1973 um atvinnuleysistryggingar (fæðingarorlof).

Frá minni hl. heilbrigðis- og trygginganefndar.

Undirritaðir nefndarmenn telja mjög brýna nauðsyn að tryggja nú þegar jafnrétti íslenskra kvenna að því er varðar fæðingarorlof. Eina rökrétta leiðin til þess að ná því marki er að fela almannatryggingum það verkefni og auka greiðslur atvinnurekenda til trygginganna sem þessum kostnaði nemi. Tillaga um það efni var flutt fyrr á þessu þingi af framsögumanni þessa nefndarálits á þingskjali 481. Sú tillaga var felld af öllum þingmönnum stjórnarflokkanna, þannig að ljóst er að ríkisstjórnin og stuðningsmenn hennar vilja ekki leysa þetta mikla félagslega vandamál í heild.

Hins vegar hafa sjö þingmenn stjórnarflokkanna lagt til að vandamálið verði leyst að takmörkuðu leyti með því að skylda Atvinnuleysistryggingasjóð til þess að greiða konum, sem aðild eiga að sjóðnum, hluta af fæðingarorlofi. Við teljum að þetta sé ekki eðlilegt verkefni Atvinnuleysistryggingasjóðs, bendum á að greiðslurnar mundu aðeins nema 70—80% af fyrri daglaunum og að mikill fjöldi kvenna yrði afskiptur, m. a. sveitakonur og konur sem bundnar eru á heimilum sínum af ómegð eða öðrum félagslegum ástæðum. Engu að síður teljum við hvern áfanga mikilvægan í þessu réttlætismáli og munum því greiða atkvæði með því að Atvinnuleysistryggingasjóður taki að sér þetta verkefni meðan verið er að finna fullgilda lausn.

Til þess að Atvinnuleysistryggingasjóður geti risið undir þessu verkefni þarf annað tveggja að auka tekjur hans eða skera niður þau verkefni sem sjóðurinn annast nú. Við teljum ekki rétt að takmarka núverandi verksvið sjóðsins, enda hafa engar rökstuddar tillögur komið fram um það efni. Því berum við á sérstöku þingskjali fram tillögur um að greiðslur atvinnurekenda í sjóðinn verði auknar, og eru tillögurnar við það miðaðar að árstekjur sjóðsins hækki um 150 millj. kr. Þá upphæð yrði síðan að endurskoða í samræmi við fengna reynslu.

Alþingi, 10. maí 1975.

| | |
|---|---|
| Magnús Kjartansson, frsm. | Karvel Pálmason. |

## Sþ. 658. Nefndarálit [37. mál]

um till. til þál. um atvinnumál aldraðra.

Frá atvinnumálanefnd.

Atvinnumálanefnd hefur haft til athugunar till. til þál. um atvinnumál aldraðra. Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar með þessari

BREYTINGU:

Í stað orðanna „launþegasamtök landsins“ komi: aðila vinnumarkaðarins.

Fjarverandi við afgreiðslu málsins voru Jón G. Sólnes og Steingrímur Hermannsson.

Alþingi, 10. maí 1975.

Guðmundur H. Garðarsson, varaform., frsm. Karvel Pálmason. Guðrún Benediktsdóttir.
Sverrir Hermannsson. Gils Guðmundsson.

## Nd. 659. Nefndarálit [253. mál]

um frv. til laga um breyting á þjóðminjalögum, nr. 52/1969.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin mælir með því, að frv. verði samþykkt.

Nefndin hefur leitað umsagnar hjá stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga, og er stjórnin því samþykk að málið nái fram að ganga.

Alþingi, 10. maí 1975.

Ingvar Gíslason, form., frsm. Sigurlaug Bjarnadóttir, fundaskr. Ellert B. Schram,
Svava Jakobsdóttir. Magnús T. Ólafsson. Ey. Kon. Jónsson.
Gunnlaugur Finnsson.

**Fylgiskjal.**

Reykjavík, 9. maí 1975.

Frv. til laga um breyting á þjóðminjalögum, nr. 52/1969, 253. mál, þskj. 492.

Stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga hefur fjallað um efni þessa frumvarps.

Enda þótt stjórninni sé ljóst, að frv. þetta, ef að lögum verður, muni hafa í för með sér aukin útgjöld fyrir sveitarfélög landsins, telur stjórnin, að ákvæði þess um stofnun húsfriðunarsjóðs séu svo mikils virði, að hún mælir einróma með samþykkt frumvarpsins nú á þessu þingi.

Stjórn Sanmbands ísl. sveitarfélaga telur, að samþykkt þessa frv. muni marka tímamót í húsfriðunarmálum hér á landi og með því minnist Íslendingar á verðugan og viðeigandi hátt húsfriðunarárs Evrópu.

Framanritað tilkynnist háttv. þingdeildarnefnd hér með.

Virðingarfyllst,

Magnús E. Guðjónsson, frkvstj.

## Sþ. 660. Nefndarálit [71. mál]

um till. til þál. um auknar ellilífeyrisgreiðslur til lífeyrissjóðsfélaga óverðtryggðra lífeyrissjóða.

Frá allsherjarnefnd.

Hér er á ferðinni réttlætismál, sem stjórnvöld, aðilar vinnumarkaðarins og stjórnir lífeyrissjóða í landinu verða að taka föstum tökum, en vegna takmarkaðra möguleika nefndarinnar til að leita umsagna um málið eða fjalla um einstaka þætti tillögunnar hefur hún horfið að því ráði að leggja til að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 10. maí 1975.

Ellert B. Schram, form., frsm. Ólafur G. Einarsson. Magnús T. Ólafsson.
Jón Skaftason. Ólafur Ólafsson. Lárus Jónsson.
Jónas Árnason.

## Sþ. 661. Nefndarálit [207. mál]

um till. til þál. um kaupþing.

Frá allsherjarnefnd.

Skv. 15. gr. laga nr. 10 frá 1961, um Seðlabanka Íslands, er heimilt að stofna til og reka kaupþing. Sú heimild hefur ekki verið nýtt enn, enda þótt talsvert hafi verið unnið að undirbúningi.

Með aukinni útgáfu spariskírteina ríkissjóðs og happdrættisskuldabréfa hefur skapast grundvöllur fyrir kaupþing, jafnframt viðskiptum með önnur verðbréf.

Nefndin mælir fyrir sitt leyti með því að ríkisstjórnin stuðli að stofnun kaupþings.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Magnús T. Ólafsson og Jónas Árnason.

Alþingi, 10. maí 1975.

Ellert B. Schram, form., frsm. Ólafur G. Einarsson. Ólafur Ólafsson.
Jón Skaftason. Lárus Jónsson.

## Sþ. 662. Nefndarálit [239. mál]

um till. til þál. um afnotarétt þéttbýlisbúa af sumarbústaðalöndum.

Frá allsherjarnefnd.

Í vaxandi mæli hefur komið til átaka milli þeirra, sem búa í þéttbýli, annars vegar og þeirra, sem til sveita eru, hins vegar, vegna eigna- og þó einkum afnotaréttar af lítt nytjuðum landssvæðum. Afstaða beggja er skiljanleg. Þéttbýlisbúar vilja njóta útivistar og sumardvalar í sambýli við náttúruna, en hinir, bændur og dreifbýlisfólk, vilja vernda gróðurlönd og afréttir fyrir ágangi.

Þessi tillaga er flutt til að sætta sjónarmiðin. Hún á að gera fólki kleift að fá til einkaafnota nokkurt land, sem þó yrði háð skilyrðum um gróðurvernd, ræktun og hóflega umgengni. Ríkissjóður á nú um 900 jarðir, sem sumar hverjar eru lítt eða ekki nytjaðar, og styður nefndin þá hugmynd, að þær jarðir, sem ekki eru í ábúð, og hentugar eru til skipulagningar sumarbústaðalanda, séu til þess nýttar.

Nefndin mælir með samþykkt þingsályktunartillögunnar. Fjarverandi afgreiðslu málsins var Jónas Árnason.

Alþingi, 10. maí 1975.

| | | |
|---|---|---|
| **Ellert B. Schram,** form., **frsm.** | **Ólafur G. Einarsson.** | **Magnús T. Ólafsson.** |
| **Jón Skaftason.** | **Ólafur Ólafsson.** | **Lárus Jónsson.** |

## Sþ. 663. Nefndarálit [268. mál]

um till. til þál. um fullgildingu á Félagsmálasáttmála Evrópu.

**Frá allsherjarnefnd.**

**Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar.**

Alþingi, 10. maí 1975.

| | | |
|---|---|---|
| **Ellert B. Schram,** form., **frsm.** | **Ólafur G. Einarsson.** | **Magnús T. Ólafsson.** |
| **Jón Skaftason.** | **Ólafur Ólafsson.** | **Lárus Jónsson.** |
| | **Jónas Árnason.** | |

## Nd. 664. Nefndarálit [134. mál]

um frv. til laga um launasjóð rithöfunda.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og er sammála um að mæla með samþykkt þess, eins og það liggur fyrir eftir meðferð í efri deild.

Frumvarpið er flutt í framhaldi af þingsályktunartillögu sem Alþingi samþykkti 18. maí 1972 þess efnis, „að fjárhæð, er nemi sem næst andvirði söluskatts af bókum, renni til rithöfunda og höfunda fræðirita sem viðbótarritlaun.“

Alþingi hefur á fjárlögum veitt fé til rithöfunda í þessu skyni og ljóst er að þessi réttarbót var hugsuð til frambúðar. Umrætt frv. er flutt því til staðfestingar og er eðlilegt að Alþingi fylgi þeirri stefnu sem mörkuð hefur verið.

Alþingi, 10. maí 1975.

| | | |
|---|---|---|
| Ingvar Gíslason, form. | Sigurlaug Bjarnadóttir, fundaskr. | **Ellert B. Schram,** **frsm.** |
| Svava Jakobsdóttir. | **Magnús T. Ólafsson.** | **Ey. Kon. Jónsson.** |
| | **Gunnlaugur Finnsson.** | |

## Ed. 665. Nefndarálit [90. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 31 frá 1970, um dýralækna.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og leggur til að það verði samþ. óbreytt.
Jón Árm. Héðinsson var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 10. maí 1975.

| | | |
|---|---|---|
| Steinþór Gestsson, form., frsm. | Axel Jónsson, fundaskr. | Ásgeir Bjarnason. |
| Helgi F. Seljan. | Jón Árnason. | Ingi Tryggvason. |

## Ed. 666. Nefndarálit [132. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 31 frá 1970, um dýralækna.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.
Fjarverandi afgreiðslu málsins var Jón Árm. Héðinsson.

Alþingi, 10. maí 1975.

| | | |
|---|---|---|
| Steinþór Gestsson, form., frsm. | Axel Jónsson, fundaskr. | Ásgeir Bjarnason. |
| Helgi F. Seljan. | Jón Árnason. | Ingi Tryggvason. |

## Ed. 667. Nefndarálit [232. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 52 5. júní 1957, um eyðingu refa og minka.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.
Jón Árm. Héðinsson var ekki á fundi þegar málið var afgreitt úr nefnd.

Alþingi, 10. maí 1975.

| | | |
|---|---|---|
| Steinþór Gestsson, form., frsm. | Axel Jónsson, fundaskr. | Ásgeir Bjarnason. |
| Helgi F. Seljan. | Jón Árnason. | Ingi Tryggvason. |

## Sþ. 668. Nefndarálit [27. mál]

um till. til þál. um kaup ríkissjóðs á húsakosti á Flatey á Skjálfanda.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og rætt málið á fundum sínum. Leitað var umsagnar Jarðeignadeildar ríkisins og hreppsnefndar Hálshrepps um málið.

Leggur nefndin til að tillögunni verði vísað til ríkisstjórnarinnar, en bendir jafnframt á ákvæði í ábúðarlögum varðandi greiðslur til ábúenda lögbýla. Telur nefndin ekki óeðlilegt að kannað sé, hverjir af eigendum umræddra húsa hefðu áhuga á að selja hús sín og þá með hvaða skilmálum.

Nefndin leggur því til að þingsályktunartillögunni verði á framangreindum forsendum **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 10. maí 1975.

| | | |
|---|---|---|
| Jón Árnason, form. | Þórarinn Sigurjónsson, fundaskr. | Lárus Jónsson, frsm. |
| Steinþór Gestsson. | Gunnlaugur Finnsson. | Pálmi Jónsson. |
| Ingvar Gíslason. | Geir Gunnarsson. | Karvel Pálmason. |
| | Jón Árm. Héðinsson. | |

## Sþ. 669. Nefndarálit [50. mál]

um till. til þál. um virkjun Suður-Fossár á Rauðasandi í Vestur-Barðastrandarsýslu.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur haft tillöguna til athugunar og rætt málið á fundum sínum. — Nefndin leitaði umsagnar Orkustofnunar um málið og fékk svar.

Leggur nefndin til að þingsályktunartillagan verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 10. maí 1975.

| | | |
|---|---|---|
| Jón Árnason, form., frsm. | Þórarinn Sigurjónsson, fundaskr. | Lárus Jónsson. |
| Steinþór Gestsson. | Gunnlaugur Finnsson. | Pálmi Jónsson. |
| Ingvar Gíslason. | Geir Gunnarsson. | Karvel Pálmason. |
| | Jón Árm. Héðinsson. | |

## Nd. 670. Nefndarálit [142. mál]

um till. til þál. um sameiginlegan lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn.

Frá heilbrigðis- og tryggingarnefnd.

Nefndin hefur athugað þetta mál og er sammála um að leggja til að því verði **vísað til ríkisstjórnarinnar** með skírskotun til þess að endurskoðun laga um almannatryggingar fer nú fram á vegum hennar. Meðal þess, sem þar er til athugunar,

er sameiginlegt kerfi lífeyrissjóða og almannatrygginga sem er ein hugsanlegra leiða til að koma á lífeyrissjóði fyrir alla landsmenn.

Væntir nefndin þess, að ríkisstjórnin leggi tillögur um málið fyrir næsta þing.

Alþingi, 10. maí 1975.

| | | |
|---|---|---|
| Jón Skaftason, form. | Þórarinn Sigurjónsson, fundaskr. | Ragnhildur Helgadóttir, frsm. |
| Jóhann Hafstein. | Karvel Pálmason. | Magnús Kjartansson. |

Guðmundur H. Garðarsson.

## Ed. 671. Lög [163. mál]

um breyting á lögum nr. 8/1972, um tekjustofna sveitarfélaga.

(Afgreidd frá Ed. 10. maí.)

Samhljóða þskj. 524.

## Ed. 672. Lög [140. mál]

um breyting á lögum nr. 51 frá 16. maí 1974, um gatnagerðargjöld.

(Afgreidd frá Ed. 10. maí.)

Samhljóða þskj. 421.

## Ed. 673. Lög [230. mál]

um breyting á hjúkrunarlögum, nr. 8 frá 13. mars 1974.

(Afgreidd frá Ed. 10. maí.)

Samhljóða þskj. 439.

## Ed. 674. Nefndarálit [274. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 72 1. júní 1972, um breyt. á lögum nr. 30 12. maí 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur tekið frumvarpið til meðferðar og mælir með að það verði samþykkt.

Fjarstaddur afgreiðslu málsins var Eggert G. Þorsteinsson.

Alþingi, 12. maí 1975.

| | | |
|---|---|---|
| Þorv. Garðar Kristjánsson, form., frsm. | Steinþór Gestsson, fundaskr. | Helgi F. Seljan, með fyrirvara. |
| Steingr. Hermannsson. | Ólafur Ólafsson. | Axel Jónsson. |

## Ed. 675. Nefndarálit [151. mál]

um frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Til þess að flýta fyrir afgreiðslu frv. milli deilda var formönnum allsherjarnefnda þingdeildanna ásamt skrifstofustjóra Alþingis falið að athuga frv. og umsóknir, er því fylgdu, og umsóknir um ríkisborgararétt, sem síðar bárust nefndinni. Er þetta sama málsmeðferð og verið hefur á afgreiðslu sams konar frv. á undanförnum árum.

Að athugunum þessum loknum varð nefndin sammála um að leggja til, að frv. verði samþykkt með þeim breytingum, sem hún flytur tillögu um á sérstöku þingskjali.

Reglur þær, sem allsherjarnefndir beggja deilda settu í nefndarálit 17. maí 1955 og síðan hafa verið gerðar nokkuð fyllri, hafði nefndin einnig nú til hliðsjónar við athuganir sínar. Þykir rétt að birta reglurnar í þessu nefndaráliti, en þær eru þessar:

1. Umsækjandi hafi óflekkað mannorð og sé að áliti tveggja valinkunnra manna starfhæfur og vel kynntur, þar sem hann hefur dvalist.
2. Útlendingar, aðrir en Norðurlandabúar, skulu hafa átt hér lögheimili í 10 ár, Norðurlandabúar í 5 ár.
3. Karl eða kona, sem giftist íslenskum ríkisborgara, fái ríkisborgararétt eftir þriggja ára búsetu frá giftingu, enda hafi hinn íslenski ríkisborgari haft ríkisborgararétt ekki skemur en 5 ár.
4. Erlendir ríkisborgarar, sem eigi íslenskan ríkisborgara að foreldri, fái ríkisborgararétt eftir þriggja ára búsetu, ef annað foreldri er Norðurlandabúi, annars eftir 5 ár.
5. Íslendingar, sem gerst hafa erlendir ríkisborgarar, fái ríkisborgararétt eftir eins árs búsetu.
6. Íslensk kona, sem misst hefur ríkisfang sitt við giftingu, en hjónabandinu er slitið og hún hefur öðlast heimili hér, fái ríkisborgararétt á fyrsta dvalarári hér, enda lýsi hún yfir, að hún ætli að dveljast áfram í landinu. Sama gildir um börn hennar, sem hafa ekki náð 16 ára aldri og henni fylgja.

Samkvæmt framansögðu mælir nefndin með því, að til viðbótar þeim, sem tilgreindir eru í frv., verði þeim umsækjendum, sem taldir eru upp í breytingartillögu nefndarinnar á sérstöku þingskjali, nú veittur íslenskur ríkisborgararéttur.

Alþingi, 12. maí 1975.

| | | |
|---|---|---|
| Ingi Tryggvason, form., frsm. | Axel Jónsson, fundaskr. | Jón G. Sólnes. |
| Oddur Ólafsson. | Geir Gunnarsson. | Halldór Ásgrímsson. |

## Ed. 676. Breytingartillaga [151. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Við 1. gr. Í greinina bætist í stafrófsröð:

1. Andreassen, Thordis, húsmóðir á Ísafirði, f. í Skotlandi 17. ágúst 1938.
2. Bech, Bjarni, sjómaður í Ólafsvík, f. í Færeyjum 20. febrúar 1940.

3. Becker, Luise Elisabeth Hildegard, einkaritari í Reykjavík, f. í Þýskalandi 28. janúar 1914.
4. Björn Kristján Hansson, vélvirki á Seyðisfirði, f. á Íslandi 2. febrúar 1951.
5. Bonita, James Thomas, barn í Reykjavík, f. í Bandaríkjunum 18. apríl 1965.
6. Chiarolanzio, Alfred, barn í Reykjavík, f. á Íslandi 13. janúar 1971.
7. Chiarolanzio, Patrick Joseph, barn í Reykjavík, f. í Bandaríkjunum 10. maí 1972.
8. Clementsen, Hans, verkamaður á Seyðisfirði, f. í Færeyjum 6. apríl 1920.
9. Donnelly, Mary, bókhaldari í Reykjavík, f. á Írlandi 30. apríl 1927.
10. Duck, Howard Leon, barn í Reykjavík, f. í Bandaríkjunum 26. október 1963.
11. Duck, Kristofer Lee, barn í Reykjavík, f. í Bandaríkjunum 13. febrúar 1967.
12. Elliot, Jón Thomas, barn í Reykjavík, f. á Íslandi 5. júní 1963.
13. Elliot, Richard Magnús, barn í Hafnarfirði, f. í Bandaríkjunum 19. mars 1966.
14. Gams, Klaus, barn í Reykjavík, f. í Þýskalandi 19. febrúar 1973.
15. Hackert, Signý Amelía, Reykjavík, f. í Bandaríkjunum 11. júlí 1957.
16. Hansen, Herdís Diana, húsmóðir í Garði, f. í Færeyjum 1. febrúar 1908.
17. Hansen, Marita Jóhanna, húsmóðir í Garði, f. í Færeyjum 24. ágúst 1944.
18. Higazi, Fuad Kamal, verkamaður í Reykjavík, f. í Jerúsalem 19. júní 1944.
19. Howser, Delía Kristín, barn í Hafnarfirði, f. á Íslandi 18. ágúst 1965.
20. Howser, George Hjörtur, barn í Hafnarfirði, f. á Íslandi 30. júní 1961.
21. Howser, Laura Ann, nemi í Hafnarfirði, f. á Íslandi 1. janúar 1959.
22. Jetzeck, Hans-Otto, umsýslustjóri í Reykjavík, f. í Þýskalandi 11. október 1927.
23. Joensen, Sólrun Mary West, húsmóðir í Sandgerði, f. í Færeyjum 2. október 1945.
24. Jóhann Pétur Hansson, kennari á Seyðisfirði, f. á Íslandi 9. janúar 1950.
25. Kulp, Haraldur, nemi í Þykkvabæ, f. á Íslandi 20. október 1958.
26. Marchante Barrobés, Maria Carmen Dolores Asuncion, húsmóðir í Hafnarfirði, f. á Spáni 15. september 1946.
27. Nelson, Benjamin Axel, barn í Reykjavík, f. í Bandaríkjunum 13. desember 1961.
28. Nelson, Eiríkur Óli, barn í Reykjavík, f. á Íslandi 3. desember 1963.
29. Nelson, Matthew Leif, barn í Reykjavík, f. í Bandaríkjunum 12. desember 1962.
30. Persky, Kathy Ann, barn í Keflavík, f. í Bandaríkjunum 17. maí 1969.
31. Petersen, Jensa Michala Selinda, húsmóðir í Sandgerði, f. í Færeyjum 20. júlí 1924.
32. Rocksén, Karl-Erik, arkitekt í Reykjavík, f. á Íslandi 28. ágúst 1939.
33. Rowlinson, Bryon, iðnverkamaður á Patreksfirði, f. í Englandi 1. október 1950.
34. Saari, Beverlee Ann, nemi í Reykjavík, f. í Bandaríkjunum 24. júlí 1954.
35. Sarinesen, Laurits Christian, verkamaður í Vestmannaeyjum, f. í Danmörku 31. mars 1916.
36. Shelhamer, James Ásbjörn, barn í Kópavogi, f. í Bandaríkjunum 8. júní 1972.

## Ed. 677. Nefndarálit [213. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um framsal sakamanna til Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, nr. 7 14. mars 1962.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 12. maí 1975.

| | | |
|---|---|---|
| Ingi Tryggvason, form., frsm. | Axel Jónsson, fundaskr. | Halldór Ásgrímsson. |
| Oddur Ólafsson. | Jón G. Sólnes. | Geir Gunnarsson. |

## Ed. 678. Nefndarálit [246. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 19 11. febr. 1953, um ættleiðingu.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt. Nefndin telur, að heimild sú um lækkun á aldri þeirra, sem fá leyfi til ættleiðingar, komi einkum til greina, þegar um er að ræða barn annars þeirra hjóna, sem sækja um ættleiðinguna.

Alþingi, 12. maí 1975.

| | | |
|---|---|---|
| Ingi Tryggvason, form., frsm. | Axel Jónsson, fundaskr. | Halldór Ásgrímsson. |
| Oddur Ólafsson. | Jón G. Sólnes. | Geir Gunnarsson. |

## Ed. 679. Breytingartillaga [247. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 72 1. júní 1972, um breyt. á lögum nr. 30 12. maí 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Frá Helga F. Seljan.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Í stað orðanna „allt að 80 milljónum króna árlega ... tillögum húsnæðismálastjórnar“ í 3. gr. laganna komi: allt að 10% af því fjármagni, sem hún hefur til útlána á ári hverju, til lánveitinga til kaupenda eldri íbúða og til meiri háttar endurbóta á eldri íbúðum, sem hagkvæmt þykir að endurbyggja, að mati tæknideildar húsnæðismálastjórnar eða matsmanna, sem hún skipar. Öryrkjar skulu sitja fyrir við úthlutun viðgerðarlána. Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um úthlutun lánstíma og tryggingar slíkra lána að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar.

## Nd. 680. Frumvarp til laga [222. mál]

um Leiklistarskóla Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd., 12. maí.)

1. gr.

Stofna skal á vegum ríkisins leiklistarskóla, og er heiti hans Leiklistarskóli Íslands.

Hlutverk skólans er að þroska leiklistarhæfileika nemenda og þjálfa þá til leiklistarstarfa.

Skólinn starfar í Reykjavík, en heimilt er að reka undirbúningsdeildir í tengslum við skólann annars staðar á landinu.

Heimilt er að starfrækja nemendaleikhús á vegum skólans.

Allur kostnaður við skólann greiðist úr ríkissjóði.

2. gr.

Leiklistarskóli Íslands heyrir undir menntamálaráðuneytið. Skólinn er þriggja vetra skóli og skal starfa sem næst 8 mánuði á ári. Ákveða skal með reglugerð, hvert skuli vera námsefni skólans, inntökuskilyrði, hæfnismat (próf) og annað, er varðar starfsemi skólans og undirbúningsdeilda skv. 1. gr.

3. gr.

Við skólann starfar skólastjóri, sem settur skal eða skipaður af ráðherra til fjögurra ára í senn. Skólastjóri getur sá einn orðið, sem öðlast hefur menntun og reynslu í leiklistarstörfum. Um starfskjör hans fer eftir hinu almenna launakerfi ríkisins, eftir því sem við á. Skólastjóri ræður kennara að skólanum í samráði við skólanefnd, eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum.

4. gr.

Skólanefnd er til ráðuneytis skólastjóra um málefni skólans. Menntamálaráðherra skipar skólanefndina, sem í eiga sæti 9 fulltrúar. Ráðherra skipar einn nefndarmanna án tilnefningar, og er hann formaður. Aðrir nefndarmenn eru skipaðir samkvæmt tilnefningu eftirtalinna aðila: Þjóðleikhúsráðs, leikhúsráðs Leikfélags Reykjavíkur, Leikfélags Akureyrar, Bandalags ísl. leikfélaga, Ríkisútvarpsins, Félags íslenskra leikara, kennara Leiklistarskóla Íslands, nemenda Leiklistarskóla Íslands. Nefndarmenn skulu skipaðir til fjögurra ára í senn nema fulltrúar nemenda og kennara, sem skipaðir eru til eins árs hverju sinni.

5. gr.

Þjóðleikhús og önnur leikhús í landinu, sem ríkisstyrks njóta, svo og Ríkisútvarp (hljóðvarp og sjónvarp) skulu veita Leiklistarskóla Íslands aðstoð í starfi hans eftir því sem um semst milli aðila hverju sinni og við verður komið.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Vegna þess að leiklistarkennsla hefur farið fram undanfarið á vegum tveggja aðila, annars vegar Leiklistarskóla leikhúsanna, hins vegar Leiklistarskóla Samtaka áhugafólks um leiklist (SÁL), skulu nemendur þessara skóla, sem kjósa að halda áfram námi sínu í Leiklistarskóla Íslands, eiga rétt á því. Ber í því sambandi að taka tillit til þess náms, sem nemandi hefur þegar lokið í skóla sínum, og hvort hann hefur staðist þar hæfnismat. Ráðherra getur sett nánari reglur um þetta efni og á um það úrskurðarvald.

## Nd. 681. Nefndarálit [203. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 56/1973 um heilbrigðisþjónustu.

Frá heilbrigðis- og tryggingnefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og borist umsögn landlæknisembættisins um það, sem er neikvæð.

Þá hefur form. rætt við heilbrigðisráðherra og flutningsmenn frv. um afgreiðslu málsins.

Leggur nefndin til, að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar í trausti þess, að sérstök athugun fari fram á milli þinga á óskum þeirra sveitarfélaga, sem æskja eftir heilsugæslustöðvum og frv. þar um verði lagt fyrir næsta þing.

Alþingi, 12. maí 1975.

Jón Skaftason, form., frsm. Guðmundur H. Garðarsson. Ragnhildur Helgadóttir.

Jóhann Hafstein. Magnús Kjartansson. Karvel Pálmason.

Þórarinn Sigurjónsson.

## Nd. 682. Nefndarálit [104. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 67 20. apríl 1971, um almannatryggingar.

Frá heilbrigðis- og tryggingarnefnd.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 12. maí 1975.

Jón Skaftason, form.
Guðmundur H. Garðarsson, fundaskr.
Ragnhildur Helgadóttir.
Jóhann Hafstein.
Magnús Kjartansson.
Karvel Pálmason.
Þórarinn Sigurjónsson.

## Ed. 683. Lög [232. mál]

um breyting á lögum nr. 52 5. júní 1957, um eyðingu refa og minka.

(Afgreidd frá Ed. 12. maí.)

Samhljóða þskj. 443.

## Ed. 684. Frumvarp til laga [151. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Eftir 2. umr. í Ed., 12. maí.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Andreassen, Thordis, húsmóðir á Ísafirði, f. í Skotlandi 17. ágúst 1938.
2. Bang, Birgit, afgreiðslustúlka á Sauðárkróki, f. í Danmörku 13. maí 1936.
3. Bang, Edda Marianne, gæslustúlka á Sauðárkróki, f. á Íslandi 4. júní 1950.
4. Bang, Inge Vibeke, húsmóðir á Sauðárkróki, f. á Íslandi 26. september 1939.
5. Bech, Bjarni, sjómaður í Ólafsvík, f. í Færeyjum 20. febrúar 1940.
6. Becker, Luise Elisabeth Hildegard, einkaritari í Reykjavík, f. í Þýskalandi 28. janúar 1914.
7. Behrens, Peter Otto Heinrich, tamningamaður á Stokkseyri, f. í Þýskalandi 6. september 1937.
8. Björn Kristján Hansson, vélvirki á Seyðisfirði, f. á Íslandi 2. febrúar 1951.
9. Bonita, James Thomas, barn í Reykjavík, f. í Bandaríkjunum 18. apríl 1965.
10. Chiarolanzio, Alfred, barn í Reykjavík, f. á Íslandi 13. janúar 1971.
11. Chiarolanzio, Patrick Joseph, barn í Reykjavík, f. í Bandaríkjunum 10. maí 1972.
12. Clementsen, Hans, verkamaður á Seyðisfirði, f. í Færeyjum 6. apríl 1920.
13. Didriksen, Odd, menntaskólakennari í Kópavogi, f. í Noregi 16. ágúst 1927.
14. Donnelly, Mary, bókhaldari í Reykjavík, f. á Írlandi 30. apríl 1927.
15. Duck, Howard Leon, barn á Seltjarnarnesi, f. í Bandaríkjunum 26. október 1963.
16. Duck, Kristofer Lee, barn á Seltjarnarnesi, f. í Bandaríkjunum 13. febrúar 1967.
17. Elliot, Jón Thomas, barn í Reykjavík, f. á Íslandi 5. júní 1963.
18. Elliot, Richard Magnús, barn í Hafnarfirði, f. í Bandaríkjunum 19. mars 1966.

19. Gams, Klaus, barn í Reykjavík, f. í Þýskalandi 19. febrúar 1973.
20. Gook, Irene Florence, húsmóðir á Akureyri, f. í Englandi 11. ágúst 1909.
21. Hackert, Signý Amelía, Reykjavík, f. í Bandaríkjunum 11. júlí 1957.
22. Hansen, Herdís Diana, húsmóðir í Garði, f. í Færeyjum 1. febrúar 1908.
23. Hansen, Marita Jóhanna, húsmóðir í Garði, f. í Færeyjum 24. ágúst 1944.
24. Hansen, Matthías Páll, sjómaður á Akureyri, f. á Íslandi 8. desember 1950.
25. Hentze, Amy Evarda, húsmóðir á Skagaströnd, f. í Færeyjum 5. febrúar 1939.
26. Higazi, Fuad Kamal, verkamaður í Reykjavík, f. í Jerúsalem 19. júní 1949.
27. Howser, Delía Kristín, barn í Hafnarfirði, f. á Íslandi 18. ágúst 1965.
28. Howser, George Hjörtur, barn í Hafnarfirði, f. á Íslandi 30. júní 1961.
29. Howser, Laura Ann, nemi í Hafnarfirði, f. á Íslandi 1. janúar 1959.
30. Jacobsen, Inger (f. Mauniche), bókari á Selfossi, f. í Danmörku 9. september 1923.
31. Jetzeck, Hans-Otto, umsýslustjóri í Reykjavík, f. í Þýskalandi 11. október 1927.
32. Joensen, Sólrún Mary West, húsmóðir í Sandgerði, f. í Færeyjum 2. október 1945.
33. Jóhann Pétur Hansson, kennari á Seyðisfirði, f. á Íslandi 9. janúar 1950.
34. Karcher, Heinrich, trúboði í Hafnarfirði, f. í Þýskalandi 28. september 1919.
35. Karcher, Katherine Noomi (f. Schröeder), trúboði í Hafnarfirði, f. í Bandaríkjunum 20. febrúar 1923.
36. Kulp, Haraldur, nemi í Þykkvabæ, f. á Íslandi 20. október 1958.
37. Lindtveit, Olav Einar, nemandi í Hafnarfirði, f. í Noregi 16. júlí 1956.
38. Marchante Barrobés, Maria Carmen Dolores Asuncion, húsmóðir í Hafnarfirði, f. á Spáni 15. september 1946.
39. Nelson, Benjamin Axel, barn í Reykjavík, f. í Bandaríkjunum 13. desember 1961.
40. Nelson, Eiríkur Óli, barn í Reykjavík, f. á Íslandi 3. desember 1963.
41. Nelson, Matthew Leif, barn í Reykjavík, f. í Bandaríkjunum 12. desember 1962.
42. Nielsen, Esther Helene, húsmóðir í Borgarfirði eystra, f. í Færeyjum 4. janúar 1933.
43. Olesen, Halldór Friðrik, vélstjóri í Kópavogi, f. á Íslandi 8. júlí 1945.
44. Pedersen, Poul Heine, gluggahreinsunarmaður í Reykjavík, f. í Danmörku 18. júní 1937.
45. Persky, Kathy Ann, barn í Keflavík, f. í Bandaríkjunum 17. maí 1969.
46. Petersen, Jensa Michala Selinda, húsmóðir í Sandgerði, f. í Færeyjum 20. júlí 1924.
47. Rasmussen, Arne Juul, matsveinn í Grundarfirði, f. í Danmörku 9. júlí 1948.
48. Rocksén, Karl-Erik, arkitekt í Reykjavík, f. á Íslandi 28. ágúst 1939.
49. Rowlinson, Bryon, iðnverkamaður á Patreksfirði, f. í Englandi 1. október 1950.
50. Saari, Beverlee Ann, nemi í Reykjavík, f. í Bandaríkjunum 24. júlí 1954.
51. Sand, Ólavur Edvinsson, sjómaður í Þorlákshöfn, f. í Færeyjum 17. september 1934.
52. Sander, Antonie Marta Karola, hjúkrunarkona í Reykjavík, f. í Þýskalandi 1. febrúar 1935.
53. Sarinesen, Laurits Christian, verkamaður í Vestmannaeyjum, f. í Danmörku 31. mars 1916.
54. Seidl, Renate Monika, skjalaþýðandi í Reykjavík, f. í Þýskalandi 25. júlí 1941.
55. Shelhamer, James Ásbjörn, barn í Kópavogi, f. í Bandaríkjunum 8. júní 1972.
56. Skýlindal, Páll, símvirki í Reykjavík, f. í Færeyjum 17. september 1929.

**2. gr.**

Nú fær maður, sem heitir erlendu nafni, íslenskt ríkisfang með lögum, og skal hann þá taka sér íslenskt fornafn. Börn hans skulu taka sér íslensk nöfn samkvæmt lögum um mannanöfn.

**3. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Nd.** **685. Nefndarálit** [266. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 107/1973, um þörungavinnslu við Breiðafjörð.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og varð sammála um að mæla með því að það verði samþykkt.

Pétur Sigurðsson og Benedikt Gröndal voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 12. maí 1975.

Ingólfur Jónsson, form., frsm. Lárus Jónsson, fundaskr. Ingvar Gíslason.

Þórarinn Þórarinsson. Magnús Kjartansson.

**Ed.** **686. Lög** [90. mál]

um breyting á lögum nr. 31 frá 1970, um dýralækna.

(Afgreidd frá Ed. 12. maí.)

Samhljóða þskj. 98.

**Ed.** **687. Lög** [132. mál]

um breyting á lögum nr. 31 frá 1970, um dýralækna.

(Afgreidd frá Ed. 12. maí.)

Samhljóða þskj. 502.

**Ed.** **688. Lög** [66. mál]

um Sjóvinnuskóla Íslands.

(Afgreidd frá Ed. 12. maí.)

Samhljóða þskj. 530 (sbr. 523).

**Nd.** **689. Nefndarálit** [264. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin mælir með samþykkt frv., en Garðar Sigurðsson og Sighvatur Björgvinsson gera grein fyrir afstöðu sinni í sérstöku nefndaráliti.

Pétur Sigurðsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 12. maí 1975.

| | | |
|---|---|---|
| Jón Skaftason, varaform. | Sverrir Hermannsson, fundaskr., frsm. | Tómas Árnason. |
| | Guðl. Gíslason. | |

## Nd. 690. Nefndarálit [265. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 78/1974, um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin mælir með samþykkt frv., en Garðar Sigurðsson og Sighvatur Björgvinsson gera grein fyrir afstöðu sinni í sérstöku nefndaráliti.
Pétur Sigurðsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 12. maí 1975.

| | | |
|---|---|---|
| Jón Skaftason, varaform. | Sverrir Hermannsson, fundaskr., frsm. | Tómas Árnason. |
| | Guðl. Gíslason. | |

## Sþ. 691. Fyrirspurn [287. mál]

til iðnaðarráðherra um könnun jarðhita við Bolungarvík.

Frá Sigurlaugu Bjarnadóttur.

1. Hver hefur orðið árangur af könnun á jarðhita í Syðridal við Bolungarvík?
2. Telur ráðherra ekki ástæðu til, vegna hins stórhækkaða olíuverðs, að rannsakað verði til hlítar, hvort þarna sé fyrir hendi nægilega heitt vatn til hitaveitu fyrir Bolungarvíkurkaupstað?

## Ed. 692. Nefndarálit [284. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmda og reksturs Rafmagnsveitna ríkisins og Vegagerðar ríkisins.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin ræddi frv. á fundi sínum. Albert Guðmundsson gerði þar grein fyrir afstöðu sinni og sat hjá við afgreiðslu málsins. Aðrir nefndarmenn mæla með að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 12. maí 1975.

| | | |
|---|---|---|
| Halldór Ásgrímsson, form. | Jón Helgason, fundaskr. | Jón G. Sólnes, frsm. |
| Ragnar Arnalds. | Jón Árm. Héðinsson. | Axel Jónsson. |

**Sþ.** **693. Nefndarálit** [194. mál]

um till. til þál. í tilefni af aldarafmæli landnáms íslendinga í Vesturheimi.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og telur einsýnt að íslenska ríkið hljóti að votta íslenska þjóðarbrotinu vestanhafs sérstaka ræktarsemi og hlýhug á merkum tímamótum. Leggur nefndin til samþykkt tillögunnar óbreyttrar.

Alþingi, 12. maí 1975.

| | | |
|---|---|---|
| Ellert B. Schram, form. | Jón Helgason, fundaskr. | Magnús T. Ólafsson, frsm. |
| Jón Skaftason. | Jónas Árnason. | Lárus Jónsson. |
| | Ólafur G. Einarsson. | |

**Nd.** **694. Lög** [134. mál]

um launasjóð rithöfunda.

(Afgreidd frá Nd. 12. maí.)

Samhljóða þskj. 251.

**Ed.** **695. Tillaga til þingsályktunar** [177. mál]

um rannsókn á byggingu Fljótsdalsvirkjunar.

(Eftir eina umr. í Nd., 12. maí.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að Orkustofnun ljúki eins fljótt og við verður komið rannsókn á byggingu Fljótsdalsvirkjunar.

**Ed.** **696. Lög** [213. mál]

um breyting á lögum um framsal sakamanna til Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, nr. 7 14. mars 1962.

(Afgreidd frá Ed. 12. maí.)

Samhljóða þskj. 406.

**Nd.** **697. Nefndarálit** [265. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 78/1974, um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Það var undir lok sumarþingsins 1974, 30. ágúst, að samþ. voru lög um ráðstafanir vegna gengis íslenskrar krónu. Í 2. gr. þessara laga, nr. 78/1974, var gert ráð fyrir að mynda sérstakan gengishagnaðarsjóð vegna fyrstu stórgengisfellingar þessarar ráðvilltu og fálmandi ríkisstjórnar, sem framkvæmt hefur hverja ráðstöf-

unina á fætur annarri sem áttu að tryggja afkomu útgerðarinnar, en hafa ekki orðið til þess, heldur þvert á móti.

Í greinargerð frv. var gert ráð fyrir að fénu skyldi ráðstafað til sjávarútvegsins með sérstökum lögum, sem fylgdu í kjölfarið og afgreidd voru síðari hluta desembermánaðar. En í 2. gr. frv., sem var aðalgrein frv., voru skýr ákvæði þess efnis, **að áður en ráðstafað væri gengishagnaðarfé til sjávarútvegsins skyldi fyrst greiða af því þrennt.** Í fyrsta lagi: hækkanir á flutningskostnaði og öðrum sambærilegum kostnaði við útflutning vegna þeirra afurða, sem framleiddar voru fyrir 1. sept. 1974 og ekki höfðu verið fluttar út fyrir gengisbreytinguna. Í öðru lagi: **gengisbætur vegna innstæðna Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, sbr. ákvæði laga nr. 18 frá 4. apríl 1972.** Og í þriðja lagi halla á olíusjóði fiskiskipa til 1. sept. 1974.

Með b-lið 2. gr. var með þessum lögum ákveðið að bæta gengistap Verðjöfnunarsjóðs af fé gengishagnaðarsjóðs og mörg og alvarleg orð höfð um það í umræðum af stjórnarliða hálfu hvílík nauðsyn hér væri á. En strax og lög höfðu verið sett um ráðstöfun gengishagnaðar voru þessi lög brotin, en fé það, sem renna átti samkv. þeim til Verðjöfnunarsjóðs, tekið í annað. Aðeins nokkrum vikum eftir samþykkt laganna eru ákvæði þeirra sniðgengin og þau brotin og 400 milljónum króna varið í annað í heimildarleysi, því að þá strax var ríkisstjórnin orðin annarrar skoðunar en fáum vikum áður — og skirrðist ekki við að brjóta nýsett lög til að framfylgja henni.

Þessi málsmeðferð er svo sem ekki það eina, sem ljóslega sýnir fram á fálmkenndar ákvarðanir ríkisstjórnarinnar. Hitt er svo annað mál, að líklega hafa ákvæði b-liðar 2. gr. ekki staðist án þess að breyta jafnframt lögum um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins — og er þar auðvitað enn eitt dæmið um vanhugsuð viðbrögð og ruglingslegar stjórnarathafnir.

En það er fyrst nú, í lok þessa þings, sem leiðrétta á þessi mistök. Það er á síðustu dögum þingsins sem stjórnin viðurkennir ranga málsmeðferð og í ljós kemur af hennar eigin athugasemdum við stjórnarfrumvarp, að gengið var vísvitandi móti nýsettum lögum.

Það hefur komið í ljós að gengisfellingar ríkisstjórnarinnar hafa skapað útgerðinni meiri vanda en þær hafa leyst. Ríkisstjórnin hefur hingað til skellt skollaeyrunum við öllum ábendingum stjórnarandstöðunnar, hvernig bregðast skyldi við þeim vanda, sem við var að fást. Hún ber þess vegna ein ábyrgð á röngum aðferðum, sem hún hefur beitt við lausn vandamála útgerðarinnar, og þess vegna á því hvernig málum er nú komið.

Ríkisstjórnin ber einnig ábyrgð á þeim mistökum og lögbrotum, sem þetta frumvarp er sprottið af, og þess vegna hefur minni hl. sjávarútvegsnefndar fyrirvara um afgreiðslu þessa máls.

Alþingi, 12. maí 1975.

Garðar Sigurðsson, frsm. Sighv. Björgvinsson.

## Nd. 698. Breytingartillögur [11. mál]

við frv. til l. um launajöfnunarbætur, bætur almannatrygginga, verðlagsmál o. fl.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (MK, GÞG).

1. Við 1. gr. Greinin falli niður.
2. Við 2. gr. Greinin falli niður.
3. Við 6. gr. Greinin orðist svo:

   Almennar elli- og örorkubætur samkvæmt lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, sbr. lög nr. 96/1971, nr. 112/1972 og nr. 62/1974, skulu taka breytingum sem hér segir:

1. Frá 1. október 1974 skulu þær hækka um 3 500 kr. frá því sem í gildi var í sept. 1974.
2. Frá 1. desember 1974 skulu þær hækka um 3% frá því sem í gildi var í nóvember 1974.
3. Frá 1. apríl 1975 skulu þær hækka um 4 900 kr. frá því sem í gildi var í mars 1975.
4. Frá 1. júlí 1975 skulu þær hækka um 3% frá því sem í gildi var í júní 1975.

Breytingar þessar skulu einnig taka til greiðslna skv. 73. gr. laganna.

Greiðslur samkv. 1. og 3. lið skulu háðar sömu takmörkunum og um var samið milli verkalýðsfélaga og atvinnurekenda 26. mars 1975.

Þannig verði fullur árlegur ellilífeyrir einstaklinga, sbr. 11. gr. laga nr. 67/1971, sem hér segir eftirgreind tímabil, miðað við að lífeyrir sé fyrst tekinn við 67 ára aldur:

| | |
|---|---|
| Frá 1. október til 30. nóvember 1974 ..... | kr. 197 400 |
| Frá 1. desember 1974 til 31. mars 1975 ..... | — 203 322 |
| Frá 1. apríl 1975 til 30. júní 1975 ..... | — 262 128 |
| Frá 1. júlí 1975 ..... | — 269 992 |

Aðrar bætur lífeyristrygginga svo og sjúkradagpeningar hækki í sama hlutfalli á þessu tímabili.

4. Við 7. gr.

a. Liðurinn „Uppbót á lífeyri (tekjutrygging) á ári“ orðist svo:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Einstaklingar ..... | 137 094 | 141 211 | 153 920 | 158 532 |
| Hjón ..... | 246 769 | 254 180 | 277 044 | 285 355 |

Við greinina bætist:

Frá 1. júlí 1975 breytast fjárhæðir greinarinnar í samræmi við vísitölu vöru og þjónustu.

5. Á eftir 8. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Við álagningu tekju- og eignarskatts árið 1975 skulu fyrningar reiknaðar samkv. ákvæðum 15. gr. gildandi skattalaga með því fráviki að engar verðbreytingar eigna skulu leyfðar samkvæmt verðhækkunarstuðli.

6. Við 11. gr. Greinin falli niður.

## Nd. 699. Nefndarálit [264. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 72/1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Með lögum nr. 72 frá 28. maí 1969 var stofnaður sjóður — Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins — með skylduframlögum aðila í sjávarútvegi. Tilgangur sjóðsins er sá að tryggja sem jafnast verð á útflutningsafurðum fiskiðnaðarins með því móti, að þegar verðlag á þeim afurðum er hátt erlendis á að leggja hluta af tekjum aðila í sjávarútvegi í sjóðinn, en þegar verð erlendis fer lækkandi hleypur sjóðurinn undir bagga með greiðslu verðuppbóta.

Það fer ekki á milli mála, að atvinnugrein eins og sjávarútvegurinn, sem háður er miklum verðsveiflum á afurðum sínum erlendis, þarf að eiga sér slíkan sjóð sem Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins er til þess að tryggja atvinnugreininni sem jafnastar ytri aðstæður. Hinu hættir mönnum stundum til að gleyma, að sjóður þessi er myndaður af aðilum í sjávarútvegi eingöngu og er því óskoruð og óvefengjanleg eign þeirra, sem við þann atvinnuveg starfa — raunar eins konar geymslufé þeirra. Að því leytinu til nýtur sjóðurinn nokkurrar sérstöðu umfram aðra sjóði

og ætti að vera óheimilt að ráðstafa fé úr sjóðnum — hvorki til greiðslu né lánveitinga — **nema með fullu samþykki þeirra, sem að sjóðnum standa.**

Það gefur auðvitað auga leið, að sjóður eins og Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins, sem myndaður er með geymslufé útflutningsatvinnuvegar, verður ávallt að halda verðgildi sínu óbreyttu án tillits til gengisbreytinga. Það er raunar forsenda fyrir sjóðnum, að það fjármagn, sem rennur til sjóðsins sem hluti af gjaldeyristekjum sjávarútvegsins, sé varðveitt í erlendri mynt, enda mun það hafa verið tilgangur þeirra, sem sömdu gildandi lög um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins.

Undir stjórn núverandi ríkisstjórnar skapaðist hins vegar slíkt ófremdarástand í gjaldeyrismálum þjóðarinnar, að þegar síðasta gengisbreyting var gerð mátti heita, að Seðlabankinn ætti engan erlendan gjaldeyri. Stóð því engin gjaldeyriseign á bak við Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins, þar sem sú baktrygging sjóðsins hafði gufað upp sem eyðslufé í óstjórninni. Miðað við tilgang sjóðsins mátti því heita, að hann væri aðeins til á pappírnum.

Seðlabankinn hefur því ekki getað staðið við að gengistryggja sjóðinn og er nú ætlunin með þessu frv. að létta þeirri kvöð af honum og flytja yfir á ríkissjóð. Er með öllu óvitað, hve þunga bagga er hér verið að binda ríkissjóði upp á framtíðina. Auk þessa má benda á, að ríkissjóði er aðeins ætlað að taka við skyldunum, þar sem Seðlabankanum er hins vegar ætlað að varðveita sjóðinn áfram svo og falið það nýja verkefni skv. frv. að ávaxta fé sjóðsins með gengistryggðum lánveitingum til banka og annarra lánsstofnana. Skv. frv. virðist bankinn t. d. allt eins geta lánað þetta geymslufé sjávarútvegsins til annarra aðila en aðila í sjávarútvegi og hefur sjóðurinn þar með talsvert fjarlægst upphaflegan tilgang sinn.

Minni hl. sjútvn. telur, að inneignir Verðjöfnunarsjóðs sjávarútvegsins þurfi að varðveita í erlendum gjaldeyri. Í ljós hefur komið, að það hefur ekki verið gert.

Með frv. þessu er að því stefnt að gengistryggja fé sjóðsins með öðrum hætti og af öðrum aðilum. Minni hl. nefndarinnar telur, að þær aðferðir séu stórum lakari og umdeildari og mun ekki styðja þær. Ríkisstj. verður sjálf að bera ábyrgð á þeim eins og hún bar ábyrgð á því stjórnleysi í gjaldeyrismálum þjóðarinnar, sem varð til **þess að grundvöllur Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins** — innistæða í erlendum gjaldeyri fyrir inneignum hans — hrundi.

Alþingi, 12. maí 1975.

Sighvatur Björgvinsson, frsm. Garðar Sigurðsson.

## Nd. 700. Nefndarálit [209. mál]

um frv. til l. um félagsráðgjöf.

**Frá heilbrigðis- og tryggingánefnd.**

Nefndin mælir með því að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 12. maí 1975.

Jón Skaftason, form. Magnús Kjartansson, frsm. Ragnhildur Helgadóttir.
Guðmundur H. Garðarsson. Karvel Pálmason.

## Nd. 701. Frumvarp til laga [288. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jörðina Hrafnkelsstaði í Eyrarsveit.

Flm.: Friðjón Þórðarson, Jónas Árnason.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Eyrarsveit jörðina Hrafnkelsstaði í Eyrarsveit á Snæfellsnesi. Verð jarðarinnar fer eftir samkomulagi. Náist ekki samkomulag um kaupverð, skal það ákveðið að mati dómkvaddra manna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Hreppsnefnd Eyrarsveitar á Snæfellsnesi hefur farið þess á leit, að veitt verði lagaheimild til þess, að Eyrarsveit geti átt kost á að kaupa jörðina Hrafnkelsstaði.

Jörð þessi er húsalaus og hefur lengi verið í eyði. Hún er sveitarfélaginu verðmæt, m. a. að því leyti, að þarna fæst gott byggingarefni, sem mikil þörf er fyrir í vaxandi kauptúni á borð við Grundarfjörð. Telur hreppsnefndin því æskilegt, að sveitarfélagið eignist jörðina og hafi umráð yfir henni.

## Nd. 702. Nefndarálit [11. mál]

um frv. til laga um launajöfnunarbætur, bætur almannatrygginga, verðlagsmál o. fl.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin ræddi þetta mál á nokkrum fundum, sem voru sameiginlegir með fjárhags- og viðskiptanefndum beggja deilda. Nefndarmenn urðu ekki sammála um afgreiðslu málsins.

Meiri hlutinn, undirritaðir nefndarmenn, leggja til að frv. verði samþykkt eins og það er komið frá Ed.

Alþingi, 12. maí 1975.

Ólafur G. Einarsson, form., frsm. Lárus Jónsson, fundaskr. Ey. Kon. Jónsson.

Þórarinn Þórarinsson. Tómas Árnason.

## Nd. 703. Nefndarálit [285. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast lán fyrir Flugleiðir hf.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur rætt þetta mál ítarlega á nokkrum fundum sínum og hafa þeir fundir verið sameiginlegir með nefndum beggja deilda.

Til fundar við nefndarmenn hafa komið margir aðilar, sem svarað hafa fyrirspurnum og veitt margháttaðar upplýsingar. Má þar nefna ráðuneytisstjórana í fjármálaráðuneyti og samgönguráðuneyti, fulltrúa frá Ferðamálaráði, fulltrúa vinnuhóps, sem vann að athugun á rekstri Flugleiða hf. á síðast liðnu hausti vegna beiðnar um ríkisábyrgð, framkvæmdastjóra Air Viking, matsnefnd eigna Loftleiða hf. og Flugfélags Íslands hf., og loks forstjóra Flugleiða hf.

Nefndarmenn urðu ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hlutinn, undirritaðir nefndarmenn, leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt, en minni hlutinn, Magnús Kjartansson, flytur breytingartillögu og skilar sérstöku nefndaráliti.

Meiri hlutinn leggur auk þess til, að áður en ríkisstjórnin notar heimild frumvarpsins um ríkisábyrgð til Flugleiða hf., undirriti stjórn Flugleiða hf. svofellda yfirlýsingu vegna ríkisábyrgðar á láni til Flugleiða hf.:

„Þar eð ríkissjóður mun takast á hendur sjálfskuldarábyrgð á tveimur lánum að heildarfjárhæð $ 18 500 000.00, eða jafnvirði þess í annarri mynt, sem vér munum taka, annað til 7 ára að fjárhæð $ 13 500 000.00 hjá Export Import Bank, Washington D.C., og/eða annarri lánsstofnun, sem Ríkisábyrgðasjóður samþykkir og nota á til kaupa á tveimur flugvélum af gerðinni Douglas DC-8-63 CF, sem vér hyggjumst kaupa af Seaboard World Airlines Inc., og hitt að fjárhæð $ 5 000 000.00 til 5 ára hjá lánsstofnun, sem Ríkisábyrgðasjóður samþykkir og nota á til að styrkja lausafjárstöðu Flugleiða hf., lýsum vér yfir eftirfarandi:

1. Flugleiðir hf., Flugfélag Íslands hf. og Loftleiðir hf. skuldbinda sig til þess að halda áfram skipulögðum aðgerðum til þess að bæta fjárhagsstöðu sína og auka hagkvæmni í rekstri.
2. Ríkisábyrgðasjóður og samgönguráðuneytið tilnefna tvo fulltrúa til að fylgjast með fjárhagslegum ákvörðunum félaganna. Skulu þessir trúnaðarmenn eiga rétt á því að sitja fundi með framkvæmdastjórn (stjórnarnefnd) Flugleiða hf., þegar þeir óska, og heita félögin því að veita þeim allar þær upplýsingar um rekstur fyrirtækjanna, sem óskað er eftir á hverjum tíma, þar með að leggja fyrir þá fjárhagsáætlanir, skýrslur um fjármál og rekstur og fyrirætlanir um meiri háttar fjárskuldbindingar.
3. Stjórn Flugleiða hf. skuldbindur sig til að bjóða út hlutafé félagsins í hámark þess, sem samþykktir leyfa, þ. e. 600 milljónir kr., eins fljótt og aðstæður leyfa að dómi Seðlabankans og Landsbankans.
4. Stjórnarnefnd Flugleiða mun láta gera athugun á því, hvort hagkvæmt sé að koma upp fullkominni viðgerðarmiðstöð fyrir flugvélar hér á landi á vegum félaganna.
5. Stjórn og stjórnarnefnd félaganna skuldbinda sig til þess, á meðan ábyrgð stendur, að ráðast ekki í verulega fjárfestingu í flugrekstri né öðrum rekstri, eða taka á sig verulega fjárskuldbindingu, nema að fengnu leyfi Ríkisábyrgðasjóðs.
6. Stjórnir félaganna fallast á að gera svo oft sem óskað er, en eigi sjaldnar en á sex mánaða fresti, ítarlegar fjárhagsáætlanir tólf mánuði fram í tímann til afnota fyrir Ríkisábyrgðasjóð og samgönguráðuneytið. Ríkisábyrgðasjóður og samstarfsaðilar samkvæmt 2. tl. hér að framan skulu einnig fá árlega efnahags- og rekstrarreikninga félaganna og dótturfyrirtækja.
7. Til viðbótar veði í flugvélum þeim, sem keyptar verða og ríkissjóði verður veitt, skulu standa að handveði öll hlutabréf vor. Verða bréf þessi í vörslu Landsbankans eða Ríkisábyrgðasjóðs að handveði, meðan ábyrgð ríkissjóðs stendur.
8. Flugvélar þær, sem keyptar verða samkvæmt ríkisábyrgð þessari, skulu skráðar á Íslandi."

Með hliðsjón af framansögðu leggja undirritaðir nefndarmenn til, að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 12. maí 1975.

| | | |
|---|---|---|
| Ólafur G. Einarsson, form., frsm. | Lárus Jónsson, fundaskr. | Tómas Árnason. |
| Ey. Kon. Jónsson. | Þórarinn Þórarinsson. | Gylfi Þ. Gíslason. |

**Nd.** **704. Lög** [266. mál]

um breyting á lögum nr. 107/ 1973, um þörungavinnslu við Breiðafjörð.

(Afgreidd frá Nd. 12. maí.)

Samhljóða þskj. 549.

**Nd.** **705. Lög** [264. mál]

um breyting á lögum nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins.

(Afgreidd frá Nd. 12. maí.)

Samhljóða þskj. 545.

**Nd.** **706. Lög** [265. mál]

um breyting á lögum nr. 78/1974, um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu.

(Afgreidd frá Nd. 12. maí.)

Samhljóða þskj. 546.

**Ed.** **707. Nefndarálit** [251. mál]

um frv. til l. um ráðstöfun gengismunar í þágu sjávarútvegsins skv. l. nr. 2/1975 og um ráðstafanir vegna hækkunar brennsluolíuverðs til fiskiskipa.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Frv. þetta er að dómi minni hl. ekki til þess að leiða til réttlátrar lausnar á þeim vanda, sem sjávarútveginum stafar af hækkuðu eldsneytisverði, heldur mundi það stuðla að auknum vanda þar sem hér er gert ráð fyrir því að hróflað verði við grundvelli hlutaskipta og stuðlað að auknu misrétti á annan hátt. Fáir mánuðir eru síðan gerðar voru flaustursleg ráðstafanir vegna annarrar gengisfellingar helmingaskiptastjórnar Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins, og fer ríkisstjórninni nú enn verr úr hendi en áður að verja sjávarútveginn áföllum vegna klaufaskapar valdhafanna. Telst það til fádæma, að dregið skuli hafa verið í þrjá mánuði að gera ráðstafanir í átt við þá, sem frv. fjallar um, enda hafa fiskútflytjendur notað þennan óeðlilega frest ótæpilega til þess að koma útflutningsafurðum úr landi og undan gjöldum.

Sjávarútvegsnefnd efri deildar hefur verið ætlaður mjög skammur tími til þess að fjalla um frv. og er það vítavert að ekki skuli hafa verið haldnir sameiginlegir fundir beggja sjávarútvegsnefnda um svo viðamikið mál til þess að flýta fyrir og auðvelda afgreiðsluna.

Hagsmunaaðilar, sjómenn, útgerðarmenn og fiskverkendur hafa allir látið í ljós andstöðu gegn meginefni frv. og lýst áhyggjum sínum stórum vegna þeirrar stefnu stjórnvalda að hrófla jafngróflega og hér er gert við umsömdum arðskiptum. Nú er svo komið, að samkvæmt frv. þessu kemur aðeins til skipta tæpur helmingur afla upp úr sjó, og sjálfir flm. frv. viðurkenna, að hér sé löggjafarvaldið að breyta umsömdum hlutaskiptum. Þessi ráðstöfun verður ekki afsökuð né réttlætt með því

að ætlunin sé að láta einhverja óskilgreinda nefnd semja um breytingar á hlutaskiptum á fiskiskipum. Þá er það skoðun minni hl. að fráleitt sé að loka sífellt augunum fyrir þeirri staðreynd, að verkafólk í fiskiðjuverunum á einnig sinn ríka þátt í verðmætasköpuninni. Hlutur verkafólks í myndun útflutningsverðmætis nemur 20—25% í góðri fiskvinnslu og ætti gengiságóði að koma til skipta til þess fólks í hlutfalli við það, ekki síður en til annarra aðila.

Nærri því helmingur afkastamestu togara okkar liggur nú bundinn við bryggju vegna ráðleysis stjórnvalda, og væri þeim sæmra að stuðla að því, að þessi afkastamiklu fiskiskip okkar kæmust til veiða, heldur en rýra hlut þeirra sjómanna, sem enn er leyft að stunda fiskveiðar, og blása þannig í glæður enn meira ósamkomulags í þessari atvinnugrein okkar og stuðla þannig að aukinni hættu á frekari átökum.

Minni hl. mun bera fram á sérstöku þskj. brtt. við frv. þetta. Þar leggjum við til að ríkisstjórn verði heimilað að greiða Olíusjóði fiskiskipa allt að 200 millj. kr. úr ríkissjóði, og að sérstakar ráðstafanir verði gerðar til þess að firra áföllum þá útgerðarstaði þar sem sjómenn hafa ekki aðstöðu til frystingar á afla sínum, heldur verða að reiða sig á söltun eingöngu. Minni hl. mun gera frekari grein fyrir brtt. sínum í framsögu.

Alþingi, 13. maí 1975.

Stefán Jónsson, frsm. Jón Árm. Héðinsson.

## Ed. 708. Breytingartillögur [251. mál]

við frv. til laga um ráðstöfun gengismunar í þágu sjávarútvegsins skv. lögum nr. 2/1975 og um ráðstafanir vegna hækkunar brennsluolíuverðs til fiskiskipa.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar (StJ, JÁH).

1. Við 1. gr.
   a. Síðari mgr. b-liðar orðist svo:

      Greiðslur samkvæmt þessum lið fari fram á þremur árum frá 14. febrúar 1975 að telja. Fiskveiðasjóði er heimilt að ráðstafa að fengnum tillögum viðskiptabanka sjávarútvegsins 330 m.kr. af þessari fjárhæð til lánveitinga í sjávarútvegi til 2—3 ára til að bæta lausafjárstöðu fyrirtækja, enda verði krafist öruggra trygginga fyrir lánum þessum. Þá er sjóðnum heimilt að verja 70 m.kr. af þessari fjárhæð til lánveitinga til 2—3 ára til fiskverkunarstöðva til framkvæmda við að bæta hreinlætisaðstöðu og aðra aðbúð verkafólks.
   b. Við i-lið. Í stað „12“ komi: 20.
   c. Við j-lið. Í stað „sjávarútvegsráðuneytisins“ komi: Alþingis.
2. 2. gr. orðist svo:

   Verðlagsráð sjávarútvegsins skal auglýsa nýtt lágmarksverð á öllum tegundum bolfiskafla og skal það verð vera 13% hærra en það fiskverð, sem nú er í gildi. Hið nýja fiskverð skal gilda frá og með 15. febrúar s. l.

   Ríkisstjórninni er heimilt að verja allt að 200 m.kr. úr ríkissjóði á árinu 1975 til Olíusjóðs fiskiskipa til þess að auka niðurgreiðslur á olíuverði til fiskiskipa frá því sem nú er, komi í ljós, að hlutur útgerðarinnar í fiskverðshækkunum á árinu nægi ekki til þess að standa undir kostnaði við verðhækkanir á olíu.
3. Við ákvæði til bráðabirgða. 1. töluliður falli niður.
4. Aftan við 5. tölulið ákvæða til bráðabirgða komi orðin: og söltuðum smáfiski.

## Ed. 709. Nefndarálit [240. mál]

um frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1972.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og mælir með samþykkt þess. — Jón G. Sólnes og Ragnar Arnalds voru fjarstaddir, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 13. maí 1975.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm. Jón Helgason, fundaskr. Axel Jónsson.
Albert Guðmundsson. Jón Árm. Héðinsson.

## Ed. 710. Nefndarálit [261. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 29. apríl 1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Fjárhags- og viðskiptanefnd hefur haft mál þetta til athugunar og mælir með samþykkt þess. — Jón G. Sólnes og Ragnar Arnalds voru fjarstaddir, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 13. maí 1975.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm. Jón Helgason, fundaskr. Axel Jónsson.
Albert Guðmundsson. Jón Árm. Héðinsson.

## Nd. 711. Nefndarálit [11. mál]

um frv. til l. um launajöfnunarbætur, bætur almannatrygginga, verðlagsmál o. fl.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Frumvarpið um launajöfnunarbætur o. fl. var lagt fram í upphafi þings til staðfestingar á bráðabirgðalögum frá 24. september í fyrra. Meginefni laganna var að banna vísitölubætur á kaup, en ákveða í staðinn svokallaðar launajöfnunarbætur, fasta upphæð sem jafngilti aðeins broti af þeim verðhækkunum sem yfir höfðu dunið. Ekkert hefur verið hreyft við frumvarpinu meginhluta þingtímans, þar til nú að ætlunin er að lögfesta það á örfáum dögum, en svo breytt að þar stendur naumast steinn yfir steini.

Launajöfnunarbætur þær, sem um er fjallað í 1. og 2. gr., eru nú orðnar hluti af því bráðabirgðasamkomulagi sem verkalýðsfélög og atvinnurekendur gerðu 26. mars s. l. Að lögfesta þennan hluta bráðabirgðasamkomulagsins er í senn fáránlegt og ögrun við verkalýðshreyfinguna sem mótmælt hefur mjög harðlega lagasetningu um slík atriði. Í 1. gr. er einnig rætt um að „heildarsamtök aðila vinnumarkaðarins“ semji um kjör, og virðist í því orðalagi felast tilraun ríkisstjórnarinnar til að svipta

einstök verkalýðsfélög samningsrétti, en þar er um að ræða mjög alvarlega íhlutun um innri mál verkalýðshreyfingarinnar, skerðingu á réttindum og lýðræði. Við leggjum því til að 1. og 2. gr. frv. verði felldar niður.

3. og 4. gr. frumvarpsins fjalla um greiðslu svokallaðra launajöfnunarbóta til bænda. Þar er búið til kerfi sem er svo flókið að það þjónar naumast öðrum tilgangi en þeim að tryggja æðimörgum skriffinnum atvinnu, m. a. eiga þeir að skoða öll skattframtöl íslenskra bænda! Þá er ákveðið í 4. gr. að aðeins þeir bændur, sem framleiða niðurgreiddar búvörur, megi fá launajöfnunarbætur! Engin trygging er fyrir því að hálaunabændur geti ekki fengið slíkar greiðslur til jafns við aðra. Allt er þetta kerfi svo flókið að þess er enginn kostur að gera við það skynsamlegar breytingartillögur, og ekkert ráðrúm er til þess að gera tillögur um aðra skipan, svo mjög sem ríkisstjórnin rekur á eftir afgreiðslu málsins. Við munum því ekki taka þátt í atkvæðagreiðslu um þessar greinar, en vörum ríkisstjórnina alvarlega við afleiðingunum af framkvæmd hennar.

Í 5.—8. gr. er fjallað um bætur almannatrygginga. Þar er um nokkra hækkun að ræða á bótunum, en engu að síður er haldið fast við þá stefnu að skerða kjör aldraðs fólks og öryrkja enn freklegar en afkomu annarra þjóðfélagsstétta. Með breytingartillögum okkar við 6. gr. leggjum við til að aldrað fólk og öryrkjar fái sömu bætur í krónutölu og um var samið í samningum verkalýðsfélaga og atvinnurekenda 26. mars, en aðrar bætur tryggginganna hækki í sama hlutfalli. Í breytingartillögum okkar við 7. gr. leggjum við til að tekjutrygging hækki í samræmi við vísitölu, svo að viðbótarbætur til þeirra, sem naumasta afkomu hafa, haldi verðgildi sínu.

Þessar breytingartillögur okkar fela í sér hækkun á útgjöldum almannatrygginga, en til þess að mæta því leggjum við til að í nýrri grein verði ákveðið að svokallaður verðhækkanastuðull komi ekki til framkvæmda á þessu ári, en sá stuðull mun gera flesta atvinnurekendur og fjáraflamenn skattfrjálsa án tillits til afkomu þeirra. Borgi þessir aðilar eðlilega skatta munu þeir standa undir þeirri hækkun á bótum almannatrygginga sem við gerum tillögu um og vel það.

Við lokaafgreiðslu málsins var allt í einu bætt við nýrri grein um óskylt efni, málefni fjárfestingarlánasjóðanna, en ætlunin er að verðtryggja eða gengistryggja lán þeirra í vaxandi mæli. Þar er um að ræða fjölþætt vandamál, nátengt heildarstefnu í atvinnu- og efnahagsmálum. Óvissan í þeim efnum er svo mikil að við teljum ekki tímabært að taka ákvarðanir um lánakjör fjárfestingarlánasjóðanna nú og leggjum því til að sú grein falli niður.

Alþingi, 13. maí 1975.

Magnús Kjartansson, frsm. Gylfi Þ. Gíslason.

## Ed. 712. Nefndarálit [100. mál]

um till. til þál. um sérkennslumál.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur kynnt sér tillöguna og mælir með samþykkt hennar.

Alþingi, 13. maí 1975.

Axel Jónsson, form. Steinþór Gestsson, fundaskr.,frsm. Jón Árm. Héðinsson.

Ingi Tryggvason. Þorv. Garðar Kristjánsson. Ragnar Arnalds.

Steingrímur Hermannsson.

**Ed.** **713. Nefndarálit** [222. mál]

um frv. til l. um Leiklistarskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 13. mai 1975.

Axel Jónsson, form., frsm. Steinþór Gestsson, fundaskr. Jón Árm. Héðinsson.
Ingi Tryggvason. Þorv. Garðar Kristjánsson. Ragnar Arnalds.
Steingrímur Hermannsson.

**Nd.** **714. Breytingartillaga** [285. mál]

við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast lán fyrir Flugleiðir hf.

Frá minni hluta fjárhags- og viðskiptanefndar (MK).

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að veita Flugleiðum hf. sjálfskuldarábyrgð á lánum sem nemi allt að 18.5 milljónum bandaríkjadala, enda taki Flugleiðir hf. lán þessi til kaupa á flugvélum og til að bæta rekstrarfjárstöðu flugrekstrar sins.

Skilyrði fyrir sjálfskuldarábyrgðinni er að Flugleiðir hf. auki hlutafé sitt í 600 milljónir króna fyrir árslok 1975 og að ríkissjóður kaupi fjórðung hlutafjárins. Auk þess er ábyrgðin háð öðrum þeim tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar, og þeim skilyrðum, sem hún ákveður.

**Sþ.** **715. Tillaga til þingsályktunar** [289. mál]

um löggjöf um íslenzka stafsetningu.

Flm.: Sverrir Hermannsson, Gunnlaugur Finnsson, Helgi F. Seljan, Gylfi Þ. Gíslason, Ellert B. Schram.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa löggjöf um íslenzka stafsetningu.

Þar til slík lög hafa verið sett, skal fylgja þeirri stafsetningu sem í gildi var, áður en menntamálaráðuneytið gaf út auglýsingar sínar nr. 272 frá 4. september 1973 og nr. 132 frá 3. maí 1974.

Greinargerð.

Íslenzkt mál, talað og ritað, er undirstaða islenzkrar menningar. Því ber að vanda alla meðferð þess sem kostur er.

Engar breytingar má á því gera án ítarlegrar umræðu og rannsókna hinna hæfustu manna. Lokaákvörðun um breytingar á að vera í höndum Alþingis. Á hinn

bóginn er nú enginn lagabókstafur í gildi um íslenzka stafsetningu. Fyrir því þykir flutningsmönnum þessarar ályktunartillögu bera brýna nauðsyn til að sett verði löggjöf um þetta efni.

Eftir aldargamlar uppstyttulitlar þrætur um stafsetningu sömdu Íslendingar frið árið 1929 og unndu við hann í hartnær hálfa öld. Sá friður var rofinn á síðast liðnu ári með auglýsingu frá menntamálaráðuneyti um afnám z úr rituðu máli.

Alþingi ályktaði vorið 1974 að þeirri ákvörðun skyldi hrundið. Sú viljayfirlýsing hefur enn að engu verið höfð. Þvert á móti voru auglýstar nýjar og furðulegar reglur um stóran og lítinn staf. Þar til Alþingi hefur sett lög um þessi efni, er eðlilegt að fylgja stafsetningunni frá 1929 í samræmi við fyrrgreinda viljayfirlýsingu Alþingis.

## Nd. 716. Nefndarálit [258. mál]

um frv. til l. um Viðlagatryggingu Íslands.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Meiri hluti nefndarinnar mælir með því að frv. verði samþykkt óbreytt. Minni hlutinn skrifar undir með fyrirvara.

Alþingi, 13. maí 1975.

| | | |
|---|---|---|
| Jón Skaftason, form. | Þórarinn Sigurjónsson, fundaskr. | Guðmundur H. Garðarsson, frsm. |
| Jóhann Hafstein. | Ragnhildur Helgadóttir. | Magnús Kjartansson, með fyrirvara. |
| | Karvel Pálmason, með fyrirvara. | |

## Nd. 717. Nefndarálit [103. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 108 frá 31. des. 1972, um breyt. á siglingalögum, nr. 66 1963.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Frv. hefur verið rætt í nefndinni og leggur hún til að því verði vísað til ríkisstjórnarinnar til athugunar.

Jóhann Hafstein var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 13. maí 1975.

| | | |
|---|---|---|
| Jón Skaftason, form., frsm. | Þórarinn Sigurjónsson, fundaskr. | Ragnhildur Helgadóttir. |
| Magnús Kjartansson. | Karvel Pálmason. | Guðmundur H. Garðarsson. |

## Ed. 718. Breytingartillögur [15. mál]

við frv. til laga um happdrættislán ríkissjóðs fyrir hönd Vegasjóðs vegna framkvæmda við Norðurveg og Austurveg.

Frá Þorv. Garðari Kristjánssyni.

1. Við 7. gr. Greinin orðist svo:
   Fjármunir þeir, er inn koma fyrir sölu happdrættisskuldabréfanna, skulu renna til greiðslu kostnaðar samkvæmt vegalögum.
2. Fyrirsögn frv. verði:
   Happdrættislán ríkissjóðs fyrir hönd Vegasjóðs.

## Nd. 719. Nefndarálit [274. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 72 1. júní 1972, um breyt. á l. nr. 30 12. maí 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin fjallaði um frumvarpið á fundi sínum og leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 13. maí 1975.

| | | |
|---|---|---|
| Gunnlaugur Finnsson, form., frsm. | Ellert B. Schram, fundaskr. | Stefán Valgeirsson. |
| Eðvarð Sigurðsson. | Magnús T. Ólafsson. | Ólafur G. Einarsson. |

## Nd. 720. Nefndarálit [269. mál]

um frv. til l. um breyting á mörkum lögsagnarumdæma Reykjavíkur og Kópavogs.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin fjallaði um frumvarpið á fundi sínum og var sammála um að leggja til að frumvarpið yrði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 13. maí 1975.

| | | |
|---|---|---|
| Gunnlaugur Finnsson, form., frsm. | Ellert B. Schram, fundaskr. | Stefán Valgeirsson. |
| Eðvarð Sigurðsson. | Magnús T. Ólafsson. | Ólafur G. Einarsson. |

## Nd. 721. Nefndarálit [263. mál]

um till. til þál. um aðstoð við vangefna og fjölfatlaða.

Frá heilbrigðis- og tryggingánefnd.

Nefndin mælir með því að þingsályktunartillagan verði samþykkt.

Alþingi, 13. maí 1975.

| | | |
|---|---|---|
| Jón Skaftason, form. | Þórarinn Sigurjónsson, fundaskr. | Guðm. H. Garðarsson, frsm. |
| Magnús Kjartansson. | Karvel Pálmason. | Ragnhildur Helgadóttir. |

## Ed. 722. Frumvarp til laga [290. mál]

um holræsagjald, byggingargjald og sérstakt gatnagerðargjald á Akureyri.

Flm.: Jón G. Sólnes, Stefán Jónsson.

1. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að leggja holræsagjald á öll hús og lóðir í bænum, samkvæmt reglugerð er hún setur og ráðherra staðfestir. Holræsagjaldi skal varið til viðhalds, eftirlits og hreinsunar á holræsum í götum bæjarins. Gjaldið skal miðað við skattvirðingarverð húseignarinnar eða stærð lóðar og bygginga, eftir því sem nánar er ákveðið í reglugerð.

2. gr.

Þegar bæjarstjórn selur á leigu byggingarlóðir eða veitir byggingarleyfi er henni heimilt að krefja húsbyggjendur um byggingargjald, samkvæmt gjaldskrá er hún setur og ráðherra staðfestir. Áskilja má greiðslu byggingargjalds af öllum nýbyggingum og breytingum og endurbyggingu húsnæðis sem felur í sér stækkun eða breytta notkun þess.

3. gr.

Byggingargjaldi skv. 2. gr. skal varið til byggingareftirlits, gatnagerðarframkvæmda og veituframkvæmda í bænum og má það nema allt að áætluðum meðalkostnaði við að undirbyggja götu og gangstétt með tilheyrandi lögnum og bundnu slitlagi.

4. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að ákveða með sérstakri samþykkt sem ráðherra staðfestir, að innheimta sérstakt gatnagerðargjald af sérhverri fasteign innan skipulagðs svæðis í bænum, í þeim tilgangi að ljúka gerð gangstétta og lagningu bundins slitlags á götur á því svæði, sem samþykktin tekur til.

Samanlögð álögð gjöld samkvæmt samþykkt þessari mega eigi nema hærri upphæð en nemur kostnaði við þær framkvæmdir, sem að framan greinir.

Eigi er heimilt að krefjast þess hluta gjaldsins af fasteign eða hluta hennar, sem áður hefur verið innheimtur í byggingargjaldi.

Staðfesting ráðherra er háð því, að bæjarstjórn leggi fram tíma-, framkvæmda- og kostnaðaráætlun um framkvæmdir þessar.

5. gr.

Við ákvörðun gjalda samkvæmt 2. gr. og 4. gr. laga þessara skal miða við lóðarstærð og stærð bygginga, eftir því sem nánar er ákveðið í gjaldskrá um byggingargjald og samþykkt um sérstakt gatnagerðargjald. Gjöldin má ákveða mismunandi eftir notkun fasteignar, svo sem hvort um er að ræða verslunar- og skrifstofubyggingar, iðnaðarhúsnæði, íbúðarhúsnæði o. s. frv. Enn fremur mega gjöldin af íbúðarhúsum vera mismunandi eftir því, hvort um er að ræða einbýlishús, raðhús, fjölbýlishús o. s. frv.

6. gr.

Um gjalddaga og innheimtu holræsagjalds skv. 1. gr. fer með sama hætti og um fasteignaskatt. Byggingargjald skv. 2. gr. skal gjaldkræft eftir því sem bæjarstjórn ákveður í gjaldskrá og fylgir það vísitölu byggingarkostnaðar. Sérstakt gatnagerðargjald skv. 4. gr. skal greiða á jafnmörgum árum og framlögð framkvæmdaáætlun nær yfir, en heimilt er bæjarstjórn að dreifa greiðslum á lengra tímabil.

Hækki framkvæmdakostnaður skv. framkvæmdaáætluninni vegna hækkunar verðlags, má gjaldið hækka sem því nemur.

7. gr.

Holræsagjaldi skv. 1. gr., byggingargjaldi skv. 2. gr. og sérstöku gatnagerðargjaldi skv. 4. gr. fylgir lögveð í viðkomandi fasteign.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 87/1970, um gjöld til holræsa, gangstétta og varanlegs slitlags á götum á Akureyri.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt í samráði við þm. Norðurl. e. í Nd., að beiðni bæjarstjórnar Akureyrar og er í reynd endurskoðun á lögum nr. 66 frá 1917, um gjöld til holræsa og gangstétta á Akureyri, sbr. lög um breytingu á þeim lögum, nr. 45 frá 1970, og lög nr. 87 frá 1970.

Á fundi bæjarstjórnar Akureyrar 8. apríl s. l. var eftirfarandi samþykkt með öllum 11 atkvæðum í bæjarstjórn:

„Vegna breytingartillögu félagsmálanefndar neðri deildar Alþingis við frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 51 frá 16. maí 1974, um gatnagerðargjöld, samþykkir bæjarstjórn Akureyrar að senda alþingismönnum Norðurlandskjördæmis eystra eftirfarandi:

Bæjarstjórn leggur áherslu á, að gjald samkvæmt 3. grein megi innheimta af öllum fasteignum innan skipulagðs svæðis, óháð því hvenær malbikun gatna hefur farið fram.

Bæjarstjórn gerir tillögu um að 4. grein laganna orðist svo:

Gjald skv. 3. gr. má innheimta af sérhverri fasteign innan skipulagðs svæðis í sveitarfélaginu í þeim tilgangi að ljúka gerð gangstétta og lagningu bundins slitlags á götur á því svæði, sem samþykktin tekur til, sbr. þó undantekningu í 3. gr. Samanlögð álögð gjöld skv. samþykkt þessari mega eigi nema hærri upphæð en nemur kostnaði við þær framkvæmdir, sem að framan greinir. Staðfesting ráðherra er háð því, að sveitarstjórn leggi fram tíma-, framkvæmda- og kostnaðaráætlun um framkvæmdir þessar.

Ef þetta sjónarmið fæst ekki fram, mun bæjarstjórn fara fram á við þingmenn kjördæmisins, að þeir flytji frumvarp um breyting á lögum um gatnagerð o. fl. fyrir Akureyri, nr. 87/1970.“

Þar sem ljóst virðist nú, að fyrra atriði þessarar samþykktar, sem snýr að lögunum um gatnagerðargjöld frá 1974, muni ekki ná fram að ganga, er síðari kosturinn valinn. Er frumvarp þetta samið í fullu samráði við forsvarsmenn Akureyrarbæjar, sbr. síðustu málsgrein ályktunar bæjarstjórnar.

Bundið slitlag var fyrst sett á götur á Akureyri fyrir u. þ. b. 50 árum. Var fyrst í stað einungis lagt bundið slitlag (malbik) á götur í miðbæ Akureyrar og til suðurs frá miðbænum. Við þetta var látið sitja, enda hvergi verulega betra ástand að þessu leyti á þeim árum.

Snemma á síðasta áratug urðu algjör þáttaskil í þessum efnum, er bifreiðafjöldi landsmanna fór að vaxa margfalt örar en áður. Um það leyti var gerð tíu ára áætlun um varanlega gatnagerð í Reykjavík (1963). Voru þá gerðar ráðstafanir til að Akureyri gæti fylgt í kjölfar höfuðborgarinnar og keypt tæki til malbiksframleiðslu og malbikunar á árunum 1964—1966. Framkvæmdir við varanlega gatnagerð fóru nú mjög vaxandi, en þó hvergi nærri í samræmi við möguleg afköst. Hefur skortur á framkvæmdafé valdið þessu, en þó er Akureyri eitt þeirra sveitarfélaga sem hvað best hefur nýtt þá tekjustofna sem lög heimila, og gatnagerðargjöld vegna undirbyggingar gatna hafa verið tekin síðan 1967. Ástæður fyrir skorti á framkvæmdafé samanborið við Reykjavík hafa fyrst og fremst verið þær, að ákveðnir tekjustofnar sveitarfélaga gefa mun lægri tekjur á Akureyri en í Reykjavík.

Á undanförnum árum hefur Akureyrarbær látið ganga fyrir að ljúka gerð (með bundnu slitlagi) á götum í miðbæ, á aðalumferðargötum, á götum við meiri háttar atvinnufyrirtæki, skóla og fjölbýlishús. Eftir er að ljúka gerð á meginhluta af íbúðargötum bæjarins.

Á sama tíma hefur vöxtur bæjarins verið ör og lengd gatnakerfisins vaxið mikið, sérstaklega að því er varðar íbúðargötur. Ljóst er, að lagning bundins slitlags á íbúðargötur bæjarins er nú eitt höfuðáhugamál og hagsmunamál bæjarbúa almennt. Sem dæmi þar um má nefna, að íbúar nokkurra gatna hafa boðið fram fjármuni til að flýta lagningu bundins slitlags á íbúðargötur þeirra. Slík boð hefur bæjarstjórn ekki viljað þiggja, þar eð hún hefur ekki viljað láta efnahag ráða röð framkvæmda. Þó að verulega hafi miðað í varanlegri gatnagerð á Akureyri er enn ólokið lagningu bundins slitlags á um 45% gatnakerfisins miðað við lengd eða um 29 km. Auk þess eru um 10 km gatna enn óundirbyggðir. Áætlaður heildarkostnaður við þessar framkvæmdir er um 500 m.kr. miðað við verðlag síðustu áramót. Þar af eru um 400 m.kr. vegna húsagatna og safnbrauta. Ólagðar götur, sem ákveðnar hafa verið í skipulagi og nauðsynlegt er að leggja á næstu árum, eru ekki taldar með.

Ljóst er, að útilokað er, ekki síst með tilliti til annarrar framkvæmdaþarfar, að ljúka þessu verkefni á þeim tíma, sem almenningur getur sætt sig við, með þeim tekjum sem núgildandi tekjustofnakerfi getur gefið. Heimild í lögum nr. 87 frá 1970 um gatnagerðarskatt vegna bundins slitlags hefur bæjarstjórn ekki treyst sér til að nota, þar eð samkvæmt þeim er einungis unnt að leggja það gjald á þá bæjarbúa, sem enn búa við ófrágengnar götur. Þeir, sem búa við götur með bundnu slitlagi og þar með flest meiri háttar fyrirtæki og stofnanir í bænum, slyppu við að greiða gjaldið. Sama gildir um lögin frá 1974, ef breytingartillagan á þskj. 395 nær fram að ganga. Telur bæjarstjórn þetta það óréttlátt að óviðunandi sé, því að það sé hagsmunamál allra bæjarbúa og fyrirtækja í bænum að ljúka lagningu bundins slitlags á götur bæjarins hið fyrsta. Óréttlátt er að fasteignaeigendur, sem haft hafa beinan hag af að vera við fullgerðar götur, taki engan þátt í fyrirhuguðu átaki við varanlega gatnagerð, en að öðrum fasteignaeigendum, sem í áratugi hafa verið við ófullgerðar götur, verði gert að greiða sérstakt malbikunargjald. Hinir síðarnefndu fasteignaeigendur hafa greitt sín gjöld til bæjarsjóðs, margir áratugum saman, til jafns við hina, og þar með tekið þátt í kostnaði við lagningu bundins slitlags hjá þeim.

Útilokað er að miða við ákveðið ár (sbr. ákvæði um fimm ár í breytingartillögu á þskj. 395). Sumar af lengri götum bæjarins hafa verið lagðar bundnu slitlagi á nokkrum árum, og mundu þá sumir íbúar þeirra gatna sleppa við gjald, en aðrir ekki.

Gerð hefur verið áætlun um að ljúka lagningu bundins slitlags á götur bæjarins á fimm árum. Tæknilega er engin hindrun fyrir því að þessi áætlun standist. En eins og áður hefur sagt verið, er álagning sérstaks gatnagerðargjalds nauðsynleg eigi áætlunin að standast. Það er hins vegar skoðun bæjarstjórnar, að forsenda slíkrar gjaldtöku sé, að unnt verði að leggja gjaldið á alla fasteignaeigendur bæjarins.

Lagafrumvarp þetta fjallar einnig um byggingargjald og holræsagjald. Rétt þótti að endurskoða lögin um gjöld til holræsa, gangstétta og varanlegs slitlags á götur á Akureyri, nr. 87 frá 1970, í heild og færa til nútímahorfs.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Hún kveður á um heimild til að leggja á holræsagjald. Heimildarákvæði þetta er í lögum nr. 87/1970 og samkvæmt þeim og reglugerð nr. 59/1972 er holræsagjald nú lagt á.

Um 2. gr.

Hún felur í sér heimild til að krefja húsbyggjendur um byggingargjald (gatnagerðargjald) þegar byggingarlóðir eru seldar á leigu eða byggingarleyfi veitt. Heimild þessi felst í eldri lögum, nr. 87/1970, og grein þessi er nær samhljóða 1. gr. laga nr. 51/1974.

Byggingargjöld (gatnagerðargjöld) vegna undirbyggingar gatna hafa verið tekin síðan 1967, samkvæmt gjaldskrá, sem bæjarstjórn hefur sett.

Um 3. gr.

Hún kveður á um, hvernig byggingargjaldinu (gatnagerðargjaldinu) skuli varið og við hvaða kostnað gjaldið skuli miðast. Þetta er í samræmi við núverandi gjaldskrá um byggingargjald og greinin er nær samhljóða 2. gr. laga nr. 51/1974.

Um 4. gr.

Hún felur í sér heimild til að innheimta sérstakt tímabundið gatnagerðargjald af sérhverri fasteign innan skipulagðs svæðis í bænum, í þeim tilgangi að gera sérstakt átak í gatnagerð og ljúka gerð gangstétta og lagningu bundins slitlags á götur í bænum.

Greinin kveður á um, við hvaða kostnað sérstakt gatnagerðargjald skuli miðast og að óheimilt sé að innheimta þann hluta gjaldsins, sem áður hefur verið krafið um í byggingargjaldi. Þá er í greininni ákvæði um að staðfesting ráðherra sé háð því að tíma-, framkvæmda- og kostnaðaráætlun sé fyrir hendi. Það er gert til þess að tryggja það, að framkvæmdaáformin séu raunhæf og vissa fyrir því að framkvæmdum sé hægt að ljúka á settum tíma.

Heimildarákvæði þessarar greinar um innheimtu sérstaks gatnagerðargjalds af öllum fasteignum er óháð því, hvenær eða hvort lagning bundins slitlags hefur farið fram. Þetta er frábrugðið því sem sérlög fyrir Akureyri, nr. 87/1970, heimila og almenn lög, nr. 51/1974, ef breytingartillaga á þingskjali nr. 395 nær fram að ganga.

Í þeim felst aðeins heimild til að innheimta gjaldið af fasteignum við þær götur, sem bundið slitlag er lagt á frá ákveðnum tíma, þ. e. eftir 6. ágúst 1970, samkvæmt sérlögunum fyrir Akureyri, og eftir 7. maí 1969, samkvæmt almennu lögunum. Það er augljóst, að í þeim sveitarfélögum, þar sem lagning bundins slitlags hefur farið fram að nokkru marki, þá er fasteignaeigendum stórlega mismunað í gjaldheimtu

samkvæmt ofannefndum lögum. Ef viðhafa á eitthvert réttlæti, þá er það algjör forsenda, að sérhverri fasteign verði gert að bera sinn hluta kostnaðar við að ljúka gerð gangstétta og lagningu bundins slitlags á götur í bænum, óháð einhverjum tímamörkum um það hvenær bundið slitlag hefur verið lagt á götur.

Eins og áður er getið, kveður greinin á um að öllum fasteignaeigendum sé gert að greiða gjaldið óháð því, hvenær bundið slitlag hefur verið lagt á einstakar götur í bænum. Þeim er öllum gert að taka sameiginlega þátt í kostnaði við að ljúka gerð gangstétta og lagningu slitlags á götur í bænum, að sínu leyti á sama hátt og bæjarfélagið hefur fram til þessa gert öllum að greiða í álögðum gjöldum til bæjarsjóðs þann kostnað, sem þegar hefur verið lagður í varanlega gatnagerð í bænum.

Tekjustofnar bæjarins hafa hin síðari ár verið nýttir að fullu, m. a. til þess að unnt væri að hraða malbikun í bænum, enda þótt þeir að óbreyttu hrökkvi langtum of skammt til þess, að nokkrar líkur séu til þess að hægt verði að ljúka varanlegri gatnagerð í bænum á þeim tíma, sem bæjarbúar geta sætt sig við.

Það, sem áunnist hefur í varanlegri gatnagerð í bæjarfélaginu til þessa, er sameiginlegt átak allra bæjarbúa. Það, sem ólokið er á þessu sviði í dag, verður líka að vera sameiginlegt átak bæjarbúa. Þeir, sem búa við malbikaðar götur, hafa í engu öðlast neinn rétt fram yfir þá, sem búa við ófullgerðar götur, er réttlætir það, að hinir síðarnefndu greiði einir kostnað við að ljúka varanlegri gatnagerð í bænum.

Greinin kveður líka á um, að upphæð sérstaks gatnagerðargjalds sé háð því, hversu miklu er ólokið í varanlegri gatnagerð í bænum, og mega álögð gjöld eigi nema hærri upphæð en nemur framkvæmdakostnaði við að ljúka gerð gangstétta og lagningu bundins slitlags á götur í bænum. Það er ekki verið að taka gjald fyrir það, sem búið er að kosta og framkvæma í varanlegri gatnagerð, heldur eingöngu fyrir það sem ólokið er.

Það er rétt að vekja athygli á því, að frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 51 frá 16. maí 1974, þingskjal nr. 262, getur falið í sér mun víðtækari heimild til gjaldtöku fyrir sveitarfélög heldur en felst í ákvæði þessarar greinar, enda þótt tilgangurinn hafi naumast verið sá. Þetta á við þau sveitarfélög, sem þegar hafa lagt bundið slitlag á götur að meira eða minna leyti. Frumvarpið á þingskjali nr. 262 heimilar gjaldtöku af öllum fasteignum ótímabundið og óbundið þeim kostnaði, sem fylgir því að ljúka gerð bundins slitlags á götur í sveitarfélaginu. Samkvæmt því má leggja gjaldið á allar fasteignir og miða það við meðalkostnað, sem er samfara gangstéttargerð og lagningu bundins slitlags á götur, óháð því hversu miklu er þegar lokið í þessu efni í sveitarfélaginu. Það felur í sér heimild til handa þeim sveitarfélögum, sem eru þegar vel á vegi stödd í varanlegri gatnagerð, að innheimta mun hærri upphæð í slitlags- og gangstéttargjaldi af öllum fasteignum í sveitarfélaginu heldur en þarf til þess að ljúka gerð gangstétta og lagningu bundins slitlags á götur í sveitarfélaginu.

Breytingartillaga á þingskjali nr. 395, við ofannefnt frumvarp til laga á þingskjali 262, felur raunar í sér það sama og sagt hefur verið um frumvarpið á þingskjali nr. 262, með þeim takmörkunum, að þar nær gjaldheimtan aðeins til takmarkaðs fjölda fasteignaeigenda, þ. e. þeirra, sem búa við ófullgerðar götur og götur, sem lagðar hafa verið slitlagi síðastliðin 5 ár, jafnframt því sem heimildin í breytingartillögunni, ef hún nær fram að ganga, hefur í för með sér, að fasteignaeigendum er stórlega mismunað í gjaldheimtu eftir því, hvort þeir hafa búið lengur eða skemur en 5 ár við götur, sem lagðar hafa verið bundnu slitlagi.

### Um 5. gr.

Hún kveður á um, við hvað skuli miða ákvörðun gjalda skv. 2. gr. og 4. gr. enn fremur, að gjöldin megi ákveða mismunandi eftir notkun fasteignar og eftir því um hvaða íbúðarhúsnæði er að ræða. Grein þessi er nær samhljóða 5. gr. laga nr. 51/1974.

Um 6. gr.

Hún kveður á um innheimtu gjalda samkvæmt lögum þessum. Einnig er ákvæði um, að byggingargjald fylgi byggingarvísitölu og greiðslur sérstaks gatnagerðargjalds fylgi hækkuðum framkvæmdakostnaði vegna hækkunar verðlags.

Ákvæði um, að greiðslur gatnagerðargjaldsins fylgi verðlagi, er nauðsynleg forsenda þess, að unnt sé að fylgja framkvæmdaáætlun og ljúka framkvæmdum á tilsettum tíma.

Um 7. gr.

Greinin skýrir sig sjálf.

## Nd. 723. Nefndarálit [151. mál]

um frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 13. maí 1975.

| | | |
|---|---|---|
| Ellert B. Schram, form., frsm. | Gunnlaugur Finnsson, fundaskr. | Friðjón Þórðarson. |
| Guðrún Benediktsdóttir. | Sighvatur Björgvinsson. | Ingólfur Jónsson. |
| | Svava Jakobsdóttir. | |

## Nd. 724. Nefndarálit [30. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 75 13. maí 1966, um Fiskveiðasjóð Íslands.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta, sem komið er frá efri deild. Leggur nefndin einróma til, að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar, þar sem hún hefur fengið upplýsingar um, að nefnd, sem er að endurskoða lögin um Fiskveiðasjóð Íslands, er með hliðstæða breytingartillögu við lögin, en þær breytingar verða væntanlega lagðar fram á næsta þingi.

Fjarverandi við afgreiðslu málsins var Pétur Sigurðsson.

Alþingi, 12. maí 1975.

| | | |
|---|---|---|
| Jón Skaftason, varaform., frsm. | Sverrir Hermannsson, fundaskr. | Sighv. Björgvinsson. |
| Guðl. Gíslason. | Garðar Sigurðsson. | Tómas Árnason. |

## Nd. 725. Nefndarálit [210. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 17/1965, um landgræðslu.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið á fundum sínum og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess með áorðnum breytingum á þskj. 561. Benedikt Gröndal var fjarstaddur við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 13. maí 1975.

| | | |
|---|---|---|
| Stefán Valgeirsson, form., frsm. | Þórarinn Sigurjónsson, fundaskr. | Ingólfur Jónsson. |
| Pálmi Jónsson. | Friðjón Þórðarson. | Eðvarð Sigurðsson. |

## Nd. 726. Nefndarálit [211. mál]

um frv. til l. um heftingu landbrots og varnir gegn ágangi vatna.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið á fundum sínum og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess með áorðnum breytingum á þskj. 604.
Benedikt Gröndal var fjarstaddur við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 13. maí 1975.

| | | |
|---|---|---|
| Stefán Valgeirsson, form., frsm. | Þórarinn Sigurjónsson, fundaskr. | Ingólfur Jónsson. |
| Pálmi Jónsson. | Friðjón Þórðarson. | Eðvarð Sigurðsson. |

## Ed. 727. Nefndarálit [15. mál]

um frv. til l. um happdrættislán ríkissjóðs fyrir hönd Vegasjóðs vegna framkvæmda við Norðurveg og Austurveg.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og rætt það á nokkrum fundum. Umsagnir bárust frá Seðlabanka Íslands, Þjóðhagsstofnun og viðskiptabönkunum.
Nefndin er sammála um, að nauðsynlegt sé að líta á vegaframkvæmdir við hringveginn sem sameiginlegt hagsmunamál þjóðarinnar allrar, og telur því, að eðlilegt sé að útvega fjármagn til hringvegarins, án þess að það sé einskorðað við einstaka kafla hans. En þar sem sú fjáröflun, sem hér um ræðir, er aðeins hluti af því sem þarf til þessa verkefnis, þá fellst nefndin á þessa leið nú, þar eð öðru fjármagni til hringvegarins er þá hægt að ráðstafa til framkvæmda við hann eftir því sem mest þörf er talin á hverju sinni.

Nefndin mælir því með samþykkt frv., en Albert Guðmundsson skrifar undir með fyrirvara, þar sem hann er andvígur þeirri fjáröflunarleið, sem hér er gert ráð fyrir. Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Jón G. Sólnes og Ragnar Arnalds.

Alþingi, 13. maí 1975.

Halldór Ásgrímsson, form. Jón Helgason, fundaskr., frsm. Jón Árm. Héðinsson.
Albert Guðmundsson, með fyrirvara. Axel Jónsson.

## Nd. 728. Nefndarálit [285. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast lán fyrir Flugleiðir hf.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Með frv. þessu er lagt til að ríkissjóður taki á sig stórfelldari ábyrgðir fyrir einkafyrirtæki en nokkur fordæmi eru fyrir hérlendis. Sú sjálfskuldarábyrgð, sem frv. gerir ráð fyrir, nemur ca. 2 800 milljónum króna, en áður hafa ríkisstjórn og Landsbanki Íslands ábyrgst lán sem nú nema um 1 500 milljónum króna. Í heild er því um að tefla 4 300 milljónir króna — eða yfir 20 000 kr. á hvert mannsbarn í landinu.

Hliðstæðar ábyrgðir hafa aldrei fyrr verið veittar hérlendis, og þeim fylgja að sjálfsögðu verulegar áhættur, auk þess sem þær hljóta að hafa umtalsverð áhrif á lánstraust íslenska ríkisins erlendis. Því er hér um að ræða mjög stórfellda og áhættusama ákvörðun.

Ég tel það algera forsendu fyrir því að unnt sé að fallast á beiðni Flugleiða hf. að félagið auki hlutafé sitt í 600 milljónir króna þegar á þessu ári. Einnig tel ég að íslenska ríkið geti því aðeins verndað hina stórfelldu hagsmuni sína og almennings, að það eignist nægilegt hlutafé í Flugleiðum hf. til þess að verða beinn aðili að stjórn félagsins og öllum ákvörðunum. Flyt ég á sérstöku þingskjali tillögu um þau skilyrði, og mun ég rökstyðja hana nánar í framsögu.

Í framsögu mun ég einnig ræða ýmis atriði sem fjárhags- og viðskiptanefnd fjallaði um og tengjast ýmsum þáttum í starfsemi Flugleiða hf.

Alþingi, 13. maí 1975.

Magnús Kjartansson.

## Sþ. 729. Tillaga til þingsályktunar [291. mál]

um fasteignamiðlun ríkisins.

Flm.: Guðrún Benediktsdóttir, Ingi Tryggvason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta semja og leggja fyrir næsta reglulegt Alþingi frumvarp til laga um fasteignamiðlun ríkisins, er stuðla skal að því, að verðlag fasteigna verði sem næst kostnaðarverði á hverjum tíma og á þann hátt komið í veg fyrir óeðlilegan gróða og fasteignabrask, sem er mjög verðbólguhvetjandi.

Greinargerð.

Eins og mörgum er kunnugt hafa fasteignaviðskipti aukist mjög hér á landi á undanförnum árum og fer sú umfangsmikla sölustarfsemi sífellt vaxandi.

Fasteignasalar taka að öllum jafnaði þóknun sína í ákveðnu hundraðsgjaldi (2%) af verði hverrar fasteignar. Eru sölulaun því líklega að meðaltali um 100 þús. kr. fyrir hverja eign.

Algengt er að sömu fasteignirnar séu auglýstar á vegum margra fasteignasala. Samkeppnin er hörð og á þeim tímum þegar eftirspurn er meiri en framboð má gera ráð fyrir, að þessi samkeppni stuðli beint eða óbeint að hækkun fasteignaverðs og sé þar með verðbólguhvetjandi.

Með þingsályktunartillögu þessari er gert ráð fyrir að löggjöf verði sett um fasteignamiðlun ríkisins. Þjónustu þess fyrirtækis ætti að selja á kostnaðarverði eða jafnvel að láta hana í té ókeypis. Ef vel væri á haldið og fasteignaviðskipti almennt beindust til slíks fyrirtækis ætti rekstur þess að geta orðið hagkvæmur almenningi við núverandi aðstæður, spara kaupendum og seljendum fasteigna umtalsverða fjármuni og sömu aðilum mikinn tíma og fyrirhöfn.

Fyrirkomulag á fasteignamiðlun ríkisins gæti verið með ýmsu móti. T. d. væri hugsanlegt að tengja starfsemi hennar embættum sýslumanna og bæjarfógeta svo og Húsnæðismálastofnun ríkisins með einhverjum hætti. Slíkt þarf þó nánari athugunar við.

Hér er ekki gert ráð fyrir að ríkisvaldið fái neina einokunaraðstöðu til fasteignamiðlunar. Einstaklingar hefðu frjálsar hendur með að leita til annarra fasteignaskrifstofa, kysu þeir það heldur.

Mikilsvert væri, ef stofnun slík sem þessi gæti haft áhrif í þá átt að halda verðhækkunum fasteigna í skefjum. Meginhluti þess fólks, sem nú selur fasteignir, kaupir aðrar í staðinn. Ör verðbólga á fasteignamarkaði kemur því fáum til fjárhagslegs ávinnings, en hefur ómæld áhrif til örvunar almennrar þenslu í þjóðfélaginu. Má í framhaldi af þessu benda á að verðhækkanir koma fasteignaeigendum lítið til góða, en það fólk, sem kaupir sínar fyrstu fasteignir, þarf að greiða fyrir þær verð sem er umfram kostnaðarverð.

Eins og að framan greinir er með tillögu þessari gert ráð fyrir að umrædd þjónusta ríkisins verði í té látin fyrir kostnaðarverð eða ef til vill ókeypis og má þá hugsa sér að ná rekstrarkostnaðinum, sem mun vera óverulegur, með hækkun á þinglýsingargjaldi fasteigna.

Að sjálfsögðu yrði fasteignamiðlunin fyrst og fremst bundin við lögsagnarumdæmi þar sem mest er um fasteignaviðskipti en síðar mætti setja slíkar stofnanir á fót víðar, ef á þyrfti að halda.

Í sambandi við þetta mál koma mörg atriði til greina, sem kanna þarf áður en frá löggjöf um það er gengið. En ef starfsemi slíkrar þjónustu gæti leitt til lækkunar á íbúðaverði er til mikils að vinna.

## Ed. 730. Nefndarálit [251. mál]

um frv. til laga um ráðstöfun gengismunar í þágu sjávarútvegsins skv. l. nr. 2/1975 og um ráðstafanir vegna hækkunar brennsluolíuverðs til fiskiskipa.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á fundum sínum og fengið upplýsingar um málið frá starfsmönnum Þjóðhagsstofnunar og sjávarútvegsráðuneytisins.

Nefndin náði ekki samkomulagi um afgreiðslu málsins. Undirritaðir nefndarmenn mæla með samþykkt frumvarpsins, en Steingrímur Hermannsson og Halldór

Ásgrímsson áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum sem fram kunna að koma.

Minni hluti sjávarútvegsnefndar mun því skila séráliti.

Alþingi, 13. maí 1975.

Steingr. Hermannsson, form. | Halldór Ásgrímsson, fundaskr. | Jón Árnason, frsm.

Oddur Ólafsson. | Jón G. Sólnes.

## Ed. 731. Breytingartillögur [251. mál]

við frv. til laga um ráðstöfun gengismunar í þágu sjávarútvegsins skv. lögum nr. 2/1975 og um ráðstafanir vegna hækkunar brennsluolíuverðs til fiskiskipa.

Frá Halldóri Ásgrímssyni og Steingrími Hermannssyni.

1. Við 1. gr. Upphaf d-liðar hljóði svo:
   Til Fiskveiðasjóðs Íslands til að bæta o. s. frv.
2. Við ákvæði til bráðabirgða. Við 3. lið bætist:
   Reglur þessar skulu við það miðaðar að ofangreindur frádráttur verði ekki hærri en sem svarar mismun á hráefnisverði fyrir og eftir 16. febrúar.

## Ed. 732. Nefndarálit [286. mál]

um frv. til laga um iðnaðarmálagjald.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin mælir með samþykkt frv. með eftirgreindum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr.
   a. Við 1. málsgr. Í stað „fyrirtæki í einkaeign opinberra aðila“ komi: fyrirtæki að öllu leyti í eign opinberra aðila.
   b. Við 3. málsgr. Í stað „við útsöluverð“ komi: við verð.
2. Við 2. gr. Á eftir 1. lið komi nýr liður, sem verði 2. liður og orðist svo:
   2. Upphæð, sem svarar til iðnaðarmálagjalds lagmetisframleiðenda, sem eru aðilar að Sölustofnun lagmetisiðnaðarins, skal renna til þeirra samtaka sem ráðstafa þeim hluta til eflingar lagmetisiðnaðinum í landinu.

Nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja öðrum breytingartillögum, sem kunna að verða fluttar.

Alþingi, 13. maí 1975.

Steingr. Hermannsson, form., frsm. | Ingi Tryggvason, fundaskr. | Þorv. Garðar Kristjánsson.

Albert Guðmundsson. | Jón G. Sólnes. | Eggert G. Þorsteinsson.

Stefán Jónsson, með fyrirvara.

## Sþ. 733. Nefndarálit [236. mál]

um till. til þál. um staðfestingu á niðurstöðu viðræðna um heimildir Færeyinga til fiskveiða við Ísland.

Frá utanríkismálanefnd.

Utanríkismálanefnd hefur fjallað um tillöguna og mælir með samþykkt hennar.

Alþingi, 14. maí 1975.

| | | |
|---|---|---|
| Þórarinn Þórarinsson, form. | Friðjón Þórðarson, fundaskr. | Gils Guðmundsson, frsm. |
| Ragnhildur Helgadóttir. | Guðmundur H. Garðarsson. | Gylfi Þ. Gíslason. |

## Sþ. 734. Nefndarálit [278. mál]

um fullgildingu að samkomulagi um breyting á samstarfssamningi frá 23. mars 1962 milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar.

Frá utanríkismálanefnd.

Utanríkismálanefnd hefur fjallað um tillöguna og mælir einróma með því, að hún verði samþykkt.

Alþingi, 14. maí 1975.

| | | |
|---|---|---|
| Þórarinn Þórarinsson, form., frsm. | Friðjón Þórðarson, fundaskr. | Gylfi Þ. Gíslason. |
| Ragnhildur Helgadóttir. | Gils Guðmundsson. | Guðmundur H. Garðarsson. |

## Nd. 735. Frumvarp til laga [292. mál]

um kafarastörf.

(Lagt fyrir Alþingi á 96. löggjafarþingi, 1974—75.)

1. gr.

Enginn má í atvinnuskyni stunda köfun í ám eða vötnum, við strendur landsins eða frá íslenskum skipum hér við land, nema hann fullnægi þeim skilyrðum, sem sett eru í lögum þessum.

2. gr.

Köfun merkir í lögum þessum allar athafnir undir yfirborði vatns eða sjávar og annars staðar þar sem loft undir yfirþrýstingi er notað til öndunar.

3. gr.

Hver sá, er stunda vill köfun, skal fullnægja eftirgreindum skilyrðum:

a) vera fullra 16 ára.
b) hafa með fullnægjandi árangri gengið undir tilskilda læknisskoðun.
c) hafa staðist kafarapróf samkvæmt 4. gr.

4. gr.

Við kafarapróf þau, sem getur í c-lið 3. gr. skal sannreynt hvort sá, sem prófið tekur, hafi fullnægjandi fræðilega og verklega þekkingu á kafarastörfum, meðal annars hvort hann þekkir allar almennar ráðstafanir til öryggis kafaranum meðan hann vinnur starf sitt, svo og, að hann hafi nákvæma þekkingu á hlutum þeim, sem notast við köfun, og hvernig þeim skuli haldið við.

Ráðherra er heimilt að efna á hæfilegum fresti til námskeiða fyrir þá, sem þreyta vilja kafarapróf og fullnægja til þess skilyrðum a. og b. liðar 3. gr. Ákvæði um tilhögun námskeiða, námsgreina, kennslu og kennslugjöld skulu sett í reglugerð.

5. gr.

Siglingamálastofnun ríkisins afhendir hverjum þeim er fullnægir skilyrðum 3. gr. skírteini, sem viðkomandi sanni síðan hæfni sína með.

Halda skal nákvæma skrá um handhafa slíkra skírteina.

6. gr.

Kafaraskírteini samkvæmt 5. gr. skal endurnýja á fimm ára fresti og skal með umsókn um endurnýjun leggja fram fullnægjandi læknisvottorð. Eftir að handhafi skírteinis hefur náð 60 ára aldri, skal endurnýjun gerð árlega.

Nú er heilbrigðisvottorð ekki fullnægjandi eða árangur af læknisskoðun reynist vafasamur, eða leiki vafi á því hvort maður hafi gengið undir læknisskoðun og skal þá ekki gefa út nýtt skírteini. Rísi ágreiningur um þetta atriði skal málinu vísað til ráðherra, sem sker úr málinu eftir að hafa aflað sér umsagnar landlæknis.

7. gr.

Allur kafarabúnaður hverju nafni sem hann nefnist, skal vera af viðurkenndri gerð og merktur eftir því sem nauðsyn krefur, svo sem nafn framleiðanda, notkunarreglur o. þ. h.

Ráðherra setur reglur um viðurkenningu og eftirlit samkvæmt þessari grein svo og gjöld í því sambandi.

Gjöld samkvæmt grein þessari skulu lögtakskræf.

8. gr.

Óheimilt er að ráða til köfunarstarfa eða til aðstoðar við djúpköfun, aðra en handhafa köfunarskírteinis, nánari kröfur um aðstoðarmenn skal setja í reglugerð.

Eigandi köfunarbúnaðar ber ábyrgð á því, að hann fullnægi skilyrðum 7. gr.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum, nema þyngri hegning liggi við að öðrum lögum.

10. gr.

Kafaraskírteini, sem menn hafa öðlast fyrir gildistöku laga þessara erlendis frá og talin eru jafngild skírteinum þeim, sem veitt eru samkvæmt lögum þessum, skulu gilda áfram, en leita skal umsagnar Félags íslenskra kafara áður en skírteinin verða viðurkennd.

Hver sá maður, sem færir fullnægjandi sannanir fyrir því, að hann hafi, fyrir gildistöku laga þessara, stundað köfunarstörf í atvinnuskyni, án þess að hafa öðlast kafaraskírteini, en hefur þó með fullnægjandi árangri gengið undir læknisskoðun, sbr. 3. gr., getur innan árs frá gildistöku laganna öðlast kafaraskírteini hjá ráðuneytinu, enda mæli Félag íslenskra kafara með því.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með bréfi, dags. 3. des. 1960, sendi Félag ísl. kafara iðnaðardeild Efri deildar Alþingis frumvarp til laga um kafarastörf, og fór þess á leit við nefndina, að hún flytti frumvarpið á Alþingi, en af því varð ekki.

Með greindu frumvarpi fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

„Félag íslenskra kafara hefur látið semja frumvarp þetta til laga um kafarastörf. Hefur við samningu frumvarpsins aðallega verið stuðst við dönsk lög um kafarastörf, lov om dykkernæring og betryggelse af dykkerarbejde.

Kafarar vinna mjög þýðingarmikil störf við skipa- og bátaflota landsmanna, bryggju- og hafnargerðir, orkuver og fleiri framkvæmdir, en vinna þeirra er hættuleg fyrir þá sjálfa og jafnvel aðra er nálægt störfum þeirra koma.

Þá er og brýn nauðsyn, að störf þessi séu vel af hendi leyst, en einnig þarf að tryggja að nægir hæfir menn fáist til starfans.

Með frumvarpi þessu er að því stefnt, að tryggja þeim, sem köfun stunda í atvinnuskyni, ákveðinn starfsgrundvöll, og setja þeim jafnframt reglur um réttindi og skyldur í starfinu. Með þessu er einnig verið að tryggja verkkaupanda hæfan og ábyrgan kafara, og tryggja eftir föngum, að kafari sakir vanhæfni eða kunnáttuleysis stofni ekki sjálfum sér eða öðrum í hættu. En til þess að ná þessu marki, þarf það opinbera að hafa hönd í bagga með þessari starfsemi eins og annarri, og ákveða með lögum og reglugerð helstu atriði sem starfinu viðkoma. Í því sambandi má sérstaklega benda á nauðsyn þess, að eftirlit sé haft með útbúnaði kafara.

Flest lönd í Vestur-Evrópu munu hafa sett reglur um starfsemi þessa, en hér á landi hafa ekki enn verið settar svipaðar reglur og annars staðar, þó að þeirra sé ekki síður þörf hér, eins og nú er komið.

Hinar einstöku greinar frumvarpsins virðast skýra sig nægjanlega sjálfar en við flokkun kafaraskírteina, skilyrði til starfans, útbúnað kafara og eftirlit með þeim útbúnaði, er fylgt ákvæðunum í dönskum lögum."

Málefni þessu var síðan ekki hreyft, þar til s. l. haust að vinnuhópur á vegum ráðuneytisins hóf samningu frumvarps þessa og var þá einkum stuðst við ákvæði danskra laga um sama efni, með hliðsjón af ofangreindu frumvarpi.

Vart er ástæða til að rekja frekar en að framan greinir um nauðsyn þess að öryggi við kafarastörf sé tryggt svo sem kostur er, en hvað varðar einstakar greinar frumvarps þessa skal eftirfarandi tekið fram:

Um 1. gr.

Með grein þessari er lagt bann við því, að köfun sé stunduð, í atvinnuskyni, án þess að skilyrðum 3. og 4. gr. um tilskilið kafarapróf sé fullnægt. Við undirbúning frumvarpsins var um það rætt hvort láta ætti ákvæði greinar þessarar ná yfir fristundaköfun, en ekki þótti ástæða til þess að sinni enda ákvæði um slíkt óvíða til í rétti annarra þjóða.

Um 2. gr.

Hér er gerð tilraun til að skilgreina við hvað er átt við með orðinu köfun og er með orðunum „annars staðar" átt við þau tilvik þar sem notaður er afþrýstiklefi eða kúla, þegar komið er úr djúpköfun.

Um 3. gr.

Í grein þessari eru talin þau skilyrði, sem fullnægja þarf til að mega stunda köfun. Aldursskilyrði þarfnast varl skýringa, en með tilskilinni læknisskoðun er átt við að líkamleg hreysti viðkomandi sé slík að honum sé ekki hætta búin við þær erfiðu aðstæður er orðið geta við köfun.

Um kafarapróf vísast til athugasemda við 4. gr.

Um 4. gr.

Grein þessi skýrir sig að mestu leyti sjálf, en gert er ráð fyrir því að námsgreinar þær sem kenndar verða á námskeiðum þeim sem talað er um í greininni, svo og kröfur er gerðar yrðu við próf að þeim loknum miðist við útgáfu a. m. k. tveggja mismunandi tegunda skírteina, þ. e. skírteini til köfunar í atvinnuskyni á grunnsævi og til djúpköfunar í atvinnuskyni.

Um 5. gr.

Gert er ráð fyrir að Siglingamálastofnun ríkisins afhendi greind skírteini og haldi yfir þau skrá, er geymi sem nákvæmastar upplýsingar um handhafa þeirra.

Um 6. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Vart þarf að fjölyrða um nauðsyn þess að allur búnaður til köfunar sé af sem fullkomnastri gerð og allt eftirlit með honum sé hið strangasta, en þar sem mjög ör þróun er við gerð köfunarbúnaðar þykir ekki rétt að fjalla nánar um það atriði í lögunum sjálfum heldur ætla slíku rúm í reglum og reglugerðum.

Um 8.—11. gr.

Greinar þessar þarfnast ekki skýringa.

**Sþ.** **736. Breytingartillögur** [216. mál]

við till. til þál. um vegáætlun fyrir árin 1974—1977.

Frá fjárveitinganefnd.

1. Við I. Liðurinn orðist svo:

## I. ÁÆTLUN UM FJÁRÖFLUN.

(Fjárhæðir í m.kr.)

| | | 1974 | | 1975 | | 1976 | | 1977 | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **1.1.** | **Fastir liðir:** | | | | | | | | |
| 1. | Innflutningsgjald | 1 121 | | 1 862 | | 1 962 | | 1 946 | |
| 2. | Þungaskattur | 311 | | 495 | | 545 | | 468 | |
| 3. | Gúmmígjald | 105 | | 96 | | 99 | | 104 | |
| | | | 1 537 | | 2 453 | | 2 606 | | 2 518 |
| Endurgr. innfl.gjald | | 18 | | 20 | | 28 | | 28 | |
| Endurgr. þungaskattur | | 15 | | 8 | | 8 | | 8 | |
| | | | 33 | | 28 | | 36 | | 36 |
| | | | 1 504 | | 2 425 | | 2 570 | | 2 482 |
| 4. | Ríkisframlag | | 362 | | 380 | | 500 | | 500 |
| | | | 1 866 | | 2 805 | | 3 070 | | 2 982 |
| **1.2.** | **Sérstök fjáröflun:** | | | | | | | | |
| 1. | Skeiðarársandur | 400 | | 116 | | 0 | | 0 | |
| 2. | Hraðbrautir | 100 | | | | 0 | | 0 | |
| 3. | Kópavogur | 80 | | | | | | | |
| 4. | Djúpvegur | 80 | | | | | | | |
| 5. | Aðrar framkvæmdir | 500 | | 797 | | 1 050 | | 1 050 | |
| | | | 1 160 | | 913 | | 1 050 | | 1 050 |
| | | | 3 026 | | | | | | |
| **1.3.** | **Fjárveit. til greiðslu halla 1974:** | | | | | | | | |
| Halli í lok árs 1974 | | 418,4 | | | | | | | |
| Fjárveiting til gr. halla 1974 | | ÷60,0 | | | | | | | |
| Markaðar tekjur umfr. áætl. | | ÷29,8 | | | | | | | |
| Aukafjárv. til greiðslu halla | | 328,6 | | | | | | | |
| | | | 328,6 | | | | | | |
| | Samtals | | 3 354,6 | | 3 718 | | 4 120 | | 4 032 |

2. Við II. Liðurinn orðist svo:

## II. SKIPTING ÚTGJALDA.

(Fjárhæðir í m.kr.)

| | | 1974 | | 1975 | | 1976 | | 1977 | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **2.1.** | **Stjórn og undirbúningur:** | | | | | | | | |
| 1. | Skrifstofukostnaður | 54,0 | | 73,0 | | 73,0 | | 73,0 | |
| 2. | Verkfræðil. undirbún. | 51,3 | | 87,0 | | 91,0 | | 94,4 | |
| 3. | Umferðatalning | 7,7 | | 12,5 | | 12,5 | | 12,5 | |
| 4. | Eftirlaunagreiðslur | 8,2 | | 10,5 | | 11,5 | | 12,1 | |
| | | | 121,2 | | 183,0 | | 188,0 | | 192,0 |
| **2.2.** | **Viðhald þjóðvega:** | | | | | | | | |
| 1. | Sumarviðhald | 649,0 | | 854,0 | | 888,0 | | 888,0 | |
| 2. | Vetrarviðhald | 67,4 | | 194,7 | | 194,7 | | 194,7 | |
| 3. | Vegmerkingar | 9,6 | | 13,3 | | 13,3 | | 13,3 | |
| | | | 726,0 | | 1 062,0 | | 1 096,0 | | 1 096,0 |
| **2.3.** | **Til nýrra þjóðvega:** | | | | | | | | |
| 1. | Hraðbrautir | 516,3 | | 890,3 | | 1 081,0 | | 672,0 | |
| 2. | Þjóðbrautir | 129,2 | | 239,9 | | 352,6 | | 252,0 | |
| 3. | Landsbrautir | 163,3 | | 209,7 | | 263,4 | | 285,0 | |
| 4. | Girðingar og uppgræðsla | 28,3 | | 40,0 | | 40,0 | | 40,0 | |
| 5. | Sérstakar áætlanir: | | | | | | | | |
| | 1. Skeiðarársandur | 400,0 | | 116,0 | | | | | |
| | 2. Austurlandsáætlun | 107,0 | | 145,0 | | 177,0 | | 75,0 | |
| | 3. Norðurlandsáætlun | 175,6 | | 200,0 | | 175,0 | | 175,0 | |
| | 4. Djúpvegur | 105,3 | | 25,0 | | 25,0 | | 25,0 | |
| | 5. Þingvallavegur | 81,0 | | 0,0 | | 0,0 | | 0,0 | |
| | 6. Aðrar framkvæmdir | 0,0 | | 0,0 | | 0,0 | | 500,0 | |
| | | | 1 706,0 | | 1 865,9 | | 2 114,0 | | 2 024,0 |
| **2.4.** | **Til fjallvega o. fl.:** | | | | | | | | |
| 1. | Aðalfjallvegir | 4,7 | | 7,0 | | 7,0 | | 7,0 | |
| 2. | Aðrir fjallvegir | 6,9 | | 20,1 | | 14,0 | | 14,0 | |
| 3. | Reiðvegir | 0,5 | | 1,0 | | 1,0 | | 1,0 | |
| 4. | Þjóðgarðavegir og vegir að fjölsóttum ferðamannastöðum | 0,0 | | 7,0 | | 10,0 | | 0,0 | |
| | | | 12,1 | | 35,1 | | 32,0 | | 22,0 |
| **2.5.** | **Til brúargerða:** | | | | | | | | |
| 1. | Brýr 10 m og lengri | 90,8 | | 122,0 | | 183,0 | | 184,0 | |
| 2. | Smábrýr | 20,6 | | 29,0 | | 43,0 | | 33,0 | |
| | | | 111,4 | | 151,0 | | 226,0 | | 217,0 |
| **2.6.** | **Til sýsluvega** | | 38,0 | | 85,0 | | 104,0 | | 106,0 |
| **2.7.** | **Til vega í kaupst. og kaupt.** | | 183,7 | | 285,0 | | 296,0 | | 310,0 |
| **2.8.** | **Til véla- og áhaldakaupa:** | | | | | | | | |
| 1. | Til véla- og verkfærakaupa | 18,0 | | 20,0 | | 20,0 | | 20,0 | |
| 2. | Til byggingar áhaldahúsa | 10,6 | | 18,0 | | 30,0 | | 30,0 | |
| | | | 28,6 | | 38,0 | | 50,0 | | 50,0 |
| **2.9.** | **Til tilrauna í vegagerð** | | 9,2 | | 13,0 | | 14,0 | | 15,0 |
| **2.10.** | **Halli á vegáætlun:** | | | | | | | | |
| 1. | Í lok árs 1973 | 267,0 | | | | | | | |
| 2. | Halli á árinu 1974 | 151,4 | | | | | | | |
| | | | 418,4 | | 3 718,0 | | 4 120,0 | | 4 032,0 |
| | | | 3 354,6 | | | | | | |

## SUNDURLIÐUN:

### 2.3 Til nýrra þjóðvega.

### 1. Hraðbrautir:

| Vegnr. | Vegheiti Kaflaheiti | Fjárveitingar í millj. kr. 1975 | 1976 |
|---|---|---|---|
| 1 | Suðurlandsvegur | | |
| 01 | Í Flóa | 170 | 65 |
| 34 | Eyrarbakkavegur | | |
| 02 | Selfoss—Þorlákshafnarvegur | | 10 |
| 02 | Um Ölfusárós (rannsóknir og hönnun) | 5 | |
| 38 | Þorlákshafnarvegur | | |
| 02 | Þrengslavegur—Þorlákshöfn | 61.6 | |
| 1 | Vesturlandsvegur | | |
| 16 | Um Kiðafell | 25 | 47 |
| 19 | Um Múlanes | 47 | |
| 40 | Hafnarfjarðarvegur | | |
| 02 | Í Kópavogi | 115 | 76 |
| 03 | Kópavogslækur—Arnarnes | 44 | 90 |
| 45 | Garðskagavegur | | |
| 01 | Keflavík—Garður | 40 | 53 |
| 1 | Vesturlandsvegur | | |
| 05 | Um Borgarfjörð | 135 | 390 |
| 11 | Í Norðurárdal | 35 | 30 |
| 51 | Akranesvegur | | |
| 01 | Vesturlandsvegur—Akranes | | 49 |
| 61 | Djúpvegur | | |
| 20 | Flugvöllur—Hnífsdalur | 38 | 30 |
| 1 | Norðurlandsvegur | | |
| 03 | Laugarbakki—Norðurbraut | | 16.8 |
| 05 | Víðidalsv. v.—Víðidalsv. ey. | | 7 |
| 06 | Víðidalsv. ey.—Gljúfurá | 5.7 | |
| 08 | Við Blönduós | 75 | 80 |
| 72 | Hvammstangavegur | | |
| 01 | Norðurlandsvegur—Hvammstangi | | 15.2 |
| 75 | Sauðárkróksbraut | | |
| 01 | Norðurlandsvegur—Reynistaður | | 12 |
| 1 | Norðurlandsvegur | | |
| 05 | Norðan Akureyrar | 80 | 70 |
| 08 | Á Svalbarðsströnd | 11 | 40 |
| 99 | Hafnarvegur | | |
| 01 | Austurlandsvegur—Höfn | 3 | |
| | Samtals | 890.3 | 1081 |

### 2. Þjóðbrautir:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1 | Suðurlandsvegur | | |
| 08 | Um Hrífunesheiði | | 4.6 |
| 10 | Á Mýrdalssandi | 10.0 | 10.0 |
| 12 | Austan við Vík | 0.3 | 10.3 |
| 14 | Skarphóll—Skeiðflötur | 11.1 | 2.0 |
| 16 | Sýslumörk—Raufarfellsvegur | 0.7 | |

| Vegnr. | Vegheiti<br>Kaflaheiti | Fjárveitingar í millj. kr. 1975 | 1976 |
|---|---|---|---|
| 17 | Um Steina | | 15.5 |
| 17 | Við Hvamm | 14.5 | |
| 30 | Skeiða- og Hrunamannavegur | | |
| 02 | Ólafsvallavegur—Brautarholt | | 10.0 |
| 31 | Skálholtsvegur | | |
| 01 | Við Reyki | 3.1 | |
| 35 | Biskupstungnabraut | | |
| 04 | Við Brúará | 10.4 | |
| 36 | Þingvallavegur | | |
| 01 | Sýslumörk—Stardalur | 2.4 | |
| 45 | Garðskagavegur | | |
| 03 | Gerðar—Sandgerði | | 3.0 |
| 54 | Ólafsvíkurvegur | | |
| 02 | Um Urriðaá | | 10.0 |
| 07 | Um Gróulæk og Viðralæk | | 4.5 |
| 11 | Um Hvalsá og Fossá | 30.0 | |
| 56 | Stykkishólmsvegur | | |
| 03 | Síkisá—Nesvogur | | 9.0 |
| 57 | Snæfellsnesvegur | | |
| 03 | Norðan Laxár | | 1.5 |
| 60 | Vestfjarðavegur | | |
| 04 | Brautarholt—Þorbergsstaðir | | 10.0 |
| 60 | Vestfjarðavegur | | |
| 01 | Garpsdalur—Gróustaðaá | | 9.0 |
| 03 | Tindar—Skáldastaðir | | 23.0 |
| 09 | Kleifastaðir—Fjarðarhorn | 14.0 | 7.0 |
| 14 | Um Hörgsnes | 40.0 | 40.0 |
| 21 | Svalvogavegur—Ketilseyri | 6.0 | 15.0 |
| 24 | Kirkjuból—Valþjófsdalsvegur | 8.0 | |
| 25 | Rannsóknir í Dýrafirði og Önundarfirði | 1.0 | 1.0 |
| 26 | Breiðadalsheiði | 1.0 | 1.0 |
| 61 | Djúpvegur | | |
| 01 | Tenging Inndjúps við A.-Barð. (ranns.) | 2.0 | |
| 05 | Um Arngerðareyri | | 8.0 |
| 08 | Um Eyri í Mjóafirði | | 6.0 |
| 09 | Um Laugardalsá | | 5.0 |
| 19 | Arnardalur—flugvöllur | 6.0 | 15.0 |
| 68 | Hólmavíkurvegur | | |
| 05 | Stóra-Hvalsá—Sauðanes | | 14.0 |
| 76 | Siglufjarðarvegur | | |
| 10 | Almenningsnöf—Siglufjörður | | 2.0 |
| 82 | Ólafsfjarðarvegur | | |
| 02 | Knappsstaðir—Siglufjarðarv. | 12.2 | 2.2 |
| 1 | Norðurlandsvegur | | |
| 01 | Grjótá—Öxnadalsá | | 10.0 |
| 11 | Norðausturv.—Aðaldalsv. | | 4.5 |
| 12 | Aðaldalsv.—Brún | 8.5 | |
| 17 | Kísiliðja—Austaraselsheiði | | 9.0 |
| 17 | Austan Námaskarðs | | 6.4 |

| Vegnr. | | Vegheiti<br>Kaflaheiti | Fjárveitingar í millj. kr. 1975 | 1976 |
|---|---|---|---|---|
| 82 | | Ólafsfjarðarvegur | | |
| | 06 | Rípill—Ólafsfjörður | 1.5 | |
| | 06 | Undirbúningur að vegsvölum | | 5.0 |
| 85 | | Norðausturvegur | | |
| | 14 | Arnarstaðir—Kópasker | 9.8 | |
| | 22 | Sveinungsvík—Krossavík | | 2.8 |
| | 26 | Hafralónsá—Langanesv. | | 3.1 |
| 1 | | Austurlandsvegur | | |
| | 04 | Kverkfjallal.—Lindará | 0.3 | |
| | 14 | Egilsstaðir—Upphéraðsv. | 15.4 | |
| | 17 | Víðilækur—Axarvegur | | 19.7 |
| | 37 | Hafnarvegur—flugvöllur | 3.5 | |
| | 40 | Hólmur—Smyrlabjörg | | 13.5 |
| | 44 | Jökulsá—Fjallsá | 20.0 | 30.0 |
| 85 | | Norðausturvegur | | |
| | 03 | Miðfjarðará—Hafnarvegur | 2.2 | |
| | 07 | Vesturdalsv.—Vopnafjörður | 6.0 | 10.0 |
| | | Samtals | 239.9 | 352.6 |

**3. Landsbrautir:**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 25 | | Þykkvabæjarvegur | | |
| | 02 | Djúpós—Þykkvibær | | 1.6 |
| 26 | | Landvegur | | |
| | 03 | Brúarlundur—Skarð | 0.7 | |
| 204 | | Meðallandsvegur | | |
| | 01 | Um Tungulæk | | 1.2 |
| | 02 | Um Eldvatn | | 4.4 |
| 208 | | Búlandsvegur | | |
| | 01 | Suðurlandsvegur—Búland | | 1.6 |
| 214 | | Kerlingardalsvegur | | |
| | 01 | Við Fagradal | 1.3 | |
| 215 | | Reynishverfisvegur | | |
| | 01 | Suðurlandsvegur—Presthús | | 1.6 |
| 261 | | Fljótshlíðarvegur | | |
| | 02 | Hvolsvöllur—Deild | | 8.0 |
| | 02 | Deild—Hlíðarendi | 11.4 | |
| 268 | | Þingskálavegur | | |
| | 01 | Við Þingskála | 1.0 | |
| 275 | | Ásvegur | | |
| | 01 | Um Skammalæk | | 6.7 |
| 33 | | Gaulverjabæjarvegur | | |
| | 02 | Um Baugsstaðasíki | 4.0 | 5.3 |
| 308 | | Hamarsvegur | | |
| | 01 | Skógsnes—Sýrlækur | | 4.6 |
| 340 | | Auðsholtsvegur | | |
| | 01 | Við Syðra-Langholt | 0.2 | |
| 341 | | Langholtsvegur | | |
| | 01 | Flúðir—Syðra-Langholt | 0.5 | |
| 350 | | Grafningsvegur | | |
| | 01 | Torfastaðir—Hlíð | | 5.0 |

| Vegnr. | Vegheiti<br>Kaflaheiti | Fjárveitingar í millj. kr. 1975 | 1976 |
|---|---|---|---|
| 356 | **Tjarnarvegur** | | |
| 01 | Ofan Vatnsleysu | | 1.6 |
| 358 | **Einholtsvegur** | | |
| 01 | Á Einholtsmelum | 2.0 | |
| 44 | **Hafnavegur** | | |
| 01 | Flugvöllur—Stapafellsvegur | 9.0 | 13.0 |
| 48 | **Kjósarskarðsvegur** | | |
| 02 | Meðalfellsvegur—sýslumörk | 2.1 | |
| 410 | **Elliðavatnsvegur** | | |
| 01 | Suðurlandsvegur—Reykjanesbraut | 2.2 | 2.1 |
| 460 | **Eyrarfjallsvegur** | | |
| 01 | Miðdalur—Bær | | 2.9 |
| 50 | **Borgarfjarðarbraut** | | |
| 01 | Um Draga | | 2.0 |
| 59 | **Laxárdalsvegur** | | |
| 01 | Höskuldsstaðir—Hornsstaðir | 13.0 | |
| 503 | **Akrafjallsvegur** | | |
| 02 | Við Akranes | 6.0 | |
| 505 | **Melasveitarvegur** | | |
| 01 | Ás—Súlunes | 2.0 | 1.5 |
| 510 | **Vatnshamravegur** | | 1.5 |
| 511 | **Hvanneyrarvegur** | | |
| 01 | Vesturlandsvegur—Hvanneyri | 1.4 | 6.0 |
| 519 | **Reykholtsdalsvegur** | | |
| 01 | Stóri-Ás—Giljar | | 5.0 |
| 528 | **Norðurárdalsvegur** | | |
| 01 | Glitstaðir—Skarðshamrar | | 7.0 |
| 574 | **Útnesvegur** | | |
| | Snjóastaðir | 2.5 | 6.0 |
| 586 | **Haukadalsvegur** | | |
| 01 | Vestfjarðavegur—Smyrlahóll | | 10.0 |
| 590 | **Klofningsvegur** | | |
| 04 | Efribyggðarvegur—Ballará | 8.0 | 10.0 |
| 59 | **Laxárdalsvegur** | | |
| 01 | Um Laxá | 2.0 | |
| 64 | **Flateyrarvegur** | | |
| 01 | Vestfjarðavegur—Flateyri | 3.0 | |
| 619 | **Ketildalavegur** | | |
| 03 | Bíldudalur—Bakkadalsá | | 4.0 |
| 622 | **Svalvogavegur** | | |
| 03 | Þingeyri—flugvöllur | 2.0 | |
| 05 | Hraun—Svalvogar | 1.0 | |
| 624 | **Ingjaldssandsvegur** | | |
| 01 | Vestfjarðavegur—Núpur | 1.0 | |
| 03 | Gerðhamrar—Sæból | 2.0 | |
| 625 | **Valþjófsdalsvegur** | | |
| 02 | Flugvöllur—Kirkjuból | | 3.0 |
| 643 | **Strandavegur** | | |
| 08 | Árnes—Melar | | 3.0 |
| 645 | **Drangsnesvegur** | | |
| 02 | Drangsnes | 13.9 | |
| 74 | **Skagastrandarvegur** | 7.7 | |

| Vegnr. | | Vegheiti<br>Kaflaheiti | Fjárveitingar í millj. kr.<br>1975 | <br>1976 |
|---|---|---|---|---|
| 704 | | Miðfjarðarvegur | | |
| | 01 | Norðurlandsv.—Vesturárdalsv. | | 3.6 |
| 706 | | Núpsdalsvegur | | |
| | 01 | Miðfjarðarv.—Miðfjarðarv. | | 2.0 |
| 711 | | Vatnsnesvegur | | |
| | 01 | Hvammstangi—Skarð | 6.4 | |
| | 05 | Valdalækur—Vesturhópshólar | 3.1 | |
| 714 | | Fitjavegur | | |
| | 02 | Neðrifitjar—Miðfjarðarvegur | | 5.1 |
| 715 | | Víðidalsvegur vestri | | |
| | 01 | Hvarf—Kolugil | | 2.4 |
| 725 | | Miðásavegur | | |
| | 01 | Norðurlandsvegur—Hæll | | 0.3 |
| 726 | | Auðkúluvegur | | |
| | 01 | Reykjabraut—Svínvetningabraut | | 9.0 |
| 732 | | Kjalvegur | | |
| | 01 | Svínvetningabraut—Eiðsstaðavegur | 0.6 | |
| 733 | | Blöndudalsvegur | | |
| | 01 | Svínvetningabraut—Austurhlíð | 0.6 | |
| 741 | | Neðribyggðarvegur | | |
| | 01 | Skagastrandarvegur—Skagastrandarvegur | | 6.7 |
| 744 | | Þverárfjallsvegur | | |
| | 02 | Engjadalur—Skagavegur | | 2.4 |
| 745 | | Skagavegur | | |
| | 02 | Hlíð—Króksel | 1.5 | 1.7 |
| | 03 | Króksel—Hafnaá | | 0.6 |
| | 04 | Hafnaá—sýslumörk | 7.3 | |
| | 06 | Keta—Selnes | 2.6 | |
| | 09 | Þverárfjallsvegur—Sauðárkrókur | 10.2 | 1.8 |
| 752 | | Skagafjarðarvegur | | |
| | 01 | Norðurlandsvegur—Efribyggðarvegur | | 7.7 |
| | 02 | Efribyggðarvegur—Svartárdalsvegur | | 1.5 |
| 754 | | Héraðsdalsvegur | | |
| | 01 | Skagafjarðarvegur—Kjálkavegur | | 2.5 |
| 757 | | Tunguhálsvegur | | |
| | 01 | Skagafjarðarvegur—Héraðsdalsvegur | | 1.5 |
| 762 | | Sæmundarhlíðarvegur | | |
| | 01 | Sauðárkróksbraut—Fjall | 4.0 | 2.0 |
| 764 | | Hegranesvegur vestri | | |
| | 01 | Hegranesvegur—Helluland | 1.0 | 10.0 |
| 83 | | Grenivíkurvegur | | |
| | 02 | Fnjóskadalsv. eystri—Grenivík | | 4.2 |
| 802 | | Ólafsfjarðarvegur eystri | | |
| | 01 | Ólafsfjörður—Ólafsfjarðarvegur | 8.5 | |
| 805 | | Svarfaðardalsvegur | | |
| | 01 | Ólafsfjarðarvegur—Tunguvegur | 7.5 | |
| 815 | | Hörgárdalsvegur | | |
| | 01 | Norðurlandsvegur—Ólafsfjarðarvegur | | 10.2 |
| 816 | | Dagverðareyrarvegur | | |
| | 01 | Norðurlandsvegur—Ólafsfjarðarvegur | 2.1 | |

| Vegnr. | | Vegheiti<br>Kaflaheiti | Fjárveitingar í millj. kr.<br>1975 | <br>1976 |
|---|---|---|---|---|
| 821 | | Eyjafjarðarbraut vestri | | |
| | 02 | Finnastaðavegur—Eyjafjarðarbraut e. | 4.0 | 9.8 |
| 829 | | Eyjafjarðarbraut eystri | | |
| | 01 | Norðurlandsvegur—Munkaþverá | | 4.0 |
| 835 | | Fnjóskadalsvegur eystri | | |
| | 01 | Norðurlandsvegur—Böðvarsnes | 0.4 | |
| 842 | | Bárðardalsvegur vestri | | |
| | 02 | Hlíðarendi—Bárðardalsvegur e. | | 2.4 |
| 843 | | Lundarbrekkuvegur | | |
| | 01 | Bárðardalsvegur e.—Víðiker | 1.0 | 4.6 |
| 847 | | Stafnsvegur | | |
| | 01 | Norðurlandsvegur—Stafn | | 2.5 |
| 848 | | Mývatnssveitarvegur | | |
| | 02 | Garður—Norðurlandsvegur | 3.5 | |
| 853 | | Hvammavegur | | |
| | 01 | Aðaldalsvegur—Mývatnsvegur | 3.0 | |
| 854 | | Staðarbraut | | |
| | 01 | Aðaldalsvegur—Hvammavegur | 1.1 | |
| 856 | | Laxárdalsvegur | | |
| | 01 | Staðarbraut—Halldórsstaðir | 1.3 | 0.5 |
| 861 | | Vestursandsvegur | | |
| | 01 | Norðausturvegur—Nýjabæjarvegur | 6.0 | |
| 865 | | Gilsbakkavegur | | |
| | 01 | Norðausturvegur—Gilsbakki | | 5.0 |
| 868 | | Laxárdalsvegur | | |
| | 01 | Norðausturvegur—Laxárdalur | 1.6 | |
| 94 | | Borgarfjarðarvegur | | |
| | 03 | Eiðar—Steinsvað | 0.8 | 10.0 |
| | 08 | Njarðvík—Borgarfjörður | 3.1 | |
| 917 | | Hlíðarvegur | | |
| | 02 | Hallgeirsstaðir—Eyjavegur | 0.5 | |
| 919 | | Sunnudalsvegur | | |
| | 01 | Hlíðarvegur—Guðmundarstaðir | | 4.8 |
| 923 | | Jökuldalsvegur | | |
| | 01 | Austurlandsvegur—Hákonarstaðir | 4.5 | |
| 924 | | Jökuldalsvegur eystri | | |
| | 02 | Refshöfði—Austurlandsvegur | | 7.9 |
| 925 | | Hróarstunguvegur | | |
| | 02 | Húseyjarvegur—Lagarfoss | 7.1 | |
| 929 | | Fellsvegur | | |
| | 01 | Austurlandsvegur—Staffell | 1.5 | |
| 931 | | Upphéraðsvegur | | |
| | 01 | Austurlandsvegur—Rauðilækur | 2.2 | |
| | 03 | Skeggjastaðir—Brekkugerði | 0.5 | |
| | 08 | Hallormsstaður—Gunnlaugsstaðir | | 10.1 |
| 944 | | Lagarfossvegur | | |
| | 01 | Brú—Tunguvegur | 0.4 | |
| 951 | | Vestdalseyrarvegur | | |
| | 01 | Vestdalseyri—Grýtueyri | | 6.2 |

| Vegnr. | | Vegheiti<br>Kaflaheiti | Fjárveitingar í millj. kr. 1975 | 1976 |
|---|---|---|---|---|
| 953 | | Mjóafjarðarvegur | | |
| | 02 | Háheiði—Fjörður | 5.6 | |
| 954 | | Helgustaðavegur | | |
| | 02 | Mjóeyri—Stóra-Breiðuvík | 0.7 | |
| 962 | | Norðurdalsvegur | | |
| | 01 | Um Hlíðarenda | 0.4 | |
| 964 | | Breiðdalsvegur | | |
| | 01 | Austurlandsvegur—Flaga | 5.2 | |
| 986 | | Rauðabergsvegur | | |
| | 01 | Austurlandsvegur—Holtasel | | 1.8 |
| | | Samtals | 209.7 | 263.4 |

### 5.2. Austurlandsáætlun.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 1 | | Austurlandsvegur | | |
| | 25 | Axarvegur—Urðarteigur | 15.5 | |
| | 29 | Melrakkanes—Hof | | 11.5 |
| 85 | | Norðausturvegur | | |
| | 12 | Teigará—Bæjaröxl | 15.0 | |
| 92 | | Norðfjarðarvegur | | |
| | 02 | Seyðisfjarðarvegur—Mjóafjarðarvegur | 5.6 | |
| | 05 | Suðurfjarðavegur—Reyðarfjarðarvegur | 1.0 | |
| | 10 | Gangamunni—E.-Kirkjuból | 48.6 | 118.4 |
| 93 | | Seyðisfjarðarvegur | | |
| | 03 | Sýslumörk—kaupstaður | 21.8 | 23.0 |
| | 03 | Vatnshæðaárbrú | 8.3 | |
| | 03 | Fjarðarárbrú | 10.8 | |
| 96 | | Suðurfjarðavegur | | |
| | 02 | Eyri—Hafranes | 1.0 | |
| | 08 | Vík—Gvendarnes | 15.0 | 24.1 |
| | 08 | Merkigil—Lönd | 2.4 | |
| | | Samtals | 145.0 | 177.0 |

### 5.3. Norðurlandsáætlun.

| | | | 1975 | 1976 | Óskipt 1977 |
|---|---|---|---|---|---|
| STRANDABYGGÐ | | | 20 | 10 | 12 |
| 68 | | Hólmavíkurvegur | | | |
| | 05 | Kolbeinsá—Guðlaugsvík | 20 | 10 | |
| HÚNABYGGÐ | | | 40 | 40 | 50 |
| 1 | | Norðurlandsvegur | | | |
| | 02 | Staður—Melstaður | 25 | 25 | |
| | 10 | Í Langadal | 15 | 15 | |

| | | | Fjárveitingar í millj. kr. | |
|---|---|---|---|---|
| | | | | Óskipt |
| | | 1975 | 1976 | 1977 |
| **SKAGAFJARÐARBYGGÐ** | | **60** | **46** | **30** |
| 75 | Sauðárkróksbraut | | | |
| 05 | Um Hegranes | 40 | 36 | |
| 76 | Siglufjarðarvegur | | | |
| 08 | Móskógar—Brúnastaðir | 13 | 10 | |
| 1 | Norðurlandsvegur | | | |
| 14 | Í Blönduhlíð | 7 | | |
| **EYJAFJARÐARBYGGÐ** | | **39** | **43** | **40** |
| 82 | Ólafsfjarðarvegur | | | |
| 01 | Hörgá—Hof | | 10 | |
| 01 | Hof—Reistará | 14 | | |
| 1 | Norðurlandsvegur | | | |
| 01 | Á Öxnadalsheiði | 9 | 18 | |
| 08 | Um Svalbarðsströnd | | 15 | |
| 10 | Hjá Hálsi í Fnjóskadal | 16 | | |
| **SKJÁLFANDABYGGÐ** | | **19** | **8** | **21** |
| 85 | Norðausturvegur | | | |
| 01 | Lokið frkv. frá '73—'74 í Köldukinn | 19 | | |
| 01 | Árland—Gvendarstaðir | | 8 | |
| **NORÐAUSTURBYGGÐ** | | **20** | **26** | **20** |
| 85 | Norðausturvegur | | | |
| 17 | Kópasker—Raufarhöfn | 9 | 11 | |
| 25 | Frá Hölkná að Syðri-Brekku | 11 | 15 | |
| Verkfræðilegur undirbúningur | | 2 | 2 | 2 |
| | Samtals | 200 | 175 | 175 |

### 2.5. Til brúagerða.

#### 1. Til brúa 10 m og lengri.

| | 1975 | Fjárveitingar í millj. kr. 1976 |
|---|---|---|
| Litla-Þverá í Fljótshlíð (261) | 6.9 | |
| Steinslækur hjá Sumarliðabæ (sýsluv.) | 1.7 | |
| Tunguá hjá Iðunnarstöðum (sýsluv.) | 5.8 | |
| Hörðudalsá hjá Vífilsdal (sýsluv.) | 7.7 | |
| Haukadalsá í Haukadal (sýsluv.) | 3.8 | |
| Villingadalsá í Haukadal (sýsluv.) | 3.8 | |
| Laxá í Hvammssveit (590) | 2.4 | |
| Laxá á Laxárdalsheiði (59) | 11.0 | |
| Melrakkadalsá (1) | 2.7 | |
| Laxá á Þverárfjallsvegi (744) | 5.3 | 4.3 |
| Skjóldalsá í Eyjafirði (821) | 7.1 | |
| Djúpadalsá í Eyjafirði (821) | 16.2 | |
| Kverká á Langanesi (sýsluv.) | 10.9 | |
| Hölkná í Bakkafirði (85) | 12.5 | |
| Jökulsá hjá Merki (sýsluv.) | 11.9 | |
| Staðará á Jökuldal (1) | 10.2 | |
| Lagarfljót hjá Fossi (944) | 2.1 | |
| Tungulækur í Landbroti (203) | | 8.5 |
| Eldvatn hjá Syðri-Fljótum (203) | | 5.0 |
| Bjarnardalsá (1) | | 20.0 |
| Urriðaá (54) | | 6.4 |
| Þingmannaá (60) | | 15.4 |
| Laugadalsá í Djúpi (61) | | 19.6 |
| Hvalsá í Hrútafirði (68) | | 10.8 |
| Vatnsdalsá hjá Undirfelli (722) | | 7.8 |
| Laxá hjá Tindum (724) | | 5.0 |
| Laxá hjá Hvammi (sýsluv.) | | 7.8 |
| Öxnadalsá hjá Hrauni (sýsluv.) | | 5.5 |
| Mjóadalsá hjá Mýri (aðalfjallv.) | | 20.6 |
| Vesturdalsá hjá Haugsstöðum (sýsluv.) | | 10.0 |
| Vesturdalsá hjá Fremri-Hlíð (sýsluv.) | | 7.4 |
| Kolgríma í Suðursveit (1) | | 28.9 |
| Samtals | 122.0 | 183.0 |

3. Aftan við till. bætist svo hljóðandi ákvæði til bráðabirgða:

**Ákvæði til bráðabirgða:**

Komi til frekari fjáröflunar til vegaframkvæmda á árinu 1975 skal því fjármagni varið til framkvæmda með samþykki fjárveitinganefndar.

## Sþ. 737. Nefndarálit [29. mál]

um till. til þál. um bætt skilyrði til viðtöku hljóðvarps- og sjónvarpssendinga.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur rætt þáltill. á þskj. 14 um útbreiðslu sjónvarps og þáltill. á þskj. 32 um bætt skilyrði til hljóðvarps og sjónvarpssendinga og orðið sammála um, að báðar tillögurnar verði afgreiddar með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Tillögugreinin orðist svo:
   Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að vinna að því í samráði við Ríkisútvarpið, að gerð verði á árinu 1975 sérstök kostnaðar- og framkvæmdaáætlun um bætt skilyrði til viðtöku innlendra hljóðvarps- og sjónvarpssendinga, þannig að sendingar geti náð sem greiðast til landsmanna, hvort sem er í byggðum landsins eða á fiskimiðum umhverfis Ísland. Í því sambandi skal athuga hvort ekki sé rétt að ákveða afnotagjöld með tilliti til þess, að föstum hundraðshluta þeirra sé jafnan varið til dreifikerfis hljóðvarps og sjónvarps.
2. Fyrirsögn till. orðist svo:
   Till. til þál. um útbreiðslu sjónvarps og bætt skilyrði til viðtöku hljóðvarps- og sjónvarpssendinga.

Alþingi, 14. maí 1975.

| | | |
|---|---|---|
| Jón Árnason, form. | Þórarinn Sigurjónsson, fundaskr., frsm. | Geir Gunnarsson. |
| Gunnlaugur Finnsson. | Jón Árm. Héðinsson. | Lárus Jónsson. |
| Karvel Pálmason. | Steinþór Gestsson. | Pálmi Jónsson. |
| | Ingvar Gíslason. | |

## Nd. 738. Breytingartillögur [11. mál]

við frv. til laga um launajöfnunarbætur, bætur almannatrygginga, verðlagsmál o. fl.

Frá Ólafi G. Einarssyni og Tómasi Árnasyni.

1. Við 1. gr.
   a. Í upphafi 1. töluliðar á eftir orðunum „Á laun, sem“ komi orðin: hinn 1. október 1974.
   b. Í upphafi 2. töluliðar á eftir orðunum „Á laun á bilinu 50 000 til 53 500 krónur“ komi orðin: hinn 1. október 1974.
2. Við 2. gr. Í niðurlagi 2. málsgr. í stað orðsins „helgidagsálags“ komi orðið: helgidagaálags.
3. Við 4. gr.
   a. Lokasetning 1. málsgr. ritist svo:
      Heimilt er að setja reglugerð um innheimtu og úthlutun þessara bóta í samráði við Stéttarsamband bænda.
   b. Í 1. tölulið í stað orðsins „úthlutunarnefndar“ komi orðin: Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

4. Við 6. gr. 1. málsgr. orðist svo:
   Bætur almannatrygginga, samkvæmt lögum nr. 67/1971, sbr. lög nr. 96/1971, nr. 112/1972 og nr. 62/1974, aðrar en fjölskyldubætur, fæðingarstyrkur og tekjutrygging skv. 19. gr., skulu taka breytingum sem hér segir:
5. Við 7. gr.
   a. 1. málsgr. ritist svo:
      Fjárhæðir 1. mgr. 19. gr. laga nr. 67/1971, sbr. lög nr. 96/1971 og lög nr. 62/1974, skulu vera sem hér segir eftirgreind tímabil:
   b. Í næstneðstu línu í fyrirsögnum dálka falli niður orðið „til“ í þremur fyrstu dálkum og orðið „frá“ í síðasta dálki.
   c. Fjárhæðir í 1. tölulið, næstaftasta dálki, breytist þannig, að í stað „45 000“ komi: 46 380, og í stað „81 000“ komi: 83 460.
6. Við 11. gr. 1. mgr. orðist svo:
   Fjárfestingarlánasjóðir endurláni það fé, sem þeir fá til ráðstöfunar, með sambærilegum kjörum og þeir sæta sjálfir. Heimilt er að ákveða lánskjör þessara sjóða þannig, að ákvæði um verðtryggingu eða gengisákvæði nái til ákveðins hluta hvers láns.

## Sþ. 739. Nefndarálit [13. mál]

um till. til þál. um rafvæðingu dreifbýlisins.

Frá fjárveitinganefnd.

Fjárveitinganefnd hefur fjallað um tillögu þessa og er sammála um að áframhaldandi rafvæðing sveitabyggðar í landinu sé afar brýnt verkefni. Hins vegar telur nefndin, að efni tillögunnar þurfi að ræða betur í einstökum atriðum. Því leggur nefndin til, að tillögunni verði vísað til ríkisstjórnarinnar í trausti þess, að áætlunargerð um rafvæðingu sveitanna verði hraðað sem verða má á þessu ári.

Alþingi, 14. maí 1975.

| | | |
|---|---|---|
| Jón Árnason, form. | Þórarinn Sigurjónsson, fundaskr. | Ingvar Gíslason, frsm. |
| Jón Árm. Héðinsson. | Karvel Pálmason. | Lárus Jónsson. |
| Geir Gunnarsson. | Gunnlaugur Finnsson. | Pálmi Jónsson. |
| | Steinþór Gestsson. | |

## Sþ. 740. Nefndarálit [89. mál]

um till. til þál. um öryggisþjónustu Landsímans.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur kynnt sér tillöguna og fengið umsögn landlæknis um hana. Ljóst er, að úrbóta er þörf á því sviði, sem tillagan fjallar um, og leggur nefndin því til að tillagan verði samþykkt með þessari

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:
Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að Landssíminn geri áætlun um öryggisþjónustu, þannig að fullnægt verði ákvæðum 42. gr. laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 56 1973.

Alþingi, 14. maí 1975.

Ellert B. Schram, form. | Jón Helgason, fundaskr., frsm. | Jón Skaftason.
Ólafur G. Einarsson. | Magnús T. Ólafsson. | Jónas Árnason.
Lárus Jónsson.

## Nd. 741. Nefndarálit [225. mál]

um frv. til laga um Hússtjórnarkennaraskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin mælir með samþykkt frv. með áorðnum breytingum í efri deild.
Fjarverandi afgreiðslu málsins var Svava Jakobsdóttir.

Alþingi, 14. maí 1975.

Ingvar Gíslason, form. | Sigurlaug Bjarnadóttir, fundaskr., frsm. | Magnús T. Ólafsson.
Ellert B. Schram. | Gunnlaugur Finnsson. | Ey. Kon. Jónsson.

## Nd. 742. Nefndarálit [226. mál]

um frv. til laga um hússtjórnarskóla.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin mælir með samþykkt frumv. eins og það liggur fyrir frá efri deild.
Fjarverandi afgreiðslu málsins var Svava Jakobsdóttir.

Alþingi, 14. maí 1975.

Ingvar Gíslason, form. | Sigurlaug Bjarnadóttir, fundaskr., frsm. | Magnús T. Ólafsson.
Ellert B. Schram. | Gunnlaugur Finnsson. | Ey. Kon. Jónsson.

## Nd. 743. Nefndarálit [109. mál]

um frv. til laga um stofnun sjóðs til aðstoðar við drykkjusjúka.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og tryggingarnefndar.

Meiri hl. nefndarinnar mælir með samþykkt frumvarpsins með eftirtöldum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Af hverri þriggja pela flösku af sterku víni, sem Áfengisverslun ríkisins selur, skal greiða gjald að upphæð kr. 100.00 og hlutfallslega af öðrum flöskustærðum. Gjald þetta skal renna til Gæsluvistarsjóðs, sbr. 17. gr. laga nr. 39/1964, um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra.
2. Við 2. gr. Greinin falli niður.
3. Við 3. gr. Greinin falli niður.
4. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu gilda til ársloka 1984.

Alþingi, 14. maí 1975.

Jón Skaftason, form. Ragnhildur Helgadóttir, frsm. Magnús Kjartansson.
Karvel Pálmason.

## Nd. 744. Nefndarálit [109. mál]

um frv. til l. um stofnun sjóðs til aðstoðar við drykkjusjúka.

Frá minni hl. heilbrigðis- og tryggingnefndar.

Í trausti þess að séð verði fyrir nægilegu fjármagni á fjárlögum hverju sinni til þeirra þarfa, sem frv. gerir ráð fyrir, leggjum við til að því verði vísað til ríkisstjórnar.

Alþingi, 14. maí 1975.

Þórarinn Sigurjónsson, fundaskr. Guðmundur H. Garðarsson, frsm.

## Sþ. 745. Þingsályktun [37. mál]

um atvinnumál aldraðra.

(Afgreidd frá Sþ. 14. maí.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa í samráði við aðila vinnumarkaðarins frumvarp til laga um atvinnumál aldraðra, og verði að því stefnt, að allir 67 ára og eldri, sem til þess hafa þrek og vilja, geti átt kost á atvinnu við sitt hæfi.

## Sþ. 746. Þingsályktun [122. mál]

um endurskoðun laga nr. 63 frá 12. maí 1970, um skipan opinberra framkvæmda.

(Afgreidd frá Sþ. 14. maí.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta endurskoða rækilega núgildandi lög um skipan opinberra framkvæmda. Sérstakt samráð skal haft við Samband íslenskra sveitarfélaga um endurskoðun þessa. Ríkisstjórnin skal leggja fram á næsta þingi lagafrumvarp um þetta efni, ef athugun leiðir í ljós að tilefni sé til.

## Sþ. 747. Þingsályktun [164. mál]

um viðbrögð gegn hugsanlegum hafískomum að Norðurlandi.

(Afgreidd frá Sþ. 14. maí.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta kanna afleiðingar truflana á vöruflutningum til byggðarlaga á Norðurlandi, ef hafís kynni að leggjast þar að landi og gera áætlun um hvernig bregðast skuli við slíkum vanda.

## Sþ. 748. Þingsályktun [180. mál]

um ráðstafanir til sparnaðar á gjaldeyri og eflingu útflutningsstarfsemi.

(Afgreidd frá Sþ. 14. maí.)

Samhljóða þskj. 352.

## Sþ. 749. Þingsályktun [50. mál]

um virkjun Suður-Fossár á Rauðasandi í Vestur-Barðastrandarsýslu.

(Afgreidd frá Sþ. 14. maí.)

Samhljóða þskj. 53.

## Ed. 750. Frumvarp til laga [286. mál]

um iðnaðarmálagjald.

(Eftir 2. umr. í Ed., 14. maí.)

1. gr.

Leggja skal 0.1% gjald, iðnaðarmálagjald, á allan iðnrekstur í landinu, sem af er greitt iðnlánasjóðsgjald samkv. ákvæðum 5. gr. laga nr. 68 10. október 1967. Skal gjaldstofn þess vera hinn sami og iðnlánasjóðsgjaldsins samkv. ákvæðum þessum. Undanþegin gjaldinu eru fyrirtæki að öllu leyti í eign opinberra aðila, svo og fyrirtæki, sem stofnuð eru samkvæmt sérstökum lögum til að vera eign opinberra aðila að verulegu leyti, nema annars sé getið í þeim lögum.

Iðnaðarmálagjald skal lagt á af skattstjórum og innheimt af innheimtumönnum ríkisins. Gjalddagi skal vera hinn 1. ágúst ár hvert, og má taka gjaldið lögtaki, sbr. lög nr. 29 16. desember 1885.

Iðnaðarmálagjald skal vera frádráttarbært sem rekstrarkostnaður við álagningu tekjuskatts, svo og tekjuútsvars, ef um er að ræða. Óheimilt er að leggja gjaldið við verð á vörum eða þjónustu iðnfyrirtækja.

2. gr.

Tekjum af iðnaðarmálagjaldi skal þannig varið:

1. Upphæð, sem svarar til iðnaðarmálagjalds Sambands ísl. samvinnufélaga og kaupfélaga innan þess, skal renna til starfsemi í þágu iðnaðar samvinnufélaganna eftir nánari ákvörðun stjórnar sambandsins.
2. Upphæð, sem svarar til iðnaðarmálagjalds lagmetisframleiðenda, sem eru aðilar að Sölustofnun lagmetisiðnaðarins, skal renna til þeirra samtaka sem ráðstafa þeim hluta til eflingar lagmetisiðnaðinum í landinu.

3. Eftirstöðvar iðnaðarmálagjaldsins skiptast að jöfnu milli Félags íslenskra iðnrekenda og Landssambands iðnaðarmanna, sem hvort um sig ráðstafar sínum hluta til þess að vinna að eflingu iðnaðar og iðnþróunar í landinu.

Aðilar þeir, sem iðnaðarmálagjaldið rennur til samkv. framansögðu, skulu senda iðnaðarráðuneytinu árlega skýrslu um ráðstöfun andvirðis þess.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal í fyrsta sinn lagt á iðnaðarmálagjald árið 1975 á gjaldstofn ársins 1974.

## Ed. 751. Breytingartillaga [286. mál]

við frv. til l. um iðnaðarmálagjald.

Frá iðnaðarráðherra.

Við 1. gr. Á eftir orðinu „skattstjórum“ í 2. málsgr. kemur: með iðnlánasjóðsgjaldi.

## Ed. 752. Nefndarálit [253. mál]

um frv. til l. um breyt. á þjóðminjalögum, nr. 52/1969.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur kynnt sér frv. og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 14. maí 1975.

| | | |
|---|---|---|
| Axel Jónsson, form., frsm. | Steinþór Gestsson, fundaskr. | Ragnar Arnalds. |
| Jón Árm. Héðinsson. | Ingi Tryggvason. | Steingr. Hermannsson. |
| | Þorv. Garðar Kristjánsson. | |

Fylgiskjal.

Reykjavík, 9. maí 1975.

Frv. til laga um breyting á þjóðminjalögum, nr. 52/1969, 253. mál, þskj. 492.

Stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga hefur fjallað um efni þessa frumvarps.

Enda þótt stjórninni sé ljóst, að frv. þetta, ef að lögum verður, muni hafa í för með sér aukin útgjöld fyrir sveitarfélög landsins, telur stjórnin, að ákvæði þess um stofnun húsfriðunarsjóðs séu svo mikils virði, að hún mælir einróma með samþykkt frumvarpsins nú á þessu þingi.

Stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga telur, að samþykkt þessa frv. muni marka tímamót í húsfriðunarmálum hér á landi og með því minnist Íslendingar á verðugan og viðeigandi hátt húsfriðunarárs Evrópu.

Framanritað tilkynnist háttv. þingdeildarnefnd hér með.

Virðingarfyllst,

Magnús E. Guðjónsson, frkvstj.

## Nd. 753. Nefndarálit [284. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmda og reksturs Rafmagnsveitna ríkisins og Vegagerðar ríkisins.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Undirritaðir nefndarmenn hafa athugað frv. og mæla með því, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 14. maí 1975.

Ólafur G. Einarsson, form. Tómas Árnason, frsm. Ey. Kon. Jónsson.
Gylfi Þ. Gíslason. Magnús Kjartansson.

## Ed. 754. Nefndarálit [126. mál]

um frv. til l. um kvikmyndasjóð.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og kynnt sér þær umsagnir, sem borist hafa. Nefndin telur tilgang frv. þess verðan, að Alþingi setji um þetta lög. Nefndin er hins vegar ekki sammála um fjáröflunarleið til að standa undir þeim kostnaði, sem þessu er samfara, og leggur því til, að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar** í trausti þess, að hún semji löggjöf um aðstoð við kvikmyndagerð og leggi fram í upphafi næsta reglulegs Alþingis.

Alþingi, 14. maí 1975.

Axel Jónsson, form., frsm. Steinþór Gestsson, fundaskr. Ragnar Arnalds.
Jón Árm. Héðinsson. Ingi Tryggvason. Steingr. Hermannsson.
Þorv. Garðar Kristjánsson.

## Nd. 755. Nefndarálit [224. mál]

um frv. til laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin fjallaði um frumvarpið á fundi sínum og var sammála um að leggja til að það verði samþykkt með þeim breytingum, sem á því voru gerðar í Ed.

Alþingi, 14. maí 1975.

Ingvar Gíslason, form. Sigurlaug Bjarnadóttir, fundaskr. Gunnlaugur Finnsson, frsm.
Ellert B. Schram. Magnús T. Ólafsson. Ey. Kon. Jónsson.
Svava Jakobsdóttir.

**Sþ.** **756. Nefndarálit** [216. mál]

um till. til þál. um vegáætlun fyrir árin 1974—77.

Frá fjárveitinganefnd.

Fjárveitinganefnd fékk tillögu til þingsályktunar um vegáætlun fyrir árin 1974—1977 til umsagnar og athugunar 9. apríl s. l. Nefndin hefur síðan unnið að athugun á málinu og notið til þess aðstoðar Sigurðar Jóhannssonar vegamálastjóra og annarra starfsmanna Vegagerðarinnar.

Í fyrstu var nokkur bið á að nefndin gæti tekið málið til afgreiðslu, vegna þess að ekki lágu fyrir verðlagstaxtar fyrir þungavinnuvélar og bifreiðar, sem eru grundvöllur þess að hægt sé að ákveða og verðleggja hinar ýmsu framkvæmdir.

Svo sem venjulega áttu vegamálastjóri og verkfræðingar Vegamálaskrifstofunnar fundi með þingmönnum hinna ýmsu kjördæma og ræddu við þá um óskir þeirra varðandi vegagerð í viðkomandi kjördæmum.

Nefndin fékk síðan tillögur þingmanna um skiptingu á því fjármagni sem um var að ræða og samstaða náðist um skiptingu á. Er sú sundurliðun á fjárveitingum, sem fram kemur í tillögum nefndarinnar, í samræmi við þær óskir.

Um skiptingu á fé milli hraðbrauta, þjóðvega og landsbrauta er að mestu leyti stuðst við þær tillögur, sem markaðar voru í þingsályktunartillögunni þegar hún var lögð fram.

Hinn 6. maí s. l. barst nefndinni endurskoðuð áætlun um tekjur ríkissjóðs, sem merktar eru vegaframkvæmdum, og kemur þar fram eftirfarandi:

„Áætlun um tekjur af þeim tekjustofnum ríkisins, sem merktar eru vegaframkvæmdum, hefur nú verið endurskoðuð, m. a. í ljósi reynslu fyrstu mánaða ársins 1975. Þessi endurskoðun bendir til þess, að áætlun fjárlaga muni fyllilega standast. Auk þess er nú unnið að endurskoðun þeirra reglna, sem gilda um álagningu og innheimtu þungaskatts o. fl. Með tilliti til þessa var talið eðlilegt að hækka heildartekjur Vegasjóðs um 175 milljónir króna fyrir árið 1975 og um 200 milljónir króna fyrir árið 1976."

Svo sem kunnugt er, náðist ekki að afgreiða vegáætlun fyrir árið 1974 á s. l. vori, eins og ætlað var, þar sem þingrof átti sér stað og Alþingi lauk ekki afgreiðslu málsins.

Í sambandi við árið 1974 vill fjárveitinganefnd vísa til þess, sem fram kom í skýrslu ráðherra um framkvæmdir á því ári. En að því leyti sem kom til frestunar framkvæmda, miðað við fyrri vegáætlun, vegna stórhækkaðs verðlags, var haft samráð við þingmenn um röð framkvæmda, eftir því sem fjármagn náði til. — Nefndin vill því vísa til umræddrar skýrslu varðandi framkvæmdir á árinu 1974.

Um hinar einstöku áætlanir, Norðurlandsáætlun og Austurlandsáætlun, er það að segja, að nefndinni bárust þær áætlanir frá Framkvæmdastofnun og ráðherra, og eru þær svo sem áður prentaðar með í brtt.

Samgönguráðherra tekur fram í bréfi sínu til nefndarinnar, að hann telji sig ekki geta gert rökstuddar breytingar um aðra skiptingu fjár til Norðurlandsáætlunar fyrir árið 1975 og staðfesti hana. Hins vegar hefur ráðherrann fyrirvara um skiptingu fjárins fyrir árið 1976, enda þótt ráðuneytið hafi á þessu stigi ekkert á móti því, að gengið verði út frá téðri skiptingu á vegáætlun fyrir það ár, þar sem sú áætlun kemur til endurskoðunar Alþingis áður en til framkvæmda kemur 1976.

Fylgja bréf ráðherrans og Framkvæmdastofnunar hér með sem fylgiskjöl.

Enda þótt fjárveitinganefnd standi sameiginlega að breytingartillögum við tillögu til þingsályktunar um vegáætlun fyrir árin 1974—77, vilja þeir Geir Gunnarsson, Jón Árm. Héðinsson og Karvel Pálmason taka það sérstaklega fram, að þeir telja, að skerðing framkvæmda á árinu 1975 verði samkvæmt þingsályktunartillögunni um 28% miðað við framkvæmdir á síðasta ári. Telja þeir hins vegar, að með

tilliti til mjög mikilla hækkana á útsöluverði bensíns að undanförnu og verulegrar skerðingar lífskjara almennings sé ekki fært að hækka bensíngjald nú. Þeir taka enn fremur fram, að þeir hafa óbundnar hendur um að flytja eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 14. maí 1975.

| | | |
|---|---|---|
| Jón Árnason, form., frsm. | Þórarinn Sigurjónsson, fundaskr. | Jón Árm. Héðinsson. |
| Lárus Jónsson. | Ingvar Gíslason. | Gunnlaugur Finnsson. |
| Geir Gunnarsson. | Karvel Pálmason. | Steinþór Gestsson. |
| | Pálmi Jónsson. | |

**Fylgiskjal I.**

Fjárveitinganefnd Alþingis,
Þórshamri,
Reykjavík.

13. maí 1975.

Ráðuneytinu hefur í dag borist tillaga Framkvæmdastofnunar ríkisins um skiptingu á fé til framkvæmda á vegáætlun Norðurlands árin 1975 og 1976, sem fylgir hér með í ljósriti.

Ráðuneytið telur sig ekki geta gert rökstudda breytingu um aðra skiptingu fjársins fyrir 1975 og staðfestir hana því. Hins vegar hefur ráðuneytið fyrirvara um skiptingu fjársins fyrir árið 1976, enda þótt ráðuneytið hafi ekkert á þessu stigi á móti því, að gengið verði út frá téðri skiptingu á vegáætlun fyrir 1976, þar sem sú áætlun kemur til endurskoðunar Alþingis áður en til framkvæmda kemur 1976.

Halldór E. Sigurðsson.

Ólafur S. Valdimarsson.

**Fylgiskjal II.**

Samgönguráðuneytið,
hr. Halldór E. Sigurðsson,
samgönguráðherra,
Arnarhvoli,
Reykjavík.

Reykjavík, 13. maí 1975.

Áætlanadeild Framkvæmdastofnunarinnar hefur undanfarna daga unnið skv. fyrirmælum ráðuneytisins að samningu ársáfanga samgönguáætlunar Norðurlands fyrir árið 1975 ásamt vísbendandi hugmyndum um áfangana 1976 og 1977. Í framhaldi fundar í ráðuneytinu 8. þ. m. hafa verið haldnir fundir með samgöngumálanefnd Fjórðungssambands Norðlendinga og þingmannahópum hlutaðeigandi þriggja kjördæma. Loks var áætlunin sýnd stjórn Framkvæmdastofnunarinnar á fundi hennar í morgun.

Með tilliti til þess, að enginn fyrirvari gat orðið á tillögugerð til stjórnarinnar, en málið komið í eindaga, samþykkti stjórnin dagskrártillögu þess efnis að vísa tillögu áætlanadeildar til ráðuneytisins til afgreiðslu og án tillögu af hálfu stjórnarinnar. Er það gert hér með.

Tekið skal fram að frá upphaflegri tillögu, sem sýnd var FSN og þingmannahópum, var gerð nokkur breyting, þ. e. tilfærsla frá Norðurlandi vestra yfir á Norðurlandsveg á Öxnadalsheiði og Norðausturveg á Melrakkasléttu. Var þar komið til móts við ábendingu FSN, sbr. meðfylgjandi ályktun, og lágmarkskröfu þingmanna Norðurlands eystra. Gerðu þingmenn Norðurlands vestra athugasemd við það. Nær samkomulagi virðist þó ekki unnt að komast. Fylgir hér með tafla um hlutfallslegan samanburð ársáfanga og uppsafnaðra vegaframkvæmda milli kjördæma.

Virðingarfyllst,

FRAMKVÆMDASTOFNUN RÍKISINS
Áætlanadeild
Tómas H. Sveinsson.

## Sþ. 757. Þingsályktun [268. mál]

um fullgildingu á Félagsmálasáttmála Evrópu.

(Afgreidd frá Sþ. 14. maí.)

Samhljóða þskj. 551.

## Sþ. 758. Þingsályktun [131. mál]

um rannsóknir á snjóflóðum og skriðuföllum.

(Afgreidd frá Sþ. 14. maí.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram athugun og rannsóknir á snjóflóðum og skriðuföllum.

Áhersla skal lögð á gagnasöfnun og rannsóknir á þessum náttúrufyrirbærum, enn fremur hvort unnt sé að sjá fyrir og hindra snjóflóð og skriðuföll og hvaða vörnum og viðvörunum verði við komið.

Ríkisstjórnin leggi fyrir Alþingi niðurstöður þessara athugana ásamt tillögum til úrbóta.

## Sþ. 759. Þingsályktun [175. mál]

um skipunartíma opinberra starfsmanna.

(Afgreidd frá Sþ. 14. maí.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að taka upp þá reglu við skipun háttsettra opinberra starfsmanna og starfsmanna ríkisstofnana, að skipunartími þeirra verði miðaður við 4—6 ár í senn. Ríkisstjórnin beiti sér fyrir nauðsynlegum lagabreytingum í samræmi við þessa ákvörðun.

## Sþ. 760. Þingsályktun [207. mál]

um kaupþing.

(Afgreidd frá Sþ. 14. maí.)

Samhljóða þskj. 400.

## Sþ. 761. Þingsályktun [239. mál]

um afnotarétt þéttbýlisbúa af sumarbústaðalöndum.

(Afgreidd frá Sþ. 14. maí.)

Samhljóða þskj. 457.

## Sþ. 762. Nefndarálit [161. mál]

um till. til þál. um breyt. á reglugerð um skipan gjaldeyris og innflutningsmála o. fl., dags. 27. maí 1960.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd hefur haft till. til þál. á þskj. 299 til athugunar og fengið umsagnir gjaldeyrisbanka, Seðlabankans o. fl. Nefndin mælir með að till. verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.** — Jónas Árnason, Magnús T. Ólafsson og Jón Skaftason voru fjarstaddir afgreiðslu málsins.

Alþingi, 14. maí 1975.

| Ellert B. Schram, form. | Jón Helgason, fundaskr. | Lárus Jónsson, frsm. |
|---|---|---|

Ólafur G. Einarsson.

## Sþ. 763. Nefndarálit [271. mál]

um till. til þál. um athugun á framfærslukostnaði.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd leggur til að tillagan verði samþ. óbreytt. Magnús T. Ólafsson og Jón Skaftason voru fjarstaddir afgreiðslu málsins.

Alþingi, 14. maí 1975.

| Ellert B. Schram, form. | Jón Helgason, fundaskr. | Lárus Jónsson, frsm. |
|---|---|---|

Ólafur G. Einarsson. Jónas Árnason.

## Nd. 764. Frumvarp til laga [95. mál]

um breyting á vegalögum, nr. 80 10. júlí 1973.

(Eftir 2. umr. í Nd., 14. maí.)

Samhljóða þskj. 349 með þessum breytingum:

11. gr. hljóðar svo:
34. gr. orðist þannig:
Af heildarframlagi því, sem veitt er til lagningar þjóðvega í kaupstöðum og kauptúnum samkv. 32. gr., skal árlega halda eftir 25 af hundraði, og skal því fé ráðstafað af fjárveitinganefnd Alþingis að fengnum tillögum vegamálastjóra til að flýta gerð vega og gatna með bundnu slitlagi, þar sem sérstök ástæða þykir til að ljúka ákveðnum áfanga eða til að stuðla að hagkvæmari vinnubrögðum. Heimilt er að láta þetta ákvæði einnig ná til þéttbýlis með færri en 200 íbúa.

15. gr. hljóðar svo:
60. gr. orðist svo:
Bætur fyrir eignarnám, jarðrask og átroðning þann, er nýr vegur kann að hafa í för með sér, má ákveða eftir samkomulagi milli landeigenda og umboðsmanns þeirra, sem bætur eiga að greiða. Nú næst ekki samkomulag, og skal þá ákveða bætur með mati samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms.

16. gr. hljóðar svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi.
Þegar lög þessi hafa öðlast gildi, skal fella meginmál þeirra inn í vegalög nr. 80, 10. júlí 1973, og gefa þau út svo breytt.

Ákvæði til bráðabirgða hljóðar svo:

**Ákvæði til bráðabirgða:**

Á árinu 1975 skulu dagsetningar í 2. mgr. 21. gr. breytast þannig, að í stað 15. febrúar komi 25. maí og í stað 1. mars komi 1. júní.

## Nd. 765. Breytingartillaga [95. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 80 10. júlí 1973.

Frá Magnúsi Kjartanssyni, Jóni Skaftasyni, Eyjólfi K. Jónssyni, Pétri Sigurðssyni og Gylfa Þ. Gíslasyni.

Við 11. gr. Í stað orðanna „25 af hundraði“ komi: 15 af hundraði.

## Nd. 766. Frumvarp til laga [286. mál]

um iðnaðarmálagjald.

(Eftir 3. umr. í Ed., 14. maí.)

1. gr.

Leggja skal 0.1% gjald, iðnaðarmálagjald, á allan iðnrekstur í landinu, sem af er greitt iðnlánasjóðsgjald samkv. ákvæðum 5. gr. laga nr. 68 10. október 1967.

Skal gjaldstofn þess vera hinn sami og iðnlánasjóðsgjaldsins samkv. ákvæðum þessum. Undanþegin gjaldinu eru fyrirtæki að öllu leyti í eign opinberra aðila, svo og fyrirtæki, sem stofnuð eru samkvæmt sérstökum lögum til að vera eign opinberra aðila að verulegu leyti, nema annars sé getið í þeim lögum.

Iðnaðarmálagjald skal lagt á af skattstjórum með iðnlánasjóðsgjaldi og innheimt af innheimtumönnum ríkisins. Gjalddagi skal vera hinn 1. ágúst ár hvert, og má taka gjaldið lögtaki, sbr. lög nr. 29 16. desember 1885.

Iðnaðarmálagjald skal vera frádráttarbært sem rekstrarkostnaður við álagningu tekjuskatts, svo og tekjuútsvars, ef um er að ræða. Óheimilt er að leggja gjaldið við verð á vörum eða þjónustu iðnfyrirtækja.

2. gr.

Tekjum af iðnaðarmálagjaldi skal þannig varið:

1. Upphæð, sem svarar til iðnaðarmálagjalds Sambands ísl. samvinnufélaga og kaupfélaga innan þess, skal renna til starfsemi í þágu iðnaðar samvinnufélaganna eftir nánari ákvörðun stjórnar sambandsins.
2. Upphæð, sem svarar til iðnaðarmálagjalds lagmetisframleiðenda, sem eru aðilar að Sölustofnun lagmetisiðnaðarins, skal renna til þeirra samtaka sem ráðstafa þeim hluta til eflingar lagmetisiðnaðinum í landinu.
3. Eftirstöðvar iðnaðarmálagjaldsins skiptast að jöfnu milli Félags íslenskra iðnrekenda og Landssambands iðnaðarmanna, sem hvort um sig ráðstafar sínum hluta til þess að vinna að eflingu iðnaðar og iðnþróunar í landinu.

Aðilar þeir, sem iðnaðarmálagjaldið rennur til samkv. framansögðu, skulu senda iðnaðarráðuneytinu árlega skýrslu um ráðstöfun andvirðis þess.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal í fyrsta sinn lagt á iðnaðarmálagjald árið 1975 á gjaldstofn ársins 1974.

## Sþ. 767. Nefndarálit [200. mál]

um till. til þál. um lögfræðiþjónustu fyrir efnalítið fólk.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin vísaði málinu til umsagnar nokkurra aðila, m. a. Lögmannafélags Íslands, Neytendasamtakanna, Dómarafélags Íslands og Orators, félags laganema.

Þær umsagnir, sem bárust nefndinni, voru allar jákvæðar gagnvart því málefni, sem þáltill. felur í sér. Hins vegar komu fram ýmsar og mismunandi ábendingar um framkvæmd slíkrar lögfræðiþjónustu.

Nefndarmenn eru hlynntir tillögunni, en þar sem framvinda málsins fer mjög eftir framkvæmd og fyrirkomulagi á þjónustu þessari, leggur nefndin til, að tillögunni verði vísað til ríkistjórnarinnar, sem stefni að því að leggja fram frv. um lögfræðiþjónustu fyrir efnalítið fólk á næsta þingi. Við samningu slíks frumvarps verði höfð full samráð við Lögmannafélag Íslands.

Fjarstaddir afgreiðslu málsins voru Jón Skaftason og Magnús T. Ólafsson.

Alþingi, 14. maí 1975.

| | | |
|---|---|---|
| Ellert B. Schram, form. | Jón Helgason, fundaskr. | Jónas Árnason, frsm. |
| Lárus Jónsson. | Ólafur G. Einarsson. | |

## Sþ. 768. Breytingartillögur [216. mál]

við brtt. á þskj. 736 [Vegáætlun 1974—77].

Frá fjárveitinganefnd.

| | Millj. kr. 1976 |
|---|---|
| Við 2. brtt. (leiðréttingar). | |
| 1. Við 2. Þjóðbrautir. | |
| a. Við 801 01 Grjótá — Öxnadalsá. | |
| Fyrir „15.0“ kemur | 10.0 |
| b. Nýr liður á eftir 801 17: | |
| Austan Námaskarðs | 6.4 |
| c. Nýr liður á eftir 882 06 | |
| Undirbúningur að vegsvölum | 5.0 |
| 2. Við 3. Landsbrautir. | |
| Liðurinn 861 04 fellur niður. | |

## Sþ. 769. Tillaga til rökstuddrar dagskrár [13. mál]

í málinu: Till. til þál. um rafvæðingu dreifbýlisins.

Frá Steingrími Hermannssyni.

Fjárveitinganefnd hefur fjallað um tillögu þessa og er, eins og fram kemur á þingskjali 739, sammála um að áframhaldandi rafvæðing sveitarbyggða í landinu sé afar brýnt verkefni. Hins vegar telur nefndin, að efni tillögunnar þurfi að ræða betur, og leggur því til að tillögunni verði vísað til ríkisstjórnarinnar í trausti þess að áætlunargerð um rafvæðingu sveitanna verði hraðað sem verði má.

Í trausti þess að ríkisstjórnin láti gera áætlun um áframhaldandi rafvæðingu dreifbýlisins og leggi fram á árinu 1975 er tekið fyrir næsta mál á dagskrá.

## Nd. 770. Breytingartillaga [95. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 80 10. júlí 1973.

Frá Sigurlaugu Bjarnadóttur, Karvel Pálmasyni, Gunnlaugi Finnssyni og Sighvati Björgvinssyni.

Við 11. gr. Greinin orðist svo:

34. gr. laganna orðist svo:

Af heildarframlagi því, sem veitt er til lagningar þjóðvega í kaupstöðum og kauptúnum samkv. 32. gr., skal árlega halda eftir 25 af hundraði, og skal því fé ráðstafað af fjárveitinganefnd Alþingis að fengnum tillögum vegamálastjóra til að flýta gerð vega og gatna með bundnu slitlagi í fámennum kaupstöðum og kauptúnum sem skemmst eru á veg komin í vega- og gatnagerð. Hér skal og tekið tillit til hagkvæmni í vinnubrögðum.

**Nd.** **771. Lög** [210. mál]

um breyting á lögum nr. 17/1965, um landgræðslu.

(Afgreidd frá Nd. 14. maí.)

Samhljóða þskj. 561 (sbr. 403).

**Nd.** **772. Lög** [211. mál]

um heftingu landbrots og varnir gegn ágangi vatna.

(Afgreidd frá Nd. 14. maí.)

Samhljóða þskj. 604.

**Nd.** **773. Lög** [258. mál]

um Viðlagatryggingu Íslands.

(Afgreidd frá Nd. 14. maí.)

Samhljóða þskj. 640 (sbr. 513).

**Nd.** **774. Lög** [269. mál]

um breyting á mörkum lögsagnarumdæma Reykjavíkur og Kópavogs.

(Afgreidd frá Nd. 14. maí.)

Samhljóða þskj. 643.

**Nd.** **775. Lög** [274. mál]

um breyting á lögum nr. 72 1. júní 1972, um breyting á lögum nr. 30 12. maí 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

(Afgreidd frá Nd. 14. maí.)

Samhljóða þskj. 564.

**Nd.** **776. Lög** [151. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Afgreidd frá Nd. 14. maí.)

Samhljóða þskj. 684.

Sþ. **777. Skýrsla**

um starfsemi Framkvæmdastofnunar ríkisins árið 1974.

(Lögð fram á Alþingi 15. maí 1975.)

## STARFSEMI ÁÆTLANADEILDAR 1974

### Inngangur.

Hér verður gerð grein fyrir þriðja starfsári áætlanadeildar. Í fyrstu tveim ársskýrslum Framkvæmdastofnunarinnar, fyrir árin 1972 og 1973, var gerð rækileg grein fyrir grundvallaratriðum áætlanagerðar, starfsaðferðum, markmiðum o.þ.h. Í fyrstu ársskýrslunni var áætlanagerðin rædd í nánu samhengi við þau helstu málefni, sem henni er ætlað að sinni: fjárfestingarmálin, þróun og uppbyggingu atvinnuvega og byggðaþróun og byggðastefnu. Í annarri ársskýrslunni var hins vegar vikið nánar að skipulagi og starfsaðstöðu áætlanagerðar sem óhjákvæmilegu skilyrði árangurs af því starfi. Bæði þessi skrif eru enn í fullu gildi, þannig að vísa má til þeirra, án þess að endurtekningar sé þörf. En til þess er sérstakt tilefni, þar sem lög um Framkvæmdastofnun ríkisins eru nú til endurskoðunar og þar með almenn tilhögun hagrænnar áætlanagerðar. Liggja tillögur þessa efnis enn hjá ríkisstjórninni til yfirvegunar, þegar þetta er ritað.

Þessi staðreynd, þ. e. að skipulag og starfstilhögun áætlanagerðar er í deiglunni um þessar mundir, gerir það á ýmsan hátt örðugra að ræða hlutverk og framtíð áætlanagerðar nánar en gert hefur verið í fyrri ársskýrslum. Áætlanagerðinni hefur helst staðið fyrir þrifum vöntun á heildstæðum ramma um samanburð og mat á gildi framkvæmda og atvinnurekstrar, og ekki hefur síður skort á beint og lifandi samband við töku ákvarðana í þessum efnum. Á þetta ekki síður við um opinberar framkvæmdir og starfsgreinar en þær, sem eru á vegum einkaaðila. Er mjög tilviljunum háð, hvaða framkvæmdir komi til skipulegs mats eftir árangri eða arðsemi. Á það takmarkaða mat, sem lagt er á framkvæmdir, skortir alla samræmingu og samanburð, ekki aðeins milli framkvæmdagreina, heldur einnig innan sömu greina, sem þó lúta sameiginlegri yfirstjórn ráðuneytis eða annarrar hliðstæðrar stofnunar.

Við þessi skilyrði stefnumótunar og ákvarðanatöku er í reynd mjög treyst á atfylgi og þrýsting atvinnugreina, landshluta og annarra hagsmunaaðila til að fá málum sínum framgengt, einkum fyrir atbeina þingmanna og annarra áhrifaaðila. Með því móti er að sjálfsögðu engin trygging fyrir, að hagstæðustu framkvæmdirnar gangi fyrir. Kraftar stjórnkerfisins fara í langdregin fundahöld til að vega og meta styrk þess atfylgis, sem hvert mál nýtur, og vandséð, hvenær og hvernig niðurstaða er fengin. Margt í þessum starfsaðferðum er beinlínis andstæða allrar áætlanagerðar, svo sem þegar fleiri framkvæmdir til sömu nota eru í undirbúningi til framkvæmdar samtímis eða þegar stórfelldar framkvæmdir eða tækjakaup einkaaðila koma til afgreiðslu pólitískra yfirvalda án skipulegs mats á væntanlegum árangri fjárfestingarinnar af hálfu stofnlánasjóða eða annarra faglegra aðila.

Afleiðingar þessara starfsaðferða eru á margan hátt óæskilegar. Algengast er, að árlegar framkvæmdaáætlanir séu rifnar upp til endurskoðunar og niðurskurðar, jafnharðan og þær hafa verið afgreiddar. Er þá niðurskurðurinn handahófskennt flýtisverk og niðurstaða flókinnar togstreitu áhrifaaðila. Bið eftir síðbúnum áætlunum og síðan niðurskurði þeirra spillir undirbúningi framkvæmda stórlega, svo að í reynd verða skuldbindandi aðgerðir að hefjast, áður en endanleg niðurstaða er fengin. Það hefur aftur á móti í för með sér, að ekki reynist unnt að fresta framkvæmdum eða skera þær niður nema valda með því verulegu tjóni eða kostnaðarauka. Enda verður reyndin gjarnan sú, að tilætlaður niðurskurður sé óframkvæmanlegur, svo að reynt er að liðka til fyrir einstökum framkvæmda- og lána-

flokkum, þegar á árið líður. Hliðstæðir örðugleikar reynast vera á því að halda sér við árlega áfanga áætlana til langs tíma, t. d. 4—5 ára áætlana. Fjárhagsörðugleikar og rýrnun framkvæmdafjár af völdum verðbólgu eru þá látin bitna á fyrri framkvæmdaáætlunum, enda þótt aðrar nýjar séu samtímis að ryðja sér til rúms og látnar hafa forgang.

Á þetta er minnt hér til þess að undirstrika þörfina fyrir eðlilegan og árangursríkan starfsgrundvöll áætlanagerðar. Upphafleg áform um gerð framkvæmdaáætlana og aðra hagræna áætlanagerð til langs tíma voru órjúfanlega tengd þeirri hugmynd, að áætlanagerðin væri heildstæð, svo að marktækar niðurstöður fengjust um samanburð og forgangsröðun allra veigamikilla framkvæmdaflokka. Það er enn sem fyrr úrslitaskilyrði fyrir árangri, að það sé ekki háð geðþótta einstakra framkvæmdaaðila eða yfirvalda, hvort mat af þessu tagi tekur til framkvæmda á vegum hlutaðeigandi aðila. Játa ber, að kerfi heildstæðrar áætlanagerðar verður aðeins byggt upp á alllöngum tíma og í samvinnu við fjölmarga hlutaðeigandi aðila, og haga verður útfærslu þess af verulegum sveigjanleika og tilliti til lýðræðislegrar málsmeðferðar og sérstakra stjórnvalda hvers málaflokks. En einmitt þess vegna er brýnt að setja starfinu sem fyrst raunhæf markmið og taka það frá upphafi heildstæðum tökum, þótt síðar verði fyllt nánar upp í myndina. Eru þessi viðhorf sett fram til sérstakrar hliðsjónar við þá endurskoðun laga um Framkvæmdastofnunina, sem vænta má, að ráðið verði til lykta á næstunni. Þrátt fyrir þá annmarka á aðstöðu áætlunargerðar, sem hér hefur verið að vikið, hefur verulegur árangur náðst í áætlunarstarfinu, og verður nú gerð grein fyrir því í nánari atriðum.

### Atvinnuvegaáætlanir.

Samning atvinnuvegáætlana á vegum stofnunarinnar sjálfrar tekur einkum mið af því að vera til leiðbeiningar við stefnumótun og töku ákvarðana um lánveitingar úr Framkvæmdasjóði og Byggðasjóði og þeim stofnlánasjóðum atvinnuveganna, sem Framkvæmdasjóður lánar til, svo og til leiðbeiningar við framkvæmdaaðila um útfærslu framkvæmdanna og fjármögnun þeirra. Eftir því sem unnt er, er reynt að hafa sem best og nánast samband við hlutaðeigandi stofnlánasjóði og viðskiptabanka um samningu og framkvæmd áætlana og afmarkaðri athugana, sem þeim eru tengdar, svo og við aðrar stofnanir og samtök, sem hagsmuna hafa að gæta eða sérþekkingu fram að leggja, sbr. ákvæði laga þar að lútandi. Í annan stað eru þessar áætlanir ætlaðar til hliðsjónar við almenna stefnumörkun af hálfu stjórnvalda í málefnum hlutaðeigandi atvinnuvega. Á það ekki síst við um þær þessara áætlana, sem unnið er að á vegum hlutaðeigandi ráðuneyta með aðild áætlanadeildar.

### Hraðfrystihúsaáætlun 1971—1976.

Áætlun þessari, sem unnið hafði verið að frá árinu 1972, var lokið á fyrri hluta ársins 1974, og kom hún út í júnímánuði. Áætlunin var samþykkt af stjórn Framkvæmdastofnunarinnar hinn 23. apríl, og að lokinni fjölritun hennar var hún lögð fyrir ríkisstjórnina til staðfestingar með bréfi stofnunarinnar 24. júní. Að fenginni staðfestingu ríkisstjórnarinnar, og þar með stefnumarkandi gildi áætlunarinnar, var henni dreift til allra hlutaðeigandi aðila, þ. á m. til allra frystihúsa innan ramma áætlunarinnar, með ordsendingu dags. 4. júlí. Segir þar m. a.:

„Af hálfu Framkvæmdastofnunarinnar er þess vænst, að hraðfrystihúsaáætlunin geti orðið veigamikill leiðarvísir í starfi að endurnýjun og uppbyggingu frystiiðnaðarins næstu árin og að áfram verði haldið að þróa starfsaðferðir við markvissar úrbætur á rekstri frystihúsanna og mat á gildi framkvæmda þeirra.

Stefnt mun að árlegri úttekt og endurskoðun ársáfanga áætlunarinnar í sambandi við árlegar áætlanir um lánveitingar Fiskveiðasjóðs og annarra hlutaðeigandi stofnlánasjóða og lánveitingar Framkvæmdasjóðs til þeirra."

Árlegar úttektir og samning ársáfanga áætlunarinnar gengu raunar á undan samningu heildaráætlunarinnar, og var helmingur áætlunartímabilsins liðinn, þ. e. árin 1971—'73, þegar áætlunin var fullsamin, en eftir voru árin 1974—'76. Þótt í sjálfu sér megi að því finna að hafa áætlun svo síðbúna miðað við framkvæmd hennar, var með þessu leitast við að fylgja henni svo á leið með endurteknum athugunum og endurskoðunum, að hún mætti tryggilega teljast raunhæf, þegar endanlega var frá henni gengið. En á fyrri stigum áætlunarstarfsins voru samdar áfangaskýrslur, sem áður hefur verið gerð grein fyrir.

Heildarfjárhæð hraðfrystihúsframkvæmda skv. áætluninni nam 6 031 m.kr. á verðlagi fyrsta ársfjórðungs 1974. Hafði þá rúmur helmingur hennar verið framkvæmdur fram til 1973, eða fyrir 3 202 m.kr., en eftir stóðu framkvæmdir fyrir 2 829 m.kr.

Skipting framkvæmda eftir megintegundum var eftirfarandi:

| | | |
|---|---|---|
| Byggingar og umhverfi ..... | 4 124 m.kr. | 68.4% |
| Vélar og tæki ..... | 1 907 m.kr. | 31.6% |

Tilefni eða tilgangur framkvæmdanna greindist aðallega í tvennt, annars vegar til þess að mæta auknum kröfum á Bandaríkjamarkaði um hollustuhætti og hins vegar til að sjá fyrir nauðsynlegri stækkun og hagræðingu til að svara kröfum um nýtingu fiskaflans og trausta og hagkvæma atvinnuuppbyggingu. Í mörgum tilvikum var aðgreiningin í þessa tvo flokka matsatriði, og var um það mat höfð samvinna við sérstaka Umsagnarnefnd um lánsumsóknir frystihúsanna vegna hollustuúrbóta. Þannig metin skipting framkvæmdanna var sem hér segir:

| | | |
|---|---|---|
| Hollustuháttaframkvæmdir ..... | 2 582 m.kr | 42.8% |
| Aðrar framkvæmdir ..... | 3 449 m.kr. | 57.2% |

Áætlunin er unnin í nákvæmari sundurliðun á einstök hraðfrystihús og ársáfanga innan hvers þeirra. Inniheldur áætlunarskýrslan ýtarleg yfirlit og samdrætti eftir stöðum og landshlutum. Skipting á landshluta fer hér á eftir, aðgreint eftir því, hvort framkvæmdum sé lokið á fyrri hluta tímabilsins eða þær standa sem áform til síðari hlutans:

| Millj. kr. | Framkvæmdir 1971—'73 | Áform 1974—'76 | Samtals 1971—'76 |
|---|---|---|---|
| Landið allt ..... | 3 202.2 | 2 828.7 | 6 030.9 |
| Suðurland ..... | 265.4 | 187.4 | 452.8 |
| Reykjanes ..... | 1 057.4 | 547.8 | 1 605.2 |
| Reykjavík ..... | 200.5 | 361.4 | 561.9 |
| Vesturland ..... | 381.2 | 263.6 | 644.8 |
| Vestfirðir ..... | 429.2 | 416.2 | 845.4 |
| Norðurland v. ..... | 101.3 | 275.5 | 376.8 |
| Norðurland ey. ..... | 292.9 | 180.8 | 473.7 |
| Austurland ..... | 474.3 | 596.0 | 1 070.3 |

Af þessum tölum kemur fram, að uppbygging og endurbætur voru mjög mislangt á veg komnar við ofangreind tímaskil. Verður í því sambandi að gera þann fyrirvara, að tímamörkin eru nokkuð óljós, þannig að eitthvað af framkvæmdunum var hafið fyrir 1971 og sumum er ætlað að ljúka eftir 1976. Enn fremur er hlutfall framkvæmda eftir landshlutum talsvert frábrugðið hlutfalli þeirra af frystiafurðaframleiðslu, sem er nokkur mælikvarði á, hve langt uppbyggingin hefur verið komin miðað við þörf. Þessi atriði koma best fram í hlutfallstölum, annars vegar lokinna framkvæmda og áforma í hverjum landshluta fyrir sig og hins vegar framkvæmda- og framleiðslu eftir landshlutum. Er hér stuðst við áætlaða framleiðsluvog við meðalaflaforsendur, sem nánar eru skýrðar í áætlunarskýrslunni:

| | Hlutfall innan landshluta: Framkvæmdir 1971—'73 | Áform 1974—'76 | Hlutfall af landsheild: Fram-kvæmdir | Áætluð framleiðsla |
|---|---|---|---|---|
| Allt landið | 53.1 | 46.9 | 100.0 | 100.0 |
| Suðurland | 58.6 | 41.4 | 7.5 | 14.3 |
| Reykjanes | 65.9 | 34.1 | 26.6 | 17.2 |
| Reykjavík | 35.6 | 64.4 | 9.3 | 9.6 |
| Vesturland | 59.2 | 40.8 | 10.7 | 10.5 |
| Vestfirðir | 50.8 | 49.2 | 14.0 | 17.8 |
| Norðurland v. | 26.9 | 73.1 | 6.2 | 5.2 |
| Norðurland ey. | 61.8 | 38.2 | 7.9 | 11.9 |
| Austurland | 44.3 | 55.7 | 17.8 | 13.5 |

Aðstaða þeirra landshluta er að sjálfsögðu betri, sem hafa náð háu framkvæmdahlutfalli á fyrri hluta tímabilsins. Hátt hlutfall framkvæmda af landsheild að tiltölu við framleiðsluvog bendir hins vegar til, að uppbyggingin frá fyrri tíma svari þar síður þörfum. Reykjanes hefur þar nokkra sérstöðu. Annars vegar er þar áætluð lækkun framleiðsluhlutfallsins úr 21.7% árið 1972, en hins vegar hefur orðið þar offjölgun frystihúsa, sem þurftu úrbóta vegna hollustuhátta, og hófust þær úrbætur snemma ásamt verulegri nýbyggingu fyrstu árin.

Fjármögnun framkvæmdanna, væntanleg og nauðsynleg, er sú niðurstaða áætlunarinnar, sem helst snýr að hinu opinbera lánakerfi. Hefur verið gert ráð fyrir gildandi útlánareglum Fiskveiðasjóðs og venjulegum lánum með vélakaupum frá framleiðendum þeirra, en auk þess hefur verið lagt mat á aukalega lánsfjárþörf, sem er einkum til meðferðar af hálfu Byggðasjóðs og Atvinnuleysistryggingasjóðs. Fjármögnunin miðast að sjálfsögðu við heildarfjárhæð á verðlagi hvers árs, sem nemur 5 085 m.kr. Þannig áætluð skiptist fjármögnunin sem hér segir:

| | Millj. kr. | % |
|---|---|---|
| Fiskveiðasjóður | 2 031.2 | 40.0 |
| Vélalán | 850.9 | 16.7 |
| Aukaleg lánsfjárþörf | 487.1 | 9.6 |
| Eigin og óskilgr. fjármögnun | 1 716.2 | 33.7 |
| Alls | 5 085.4 | 100.0 |

Veigamikill hluti fjármögnunarinnar á fyrri hluta áætlunartímans var framlag eigin fjár af óvenjulega hagstæðri rekstrarafkomu þessara ára. Á árinu 1974 snerist afkoman snöggt og harkalega til hins verra, svo að nýmyndun eigin fjár til framkvæmda þvarr að mestu eða öllu. Afkoman er enn við núllmarkið, auk þess sem greiðsluhalli og vanskil fyrra árs sliga fjárhag fyrirtækjanna. Af þessum sökum má vænta, að nokkuð hafi frestast af ársáfanga 1974, er var áætlaður 1 338 m.kr. á verðlagi f. hl. 1974, eða 22.2% af heildaráætlun. Ársáfangi 1975 nam 1 011 m.kr. á sama verðlagi, eða 16.8% af heild, en með framreikningi til núgildandi verðlags telst hann 1 719 m.kr. Örðugur fjárhagur frystihúsanna ásamt harkalegum niðurskurði fjármagns til stofnlána mun óhjákvæmilega valda verulegri frestun framkvæmda, og er unnið að athugun þess máls, þegar þetta er ritað. Af þessum ástæðum mun verulegur hluti áfanganna 1974 og 1975 færast á árið 1976 og jafnvel lengra fram í tímann.

### Aðrar fiskvinnslugreinar.

Ekki hefur enn þótt tilefni til þess að taka upp formlega áætlunargerð um framkvæmdir annarra greina fiskiðnaðarins en frystiiðnaðarins, enda hefur ekki komið upp tilefni til stórátaka á þeim vettvangi. Eigi að síður eru þessar vinnslu-

greinar veigamiklir fræmleiðslu- og framkvæmdaaðilar, sem njóta lánveitinga úr stofnlánakerfinu. Saltfisk- og skreiðarverkun er í nánustum tengslum við hraðfrystiiðnaðinn, og hafa ný hraðfrystihús oft sprottið upp úr starfsemi greinarinnar. Framleiðendur eru mjög margir, t. d. 219 framleiðendur saltfisks 1973, og mjög misjafnlega búnir mannvirkjum og tækjum. Velgengni saltfiskvinnslunnar á undanförnum árum hefur orðið til þess, að mjög ber nú á hvers konar framkvæmdaviðleitni í þeirri grein og jafnframt hætt við fjölgun einiganna. Mikilvægt er, að þessi atvinnugrein byggist upp í traustum, lífvænlegum einingum og, sökum misgengra afkomusveiflna frystingar og söltunar, að hún skiljist sem minnst frá frystingunni, a. m. k. á veikari útgerðarstöðunum. Af þessum tilefnum hafa verið teknar upp athuganir á framkvæmdaþörf saltfiskverkunar, enda þótt enn sé ekki ljóst, hvort um eiginlega áætlunargerð á því sviði getur orðið að ræða, þar sem fjöldi og smæð einiganna gerir mjög örðugt um vik.

### Fiskiskipaáætlun.

Áætlanagerð þessi er sprottin upp úr skuttogaraáætluninni, sem gerð var grein fyrir í fyrstu ársskýrslunni, en nú er stefnt að almennri fiskiskipaáætlun, er taki til allra meiri háttar skipagerða. Framhald gat ekki orðið á þessu áætlunarverki fyrr en starfskraftar losnuðu að lokinni hraðfrystihúsaáætluninni á miðju árinu. Með tilliti til reynslunnar af fyrri tilraunum með áætlanagerð á þessu sviði, þar sem skilyrði eru síbreytileg og hagsmunaviðhorf segja rækilega til sín og eiga beinan aðgang að hinum pólitíska vettvangi, þótti rétt að vanda allan undirbúning sem best og finna áætlunargerðinni sem traustastan grundvöll, enda þótt hún taki fyrir það lengri tíma.

Til þess að tryggja skipulegan vettvang samráðs og tillögugerðar var myndaður starfshópur um fiskiskipaáætlunina. Starfshópnum er ætlað það hlutverk að ræða fram komið efni, áætlanir og tillögur. Af einstökum meðlimum hópsins er til ætlast, að þeir leggi til efnivið frá hlutaðeigandi stofnunum eða samtökum, beri á þeim vettvangi upp viðfangsefni áætlunargerðarinnar, túlki afstöðu hlutaðeigandi til úrlausnarefnanna og geri viðvart um hvaðeina, sem fram vindur og máli skiptir við áætlunargerðina. Starfshópurinn hefur ráðgefandi hlutverk, en formleg og bindandi afgreiðsla áætlunarinnar mun fara eftir lögum um Framkvæmdastofnunina og verða háð endanlegri staðfestingu ríkisstjórnar. Til þessa starfshóps völdust fulltrúar 15 samtaka og stofnana, sem hafa stjórnsýslulegu, tæknilegu, fjárhagslegu eða hagsmunalegu hlutverki að gegna í sambandi við sjávarútveginn. Innan starfshópsins var gengið frá myndun undirhópa um eftirgreind viðfangsefni:

Tæknileg gerð og afköst fiskiskipa.
Hagrænt og fjárhagslegt mat.
Afkoma og hagsmunaleg samskipti.

Á þessu stigi er ekki unnt að reifa viðfangsefni fiskiskipaáætlunar að neinu marki. Rétt þykir þó að geta tilgangs áætlunarstarfsins og væntanlegra markmiða áætlunarinnar.

Segja má, að í höfuðatriðum hafi gerð fiskiskipaáætlunar þann tilgang að:

1. Vera stefnumótandi um æskilega heildaruppbyggingu fiskiskipaflotans.
2. Gefa í megindráttum vísbendingu um æskilega samsetningu flotans eftir stærðum og gerðum.
3. Veita viðbúnað við breyttum þörfum, tækifærum og þróunarstefnum.
4. Leggja drög að hlutverkaskipan innlenda skipasmíðaiðnaðarins gagnvart innflutningi skipa.
5. Leggja grundvöll að öflun nægilegs fjármagns til skipasmíða og kaupa.
6. Auðvelda ákvörðun almennra lánahlutfalla og sérstakrar fyrirgreiðslu í skipulegu samhengi.
7. Leiðbeina um þörf mannafla, menntun hans og þjálfun.

Fyrstu fjögur atriðin höfða til grundvallarstefnumótunar, en þrjú hin síðari til beitingar ákveðinna stjórntækja varðandi meginframleiðsluþættina, fjármagn og mannafla.

Markmið áætlunarinnar verða ekki ákvörðuð í tölulegum stærðum, magnstærðum, fjárhæðum o. þ. h., fyrr en að undangengnum öllum undirbúningi áætlunarinnar. Hins vegar má, með fyllstu fyrirvörum, setja fram eftirfarandi gildislæg (kvalitativ) markmið:

1. Nýting fiskistofnanna miðist við það að hámarki að viðhalda sem mestri afkastagetu stofnanna til langs tíma.
2. Innan þeirra marka sé leitast við að ná hagkvæmustu nýtingu, sem staðið getur til lengdar, metið eftir afrakstri og tilkostnaði á mismunandi stigi nýtingar.
3. Að því marki, sem það skerðir ekki frambúðarstofna og getur talist hagkvæmt, verði nýttir tilfallandi toppar í sveiflu stofna og aflatækifæra.
4. Stefnt sé að skjótri uppbyggingu upp í hagfelldustu stærð og samsetningu flotans, miðað við þær aðstæður sem vænta má, að ríkja muni á næstunni.
5. Endurnýjun og stækkun flotans verði upp frá því svo jöfn og laus við sveiflur sem verða má, að teknu hæfilegu tilliti til endurnýjunar misstórra eldri árganga.
6. Með stöðugri endurnýjun og aukningu, sem og öðrum beinum aðgerðum, verði innlendum skipasmíðaiðnaði tryggður stöðugur og vaxandi starfsvettvangur í hagfelldri og sanngjarnri hlutverkaskipan atvinnuveganna.
7. Fiskiskipaflotinn haldist í fararbroddi tæknilegrar þróunar, en hverju sinni sé þó aðeins lagt í hóflega áhættu vegna nýjunga.
8. Stuðlað sé að byggðajafnvægi með dreifingu flotans um landið og tilliti til sérþarfa byggðanna fyrir tilteknar gerðir fiskiskipa.
9. Tekið sé tillit til velferðar og tekjutækifæra starfsmanna við hönnun skipa, aðbúnað og hagræðingu.

Varðandi 4. lið má taka fram, að því marki sé raunar þegar náð, að því er varðar skuttogaraflotann, ef ekki farið fram úr því.

Frá því að þessi grundvöllur var lagður að áætlunargerðinni hefur einkum verið unnið að úrvinnslu gagna um fiskiskipaflotann sjálfan, stærð hans, fjölda, samsetningu, smíðaefni, verðmæti, skiptingu á útgerðarstaði o. fl., svo og um fiskimannaflann. Enn fremur hefur verið unnið að athugunum á rannsóknaraðferðum til að meta samhengi sóknar og afla.

Til þess að varpa nokkru ljósi á stærð þessa viðfangsefnis má geta hér nokkurra helstu stærða fiskiskipaflotans síðustu árin.

Fiskiskipastóllinn taldist um síðast liðin áramót svo sem hér fer á eftir, miðað við formlega skráningu skipafjölda og rúmlestattölu hjá Siglingamálastofnun og það vátryggingarverðmæti, er gekk í gildi frá áramótum:

| | Fjöldi | Br. rúml. | Vátr. verðm. m.kr. |
|---|---|---|---|
| Bátar | 845 | 61 684 | 19 906 |
| Skuttogarar | 54 | 28 180 | 12 088 |
| Síðutogarar | 7 | 5 961 | 666 |
| Hvalveiðiskip | 4 | 1 953 | 499 |
| Alls | 910 | 97 778 | 33 159 |

Hér hafa 7 skutbyggð togskip, rétt undir 300 brl. hvert, verið færð undir skuttogara, þótt þau gætu á mælikvarða stærðar talist bátar, en alls eru þau 1 949 brl.

Af ofangreindum flota hefur Fiskifélag Íslands fellt niður þau skip, sem tekin hafa verið úr notkun, og telur því eftirtalda flokka nema:

| | | |
|---|---|---|
| Bátar | 809 skip | 60 195 brl. |
| Síðutogarar | 5 — | 4 545 — |
| Flotinn alls | 872 skip | 94 873 brl. |

Hin opinbera rúmlestatala skipaskrárinnar er samsett af mælingum skv. gömlum reglum og nýjum, sem gengu í gildi árið 1967 fyrir ný og endurmæld skip. Gerð hefur verið tilraun til samræmingar á stærðarmati eftir reynslu af endurmælingum skipa af mismunandi stærðum og gerðum. Kemur fram talsvert mismunandi þróun eftir mati skv. gömlu og nýju reglunum, þar sem mestu munar um hlutfallslega niðurfærslu mats skuttogaranna, sem valda svo til allri stækkun flotans. Sé rakið frá árinu 1969, þegar lágmarki var náð við rýrnun síðutogaraflotans, áður en skuttogararnir tóku að streyma að, er samanburður rámlestatölu skv. gömlu og nýju reglunum sem hér segir:

| | Rúmlestir | | Vísitölur | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Árslok | Gamlar reglur | Nýjar reglur | Gamlar reglur | Nýjar reglur | Vísitala tengd 1971 |
| 1969 ..... | 80 837 | 71 812 | 100.0 | 100.0 | 100.0 |
| 1970 ..... | 80 912 | 71 719 | 100.1 | 99.9 | 100.1 |
| 1971 ..... | 84 464 | 74 541 | 104.5 | 103.8 | 104.5 |
| 1972 ..... | 92 116 | 80 131 | 114.0 | 111.6 | 112.3 |
| 1973 ..... | 106 062 | 89 685 | 131.2 | 124.9 | 125.7 |
| 1974 ..... | 116 724 | 95 854 | 144.3 | 133.5 | 134.4 |

Vísitölurnar sýna hlutfallslega þróun rúmlestafjöldans skv. fyrri dálkunum, þ. e. skv. umreikningi til hreins grundvallar eftir gömlu og nýju reglunum. Loks er sýnd sú tenging þessara tveggja reikningshátta á árinu 1971, sem væntanlega verður stuðst við framvegis, þar sem ógerlegt er að reikna hinn nýja grundvöll allar götur aftur í tímann né heldur að halda áfram umreikningi til hinna gömlu reglna ár frá ári héðan af.

Í þessu sambandi er vert að leita samanburðar við þróun verðmætis flotans á föstu verðlagi, þ. e. eftir afskriftir fyrir sliti og úreldingu, og er hér stuðst við svonefnt þjóðarauðsmat frá Þjóðhagsstofnun, á verðlagi ársins 1974:

| | Þjóðarauðsmat fiskiskipaflotans | |
|---|---|---|
| | Millj. kr. | Vísitala |
| Árslok: 1969 ..... | 14 844 | 100.0 |
| 1970 ..... | 15 468 | 104.2 |
| 1971 ..... | 16 264 | 109.6 |
| 1972 ..... | 18 731 | 126.2 |
| 1973 ..... | 24 002 | 161.7 |
| 1974 ..... | 27 462 | 185.0 |

Þannig kemur langmest aukning fram á verðmætismælikvarða. Stafar það af uppyngingu flotans við hina miklu aukningu, en gæti auk þess bent til þess, að hinar gömlu mælieiningar hafi veitt góða vísbendingu um virði eða kostnað.

Samsetning fiskiskipaflotans skv. umreikningi til nýrrar mælingar er sem hér segir:

| | Fjöldi | Br. rúml. | Brl. % |
|---|---|---|---|
| Bátar ..... | 845 | 60 088 | 62.7 |
| Skuttogarar ..... | 54 | 28 180 | 29.4 |
| Síðutogarar ..... | 7 | 5 676 | 5.9 |
| Hvalveiðiskip ..... | 4 | 1 910 | 2.0 |
| Alls | 910 | 95 854 | 100.0 |

Þannig nema togararnir nú 35.3% alls flotans, þótt miðað sé við nýju mælireglurnar, en mundu nema um 39.4%, hefði gömlu reglunum verið við haldið.

Hér að framan var getið vátryggingarverðmætis fiskiskipastólsins um áramót að fjárhæð 33 159 m.kr. Við gengisbreytinguna í febrúar var mat skipa yfir 100 brl. fært upp, og er verið að meta flota smærri báta tilsvarandi. Má vænta þess, að endurmat þetta leiði til þess, að flotinn um áramót teljist þannig allt að 38 000 m.kr. virði.

### Landbúnaðaráætlanir.

Áætlanagerð á vettvangi landbúnaðar hefur landbúnaðarráðuneytið ákveðið að láta til sín taka í samvinnu við Búnaðarfélag Íslands, Framleiðsluráð landbúnaðarins, Stéttarsambands bænda, Framkvæmdastofnun ríkisins og Landnám ríkisins. Áður hafði áætlanadeild Framkvæmdastofnunar unnið verulegt undirbúningsstarf að áætlunargerðinni, einkum með athugunum á innlendri eftirspurn landbúnaðarvara og þar með á svigrúmi hins innlenda markaðar, en skýrsla þess efnis kom út í september 1973. Eftir nokkurn undirbúning ritaði landbúnaðarráðuneytið stofnuninni bréf hinn 18. apríl 1974 þess efnis, að stofnunin tilnefndi fulltrúa í samstarfsnefnd um áætlanagerð á sviði landbúnaðar. Hefur forstöðumaður áætlanadeildar síðan átt aðild að nefnd þessari.

Áætlanagerð um landbúnað flokkast einkum í tvennt, annars vegar heildaráætlun um þróun landbúnaðarins í samverkan við aðra helstu þætti þjóðarbúskaparins og hins vegar áætlanir um afmörkuð landbúnaðarsvæði, þar sem sérstök vandamál stöðnunar og byggðaröskunar steðja að. Þetta eru eins konar byggðaáætlanir á sviði landbúnaðarins og eru í verkahring Landnáms ríkisins, m. a. í samvinnu við Framkvæmdastofnunina. Dæmi um þess háttar áætlanir eru Inn-Djúpsáætlun, sem telst ná til áranna 1973—'78, og Hólsfjallaáætlun, sem nú er unnið að. Áður en lengra væri gengið í að hleypa af stokkunum þess háttar séráætlunum, sem kalla til sérstakrar aðstoðar umfram almenna reglu, þótti rétt að kanna á almennum grundvelli hugsanlegt tilefni slíkra áætlana víða um land, bæði þar sem beiðni hefur borist um það og annars staðar, þar sem líkt er ástatt. Er nú unnið að þeim athugunum á vegum nefndarinnar. Áætlanadeild hefur veitt Landnámi ríkisins talsverða aðstoð við undirbúning séráætlana af þessu tagi og þá tengt það hliðstæðu starfi að byggðaáætlunum.

Hin almenna landbúnaðaráætlun er að sjálfsögðu viðameira verkefni og mun væntanlega verða til samfelldrar meðferðar og endurskoðunar næstu árin. Framhaldsathuganir á vegum ráðuneytisins hafa staðfest fyrri spár á vegum áætlanadeildar um þröng mörk hins innlenda markaðar. Að sama skapi er brýnt að beina kröftunum að nýjum eða vannýttum framleiðslugreinum, aukinni fóðurframleiðslu í stað hins innflutta, svo og að bættri og fyllri vinnslu afurðanna. Hafa áætlanir um þessa þætti verið til meðferðar að undanförnu og munu væntanlega hljóta vaxandi forgang framvegis. Mikil þörf framkvæmda í búrekstrinum sjálfum hlýtur þó einnig að segja til sín vegna endurnýjunar eigna og eðlilegrar hneigðar til bústækkunar á smærri býlum. Unnið er að því á vegum nefndarinnar að meta þessa þörf til samanburðar við hið takmarkaða svigrúm fyrir afurðaauka á innlendum markaði.

### Iðnþróunaráætlun.

Svo sem greint var frá í ársskýrslu 1973 skipaði iðnaðarráðuneytið á því ári sérstaka nefnd til þess að starfa að álitsgerð og áætlunargerð um iðnþróun í framhaldi af starfi sérfræðinga Sameinuðu þjóðanna á því sviði. Skyldi nefndin jafnframt hafa frumkvæði um að hrinda ýmsum hugmyndum þar að lútandi í framkvæmd. Var forstöðumaður áætlanadeildar skipaður í nefndina til þess að koma á tengslum milli þess starfs, sem fram fer hjá nefndinni og í áætlanadeild. Með hliðsjón af því var hafið í deildinni starf að mati á þróunarviðhorfum iðnaðargreina með hliðsjón af sennilegri þróun eftirspurnar, markaðshlutdeild iðnaðarins á innlendum markaði, framleiðniþróun o. s. frv. Leiða athuganir þessar til sennilegrar

niðurstöðu um þróun framleiðslu og mannafla og geta lagt nokkurn grundvöll að mati fjárfestingarþarfa.

Starfið á vegum Iðnþróunarnefndar hefur greinst í a. m. k. þrjá höfuðþætti: í fyrsta lagi að taka afstöðu til ýmissa almennra stefnumála varðandi opinber afskipti og fyrirgreiðslu við iðnaðinn, skipulag stofnana í þágu iðnaðarins o. þ. h., í öðru lagi að koma upp starfshópum til sérstakra athugana og hagræðingaraðgerða á vegum einstakra iðnaðargreina, og í þriðja lagi að leggja drög að tölulegum áætlunum um helstu hagrænar stærðir iðnaðarins. Það er einkum á þessu síðast greinda sviði, að áætlanadeild hefur lagt talsvert af mörkum til nefndarstarfsins. Unnar hafa verið spár um mannaflaþróun iðnaðarins og annarra helstu atvinnugreina, svo og um fjárfestingarþörf iðnaðarins. Þar sem frumálitsgerð Iðnþróunarnefndar er nú því sem næst lokið og verður væntanlega birt á næstunni, þykir ekki rétt að reifa efni ofangreindra spáa að svo stöddu.

Á þessu stigi hafa aðeins verið tök á að semja spár á vegum nefndarinnar um þróun iðnaðarins í grófustu höfuðdráttum. Er því mikið framhaldsverkefni óunnið, en ekki er að svo stöddu ljóst, hvort og hve lengi umboð nefndarinnar verður framlengt. Hvort sem það verður á vegum nefndarinnar eða verður tekið upp sjálfstætt á vegum Framkvæmdastofnunarinnar, er nauðsynlegt að taka til nánari yfirvegunar þær kannanir á horfum einstakra iðnaðargreina, sem unnar hafa verið í áætlanadeild og nú er senn lokið í fyrstu umferð. Er þá fyrir höndum að gera innbyrðis samanburð milli iðnaðargreinanna og meta heildarniðurstöður. Verður enn ekki fullyrt, hve langt verður komist, þar sem hagskýrslugrundvöllur flestra talnaraða er á ýmsan hátt fremur veikur og vafasamt, í hvaða mæli þær standa undir beitingu tölfræðilegra könnunaraðferða.

## Opinberar framkvæmdaáætlanir.

Áætlanir um framkvæmdir hins opinbera hafa ekki verið á verkefnaskrá áætlanadeildar í heillegu og skipulegu formi, frá því að deildin hætti árið 1973 að eiga aðild að árlegum framkvæmda- og fjáröflunaráætlunum ríkisins. Að þeim er þó unnið í samhengi einstakra landshlutaáætlana, einkum þó að því er varðar samgönguframkvæmdir, sem í vissum tilvikum eru viðfangsefni séráætlana á landshlutagrundvelli. Hefur komist á margháttað samráð og samstarf við stofnanir samgöngumála, ekki aðeins á landshlutagrundvelli, heldur einnig á almennum vettvangi þessara mála. Þannig hefur áætlanadeild haldið áfram að gera spár til skamms og langs tíma um bifreiðaeign landsmanna og átt samstarf við Vegagerð ríkisins um samningu tekjuáætlunar Vegasjóðs. Samráð eða samvinna hefur verið höfð við Vegagerð ríkisins um arðsemismat einstakra stórra framkvæmda og leitað frekari samvinnu um almennt arðsemismat á grundvelli „vegrammans", þ. e. heildaryfirlits hugsanlegra vegbóta á fyrirliggjandi vegleiðum. Svipuðu máli gegnir, þó í nokkuð takmarkaðra mæli, um framkvæmdaáætlanir hafnamála og flugmála. Skv. hafnalögum ber að leita álits Framkvæmdastofnunarinnar á æskilegri heildarstærð hafnaáætlunar. Til þess að veita slíku mati nokkurn samanburðargrundvöll var samið yfirlit um hafnaframkvæmdir færðar til fasts verðlags 1961—1974, skiptar á landshluta, framkvæmdaflokka og áætlunartímabil, og komu niðurstöðurnar fram í hafnaáætlun 1975—'78. Þá var að fyrirlagi samgönguráðuneytisins unnið með Hafnamálastofnun ríkisins og Hafnasambandi sveitarfélaga að athugun á því, „á hvern hátt heppilegast væri að vinna að heildarathugun og tillögum um hafnamál Suðurlands". Er það mál nú komið til sérstakrar nefndar.

Frá því í nóvember 1973 hefur áætlanadeild annast aðild að norrænni samstarfsnefnd um hagrænar rannsóknir á sviði samgöngumála. Árið 1974 hélt nefndin 6 fundi, og sótti fulltrúi stofnunarinnar 3 þeirra. Auk þess voru tvisvar haldnar fræðilegar ráðstefnum (seminör), og hafa fulltrúar af Íslands hálfu sótt báðar þeirra og var í einu tilviki lagt til framsöguerindi. Viðfangsefni nefndarinnar hafa einkum verið að undirbúa ráðstefnuhald og hafa uppi almennt samráð um hag-

rænar samgöngurannsóknir og gagnkvæma kynningu rannsóknarverkefna. Þær tvær ráðstefnur, sem Íslendingar hafa tekið þátt í á árinu 1974, fjölluðu um eftirgreind efni: 1. Samgönguskipulagning sem þáttur í mótun virkrar byggðastefnu. 2. Þróun hafna og samgangna á sjó á Norðurlöndum. Á vegum nefndarinnar hefur verið hreyft hugmynd um ráðstefnu hérlendis á næsta ári, er fjalla mundi um samgöngukerfi á norðurslóðum með sérstakri áherslu á þá hugmynd að nýta hringveginn um landið sem kjarna í samstilltu flutningskerfi.

Þéttbýlissveitarfélög landsins hafa síðustu árin unnið að gerð áætlana um varanlega gatnagerð, þ. e. götur með bundnu slitlagi. Hafa landshlutasamtökin beitt sér fyrir samstilltu átaki í þessum efnum og leitað heildstæðrar lausnar á fjármögnunarvandanum. Mynduðu landshlutasamtökin á Vesturlandi, Vestfjörðum, Norðurlandi og Austfjörðum sérstaka samstarfsnefnd um þessar aðgerðir, og sneri nefndin sér m. a. aðila til Framkvæmdastofnunarinnar til að leita liðsinnis við áætlanagerð og fjármögnun. Af þessu tilefni tók áætlanadeild saman yfirlitsskýrslu: „Áætlanir sveitarfélaga um gatnagerð í þéttbýli og fjármögnunarhugmyndir", og kom skýrslan út fjölrituð í janúar 1975. Skýrslan náði ekki til Reykjavíkur eða Reykjaness, en niðurstöðutölur annarra landshluta voru sem hér segir miðað við verðlag 1. janúar 1975:

| | | |
|---|---|---|
| Vesturland | 767 | m.kr. |
| Vestfirðir | 1 219 | — |
| Norðurland | 1 629 | — |
| Austurland | 1 429 | — |
| Suðurland | 729 | — |
| Samtals | 5 773 | m.kr. |

Áætlun um Vestmannaeyjar var ekki tilbúin, en að kostnaði þar meðtöldum nemur áætlun um Suðurland nálægt 1 000 m.kr. og heildin rúmum 6 000 m.kr. Áætlun um Austurland var heldur ekki fullbúin og því fyllt í þá eyðu með grófri áætlun. Af þessum sökum er áformað að endurskoða skýrsluna hið fyrsta. Skýrslan hefur eigi að síður komið að góðum notum við umræður um lausn fjármögnunarvandans. Hefur stjórn Framkvæmdastofnunarinnar þegar mótað afstöðu sína um stuðning Byggðasjóðs með láni allt að 25% kostnaðar gegn tryggingu í skuldabréfum væntanlegra gjaldenda gatnagerðargjalda.

### Húsnæðisáætlanir.

Íbúðabyggingar nema að jafnaði milli 25% og 30% heildarfjárfestingar. Þær eru þannig veigamikill þáttur í heildarsamhengi fjárfestingar og fjármögnunar. Er góð og hagkvæm nýting fjármagns til húsnæðismála því mjög þýðingarmikil þjóðhagslega séð, en á hinn bóginn hefur uppfylling húsnæðisþarfanna mikið beint velferðargildi. Á síðustu árum hefur vaknað skilningur fyrir áhrifum húsnæðismála á byggðaþróun. Af þessum sökum hefur frá upphafi verið stefnt að því, að Framkvæmdastofnunin léti sig þessi mál varða og leggi m. a. lið sitt í formi áætlunargerðar.

Í ársskýrslunni 1973 er greint frá aðstoð áæætlanadeildar við samningu áætlunar á vegum Húsnæðismálastofnunar um úthlutun sérstakra lána til byggingar 1000 leiguíbúða á vegum sveitarfélaga á 5 árum. Verk þetta var þó að meiri hluta unnið á árinu 1974. Að lyktum tók Húsnæðismálastofnunin einhliða ákvörðun um úthlutunina, með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum, en án beins samráðs við Framkvæmdastofnunina.

Meginverkefnið á þessu sviði árið 1974 var þó undirbúningur almennrar spár um þróun íbúðaþarfarinnar í heild og eftir landshlutum. Á grundvelli mannfjölda-

spár áætlanadeildar var unnin spá um fjölgun fjölskyldukjarna og einstaklinga, ógiftra og áður giftra. Með hliðsjón af hérlendri reynslu og á Norðurlöndum var unnin spá íbúðaþarfar í mismunandi tilvikum „íbúðatíðni" miðað við hlutaðeigandi hópa. Enn fremur var kannað samhengið milli þróunar þjóðartekna og íbúðabygginga og gerð spá skv. því til samanburðar við og staðfestingar á spá skv. fyrrgreindu leiðinni. Þegar þetta er ritað, liggja niðurstöðurnar fyrir í skýrsluformi til umræðna milli hlutaðeigandi aðila um samningu og útgáfu áætlunar á þeim grundvelli. Auk þess að áætla, svo sem gert hefur verið, fjölda íbúðareininga og heildarfjármagn til íbúðabygginga, virðist æskilegt að nýta þann grundvöll til þess að áætla stærðasamsetningu íbúða, félagsleg form og aðild að byggingu þeirra, samsetningu fjármögnunar og getu byggingarstarfseminnar til að anna verkefninu, skipulag hennar og hagræðingu.

### Byggðaáætlanir.

Nokkur viðamikil verkefni byggða- eða landshlutaáætlana hafa verið í gagni hjá áætlanadeild. Hefur reynst æðiþungt undir fæti að koma sumum þessara verkefna áfram og ber þar margt til. Að byggðaáætlunum er að sjálfsögðu ekki unnið sjálfra þeirra vegna, heldur er þeim ætlað að vera starfstæki við mótun stefnunnar í byggðamálum í nánari framkvæmdaatriðum og vera til hliðsjónar við ráðstöfun fjármagns til þeirra mála. Byggðaáætlunum hefur fram til þessa verið valið æðistórt snið, við það miðað að draga alla helstu áhrifaþætti byggðaþróunar í eina heildarmynd fyrir hlutaðeigandi landshluta. Þetta gerir mjög háar kröfur til skýrsluefnis og til skipulegrar og ljósrar meðferðar mála af hálfu opinberra aðila, sem um einstaka málaflokka fjalla. Áætlanagerð með þessu sniði tekur óhjákvæmilega langan tíma, og hefur á stundum reynst örðugt að halda starfskröftum til samfelldrar vinnu svo lengi. Þær starfsaðferðir, sem nú eru notaðar, mega enn teljast á tilraunastigi, bæði hér á landi og erlendis. Að lokinni grundvallarúttekt landshluta í formi þeirra áætlana, sem nú er að unnið, má því búast við, að reynt verði að beita öðrum starfsaðferðum, m. a. með hnitmiðaðra mati einstakra framleiðslu- og þjónustutækifæra og athugunum á þeim kjörum, sem þeim þarf að búa, svo að lífvænleg geti talist.

Raunar er það þegar svo, að áætlanadeild starfar að byggðamálum með ýmsum öðrum hætti en með formlegum byggðaáætlunum. Þannig er hraðfrystihúsaáætlunin, sem lokið var í fyrra, jafnframt í rauninni safn byggðaáætlana í þeirri grundvallargrein. Í framhaldi af því og af tilefni hinna illvígu fjárhagsörðugleika í sjávarútvegi, sem hófust fyrir ári og koma harðast niður á hinum veikari útgerðarstöðum, hafa verið gerðar sérathuganir á vandamálum sumra þessara útgerðarstaða, að jafnaði í samvinnu við lánadeild stofnunarinnar og hagdeildar viðskiptabankanna. Enn fremur hafa verið gerðar athuganir á rekstrarhorfum fyrirtækja í iðnaði og ýmiss konar upplýsingar veittar öðrum aðilum, sem að byggðamálum starfa.

### Framvinda byggðamála.

Áður en lengra sé haldið, þykir rétt að gera örstutta grein fyrir almennri framvindu eða þróun byggðamála. Sú þróun er ekki síst metin með hliðsjón af mannfjöldaþróun, meðaltekjum o. þ. h. almennum hagstærðum. Til þess að veita nokkra yfirsýn yfir framvinduna eru í viðauka birtar nokkrar töflur um þessi efni.

Síðustu tvö árin, 1973 og 1974, hefur náðst mjög veigamikill árangur í mynd hagstæðari byggðaþróunar, hvort sem metið er á mælikvarða mannfjöldaþróunar eða meðaltekna. Þróunin hefur þó gengið nokkuð misjafnt yfir landshlutana, en hvergi sýnt stöðnun eða fólksfækkun nema á Vestfjörðum.

Mat mannfjöldahreyfinga árin 1973—'74 er verulegum vandkvæðum bundið vegna flutninga Vestmannaeyinga til lands og flestra þeirra út aftur. Af mannfjölda

þar í árslok 1972, 5 303 manns, höfðu 4 384 snúið aftur í árslok 1974, svo að 919 voru eftir á meginlandinu. Miðað við meðalfjölgun landsmanna hefði Vestmanneyingum fjölgað í 5 437 í árslok 1974. svo að á þann mælikvarða sátu 1 053 þeirra eftir á meginlandinu. Er sá fjöldi einkum niður kominn á höfuðstaðarsvæðinu, Suðurlandi og Reykjanesi, en ekki verður séð nákvæmlega, hve margir á hverju svæði, þar sem aðeins brottflutningar eru aðgengilega skráðir, 1 426 manns til annarra landshluta bæði árin, en ekki mótsettir flutningar, þ. á m. endurflutningar þeirra, sem brottskráðust fyrra árið.

Í mannfjöldatöflum í viðauka eru sýndar raunverulegar skráningatölur, þó bráðabirgðatölur fyrir árslok 1974. Með tilliti til hins sérstaka eðlis Vestmannaeyjaflutninganna og þess, að stefnt er að fullri endurreisn Vestmannaeyjabyggðar, þykir gefa réttari mynd að miða við eðlilega meðalfjölgun þar og skipta ofangreindum nettómun, 1 053 manns, til frádráttar öðrum svæðum í hlutfalli brúttóflutninga. Kemur þá fram eftirgreind niðurstaða um leiðrétta fólksfjölgun 1973 og 1974:

| | „Leiðrétt" fólksfjölgun % | | |
|---|---|---|---|
| | 1973 | 1974 | 1973—'74 |
| Höfuðstaðarsvæði | 0.89 | 1.13 | 2.02 |
| Reykjanessvæði | 2.20 | 2.20 | 4.45 |
| Vesturland | 1.69 | 0.89 | 2.60 |
| Vestfirðir | 0.45 | ÷0.52 | ÷0.01 |
| Norðurland vestra | 1.19 | 0.78 | 1.98 |
| Norðurland eystra | 1.93 | 1.16 | 3.12 |
| Austurland | 1.89 | 1.10 | 3.01 |
| Suðurland án Vme. | 2.65 | 3.43 | 6.16 |
| Vestmannaeyjar | (1.29) | (1.23) | (2.53) |
| **Samandregið:** | | | |
| Höfuðst. og Reykjanessv. | 1.01 | 1.23 | 2.25 |
| Aðrir landshlutar | 1.70 | 1.22 | 2.95 |
| Allt landið | 1.29 | 1.23 | 2.53 |

Hér blasir við, að höfuðstaðarsvæðið, meginaðdráttarsvæði landsins, sem magnast hefur sjálfkrafa að vexti og taldi um 116 þús. manns 1974, hefur bæði árin vaxið um 10% hægar að fólksfjölda en landið í heild, en aðeins um ⅔ af vaxtarhraða annarra landshluta í heild. Kemur fram, að næstliggjandi svæði, Reykjanes og Suðurland, búa jöfnum höndum að svo góðum atvinnuskilyrðum og greiðum aðgangi góðra vega að höfuðstaðarsvæðinu, að búsetuskilyrði þar þykja fýsileg, enda er hlutfallsvöxtur þessara svæða tvö- til þrefaldur á við höfuðstaðarsvæðið á leiðréttan mælikvarða. Mun þó hafa ráðið nokkru hér um, í hvaða mæli Vestmanneyingar hafa tekið upp húsnæði á höfuðstaðarsvæðinu og teppt þannig hugsanlegan aðflutning.

Reykjanessvæðið stendur að ýmsu leyti í nánustu sambandi við höfuðstaðarsvæðið. Séu þau svæði tekin til samanburðar við aðra landshluta til samans, kemur fram mun hagstæðari þróun hinna síðargreindu fyrra árið, en jafnvægi síðara árið. Að landsbyggðin skuli hafa haldið þannig til jafns við miðþyngdarsvæði landsins, sem eðlilega og venjulega hefur mikið aðdráttarafl, hlýtur að teljast stórvægilegur árangur, sem ástæða væri til að leita nánari skýringar á. Vafalaust á almennur uppgangur og uppbygging sjávarútvegsins hér mikinn hlut að máli, einkum öflun skuttogara og efling hraðfrystihúsa á hinum ýmsu útgerðarstöðum um landið, enda eðlilegt að þau áhrif séu sterkari fyrra árið, áður en á móti tók að blása. Hér virðist einnig mega greina áhrif byggðastefnu í margvíslegum myndum, ekki síst með eflingu Byggðasjóðs og sérstökum útlánum hans til byggðamála.

Af landshlutum utan höfuðstaðar- og Reykjanessvæðis hefur Suðurland fleytt rjómann af fjölguninni. Má rekja það til áhrifa stórra orku- og hafnarframkvæmda,

óbeinna áhrifa af aðstreymi Vestmanneyinga og góðs vegarsambands, og koma þessar ástæður heim við það, að vöxturinn er öflugri síðara árið, gagnstætt því sem á sér stað um hina ytri landshlutana. Næst því koma Norðurland eystra og Austurland best út, og nokkurn veginn jafnt, fyrra árið mun hagstæðar en landsheild, en síðara árið aðeins lakar. Endurreisnaraðgerða var hvað mest þörf víða um Austurland, og marka þær aðgerðir því væntanlega hvað skörpust skil þar. Að auki kunna bættar samgöngur við opnun hringvegar og vegabætur skv. samgönguáætlun Austurlands að hafa haft nokkra þýðingu í þessu sambandi. Norðurland eystra nýtur einkum styrks Akureyrar og vaxtar sumra hinna smærri útgerðarstaða.

Vesturland hafði óvenjulega óhagstæða afstöðu til annarra landshluta, þó til muna ofan landsmeðaltals fyrra árið, en nokkru lakara síðara árið. Kom þar einkum til, að fólksfjöldi útgerðarstaðanna utan á Snæfellsnesi snerist til fækkunar 1974. Á Norðurlandi vestra hefur einnig orðið fjölgun, sem var nærri landsmeðaltali 1973, en um ⅔ þess 1974.

Aðeins á Vestfjörðum hefur orðið stöðnun, þ. e. jafnmikil fækkun síðara árið og fjölgun nam fyrra árið. Fækkunin varð einkum á Ísafirði, Flateyri og Bíldudal á móti nokkurri fjölgun annarra staða. Framhald á fólksfækkun á Vestfjörðum, í kjölfar áratuga reynslu af fækkun í þeim landshluta, hlýtur að vera áhyggjuefni. Skorti á atvinnu og tekjum er ekki til að dreifa, nema þá í einstaka undantekningum, enda voru meðaltekjur virkra framteljenda á Vestfjörðum 1973 jafnháar og á öllu landinu. Hins vegar kreppa að sömgönguleysi og einangrun, og er vert að minnast þess í sambandi við þá miklu og nokkuð einhliða áherslu, sem nú er lögð á hringvegarframkvæmdir.

Af samanburði meðalbrúttótekna framteljenda eftir skattumdæmum við samsvarandi töflu í ársskýrslu 1972 (18. töflu) kemur fram, að meðaltekjur um landið hafa jafnast mjög milli 1971 og 1973. Árið 1971 voru 3 umdæmi með 10% hærri meðaltekjur að óvegnu meðaltali en landsmeðaltal, en 6 umdæmi með 10.3% lægri meðaltekjur. Árið 1973 voru 3 umdæmi með 7.3% hærri meðaltekjur og 5 umdæmi með 8.8% lægri meðaltekjur, en Vestfirðir með tekjur jafnar landsmeðaltali sem fyrr sagði. Hér hefur orðið veruleg þrenging bilsins milli landshluta með tekjur yfir og undir meðaltali.

### Norður-Þingeyjarsýsluáætlun.

Áætlunargerð þessi hófst í apríl 1973 og tók Verkfræðiþjónusta Guðmundar Óskarssonar að sér verkefnið, en með hjálp ýmiss konar gagna og aðstoðar frá áætlanadeild. Mest var unnið að áætluninni árið 1974, og var samningu skýrslu ásamt tillögudrögum að heita má lokið um áramót. Kom skýrslan út í mars 1975 undir heitinu: „Byggðaþróunaráætlun Norður-Þingeyjarsýslu. — Skýrsla og tillögudrög". Hefur skýrslunni að svo stöddu aðeins verið dreift til umsagnaraðila og er til athugunar hjá stjórn stofnunarinnar, en ekki til birtingar fyrr en um hana hefur verið fjallað á þeim vettvangi. Auk Norður-Þingeyjarsýslu hefur komið til álita, að áætlunin næði einnig til Skeggjastaðahrepps og Vopnafjarðarhrepps í Norður-Múlasýslu, enda myndar svæðið að þeim meðtöldum nokkuð eðlilega heild. Um þetta atriði þurfa þessir hreppar fyrst að taka ákvörðun.

### Austurlandsáætlun.

Áætlunargerð þessi hófst einnig vorið 1973, og hefur hún verið unnin á vegum Hagvangs hf. í samráði við áætlanadeild. Tafir urðu á verkinu á síðasta ári vegna starfsmannaskipta og örðugleika á að ná öllu því efni saman, sem upphaflega var fyrirhugað. Varð að ráði að skipta skýrsluefninu í tvennt til útgáfu, og hafa hina almennu haglýsingu o. þ. h. í fyrri hluta, en nánari greinargerð og tillögur í síðari hluta. Hefur síðan verið settur kraftur á vinnuna við fyrri hlutann, og er honum nú að ljúka til útgáfu.

### Norðurland vestra og Strandir.

Sams konar örðugleikar hafa verið við þessa áætlunargerð vegna mannaskipta og við töku ákvarðana um efnisskil við útgáfu. Hefur sama orðið upp á teningnum, að almennt skýrsluefni er skilið frá til útgáfu á næstunni.

### Vestfjarðaáætlun.

Áætlun þessi er meira á frumstigi en hinar fyrr greindu og hefur gengið með hléum vegna mannaskipta. Fram á haustið 1974 var unnið að úttekt ýmissa málaflokka, svo sem samgöngumála, verslunarmála, og sláturhúsamála o. fl. Hafa bráðabirgðaskýrslur þess efnis verið til athugunar hjá Fjórðungssambandi Vestfirðinga. Áætlanadeild var ásamt framkvæmdaráði til samráðs um Inn-Djúpsáætlun, sem samin var af Landnámi ríkisins og stóð athugun á sláturhúsamálum og þætti Djúpbátsins í samgöngumálum m. a. í sambandi við þá áætlunargerð. Starfskraftar mega nú teljast tryggðir til að taka Vestfjarðaáætlun aftur upp af fullum krafti.

### Vesturlandsáætlun.

Starf að þessu viðfangsefni byrjaði á árinu 1974. Fluttu starfsmenn áætlanadeildar þrjú erindi um mismunandi þætti áætlunarstarfsins á aðalfundi Samtaka sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi 1.—2. nóv. 1974 og lögðu þar fram viðamikið skýrsluefni um mannfjölda, mannafla, tekjumyndun, atvinnumál, samgöngumál og húsnæðismál. Síðan hefur verið nokkur hægagangur á þessu verkefni, bæði sökum tafa við gagnaöflun og tímabundins forgangs annarra verkefna, sbr. næsta lið hér á eftir.

### Samgönguáætlun Norðurlands.

Áætlunarverki þessu hefur dvalist óhóflega lengi hjá áætlanadeild, ekki þó vegna tafa við vinnslu þess, þar sem yfirlitsskýrsla um það lá fyrir hlutaðeigandi ráðuneytum snemma árs 1974. Hefur verið tregt um ákvarðanir stjórnvalda um áætlunina í heild sinni til langs tíma, þannig að áætlunin hefur aðeins verið afgreidd til 1—2ja ára í senn. Mynda þessir starfshættir mjög óæskileg skilyrði til áætlunargerðar, þar sem verðlag og aðrar viðmiðanir eru á hverfandi hveli, svo að áætlunina hefur þurft að vinna upp aftur og aftur, jafnvel þótt meginefnið sé lítið breytt.

Framkvæmdaþörf í samgöngumálum Norðurlands er svo hátt hlutfall af heildarþörf alls landsins, að ekki er auðið að taka um þær ákvarðanir án náinnar hliðsjónar af gangi framkvæmda í heild. Gleggst liggur framkvæmdaþörf vegamála fyrir. Miðað við verðlag í ágúst 1974 var arðbær þörf vegaframkvæmda innan ramma Norðurlandsáætlunar frá 1975 fram til 1980 metin 4 860 m.kr. Samsvarandi lausleg áætlun um þörf á landinu öllu nam um 20 000 m.kr. Sé hins vegar miðað við bundið slitlag á leiðinni að vestan til Akureyrar og á öllum leiðum, sem nú er miðað við að leggja sem hraðbrautir, nær mat Norðurlandsframkvæmda 7 235 m.kr. á sama verðlagi. Samsvarandi forsenda mun ekki valda eins mikilli hlutfallshækkun fyrir landið allt, en væntanlega a. m. k. upp í 25 000 m.kr. Frá þessu verðlagi hefur hæst við kostnaðarhækkun, sem áætla má um 27%.

### Önnur verkefni.

Ekki verða öll verkefni áætlanadeildar heimfærð undir einhverja eina framangreindra greina áætlanagerðar. Sum verksvið snerta fleiri þeirra samtímis, en önnur eru utan þeirra.

### Mannfjöldi, mannafli, tekjur o. fl.

Unnið er stöðugt að úrvinnslu heimilda um þessi efni til nota við hinar ýmsu landshlutaáætlanir og atvinnugreinaspár. Á grundvelli þessarar úrvinnslu hefur áætlanadeild einnig annast árlega skýrslugjöf þessa efnis til OECD. Samdar hafa verið langtímaspár um þróun mannfjölda og mannafla, sem ýmsir aðilar utan stofnunarinnar hafa haft not af. Um nokkurt skeið hefur verið ætlunin að birta þetta efni sérstaklega, en það hefur dregist, m. a. vegna þeirra endurskoðana, sem starfið í iðnþróunarnefnd hefur gefið tilefni til.

Þar sem þessi efniviður veitir einna gleggstar upplýsingar um þróun atvinnuvega og landshluta, fylgja nokkrar töflur þar að lútandi með í viðauka hér á eftir.

**Fjárfestingarmál** eru eitt meginviðfangsefni Framkvæmdastofnunarinnar, og tengjast atvinnuvegamál og byggðamál á þeim vettvangi. Starfsemi áætlanadeildar og lánadeildar tengist og sérstaklega við gerð útlánaáætlana Framkvæmdasjóðs og annarra fjárfestingarlánasjóða, og hefur verið lögð vaxandi áhersla á það samstarf milli deildanna. Til þess að uppfylla þarfir þessa verksviðs sómasamlega og leggja með því traustan grunn að stefnumótun í fjárfestingarmálum, þyrfti að vinna miklum mun meira að almennum samanburði á arðsemi og gildi fjárfestingar, umfram það sem formlegar áætlanir ná til, svo og að rekja ljóslega allt samhengi fjármögnunar og fjárfestingar.

Til þess að hefja þetta starf, þótt á ófullkomnum heildargrundvelli væri, voru í ársskýrslu 1972 birtar töflur 7—9 um fjármögnun fjármunamyndunar, lánveitingar sjóðakerfis til fjármunamyndunar og uppruna fjármagns til fjármunamyndunar, allar miðaðar við árið 1972.

Þessi töflugerð hefur verið tekin hér upp aftur fyrir árið 1974 á sama grundvelli og var notaður fyrir árið 1972.

Tafla 5 sýnir fjármögnunina beint til fjármunamyndunar, þ. e. eins og hún horfir við framkvæmdaaðilum. Er fjármunamynduninni aðeins skipt í þrjá aðalflokka: atvinnuvegi, íbúðarhús og opinberar framkvæmdir. Eftir fjármögnunartegundum skiptist heildin þannig, að eiginfjármunamyndun og sparnaður framkvæmdaaðila telst nema 23.2% (sbr. fyrirvara í töfluskýringum), opinberar fjárveitingar og framlög beint til framkvæmda 15.3% og lánsfjármögnun 61.5%. Hlutföll þessi eru allmisjöfn innbyrðis, einkum milli opinberra og annarra framkvæmda, og má sjá ýmis önnur hlutföll út úr töflunni.

Sérstaka athygli hlýtur að vekja eiginfjármyndun í mannvirkjum hins opinbera, sem er neikvæð um 863 m.kr. Þetta táknar, að jafnstór hluti af lántökum opinberra aðila hafi verið notaður til að greiða eldri lán, til eignakaupa (eignatilfærslna) eða til að fjármagna rekstrarkostnað (rekstrartap), en ekki til að fjármagna fjármunamyndun.

Þrátt fyrir lykilþýðingu stofnlána í fjármögnuninni námu lánveitingar sjóðakerfisins ekki nema 24.1% eða 10 403 m.kr. miðað við 43 230 m.kr. fjármunamyndun (sbr. töflu 6). Af lánum sjóðakerfisins gengu 47.5% til fjármunamyndunar atvinnuvega, 50.1% til íbúðabygginga og 2.4% til opinberrar fjármunamyndunar. Hins vegar er hið opinbera tiltölulega stór beinn lántakandi framhjá sjóðakerfinu og raunar einnig atvinnuvegirnir, sbr. stofnlán í töflu 5 umfram í töflu 6. Af stofnlánum sjóðakerfisins eru 41.1% frá stofnlánasjóðum atvinnuvega, 22.5% eru frá Byggingarsjóði ríkisins (íbúðalán), 6.3% frá Byggðasjóði og 1.8% frá Lánasjóði sveitarfélaga, eða alls 71.7% frá hinum opinberu stofnlánasjóðum, sbr. greiðsluyfirlit þeirra. Afgangurinn, 28.3%, kemur að nokkru frá Atvinnuleysistryggingasjóði, 0.7%, en að mestu frá hinum fjölmörgu lífeyrissjóðum, 27.6% af lánveitingum sjóðakerfisins í heild.

Uppruni alls fjármagns til fjármunamyndunar er svo leiddur saman í töflu 7, annars vegar þess, sem fer um hendur sjóðakerfisins, og hins vegar þess, sem fer beint til framkvæmdaaðila. Með sjóðakerfinu er átt við beina stofnlánasjóði ásamt

þeim félagsmálasjóðum, er hafa lánveitingar að þýðingarmesta aukahlutverki. Uppruni fjármagns er þannig skilgreindur með tilliti til þess, í hvaða mynd það fellur til hjá sjóðakerfinu og fjárfestingaraðilum í sameiningu. Nánari greining þessa væri að vísu æskileg, ekki síst eftir þeim aðilum, sem reiða fjármagnið af hendi. Að svo stöddu verður þó að nægja að vísa til þeirra heimilda, sem fram koma annars staðar í skýrslunni.

Eigið ráðstöfunarfé framkvæmdaaðila og sjóðakerfisins nemur 15 197 m.kr. eða 35.2% af heildinni, en gerður er sá fyrirvari, að hjá fjármunamyndunaraðilum er um fremur óvissan afgangsstærð að ræða. Innan sjóðakerfisins er sjóðmyndun lífeyrissjóðanna þyngst á metunum, auk eiginfjármyndunar stofnlánasjóða, þ. e. ávöxtun eigin fjárstofns þeirra. Fjárveitingar og framlög opinberra aðila, þ. á m. af mörkuðum tekjustofnum, til sjóðakerfisins námu 3 360 m.kr. og þar með til fjármunamyndunar alls 7 929 m.kr. eða 18.3% af heild. Þar sem fjárhæð stofnlánanna 10 403 m.kr., er í þessu yfirliti skipt eftir uppruna, en af honum er lánsfé aðeins 3 941 m.kr., er lánsfjármögnun að sama skapi minni skv. uppruna fjármagns en skv. beinni fjármögnun (tafla 5), eða alls 20 104 m.kr., 46.5% af heild. Um hendur sjóðakerfisins fór 24.1% fjármögnunarinnar og þá 75.9% beint án milligöngu þess. Stofnlánasjóðir hins opinbera, aðrir en Byggingarsjóður, standa fyrir 11.8% fjármögnunarinnar og Byggðasjóður 5.5%, en lífeyrissjóðir og Atvinnuleysistryggingasjóður 6.8% af heild. Svo sem fyrr er að vikið, túlka þessar hlutfallstölur tæplega þá lykilþýðingu, sem stofnlánakerfið hefur til ákvörðunar þess, hvort ráðist sé í framkvæmdir, sem þá draga með sér ýmsa aðra fjármögnun.

Eftir þeim leiðum, sem hér hafa verið raktar, telst 12 380 m.kr. fjármögnun vera af erlendum uppruna, eða 28.6%, en 30 850 m.kr. af innlendum uppruna, eða 71.4%. Allar þessar tölur eiga við um árið 1974 og miðast við bráðabirgðauppgjör fjármunamyndunar og fjármögnunar.

### Starfslið.

Í ársbyrjun 1974 voru að starfi í áætlanadeild 10 sérfræðingar, að meðtöldum forstöðumanni, og 2 ritarar, eða alls 12 starfsmenn. Í þann hóp komu skörð frá miðju ári við það, að viðskiptafræðingur í starfi að Vestfjarðaáætlun, og síðan annar að starfi við samgönguáætlun, fóru til annarra starfa. Í þessi skörð var þó ekki fyllt á árinu með ráðningu nýrra starfsmanna, heldur var reynt að ráða bót á vöntuninni með tilfærslu verkefna milli manna og ráðningu sumar- og lausamanna. Auk þess hafði áætlanadeild verkefni í gangi hjá sjálfstæðum ráðgjafafyrirtækjum, svo sem áður greinir.

## STARFSEMI LÁNADEILDAR

Eins og greint var í fyrri ársskýrslum Framkvæmdastofnunarinnar eru Framkvæmdasjóður Íslands og Byggðasjóður starfræktir innan lánadeildar. Lánadeild tekur við umsóknum um lán úr sjóðnum, annast athugun þeirra og úrvinnslu og sér um afgreiðslu þeirra lána, sem samþykkt eru af stjórn stofnunarinnar.

Lánadeild sér um bókhald sjóðanna, innheimtu og önnur samskipti við lántakendur eftir því, sem þörf er á svo og ýmiss konar skýrslugerð um lánamál. Lánadeild annast enn fremur bókhald og gjaldkerastörf fyrir stofnunina.

Náin samskipti eru við Seðlabankann um fjáröflunarmál, auk þess sem viðskiptareikningar Framkvæmdasjóðs, Byggðasjóðs og Framkvæmdastofnunarinnar eru hjá Seðlabankanum. Landsbankinn veitir Framkvæmdastofnuninni mikilvæga þjónustu með skýrsluvélavinnu í þágu Byggðasjóðs.

Náin samvinna er milli lánadeildar og fjárfestingarlánasjóðanna um gerð áætlana um fjáröflun og lánveitingar sjóðanna, eins og greint er frá í kaflanum um Framkvæmdasjóð og starfsemi fjárfestingarlánasjóða.

Jafnframt er haft samráð við sjóðina um athugun einstakra lánsumsókna, þegar þörf er á, en algengt er, að fleiri en einn fjárfestingarlánasjóður taki þátt í fjármögnun þeirra framkvæmda, sem um ræðir.

Þá eru einnig náin samskipti við Atvinnuleysistryggingasjóð, sem í sumum tilvikum tekur þátt í sameiginlegri lausn fjárhagsvanda fyrirtækja ásamt Byggðasjóði. Einnig er haft samráð við viðskiptabankana um einstök lánamál, sem til athugunar eru. Þá er og þess að geta, að náin samskipti eru við bankana um kaup þeirra á skuldabréfum Framkvæmdasjóðs samkvæmt sérstöku samkomulagi þar um. Sama máli gegnir um samskipti við lífeyrissjóðina um kaup þeirra á skuldabréfum Framkvæmdasjóðs. Eins og að framan er lýst, er meginstarfsemi lánadeildar fólgin í umsjá og rekstri Framkvæmdasjóðs og Byggðasjóðs og samskiptum við fjölmarga aðila um lánamál.

Einnig lætur deildin í té ýmsa þjónustu fyrir Framkvæmdastofnunina í heild. Fastráðið starfsfólk við deildina í árslok 1974 var alls 10, þar af 6 karlar og 4 konur.

Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir starfsemi Framkvæmdasjóðs á árinu 1974 og þar á eftir fyrir starfsemi Byggðasjóðs 1974.

### Rekstur Framkvæmdasjóðs.

**Lánveitingar:** Á árinu 1974 veitti Framkvæmdasjóður ný lán að fjárhæð alls 2 160 millj. kr., sem skiptast þannig:

| | Millj. kr. |
|---|---|
| Byggðasjóður | 129.0 |
| Ferðamálasjóður | 15.0 |
| Fiskveiðasjóður Íslands | 1 141.0 |
| Hafnabótasjóður | 75.0 |
| Iðnlánasjóður | 113.0 |
| Lánasjóður sveitarfélaga | 113.0 |
| Stofnlánadeild landbúnaðarins | 475.0 |
| Stofnlánadeild samvinnufélaga | 8.0 |
| Veðdeild Búnaðarbanka Íslands | 38.0 |
| Verslunarlánasjóður | 8.0 |
| Bæjarsjóður Ísafjarðar | 21.0 |
| Fannborg hf., Árnessýslu | 1.6 |
| Íþróttaráð Akureyrar | 2.4 |
| Jón og Páll Ólafssynir, Brautarholti | 1.5 |
| Norðurstjarnan hf., Hafnarfirði | 6.0 |
| Steypustöð B. M., Vallá | 3.0 |
| Tungulax hf., Ölfushreppi | 2.5 |
| Vængir hf., Reykjavík | 5.0 |
| Vöruflutningamiðstöðin, Reykjavík | 2.0 |
| | 2 160.0 |

**Lántökur:** Á árinu 1974 tók Framkvæmdasjóður lán hjá ríkissjóði að fjárhæð 829 m.kr. Lán þetta er í Evrópureikningseiningum og er hluti af erlendu láni, er ríkissjóður tók í desember 1974 með skuldabréfaútgáfu á fjármagnsmörkuðum í Evrópu. Lánstíminn er níu ár sem lágmark, en getur þó orðið eitthvað lengri. Þá tók Framkvæmdasjóður lán í árslok 1974 hjá Viðreisnarsjóði Evrópuráðsins að fjárhæð Lux. fr. 100 millj. eða jafnvirði 316 m.kr. og endurgreiðist lán það á sjö árum.

Á árinu 1974 voru á ný gerðir samningar milli Framkvæmdasjóðs og viðskiptabankanna þess efnis, að bankarnir keyptu skuldabréf af Framkvæmdasjóði fyrir fjárhæð, er næmi 10% af aukningu innlána bankanna á árinu 1974. Lán samkvæmt

þessu samkomulagi, að viðbættum eftirstöðvum frá fyrra ári, námu 650 m.kr., en ógreitt var til Framkvæmdasjóðs í árslok 309 m.kr. Lán þessi endurgreiðast á 15 árum.

Á árinu 1974 var þeim tilmælum beint til lífeyrissjóðanna í landinu, að þeir keyptu skuldabréf af Framkvæmdasjóði og Byggingarsjóði ríkisins eins og árið áður.

Skuldabréfakaup lífeyrissjóðanna af Framkvæmdasjóði námu á árinu 1974 253 m.kr. Lán þessi greiðast lífeyrissjóðunum á 15 árum með 5% vöxtum og eru greiðslur afborgana og vaxta bundnar vísitölu byggingarkostnaðar.

**Reikningar Framkvæmdasjóðs:** Eins og fram kemur af rekstrarreikningi námu hreinar tekjur Framkvæmdasjóðs árið 1974 63.3 m.kr. og hreinar tekjur Mótvirðissjóðs 30.2 m.kr. Samtals námu því hreinar tekjur Framkvæmdasjóðs og Mótvirðissjóðs 93.5 m.kr., samanborið við 83.6 m.kr. árið áður.

Eiginfjárreikningar Framkvæmdasjóðs og Mótvirðissjóðs námu í árslok 1974 1 114.1 m.kr. og höfðu þá hækkað á árinu um 44.8 m.kr.

## Rekstur Byggðasjóðs.

**Lánveitingar:** Árið 1972, sem var fyrsta starfsár Byggðasjóðs, námu samþykkt lán og styrkir sjóðsins 480 millj. kr. Árið 1973 var sambærileg tala 357 m.kr. og árið 1974 námu samþykkt ný lán og styrkir 661 m.kr. og hefur því verið ráðstafað á þessum þrem árum 1 498 m.kr. úr Byggðasjóði. Hér er átt við samþykktar lánveitingar og styrki, en útborgun fjárins dregst tíðum af ýmsum eðlilegum orsökum eins og á sér stað þegar lánsloforð eru veitt til skipasmíða, en lán þau greiðast út á smíðatíma skipanna.

Ógreidd lánsloforð Byggðasjóðs námu í árslok 1973 196 m.kr., en í árslok 1974 219 m.kr. Útborgað lánsfé Byggðasjóðs 1974 nam 710 m.kr.

Á árinu 1974 voru samþykkt 441 lán og styrkir að fjárhæð 661.7 m.kr. og skiptist fjárhæðin eftir framkvæmdum:

| | | | Millj. kr. |
|---|---|---|---|
| 1. | Nýsmíði fiskiskipa (5%): | | |
| | Bátar | 18.4 | |
| | Skuttogarar og loðnuskip | 69.7 | 88.1 |
| 2. | Nýsmíði fiskiskipa (10%): | | |
| | Bátar | 5.7 | |
| | Skuttogarar | — | 5.7 |
| 3. | Kaup á notuðum fiskiskipum: | | |
| | Bátar | 40.5 | |
| | Skuttogarar | 17.6 | 58.1 |
| 4. | Endurbætur fiskiskipa | | 26.3 |
| 5. | Fiskiskip — sérstök fyrirgreiðsla: | | |
| | Bátar | 4.6 | |
| | Skuttogarar | 10.0 | 14.6 |
| 6. | Fiskvinnsla | | 158.3 |
| 7. | Niðursuða | | 2.7 |
| 8. | Fiskimjölsverksmiðjur | | — |
| 9. | Framleiðsluiðnaður | | 54.9 |
| 10. | Þjónustuiðnaður | | 59.0 |
| 11. | Landbúnaður | | 26.2 |
| 12. | Sveitarfélög | | 85.5 |
| 13. | Vélgröfur og aðrar vinnuvélar | | 40.8 |
| 14. | Vaxtastyrkir vegna raflínulána | | 0.2 |
| 15. | Annað | | 41.3 |
| | Samtals | | 661.7 |

Skýrsla, sem jafnframt sýnir skiptingu framangreindra lánsloforða og styrkja eftir landshlutum, er birt síðar í þessari ársskýrslu. Þar er einnig að finna sundurliðaða skrá með nöfnum þeirra aðila, sem fengið hafa loforð um lán eða styrki úr Byggðasjóði á árinu 1974.

**Lántökur:** Á árinu 1974 tók Byggðasjóður lán hjá Framkvæmdasjóði að fjárhæð 129 m.kr.

**Reikningar Byggðasjóðs:** Á árinu 1974 námu hreinar tekjur Byggðasjóðs 59.5 m.kr. Eiginfjárreikningar Byggðasjóðs að meðtöldum Mótvirðissjóði námu í árslok 1974 1 024.7 m.kr. og höfðu þá vaxið um 334.6 m.kr. á árinu. Hin mikla aukning eiginfjár sjóðsins á rætur að rekja til framlags ríkissjóðs, er nemur 100 m.kr., og framleiðslugjalds af áli, er nam 197.9 m.kr., en það var 123.6 m.kr. hærri fjárhæð en árið áður, og loks námu hreinar tekjur 59.5 m.kr. Veittir styrkir námu 23.7 m.kr.

## Ed. 778. Lög [251. mál]

um ráðstöfun gengismunar í þágu sjávarútvegsins skv. lögum nr. 2/1975 og um ráðstafanir vegna hækkunar brennsluolíuverðs til fiskiskipa.

(Afgreidd frá Ed. 14. maí.)

Samhljóða þskj. 613.

## Sþ. 779. Breytingartillaga [216. mál]

við till. til þál. um vegáætlun fyrir árin 1974—77.

Frá fjárveitinganefnd.

Við III. Flokkun vega.

1. Nýir liðir:
   433 Reykjalundarvegur: Af Hafravatnsvegi að Reykjalundi.
   511 Hvanneyrarvegur: Af Vesturlandsvegi að Hvanneyrarskóla.
2. Eftirtaldir liðir orðist svo:
   60 Vestfjarðavegur: Frá sýslumörkum í Gilsfjarðarbotni, um Þorskafjörð, Skálanes, Klettsháls, Vattarfjörð, Litlanes, Hjarðarnes og fyrir Vatnsfjarðarbotn, um Helluskarð, Dynjandisheiði, Arnarfjörð, Hrafnseyrarheiði. Dýrafjörð, Gemlufallsheiði, Önundarfjörð, Breiðadalsheiði og á Djúpveg í Skutulsfirði.
   61 Djúpvegur: Af Vestfjarðavegi í Þorskafjarðarbotni yfir Þorskafjarðarheiði, Dýrafjörð, Gemlufallsheiði, Önundarfjörð, Breiðdalsheiði og á og Álftafjörð um Súðavík, Ísafjörð og Óshlíð til Bolungarvíkur.
   615 Kollsvíkurvegur: Af Örlygshafnarvegi hjá Geitagili um Gjögur, Hænuvík, Hænuvíkurháls, Kollsvík, um Kóngshæð á Örlygshafnarveg á Aurholti.
   74 Skagastrandarvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Blönduósi um Skagaströnd á Skagaveg hjá Harastöðum.

## Ed. 780. Lög [240. mál]

um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1972.

(Afgreidd frá Ed. 14. maí.)

Samhljóða þskj. 458.

**Ed.** **781. Lög** [261. mál]

um breyting á lögum nr. 29 29. apríl 1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

(Afgreidd frá Ed. 14. maí.)

Samhljóða þskj. 526.

**Ed.** **782. Lög** [222. mál]

um Leiklistarskóla Íslands.

(Afgreidd frá Ed. 14. maí.)

Samhljóða þskj. 680.

**Ed.** **783. Nefndarálit** [285. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast lán fyrir Flugleiðir hf.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur rætt málið á fjórum fundum, þar af voru þrír fundir sameiginlega með nefndum beggja deilda.

Til fundar við nefndina komu ýmsir aðilar, sem veitt hafa margvíslegar upplýsingar.

Ráðuneytisstjórar samgönguráðuneytisins og fjármálaráðuneytisins komu til fundar við nefndina, einnig fulltrúar frá Ferðamálaráði og vinnuhópi, sem vann að athugun á rekstri Flugleiða hf., framkvæmdastjóri Air Viking, matsnefnd vegna sameiningar flugfélaganna og forstjórar Flugleiða hf.

Nefndarmenn urðu ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt, með því skilyrði, að áður en ríkisstjórnin lætur heimild frumvarpsins um ríkisábyrgð til Flugleiða hf. undirriti stjórn Flugleiða hf. yfirlýsingu sem prentað er í nefndaráliti fjárhags- og viðskiptanefndar neðri deildar.

Minni hluti nefndarinnar, Ragnar Arnalds, skilar séráliti.

Alþingi, 15. maí 1975.

| | | |
|---|---|---|
| Halldór Ásgrímsson, form., frsm. | Jón Helgason, fundaskr. | Albert Guðmundsson. |
| Axel Jónsson. | Jón G. Sólnes. | Jón Árm. Héðinsson, með fyrirvara. |

**Ed.** **784. Þingsályktun** [100. mál]

um sérkennslumál.

(Afgreidd frá Ed. 14. maí.)

Samhljóða þskj. 644.

## Nd. 785. Nefndarálit [257. mál]

um frv. til l. um breyt. á sveitarstjórnarlögum, nr. 58 frá 28. mars 1961.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin fjallaði um frv. á fundi sínum og leggur til að það verði samþ. óbreytt. Fjarverandi voru Jóhann Hafstein, Ellert B. Schram og Stefán Valgeirsson.

Alþingi, 15. maí 1975.

Gunnlaugur Finnsson, form., frsm. | Ólafur G. Einarsson, fundaskr. | Magnús T. Ólafsson.

Eðvarð Sigurðsson.

## Sþ. 786. Tillaga til þingsályktunar [293. mál]

um sykurhreinsunarstöð í Hveragerði.

Flm.: Þórarinn Sigurjónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fram fara könnun á hagnýtu gildi þeirra hugmynda sem upp hafa komið um sykurhreinsunarstöð í Hveragerði.

Greinargerð.

Á undanförnum mánuðum hafa verið ofarlega á baugi umræður um sykurkaup landsmanna. Sykurneysla landsmanna er stöðugt um 50 kg á mann á ári og innflutningur því um 10—11 þús. tonn á ári.

Hlutdeild sykurs í smásöluumbúðum hefur á undanförnum árum farið vaxandi miðað við innflutt heildarmagn.

Á undanförnum áratug hefur Hinrik Guðmundsson verkfræðingur gert athuganir á hagkvæmni sykurhreinsunarstöðvar á Íslandi. Stofnkostnaður slíkrar stöðvar, sem anna mundi innanlandsmarkaði, er á núgildandi verðlagi um 700 millj. kr.

Miðað er við að flytja hrásykurinn inn lausan í lest og hreinsa hann með orku frá jarðvarma. Líklegt er, að til hreinsunarinnar þyrfti um 33 þús. tonn af jarðgufu á ári.

Hveragerði virðist æskilegur staður fyrir slíka verksmiðju ef til kæmi.

Samkvæmt áætlun Hinriks Guðmundssonar yrði gjaldeyrissparnaður slíkrar verksmiðju um 150 millj. kr. á ári og líkur til að beinn sparnaður gæti orðið um 70 millj. á ári.

Gert er ráð fyrir að við stöðina mundu vinna um 60 manns.

Samkvæmt þessum áætlunum virðist sykurhreinsunarstöðin þurfa að njóta alls innanlandsmarkaðarins til þess að geta borið sig.

Full nauðsyn sýnist vera á, að ríkisstjórnin láti kanna þessar hugmyndir nánar.

## Ed. 787. Nefndarálit [285. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast lán fyrir Flugleiðir hf.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Með frv. þessu er farið fram á 2800 milljón króna sjálfskuldarábyrgð ríkissjóðs til viðbótar ábyrgð á lánum, sem ríkissjóður og Landsbanki Íslands hafa áður veitt og nema um 1500 milljónum króna.

Frv. hefur verið rætt á sameiginlegum fundum fjárhags- og viðskiptanefnda beggja deilda þings, og hefur málið verið ítarlega kannað með viðræðum við forustumenn Flugleiða, fulltrúa fjármálaráðuneytis og Seðlabanka og ýmsa aðra aðila. Þó hefur ekki tekist að fá upplýst, hvert raunverulegt verðmæti eigna Flugleiða hf. geti talist að frádregnum skuldum. En ljóst er, að hér er um mjög áhættusama ákvörðun að ræða. Undirritaður telur þó, að með hliðsjón af þjóðhagslegu gildi þess fyrir íslendinga, að flugsamgöngur við önnur lönd haldist góðar og séu áfram í höndum innlendra aðila, sé rétt að veita ríkisábyrgð fyrir þessu láni, en vegna hinna gífurlegu fjárskuldbindinga, sem ríkissjóður tekur á sig í þessu sambandi, sé óhjákvæmilegt, að ríkið verði beinn aðili að rekstrinum, a. m. k. að einum fjórða hlutafjár. Jafnframt sé búið svo um hnútana, að þessi mikla fyrirtækjasamsteypa skapi sér ekki óeðlilega aðstöðu á þeim sviðum viðskiptalífs, sem tengjast flugrekstrinum, og greiði opinber gjöld með eðlilegum hætti. Undirritaður mælir því með samþykkt frumvarpsins með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að veita Flugleiðum hf. sjálfsskuldarábyrgð á lánum sem nemi allt að 18.5 milljónum bandaríkjadala, enda taki Flugleiðir hf. lán þessi til kaupa á flugvélum og til að bæta rekstrarfjárstöðu flugrekstrar síns.

Skilyrði fyrir sjálfskuldarábyrgðinni er að Flugleiðir hf. auki hlutafé sitt í 600 milljónir króna fyrir árslok 1975 og að ríkissjóður kaupi fjórðung hlutafjárins. Auk þess er ábyrgðin háð öðrum þeim tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar, og þeim skilyrðum, sem hún ákveður.

Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. l. nr. 30 27. mars 1974, um ráðstafanir vegna sameiningar Flugfélags Íslands hf. og Loftleiða hf., skulu dótturfyrirtæki Flugleiða hf., þar á meðal Flugfélag Íslands hf., Loftleiðir hf., Loftleiðahótelið, Bílaleiga Loftleiða og Hótel Esja, teljast sjálfstæðir skattaðilar að því er varðar álagningu opinberra gjalda.

Alþingi, 15. maí 1975.

Ragnar Arnalds.

## Ed. 788. Nefndarálit [220. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 57 27. apríl 1973, um atvinnuleysistryggingar (fæðingarorlof).

Frá heilbrigðis- og tryggingarnefnd.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeirri breytingu er hún leggur fram tillögu um á sérstöku þingskjali.

Halldór Ásgrimsson tekur ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Alþingi, 15. maí 1975.

| | | |
|---|---|---|
| Oddur Ólafsson, form., frsm. | Ásgeir Bjarnason, með fyrirvara. | Eggert G. Þorsteinsson. |
| Albert Guðmundsson. | Helgi F. Seljan. | Steinþór Gestsson. |

## Ed. 789. Breytingartillaga [220. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 57 27. apríl 1973, um atvinnuleysistryggingar (fæðingarorlof).

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

2. gr. orðist svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1976.

## Ed. 790. Nefndarálit [133. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 frá 1941, um fjarskipti.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 15. maí 1975.

| | | |
|---|---|---|
| Oddur Ólafsson, form. | Halldór Ásgrímsson, fundaskr. | Helgi F. Seljan, frsm. |
| Steinþór Gestsson. | Albert Guðmundsson. | Eggert G. Þorsteinsson. |

Ásgeir Bjarnason.

## Nd. 791. Nefndarálit [286. mál]

um frv. til l. um iðnaðarmálagjald.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og kynnt sér viðhorf iðnaðarsamtakanna til málsins. Formaður Félags ísl. iðnrekenda kom á fund nefndarinnar og gaf greinargóð svör við fyrirspurnum, sem fram komu frá nefndarmönnum. Einnig komu til viðræðu á nefndarfund formaður og framkvæmdastjóri Landsambands iðnaðarmanna og gáfu þeir ýmsar upplýsingar um viðhorf iðnaðarmanna til frumvarpsins. Meiri hluti iðnaðarnefndar mælir með, að frumvarpið verði samþykkt eins og það var afgreitt í efri deild.

Alþingi, 15. maí 1975.

| | | |
|---|---|---|
| Ingólfur Jónsson, form., frsm. | Lárus Jónsson, fundaskr. | Ingvar Gíslason. |
| Þórarinn Þórarinsson. | Pétur Sigurðsson. | |

## Ed. 792. Nefndarálit [104. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 67, um almannatryggingar.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 15. maí 1975.

Oddur Ólafsson, form., frsm. Halldór Ásgrímsson, fundaskr. Helgi F. Seljan,
Steinþór Gestsson. Albert Guðmundsson. Eggert G. Þorsteinsson.
Ásgeir Bjarnason.

## Ed. 793. Nefndarálit [177. mál]

um till. til þál. um rannsókn á byggingu Fljótsdalsvirkjunar.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar eins og hún er orðin í meðferð neðri deildar.

Alþingi, 15. maí 1975.

Steingr. Hermannsson, form., frsm. Ingi Tryggvason, fundaskr. Eggert G. Þorsteinsson.
Albert Guðmundsson. Jón G. Sólnes. Stefán Jónsson.
Þorv. Garðar Kristjánsson.

## Nd. 794. Nefndarálit [259. mál]

um frv. til l. um skákkennslu.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leitað umsagna. Telur hún að sú hugmynd, sem þar er sett fram, geti stuðlað að viðgangi skáklistar og haft jákvæð áhrif á skólalíf. Hins vegar álítur nefndin að ákvæði frv. sé heppilegra að orða svo sem fram kemur í eftirfarandi brtt. og leggur til að frv. verði samþykkt svo

BREYTT:

1. 1. gr. orðist svo: Ráðherra er heimilt að ráða, eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum, íslenska skákmenn í starf til ákveðins tíma til að annast leiðsögn um skákstarf í skólum landsins. Skilyrði er, að skákmaður hafi hlotið alþjóðlegan titil í skák. Laun skal miða við launakjör menntaskólakennara. Starfsskyldu og starfstilhögun skal ákveða með reglugerð.

2. Fyrirsögn frv. verði:
Frv. til laga um skákleiðsögn í skólum.
Fjarverandi afgreiðslu málsins var Ellert B. Schram.

Alþingi, 15. maí 1975.

| | | |
|---|---|---|
| Ingvar Gíslason, form. | Sigurlaug Bjarnadóttir, fundaskr. | Magnús T. Ólafsson, frsm. |
| Gunnlaugur Finnsson. | Ey. Kon. Jónsson. | Svava Jakobsdóttir. |

## Nd. 795. Breytingartillaga [209. mál]

við frv. til l. um félagsráðgjöf.

Frá heilbrigðismálaráðherra.

Við 3. gr. 3. mgr. falli niður.

## Nd. 796. Nefndarálit [286. mál]

um frv. til l. um iðnaðarmálagjald.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Efni frumvarpsins er það að ríkið taki að sér að innheimta félagsgjöld fyrir samtök iðnrekenda, Landssamband iðnaðarmanna, Félag íslenskra iðnrekenda og Iðnaðardeild SÍS (auk þess sem efri deild Alþingis bætti Sölustofnun lagmetisiðnaðarins í hópinn). Ég tel algerlega fráleitt, að ríkið taki að sér innheimtustörf af þessu tagi og legg því til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 15. maí 1975.

Magnús Kjartansson.

## Sþ. 797. Breytingartillögur [216. mál]

við till. til þál. um vegáætlun fyrir árin 1974—77 og við brtt. á þskj. 736.

Frá Karvel Pálmasyni, Helga F. Seljan, Sighvati Björgvinssyni, Halldóri Ásgrímssyni og Sverri Hermannssyni.

| | Millj. kr. | | |
|---|---|---|---|
| 1. Við brtt. 736, 1. Áætlun um fjáröflun 1.1. | 1975 | 1976 | 1977 |
| a. Nýr liður: | | | |
| 4. Veggjald ..... | 42.8 | 89 | 93 |
| b. Nýr frádráttarliður: | | | |
| Innheimtukostnaður veggjalds ..... | 6 | 12 | 12 |

2. Aftan við till. bætist svo hljóðandi ákvæði til bráðabirgða:
Nettótekjum af veggjaldi árið 1975 skal varið til framkvæmda eftir ákvörðun fjárveitinganefndar.

## Sþ. 798. Nefndarálit [144. mál]

um till. til þál. um lækkun á byggingarkostnaði.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd hefur haft til athugunar till. til þál. um lækkun á byggingarkostnaði. Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt með þessari

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:
Í þeim tilgangi að draga úr húsnæðiskostnaði ályktar Alþingi að fela ríkisstjórninni að láta gera nákvæma skýrslu um þann hluta byggingarkostnaðar, sem fólginn er í ýmiss konar gjöldum til ríkisins. Höfð skal hliðsjón af þessari skýrslu við þá endurskoðun aðflutningsgjalda og söluskatts, sem nú fer fram.

Alþingi, 14. maí 1975.

Ellert B. Schram, form. Lárus Jónsson, frsm. Jónas Árnason.
Magnús T. Ólafsson.

## Nd. 799. Nefndarálit [115. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um verðjöfnun á olíu og bensíni, nr. 34 frá 18. febr. 1953.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Undirritaðir nefndarmenn hafa athugað frv. Leggja þeir til að það verði samþykkt eins og það er komið frá hv. Ed.

Alþingi, 15. maí 1975.

Ólafur G. Einarsson, form. Tómas Árnason, frsm. Ey. Kon. Jónsson.
Gylfi Þ. Gíslason. Lárus Jónsson. Þórarinn Þórarinsson.

## Sþ. 800. Nefndarálit [169. mál]

um till. til þál. um nýtingu á áveitu- og flæðiengjum landsins.

Frá atvinnumálanefnd.

Nefndin mælir með samþykkt þingsályktunartillögunnar.

Alþingi, 15. maí 1975.

Guðmundur H. Garðarsson, form., frsm. Jón G. Sólnes, fundaskr. Sverrir Hermannsson,
Karvel Pálmason. Gils Guðmundsson. Steingrímur Hermannsson.
Guðrún Benediktsdóttir.

## Sþ. 801. Nefndarálit [145. mál]

um till. til þál. um endurskoðun laga um iðju og iðnað.

Frá atvinnumálanefnd.

Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar með eftirgreindri

BREYTINGU:

Síðari málsgr. tillgr. orðist svo:
Til þess að vinna þetta verk skal ríkisstjórnin skipa sjö manna nefnd. Skulu fimm nefndarmanna skipaðir samkvæmt tilnefningu eftirtalinna aðila: Félags ísl. iðnrekenda, Landsambands iðnaðarmanna, Sambands ísl. samvinnufélaga, Landssambands iðnaðarfólks og samtaka iðnsveina. Tveir nefndarmanna skulu skipaðir án tilnefningar.

Alþingi, 15. maí 1975.

| | | |
|---|---|---|
| Guðmundur H. Garðarsson, form. | Jón G. Sólnes, fundaskr. | Steingr. Hermannsson, frsm. |
| Sverrir Hermannsson. | Guðrún Benediktsdóttir. | Gils Guðmundsson. |
| | Karvel Pálmason. | |

## Sþ. 802. Breytingartillaga [216. mál]

við brtt. á þskj. 736 [Vegáætlun fyrir árin 1974—77].

Frá Helga F. Seljan og Þorsteini Þorsteinssyni.

Við lið II. Skipting útgjalda. 2.3.5.2. Austurlandsáætlun.
Í stað „145.0 millj." árið 1975 komi: 170 millj.
Í liðinn 992 10 Gangnamunni—E.-Kirkjuból komi í stað „48.6 millj.": 73.6 millj.

## Sþ. 803. Nefndarálit [120. mál]

um till. til þál. um, að Síldarverksmiðjur ríkisins byggi og starfræki verksmiðju á Snæfellsnesi.

Frá atvinnumálanefnd.

Nefndin mælir með samþykkt till. með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Tillögugreinin orðist svo:
   Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta kanna hvort hagkvæmt sé að byggja og starfrækja verksmiðju á Snæfellsnesi er unnið geti feitan fisk og fiskúrgang.

2. Fyrirsögn till. verði:
Till. til þál. um athugun á byggingu og rekstri fiskvinnsluverksmiðju á Snæfellsnesi.

Alþingi, 15. maí 1975.

| | | |
|---|---|---|
| Guðmundur H. Garðarsson, form. | Jón G. Sólnes, fundaskr. | Sverrir Hermannsson, frsm. |
| Guðrún Benediktsdóttir. | Gils Guðmundsson. | Karvel Pálmason. |

Steingrímur Hermannsson.

## Sþ. 804. Nefndarálit [101. mál]

um till. til þál. um dýpkunarskip.

Frá atvinnumálanefnd.

Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar.

Alþingi, 15. maí 1975.

| | | |
|---|---|---|
| Guðmundur H. Garðarsson, form. | Jón G. Sólnes, fundaskr. | Sverrir Hermannsson, frsm. |
| Guðrún Benediktsdóttir. | Gils Guðmundsson. | Karvel Pálmason. |

Steingrímur Hermannsson.

## Sþ. 805. Nefndarálit [16. mál]

um till. til þál. um skiptingu landsins í þróunarsvæði.

Frá atvinnumálanefnd.

Nefndin hefur leitað umsagna og rætt málið og telur að tillagan þurfi að skoðast betur. Nefndin álítur eðlilegast að það geri milliþinganefnd um byggðamál. Í trausti þess að ríkisstjórnin feli henni að kanna málið leggur nefndin til, að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 15. maí 1975.

| | | |
|---|---|---|
| Guðmundur H. Garðarsson, form. | Jón G. Sólnes, fundaskr. | Steingr. Hermannsson, frsm. |
| Sverrir Hermannsson. | Guðrún Benediktsdóttir. | Gils Guðmundsson. |

Karvel Pálmason.

## Ed. 806. Lög [253. mál]

um breyting á þjóðminjalögum, nr. 52/1969.

(Afgreidd frá Ed. 15. maí.)

Samhljóða þskj. 492.

## Sþ. 807. Frumvarp til fjáraukalaga [294. mál]

fyrir árið 1973.

(Lagt fyrir Alþingi á 96. löggjafarþingi, 1974—75.)

Til viðbótar við gjöld í 2. gr. fjárlaga 1973 er veitt:

| | | Þús. kr. |
|---|---|---|
| 00 | Æðsta stjórn ríkisins að undanskildu Alþingi | 10 047 |
| 01 | Forsætisráðuneytið | 53 781 |
| 02 | Menntamálaráðuneytið | 218 461 |
| 03 | Utanríkisráðuneytið | 29 232 |
| 04 | Landbúnaðarráðuneytið | 278 330 |
| 05 | Sjávarútvegsráðuneytið | 194 594 |
| 06 | Dóms- og kirkjumálaráðuneytið | 323 946 |
| 07 | Félagsmálaráðuneytið | 69 419 |
| 08 | Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið | 808 528 |
| 09 | Fjármálaráðuneytið | 371 297 |
| 10 | Samgönguráðuneytið | 725 814 |
| 11 | Iðnaðarráðuneytið | 87 902 |
| 12 | Viðskiptaráðuneytið | 459 519 |
| 14 | Ríkisendurskoðun | 3 594 |
| | Samtals | 3 634 464 |

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Yfirskoðunarmenn ríkisreikninganna hafa afhent ráðuneytinu tillögur sínar til fjárveitinga í fjáraukalögum fyrir árið 1973. Þeir leggja til, að aukafjárveitingar séu veittar fyrir öllum umframgjöldum, sem ríkisreikningurinn 1973 sýnir.

## Nd. 808. Frumvarp til laga [295. mál]

um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1973.

(Lagt fyrir Alþingi á 96. löggjafarþingi, 1974—75.)

Ríkisreikningurinn fyrir árið 1973 samþykkist með eftirgreindum niðurstöðutölum í þús. kr.:

| | *Gjöld:* | Áætlun: | Reikningur: |
|---|---|---|---|
| 00 | Æðsta stjórn ríkisins | 166 714 | 216 325 |
| 01 | Forsætisráðuneytið | 194 068 | 247 849 |
| 02 | Menntamálaráðuneytið | 4 020 023 | 4 238 484 |
| 03 | Utanríkisráðuneytið | 277 092 | 306 324 |
| 04 | Landbúnaðarráðuneytið | 930 907 | 1 209 237 |
| 05 | Sjávarútvegsráðuneytið | 436 502 | 631 096 |
| 06 | Dóms- og kirkjumálaráðuneytið | 1 192 281 | 1 516 227 |
| 07 | Félagsmálaráðuneytið | 805 933 | 875 352 |
| 08 | Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið | 7 874 700 | 8 683 228 |
| 09 | Fjármálaráðuneytið | 1 149 642 | 1 520 939 |
| 10 | Samgönguráðuneytið | 2 260 952 | 2 986 766 |

| | Tekjur: | Áætlun: | Reikningur: |
|---|---|---|---|
| 11 | Iðnaðarráðuneytið | 387 475 | 475 377 |
| 12 | Viðskiptaráðuneytið | 1 715 554 | 2 175 073 |
| 13 | Hagstofa Íslands | 22 432 | 20 583 |
| 14 | Ríkisendurskoðun | 22 959 | 26 553 |
| | Mismunur | 513 091 | — |
| | Samtals | 21 970 325 | 25 129 413 |

| | Gjöld: | Áætlun: | Reikningur: |
|---|---|---|---|
| 11 | Skattar | 21 748 500 | 24 584 214 |
| 12 | Arðgreiðslur frá fyrirtækjum og sjóðum í ríkiseign, fluttar úr B-hluta ríkisreiknings | 120 600 | 73 430 |
| 13 | Ýmsar tekjur | 101 225 | 218 782 |
| | Mismunur | — | 252 987 |
| | Samtals | 21 970 325 | 25 129 413 |

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpið er samið eftir ríkisreikningi fyrir árið 1973, sem lagður verður fyrir þingið samtímis frumvarpinu.

## Ed. 809. Frumvarp til laga [209. mál]

um félagsráðgjöf.

(Eftir 3. umr. í Nd., 15. maí.)

Samhljóða þskj. 402 með þessum breytingum:

1. gr. hljóðar svo:

Rétt til að kalla sig félagsráðgjafa hefur sá einn, sem til þess hefur leyfi heilbrigðisráðherra.

3. gr. hljóðar svo:

Takmörkuð og/eða tímabundin réttindi má einnig veita þeim, sem eru í starfi þegar lög þessi öðlast gildi, en uppfylla ekki skilyrði 2. gr.

Slík réttindi má því aðeins veita að fyrir liggi meðmæli þeirrar stofnunar, sem umsækjandi vinnur hjá. Jafnframt skal leita umsagnar Stéttarfélags íslenskra félagsráðgjafa.

## Sþ. 810. Breytingartillaga [216. mál]

við brtt. 736 [Vegáætlun fyrir árin 1974—77].

Frá Ragnari Arnalds, Karvel Pálmasyni og Helga F. Seljan.

1. Við 2. till. Sundurliðun 1. Hraðbrautir. 501 Vesturlandsvegur.
   a. 05 Um Borgarfjörð.
   Fyrir „135“ og „390“ kemur: 0 og 100.
   b. 11 Í Norðurárdal.
   Fyrir „35“ 1975 kemur 70.

2. Við 2. till. Sundurliðun 2. Þjóðbrautir. Við bætist nýr liður:
Til vegagerðar á Holtavörðuheiði, Öxnadalsheiði og í Oddsskarði og til framkvæmda og tengingar Djúpvegs við aðalakvegakerfi landsins á árinu 1975 100 millj. kr. og á árinu 1976 300 millj. kr., samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra og með samþykki fjárveitinganefndar.

## Ed. 811. Nefndarálit [95. mál]

um frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 80 10. júlí 1973.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur athugað breytingar þær, sem gerðar voru á frumvarpinu í Nd., og mælir með að frumvarpið verði samþykkt eins og Nd. afgreiddi málið.

Alþingi, 15. maí 1975.

Jón Helgason, form., frsm. Halldór Ásgrímsson, fundaskr. Eggert G. Þorsteinsson.
Jón G. Sólnes. Stefán Jónsson. Steinþór Gestsson.

## Ed. 812. Nefndarálit [209. mál]

um frv. til l. um félagsráðgjöf.

Frá heilbrigðis- og tryggingnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið í núverandi mynd, eins og það kemur frá neðri deild, og leggur til að það verði samþykkt svo breytt.

Alþingi, 15. maí 1975.

Oddur Ólafsson, form., frsm. Halldór Ásgrímsson, fundaskr. Eggert G. Þorsteinsson.
Albert Guðmundsson. Steinþór Gestsson. Helgi F. Seljan.

## Nd. 813. Frumvarp til laga [11. mál]

um launajöfnunarbætur, bætur almannatrygginga, verðlagsmál o. fl.

(Eftir 2. umr. í Nd., 15. maí.)

1. gr.

Frá 1. október 1974 til 31. maí 1975 og þar til heildarsamtök aðila vinnumarkaðarins hafa samið um annað skulu launagreiðendur greiða launajöfnunarbætur í stað almennrar verðlagsuppbótar á laun umfram þá verðlagsuppbót, sem svarar til kaupgreiðsluvísitölu 106.18 stig, sem hér segir:

1. Á laun, sem hinn 1. október 1974 eru lægri en 50 000 krónur á mánuði fyrir fulla dagvinnu, miðað við kaupgreiðsluvísitölu 106.18 stig, greiðist 3 500 króna bætur á mánuði til þeirra, sem skila fullum dagvinnutíma, en hlutfallslega lægra til

annarra. Bætur á yfirvinnukaup greiðist hlutfallslega þannig að gildandi tengsl yfirvinnu- og dagvinnukauptaxta haldist.

2. Á laun á bilinu 50 000 til 53 500 krónur hinn 1. október 1974 fyrir fulla dagvinnu, miðað við kaupgreiðsluvísitölu 106.18 stig, greiðist 3 500 króna bætur á mánuði að frádreginni þeirri fjárhæð, sem kauptaxtinn er hærri en 50 000 krónur á mánuði, til þeirra, sem skila fullum dagvinnutíma, en hlutfallslega lægra til annarra.

   Bætur á hvern yfirvinnutíma greiðist á þessu tímabili í sama hlutfalli við bætur á dagvinnulaun og greindi í 1. lið þessarar greinar.

3. Á hærri laun greiðast ekki launajöfnunarbætur. Hækkun grunnlauna um 3% hinn 1. desember 1974 og enn um 3% hinn 1. júní 1975 hefur þó engin áhrif á greiðslur launajöfnunarbóta skv. 1. og 2. tölulið þessarar greinar eða hækkun grunnlauna í samræmi við samninga heildarsamtaka aðila vinnumarkaðarins.

2. gr.

Setja skal reglugerð um ákvörðun launajöfnunarbóta skv. 1. gr. Við samningu reglugerðarinnar skal haft náið samráð við aðila vinnumarkaðarins.

Þess skal gætt, þegar metin er hæð kauptaxta fyrir reglulega dagvinnu, sem ákveðinn er með álagi á annan lægri taxta, eða sem hlutfall af hærri taxta, að jafnan sé miðað við hinn endanlega taxta, en ekki þann grunn, sem hann er á reistur. Með taxta skal telja hvers konar álög og kaupauka, sem ekki svara með beinum og ótvíræðum hætti til útlagðs kostnaðar launþega vegna öflunar launatekna. Með taxta skal einnig telja vaktaálag að því leyti, sem það kann að vera hærra en svarar til eftirvinnu-, næturvinnu- og helgidagaálags.

Þegar metin er hæð mánaðarlauna fyrir fulla dagvinnu skv. ákvæðisvinnutöxtum, til ákvörðunar launajöfnunarbóta, skal m. a. taka tillit til þess vinnuálags, sem fylgja kann ákvæðisvinnu, og fyrirliggjandi upplýsinga Kjararannsóknarnefndar um tekjur ákvæðisvinnufólks. Launajöfnunarbætur til ákvæðisvinnufólks skulu gerðar upp mánaðarlega eftir á á grundvelli vinnutíma og tekna í liðnum mánuði.

3. gr.

Laun bónda og verkafólks hans í verðlagsgrundvelli búvöru, sbr. lög nr. 101/1966, skulu hækka vegna launajöfnunarbóta um 5.5% og skal sú hækkun haldast til 31. maí 1975 og þar til annað verður ákveðið.

4. gr.

Hækkun sú á búvöruverði til bænda, sem hlýst af hækkun skv. 3. gr., skal ekki greidd út í hlutfalli við framleiðsluverðmæti, heldur jafnað þannig til bænda, að hún gagnist eingöngu hinum tekjulægri í þeirra hópi með líkum hætti og launajöfnunarbætur launþegum skv. lögum þessum. Heimilt er að setja reglugerð um innheimtu og úthlutun þessara bóta í samráði við Stéttarsamband bænda.

Framleiðsluráð landbúnaðarins skal annast úthlutun launajöfnunarbóta samkvæmt 1. málsgr.

Eftirfarandi reglur skulu gilda um launajöfnunarbætur til bænda:

1. Launajöfnunarbætur greiðast þeim einum, er reka bú á lögbýli. Einstaklingar, sem eru aðilar að félagsbúi samkvæmt mati Framleiðsluráðs landbúnaðarins, hafa sama rétt til launajöfnunarbóta og aðrir bændur. Hlutafélög, önnur félög með takmarkaðri ábyrgð, stofnanir og aðrir ópersónulegir aðilar eiga ekki rétt á launajöfnunarbótum.
2. Aðeins framleiðendur nautgripaafurða, sauðfjárafurða og kartaflna eiga rétt á launajöfnunarbótum.
3. Aðilar, sem í árslok 1974 voru með minni bú eða búshluta en svarar 60 ærgildum í nautgripum og/eða sauðfé, eiga ekki rétt á launajöfnunarbótum. Sama gildir um aðila með bú, sem á árinu 1974 gaf bónda og skylduliði hans

hærri vinnulaunatekjur af nautgripa- og/eða sauðfjáreign en svarar til meðal vinnulauna af 500 ærgilda búi í nautgripum og/eða sauðfé, samkvæmt útreikningi og ákvörðun Framleiðsluráðs landbúnaðarins. Kartöfluframleiðendur 1974, sem eru utan fyrrgreindra marka varðandi búfjáreign, eiga rétt á launajöfnunarbótum eftir reglum, er Framleiðsluráð landbúnaðarins setur.

4. Búvöruframleiðendur, sem á árinu 1974 höfðu tekjur af atvinnu utan landbúnaðar, skulu — ef þeir fullnægja settum skilyrðum að öðru leyti — fá greiddar skertar launajöfnunarbætur samkvæmt mati Framleiðsluráðs landbúnaðarins.
5. Réttur til launajöfnunarbóta er bundinn því skilyrði, að hlutaðeigandi telji tekjur sínar og eignir 1974 fram til skatts á fullnægjandi hátt að dómi Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

Framleiðsluráði landbúnaðarins er heimilt að takmarka eða fella niður launajöfnunarbætur til búvöruframleiðenda, sem eru með hærri fyrningarfrádrátt á skattframtali en reiknað er með í verðlagsgrundvelli búvöru, enda sé bústofn þeirra stærri en svarar 500 ærgildum í nautgripum og/eða sauðfé.

Nú rekur aðili fleiri en eitt bú, og skal þá litið á þau sem eina heild við ákvörðun launajöfnunarbóta.

Umsóknir um launajöfnunarbætur skulu sendar Framleiðsluráði landbúnaðarins fyrir lok frests, er hún ákveður. Afrit af skattframtali 1975 skal fylgja hverri umsókn. Umsóknir mega vera í formi ljósrits af framtali (þ. e. almennu skattframtali og landbúnaðarskýrslu), sem skattstjóri sendir Framleiðsluráði landbúnaðarins með áritun um, að hlutaðeigandi sæki um að fá greiddar launajöfnunarbætur. Framleiðsluráð landbúnaðarins ákveður nánari tilhögun umsókna.

Framleiðsluráð landbúnaðarins ákveður fjárhæðir launajöfnunarbóta, er skulu vera breytilegar eftir hæð vinnutekna af búrekstri 1974, innan þess ramma, sem ákveðin er í þessari grein, og í sem fyllstu samræmi við þau ákvæði, sem gilda um launajöfnunarbætur til launþega, sbr. 1. og 2. gr. þessara laga og reglugerð nr. 267/1974, um launajöfnunarbætur.

**5. gr.**

Greiðsla fjölskyldubóta, sbr. 26. gr. laga nr. 67/1971, sbr. lög nr. 62/1974, skal á tímabilinu 1. október til 30. júní 1975 miðuð við það, að árlegar fjölskyldubætur með barni séu 20 000 kr.

**6. gr.**

Bætur almannatrygginga samkvæmt lögum nr. 67/1971, sbr. lög nr. 96/1971, nr. 112/1972 og nr. 62/1974, aðrar en fjölskyldubætur, fæðingarstyrkur og tekjutrygging skv. 19. gr., skulu taka breytingum sem hér segir:

Frá 1. október 1974 skulu þær hækka um 6% frá því, sem í gildi var í sept. 1974.

Frá 1. desember 1974 skulu þær hækka um 3% frá því, sem í gildi var í nóv. 1974.

Frá 1. apríl 1975 skulu þær hækka um 9% frá því, sem í gildi var í mars 1975.

Frá 1. júlí 1975 skulu þær hækka enn um 3% frá því, sem í gildi var í júní 1975.

Breytingar þessar skulu einnig taka til greiðslna skv. 73. gr. laganna.

Þannig verði fullur, árlegur ellilífeyrir einstaklinga, sbr. 11. gr. laga nr. 67/1971, sem hér segir, eftirgreind tímabil, miðað við að lífeyrir sé fyrst tekinn við 67 ára aldur:

| | |
|---|---|
| Frá 1. október 1974 til 30. nóvember 1974 ..... | 155 400 kr. |
| Frá 1. desember 1974 til 31. mars 1975 ..... | 160 068 — |
| Frá 1. apríl 1975 til 30. júní 1975 ..... | 174 480 — |
| Frá 1. júlí 1975 ..... | 179 760 — |

7. gr.

Fjárhæðir 1. mgr. 19. gr. laga nr. 67/1971, sbr. lög nr. 96/1971 og lög nr. 62/1974, skulu vera sem hér segir eftirgreind tímabil:

| Tímabil: | 1. okt. 1974 til 30. nóv. 1974 kr. | 1. des. 1974 til 31. mars 1975 kr. | 1. apríl 1975 til 30. júní 1975 kr. | Frá 1. júlí 1975 kr. |
|---|---|---|---|---|
| 1. Fjárhæð annarra árstekna lífeyrisþega en lífeyris almannatrygginga (reiknaðrar leigu af eigin húsnæði og tekna barna), sem ekki skerðir rétt til uppbótar á lífeyri (tekjutryggingar): | | | | |
| Einstaklingar ..... | 41 300 | 41 300 | 46 380 | 46 380 |
| Hjón ..... | 74 340 | 74 340 | 83 460 | 83 460 |
| 2. Uppbót á lífeyri (tekjutrygging) á ári: | | | | |
| Einstaklingar ..... | 93 900 | 96 720 | 141 120 | 145 380 |
| Hjón ..... | 169 020 | 174 096 | 238 620 | 245 760 |
| 3. Hafi bótaþegi aðrar tekjur, sbr. 1., umfram fjárhæðirnar, sem tilgreindar eru í 1., skal skerða uppbótina um ákveðinn hundraðshluta af tekjum umfram nefnd mörk sem hér segir: ..... | 50% | 51.5% | 55% | 55% |

8. gr.

Breytingar bóta almannatrygginga skv. 6. og 7. gr. skulu m. a. koma í stað breytinga skv. 1. mgr. 78. gr. laga nr. 67/1971, sbr. 12. gr. laga nr. 96/1971, af tilefni launajöfnunarbóta skv. lögum þessum, 3% almennrar hækkunar grunnlauna 1. desember 1974, launahækkunar skv. samkomulagi ASÍ og vinnuveitenda frá 26. mars 1974 og 3% almennrar hækkunar grunnlauna frá 1. júní 1975.

9. gr.

Frá 1. október 1974 til 31. maí 1975 og þar til öðruvísi verður ákveðið skulu niðurgreiðslur vöruverðs úr ríkissjóði ekki vera lægri en þær eru við gildistöku laga þessara.

10. gr.

Frá 1. október 1974 til 31. maí 1975 og þar til öðruvísi verður ákveðið má ekki hækka verð vöru eða þjónustu eða endurgjald fyrir afnot af fasteign eða lausafé frá því, sem var 23. september 1974, nema að fengnu samþykki réttra yfirvalda og skulu þau ekki leyfa neina hækkun nema þau telji hana óhjákvæmilega. Leyfi til hækkunar tekur þó ekki gildi fyrr en það hefur hlotið staðfestingu ríkisstjórnarinnar.

Á því tímabili, er greinir í 1. mgr., má ekki hækka hundraðshluta álagningar á vöru í heildsölu, smásölu eða öðrum viðskiptum frá því, sem var 23. september 1974, nema að fengnu samþykki réttra yfirvalda og staðfestingu ríkisstjórnarinnar, sbr. 1. mgr. Gildir þetta einnig um hvers konar umboðslaun vegna sölu vöru eða þjónustu og um hvers konar álagningu, sem ákveðin er sem hundraðshluti á selda vöru eða þjónustu, þar með vinnu.

Ákvæði 1. og 2. mgr. taka einnig til verðs hvers konar vöru og þjónustu, sem ríki, sveitarfélög, stofnanir þeirra aðila eða aðrir opinberir aðilar láta í té gegn gjaldi.

Ríkisstjórnin getur ákveðið lækkun á verði vöru eða þjónustu telji hún til þess gilda ástæðu eða brýna nauðsyn.

11. gr.

Fjárfestingarlánasjóður endurláni það fé, sem þeir fá til ráðstöfunar, með sambærilegum kjörum og þeir sæta sjálfir. Heimilt er að ákveða lánskjör þessara sjóða þannig, að ákvæði um verðtryggingu eða gengisákvæði nái til ákveðins hluta hvers láns.

Ríkisstjórnin lætur fram fara árlega endurskoðun á lánskjörum sjóðanna, sbr. ákvæði 1. málsgr., og skal þá hafa hliðsjón af samsetningu þess fjármagns, sem sjóðirnir hafa yfir að ráða. Skal slík endurskoðun fyrst fara fram fyrir 15. júní n. k., vegna ársins 1975.

Ríkisstjórnin skal, að fengnum tillögum Seðlabanka Íslands og Framkvæmdastofnunar ríkisins, setja meginreglur um lánskjör allra opinberra fjárfestingarlánasjóða í samræmi við ákvæði 1. málsgr.

Stjórnir sjóða þeirra, sem hlut eiga að máli, skulu síðan gera tillögur um lánskjör innan ramma meginreglnanna skv. 3. málsgr. Að fengnum þeim tillögum skal ríkisstjórnin taka endanlega ákvörðun um lánskjör fjárfestingarlánasjóða og kemur sú ákvörðun í stað lagaákvæða og reglna þeirra, sem nú gilda um þetta efni.

12. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum nema þyngri viðurlög séu ákveðin með öðrum lögum.

Mál út af brotum á lögum þessum fara að hætti opinberra mála.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Fyrir árslok 1975 skal heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra láta fram fara könnun:

a) á framfærslukostnaði elli- og örorkulífeyrisþega og skal könnunin bæði ná til einstaklinga og hjóna, er njóta elli- og örorkulífeyris.

   Hliðsjón af könnun þessari skal höfð við ákvörðun elli- og örorkulífeyris og tekjutryggingar hjóna og einstaklinga.

b) á framfærslukostnaði barna einstæðra foreldra. Hliðsjón af könnun þessari skal höfð við ákvörðun barnalífeyris.

## Ed. 814. Breytingartillögur [15. mál]

við frv. til laga um happdrættislán ríkissjóðs fyrir hönd Vegasjóðs vegna framkvæmda við Norðurveg og Austurveg.

Frá Ragnari Arnalds og Stefáni Jónssyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

   Ríkissjóði er heimilt að taka innlent eða erlent lán allt að 2 000 milljónum króna á næstu fjórum árum.

2. 2.—6. gr. falli niður.

3. Við 7. gr. Greinin orðist svo:

   Lán þetta skal notað til að byggja upp hringveginn umhverfis landið og tengibrautir út frá honum. Fé þessu skal þó ekki varið til að leggja varanlegt slitlag á hraðbrautir.

4. Fyrirsögn frv. verði: Frv. til l. um lán til framkvæmda við hringveginn umhverfis landið og tengibrautir út frá honum.
5. **Til vara:**
   2. mgr. 7. gr. verði:
   Fé þessu skal þó ekki varið til að leggja varanlegt slitlag á hraðbrautir.

## Ed. 815. Nefndarálit [281. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 73 25. nóv. 1952, um tilkynningar aðseturskipta.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess án breytinga.

Alþingi, 15. maí 1975.

Ingi Tryggvason, form., frsm.
Axel Jónsson, fundaskr.
Eggert G. Þorsteinsson.
Jón G. Sólnes.
Oddur Ólafsson.
Geir Gunnarsson.
Halldór Ásgrímsson.

## Ed. 816. Nefndarálit [11. mál]

um frv. til l. um launajöfnunarbætur, bætur almannatrygginga, verðlagsmál o. fl.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur athugað breytingar þær, sem gerðar voru á frumvarpinu í Nd., og mælir meiri hl. með, að frumvarpið verði samþykkt eins og Nd. afgreiddi málið.
Minni hlutinn gerir grein fyrir séráliti.

Alþingi, 15. maí 1975.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm.
Jón Helgason, fundaskr.
Albert Guðmundsson.
Axel Jónsson.
Jón G. Sólnes.

## Ed. 817. Breytingartillögur [11. mál]

við frv. til l. um launajöfnunarbætur, bætur almannatrygginga, verðlagsmál o. fl.

Frá Ragnari Arnalds.

1. Við 1. gr. Niður falli úr gr. „og þar til heildarsamtök aðila vinnumarkaðarins hafa samið um annað“.
2. Við 6. gr. Við greinina bætist: Árlegur lífeyrir með hverju barni skal vera kr. 109 740 frá 1. mars 1975 og breytast síðan ársfjórðungslega í samræmi við vísitölu vöru og þjónustu.

**Nd.** **818. Frumvarp til laga** [259. mál]

um skákleiðsögn í skólum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 15. maí.)

1. gr.

Ráðherra er heimilt að ráða, eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum, íslenska skákmenn í starf til ákveðins tíma til að annast leiðsögn um skákstarf í skólum landsins. Skilyrði er, að skákmaður hafi hlotið alþjóðlegan titil í skák. Laun skal miða við launakjör menntaskólakennara. Starfsskyldu og starfstilhögun skal ákveða með reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Nd.** **819. Lög** [225. mál]

um Hússtjórnarkennaraskóla Íslands.

(Afgreidd frá Nd. 15. maí.)

Samhljóða þskj. 614 (sbr. 419).

**Nd.** **820. Lög** [226. mál]

um hússtjórnarskóla.

(Afgreidd frá Nd. 15. maí.)

Samhljóða þskj. 603.

**Nd.** **821. Lög** [224. mál]

um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.

(Afgreidd frá Nd. 15. maí.)

Samhljóða þskj. 647 (sbr. 418).

**Nd.** **822. Lög** [284. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmda og reksturs Rafmagnsveitna ríkisins og Vegagerðar ríkisins.

(Afgreidd frá Nd. 15. maí.)

Samhljóða þskj. 615.

**Ed.** **823. Þingsályktun** [177. mál]

um rannsókn á byggingu Fljótsdalsvirkjunar.

(Afgreidd frá Ed. 15. maí.)

Samhljóða þskj. 695.

## Ed. 824. Tillaga til rökstuddrar dagskrár [220. mál]

í málinu: Frv. til l. um breyt. á lögum nr. 57 27. apríl 1973, um atvinnuleysistryggingar (fæðingarorlof).

Frá Halldóri Ásgrímssyni, Axel Jónssyni, Stefáni Jónssyni og Jóni Árm. Héðinssyni.

Þar sem í tillögu heilbrigðis- og trygginganefndar þessarar hv. deildar er lagt til að lög þessi komi ekki til framkvæmda fyrr en 1. janúar 1976 og með tilvísun til þess að lagaákvæði þessi þurfa nánari athugunar við, samþykkir deildin að fela ríkisstjórninni að semja frv. til laga um málið er verði lagt fram í upphafi næsta reglulegs Alþingis og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

## Ed. 825. Breytingartillaga [220. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 57 27. apríl 1973, um atvinnuleysistryggingar.

Frá Steingrími Hermannssyni.

Aftan við frv. bætist:

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Fyrir 1. janúar 1976 skal ríkisstjórnin láta kanna á hvern máta megi veita öllum konum í landinu sambærilegt fæðingarorlof og tryggja tekjustofn í því skyni.

## Ed. 826. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 57 27. apríl 1973, um atvinnuleysistryggingar (fæðingarorlof).

(Eftir 2. umr. í Ed., 16. maí.)

**1. gr.**

Aftan við 5. mgr. d-liðar 15. gr. laganna komi nýr málsl., svo hljóðandi: Þó skulu þær konur, sem forfallast frá vinnu vegna barnsburðar, njóta atvinnuleysisbóta í 90 daga samtals.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1976.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Fyrir 1. janúar 1976 skal ríkisstjórnin láta kanna á hvern máta megi veita öllum konum í landinu sambærilegt fæðingarorlof og tryggja tekjustofn í því skyni.

## Ed. 827. Lög [95. mál]

um breyting á vegalögum nr. 80 10. júlí 1973.

(Afgreidd frá Ed. 15. maí.)

Samhljóða þskj. 764 (sbr. 349).

**Ed.** **828. Lög** [209. mál]

um félagsráðgjöf.

(Afgreidd frá Ed. 15. maí.)

Samhljóða þskj. 809 (sbr. 402).

**Ed.** **829. Lög** [285. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast lán fyrir Flugleiðir hf.

(Afgreidd frá Ed. 15. maí.)

Samhljóða þskj. 616.

**Ed.** **830. Lög** [11. mál]

um launajöfnunarbætur, bætur almannatrygginga, verðlagsmál o. fl.

(Afgreidd frá Ed. 15. maí.)

Samhljóða þskj. 813.

**Ed.** **831. Lög** [15. mál]

um happdrættislán ríkissjóðs fyrir hönd Vegasjóðs vegna framkvæmda við Norðurveg og Austurveg.

(Afgreidd frá Ed. 16. maí.)

Samhljóða þskj. 141 (sbr. 17).

**Ed.** **832. Lög** [133. mál]

um breyting á lögum nr. 30 frá 1941, um fjarskipti.

(Afgreidd frá Ed. 16. maí.)

Samhljóða þskj. 249.

**Ed.** **833. Lög** [104. mál]

um breyting á lögum nr. 67 frá 20. apríl 1971, um almannatryggingar.

(Afgreidd frá Ed. 16. maí.)

Samhljóða þskj. 119.

## Ed. 834. Lög [281. mál]

um breyting á lögum nr. 73 25. nóv. 1952, um tilkynningar aðsetursskipta.

(Afgreidd frá Ed. 16. maí.)

Samhljóða þskj. 600.

## Ed. 835. Nefndarálit [263. mál]

um till. til þál. um aðstoð við vangefna og fjölfatlaða.

Frá heilbrigðis- og tryggingnefnd.

Nefndin hefur fjallað um till. og leggur til, að hún verði samþykkt óbreytt.
Albert Guðmundsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 16. maí 1975.

| | | |
|---|---|---|
| Oddur Ólafsson, form., frsm. | Halldór Ásgrímsson, fundaskr. | Steinþór Gestsson. |
| Ásgeir Bjarnason. | Helgi Seljan. | Eggert G. Þorsteinsson. |

## Nd. 836. Nefndarálit [129. mál]

um till. til þál. um fisksölusamstarf við Belgíumenn.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin mælir með því, að tillagan verði samþykkt.
Jón Skaftason var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 16. maí 1975.

| | | |
|---|---|---|
| Pétur Sigurðsson, form. | Sverrir Hermannsson, fundaskr., frsm. | Garðar Sigurðsson. með fyrirvara. |
| Guðl. Gíslason. | Tómas Árnason. | Sighv. Björgvinsson. |

## Nd. 837. Nefndarálit [246. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 19 11. febr. 1953, um ættleiðingu.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 16. maí 1975.

| | | |
|---|---|---|
| Gunnlaugur Finnsson, fundaskr., frsm. | Ingólfur Jónsson. | Sighv. Björgvinsson. |
| Friðjón Þórðarson. | Geirþrúður H. Bernhöft. | Svava Jakobsdóttir. |
| | Guðrún Benediktsdóttir. | |

## Sþ. 838. Þingsályktun [278. mál]

um fullgildingu á samkomulagi um breyting á samstarfssamningi frá 23. mars 1962 milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar.

(Afgreidd frá Sþ. 16. maí.)

Samhljóða þskj. 581.

## Sþ. 839. Þingsályktun [236. mál]

um staðfestingu á niðurstöðu viðræðna um heimildir Færeyinga til fiskveiða við Ísland.

(Afgreidd frá Sþ. 16. maí.)

Samhljóða þskj. 454.

## Sþ. 840. Fjáraukalög [32. mál]

fyrir árið 1971.

(Afgreidd frá Sþ. 16. maí.)

Samhljóða þskj. 35.

## Sþ. 841. Fjáraukalög [228. mál]

fyrir árið 1972.

(Afgreidd frá Sþ. 16. maí.)

Samhljóða þskj. 427.

## Sþ. 842. Þingsályktun [89. mál]

um öryggisþjónustu Landssímans.

(Afgreidd frá Sþ. 16. maí.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að Landssíminn geri áætlun um öryggisþjónustu, þannig að fullnægt verði ákvæðum 42. gr. laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 56 1973.

## Sþ. 843. Þingsályktun [144. mál]

um lækkun á byggingarkostnaði.

(Afgreidd frá Sþ. 16. maí.)

Í þeim tilgangi að draga úr húsnæðiskostnaði ályktar Alþingi að fela ríkisstjórninni að láta gera nákvæma skýrslu um þann hluta byggingarkostnaðar, sem fólginn er í ýmiss konar gjöldum til ríkisins. Höfð skal hliðsjón af þessari skýrslu við þá endurskoðun aðflutningsgjalda og söluskatts, sem nú fer fram.

**Sþ.** **844. Þingsályktun** [194. mál]

í tilefni af aldarafmæli landnáms íslendinga í Vesturheimi.

(Afgreidd frá Sþ. 16. maí.)

Samhljóða þskj. 384.

**Sþ.** **845. Þingsályktun** [101. mál]

um dýpkunarskip.

(Afgreidd frá Sþ. 16. maí.)

